Þingsályktunartillögur samþykktar.

1. Starfsreglur Norðurlandaráðs.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs [92. mál] (A. 108).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér liggur fyrir, er um staðfestingu á samkomulagi um breytta skipan Norðurlandaráðs, sem hefur orðið milli ríkisstj. Norðurlandaríkjanna fimm og forseta Norðurlandaráðs. Breytingin er í því fólgin, að Færeyjar og Álandseyjar fái fulltrúa hvorar um sig, Færeyjar í hópi fulltrúa danska ríkisins og Álendingar meðal fulltrúa Finnlands. Í samræmi við þá breytingu er svo ætlazt til þess, að nokkur fjölgun eigi sér stað hjá fulltrúum annarra, þannig að fulltrúum Noregs og Svíþjóðar fjölgar um tvo og Íslands um einn. Ætlunin er, að þessi breyting nái fram að ganga frá 1. jan., en vegna kosninga og vitundar annarra um, að ekki standi á okkur, er æskilegt, að þessi breyting verði samþ. sem fyrst. Sá háttur var valinn að endurnýja samþykkt á starfsreglunum í heild í staðinn fyrir að gera breytingu. Það er auðveldara, ef hægt er að hafa þetta á einum stað, heldur en með því að breyta reglunum frá 1958. Þetta er einfalt mál, sem margoft hefur verið rætt, og sé ég ekki ástæðu til þess að fjölyrða um það. Það er að vísu rétt að taka fram, að meðal Færeyinga er nokkur óánægja með þessa skipan. En lögþing þeirra hefur fallizt á hana að meirihluta, og danska ríkisstj. og forsetar dönsku deildarinnar hafa gert þetta að till. sinni, svo að einsýnt virðist vera að samþykkja málið, eins og það liggur fyrir. Ég leyfi mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og til utanrmn. með 35 shlj. atkv.

Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. tekin til síðari umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 108, n. 121).

Frsm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Það var hinn 14. jan. 1967, að ríkisstj. Danmerkur flutti till. í Norðurlandaráði um aðild Færeyja að ráðinu. Á þingi ráðsins í Helsingfors það ár var þessari till. síðan vísað til laganefndar ráðsins. Til þess að þessi till. næði fram að ganga, þurfti að hafa samráð og fá samþykki ríkisstj. og annarra stjórnarvalda í þeim löndum, sem aðild eiga að Norðurlandaráði. Var því horfið að því ráði á þinginu í Helsingfors, að teknir voru upp beinir samningar í málinu í samráði við forseta ráðsins. Síðan var málið rætt á fundi utanrrh. Norðurlanda síðar á árinu 1967, og varð það niðurstaðan af viðræðum þeirra, að kosin var sérstök nefnd til þess að fjalla um ráðið, eftir að sameiginlegur fundur forsrh. Norðurlanda og forseta Norðurlandaráðs hafði verið haldinn hér í Reykjavík 8. og 9. okt. 1967. Var síðan skipuð nefnd með einum fulltrúa frá hverri ríkisstj. og einum frá hverju landi til þess að gera till. um aðild Færeyja og Álandseyja. En nokkru eftir að till. kom fram um aðild Færeyja að Norðurlandaráði, kom fram ósk um það frá Álandseyingum, að einnig þeir fengju aðild að ráðinu. Í nefndinni áttu sæti allir dómsmrh. landanna og forsætisnefnd ráðsins. Nefndin starfaði undir forustu Hermanns Kling, dómsmrh. Svíþjóðar. Þessi nefnd hélt nokkra fundi um þetta mál, og sinn síðasta fund hélt hún 12. ágúst s. l. Náðist þá samkomulag um það að mæla með því, að lögþing Færeyja kjósi tvo lögþingsmenn í Norðurlandaráð og landsþing Álandseyja einn fulltrúa. Jafnframt geta þessir sömu aðilar kosið hvor sinn stjórnarfulltrúa, þannig að í Norðurlandaráði mundu sitja tveir Færeyingar og einn Álandseyingur, sem ættu jafnframt sæti innan sendinefnda Dana og Finna. Í framhaldi af þessu var svo lagt til, að sú breyting yrði gerð, að fulltrúunum yrði fjölgað um tvo, upp í 18, frá Dönum, Svíum, Norðmönnum og Finnum og um einn frá Alþingi Íslendinga.

Sú till., sem hér liggur fyrir og lögð er fram af hæstv. ríkisstj., segir, að Alþ. álykti að samþykkja starfsreglur Norðurlandaráðs, sem prentaðar eru hér á eftir sem fskj. með ályktun þessari, í stað starfsreglna þeirra, sem samþykktar voru með þál. 30. maí 1958. Þáltill. og þær starfsreglur, sem fylgja henni sem fskj., fela einungis í sér þær breytingar, sem leiða af aðild Færeyja og Álandseyja að Norður-

landaráði. Utanrmn. hefur fjallað um þessa till. og leggur einróma til, að hún verði samþ. óbreytt.

Það er rétt að geta þess, að sú fsp. kom fram í n., hver afstaða Íslands hefði verið til hinnar upprunalegu till. ríkisstj. Danmerkur um aðild Færeyja að ráðinu. Var þá upplýst, og skal einnig gert hér, að bæði af hálfu íslenzku ríkisstj. og hálfu sendinefndar Íslands í Norðurlandaráði var því þegar lýst yfir, að Íslendingar væru fylgjandi aðild Færeyinga að Norðurlandaráði, og í samræmi við þær yfirlýsingar hefur verið unnið að málinu af fulltrúum Íslands í nefndum þeim, sem um málið hafa fjallað.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara um þetta fleiri orðum, en vil aðeins að lokum segja það, að Íslendingar munu að sjálfsögðu bjóða Færeyinga, frændur sína, velkomna til starfa og setu í Norðurlandaráði, einnig með þeim hætti, sem hér er gert ráð fyrir.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég tel rétt, að það komi fram í sambandi við afgreiðslu þessa máls, að mér er vel kunnugt um, að frændur okkar Færeyingar eru yfirleitt mjög óánægðir með þá lausn, sem þetta aðildarmál þeirra að Norðurlandaráði hefur fengið að þessu sinni. Færeyingar sóttu um það að verða sjálfstæður aðili, og Danir studdu þá í því efni. En þessari beiðni þeirra eða umsókn var synjað. Og þó að það sé rétt, að meiri hluti færeyska lögþingsins hafi með töluverðum semingi fallizt á þá lausn til bráðabirgða, sem hér er ákveðin, þ. e. að Færeyingar fái tvo fulltrúa í dönsku sendinefndinni, er það ekki ofmælt, að þar í landi ríki mikil óánægja með þessa lausn málsins.

Ég spurðist fyrir um það í utanrmn., hver verið hefði afstaða Íslendinga til sjálfstæðrar aðildar Færeyinga að Norðurlandaráði, og mér var tjáð, eins og þegar er komið fram hér í ræðu frsm. n., að afstaða Íslendinga hefði verið jákvæð til sjálfstæðrar aðildar, en málið hefði strandað á öðrum og þá fyrst og fremst á Finnum og Svíum að því er mér skildist. Ég vil leggja á það áherzlu, að ég tel það í alla staði eðlilegt og raunar sjálfsagt, að við Íslendingar styðjum málstað Færeyinga í þessu efni, hvar og hvenær sem við getum, svo og að við styðjum þá yfirleitt í allri þjóðernisbaráttu þeirra eftir því, sem til okkar kasta getur komið.

Ég tel rétt að vekja athygli á því, að Færeyingar hafa nú sjálfsstjórn, sem er nokkuð sérstaks eðlis, þ. e. að verulegur hluti af þeirra málum heyrir undir lögþingið, sem er löggjafarþing í öllum innanlandsmálefnum, og þeir hafa sitt eigið framkvæmdavald, sína landsstjórn, sem fjallar um öll þau mál. Í heimastjórnarlögum Færeyinga frá 1947 eru að vísu nokkrir málaflokkar, sem Danir fara með enn þá, en að mjög verulegu leyti er það þannig, að Færeyingar, færeyska lögþingið og færeyska landsstjórnin, fer með löggjafar- og framkvæmdavald í færeyskum málum. Þetta er mjög sérstætt, og ég veit ekki til, að það sé um annað sambærilegt að ræða, og ég hygg, að það sé á engan hátt hægt að bera sjálfsstjórn Álandseyja saman við þá sjálfsstjórn, sem Færeyingar hafa þrátt fyrir allt nú í dag.

Við Íslendingar eigum að mínu viti að gæta þess alveg sérstaklega, minnugir okkar eigin sögu, að hvenær sem við eigum kost á að styðja Færeyinga í þeirra þjóðernisbaráttu, eigum við að leggja okkar lóð á vogarskálina. Ég vildi aðeins undirstrika þetta með þeim fáu orðum, sem ég hef nú sagt. Að gerðum þessum aths., sem ég taldi nauðsynlegt, að kæmu fram í sambandi við þetta mál, hef ég mælt með samþykkt þeirrar till., sem hér er á dagskrá.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 140).

2. Aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var útbýtt:
Till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu [117. mál] (A. 152).

Á 20. fundi í Sþ., 8. des., var till. tekin til fyrri umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þróun efnahagsmála í Vestur-Evrópu eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari og þá sérstaklega þróun viðskiptamála hefur í vaxandi mæli mótazt af auknu samstarfi þjóða í milli og vaxandi frjálsræði í viðskiptum. Segja má, að fyrstu sporin í þá átt hafi verið stigin með stofnun Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu í París 1948, en sú stofnun miðlaði bandarískri fjárhagsaðstoð við aðildarríkin, Marshall-fénu svonefnda, meðal aðildarríkjanna, auðveldaði gjaldeyrisviðskipti og vann að auknu frjálsræði í viðskiptum milli þeirra. Íslendingar gerðust strax aðilar að þessu samstarfi. Árí áður, eða 1947, höfðu 23 lönd gert með sér samkomulag um viðskiptamál, hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti eða GATT, og hafa nú 74 lönd gerzt aðilar að þessu samkomulagi, þ. á m. Ísland, en 9 önnur lönd hafa tengsl við alþjóðastofnunina, sem komið var á fót með samkomulaginu. Utanríkisviðskipti þeirra þjóða, sem eru aðilar að GATT, nema um 80% alþjóðaviðskipta.

Næsta sporið á sviði efnahagssamvinnu í Vestur-Evrópu var stigið með stofnun kola- og stálsamsteypunnar árið 1952, en með stofnun hennar tóku framleiðendur kola og stáls í Frakklandi, Vestur-Þýzkalandi, Ítalíu, Belgíu, Hollandi og Lúxemburg upp nána samvinnu sín

í milli. Þrem árum síðar tóku þessi sömu lönd upp viðræður um nánara efnahagssamstarf. Bretar tóku í fyrstu þátt í þeim viðræðum, en hættu þeirri þátttöku. Tveim árum síðar, eða 1957, gerðu þessi ríki með sér samning, Rómarsáttmálann svonefnda, um stofnun Efnahagsbandalags Evrópu. Grundvallaratriði Rómarsáttmálans eru þau, að allir tollar og öll höft í viðskiptum milli aðildarríkjanna innbyrðis hverfi og einum sameiginlegum tolli fyrir sérhverja vöru komið á fyrir bandalagsríkin gagnvart öllum ríkjum utan bandalagsins. Jafnframt var kveðið á um samræmingu á stefnu aðildarríkjanna í efnahagsmálum og víðtækum réttindum fyrirtækja og einstaklinga eins aðildarríkis í öðrum aðildarríkjum. Sameiginleg mál bandalagsins lúta sterkri yfirstjórn, og gert er ráð fyrir náinni samvinnu ríkjanna í stjórnmálum.

Skömmu eftir að Efnahagsbandalagið hafði verið stofnað, beittu Bretar sér fyrir því innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París, að öll aðildarríki hennar mynduðu með sér svonefnt fríverzlunarsvæði. En með því er átt við bandalag, þar sem tollar og höft á viðskiptum milli aðildarríkjanna eru afnumin, en hvert ríki um sig ákveður tolla sína gagnvart ríkjum utan fríverzlunarsvæðisins, auk þess sem ekki skyldi vera um að ræða jafnvíðtæk, gagnkvæm réttindi og Rómarsáttmálinn gerði ráð fyrir. Um þetta mál fóru fram víðtækar umr. innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar. Sem aðilar að henni fylgdust Íslendingar vandlega með þessum umr. Ég gaf Alþ. skýrslu um þær 18. febr. og 26. nóv. 1958. Þegar samningar innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar um stofnun fríverzlunarsvæðis fóru út um þúfur, héldu þau 7 Evrópuríki, sem mestan áhuga höfðu haft á málinu, þ. e. Austurríki, Bretland, Danmörk, Noregur, Portúgal, Sviss og Sviþjóð, með sér fund í Genf 1958 og í Ósló 1959 og gerðu síðan með sér samning í Stokkhólmi í ársbyrjun 1960, Stokkhólmssamninginn svonefnda, um stofnun Fríverzlunarsamtaka Evrópu, EFTA. Finnar sóttu um aukaaðild að samtökunum um það bil ári síðar og fengu hana. Aðrir hafa ekki bætzt í hópinn fyrr en nú, að Íslendingar hafa sótt um aðild.

Markmið Fríverzlunarsamtakanna var einnig að afnema alla tolla og öll höft á viðskiptum með iðnaðarvörur sín á milli. Hins vegar var ekki gert ráð fyrir sameiginlegum tolli gagnvart löndum utan Fríverzlunarsamtakanna, heldur skyldi hvert ríki ráða sínum tollum gagnvart löndum utan samtakanna. Þá er ekki gert ráð fyrir jafnnáinni samvinnu í efnahagsmálum almennt og í Efnahagsbandalaginu og ekki fyrir hliðstæðum, gagnkvæmum réttindum fyrirtækja og þegna eins ríkis í öðrum ríkjum samtakanna, eins og gert var í Rómarsáttmálanum, né heldur neins konar stjórnmálasamvinnu. Aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna skyldi og vera heimilt að segja sig úr samtökunum með árs fyrirvara, en engin uppsagnarákvæði eru í Rómarsáttmálanum.

Þótt Íslendingar hafi fylgzt vandlega með umr. um stofnun fríverzlunarsvæðis innan Efnahagssamvinnustofnunarinnar í París, var þeim ekki boðin aðild að stofnun Fríverzlunarsamtakanna og sóttust ekki heldur eftir henni. Efnahagskerfi okkar var þá svo ólíkt því efnahagskerfi, sem ríkjandi var og er í ríkjum Fríverzlunarsamtakanna, að ógerningur hefði verið fyrir Ísland að gerast aðili að þeim við stofnun þeirra. Auk þess stóð landhelgisdeilan þá sem hæst, og hefði verið óhugsandi frá sjónarmiði beggja aðila, Íslendinga og Breta, að þeir yrðu aðilar að sameiginlegu viðskiptabandalagi.

Ekki leið á löngu, áður en í ljós kom, að ýmis aðildarríki Fríverzlunarsamtakanna og þó fyrst og fremst Bretland, töldu sér óhagræði að þeirri skiptingu Vestur-Evrópu í tvær viðskiptaheildir, sem orðin var. Bretland og fleiri ríki sóttu því um aðild að Efnahagsbandalaginu. Fóru fram um það víðtækar umræður árið 1961. Um skeið virtist svo horfa, að samkomulag gæti náðst, og flest ríki Vestur-Evrópu yrðu einhvers konar viðskiptaheild. Þótti íslenzku ríkisstj. þá nauðsynlegt að kanna, hver verða mundi aðstaða Íslendinga og hvers konar tengslum þeir gætu náð við slíka viðskiptaheild. En hagsmunir okkar í því sambandi voru augljósir, þegar þess er gætt, að um 60% utanríkisviðskipta okkar voru og eru við þau lönd, sem voru að ræða um myndun viðskiptabandalags. Ákvað ríkisstj. þá, að sumarið 1961 skyldum við Jónas H. Haralz, sem þá var ráðuneytisstjóri í viðskmrn., fara til höfuðborga Efnahagsbandalagsríkjanna til þess að kynna sjónarmið okkar og fá upplýsingar um viðhorf stjórnvalda í þessum löndum, en sumpart áður og sumpart síðar voru sjónarmið okkar kynnt EFTA-ráðinu í Genf og stjórn Bretlands og stjórnum norrænu ríkjanna. Um þessar viðræður gaf ég Alþ. skýrslu hinn 12. nóv. 1962. Þessar samningaumleitanir fóru, eins og kunnugt er, út um þúfur, og féllu þá niður að verulegu leyti umr. hér um þessi mál, sem höfðu verið miklar um skeið.

Á fyrstu árum Fríverzlunarsamtakanna urðu Íslendingar ekki fyrir verulegu óhagræði vegna starfsemi samtakanna. Að vísu lækkuðu tollar á ýmsum sjávarafurðum smám saman innan Fríverzlunarsamtakanna, t. d. fóru Norðmenn að fá hærra verð í Bretlandi fyrir þær sjávarafurðir, sem samningurinn tekur til. En verðlag á sjávarafurðum var á þessum árum yfirleitt hvarvetna hækkandi, svo að tjónið var ekki tilfinnanlegt. Þegar tollar höfðu hins vegar að fullu verið afnumdir fyrir tveimur árum og sjávarútvegurinn við norðanvert Atlantshaf átti við vaxandi erfiðleika að etja, fór hins vegar aðstöðumunurinn að verða æ tilfinnanlegri. Einkum og sér í lagi kom þetta í ljós á árunum 1967 og 1968, þegar Íslendingar urðu fyrir meira efnahagsáfalli en þeir höfðu nokkurn tíma orðið fyrir á öldinni og meira áfalli en dæmi eru um, að nokkur nálæg þjóð hafi orðið fyrir á jafnskömmum tíma.

Erfiðleikar sjávarútvegsins á undanförnum árum hafa í vaxandi mæli opnað augu manna

fyrir því, að nauðsynlegt sé að breikka grundvöll íslenzks atvinnulífs, og þó einkum íslenzkrar útflutningsframleiðslu. Við þetta bætist, að fyrirsjáanleg er mikil fjölgun fólks á vinnumarkaði á næstu árum og áratugum. Hefur verið áætlað, að á árunum 1965–1985 fjölgi vinnufærum mönnum á landinu um hvorki meira né minna en 34 þús. Í því sambandi vaknar sú spurning, í hvaða atvinnugreinum sé auðveldast og hagkvæmast að búa þessu fólki arðbær störf. Aðstæður í sjávarútvegi og horfur í honum eru þannig, að litlar líkur eru til þess, að þar sé að finna ný arðbær störf fyrir svo mikinn fjölda fólks. Í iðnaði, sem framleiðir fyrir innanlandsmarkað, og í öðrum greinum iðnaðar, svo sem byggingariðnaði, mun þess ekki að vænta, að þar geti orðið völ á störfum fyrir svo mikla aukningu vinnandi fólks. Fólki við landbúnaðarstörf mun eflaust halda áfram að fækka. Þótt þörf væri fyrir fleira fólk við ýmiss konar þjónustustörf og samgöngur, er ekki við því að búast, að þær atvinnugreinar geti boðið nógu mörg ný störf. Þess vegna hníga öll rök að því, að vinna beri að því að koma á fót nýjum fyrirtækjum og nýjum atvinnugreinum jafnhliða því, sem unnið verði af alefli að eflingu þeirra atvinnugreina, sem nú eru stundaðar, og þá fyrst og fremst allra greina sjávarútvegs.

Öllum hugsandi mönnum er það eflaust ljóst, að þær geysilegu framfarir, sem orðið hafa á Íslandi á þessari öld, eiga fyrst og fremst rót sína að rekja til þess, að Íslendingum hefur tekizt að hagnýta mikilvægustu náttúruauðlind sína, fiskimiðin umhverfis landið, á mjög arðbæran hátt – á arðbærari hátt en nokkurri annarri fiskveiðiþjóð, sumpart með því að beita fullkominni veiðitækni og góðum fiskiskipum, sumpart með því að vinna á hagkvæman hátt úr einhverju bezta hráefni, sem nokkur fiskveiðiþjóð hefur yfir að ráða og þá ekki síst með því að njóta frábærrar verkkunnáttu sjómanna og fiskvinnslufólks í landi. Mikil arðsemi íslenzks sjávarútvegs hefur verið undirstaða framfara og lífskjarabóta á Íslandi á þessari öld og gert þjóðinni kleift að styðja aðra nauðsynlega atvinnuvegi, sem ekki hafa reynzt samkeppnishæfir, og þá fyrst og fremst landbúnað. En aðstæður í sjávarútvegi landanna beggja megin við norðanvert Atlantshaf hafa verið að breytast til hins verra á undanförnum árum, svo sem erfiðleikar sjávarútvegsins, t. d. í Bretlandi, Noregi og Þýzkalandi, bera glöggt vitni um. Við getum því ekki vænzt þess, að íslenzkur sjávarútvegur verði jafntraust undirstaða framfara og lífskjarabóta á næstu árum og áratugum og hann hefur verið á undanförnum árum og áratugum. Þegar höfð er hliðsjón af þessu og væntanlegri fjölgun fólks á vinnumarkaði á næstu áratugum, verður augljóst, að þörf er á nýjum fyrirtækjum og nýjum atvinnugreinum. Þá hlýtur að liggja beinast við að athuga, hverjar séu helztu náttúruauðlindir landsins við hlið fisksins á miðunum. Þá beinist athyglin að orkunni í fallvötnum landsins og jarðhitanum. Hér er um að ræða mikilvæga undirstöðu margs konar iðnaðar. Jafnframt beinist athyglin að því, að vinnandi fólk á Íslandi er vel menntað og prýðilega fært um að inna af höndum vandasöm störf. En sannleikurinn er sá, að í margs konar iðnaði er ekki mest komið undir góðu eða ódýru hráefni, né heldur ódýrri orku eða góðum vélakosti, heldur vel menntuðu og sérhæfðu vinnuafli. Hér á Íslandi er án efa völ á því.

Það, sem ég hef nú sagt, virðist ótvírætt benda til þess, að meginverkefni Íslendinga í atvinnumálum á næstu árum og áratugum eigi að vera að koma á fót útflutningsiðnaði, sem hagnýtir sér annað hvort eða hvort tveggja – orku þá, sem við getum framleitt, og gott og sérhæft vinnuafl, sem við höfum yfir að ráða. En þá er þess að gæta, að við getum ekki framleitt hér á landi neina þá vöru, sem fyrirtæki í öðrum löndum framleiða ekki líka. Framleiðsla okkar getur a. m. k. aldrei verið svo sérstæð, að ekki sé um að ræða nákomna samkeppnisvöru frá öðrum aðilum. Nú er svo komið, að allar iðnaðarvörur eru framleiddar fyrir geysistóran markað, sem fyrirtæki á markaðssvæðinu eiga tollfrjálsan aðgang að. En fyrirtæki í löndum utan markaðssvæðisins komast ekki að nema greiða toll. Svo að nefnd séu tvö helztu viðskiptalönd Íslendinga, Bandaríkin og Sovétríkin, þá eru þau hvort um sig geysistór markaður fyrir fyrirtæki innan landanna. En sala fyrirtækja utan þessara landa á markaði þeirra er torvelduð með tollum og viðskiptahömlum, og um þau viðskiptalönd okkar í Vestur-Evrópu, sem við eigum um 60% utanríkisviðskipta okkar við, gildir það, að þau hafa myndað tvö viðskiptabandalög, sem veita fyrirtækjum innan bandalaganna tollfrjálsan aðgang að stórum markaði, en fyrirtæki í löndum utan bandalaganna geta ekki selt vörur sínar á markaði bandalaganna nema greiða toll í flestum tilvikum. Samkeppnin er nú yfirleitt svo hörð í framleiðslu og sölu iðnaðarvarnings, að lítil von er til þess fyrir fyrirtæki, sem þarf að greiða toll, að keppa við fyrirtæki, sem selt getur vörur sínar tollfrjálst. Af þessu leiðir, að miklum erfiðleikum hlyti að vera bundið að koma upp nýjum útflutningsfyrirtækjum í iðnaði í því skyni að flytja til landa, þar sem greiða verður toll af vörunni. Eina von nýrra útflutningsfyrirtækja um gott gengi er fólgin í því að eiga aðgang að tollfrjálsum markaði.

Ef við Íslendingar lítum til helztu markaðslanda okkar, er augljóst, að engin von er um tollfrjálsan aðgang að bandarískra markaðinum. Bandaríkin gætu ekki veitt Íslendingum sérstakar tollaívilnanir vegna aðildar sinnar að GATT, vegna þess að hún skyldar einstök aðildarríki til þess að láta sömu tolla gilda gagnvart öllum öðrum ríkjum. Það eru aðeins viðskiptabandalög, sem GATT heimilar að gera mun á tollum gagnvart bandalagsríkjum og öðrum ríkjum. Augljóst er einnig, að ekki er hægt að grundvalla verulegan, nýjan útflutningsiðnað á markaði í Sovétríkjunum, þótt ekki væri nema vegna fjarlægðar. Ekki kemur til

greina að tryggja Íslendingum tollfrjálsan aðgang að Efnahagsbandalagsmarkaðinum, þar eð Rómarsamningurinn óbreyttur verður með engu móti talinn aðgengilegur fyrir Íslendinga. Eini tollfrjálsi markaðurinn, sem hugsanlegt var, að Íslendingar gætu fengið aðgang að með kjörum, sem þeir gætu sætt sig við og væru þeim til hagsbóta, var markaður Fríverzlunarsamtakanna. Það er þess vegna, að sá möguleiki hefur undanfarið verið kannaður til hlítar. Það liggur nú ljóst fyrir, með hvaða kjörum Íslendingar geta gerzt aðilar að þessum markaði, sem um 40% utanríkisviðskipta þjóðarinnar fara nú fram við. Nú er það Alþ. að taka ákvörðun í málinu.

Með miklum rétti má segja, að við Íslendingar stöndum um þessar mundir á krossgötum í efnahagsmálum. Fyrirsjáanleg er mikil fjölgun á vinnandi fólki í landinu. Sá atvinnuvegur, sem á undanförnum áratugum hefur verið hornsteinn íslenzks atvinnulífs og undirstaða framfara og lífskjarabóta og verður án efa áfram arðbærasti atvinnuvegur Íslendinga, á í öllum Atlantshafsríkjunum, sem hann stunda, við erfiðleika að etja. En í öllum helztu viðskiptalöndum Íslendinga á sér stað ör iðnþróun, sem hefur fært og mun eflaust halda áfram að færa þjóðum þessara landa framfarir og batnandi lífskjör.

Sú spurning, sem við Íslendingar þurfum nú að taka afstöðu til, er þessi: Eigum við í aðalatriðum að halda efnahagskerfi okkar og atvinnulífi í sama eða svipuðu horfi og það hefur verið á undanförnum áratugum? Eigum við að freista þess að einbeita okkur að eflingu sjávarútvegs og þá einkum aukinni fiskvinnslu og treysta því, að við getum á því sviði náð svo miklum árangri framvegis eins og hingað til, að það geti fært okkur hliðstæðar kjarabætur framvegis eins og fram að þessu? Eigum við að láta við það sitja að efla iðnað fyrir innanlandsmarkað og sætta okkur við smávægilegan útflutningsiðnað? Eigum við að láta okkur nægja að halda áfram að efla aðild okkar að alþjóðlegum samtökum og treysta því, að það verði okkur miklu meiri lyftistöng en átt hefur sér stað, og hafa þó í þessum efnum átt sér stað stórkostlegar framfarir á undanförnum árum? Getum við treyst því, að rekstur íslenzks landbúnaðar verði á næstu árum og áratugum svo miklu hagkvæmari og ódýrari en verið hefur, að það bæti kjör þjóðarinnar verulega?

Auðvitað mætti reyna þetta. Þetta er sú stefna að vilja áfram byggja einvörðungu á hinum svonefndu hefðbundnu atvinnuvegum, sem nú er einnig farið að kalla þjóðlega atvinnuvegi. Ef Íslendingar vilja hafa þetta að höfuðmarkmiði stefnu sinnar í efnahagsmálum, ef Íslendingar hafa trú á því, að þessi stefna geti fært þeim nægilegar framfarir og nægilega bót lífskjara, þá er stofnun umfangsmikils útflutningsiðnaðar óþörf og þá um leið aðild að tollfrjálsum markaði eins og Fríverzlunarsamtökin eru.

Hin spurningin er sú, hvort ekki sé nauðsynlegt að koma á fót nýjum atvinnugreinum við hlið sjávarútvegs, iðnaðar fyrir innanlandsmarkað, landbúnaðar, samgangna og margvíslegrar þjónustustarfsemi til þess að sjá hinum vaxandi fólksfjölda fyrir arðbærari atvinnu, auka fjölbreytni atvinnulífsins og tryggja vaxandi arðsemi þess. Ef við svörum þessari spurningu játandi, felst í því svari, að Íslendingar eigi að gerast aðilar að tollfrjálsum markaði eins og Fríverzlunarsamtökunum. Það er ekki hægt að segja, að nauðsynlegt sé, að Íslendingar komi á fót verulegum útflutningsiðnaði samtímis hinu, að Íslendingar eigi ekki að gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökunum. Þetta tvennt hlýtur að fara saman. Það er ekki hægt að koma hér á fót umfangsmiklum útflutningsiðnaði, nema því aðeins að við eigum aðgang að tollfrjálsum markaði eins og Fríverzlunarsamtökin eru. Það er hægt að segja: Við þurfum ekki á að halda neinum verulegum útflutningsiðnaði, enda mundum við ekki reynast samkeppnishæfir á erlendum mörkuðum á því sviði. Við verðum að láta okkur nægja hina hefðbundnu atvinnuvegi Íslendinga og reyna að komast eins langt á því sviði og hugsanlegt er. Þá er hægt að segja, að ástæðulaust sé, að Íslendingar gerist aðilar að Fríverzlunarsamtökunum. En það er ekki hægt að segja, að okkur sé nauðsyn á útflutningsiðnaði og einnig hitt, að við eigum ekki að gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökunum. Í því felst augljós mótsögn.

Að mjög vel athuguðu máli hefur ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé hægt að treysta til frambúðar á hina svonefndu hefðbundnu atvinnuvegi Íslendinga. Í því felst síður en svo vanmat á gildi þeirra eða vantraust á framtíð þeirra. Allra sízt felst í því vanmat á gildi íslenzks sjávarútvegs eða vantraust á framtíð hans. Sjávarútvegur hefur verið og verður áreiðanlega um langan aldur aðalatvinnuvegur Íslendinga, vegna þess að hann hefur verið og verður áfram arðbærasti atvinnuvegur Íslendinga. Að sjálfsögðu á jafnan að leggja á það megináherzlu að bæta tækni við fiskveiðar og fiskvinnslu og vinna ötullega að því að auka og bæta vinnslu hins verðmæta afla hér innanlands. En þetta jafngildir að sjálfsögðu ekki því, að ekki sé nauðsynlegt að renna fleiri arðbærum stoðum undir íslenzkt atvinnulíf og þá sérstaklega undir íslenzka útflutningsframleiðslu. Þetta telur ríkisstj. nauðsynlegt. Ítarlegar athuganir hafa sýnt, að vænlegasta og hyggilegasta leiðin til þess að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta útflutningsskilyrði er að koma á fót nýjum útflutningsiðnaði, sem ýmist hagnýtir þá orku, sem við getum framleitt, eða það ágæta vinnuafl, sem við höfum yfir að ráða, og helzt hvort tveggja jöfnum höndum. En ef við eigum að geta komið á fót umtalsverðum útflutningsiðnaði, er aðild að samtökum eins og Fríverzlunarsamtökunum nauðsynleg. Þetta eru meginrökin fyrir því, að Íslendingar eigi að gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Auðvitað er það ekki vandalaust að stíga jafnmikilvægt spor og hér er um að ræða. Öll

spor eru vandasöm. Og þá auðvitað ekki síst þau, sem eru stór. Að sjálfsögðu fylgja því ekki aðeins kostir, heldur einnig ýmis vandi, að gerast aðili að samþjóðlegum samtökum eins og Fríverzlunarsamtökunum.

Ég skal nú fara nokkrum orðum um það hagræði, sem af aðildinni hlýzt og síðan um þann vanda, sem við er að etja í því sambandi.

Ég hef þegar gert grein fyrir því, að vilji menn koma á fót umtalsverðum útflutningsiðnaði á Íslandi, sé aðild að Fríverzlunarsamtökunum forsenda þess. Þá er eðlilegt, að menn spyrji, hvaða útflutningsiðnaður getur komið hér til greina? Um þetta atriði fjallar eitt af fskj. þáltill., ritgerð þeirra hagfræðinganna, Jóns Sigurðssonar og Péturs Eiríkssonar, og efnaverkfræðingsins, dr. Vilhjálms Lúðvíkssonar. Þeir benda réttilega á, að þegar könnuð séu þau tækifæri, sem fram undan séu, til aukins útflutnings, eigi ótvírætt fyrst að telja aukinn útflutning sjávarafurða, sem byggist á frekari vinnslu aflans hérlendis, betri nýtingu aflans og nýtingu fiskstofna, sem nú eru lítt eða ekki veiddir. Næst sjávarvöruiðnaði megi síðan telja annars konar útflutningsstarfsemi, sem njóti hagstæðra ytri skilyrða hér á landi. Nefna þeir í því sambandi stóriðju, sem byggist á ódýrri vatnsorku og jarðhita, ullariðnað, sútun og skinnaiðnað og annan iðnað, sem byggist á aðgangi að sérstæðum innlendum hráefnum. Einnig nefna þeir minkarækt vegna ódýrs fóðurs og aukningu ferðamannastraums vegna sérkenna landsins og náttúrufegurðar. Þá benda þeir á nauðsyn þess að efla einnig útflutningsiðnað, sem ekki njóti sérstöðu vegna gæða landsins eða vegna sjávarins umhverfis það, heldur byggist fyrst og fremst á hugkvæmni og verkkunnáttu þjóðarinnar og vinnu úr erlendum sem innlendum hráefnum. Benda þeir á, að hér virðist helzt koma til álita þær iðngreinar, þar sem flutningskostnaður er ekki þungur á metunum og innflutningsmarkaðurinn er fremur stór miðað við stærð hagkvæmra framleiðslueininga.

Í ritgerðinni er á það bent, að Íslendingar hafi um langan aldur flutt út niðursoðið og niðurlagt fiskmeti án þess þó, að hér hafi orðið um verulegan útflutningsiðnað að ræða. Í sumum löndum Fríverzlunarsamtakanna er verulegur tollur á þessum vörum. Hann fellur niður, ef Íslendingar gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökunum, og ætti því aðildin að geta stuðlað að verulegri framleiðslu og útflutningsaukningu í þessum iðnaði.

Um spuna og vefjariðnað er það að segja, að ástæða hefur verið til þess að ætla, að töluverður útflutningur geti orðið til landa Fríverzlunarsamtakanna, fái Íslendingar tollfrjálsan aðgang að þeim markaði, þ. e. ef niður féllu verulegir tollar á framleiðsluvörum þessa iðnaðar.

Þá er í ritgerðinni á það bent, að útflutningur á prjónavörum hafi á síðasta ári að langmestu leyti farið til Sovétríkjanna, en nokkuð til Bandaríkjanna. Við aðild að Fríverzlunarsamtökunum mundu falla niður tiltölulega mjög háir tollar á afurðum prjónlesiðnaðarins. Hann hefur yfir að ráða verulegri ónotaðri afkastagetu, og er því mjög mikilvægt fyrir hann að fá nýjan útflutningsmarkað.

Þá er bent á, að í löndum Fríverzlunarsamtakanna séu háir tollar á veiðarfærum. Íslendingar búa yfir mikilli reynslu og verkkunnáttu í framleiðslu veiðarfæra, þannig að hugsanlegt væri að flytja út ýmsar tegundir þeirra.

Á fatnaðarvörum mundu tiltölulega háir tollar falla niður. Ýmsir hafa talið íslenzkan fataiðnað standa miklum mun hallara fæti en hann gerir í raun og veru. Á undanförnum árum hefur þegar verið um dálítinn útflutning að ræða á öðrum fatnaði en prjónafatnaði. Hér er flutningskostnaðurinn mjög lágur í hlutfalli við verðmæti vörunnar. Einhverjir útflutningsmöguleikar eru eflaust fyrir hendi á þessu sviði.

Um húsgagna- og innréttingasmíði er svipaða sögu að segja og um fataiðnaðinn, að aðstaða hennar hefur verið talin mun veikari en hún er í raun og veru. Ljóst er þó, að ýmiss konar endurskipulagning verður að fara fram í þessum iðnaði, bæði innan einstakra fyrirtækja og greinarinnar í heild, ef um möguleika á útflutningi á að vera að ræða. Ef höfð er hliðsjón af breytingum, sem urðu innan þessarar greinar, þegar innflutningur innréttinga var gefinn frjáls á sínum tíma og hafinn nokkur innflutningur húsgagna, bendir fjölmargt til þess, að á þessu sviði geti útflutningur komið til greina.

Enginn vafi er á því, að aðild að Fríverzlunarsamtökunum mundi mjög bæta skilyrði umbúðaiðnaðarins til útflutnings, auk þess sem hann mundi njóta góðs af aukningu útflutnings í öðrum greinum.

Um skinnaiðnað, leðuriðnað og feldskurð er það að segja, að tollar á unnum vörum og skinnum og leðri eru háir í löndum Fríverzlunarsamtakanna. Útflutningur sútaðra skinna og skinnavöru hefur vaxið mjög á allra síðustu árum. Tollar í löndum Fríverzlunarsamtakanna á loðsútuðum gærum eru talsverðir. Í ritgerð sérfræðinganna er það nefnt sem dæmi í þessu sambandi, að ef fluttar væru út árlega 900 þús. loðsútaðar gærur í stað 900 þús. saltaðra gæra, yki þetta útflutningstekjur um því sem næst 300 millj. kr. á ári.

Þá er á það bent, að um útflutningsmöguleika muni vera að ræða í steiniðnaði og leirmunagerð vegna sérstæðra hráefna hér á landi og í raftækja- og rafeindaiðnaði vegna góðs vinnuafls. Málm- og skipasmíði ætti og tvímælalaust að geta orðið útflutningsgreinar. Íslendingar búa yfir sérþekkingu á fiskveiðum og búnaði fiskiskipa og verkkunnáttu á því sviði. Enn fremur benda sérfræðingarnir á útflutningsmöguleika að því er snertir skartgripi, málningarvörur og plastvörur. Þá er í skýrslunni bent á þýðingu niðurfellingar tolla í sambandi við aðild að Fríverzlunarsamtökunum fyrir ýmiss konar efnaiðnað, sem notar mikla orku, en jafnframt undirstrikað, að erfitt sé að spá með sæmilegu öryggi um arðsemi

fyrirtækja á þessum sviðum. Raunverulegir útflutningsmöguleikar hljóti að þróast á grundvelli náinnar þekkingar einstakra iðnrekenda á framleiðsluaðferðum og markaðsskilyrðum.

Þetta var um hugsanlega aukningu iðnaðarvöruútflutnings. Um áhrif aðildar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu á íslenzkan sjávarútveg er það að segja, að á engu sviði eru ákvæðin neikvæð. Þau eru hins vegar jákvæð að mörgu leyti. Í fyrsta lagi falla niður tollar á ýmsum vörum, sem nú eru fluttar til landa Fríverzlunarsamtakanna, og er hér um að ræða frystan fisk, síldarlýsi, þorskalýsi, búrhvalslýsi, fiskimjöl, loðnumjöl, hvalkjöt, rækju og niðursuðuvörur. Verð á öllum þessum vörum getur hækkað sem tollinum nemur. En tollar á þessum vörum gagnvart löndum, sem standa utan við Fríverzlunarsamtökin, eru yfirleitt u. þ. b. 10% í aðalmarkaðslandinu, Bretlandi. Í öðru lagi aukast söluskilyrði í löndum Fríverzlunarsamtakanna á þessum vörum og öðrum, sem lítið sem ekki hafa verið fluttar þangað. Í þriðja lagi hækkar verð í Bretlandi á freðfiskflökum, og við það verður markaðurinn í öðrum löndum stöðugri og tryggari. Í fjórða lagi má búast við aukinni eftirspurn eftir aðalútflutningsvöru okkar, frystum fiskflökum, í löndum Fríverzlunarsamtakanna á næstu árum, auk þess sem vænta má áframhækkaðs verðs í Bretlandi á frystum fiskflökum fyrir framleiðendur innan Fríverzlunarsamtakanna. Ef Íslendingar gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökunum, hafa þeir jafna aðstöðu og aðrir framleiðendur freðfisks innan Fríverzlunarsamtakanna til þess að öðlast hlutdeild í væntanlegri aukningu eftirspurnar á þessum markaði. Stæðu Íslendingar utan Fríverzlunarsamtakanna, hefðu þeir litla sem enga von um nokkra þátttöku í aukningu eftirspurnarinnar, þar eð framleiðendur freðfisks innan Fríverzlunarsamtakanna standa miklu betur að vígi en Íslendingar.

Áhrif aðildar að Fríverzlunarsamtökunum á íslenzkan landbúnað yrðu eingöngu jákvæð. Reglur Fríverzlunarsamtakanna taka yfirleitt ekki til viðskipta um landbúnaðarvörur. En af aðild Íslands mundi það leiða, að markaður fengist á Norðurlöndum fyrir 1700 tonn af dilkakjöti á talsvert hærra verði yfirleitt en nú fæst í aðalmarkaðslandinu, Bretlandi.

Vandinn, sem því fylgir fyrir Íslendinga að gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökunum, er fyrst og fremst fólginn í því, að Íslendingar verða að afnema alla verndartolla. Tollar geta verið tvenns konar, verndartollar og fjáröflunartollar. Með verndartollum er átt við toll af innfluttri vöru, sem einnig er framleidd í landinu. Tollurinn hækkar verð innfluttu vörunnar, og getur framleiðslukostnaður sams konar innlendrar vöru þess vegna verið hærri en innflutningsverð erlendu vörunnar, en innlenda varan samt verið ódýrari á heimamarkaðinum eða skilað framleiðanda hagnaði, ef hún er seld á sama verði og erlenda varan. Það eru slíkir verndartollar, sem afnumdir hafa verið í Fríverzlunarsamtökunum. Tilgangurinn með því hefur verið sá að auka verkaskiptingu og fá fram lækkun framleiðslukostnaðar í tollvernduðum atvinnugreinum. Með fjáröflunartolli er hins vegar átt við toll af innfluttri vöru, sem ekki er jafnframt framleidd í landinu. Í Fríverzlunarsamtökunum er ekki gert ráð fyrir afnámi slíkra tolla. Sérhverju aðildarríki Fríverzlunarsamtakanna er frjálst að haga þeim eins og þeim sýnist.

Þótt samstarf ríkjanna í Fríverzlunarsamtökunum hafi haft í för með sér afnám allra verndartolla í viðskiptum milli aðildarríkja Fríverzlunarsamtakanna, er hverju þeirra eftir sem áður frjálst að halda bæði verndartollum og fjáröflunartollum gagnvart öðrum ríkjum. Segja má, að það sé beinlínis einn tilgangur viðskiptasamtaka eins og Fríverzlunarsamtakanna að mismuna fyrirtækjum innan samtakanna og fyrirtækjum í löndum utan þeirra með þeim hætti, að fyrirtæki í löndum innan samtakanna geti selt vöru sína tollfrjálst og án viðskiptahafta innan samtakanna en fyrirtæki í löndum utan samtakanna, sem selja vilja vöru sína innan markaðssvæðis, verða að sæta því, að af henni sé greiddur tollur og hún verði því dýrari en vörur, sem framleiddar eru á markaðssvæðinu.

Nokkur hluti íslenzks iðnaðar hefur vaxið upp í skjóli mjög hárra tolla á þær vörur, sem hann framleiðir, ef þær eru fluttar inn frá útlöndum. Talið er, að í þeim greinum iðnaðar, sem einkum verða fyrir áhrifum af afnámi verndartolla, hafi unnið um 3500 til 4000 manns árið 1967. Hér er fyrst og fremst um að ræða eftirtaldar greinar: súkkulaði og kexgerð, drykkjarvöruiðnað, gólfdreglaiðnað, prjónlesiðnað, skógerð, fataiðnað, húsgagna- og innréttingasmíði, skinna- og leðuriðnað, sútun, málningargerð, sápugerð, sementsframleiðslu, raftækjasmíði og spuna og vefnað. Í þessum greinum vinnur u. þ. b. fimmtungur þess mannafla, sem starfar við iðnað á Íslandi, og um það bil 5% af öllum starfandi mönnum í landinu. Þegar verndartollar á framleiðsluvörum þessara iðngreina hafa verið afnumdir, verða fyrirtækin að vera búin að lækka framleiðslukostnað sinn svo mikið, að framleiðsluverðið verði samkeppnisfært við sams konar erlenda vöru, eða breyta framleiðslu sinni með einhverjum hætti í það horf, að þess konar vara sé framleidd, sem reynist samkeppnisfær. Fyrir neytandann er hér um að ræða verðlækkun bæði á innfluttu vörunni, vegna afnáms verndartollsins, og á innlendu vörunni, ef það tekst að lækka framleiðslukostnað hennar. Slík framleiðslukostnaðarlækkun getur hins vegar reynzt erfið fyrir fyrirtækið, og er hér um að ræða aðalvandkvæðin í sambandi við þátttöku í slíku viðskiptabandalagi sem Fríverzlunarsamtökin eru.

Ríkisstj. taldi sjálfsagt að gera ekki till. til Alþ. um jafnmikilvægt spor og aðild Íslands er, án þess að farið hefði fram rækileg rannsókn á ástandi og horfum í íslenzkum iðnaði með sérstöku tilliti til hugsanlegrar aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Þess

vegna fól hæstv. iðnmrh., Jóhann Hafstein, dr. Guðmundi Magnússyni prófessor á s. l. vori að kanna ástand og horfur í íslenzkum iðnaði, einkum með tilliti til hugsanlegrar aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Er niðurstaða rannsókna hans birt sem fskj. með þáltill. Jafnframt hafa af hálfu einstakra rn., og þá fyrst og fremst iðnmrn., fjmrn. og viðskmrn., farið fram ræki legar athuganir á fjölmörgum atriðum í þessu sambandi í samráði við iðnrekendur, og ítarlegar viðræður hafa átt sér stað við þá um öll atriði, sem máli hafa verið talin skipta í sambandi við hugsanlega aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum.

Hér er að sjálfsögðu ekki ástæða til þess að rekja niðurstöður hinna víðtæku rannsókna dr. Guðmundar Magnússonar prófessors. Þó er rétt að benda á, að meginniðurstaða þeirra er sú, að staða íslenzks iðnaðar er mun styrkari en menn virðast almennt hafa talið og að iðnþróun á Íslandi mundi eflast við aðild að Fríverzlunarsamtökunum á grundvelli þeirrar samningsgerðar, sem nú er kostur á. Ég tel rétt að geta hér nokkurra atriða úr niðurstöðum athugana hans á samkeppnishæfni helztu tollvernduðu iðngreinanna.

Hann telur, að aðild að Fríverzlunarsamtökunum muni hafa lítil áhrif á afkomu í brauð- og kökugerð, hins vegar sé kexgerð illa undir samkeppni búin og sé þar nauðsyn á tækniaðstoð til að koma á ýmiss konar breytingum. Sælgætisgerð hefur notið svo til algers innflutningsbanns, og mundi aðild að Fríverzlunarsamtökunum gera ýmiss konar breytingar í þeirri iðngrein nauðsynlegar, fyrst og fremst samruna fyrirtækja samfara endurnýjun á vélakosti. Aðild að Fríverzlunarsamtökunum mundi ekki hafa áhrif á öl- og gosdrykkjagerð sökum þeirrar verndar, sem felst í fjarlægð íslenzka markaðarins frá erlendum framleiðslufyrirtækjum. Fyrir ullarþvott, spuna og vefnað fylgja stækkun markaðar meiri kostir en gallar. Um skógerð segir, að framleiðni hafi stóraukizt á undanförnum árum, og mundi hún eflaust fremur eflast en dragast saman. Fatagerð hafi sýnt þvílíka aðlögunarhæfni, að ástæða sé til þess að ætla, að hún standist samkeppni á flestum sviðum. Húsgagnagerð hafi einnig staðizt erlenda samkeppni og eigi á því sviði að vera um skilyrði til útflutnings að ræða. Svipað sé að segja um innréttingasmíði. Skinna- og leðuriðnaður sé vænlegur útflutningsiðnaður og gildir hið sama um fyrirhugað minkaeldi. Málningar- og lakkgerð virðist fyllilega samkeppnisfær. Hreinlætisvörur virðast einnig samkeppnisfærar. Í málmsmíði sé um að ræða verðmæta þekkingu og reynslu auk þess, sem hún njóti staðarverndar, þannig að ástæðulaust sé að óttast um framtíð hennar. Ekki muni verða um frekari samdrátt í smíði rafmagnstækja að ræða, og aðstaða í plastiðnaði og umbúðaiðnaði breytist ekki til hins verra. Þar eð ekkert sé því til fyrirstöðu í Fríverzlunarsamtökunum, að um sé að ræða ríkiseinkasölu eins og t. d. þá, sem Áburðarverksmiðjan hefur, mundi staða hennar ekkert breytast, enda hefur starfsemi hennar verið í fullu samræmi við reglur Fríverzlunarsamtakanna. Þá heimilar samningur Fríverzlunarsamtakanna ráðstafanir vegna tímabundinna erfiðleika fyrirtækja eins og þeirra, sem Sementsverksmiðjan á við að etja. Sérstaka athygli vekur prófessorinn á framtíð íslenzks niðursuðuiðnaðar úr sjávarafurðum og þeim möguleikum, sem á því sviði skapist á erlendum markaði við aðild að Fríverzlunarsamtökunum. Auk niðursuðuiðnaðarins telur hann, að þegar með aðild að Fríverzlunarsamtökunum muni geta hafizt útflutningur frá fyrirtækjum í innréttingasmíði, prjónaiðnaði og skinna- og leðuriðnaði. Af nýjum greinum bendir hann sérstaklega á efnaiðju og rafeindaiðnað. Auðvitað eru viðhorfin mjög mismunandi í einstökum iðngreinum. Nýjar útflutningsgreinar munu eflaust vaxa upp á grundvelli ýmissa þeirra iðngreina, sem nú eru stundaðar í landinu. Í því sambandi er auðvitað mikilvægt, að þannig verði búið í haginn fyrir þessi fyrirtæki, hvað snertir aðlögun að nýjum aðstæðum, aðgang að fjármagni og aðstöðu gagnvart erlendum markaði, að viðbrögð þeirra geti verið heilbrigð. En einmitt hefur verið höfð hliðsjón af þessu við samningsgerðina um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum.

Raddir hafa heyrzt um, að atvinnu allra þeirra, sem starfi í svonefndum vernduðum iðngreinum, sé stefnt í hættu við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Ekkert bendir þó til þess, að það hafi við hin minnstu rök að styðjast. Reynsla annarra þjóða og þá fyrst og fremst Norðmanna, þar sem aðstæður eru að ýmsu leyti líkastar því, sem hér á sér stað, hefur verið sú, að jafnvel lítil iðnfyrirtæki, sem áður voru tollvernduð, hafa reynzt miklu færari um að lækka framleiðslukostnað sinn með bættum vélakosti og nýjum vinnubrögðum en menn höfðu þorað að gera sér vonir um, þegar aukin samkeppni sýndi fram á nauðsyn tollalækkunar. Iðngreinar, sem voru tollverndaðar í Noregi, þegar Fríverzlunarsamtökin voru stofnuð, hafa eflzt og styrkzt þar í landi, en ekki dregizt saman.

Á það má og benda í þessu sambandi, að ýmsar greinar íslenzks iðnaðar hafi ekki aðeins vaxið upp í skjóli tollverndar, heldur einnig innflutningshafta. Þegar afnám innflutningshafta var hafið í byrjun þessa áratugar, töldu margir, að ýmsar iðngreinar mundu ekki standast frjálsan innflutning erlendrar samkeppnisvöru. Reynslan hefur þó orðið sú, að innflutningsfrelsið hefur yfirleitt ekki veikt aðstöðu þessara iðngreina, heldur styrkt hana. Þetta ætti að geta verið vísbending um, að afnám verndartolla ætti ekki heldur að þurfa að veikja stöðu hinna tollvernduðu iðngreina, nema þá að tollverndin væri svo óeðlilega mikil, að hún leiddi til augljósrar sóunar á vinnuafli og fjármunum og ætti að afnema hana, hvort eð væri. Engu að síður verður að gera sér ljóst, að sú lækkun framleiðslukostnaðar og sú endurskipulagning í tollvernduðum iðngreinum, sem afnám tollverndar hlýtur að hafa

í för með sér, er erfið í framkvæmd og langt frá því að vera vandalaus.

Þá veldur afnám verndartollanna einnig því, að ríkið þarf að endurskipuleggja tekjuöflun sína. Í stað verndartollanna verða að koma aðrir tekjustofnar. Mun ríkisstj. leggja til, að í stað þeirrar tollalækkunar, sem koma mun til framkvæmda í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, komi hækkun á söluskatti. Er jafnframt til athugunar að breyta söluskattinum í svonefndan virðisaukaskatt, sem nú er ýmist búið að koma á eða er verið að koma á í flestum löndum Vestur-Evrópu í stað söluskatts. Virðisaukaskattur er fólginn í því, að tekinn er lægri hundraðshluti af verði vörunnar í skatt á hverju viðskiptastigi. Er talið, að miklu auðveldara sé að koma í veg fyrir undanbrögð með virðisaukaskattkerfinu en núgildandi söluskatti.

Lækkun sú, sem gert er ráð fyrir á verndartollum fullunninnar iðnaðarvöru í sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, mun lækka tolltekjur ríkissjóðs um því sem næst 235 millj. kr. Jafnhliða er gert ráð fyrir hlutfallslega meiri lækkun á tollum á hráefni og vélum, og mun sú lækkun hafa í för með sér tekjulækkun hjá ríkissjóði um því sem næst 165 millj. kr. Sú tollalækkun, sem stæði í beinu sambandi við aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, næmi þess vegna um 400 millj. kr. Hins vegar hafa frekari tollalækkanir á nokkrum vörum verið ráðgerðar, og enn fremur er fyrirhugað að endurgreiða tolla á hráefnum og vélum, sem greiddar hafa verið í tiltekinn tíma, áður en aðaltollalækkunin kemur til framkvæmda. Mun þetta lækka tekjur ríkissjóðs um því sem næst 100 millj. kr. til viðbótar, þannig að fyrirhugaðar tollalækkanir munu lækka tekjur ríkissjóðs um nálega 500 millj. kr. Mun frv. að nýrri tollskrá verða lagt fram síðar í þessari viku, og þá mun hæstv. fjmrh. gera grein fyrir þessu máli öllu.

Þá langar mig til að fara nokkrum orðum um þau ákvæði stofnsamnings Fríverzlunarsamtakanna, sem fjalla um svonefndar samkeppnisreglur, þ. e. þau ákvæði samningsins, sem ætlað er að koma í veg fyrir, að óbeinum viðskiptahömlum sé beitt í því skyni að spilla því viðskiptafrelsi, sem efnt er til með niðurfellingu tolla og hafta. Í þessu sambandi eru það einkum ákvæði 16. gr. samningsins, sem máli skipta. Hugmynd sú, sem liggur að baki 16. gr., er sú, að óeðlilegt sé, að einstök aðildarríki geti komið í veg fyrir eða torveldað, að aðilar í einu aðildarríki geti stofnsett fyrirtæki í öðrum aðildarríkjum, ef slíkar ráðstafanir brjóta í bága við megintilgang samtakanna, sem er aukning milliríkjaviðskipta. Með þessu er þó ekki þar með sagt, að fyrirtæki í aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna eigi t. d. að fá að njóta hér á landi sömu aðstöðu og íslenzk fyrirtæki, heldur mega hömlur á stofnsetningu fyrirtækja, sem framleiða eða verzla með þær vörur, sem samstarfið tekur til, ekki vera þannig, að dregið sé úr þeim ávinningi, sem unnt er að ná með afnámi tolla og hafta. Þessum ákvæðum hefur þó aldrei verið ætlað að vera hliðstæð atvinnurekstrarákvæðum í stofnsamningi Efnahagsbandalags Evrópu. Í þeim ákvæðum er gert ráð fyrir frjálsum hreyfingum fjármagns og vinnuafls og frelsi til atvinnurekstrar hvarvetna innan aðildarsvæðisins. En þetta á ekki við um Fríverzlunarsamtökin. Ákvæði 16. gr. taka ekki til landbúnaðar eða fiskveiða eða framleiðslu um borð í fiskiskipum. Og þau taka ekki heldur til almennrar þjónustustarfsemi, svo sem starfsemi banka og vátryggingarfélaga, gistihúsarekstrar og flutningastarfsemi. 16. gr. tekur því til verzlunar og iðnaðar, en einungis til verzlunar með þær vörur og framleiðslu á þeim vörum, sem stofnsamningur Fríverzlunarsamtakanna tekur til og venjulega eru nefndar EFTA-vörur. Er hér um að ræða þær vörur, sem yfirleitt eru kallaðar iðnaðarvörur. Af þeim vörum, sem við Íslendingar nefnum yfirleitt sjávarafurðir, eru þessar fyrst og fremst EFTA-vörur: freðfiskflök, lýsi, fiskimjöl, loðnumjöl, hvalkjöt, rækjur og niðursuðuvörur. Af þeim vörum, sem hér á landi eru yfirleitt nefndar landbúnaðarvörur, eru skinn og ull EFTA-vörur.

Á fyrstu starfsárum Fríverzlunarsamtakanna var oft um það rætt, að ekki væri nógu ljóst, hvað ákvæði greinarinnar fælu í raun og veru í sér. Hins vegar er ekki um það vitað, að mismunandi skoðanir á efni hennar hafi valdið nokkrum deilum milli aðildarríkjanna eða einstakra fyrirtækja eða borgara í aðildarríkjunum. Á fundi sem ráðh. ríkja Fríverzlunarsamtakanna héldu með sér í Bergen í maí 1966, komu þeir sér saman um túlkun á þessari grein, og hefur skilningur á henni síðar verið byggður á þessari svonefndu Bergen-samþykkt. Samkv. henni taka ákvæði 16. gr. til þessarar atvinnustarfsemi: 1. heildverzlunar og umboðsverzlunar með EFTA-vörur, 2. fyrirtækja, sem starfa að samsetningu á EFTA-vörum úr einstökum hlutum, og 3. fyrirtækja, sem framleiða EFTA-vörur, sem mestmegnis á að flytja út til annarra aðildarríkja. Rétturinn, sem 16. gr. veitir aðilum í einu aðildarríki til þess að stofna iðnaðarútflutningsfyrirtæki í öðru aðildarríki, er þó mjög takmarkaður. Ekki er um þennan rétt að ræða, ef: 1. stofnun fyrirtækisins hefur í för með sér eignarrétt á innlendum náttúrugæðum, og verður að líta þannig á, að hér sé einnig átt við hagnýtingu náttúrugæða eins og fiskstofna, 2. ef stofnun fyrirtækisins veldur nauðsyn á aðgangi að fjármagnsmarkaði landsins, og 3. ef um er að ræða fjárfestingu í starfandi fyrirtæki, og þýðir þetta, að ákvæðin taka aðeins til nýrra fyrirtækja, ef um framleiðslufyrirtæki er að ræða.

Rétt er að taka það fram strax, að þar eð samningur Fríverzlunarsamtakanna tekur ekki til fiskveiða almennt né landbúnaðar, kæmi aldrei til greina, að erlendir aðilar gætu óskað þess að fá að stunda hér fiskveiðar eða landbúnað. Vinnsla um borð í skipum er einnig talin til fiskveiða, svo að hið sama mundi t. d. gilda um vinnslu um borð í fiskiskipum. Ákvæði gr. veita og engum erlendum aðila rétt til þess

að stofna hér fyrirtæki til fiskvinnslu. Í fyrsta lagi er fiskstofninn innan fiskveiðimarkanna að sjálfsögðu ein af náttúruauðlindum landsins, og þess vegna hafa erlendir aðilar engan rétt til þess að stofna til framleiðslu til hagnýtingar á honum, samkv. Bergen-samkomulaginu. Í öðru lagi er freðfiskur ekki skilyrðislaus EFTA-vara í sama skilningi og iðnaðarvörur, þar eð sérreglur hafa gilt og gilda enn um hann í Bretlandi. Á það má og benda í þessu sambandi, að nýr fiskur og síld eru ekki EFTA-vörur og samningur Fríverzlunarsamtakanna fjallar ekki um rétt til löndunar úr erlendum fiskiskipum. Þá er rétt að benda á, að erlend fyrirtæki gætu ekki heldur sótt um leyfi til að fá að hefja hér iðnaðarframleiðslu fyrir innanlandsmarkað, þar eð ákvæði 16. gr. taka eingöngu til fyrirtækja, sem fyrst og fremst ætla að flytja út. Við allar þessar takmarkanir bætist það, að innan Fríverzlunarsamtakanna eru engar brigður á það bornar, að sérhvert aðildarríki getur sett löggjöf, sem gerir stofnun nýrra fyrirtækja háða sérstöku, opinberu leyfi. Ekkert aðildarríkjanna setti að vísu slíka löggjöf í framhaldi af stofnun Fríverzlunarsamtakanna, og virðist það benda til þess, að ekkert þeirra hafi óttazt óeðlileg eða skaðleg áhrif ákvæða 16. gr. Þegar hugsanleg aðild að Efnahagsbandalaginu komst á dagskrá í Noregi, settu Norðmenn hins vegar nýja löggjöf um leyfi til stofnunar fyrirtækja í fiskiðnaði. Slík löggjöf hafði áður verið í gildi um aðrar atvinnugreinar í Noregi. Með slíkri löggjöf hér væri hægt að gera stofnun hvers konar fyrirtækja háða leyfi stjórnvalda, erlendra fyrirtækja og innlendra. Þess vegna hafa samhliða flutningi þessarar till. til þál. tvö frv. verið lögð fyrir hið háa Alþ., annað um breytingu á l. um verzlunaratvinnu og hitt um breyt. á l. um iðju og iðnað. Þar er gert ráð fyrir því, að gera megi stofnun nýrra fyrirtækja háða samþykki innlendra stjórnarvalda. Innan Fríverzlunarsamtakanna eru ekki brigður á það bornar, að heimilt sé að setja hvers konar skilyrði fyrir leyfi. Neita mætti um leyfið, ef stjórnvöld teldu ekki þörf á nýju fyrirtæki í þeirri grein, sem um er að ræða, annaðhvort í landinu öllu eða á þeim stað, sem um er að ræða. Neita mætti um leyfi, ef vinnuafl er ekki talið fyrir hendi, ef það er talið hafa truflandi áhrif á atvinnulíf eða viðskipti o. s. frv. Þess ber þó að gæta, að ekki mætti samtímis neita um stofnun fyrirtækis, sem ákvæði 16. gr. taka til, en leyfa stofnun nákvæmlega sams konar íslenzks fyrirtækis á sama stað. Ef íslenzk yfirvöld vilja ekki leyfa stofnun erlends fyrirtækis, sem 16. gr. tekur til, væri undantekningarlaust hægt að finna rökstuðning fyrir neitun, sem hinn erlendi aðili yrði að taka gilda. Hann gæti ekki kært neitunina fyrir neinum dómstóli. Hann gæti beðið ríkisstj. sína að taka málið upp við íslenzk stjórnvöld eða við ráð samtakanna í Genf. Hann gæti þó ekki vænzt neins árangurs af slíku, og hann gæti ekkert við því sagt, þótt íslenzk stjórnvöld veittu innlendum aðila slíkt leyfi síðar, enda gætu aðstæður þá verið orðnar breyttar.

Ákvæði 16. gr. taka til heildverzlunar, umboðsverzlunar og samsetningarfyrirtækja, bæði að því er snertir stofnun fyrirtækja og hlutdeildaröflun í gömlum fyrirtækjum. 16. gr. gerir ráð fyrir því, að aðila í einu aðildarríki Fríverzlunarsamtakanna sé heimilt að hafa með höndum slíka starfsemi í öðrum aðildarríkjum. Engu að síður getur það verið á valdi íslenzkra stjórnarvalda að koma í veg fyrir þá erlenda starfsemi á þessum sviðum, sem þau vilja koma í veg fyrir. Að því er snertir stofnun slíkra fyrirtækja væri hægt að beita lögheimildum til þess að leyfa ekki stofnun nýrra fyrirtækja. Að því er snertir hlutdeildaröflun mætti beita gjaldeyrislöggjöf til þess að gera óæskilega hlutdeild algerlega óeftirsóknarverða. En um það er enginn ágreiningur innan Fríverzlunarsamtakanna, að öll fyrirtæki yrðu að sjálfsögðu við stofnun og í rekstri háð öllum reglum um gjaldeyrisviðskipti, skattamál, verðlagsmál o. s. frv. Það eru að sjálfsögðu mjög mikilvæg tæki til takmörkunar á atvinnurekstri erlendra aðila, þegar gjaldeyrisyfirfærslur eru háðar leyfi eða opinberu eftirliti, svo sem er hér á landi, og er það ekki að neinu leyti í ósamræmi við reglur Fríverzlunarsamtakanna. Á það er þó rétt að benda í þessu sambandi, að núgildandi löggjöf heimilar allt að helmingsaðild erlendra aðila að íslenzkri heildverzlun, iðju og iðnaði. En nær engin brögð hafa verið að því, að sú heimild hafi verið hagnýtt. Að mjög vandlega athuguðu máli er það þess vegna skoðun ríkisstj., að aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum samfara þeim lagabreytingum, sem lagt er til, að gerðar verði á gildandi lögum um verzlunaratvinnu, iðju og iðnað, færi erlendum aðilum eða erlendu fjármagni engan þann rétt á Íslandi, sem íslenzk stjórnvöld vilja ekki veita.

Ýmsir velta því fyrir sér, hverja þýðingu það muni hafa fyrir aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, ef þau aðildarríki þeirra, sem sótt hafa um inngöngu í Efnahagsbandalagið, fengju aðild að því. Hér er um að ræða Bretland, Danmörku og Noreg auk Írlands. Eðlilegt er, að menn hugleiði þetta, ekki hvað síst nú, þegar fregnir hafa borizt um, að væntanlega muni samningaviðræður um þessi efni hefjast á næsta ári. Hafa raddir heyrzt um það hér á landi, að af þessum sökum ættu Íslendingar að slá aðildarumsókn sinni á frest. Um þetta er í fyrsta lagi það að segja, að engum, sem til þekkir, blandast hugur um, að samningaviðræður munu taka alllangan tíma um aðild þessara ríkja að Efnahagsbandalaginu. Í öðru lagi er augljóst, að þótt samningar tækjust um aðild þessara ríkja að Efnahagsbandalaginu, verða þau ekki aðilar að því á einum degi. Það tók 8 ár að koma Efnahagsbandalaginu á fót, eftir að stofnun þess var ákveðin, og það tók 7 ár að koma Fríverzlunarsamtökunum á fót. Engum kunnugum blandast hugur um, að ef aðild fyrrnefndra ríkja að Efna-

hagsbandalaginu yrði samþ., mundi aðlögun þeirra að því taka mörg ár. Í þriðja lagi bendir allt til þess, að Efnahagsbandalagið mundi taka ýmiss konar breytingum við aðild fyrrnefndra fjögurra ríkja. Annars hefðu aðildarumsóknir þeirra auðvitað ekki sætt þeirri andstöðu innan Efnahagsbandalagsins á liðnum árum, sem raun ber vitni.

Íslendingum ber hins vegar að gera sér skýra grein fyrir því, að komi til aðildar þessara fjögurra ríkja að Efnahagsbandalaginu, hvenær sem það verður, býr það Íslendingum meiri vanda en þann, sem við er að etja í sambandi við aðild að Fríverzlunarsamtökunum. En það væri að draga algerlega ranga ályktun af staðreyndum málsins að rökstyðja frestun á aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum með því, að nefndar þjóðir kunni að ganga í Efnahagsbandalagið á næstu árum. Aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum nú mundi þvert á móti auðvelda Íslendingum að takast á við þann vanda, sem þá yrði um að ræða. Enginn veit að vísu, hver sá vandi mundi verða, þar eð enginn getur vitað, hvernig samningur Efnahagsbandalagsins og fyrrnefndra ríkja yrði. Því meiri horfur, sem á því eru, að slíkir samningar takist, þeim mun meiri ástæða er til þess fyrir Íslendinga að leggja áherzlu á sem skjótasta aðild að Fríverzlunarsamtökunum, þar eð það styrkir aðstöðu okkar í utanríkisviðskiptunum.

Þá er að síðustu rétt að bera saman óskir þær, sem settar voru fram af Íslands hálfu, er leitað var eftir aðild að samtökunum, og niðurstöður þeirra samningaviðræðna, sem fram hafa farið síðan. Aðalóskirnar voru þessar:

1. Þess var óskað, að Íslendingar fengju þegar við inngöngu að njóta tollfrelsis við innflutning á markaði aðildarríkja Fríverzlunarsamtakanna á öllum þeim vörum, sem aðildarríkin hafa afnumið tolla á, og afnáms þeirra viðskiptahafta, sem framkvæmd hafa verið. Á þessa ósk hefur verið fallizt.

2. Þess var óskað, að Íslendingar fengju 10 ára aðlögunartíma til þess að afnema þá verndartolla, sem þeim ber að afnema. Var óskað samþykkis á því, að verndartollalækkunin við inngöngu í Fríverzlunarsamtökin yrði 30%, en síðan yrði engin tollabreyting gerð í fjögur ár. 70% tollanna yrðu síðan afnumin í sjö áföngum á sex árum, þ. e. 10% í hvert skipti. Á þetta hefur verið fallizt. Það er okkur í sjálfsvald sett, hvaða breytingar við gerum á tollum auk þessa. Fyrirhugað er að lækka jafnframt hráefnistolla um því sem næst 50% og vélatolla niður í 7%. Er þessi hlutfallslega meiri lækkun á hráefnatollum og vélatollum við það miðuð, að ekki verði um neina raunverulega minnkun tollverndar fyrir iðnaðinn í heild að ræða á fyrstu fjórum árunum, sem Íslendingar væru aðilar að Fríverzlunarsamtökunum. Raunveruleg verndartollalækkun hæfist því ekki fyrr en að fjórum árum liðnum. Hún yrði þá framkvæmd á sex árum. Fyrstu fjögur árin, sem Íslendingar væru aðilar að Fríverzlunarsamtökunum, yrðu því eins konar undirbúningstími að verndartollalækkuninni, og hún má taka sex ár. Þegar tekið er tillit til þess, að Íslendingar fá þegar í stað að njóta tollfrelsis fyrir sínar EFTA-útflutningsvörur, fá fjögur ár til þess að búa sig undir afnám verndartollanna og síðan sex ár til þess að afnema þá, hlýtur að verða ljóst, að hér er um mjög hagstæða samningsniðurstöðu að ræða.

3. Þess var óskað, að innflutningur á freðfiskflökum til Bretlands yrði tollfrjáls. Náðst hefur samkomulag milli Breta annars vegar og freðfiskútflytjenda í Fríverzlunarsamtökunum hins vegar, þ. e. Norðmanna, Dana og Svía, um nýtt fyrirkomulag varðandi innflutning á frystum fiski til Bretlands, og verða Íslendingar aðilar að samkomulaginu, ef þeir ganga í Fríverzlunarsamtökin. Er samkomulagið fólgið í því, að freðfiskútflytjendur innan Fríverzlunarsamtakanna mega flytja til Bretlands tollfrjálst eins mikið af frystum flökum og þeim sýnist, ef innflutningsverðið er ekki undir vissu lágmarki. Verðið, sem um er rætt, er svipað og við Íslendingar fáum nú á Bandaríkjamarkaði, en það er hærra en verðið, sem ríkt hefur á brezka markaðinum. Þetta nýja kerfi á að ganga í gildi 1. jan. n. k. Mun innflutningsverð á frystum flökum þá hækka í Bretlandi. Brezkir freðfiskframleiðendur eru ekki bundnir af þessu lágmarksverði, en talið er víst, að verð í Bretlandi muni hækka upp í lágmarksverðið. Verðhækkanirnar eru háðar því skilyrði, að ekki hafi orðið óvænt þróun á markaðinum og innflutningur frá öðrum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna orðið fyrir truflunum af þeim sökum. Kerfið er enn fremur byggt á þeirri forsendu, að hlutur brezks freðfisks aukist ekki óeðlilega mikið á kostnað innflutts freðfisks frá hinum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna og innflutningur frá Norðurlöndum valdi ekki vandræðum á brezka markaðinum. Enn fremur verður reynt að sjá til þess, að lönd utan Fríverzlunarsamtakanna fái ekki aðstöðu til þess að spilla markaðinum fyrir aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna. Ef samkomulagið reynist ekki vel í framkvæmd, er gert ráð fyrir viðræðum milli samningsaðilanna. Enn fremur áskilja Bretar sér rétt til þess að ræða við hina samningsaðilana, ef innflutningur freðfiskflaka frá Norðurlöndum fer fram úr 33 þús. tonnum á árunum 1971 og 1972 og í ljós kemur, að sá innflutningur virðist hafa valdið verulegum truflunum á brezka markaðinum.

Hugmyndir brezkra stjórnvalda varðandi freðfiskinnflutninginn til Bretlands voru lengi vel þær að taka aftur upp heimild til innflutnings á takmörkuðu magni freðfisks til Bretlands frá hinum aðildarríkjum Fríverzlunarsamtakanna, og var þá ætlazt til þess, að þau, að Íslandi meðtöldu, ef það gerðist aðili að Fríverzlunarsamtökunum, skiptu sjálf milli sín því magni, sem brezk stjórnvöld vildu leyfa tollfrjálsan innflutning á. Af Íslands hálfu hafði það verið tekið skýrt fram, að Íslendingar teldu þá lausn algerlega ófullnægjandi frá sínu sjónarmiði. Hins vegar var brezku

stjórninni skýrt frá því, að Íslendingar teldu lágmarksverðkerfi geta komið til greina. Innan Fríverzlunarsamtakanna voru Norðmenn helztu talsmenn hugmyndarinnar um lágmarkskerfið. Er talið, að ástæða þess, að brezka stjórnin féllst að síðustu á þessa hugmynd, sé sú, að brezkur sjávarútvegur, sem á í miklum erfiðleikum, muni með þessu móti fá hækkað verð á heimamarkaði, en freðfiskframleiðendur innan Fríverzlunarsamtakanna munu njóta verðhækkunarinnar einnig. Hins vegar verður 10% tollur á freðfiski, sem lönd utan Fríverzlunarsamtakanna flytja til Bretlands.

4. Þess var óskað að innflutningur á olíu og benzíni þyrfti ekki að verða frjáls, heldur mætti áfram verða háður innflutningsleyfum, til þess að unnt væri að beina kaupum á þessum vörum til Sovétríkjanna í því skyni að tryggja útflutningsmarkað Íslendinga þar í landi. Á þetta var fallizt.

5. Þess var óskað að þurfa ekki að gefa innflutning eftirtalinna vörutegunda að fullu frjálsan fyrr en 1975: sælgæti, öl, sement, línur og kaðlar, spennar og húsgögn. Að því er snertir þrjár fyrstu vörutegundirnar, hefst innflutningur þó ekki fyrr en árið 1972. Þá má geta þess, að innflutning á sams konar burstum og framleiddir eru af Blindra iðn þarf ekki að leyfa.

6. Í tvíhliða viðræðum við önnur norræn lönd var þess óskað, að komið yrði á fót á Íslandi norrænum iðnþróunarsjóði að upphæð 14 millj. dollara, eða 1232 millj. kr., í því skyni að auðvelda aðlögun íslenzks iðnaðar að markaði Fríverzlunarsamtakanna. Var gert ráð fyrir því, að Svíar greiddu 5.4 millj. dollara í sjóðinn, Danir, Norðmenn og Finnar 2.7 millj. dollara hverjir um sig og Íslendingar 0.5 millj. dollara. Mundi féð verða greitt í gjaldeyri til Íslands á fyrstu fjórum árunum, eftir að Ísland gerðist aðili að Fríverzlunarsamtökunum, einmitt á því tímabili, sem tollvernd íslenzks iðnaðar héldist í stórum dráttum óbreytt, en hann væri að búa sig undir afnám verndartolla á síðustu 6 árum aðlögunartímabilsins. Sjóðurinn gæti veitt lán með hagstæðum kjörum og styrki vegna tækninýjunga og markaðsleitar. Enga vexti ætti að greiða af framlögum hinna Norðurlandanna, en gert er ráð fyrir að þau yrðu endurgreidd á 10 árum og endurgreiðslurnar hæfust eftir 15 ár. Ætti sjóðurinn að geta lagt til hliðar svo mikinn tekjuafgang, að Íslendingar gætu eignazt sjóðinn innan 25 ára tímabilsins. Ríkisstjórnir annarra norrænna landa féllust á þessar óskir, og er gert ráð fyrir því, að samningur um stofnun sjóðsins verði undirritaður innan skamms, en hann tekur að sjálfsögðu ekki gildi nema Ísland verði aðili að Fríverzlunarsamtökunum.

7. Í tvíhliða viðræðum við önnur norræn lönd var þess einnig óskað, að þau leyfðu innflutning á allt að 2.200 tonnum af dilkakjöti. Takmarkanir eru á innflutningi kjöts til Norðurlanda, auk þess er innflutningsgjald af kjöti til Svíþjóðar. Niðurstaða viðræðnanna hefur orðið sú, að önnur norræn lönd hafa fallizt á að leyfa þegar á fyrsta ári aðildar Íslands að Fríverzlunarsamtökunum innflutning á 1.700 tonnum af dilkakjöti. Danir hafa samþykkt innflutning á 500 tonnum, Finnar á 100 tonnum, Norðmenn á 600 tonnum og Svíar á 500 tonnum. Svíar hafa heitið því að taka síðar til velviljaðrar athugunar aukningu á því magni, sem flytja má inn án greiðslu innflutningsgjalds, ef sölumöguleikar reynast vera fyrir hendi. Aðalkostur aukinnar sölu á kindakjöti til Norðurlanda er fólginn í því, að þar fæst mun hærra verð en í aðalmarkaðslandinu, Bretlandi. Niðurstaða samningaviðræðnanna að þessu leyti má því teljast mjög hagstæð.

Þeim óskum, sem settar voru fram af Íslands hálfu í ræðu þeirri, sem ég flutti í ráði Fríverzlunarsamtakanna 23. jan. 1969, er aðildarbeiðni Íslands kom fyrst til umræðu, hefur því verið fullnægt í öllum aðalatriðum, en ræðan er prentuð með grg. þáltill. sem fskj. Þeir embættismenn, sem fyrst og fremst hafa haft samningsgerðina með höndum í einstökum atriðum, eru Þórhallur Ásgeirsson, ráðuneytisstjóri í viðskmrn., og Einar Benediktsson deildarstjóri. Sé ég ástæðu til þess að láta í ljós sérstakt þakklæti til þeirra fyrir einstaklega vel unnin störf. Mig langar einnig til að láta í ljós þakklæti til ráðs Fríverzlunarsamtakanna og starfsmanna þess fyrir mikla lipurð í samningaviðræðunum, skilning á óskum Íslands og sanngirni í afstöðu sinni til þeirra. Sérstakar þakkir er mér bæði ljúft og skylt að færa ríkisstj. annarra norrænna landa fyrir einstaka velvild í garð Íslendinga í sambandi við undirbúning aðildarumsóknarinnar og á öllum stigum samningaviðræðna, og þó ekki hvað sízt í sambandi við stofnun Norræna iðnþróunarsjóðsins.

Allar ákvarðanir á einstökum stigum málsins hafa að sjálfsögðu verið teknar af ríkisstj. í heild, en EFTA-nefnd þingflokkanna hefur jafnan verið höfð með í ráðum, þegar taka hefur þurft ákvarðanir, þótt hún eða einstakir fulltrúar í henni beri að sjálfsögðu ekki ábyrgð á neinni ákvörðun, sem tekin hefur verið. Samstaða í nefndinni hefur hins vegar verið ágæt, og ég vona, að segja megi, að nefndarmenn hafi fundið, að vilji hafi verið til þess, að þeir fylgdust með öllu, sem í málinu gerðist, að þeir hafi jafnan fengið tækifæri til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og fengið svör við öllum spurningum, sem upp hafa komið. En ábyrgð á því, sem gert hefur verið, er að sjálfsögðu á herðum ríkisstj. einnar. Nú er það Alþ. að taka lokaákvörðun í þessu mikilvæga máli. Öll gögn hafa verið lögð á borðið. Það er mjög eindregin skoðun ríkisstj., að Alþ. eigi að samþykkja þá þáltill., sem hér liggur fyrir. Það er skoðun ríkisstj., að með því móti mundi verða stigið eitt stærsta sporið, sem lengi hefur verið stigið, til þess að gera íslenzkt atvinnulíf öflugra og fjölbreyttara og leggja traustan grundvöll að áframhaldandi framförum og lífskjarabótum á Íslandi.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég tel Ísland ekki undir það búið, eins og sakir standa, að gerast aðili að EFTA. Það hefur ekki verið mótuð nein sú heildarstefna í iðnaði, sem er í raun og veru frumforsenda fyrir aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum. Það hafa ekki verið gerðar neinar þær ráðstafanir, sem gera þarf, ef íslenzkur iðnaður á að geta mætt þeirri samkeppni, sem leiða mun af EFTA-aðild og afnámi verndartolla. Þær ráðstafanir hafa ekki einu sinni enn verið undirbúnar. Það hefur meira að segja ekki enn farið fram nein fullnægjandi könnun á því, hvaða greinar íslenzks iðnaðar verði líklegar til útflutnings á EFTA-markaði. Skýrslan á fskj. VII., sem hæstv. viðskmrh. vitnaði nokkuð til hér áðan, er algerlega ófullkomin að því leyti, svo að ekki sé meira sagt. Ég tel þess vegna rétt að slá gildistöku samninga við Fríverzlunarsamtökin á frest eða samþykkja nú samtímis fastar ákvarðanir um tilteknar aðgerðir og ákveðna iðnþróunarstefnu. Loðnar og teygjanlegar yfirlýsingar í því sambandi eru ekki fullnægjandi fyrir mig.

Það er engin sérstök knýjandi nauðsyn til aðildar að EFTA einmitt nú. Það er ekkert sérstakt sem rekur á eftir í því efni. Engin aðkallandi þörf atvinnuveganna kallar á aðild, eins og nú standa sakir. Einnig má á það benda, eins og reyndar hæstv. viðskmrh. kom að hér áðan, að framtíð EFTA er vægast sagt óviss um þessar mundir. Þau ríki, sem til þessa hafa verið höfuðstoðir Fríverzlunarsamtakanna, sækja nú um inngöngu í Efnahagsbandalagið, og sterkar líkur benda til þess, að þau verði innan tíðar aðilar. Ég hygg, að það hafi m. a. s. komið fram í fréttatilkynningu, sem út hefur verið gefin, að það væri vilji ríkjanna, að undirbúningsviðræður við Breta hæfust fyrir mitt næsta ár. Hvað verður þá um EFTA? Eru þá Fríverzlunarsamtökin ekki úr sögunni? Um það spyrja menn. Um það spyr allur almenningur hér á landi um þessar mundir. Hvaða svör geta fyrirsvarsmenn þjóðarinnar og formælendur EFTA-aðildar gefið við þessum spurningum? Ég verð að segja ófullkomin, og er þá vægilega til orða tekið. Að vísu var hæstv. viðskmrh. hér áðan að reyna að gera grein fyrir því, hvers vegna það lægi á að flýta sér nú, þegar svo virðist standa, að upplausn samtakanna sé á næsta leiti. Hann sagði, hæstv. viðskmrh., að samningar þessir við Efnahagsbandalagið mundu alltaf taka mörg ár. Það má vel vera. Um það veit ég ekkert. Um það veit hann ekkert. En við skulum gera ráð fyrir hinu, sem virðist koma fram hjá þessum ríkjum nú, að það sé sterkur vilji hjá þeim, sem að þessu standa, að leysa þessi mál. Hann sagði, hæstv. viðskmrh., að aðild að EFTA nú mundi auðvelda okkur að leysa þann vanda, sem við stæðum andspænis, þegar þessi þrjú eða fjögur höfuðríki EFTA eru komin í Efnahagsbandalagið. En jafnframt sagði hæstv. viðskmrh. í öðru orðinu, að það vissi enginn, hver sá vandi yrði. Ég verð að segja það eins og það er, að ég skil ekki svona rökfærslu.

EFTA er búið að starfa í 10 ár. Hvers vegna hefur ekki þótt rétt eða nauðsynlegt að ganga í bandalagið á því tímabili? Hvers vegna er einmitt nú, þegar aðalríkin í EFTA eru komin í dyragættina hjá EBE, farið að telja það nauðsynlegt? Maður skyldi halda, að það hefði verið nauðsynlegt á þessu undangengna 10 ára tímabili, ef það er svona nauðsynlegt nú. En hæstv. viðskmrh. drap einmitt á það, að þessi mál hefðu áður verið athuguð, þau hefðu verið athuguð á árinu 1961, þá hefði ríkisstj. haft frumkvæði að því að fylgjast með í þessum málum, og þá hefði hún átt viðræður við ýmsa aðila. Það er rétt, en ef ég man rétt, snerist sú könnun og þær viðræður, sem þá fóru fram, einmitt um það, hvort Ísland gæti með einhverjum hætti tengzt Efnahagsbandalaginu, en ekki EFTA, enda stóð þá svo á, að fjögur eða fimm EFTA-ríkjanna voru að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið og viðræður stóðu yfir um það efni. Þeim viðræðum lyktaði svo á þann veg, sem hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir, að þessi ríki fengu þá ekki inngöngu í Efnahagsbandalagið. Og það er einnig rétt, sem hæstv. viðskmrh. sagði, þá var könnunum hætt af Íslands hálfu, einmitt þegar það sýndi sig, að þessi ríki fengu ekki inngöngu í Efnahagsbandalagið. En svo er þetta tekið upp nú og talið sérstaklega nauðsynlegt aftur, einmitt þegar þessi ríki eru að reyna að komast inn í Efnahagsbandalagið. Það getur vel verið, að við Íslendingar stöndum andspænis vanda, þegar þessi ríki, sem nú eru að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið, eru komin þar inn. Og maður hefur heyrt það orðað af sumum formælendum EFTA-aðildar, að það sé jafnvel nauðsynlegt að komast inn í EFTA, áður en þetta verði, vegna þess að EFTA eða það, sem af því þá verður eftir, hljóti að gera einhverja heildarsamninga við Efnahagsbandalagið. En ég get nú ekki fallizt á þessa röksemd. Ég held, að ef til þess kemur, að Ísland verður að leita eftir einhvers konar samningum við Efnahagsbandalagið, muni hið fornkveðna gilda, að sjálfs verði höndin hollust og það sé heppilegast fyrir Íslendinga sjálfa að fara með þá samninga og treysta á sig sjálfa í þeim, en ekki á forsjón annarra.

Nei, menn skilja áreiðanlega ekki nú þetta írafár, að vilja komast í þessi samtök einmitt nú á þessari síðustu og verstu stundu, þegar svo lítur út fyrir, að upplausn þeirra geti verið á næsta leiti. Og skýringin getur ekki verið sú, að Ísland ætli að ganga í Efnahagsbandalagið, vegna þess að því hefur verið lýst yfir af forustumönnum, að ég ætla allra íslenzkra stjórnmálaflokka, að innganga í Efnahagsbandalagið kæmi ekki til mála. Og hæstv. viðskmrh. endurtók það hér áðan, að það kæmi ekki til mála að ganga að Rómarsáttmálanum. Ég vona, að þessar yfirlýsingar standi í fullu gildi og það sé ekki það, sem vaki fyrir einum eða neinum í þessu sambandi. Að vísu verður því ekki neitað, að hæstv. viðskmrh. fór nokkuð óljósum orðum um þetta atriði, þar sem

hann var að gera því skóna, að Efnahagsbandalagið hlyti að taka svo stórfelldum breytingum, þegar þessi þrjú eða fjögur ríki, sem nú eru að sækja um inngöngu, væru komin í það. En ég skildi hann ekki svo, að hann væri að gera því skóna, að Ísland mundi ganga í Efnahagsbandalagið, og eins og ég sagði, vona ég, að fyrri yfirlýsingar forráðamanna stjórnmálaflokkanna standi í fullu gildi að þessu leyti og því þurfi ekki frekar um það að ræða.

Mér virðist það liggja í augum uppi, að það geti orðið skammgóður vermir að EFTA-aðild nú í skyndi, ef upplausn samtakanna er alveg á næstunni. Er ekki skynsamlegra, þegar svo stendur á, að bíða átekta um sinn og sjá, hverju fram vindur? Það sýnist mér. Þegar rætt var um aðildarumsókn að EFTA á síðasta þingi, tók ég fram, að ég væri því alls ekki andvígur, að kannað væri, hvort og með hvaða kjörum Ísland gæti með einhverjum hætti gerzt aðili að EFTA, en ég taldi ekki umsókn tímabæra þá, eins og sakir stóðu. Ég tók einnig fram, að svo gæti farið, að óhjákvæmilegt yrði fyrir Íslendinga að tengjast EFTA með einhverjum hætti, framvindan gæti orðið sú. En ég tók einnig skýrt fram, að áður en aðild Íslands kæmi til greina, þyrftum við að athuga margt hjá okkur sjálfum og lagfæra, marka hjá okkur ákveðna iðnþróunarstefnu og búa iðnaðinn þannig í stakk, að hann gæti staðið sig í samkeppni við iðnað EFTA-landanna. Við stjórnarandstæðingar töldum þá, að óskynsamlegt væri að leggja fram aðildarumsókn og hefja könnunarviðræður, fyrr en við værum betur undir búnir, fyrr en við værum búnir að undirbúa eða gera nauðsynlegar breytingar á okkar búskaparháttum. Þess vegna lögðum við til, að aðildarumsókninni yrði vísað frá með rökstuddri dagskrá. Þar sagði m. a. svo:

„Þar sem ekki er tímabært nú að taka ákvörðun um aðildarumsókn að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, m. a. vegna óvissu í efnahagsmálum, ófullnægjandi athugunar á sumum undirstöðuatriðum málsins, svo sem stöðu iðnaðarins, og nýlegrar ákvörðunar Breta um 10% toll á freðfiskflökum frá EFTA-löndum, samþykkir Alþ. að taka fyrir næsta mál á dagskrá."

Þarna var þó aðeins um umsókn um aðild að ræða. Nú er hins vegar um að tefla aðild að samtökunum. Er þá eðlilegt, að sú spurning vakni og sé a. m. k. okkur ofarlega í huga, hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar í millitíðinni til þess að fullnægja þeim innanlandsskilyrðum, sem við töldum m. a. s. forsendu fyrir framlagningu umsóknar, hvað þá heldur aðildar. Ég held, að svarið geti naumast verið nema á eina lund. Það hafa engar fullnægjandi ráðstafanir í þá átt verið gerðar. Ég kem betur að því síðar. En ég minni á, að viðurkennt var í fyrra, að nauðsynleg könnun á stöðu iðnaðarins hefði þá ekki farið fram. Leyfi ég mér því til sönnunar að benda á skýrslu EFTA-nefndarinnar, en þar sagði svo á bls. 55, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari skýrslu er ekki ætlunin að meta afkomu og vaxtarmöguleika íslenzks iðnaðar eða einstakar greinar hans við þær breyttu aðstæður, að hann njóti frjáls aðgangs að stóru markaðssvæði, en taki jafnframt að lokum á sig fulla samkeppni utan frá. Þær margvíslegu upplýsingar, sem fyrir liggja, og aðrar, sem afla þyrfti frá iðnaðinum sjálfum, geta varpað ljósi á mörg atriði, sem þar skipta máli. Slík rannsókn á málefnum iðnaðarins og einstakra greina hans, sem legið gæti til grundvallar mótunar alhliða stefnu í iðnaðarmálum, er meginverkefni, sem bíður úrlausnar."

Ég leyfi mér enn fremur að vitna til bréfs frá stjórn Félags íslenzkra iðnrekenda, sem sent var viðskmrh. 30. okt. 1968, en þar segir m. a. svo í niðurlagi bréfsins með leyfi forseta:

„Að lokum þetta. Vér álítum rétt, að sótt verði um aðild Íslands að EFTA til þess að kanna rækilega, hvers konar kjörum verður náð. Endanlega afstöðu til aðildar teljum við oss þá fyrst geta tekið, þegar niðurstöður þeirra samningaviðræðna liggja fyrir og ríkisstjórn Íslands hefur gert grein fyrir því, hverjum aðgerðum hún hyggst beita sér fyrir til að leggja grundvöll að þeirri iðnþróun, sem hér verður að eiga sér stað í næstu framtíð."

Þetta sögðu fyrirsvarsmenn íslenzkra iðnrekenda í fyrravetur.

Á því ári, sem liðið er síðan, hefur ekki verið mótuð hér nein iðnþróunarstefna. Það hefur ekki farið fram nein fullnægjandi könnun á stöðu iðnaðarins. Það hefur ekki farið fram neitt úrval þeirra iðngreina, sem ættu að einbeita sér að útflutningi. Það hafa ekki verið gerðar neinar sérstakar ráðstafanir til að renna stoðum undir útflutningsiðnað. Það hefur ekki farið fram nein veruleg markaðskönnun, hvorki í EFTA-löndum né utan þeirra. Það hefur ekki verið gerð nein raunhæf athugun á því, hvað ætti að verða af því iðnverkafólki, sem nú vinnur við iðnfyrirtæki, sem ætla má, að verði fyrir skakkafalli við EFTA-aðild eða jafnvel verði að hætta starfsemi sinni að fullu og öllu, vegna þess að þau standast ekki samkeppni. Skýrsla Guðmundar prófessors Magnússonar, sem lögð hefur verið fram sem fylgiskjal VI. með þessari þáltill., bætir á engan hátt úr þeirri vöntun á stefnumótun og aðgerðum í þessu efni. Hún er á allan hátt ófullnægjandi. Það segi ég ekki á neinn hátt til lasts þeim unga fræðimanni, sem skýrsluna hefur tekið saman. Það liggur í augum uppi, að það verkefni er ofraun einum manni á stuttum tíma, enda er það viðurkennt af höfundi skýrslunnar, en hann var skipaður til þessa verks s. l. vor. Hann segir svo á bls. 57 í þessari stóru bók, sem hér hefur verið lögð fram:

„Það er auðveldara að sjá, hverju við sleppum, en hvað við hreppum á mörgum sviðum, því að það er ekki á eins manns færi að kveða upp úr með, hvaða útflutning við getum stundað."

Hæstv. viðskmrh. fór nokkrum orðum um þessa skýrslu, og að vísu mætti sitthvað um hana segja, en ég ætla þó ekki að gera hana hér að umtalsefni, nema frekara tilefni gefist til.

Það má segja, að í fskj. VII. sé gerð nokkur tilraun til þess að benda á vöruflokka, sem hugsanlegir væru til útflutnings. Sú grg. er þó ófullkomin og nánast fyrst og fremst frómar hugleiðingar eða — eins og höfundarnir sjálfir orða það — ágrip þeirra hugmynda, sem fram hafa komið og tilraun til að leggja mat á áhrif EFTA-aðildar. Og einhvern veginn hefur maður það á tilfinningunni, að þetta verk hafi verið unnið af talsverðri skyndingu. Það, sem kemur þar fram, er í meira lagi óákveðið. Samt skal ég ekki gera lítið úr þeirri tilraun, sem þar er gerð út af fyrir sig. Ég tel hana góðra gjalda verða, svo langt sem hún nær, en hún er bara byrjun á verki, sem átt hefði að vinna til hlítar, áður en til ákvörðunar um þetta efni kom. En að sumu leyti eru niðurstöður þessarar skýrslu, ef niðurstöður skyldi kalla, athyglisverðar, eins og hæstv. viðskmrh. gerði grein fyrir. Niðurstaðan er sú, að þær vörur, sem fyrst og fremst komi til álita sem útflutningsiðnaðarvörur, séu fyrst og fremst unnar sjávarafurðir og þar næst á eftir unnar landbúnaðarafurðir, ullar- og skinnavörur. Og á meðan svo er, er nú ekki ástæða til að lýsa yfir vantrausti á hinum hefðbundnu atvinnuvegum, sem hæstv. viðskmrh. hafði svona innan gæsalappa í sinni ræðu.

Að sjálfsögðu skal ég viðurkenna það, að það má líta þessar skýrslur misjafnlega strönguum augum, en það er mitt mat, að þær séu allsendis ófullnægjandi undirstöður fyrir ákvörðun um EFTA-aðild. Þær spurningar, sem mörgum eru efst í huga í sambandi við fyrirhugaða EFTA-aðild, eru fyrst og fremst þessar: Hvaða áhrif hefur EFTA-aðild á íslenzkan þjóðarbúskap? Hvaða hagræði fylgir EFTA-aðild eða hvern ávinning höfum við af henni? Hvaða annmarkar fylgja EFTA-aðild og hvaða áhættu tökum við á okkur? Og svo er það náttúrlega ákaflega þýðingarmikil spurning: Hvaða þörf er okkur á EFTA-aðild og það einmitt nú? Ég hygg, að það sé næsta erfitt að gefa óyggjandi svör við þessum spurningum. (**Forseti:** Það er samkomulag milli þingflokkanna um það að hafa nú klukkustundarhlé á fundarhöldum og mun því hv. 1. þm. Norðurl. v. gera hlé á máli sínu. Fundi verður fram haldið klukkan 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þegar ég lauk máli mínu fyrir fundarhlé, var ég að ræða um það, að sú spurning, sem nú brynni á vörum margra, væri sú, hver áhrif EFTA-aðild hefði á íslenzkan þjóðarbúskap og íslenzka atvinnuvegi.

Eins og allir vita, sem þessi mál hafa kynnt sér, snertir EFTA-samningurinn að meginstefnu til ekki beinlínis landbúnað eða sjávarútveg. Samningurinn er fyrst og fremst um fríverzlun með iðnaðarvörur. Þegar spurningu um áhrif EFTA-aðildar ber á góma, er því fyrst og fremst um iðnaðinn að tefla. Þeir tvíhliða samningar, sem gerðir hafa verið í sambandi við EFTA-aðildarsamninginn um útflutning frystra freðfiskflaka til Bretlands og samkomulag við Norðurlöndin um innflutning á kindakjöti, skipta hins vegar nokkru máli fyrir landbúnað og sjávarútveg. Ég held þó, að segja megi, að EFTA-aðild skipti ekki miklu fyrir landbúnaðinn. Ég held, að það hefði að vísu mátt segja, að nokkuð annað hefði komið til greina varðandi hann, ef tekizt hefði sú fyrirætlun, sem var á dagskrá, að semja um mun meiri innflutning á kindakjöti til Norðurlanda, en þegar litið er til þess magns, sem þetta samkomulag á við, þá held ég, að það verði nú að segja, að EFTA-aðild sem slík skipti landbúnaðinn, eins og er, litlu máli. Ég held, að EFTA-aðild skipti ekki miklu máli heldur, nú eins og stendur, fyrir útflutning sjávarafurða, en hún er þó eftir minni meiningu til hagræðis fyrir útflutning sjávarafurða, það sem það er, og jafnframt má segja, að EFTA-aðild opni möguleika fyrir sölu unninna sjávarafurða og reyndar landbúnaðarafurða líka í framtíðinni. Þeir möguleikar eru að sjálfsögðu nokkuð óvissir, en ég hef í sjálfu sér enga tilhneigingu til þess að gera lítið úr þeim möguleikum. Menn geta lagt mismunandi mikið upp úr þessu, en mér sýnist, að EFTA-aðild hljóti fremur en hitt að vera til nokkurs ávinnings fyrir sjávarútveginn, enda er þá, þegar ég segi það, út frá því gengið, að nægilega sé tryggt, að viðskipti við Austur-Evrópulönd geti haldizt með svipuðum hætti, eins og verið hefur. Hitt er annað mál, að eins og sölu sjávarafurða er háttað í svipinn verður ekki sagt, að þeirra vegna sé sérstök ástæða eða knýjandi þörf á EFTA-aðild, en ég legg áherzlu á það, að auðvitað verður það að vera alveg tryggt og pottþétt, að viðskipti við Austur-Evrópulöndin geti haldizt með svipuðum hætti, eins og verið hefur.

Það verður því spurningin með iðnaðinn, sem hér ræður úrslitum að mínum dómi. Þar af er skemmst að segja, að EFTA-aðild getur að sjálfsögðu bæði haft neikvæð og jákvæð áhrif fyrir iðnaðinn. Neikvæðu áhrifin liggja nokkuð í augum uppi og hafa komið fram í sambandi við þær skýrslur, sem gerðar hafa verið um þessi mál, þar sem gert er ráð fyrir því, að svo kunni að fara, að ýmsar þær iðngreinar, sem nú eru starfandi hér, kunni að þurfa að draga saman seglin, eða jafnvel hætta alveg, þegar áhrifa EFTA-aðildar er farið að gæta að fullu. En það er að sjálfsögðu svo, að þessi áhrif koma ekki fram strax, það tekur nokkurn tíma, af því að það er ekki gert ráð fyrir því, að verndartollarnir falli niður að öllu leyti strax, heldur í áföngum, eins og gerð hefur verið grein fyrir. Er vikið nokkuð að þessu í EFTA-skýrslunni frá EFTA-nefndinni á sínum tíma. Þar voru talin upp þau fyrirtæki, sem EFTA-aðildin mundi verka þannig á, að það gæti verið nokkur hætta á því, að þau yrðu að draga alveg saman seglin, og var þá reiknað með því, að 4800 manns ynnu við þessi fyrirtæki. Nú dettur mér ekki í hug að halda því fram, að EFTA-aðild muni hafa þau áhrif, að öll þessi fyrirtæki leggist í rúst, og sízt af öllu gerist það strax. En hinu, held ég, að verði að reikna með, að allmikið af því fólki, sem unnið

hefur við þessi fyrirtæki, geti ekki haldið þeirri atvinnu áfram og það verði þess vegna að leita að atvinnu fyrir þetta fólk einhvers staðar annars staðar. Aðrar afleiðingar hlýtur þetta einnig að hafa, vegna þess að fyrirtækin eru staðsett á ýmsum stöðum, og það getur haft sitt að segja í sambandi við byggðina í landinu, ef starfsemi þessara fyrirtækja torveldast. Ég skal sem sé ekki vera með neinar sérstakar fullyrðingar um það, hve miklu þessi neikvæðu áhrif munu nema, en það er staðreynd, sem óhætt er að ganga út frá, að þau verða nokkur. Og ég held satt að segja, að það hafi enginn maður leyft sér að neita því.

En sjálfsagt hefur svo EFTA-aðild — eða getur haft — einhver jákvæð áhrif fyrir iðnaðinn. Það er þó ljóst, að slík jákvæð áhrif birtast ekki strax, vegna þess, að, eins og er, er sáralítið í landinu af útflutningsiðnaði. Eins og öllum er kunnugt, er sjávarvöruútflutningurinn um 90% af öllum útflutningi landsins, þannig að þegar á heildina er litið, er ákaflega lítið brot af honum, sem er iðnaður, þannig að þó að tollfrelsi komi strax til greina, þarf enginn að halda það, að við séum á svipstundu við því búnir að hefja útflutning á einhverjum iðnaðarvörum. Það er þess vegna alveg óhætt að slá því föstu, að jákvæðra áhrifa af EFTA-aðild að því leyti til, að það skapist einhver útflutningsiðnaður, gætir ekki strax. Við erum ekki undir það búnir. En hitt er rétt, að vegna EFTA-aðildar og vegna þess markaðar, sem opnast kann, kunna að opnast nýir möguleikar. Ég neita því ekki. Og vissulega standa vonir manna til þess, að það megi hefja útflutning nýrra iðngreina. En á hitt get ég ekki fallizt, eins og hæstv. viðskmrh. hélt fram, að það væri svo sem algert og ófrávíkjanlegt skilyrði fyrir því, að hér gæti skapazt útflutningsiðnaður, ef við gengjum í EFTA. Mörg ríki hafa nú komið á hjá sér útflutningsiðnaði, áður en EFTA kom til sögunnar. Mörg ríki hafa nú stofnað til útflutningsiðnaðar um árabil og aldir, án þess að nokkur viðskiptabandalög ættu sér stað, og ég vil ekki fallast á þá skoðun, að það gætu ekki verið möguleikar fyrir okkur að koma á fót útflutningsiðnaði, enda þótt við stæðum utan við öll bandalög. Til þess eru margir möguleikar. Ef menn fyndu og kæmu sér niður á þær iðngreinar, sem stefna ætti að útflutningi í, þá væri að ýmsu leyti hægt að byggja þann grundvöll undir þær, að útflutningur á þeirra vegum gæti hafizt, enda þótt þær yrðu sums staðar að greiða toll til þess að komast inn á markað. Það gæti verið innlend ráðstöfun, sem bætti stöðu þeirra og gerði þeim þetta mögulegt. Þess vegna er þetta í rauninni alveg fráleit kenning, að það geti ekki átt sér stað neinn útflutningsiðnaður, nema við göngum í EFTA, og mér er reyndar alveg óskiljanleg sú kenning.

Það er sagt, að það sé eiginlega nauðsynlegt, að við göngum í EFTA til þess að fá eitthvert aðhald, til þess að fá eitthvert keyri á sjálfan iðnaðinn og ekki síður á sjálf stjórnarvöldin, til þess að þau geri þær ráðstafanir, sem að gagni megi koma iðnaðinum, og hann verði þess vegna útflutningshæfur. Þetta eru játningar út af fyrir sig. En ég vil nú ekki trúa því, að þeir telji það, að þeir geti ekkert aðhafzt í þessum efnum, nema þeir fái svona keyri á sig.

Ég sem sé neita því ekki, að það geti verið vissar vonir bundnar við útflutningsiðnað í framtíðinni og að vinna markað fyrir þær útflutningsvörur á EFTA-markaðinum. En ekki get ég nú alveg fallizt á það, sem hæstv. viðskmrh. sagði í því efni. Mér skildist á honum, að það væru eiginlega engir möguleikar fyrir íslenzkan útflutningsiðnað til sölu annars staðar en í EFTA-löndunum. Ég held, að þetta sé mikill misskilningur. Ég held, að sem betur fer, séu miklir möguleikar á því að koma slíkum útflutningsiðnaði, ef hann er rétt í stakk sniðinn, á framfæri í löndum utan EFTA-landanna, m. a. einmitt í þeim stóru löndum, sem hæstv. viðskmrh. nefndi, Austur-Evrópulöndunum og Bandaríkjunum. En hitt má vel vera, að það megi líka koma þeim eitthvað á framfæri í EFTA-löndum. En ég get ekki álitið, eins og mér fannst, að mætti skilja á orðum hæstv. viðskmrh., að þessi EFTA-markaður væri eiginlega tómur eða í svelti af þessum vörum. Ég held þvert á móti, að það sé mjög mikið framboð af háþróuðum iðnaðarvörum á þessum EFTA-markaði, sem við ætlum að sækja inn á. En þrátt fyrir það getur vel verið, að okkur takist með dugnaði og atorku og réttum tökum á málunum að vinna markað í þessum löndum fyrir útflutningsiðnaðinn. En ef slíkar vonir eiga að geta rætzt, er það alveg víst, að það er óhjákvæmilegt að gera vissar ráðstafanir hér innanlands, breyta uppbyggingu iðnaðarins, breyta ýmsum greinum, breyta búskaparháttum. Hæstv. viðskmrh. nefndi það t. d., að það væri hugsanlegt að fara að flytja út húsgögn. Já, við skulum vona það. En dettur nokkrum lifandi manni í hug, að það sé nokkur leið að vinna markað í útlöndum fyrir íslenzkan húsgagnaiðnað, ef að honum er staðið með þeim hætti, sem nú er, að það séu milli 100 og 200 smáfyrirtæki í landinu að fást við þetta? Nei. Það þarf að gera breytingu á uppbyggingu húsgagnaiðnaðarins, áður en til þess kemur, að hann vinni nýtt landnám á erlendum markaði, hvort heldur er í EFTA-löndum, Bandaríkjunum eða annars staðar. En ég held, að þetta sé hægt. Ég held, að það sé hægt að gera þetta. En það þarf að breyta þeirri uppbyggingu þess iðnaðar, og þetta er bara dæmi.

Þannig er því háttað með ýmsan annan iðnað. Ég held, að þar sé sannleikurinn sá, að það sé ákaflega mikið byggt á óskhyggju í þessu sambandi. Þarna geta verið möguleikar, og ég skal ekki neita því á neinn hátt, og ég vil vera bjartsýnn í því sambandi. Ég játa það alveg, að við þurfum að renna nýjum og fleiri stoðum undir íslenzkt atvinnulíf. Um það eru allir sammála. Ég játa það, að við þurfum að koma upp útflutningsiðnaði og vinna markað

fyrir hann. Og ég vil út af fyrir sig vera bjartsýnn á, að það takist. Ég neita því ekki, að í sambandi við EFTA-aðild geta verið vissir möguleikar í því sambandi og þá m. a. þeir, að það getur verið auðveldara þá að ná í og öðlast ýmsa þekkingu í þessum efnum, sem okkur er nauðsynleg. Það getur verið auðveldari aðgangur að ýmissi tækni, sem við þurfum að tileinka okkur, og annað, sem getur leitt af sér ýmislegt gott. Ég verð að segja það, að ég álít, að við þurfum að komast í nánari snertingu út á við og við útlendinga á því sviði. Við þurfum margt af þeim að læra einmitt á þessu sviði, og við getum margt af þeim lært. Við megum náttúrlega ekki temja okkur þann hugsunarhátt, að við Íslendingar séum einir í heiminum. Við þurfum að eiga margvísleg samskipti og samstarf við aðra, og ég er fyrir mitt leyti ekkert hræddur um það, að Íslendingar biði tjón á sálu sinni við það að eiga samskipti við útlendinga. Hins þurfum við auðvitað alltaf að gæta í samskiptum við útlendinga, að þeir fái ekki aðstöðu til að eignast hér einhverja selstöðu á landinu.

Ef við viljum vera alveg raunsæir, held ég, að sannleikurinn sé sá, að í dag getur enginn sagt um það með neinni vissu, hver áhrif EFTA-aðildar verða á iðnaðinn. Ef við stígum þetta skref nú tafarlaust, eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill., held ég, að við göngum út í þetta blindandi. Allir eru þó sammála um, að hér sé um stórt og örlagarík spor að ræða, og því spyr ég: Er hyggilegt að stíga slíkt skref blindandi? Og mitt svar við því er nei. Ég held, að það væri skynsamlegt að bíða og átta sig betur og alveg sérstaklega, þegar tillit er tekið til þeirrar staðreyndar, sem ég hef áður drepið á, að þess má vænta, að innan tíðar leysist EFTA upp. Það er staðreynd, sem ekki verður gengið fram hjá. Það þýðir ekki að vera að tala um þetta mál og látast ekki vita af því, sem fram undan er í þessu efni. Við heyrum það strax af óljósum fregnum að vísu, að þessi staðreynd, að gert er ráð fyrir því að tiltekin EFTA-lönd fari inn í Efnahagsbandalagið, er farin að hafa áhrif á jafnvel NORDEK-viðræðurnar. Ég endurtek, að það eru óljósar fregnir af því, en þetta virðist þó svo vera. Og auðvitað hlýtur það að hafa sín áhrif, ef svo verður.

Ég held satt að segja, að öllum almenningi í þessu landi gangi illa að átta sig á því, hvers vegna liggur svona mikið á, einmitt þegar svona stendur. Hvers vegna þarf endilega að komast inn í bandalagið fyrir 1. marz n. k.? Hvað liggur á? Eru menn í kapphlaupi við tímann að komast inn, áður en það verður leyst upp? Er það kannske Norræni iðnþróunarsjóðurinn, sem mönnum er kappsmál að ná í? Eins og ég kem nú að síðar, held ég, að það ætti nú að vera auðvelt að ná samningum við Norðurlöndin um hann án tillits til þess, hvort við göngum í EFTA eða ekki. En umfram allt er auðvitað nauðsynlegt að gera tafarlaust og áður en við verðum aðilar að EFTA þær ráðstafanir, sem gera þarf, ef það á að vera nokkur von til þess, að hér skapist útflutningsiðnaður að ráði og innlendur iðnaður standi sig á heimamarkaði. Hér þýðir ekkert að vera með innantómar fullyrðingar eins og þær, sem koma fram í þessari skýrslu, að iðnaðurinn hljóti bara að spjara sig. Hann hljóti bara að spjara sig, þegar hann stendur andspænis þessu. Ja, mikil er trú þín, kona. En það er nú ekki alltaf nóg. Það er mér a. m. k. ekki nægilegt, að það sé sagt, að slíkar ráðstafanir eigi að gera síðar á aðlögunartímanum. Ég veit og viðurkenni, að það er hægt að gera slíkar ráðstafanir á aðlögunartímanum, en ég vil, að menn geri sér a. m. k. fulla grein fyrir þeim ráðstöfunum, sem gera á, og hefji undirbúning þeirra og að án tafar verði mótuð ákveðin iðnþróunarstefna.

Í þessu sambandi er eitt stórkostlegt atriði, sem menn verða að reikna með, eitt höfuðatriði í þessu máli, sem er réttilega lögð áherzla á af fyrirsvarsmönnum málsins og hæstv. viðskmrh. kom mikið inn á í sinni ræðu. Það er spurningin um atvinnuna í landinu. Við reiknum með því, að fólki fjölgi á vinnumarkaði. Við reiknum með því, að fólki fjölgi á næstu árum, og það þarf að sjá því fyrir atvinnu. Þess vegna er atvinnuástandið einmitt í þessu sambandi eitt höfuðmál, sem þarf að gera sér grein fyrir. Hvernig kemur EFTA-aðild til með að verka á það? Ég vil segja, að það er öfug byrjun að byrja á því að láta EFTA-aðildina með skefjalausum innflutningi kannske fara að verka á þau fyrirtæki, sem hafa unnið fyrir heimamarkað og veitt atvinnu, en vona svo, að síðar komi til þess, að útflutningsiðnaður rísi á legg og fari að spjara sig og fari að veita mönnum atvinnu í staðinn, og ekki einungis það, heldur taka við því fólki, þeirri fólksfjölgun, sem væntanleg er á vinnumarkaðinn. Ég endurtek það, að ég reikna alls ekki með, að EFTA-aðild, þó að af henni verði nú, hafi strax í för með sér neinar stórbreytingar, hvorki til hins betra né til hins verra. En það er náttúrlega óverjandi að átta sig ekki á þessu strax í upphafi og áður en sporið er stigið, jafnvel þó að afleiðingarnar verði ekki svo miklar í bili.

Ég vil líka segja það í sambandi við atvinnuna og atvinnuástandið, að það þýðir náttúrlega ekki að reikna með því og byggja á því, þegar verið er að ræða um EFTA-aðild og hvernig íslenzkur iðnaður kunni að standa sig, að kaupgjald verði hér miklum mun lægra en í nágrannalöndunum. Vonir um útflutning, sem byggðar eru á því, eru falsvonir, — eins og hús, sem byggð eru á sandi, — og eiga fyrir sér að hrynja. Nei, ég held, að frumforsenda fyrir EFTA-aðild og fyrir því, að þetta geti gengið með skaplegum hætti, sé sú, að verðlagsþróun verði hér á landi með eitthvað svipuðum hætti og í öðrum EFTA-löndum. Annars er tómt mál að tala um það, að við getum orðið verulegir útflytjendur til þessara landa.

Sannleikurinn er sá, að því fer fjarri, að iðnaðurinn hafi verið búinn undir EFTA-aðild á undanförnum árum. Þvert á móti hefur verið

þrengt að honum á ýmsa lund. Hann hefur m. a. s. að sumu leyti alls ekki notið jafnréttis á við aðra höfuðatvinnuvegi. Ég verð að segja, þrátt fyrir það, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, að mér hefur virzt, að mörgum iðnaði hafi reynzt fullerfitt að búa við það innflutningsfrelsi, sem kallað hefur verið að ríkt hafi á undanförnum árum. Ég hef ekki orðið annars var en ýmsar iðngreinar hafi átt erfitt uppdráttar einmitt af þeim sökum og hafi orðið að draga saman seglin. Og hvað verður þá, þegar verndartollarnir falla niður? Nei, einmitt vegna þess, hvernig að sumu leyti hefur verið búið að iðnaðinum á undanförnum árum, er það alkunna, að hann hefur átt mjög í vök að verjast. Staðreyndin er sú, að iðnaðurinn er nú að ýmsu leyti mjög illa undir EFTA-aðild búinn. Þess vegna er nauðsynlegt að gera alveg sérstakar ráðstafanir til þess að bæta stöðu hans og búa hann undir EFTA-aðild. Ég vil leyfa mér að nefna hér nokkur atriði, eða ráðstafanir, sem að *mínum dómi* þyrfti að gera á undan eða samhliða EFTA-aðild.

Ég vil þá fyrst nefna, að það þyrfti að afnema nú þegar innflutningstolla af hráefnum og vélum til iðnaðarins og endurgreiða tolla af slíkum vélum, sem fluttar eru inn eftir gengisbreytinguna 1968. Það gladdi mig, að ég gat ekki betur skilið en hæstv. viðskmrh. gerði einmitt ráð fyrir breytingu í þessa átt. Og það tel ég út af fyrir sig góðra gjalda vert.

Í öðru lagi þyrfti að breyta l. um tekju- og eignarskatt til samræmis við það, sem tíðkast í EFTA-löndunum, og þá m. a. þannig: 1) að auðvelda samruna fyrirtækja, 2) að heimila afskriftir í samræmi við endurkaupsverð og sem sannastan endingartíma, og 3), sem er þó spurning og þyrfti að athuga betur, hvort hægt væri að afnema aðstöðugjald. Mér er það ljóst, að það er stórbreyting, en það þarf vissulega að athuga ýmsar stórar breytingar í þessu sambandi, ef það á að vera nokkur von til þess, að iðnaðurinn standi sig.

Í þriðja lagi held ég, að það þyrfti að setja hér lög um fræðslu og þjálfun starfsmanna iðnaðarins. Sú löggjöf þyrfti að miðast við, að starfsemin yrði fjórþætt. Í fyrsta lagi þyrfti að vera námskeið í stjórnunartækni fyrir framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur. Í öðru lagi þyrfti að vera skóli fyrir rekstrartækniráðunauta. Í þriðja lagi þyrfti að vera skóli fyrir verkstjóra, og í fjórða lagi þyrfti að setja upp námskeið fyrir iðnverkafólk. Það vilja allir hrósa iðnaðarmönnum, og ég skal svo sem gjarnan taka undir það hrós, sem hæstv. viðskmrh. lét falla í garð iðnverkafólks, er hann sagði að það væri ákaflega vel menntað. Það er sjálfsagt, og það er vel gert fólk, en ég held nú samt, að sannleikurinn sé sá, að það skorti nú æðimikið hér á, að nægileg þekking og tækni sé hjá þessu fólki og við eigum talsvert mikið ólært í því efni. Það er einmitt eitt af þeim atriðum, sem ég legg áherzlu á, að ég held, að við getum í þessu efni lært talsvert af útlendingum.

Ég vil í fjórða lagi nefna það, að hér þyrfti að koma á fót á vegum ríkisins og atvinnuveganna samvinnustofnun til þess að aðstoða útflutningssamtökin við markaðskönnun og markaðsleit á EFTA-svæðinu og utan þess.

Ég vil í fimmta lagi nefna það, að það þyrfti að breyta lögum um söluskatt á þá lund, að rafmagnsgjöld, hitaveitugjöld, olía og kjötvörur og aðrar brýnustu nauðsynjar verði ekki gjaldstofn fyrir söluskatt.

Í sjötta lagi tel ég, að það þyrfti að setja hér löggjöf um útflutningsábyrgðartryggingar samkv. norskri og danskri fyrirmynd.

Loks held ég, að það þyrfti að útvega viðskiptabönkunum nú þegar sérstakt fjármagn til þess að lána iðnfyrirtækjum til þess að koma rekstraraðstöðu sinni í viðunandi horf. Þessi rekstrarlán til iðnfyrirtækja geta verið með mismunandi hætti, en ég vil nefna það sérstaklega, að fyrirtækin yrðu að fá heimild til sölu á allt að 90 daga víxlum, er nemi allt að *þriggja mánaða framleiðslu þeirra, og auk þess* fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á hlaupareikningum, sem svari til þriggja mánaða kaupgreiðslna viðkomandi fyrirtækis. Ég held, að einhverjar slíkar ráðstafanir sem þessar, sem ég hef minnzt á, séu bráðnauðsynlegar til þess að bæta stöðu iðnaðarins, séu bráðnauðsynlegar, ef nokkur von á að geta verið til þess, að hann standi sig í þeirri samkeppni, sem hann má eiga von á, ef af EFTA-aðild verður.

Um EFTA-samning þann, sem hér liggur fyrir, og hliðarsamninga þá, er honum fylgja, skal ég vera stuttorður. Ég sé ekki ástæðu til þess að fara í gegnum þá og lesa upp úr þeim skýrslum, þeirri stóru bók, sem hér hefur verið lögð fram. Ég vil segja það, að það hefur náðst fram í þessum samningum ýmislegt, sem lögð var áherzla á í upphafi samningaviðræðna og áherzla var líka lögð á af hálfu okkar framsóknarmanna í samþykkt, sem við gerðum um þetta málefni á sínum tíma. Ég fer ekki nánar út í það. Það má t. d. nefna þar til fullt tollfrelsi strax á innflutningi til EFTA-landanna, en afnám eigin tolla í áföngum, undanþágu um olíu- og benzínkaup í Sovétríkjunum, afnám tollsins á freðfiskflökum til Bretlands, iðnþróunarsjóðinn o. fl. Sem sagt, ég skal ekki rekja það, enda tíundaði hæstv. viðskmrh. það, svo að ég þarf ekki að taka fram það, sem hann sagði um það.

Ég vil ekki á neinn hátt gagnrýna þá, sem að þessum samningum hafa sérstaklega unnið. Ég dreg ekki í efa, að þeir hafi unnið gott starf. En hinu er ekki að leyna, að að sumu leyti er þessi samningur á aðra lund en ég hefði kosið. Og þá er þar fyrst að nefna það, að aðlögunartíminn er of stuttur. 10 ára aðlögunartími er of stuttur að mínum dómi. Það má nefna það, hygg ég, að Portúgal hafi á sínum tíma fengið mun lengri aðlögunartíma. Þó að ég vilji ekki fara að bera okkur á neinn hátt saman við Portúgala, býst ég nú satt að segja við því, að þeir standi á eins háu stigi í iðnaði og við. Og ég held, að okkur hefði ekki veitt af jafnlöngum aðlögunartíma og þeim,

og ég er á því, að við hefðum fengið lengri aðlögunartíma, ef farið hefði verið fram á það. En það er það merkilega í þessu máli, að það var ekki farið fram á lengri aðlögunartíma en 10 ár. Ég óttast það, að sá aðlögunartími geti reynzt helzt til stuttur.

Ég nefni einnig atvinnurekstrarákvæðin samkv. 16. gr. Að mínum dómi hefði verið æskilegra að fá skýrar og afdráttarlausar undanþágur frá þessu ákvæði, og það hefði að mínum dómi verið eðlilegt, vegna þess að sérstaða Íslands í þessum efnum er svo alger. Það er alveg rétt, sem hæstv. viðskmrh. kom að, að þessi ákvæði, sem eru þarna í 16. gr., eru afslepp og teygjanleg, og það getur e. t. v. orkað tvímælis, hvað strangt tekið lagalega felst í þeim. Þó kom hæstv. viðskmrh. með dæmi um það, að mismunun mundi ekki vera heimil. Það er sjálfsagt rétt, að túlkun á þessum ákvæðum verður á fyrsta stigi í höndum viðkomandi lands sjálfs, og sjálfsagt hafa löndin komizt upp með það að túlka þetta á mismunandi veg, en jafnvel þó að stórveldum hafi haldizt það uppi að túlka ákvæði sem þessi á sinn hátt, er ekki þar með sagt, að það mundi reynast jafnauðvelt litlu landi eins og okkar. En ég skal ekki fjölyrða frekar um það. Það má vel vera, að þetta komi hér ekki að sök, þó að hitt hefði verið æskilegra, eins og ég sagði, að fá þarna alveg skýrar undanþáguheimildir. Í þessu sambandi einmitt get ég komið að öðru, sem ég kannske hefði átt að víkja að áður í sambandi við iðnaðinn. Það er þessi staðreynd, sem er fyrir hendi hér, að íslenzk fyrirtæki hafa svo sem ekkert eigið fjármagn. Við eigum hér yfirleitt engin íslenzk fyrirtæki, sem hafa svo að segja nokkurt eigið kapital. Og það er einmitt þessi staðreynd, sem getur kannske orðið okkur nokkuð örlagarík í sambandi við 16. gr. Ég vil þó ekki fullyrða neitt um það.

Það felst í þessum samningi skuldbinding um haftalausan innflutning á vörum, sem EFTA-samningurinn tekur til. Það má segja, að það sé kannske ekki svo mikil raunveruleg breyting frá því, sem verið hefur að undanförnu, þar sem við höfum búið við verulegt innflutningsfrelsi, þ. e. svo og svo mikil prósenta af innflutningnum hefur verið frjáls. En spurningin er sú, hvort efnahagslíf okkar hefur nú algerlega þolað þennan frjálsa innflutning á undanförnum árum. Ætli það, sem aflaga hefur farið í þjóðarbúskap okkar og efnahagslífi á undangengnum árum, eigi ekki að einhverju leyti rætur að rekja til þessa innflutningsfrelsis? Ég held það. Ég veit, að það eru undantekningarákvæði í samningunum, sem heimila höft, þegar sérstaklega stendur á, og það getur vel verið, að þau komi að gagni. En ég verð að segja það, að ég hefði þó talið varlegra að hafa þarna öruggari fyrirvara um það, að e. t. v. gæti svo farið, að við gætum ekki haldið uppi alveg fullkomnu innflutningsfrelsi hér í framtíðinni. Ég skal þó ekki fara lengra út í það. En í sambandi við þessa samninga og framkvæmd þeirra vakna ýmsar spurningar. Ég ætla aðeins að víkja að sumum þeirra með örfáum orðum.

EFTA-samningurinn skyldar til afnáms allra verndartolla á EFTA-vörum, að vísu ekki strax, heldur í áföngum. Það er að sjálfsögðu spurning, hvort þetta verður framkvæmanlegt fyrir okkur. Út í það skal ég ekki fara, en hitt er víst, að með einhverjum hætti verður að afla ríkissjóði tekna í staðinn fyrir þá verndartolla – fyrir þær tolltekjur, sem niður falla. Þá skiptir það auðvitað meginmáli, með hverjum hætti það er gert. Það er talað um það, að það eigi að hækka söluskatt í staðinn. En það skortir alla nánari grg. um það, hvernig það verði gert. Og hæstv. viðskmrh. lét jafnvel að því liggja í ræðu sinni hér áðan, að hugsanlegt væri, – ekki kannske á næsta leiti, heldur í framtíðinni, – að taka upp virðisaukaskatt hér. Ég skal ekkert segja um það, það getur vel verið. En það er talað um það nú, að taka söluskattshækkun fyrst a. m. k. til að byrja með og láta hana koma í staðinn fyrir þann tollteknamissi, sem ríkissjóður verður fyrir. En söluskatt er hægt að leggja á með ýmsum hætti. Ég tel það skipta meginmáli, að hann sé ekki lagður jafnt á allar vörur. Ég tel það mjög mikið atriði, að brýnustu lífsnauðsynjar séu undanþegnar þessari söluskattshækkun. Verði það ekki gert, er ljóst, til hvers hinar breyttu tekjuöflunarleiðir leiða. Í stað mishárra aðflutningsgjalda kemur jafn skattur á allar vörur, þ. e. a. s. skattbyrðin leggst með meiri þunga en áður á brýnustu lífsnauðsynjar og innlenda framleiðslu, á þær brýnustu lífsnauðsynjar, sem áður var mismunað í tolli þannig, að þær voru í lægri tollflokki, og afleiðingin af þessari tekjuöflunarbreytingu verður sú, að brýnustu lífsnauðsynjar hækka. Það verður hækkun á þeim, en kannske á móti nokkur lækkun á öðrum þeim vörum, sem menn geta frekar neitað sér um. Það er náttúrlega ljóst, að slíkur skattur veldur hækkun á innlendum afurðum, og sú hækkun knýr auðvitað á með launakröfur almennt, en bitnar líka jafnvel þyngst á þeim lægstlaunuðu, sem búa við þurftarlaunin. Ég held þess vegna, að þetta atriði þurfi að athuga mjög vel og það sé ástæða til þess að krefja ráðh. skýrra svara um það, hvernig þeir hafa hugsað sér þessa tekjuöflunarleið, hvernig þeir hafa hugsað sér að leggja söluskattinn á að þessu leyti.

Í sambandi við afnám verndartolla vaknar önnur spurning. Það er auðvitað ljóst, að EFTA-samningurinn skuldbindur aðeins til tollalækkunar gagnvart EFTA-löndum. En er meiningin að halda verndartollum á innflutningi frá öðrum? Um það óska ég einnig alveg skýrra svara frá hæstv. viðskmrh., hvort það er meiningin að halda verndartollum á innflutningi frá öðrum löndum en EFTA-löndunum. Það er auðvitað, að slíkt hlýtur að reynast mjög erfitt. Það er tekið fram í þessum skýrslum og hefur oft komið fram áður, að það eru aðeins 40% af viðskiptum okkar við þessi EFTA-lönd. Utan við standa sum af okkar beztu viðskiptalöndum, eins og alkunn-

ugt er. Við þurfum að halda áfram viðskiptum við þau. Við þurfum að auka viðskiptin við þau, en það er augljóst, að það getur orðið torveldara, ef verndartollar eiga að haldast gagnvart þeim þjóðum. Þess vegna spyr ég um þetta. En ég fyrir mitt leyti held, að EFTA-aðild megi alls ekki verða til þess, að viðskipti okkar einskorðist á nokkurn hátt við EFTA-lönd. EFTA-aðild má ekki verða til þess að draga úr viðleitni okkar til þess að vinna markaði annars staðar og eiga viðskipti við aðrar þjóðir.

Um hinn norræna iðnþróunarsjóð vil ég segja þetta. Ég met mjög mikils þann vinarhug nágrannaþjóðanna, sem lýsir sér í stofnun hans. Ég efast ekki um, að hann geti orðið okkur og iðnaði okkar að góðu gagni. En hitt vil ég segja, að þó að stofnun hans, eins og er, sé að formi til bundin við inngöngu í EFTA, trúi ég því ekki, að nágrannaþjóðirnar haldi fast við það skilyrði, ef á reyndi. Það er auðvitað okkar ákvörðun, hvort við göngum í EFTA og slík afstaða nágrannaþjóða að setja það sem skilyrði fyrir þessari aðstoð, að við göngum í EFTA væri til þess fallin, að hún væri mistúlkuð. Hún gæti verið misskilin svo sem íhlutun um innanlandsmál okkar. En mér dettur auðvitað ekki eitt andartak í hug, að þessum þjóðum gangi neitt slíkt til, heldur veit ég, að þetta er vinarbragð af þeirra hálfu, og ég skoða það sem slíkt.

Formælendur EFTA-aðildar hafa haft á orði, að þetta mál væri óvenjulega vel undirbúið og kynnt. Það er nú svo um hvert mál, að það fer nokkuð eftir því, hvernig það er virt. Það er rétt, að flokkarnir fengu að vísu að fylgjast með á þann hátt að hafa menn í EFTA-nefnd. En öll gögn, sem þeim voru afhent, voru trúnaðarmál. Meira að segja EFTA-skýrslan, sem útbýtt var hér í fyrra, var trúnaðarmál. Það mun einnig hafa verið haft samband við ýmis hagsmunasamtök atvinnurekenda, en líka í trúnaði. En hvað með fólkið í landinu? Hefur það fengið að fylgjast með? Hefur málið verið kynnt fyrir því? Nei, það hefur gleymzt. Það hefur ekki verið hægt að kynna því gögn, sem hafa verið fengin manni í hendur sem trúnaðarmál. Og það hefur ekki verið hægt að skrifa í blöð út frá því á meðan átti að fara með þessi gögn sem trúnaðarmál. En hér er þó um að ræða hagsmunamál fólksins í landinu, en ekki bara atvinnurekenda. Það skiptir t. d. iðnverkafólk ekkert minna máli heldur en iðnrekendur. Hefur iðnverkafólkið verið spurt? Það hefur að vísu borið talsvert á einhliða áróðri einstakra blaða, sem ég ætla þó ekki að fara að ræða um hér. En sannleikurinn er sá, að málið hefur einna helzt verið kynnt almenningi með áróðri einstakra blaða. Það hefur í raun og veru ekki verið hægt að ræða þetta mál opinberlega að nokkru gagni fyrr en á allra síðustu dögum, nema þá að gerast sekur um trúnaðarbrot. Hvernig væri að lofa almenningi að kynnast þessu máli dálítið nánar? Hvernig væri t. d. að hafa sama háttinn á eins og þegar „Viðreisn", sællar minningar, var gefin út, og henni var útbýtt á kostnað þess opinbera á hvert heimili í landinu? Hvernig væri að senda þessa stóru bók á ríkisins kostnað inn á hvert einasta heimili í landinu, þannig að allur almenningur ætti þess kost að kynna sér þessi gögn, sem lögð eru fyrir þingheim? Já, hvernig væri að spyrja fólkið?

Svo langar mig til að víkja að smámunum, og náttúrlega hreinu hégómamáli í sambandi við þetta stóra mál, en af því að ég sé hæstv. fjmrh. þarna, get ég ekki annað en minnzt á það. Og það er þetta, að einhvern kostnað hlýtur þátttaka í EFTA að hafa í för með sér. Það er ekki ósennilegt, að það þurfi að setja upp eitthvert sendiráð í höfuðstöðvum bandalagsins, ef því verður lengri lífdaga auðið, og talsvert yrði sjálfsagt af ferðalögum til höfuðstöðvanna í sambandi við þetta. Ég viðurkenni það, eins og ég sagði, að þetta eru hreinir smámunir í sambandi við þetta stóra mál, en ég held samt, að það væri fróðlegt að gera sér grein fyrir því, að einhverju leyti, hvað þetta muni kosta. Og ég veit, að það eru ýmsir, sem spyrja um það, hvað þetta muni kosta. Ég hef ekki séð, — það getur verið, að mér hafi yfirsézt, — að það sé vikið að því einu orði í skjölum málsins, í þessari stóru bók, sem hér hefur verið lögð fram. Það hefði þó ekki sakað að gera nokkra grein fyrir því, hvað þátttakan kostar í beinum útgjöldum.

Þetta er stórt mál. Það getur orðið örlagaríkt fyrir okkur, enda þótt greiður útgangur sé úr þessum samtökum og svo kunni að fara, að dagar þeirra séu senn taldir. Ég held þess vegna, að þetta mál þurfi að skoða vel og ég held, að hér eigi við hið fornkveðna að flýta sér hægt. En við eigum svo marga gáfaða menn, Íslendingar, menn, sem eru fljótir að hugsa, fljótir að átta sig á hlutunum, fljótir að sannfærast, stundum jafnvel svo, að sannfæringin er orðin önnur í dag en í gær. Það hafa margir verið fljótir að átta sig á þessu máli og taka afstöðu með eða móti, já, jafnvel löngu áður en öll gögn málsins voru komin fram. Ég hef veitt því athygli, að formenn flokka hafa keppzt við að undanförnu að lýsa því yfir, að flokksleg afstaða hafi verið tekin til þessa máls í þeirra flokkum. Ég hef engar slíkar yfirlýsingar gefið. Það er ekkert launungarmál, að menn í Framsfl. líta misjöfnum augum á þetta mál. Sannleikurinn er auðvitað sá, að skoðanir um það eru skiptar í öllum flokkum, enda er þetta mál, sem er ekki í eðli sínu neitt flokkspólitískt mál. Ég er satt að segja ekkert hissa á því, þó að samvizkusömum mönnum hafi gengið erfiðlega eða það hafi vafizt fyrir þeim að mynda sér skoðun á þessu máli miðað við það, hverjar upplýsingar þeim voru tiltækar. Ég verð að segja það, að því betur sem ég hef kynnt mér þetta mál, því sannfærðari hef ég orðið um eitt, og það er það, að flestir vita sáralítið um það í raun og veru, hver framvinda muni fylgja því spori, sem meiningin er að stíga. En þeir eru býsna margir, sem bregða sér í nýju klæðin keisarans og þykjast vita, en sannleikurinn er sá, að skoðanamyndun þeirra

byggist að langmestu leyti á trú, von og óskhyggju. Sumir hafa á þessu tröllatrú, byggja skýjaborgir og sjá alls staðar ávinning, gull og græna skóga. Aðrir eru fyrirfram sannfærðir á móti, telja, að þarna sé bara trappa upp í Efnahagsbandalag, sjá ekkert á þessu máli nema eintómar skuggahliðar. Ég er í hvorugri þessari fylkingu. Ég hef aldrei getað aðhyllzt þá kenningu, að ræða manns ætti að vera já, já eða nei, nei. Til þess er lífið of litbrigðaríkt og málin oft of margslungin, og svo er um þetta mál. Ég býst við því, að sumum finnist, að ég hafi hér ekki tekið nægilega einstrengingslega afstöðu með eða á móti EFTA og það er vissulega rétt, að mín ræða hefur ekki verið já, já eða nei, nei. Ég hef reynt að sjá og segja á því kost og löst, eftir því sem rétt er og sannleikanum samkvæmt frá mínum bæjardyrum séð. Því fylgja vissir kostir og því fylgja vissir annmarkar og áhættur að ganga í EFTA, ef þá samtökin eru ekki úr sögunni innan skamms, sem enginn veit um. Ég fyrir mitt leyti vil gjarnan trúa því, að kostirnir reynist fleiri en gallarnir, ef rétt er á haldið. En það er bara trú, en engin vissa. En eitt er alveg víst, að þar um ræður framkvæmdin, framkvæmd okkar eigin stjórnvalda miklu, já, kannske mestu.

Að lokum vil ég segja þetta. Auðvitað á Ísland ekki að einangra sig og getur ekki einangrað sig viðskiptalega. Enda eru fáar þjóðir, sem eiga meira undir utanríkisviðskiptum en einmitt við. Ég tel því, að Ísland hljóti að taka þátt í ýmiss konar samstarfi þjóðanna eftir því, sem aðstæður og geta leyfa, enda sé engu sjálfsforræði afsalað. Ég álít, að við Íslendingar eigum að stefna að því að flytja framleiðsluvörur okkar út sem mest fullunnar. Ég er því í sjálfu sér fylgjandi fríverzlun eftir því, sem framast er kostur. En vitaskuld verður smáþjóð eins og hvert annað lítið heimili að haga skiptum sínum út á við eftir efnum og ástæðum hverju sinni. Ég hef þess vegna verið því fylgjandi, að Ísland tengdist EFTA, ef þau samtök halda á annað borð áfram að starfa, tengdist EFTA með einhverjum hætti, en í því efni geta vissulega komið til álita fleiri leiðir heldur en sú, sem hér hefur verið valin. Ég hefði kosið þá samninga, sem við EFTA og EFTA-lönd hafa náðst nú, öðruvísi á ýmsa lund, eins og ég hef hér gert grein fyrir, t. d. varðandi aðlögunartímann og atvinnurekstrarréttindin. En það, sem fyrst og fremst veldur því, að ég get ekki fallizt á þá þáltill., sem fyrir liggur, er vöntun aðgerða hér innanlands eða ákveðin ákvörðun nú þegar um slíkar aðgerðir, sem eru að mínum dómi nauðsynlegar forsendur fyrir þátttöku í Fríverzlunarsamtökunum. Þær aðgerðir má að vísu gera á aðlögunartímanum, ef vilji er til og rétt er á haldið. En ég treysti ekki núv. ríkisstj. til forustu um þær aðgerðir. Ég læt mér ekki nægja loðnar og teygjanlegar yfirlýsingar um það, að þetta eða hitt eigi að gera síðar. Ég vil ekki samþykkja að leggja framkvæmd svo örlagaríks máls í hendur ríkisstj., nema áður sé betur um hnúta búið. Ég tel nauðsynlegt, að áður hafi verið mótuð markviss iðnþróunaráætlun og ákveðnar tilteknar ráðstafanir iðnaðinum til uppbyggingar og styrktar. Ég vil engin eftirkaup eiga um slíkt við núv. valdhafa. Ég vil ekki bera ábyrgð á því að stíga slíkt spor sem þetta með bundið fyrir augun. Því tel ég fyrir mitt leyti hyggilegast að fresta fullnaðarákvörðun um þetta mál til þess að ráðrúm gefist til að búa iðnaðinn betur í stakk og til þess þá einnig að sjá, hvað úr EFTA verður á næstunni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er vissulega um stórmál að ræða. Aðild Íslands að EFTA mundi óhjákvæmilega hafa hér víðtæk áhrif. Eigi að svara á rökstuddan hátt þeirri spurningu, hvort Ísland eigi að gerast aðili að EFTA, er að mínum dómi nauðsynlegt að reyna að átta sig á grundvallaratriðum EFTA-samningsins og einnig á nokkrum aðalatriðum varðandi efnahagslega og viðskiptalega aðstöðu Íslands. Eins og þegar hefur komið fram í þessum umr., eru grundvallaratriði EFTA-samkomulagsins þau, að reyna að koma á svonefndum frjálsum viðskiptum á milli EFTA-landanna innbyrðis með svonefndar iðnaðarvörur, þ. e. a. s. EFTA-löndin skuldbinda sig til þess að fella niður tolla og viðskiptahömlur í sambandi við viðskipti með þessar vörur. Þetta er meginatriðið í EFTA-samkomulaginu. Ef við líka reynum að átta okkur á því, hver eru þýðingarmestu atriðin varðandi efnahagslega og viðskiptalega stöðu Íslands eins og nú háttar, kemur það í ljós, að þýðingarmestu atriðin í atvinnumálum okkar eru tengd við sjávarútveg og landbúnað. Þar er um að ræða okkar grunnatvinnuvegi. Þegar kemur til utanríkisviðskipta, liggur það fyrir, að utanríkisviðskipti þjóðarinnar eru þannig, að um 90–95% af útflutningi þjóðarinnar flokkast undir sjávarútvegsframleiðslu og 10–15% undir landbúnaðarvörur. M. ö. o., tiltölulega mjög lítið er um það að ræða, að við Íslendingar flytjum út svonefndar iðnaðarvörur. Þó er það svo, að nokkrar af þeim vörum, sem við flokkum almennt undir sjávarútvegsvörur, geta orðið að þessum iðnaðarvörum samkv. nánari skilgreiningu við ákveðna vinnslu á þessum vörum í landi. Það eru einmitt þessar staðreyndir, sem hafa orðið þess valdandi, að því hefur verið lýst hér yfir á Alþ. og í stjórnmálaumr. á Íslandi á undanförnum árum hvað eftir annað, m. a. af ráðh. í núv. ríkisstj., að þeir teldu, að aðild Íslands að EFTA skipti ekki verulegu máli fyrir okkur Íslendinga, vegna þess að útflutningi okkar væri þannig háttað, að hann kæmi hérna tiltölulega lítið við sögu. Í þessum efnum tel ég alveg nauðsynlegt, að menn átti sig á því, að þýðingarmestu útflutningsvörur okkar Íslendinga, eins og nú háttar, falla ekki undir EFTA-samkomulagið. Því er t. d. þannig varið, að útflutningsvörur okkar eins og nýr fiskur eða ísvarinn fiskur flokkast ekki undir EFTA-meðferð. Saltfiskur flokkast ekki undir EFTA-

meðferð, saltsíld ekki heldur, frosin síld ekki heldur, enginn heilfrystur fiskur flokkast undir þetta samkomulag. Allt þetta stendur fyrir utan, og ef við bætum því svo við, að síldarmjöl er ekki tollað í viðskiptalöndum okkar, kemur í ljós, að allar þýðingarmestu útflutningsvörur okkar eru fyrir utan það samkomulag, sem hér er verið að ræða um. Það er vitanlega þessi staða, sem hefur gert það að verkum, að við höfum flýtt okkur með gát í sambandi við EFTA-aðild á undanförnum árum. Útflutningi okkar hefur verið svona háttað og er svona háttað. Allt öðru máli hefur gegnt um ýmsar aðrar þjóðir, sem flytja út í mjög stórum stíl iðnaðarvörur, sem njóta vissra hlunninda, ef þær komast undir EFTA-ákvæði í viðskiptum á milli þjóða. Fyrir þeim hefur þetta mál því legið á allt annan veg en hjá okkur.

En eins og ég sagði áður, eru nokkrar vörur, sem við flytjum út, sem falla þó undir EFTA-ákvæðin. — Einn þýðingarmikinn vöruflokk hlióp ég yfir í sambandi við útflutningsvörur okkar, sem ekki falla undir EFTA-reglurnar, en það eru landbúnaðarvörur. Það er t. d. útflutningur okkar á kindakjöti. Hann er þarna alveg fyrir utan. — En hvaða afurðir eru það, sem við flytjum út nú í dag, þar sem um gæti verið að ræða hugsanlegan ávinning af EFTA-aðild? Það er lýsi, síldarlýsi og þorskalýsi. Þorskalýsi mundi skipta okkur tiltölulega litlu máli, því að það flytjum við út til 60—70 landa og EFTA-löndin skipta hér ekki verulegu máli. En það er rétt, þegar við höfum mikið af síldarlýsi, gæti EFTA-aðild haft þar nokkuð að segja fyrir okkur á beinan hátt. Þar er um að ræða 10% innflutningstoll í Bretlandi, en þangað seljum við allmikið af síldarlýsi okkar. En því er ekki fyrir að fara nú og hefur ekki verið um skeið, að á þetta reyni. Það er einnig um það að ræða, að við flytjum út nokkuð af fiskimjöli, sem fellur undir ákvæði EFTA-samkomulagsins. En við seljum líka fiskimjölið til margra annarra landa og höfum auðveldlega getað komið því þannig fyrir á undanförnum árum, að við höfum ekki þurft mikið á enska markaðinum að halda fyrir fiskimjöl okkar. Undir þessi ákvæði EFTA-samkomulagsins mundu falla nokkrar vörutegundir, sem við flytjum út af niðursoðnum og niðurlögðum síávarafurðum. En þar er um mjög lítinn útflutning að ræða miðað við heildarútflutning. Ég kem svo kannske nánar að því síðar, hvað EFTA-markaður hefur að segja fyrir okkur varðandi þessar vörur. Til viðbótar við þessar vörur, sem ég hef nú talið, má telja niðursoðna rækju, frystar rækjur. Þar koma líka til nokkur hlunnindi í sambandi við EFTA-markaðinn. En um aðrar vörur er varla að ræða, þar sem við gætum haft beinan hag af EFTA-aðild í sambandi við niðurfellingu á tollum í viðskiptalöndum okkar.

Ég hef veitt því athygli, að allar þær þjóðir, sem við höfum samband við og standa í einhvað svipuðum sporum og við stöndum nú varðandi spurninguna um það, hvort við eigum að ganga í slíkt viðskiptabandalag sem EFTA er eða ekki, hafa gjarnan staðið þannig að málum, þegar um svona vandamál er að ræða, að þær hafa látið vinna nákvæma skýrslu um hugsanlegan ávinning og einnig hugsanleg vandkvæði við það að gerast aðilar að nýju viðskiptabandalagi. T. d. höfum við fengið í hendur þykkar bækur frá Norðurlöndum um það, hvernig þeir hafi þar metið það, bæði til tekna og gjalda, þar í landi, hvað það hefur að segja fyrir þær þjóðir að standa ýmist utan Efnahagsbandalagsins eða á sínum tíma í sambandi við þátttökuna í EFTA. Þar hefur málið greinilega verið sett þannig upp, að menn gera sér grein fyrir því, hvaða útflutningsvörur hefur viðkomandi þjóð, hvaða óhagræði hefur þjóðin af því að standa utan við viðskiptabandalagið og hvaða hugsanlegan vinning getur þjóðin haft af því að gerast aðili að viðkomandi bandalagi. Það vekur auðvitað athygli í sambandi við þetta mál hér, að ríkisstj. leggur ekki þetta mál fyrir á þennan hátt, sem gert er hjá öðrum þjóðum. Hér verða menn í rauninni, þeir, sem eru aðallega talsmenn þátttöku okkar í EFTA, að viðurkenna það strax í byrjun, að eins og nú háttar hér hjá okkur, getum við ekki hlotið beinan ávinning af þátttöku í þessu bandalagi nema að mjög óverulegu leyti. Þeir verða að játa það. EFTA-nefndin svonefnda gerði nokkra athugun á því, hvað þátttaka Íslands hefði að segja fyrir útflutning okkar, ef um þátttöku Íslands hefði verið að ræða í EFTA, beint í krónum talið miðað við útflutning. Niðurstöður EFTA-nefndarinnar voru þær, að miðað við útflutning árið 1965 hefði hér getað verið um það að ræða, að við hefðum sloppið við tollagreiðslur erlendis af útflutningsvörum okkar, sem nema 40.4 millj. kr. Og miðað við útflutninginn árið 1966 var hér um að ræða niðurfellingu tolla, sem námu 14.4 millj. kr. Og miðað við útflutninginn árið 1967 gat hér verið um að ræða, að við hefðum sloppið við tolla, sem námu 23 millj. kr. Ég hef gert athugun á þessu, hvernig þessu hefur verið varið núna á 7 fyrstu mánuðum þessa árs miðað við útflutning okkar. Og þá kom í ljós, að þeir tollar, sem við hefðum e. t. v. getað sparað okkur, ef við reiknum allt saman, en við það þarf nú að gera sérstaka aths., þá hefðu tollarnir numið á þessum 7 fyrstu mánuðum ársins þó nokkru innan við 10 millj. kr. Það er því alveg augljóst, að eins og útflutningi okkar er háttað nú, eins og okkar framleiðslulíf er nú í dag, er hér hugsanlegur ávinningur sáralítill borið saman við heildarútflutning okkar.

Það er svo mál út af fyrir sig, þegar menn telja það, að okkar verði ávinningurinn af öllum tollunum, sem hér er um að ræða. Það er auðvitað mesti misskilningur, að málið liggi þannig fyrir. Ég skal t. d. nefna dæmi. Það er rétt, við höfum selt nokkuð af fiskimjöli, eins og ég sagði, til Bretlands. Nú er gífurlega hátt verð á fiskimjöli á erlendum markaði, feiknaleg eftirspurn eftir því að fá fiskimjölið. Haldið þið virkilega, að við borgum þann toll, sem

lagður er á fiskimjölið í Bretlandi miðað við núverandi kringumstæður? Nei, það eru brezkir notendur, sem verða að borga allan þann toll, en ekki við. Þeir verða vitanlega að borga okkur hliðstætt verð og við getum fengið annars staðar. Og þannig er þessu einnig varið í fjölda mörgum öðrum tilfellum. Það er vitanlega alveg rangt að halda því fram, að það verði aðeins beinar tekjur hjá útflytjandanum, þegar um slíka tollaniðurfellingu er að ræða. En það skiptir vitanlega ekki höfuðmáli í þessum efnum, vegna þess að hér er um svo óverulegan ávinning að ræða miðað við núverandi aðstæður. En þá er því gjarnan haldið fram, þegar þessi mál eru rædd, að þetta geti breytzt. Það sé hugsanlegt, að við getum haft meiri hag af þátttökunni í EFTA en þessar tölur segja til um. Jú, það er vissulega rétt. Það er hugsanlegt. Í fyrsta lagi benda menn á það, að nýlega hafi verið gerður samningur við Breta um niðurfellingu á innflutningstolli á freðfiskflökum á brezkum markaði, 10% tolli. Og hér er það sagt alveg blygðunarlaust, að með því, að við gerðumst aðilar að EFTA, mundi það lágmarksverð, sem nú hefur verið samið um, jafngilda því verði, sem við búum nú við á Bandaríkjamarkaði. Þeir voru nú auðvitað miklu gætnari, sem skrifuðu skýrsluna. Hæstv. ráðh. orðaði þetta svona í sinni ræðu, ég tók eftir því. En þeir, sem skrifuðu þá skýrslu, sem hér liggur fyrir, voru auðvitað gætnari í sínu orðalagi og sögðu þar, að það mundi vera orðið svipað verð miðað við þetta lágmarksverð á einni tegundinni af frosnum fiskflökum, sem var í sambandi við frosna fiskblokk svonefnda. Og það er miklu nær hinu sanna, þó að það standist nú ekki lengur, því að blokkin í Bandaríkjunum hefur hækkað síðan þessi samanburður var gerður, og lágmarksverðið er þegar orðið lægra. En því er hins vegar skotið undan, að meginsalan til Bandaríkjanna á þorski er í öðrum umbúðum, þar sem verðið liggur miklu hærra en þetta lágmarksverð og er enn á uppleið. Það fer auðvitað ekkert á milli mála, að þó að þetta lágmarksverð, sem hér hefur verið samið um, — þó að við gætum notið þess að einhverju leyti, þá er það svo lágt, — að við myndum ekki notfæra okkur þennan markað miðað við þær markaðskringumstæður, sem við búum við í dag.

Það er svo mál út af fyrir sig, þegar reynt er að halda því fram, að þessir samningar, sem þarna hafa verið gerðir um innflutning á frosnum fiskflökum á brezkan markað, tryggi okkur þar eitthvað, jafnvel þó að við vildum nú selja samkv. þessu lágmarksverði. Ég tel, að hér sé um sáralitla tryggingu að ræða. Í fyrsta lagi er það svo, að Bretar vilja ekki sjálfir skuldbinda sig til þess að hlíta þessu lágmarksverði. Þeir beittu sér fyrir því í þessum samningum, fulltrúar Breta, að hafa lágmarksverðið sem hæst. Og því svöruðu m. a. fulltrúar Norðmanna og Íslendinga, að ef lágmarksverðið yrði sett svona hátt, eins og Bretar lögðu til, þýddi þetta í rauninni að bola okkur út af markaðinum. En nú er það allt í einu orðið svo, að þetta lágmarksverð á bara að liggja laust fyrir okkur. En fulltrúar Norðmanna og fulltrúar Íslendinga, sem stóðu í þessum samningum, börðust fyrir því að hafa lágmarksverðið lægra. Það liggur fyrir skjalfest. Af hverju? Af því að þeir vildu vitanlega hafa rýmri aðstöðu fyrir okkur að komast inn á brezka markaðinn. En Bretarnir höfðu hugsað sér það allan tímann að hafa lágmarksverðið nokkuð hátt, til hvers? Til þess að þeir gætu fyrst tekið til sín enska markaðinn að öllu því leyti, sem þeir gátu framleitt á hann. Þeir áskildu sér forgangsrétt að brezka markaðinum, en síðan vilja þeir segja við Norðmenn, Dani og Íslendinga: Það, sem við leggjum ekki markaðinum til sjálfir, um það getið þið fengið að berjast. En þó áskiljum við okkur margvíslegan endurskoðunarrétt í sambandi við þessi mál. Ef við teljum, að það sé orðin truflun á brezka markaðinum, ef komið er með innflutning upp í 33 þús. tonn, þá áskiljum við okkur allan rétt til þess að taka þetta til endurskoðunar. Nú liggur það fyrir, að bæði Danir og Norðmenn hafa á undanförnum árum verið inni á þessum markaði og Norðmenn m. a. komið upp fiskiðnaðarverksmiðju í Bretlandi og búa í þeim efnum við allt aðra aðstöðu en við Íslendingar. Það er auðvitað enginn vafi á því, að þeir, sem hafa verið fyrir inni á þessum markaði og flutt inn á þennan markað, sem nemur öllu þessu magni, hafa hér alveg ólíka aðstöðu við okkur. Mín niðurstaða er því sú, að þessir samningar, sem gerðir hafa verið um lágmarksverð á frystum fiskflökum inn á brezkan markað, eru mjög lítilvægir fyrir okkur miðað við núverandi aðstæður. Ekki vil ég segja það, að þetta sé einskis virði. Ef svo færi, að það yrði veruleg breyting á öðrum mörkuðum, er vitanlega alltaf gott að geta komið inn einhverju fiskmagni á brezkan markað, a. m. k. þeim tegundum, sem helzt hæfir að selja þangað. En kringumstæðurnar í dag eru á engan hátt þessar. Sannleikurinn er sá, að við eigum fulla möguleika á því að selja meira fiskmagn en við ráðum yfir fyrir miklu betra verð en þarna er um að ræða. Við vitum, að þróunin á Bandaríkjamarkaði hefur verið sú á þessu ári, að við höfum aukið sölu okkar þangað um yfir 50% og nú á síhækkandi verði, og sölumenn okkar þar óska eftir því, að þeim verði tryggt fiskmagn á næsta ári, sem nemur nærri 70% aukningu frá þessari aukningu. Og það er alveg sýnilegt, að við ráðum ekki við það nema gerðar verði sérstakar ráðstafanir að hafa þetta fiskmagn til, svo að brezki markaðurinn knýr ekkert á um það, að við gerumst aðilar að EFTA, eins og nú standa sakir. Síður en svo.

En þá er gjarnan rætt um það, að það geti nú fleiri möguleikar komið hér til í sambandi við útflutning okkar til EFTA-landa, og ekki vil ég neita því, að það geti ekki orðið um einhverja möguleika að ræða. En á hvaða sviði er hér þá helzt um möguleika að ræða? Ef við lítum á fiskiðnaðinn, ef við lítum á

möguleika t. d. fyrir niðursuðuiðnað úr sjávarafla, en þar yrði um að ræða niðurfellingu á nokkrum tollum, sem fyrir eru, þá tel ég fyrir mitt leyti, og það hygg ég, að allir geri, sem eru nokkuð kunnugir þessum markaðsmálum, að möguleikarnir til að koma nýjum, niðursoðnum sjávarafurðum eða niðurlögðum sjávarafurðum inn í EFTA-löndin séu miklu minni en möguleikar okkar í löndum utan EFTA, miklu minni. Það fer ekkert á milli mála, að hörðustu keppinautar okkar á þessu sviði eru einmitt lönd innan EFTA. Þar er um að ræða t. d. Norðmenn og Dani, og brezki markaðurinn er þannig, að hann hefur alltaf verið tiltölulega verðlágur og erfiður markaður, og í sambandi við fullunnar sjávarafurðir er hann sérstaklega erfiður, enda hefur reynsla okkar orðið sú, að að því leyti til, sem við höfum byggt upp þennan iðnað okkar og reynt að vinna okkur þar upp nýja markaði, þá höfum við leitað inn á önnur svið til annarra landa, þar sem jafnvel hefur verið um að ræða miklu hærri innflutningstoll en í Bretlandi. Við höfum selt niðursuðuvörur okkar á Bandaríkjamarkaði, við höfum sérstaklega selt niðursuðuvörur okkar með sérstökum samningum til Sovétríkjanna og við höfum selt niðurlagningar- og niðursuðuvörur okkar í Tékkóslóvakíu. Í þessum löndum hafa komið fram miklu meiri möguleikar fyrir okkur en á brezka markaðinum, því að enginn getur talað um möguleika í þessum efnum fyrir alvöru í Noregi eða Danmörku. Þó vil ég ekki neita því, að í einstaka greinum geti það ekki komið fyrir, við höfum t. d. sett nokkuð af niðursoðnum hrognum inn á brezkan markað, en tollurinn þar hefur verið 5%. Hann hefur satt að segja ekki skipt miklu máli. Og ég geri því ekki ráð fyrir því, að þar geti heldur verið um neina stórkostlega aukningu að ræða. Enda kemur það greinilega í ljós í þeirri skýrslu, sem hér er lögð fram með þessari þáltill., að þeir aðilar, sem eru að reyna að gera hér grein fyrir nýjum möguleikum okkar til útflutnings til EFTA-landa, snúast þannig í kringum þennan möguleika, að þeir hafa ekkert nýtt fram að færa, ekki neitt. Það er enginn vafi á því, að við Íslendingar eigum mikla möguleika á stórkostlega auknum útflutningi í sambandi við fullvinnslu á sjávarafla okkar, því að enn þá höfum við unnið úr okkar sjávarafla tiltölulega lítið. Við höfum aðallega staðið þar í frumvinnslu. En fullkomnari úrvinnsla hefur verið sáralítil. Við þurfum auðvitað að snúa okkur að þessum verkefnum, nýta þessa möguleika. En við þurfum í þeim efnum alveg fyrst og fremst að byggja upp þessar framleiðslugreinar. Þar eigum við allt verkefnið óunnið, og við þurfum síðan að reyna að ryðja okkur braut inn á hina ýmsu markaði eftir því, sem aðstæður eru til, en við skulum ekki láta okkur koma það til hugar, að við leysum þetta vandamál aðeins með þátttöku í EFTA. Þar er um að ræða marga aðra markaði, sem eru miklu girnilegri og líklegri, og við verðum vitanlega að reyna að haga viðskiptamálum okkar þannig, að við séum ekki að loka þeim jafnvel með þátttöku okkar í EFTA, eins og ég óttast að sumu leyti, að aðild okkar að EFTA, eins og nú er ætlað að standa að henni, geti beinlínis þýtt í reynd.

Það hefur þegar komið fram í umr. hér, að ætlunin er sú að standa þannig að þátttökunni í EFTA að lækka hér tiltölulega háa innflutningstolla, sem nú eru hjá okkur á ýmsum iðnaðarvörum, lækka þá tolla um 30% eingöngu frá EFTA-löndum, þegar um innflutning frá EFTA-löndum er að ræða. Hér kemur auðvitað fram mjög mikil mismunun í tollum eða í viðskiptaaðstöðu á milli einstakra landa. Þetta þýðir í framkvæmd, að þegar um verður að ræða innflutning á ýmsum iðnaðarvörum, sem t. d. eru nú í 80 eða 90% tollflokki, eins og margar þessar iðnaðarvörur eru, að hér verður um umtalsverða tollalækkun að ræða á þeim vörum, sem keyptar eru heim til Íslands frá EFTA-löndum. En hins vegar á gamli, hái tollurinn að standa áfram, ef sams konar vara er keypt inn til landsins t. d. frá löndum eins og Bandaríkjunum eða Tékkóslóvakíu, svo að ég taki dæmi. En hverjar geta afleiðingarnar orðið af því, að við förum að mismuna viðskiptaþjóðum okkar á þennan hátt í tollum? Af þeirri reynslu, sem við höfum haft, dettur mér ekki í hug annað en t. d. Tékkar bregðist nú við á svipaðan hátt og þeir gerðu áður í ekki ósvipuðu tilfelli í viðskiptum okkar við þá þjóð, og segi, þegar við reynum t. d. að selja þeim niðurlagðan ufsa, saltufsa, sem við köllum sjólax, — og teljum þar vera þýðingarmikinn markað fyrir okkur, og er tvímælalaust okkar bezti markaður í sambandi við sjólax, — ja, við njótum verri kjara hvað tolla áhrærir með innflutning á okkar vörum til Íslands en t. d. Bretar, Danir og Norðmenn. Við munum taka tillit til þess í verðinu sem við gefum fyrir sjólaxinn frá Íslandi. Með öðrum orðum, að útkoman verði sú, að útflutningur okkar verður raunverulega að greiða fyrir þau hlunnindi, sem innflutningurinn frá EFTA-löndum fær í sambandi við EFTA-aðild. Það er enginn vafi á því, að í þessum efnum er um verulega hættu að ræða. Ég fyrir mitt leyti vil ekki gera kaup af þessu tagi. Það er enginn vafi á því, að það er þýðingarmikið fyrir okkur, það þekkjum við af reynslunni, að geta átt viðskipti og gagnkvæm viðskipti við þær þjóðir, sem standa utan EFTA, ekki síður en þjóðirnar, sem eru í EFTA, og við verðum því að fara mjög gætilega í viðskiptamálum okkar að búa þeim ekki miklu verri kjör en hinum.

Það er bent á, að það geti verið um fleiri möguleika að ræða til ávinnings fyrir okkur af EFTA-aðild en þá, sem eru bundnir við framleiðslu úr sjávaraflanum. Og þá er komið að möguleikunum, sem snúa að hinum almenna iðnaði okkar. Ég efast ekki um það, að hv. alþm. hafi kynnt sér þær skýrslur, sem fram hafa verið lagðar af hálfu ríkisstj. varðandi þessi mál. Hér hefur verið t. d. á það minnzt, að einn prófessor hafi samið mikla skýrslu, stóra gula bók, sem við alþm. höfum fengið

og sem heitir Íslenzkur iðnaður og EFTA, og þar átti að gera grein fyrir öllum þeim möguleikum, sem tengdir væru nú við EFTA-þátttöku okkar. Já, og það kom hér fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að þessi prófessor hafi verið skipaður til þessa verks fyrir löngu síðan og væri búinn að vinna lengi að þessu verki. Og svo telur hann hér auðvitað upp alla þessa möguleika, sem nú munu opnast fyrir okkur við aðild að EFTA. Og hvað hefur hann nú komið auga á? Prófessorinn segir í lok þessarar skýrslu á þessa leið: „Af þeim iðnvarningi, sem nú er framleiddur, vænti ég einkum útflutnings í eftirtöldum greinum: ...", og svo eru þær taldar upp, og svo kemur næsti kafli þar á eftir: „Af nýrri framleiðslu virðist einkum um að ræða: ..." og svo kemur sú upptalning. Nú er rétt að víkja að báðum þessum þáttum hjá þessum prófessor, hvað hefur hann nú komið auga á? Jú, prófessorinn segir, að fyrstu möguleikar okkar, sem taldir eru hér upp, séu tengdir við flokkinn spuni og vefnaður. Þar telur hann um einhverja möguleika að ræða, og hvað er það, sem þar er helzt tilfært? Jú, hann segir, að það muni nú skapast margvísleg vandamál í þessum greinum, m. a. það vandamál, að einn gildasti þátturinn í þessari framleiðslu, sem er teppa- og gólfdreglaframleiðsla, muni alls ekki standast samkeppni, svo varla yrði nú þar um útflutning að ræða. Hann telur einnig, að ef eigi að vera um að ræða útflutning á prjónavörum, verði í rauninni að koma til lækkunar á íslenzku ullinni. Þeir verndartollar, sem nú hafi beinlínis verið hér til verndar ullarbands- og ullargarnsframleiðslunni í landinu, verði að hverfa, ef um útflutning eigi að vera að ræða. Engin bein dæmi nefnir prófessorinn í þessari grein um líklegan útflutning, segir aðeins, að í þessari grein búist hann við auknum útflutningi, en verður þó að taka fram, að ein aðalframleiðslan í þessari grein, gólfdregla- og ullarteppaframleiðslan, geti ekki staðizt samkeppni. Ég hygg að það hafi fleiri þingmönnum farið svipað og mér, að geta ekki sannfærzt af þessari röksemd prófessorsins, að þarna sé um mikla möguleika að ræða fyrir okkur. Og anzi er ég hræddur um, að jafnvel þó að staðið yrði vel að því að reyna að byggja upp framleiðslu á prjónavarningi hér á Íslandi, þá þurfi sú starfsgrein talsvert langan tíma til uppbyggingar, til þess að hún verði fær um að keppa t. d. á brezka markaðinum.

Önnur greinin, sem prófessorinn nefnir, er prjónaiðnaður. Umsögn hans um prjónaiðnaðinn er á margan hátt alveg táknræn fyrir alla skýrslu hans, og ég vil lesa hér upp meginið af því, sem hann segir um þessa grein, af því að mér finnst þetta alveg lýsandi dæmi um þá vísindamennsku, sem hér hefur verið lögð til grundvallar. Þegar hann er búinn að segja nokkur inngangsorð um það, hvernig gangi hjá þessari vesalings iðngrein, og hefur ýmislegt þar á dagana drifið að undanförnu, og búinn að geta þess, að næstum allur útflutningur í þessari grein hafi farið til Rússlands, þá segir prófessorinn:

„Hins vegar verða fyrirtækin í þessari grein að keppa við erlend risafyrirtæki meira en áður, einkum frá Englandi, ef gengið verður í EFTA. Er erfitt að segja fyrirfram, hvort áhrifin á iðngreinina í heild yrðu jákvæð eða neikvæð, en hún hefur sýnt mikla aðlögunarhæfni á undanförnum árum, svo að nokkur ástæða er til bjartsýni. Um 75%—85% starfsliðs munu vera konur.

Hins vegar skulum við ekki gleyma því, að vefjariðnaður hefur átt í örðugleikum á Norðurlöndum, vegna þess að samkeppni hefur aukizt frá láglaunalöndum. Einnig eru „útibúin" í Portúgal fræg (sbr. Melkaskyrtur). Við þurfum þó ekki að óttast þetta í augnablikinu, vegna þess að launin eru hér tiltölulega lág." — Það er nú vissara að segja, að þetta væri nú bara í augnablikinu. — „Þess hefur meira að segja orðið vart, að Norðurlandafirmu hafa alvarlegan áhuga á því að hefja hér framleiðslu í vefjariðnaði til útflutnings." — Þau eiga sem sagt í erfiðleikum heima, en hér í augnablikinu er kaupið lágt, og þau eru að hugsa til hreyfings hér.

Og svo kemur lokaniðurstaðan með skáletri, en þar er nú dreginn saman allur vísdómurinn í greininni: „Hér er ein af tækifærisgreinunum, en auðveldara er að sjá, hverju við sleppum en hvað við hreppum. Ástæða er til bjartsýni." — Þetta finnst mér alveg táknrænt upp á þessi vinnubrögð öll og þær upplýsingar, sem alþm. fá í þessum efnum. Þetta er í rauninni allsherjarlýsing á þessum stórkostlegu möguleikum: erfitt er að sjá hvað við hreppum, en við sjáum þó hverju við sleppum, ástæða er til bjartsýni. — Upp á þetta er boðið, þetta eru möguleikarnir, sem við stöndum frammi fyrir.

Næsta grein, sem prófessorinn minnist á með nýja möguleika fyrir útflutning okkar, er húsgagnagerð. Um húsgagnagerðina segir prófessorinn í áliti sínu m. a. þetta: „Húsgagnaframleiðslan hefur, eins og áður er sagt, verið mjög illa stödd síðustu 2 árin, t. d. nam tapið 1968 rúmum 20 millj. að því er ætlað er, eða um tvöföldum afskriftum." En, eins og síðar segir hér í greininni, „ástæða virðist til bjartsýni". Erlendir sérfræðingar, sem stundum hafa þótt duga vel, hafi verið fengnir hingað til þess að athuga ýmsar iðngreinar og gefa skýrslur um þær, og prófessorinn minnist t. d. í þessum kafla hér á einn slíkan:

„Skipulagsvandamál í íslenzkri húsgagnaframleiðslu munu vera nokkur, eins og kemur fram í skýrslu Niels Högh um trésmíðaiðnaðinn. Athyglisvert er t. d., að Högh taldi, að í einungis einu þeirra fyrirtækja, sem hann heimsótti, væri hægt að tala um kerfisbundna áætlun og stjórnun á framleiðslunni." Og síðan segir hann: „Stærri markaðir myndu gera kröfur til algerrar endurskipulagningar í rekstri stærri fyrirtækja í átt til fjöldaframleiðslu." Niðurlagið á þessum kafla er svo á þessa leið: „Við höfum hlutfallslega yfirburði í launum." Þar lá hundurinn grafinn. Með öðrum orðum, að eitt af þessu, sem tengt er við vonina miklu, að það skapist hér nýir mögu-

leikar, er tengt við það, að það munu opnast fyrir okkur einhverjir nýir markaðir í EFTA-löndum, m. a. fyrir húsgögn, fyrir mublur, þó að mubluframleiðsla okkar sé að dragast saman og verða að litlu sem engu, og nú býr hún við 90% tollvernd, það er 90% innflutningstollur á flestum tegundum af mublum. Að vísu vitum við það, að húsgagnaiðnaðurinn hefur orðið hart úti í sambandi við stórminnkandi kaupgetu í landinu, sem nú hefur gengið yfir, en prófessorinn segir hér í grein sinni um það, að svona sveiflur, sem stafi af minnkandi kaupgetu og bitni mjög hart á greininni, það verði að reyna að komast fram hjá þeim m. a. með því að opna fyrir útflutning. Það er svo líklegt, að útflutningur mundi bjarga þessari grein miðað við allar aðstæður. Það þarf mjög trúaða menn til að búast við því, að þarna verði um verulegan útflutning að ræða á næstu árum, eins og allt er í pottinn búið.

Næsti möguleikinn, sem prófessorinn sá, var útflutningur á innréttingasmíði, eldhúsinnréttingar eiga að vera útflutningsvara frá okkur. Fyrir nokkrum árum var verndartollur á eldhúsinnréttingum lækkaður hér hjá okkur úr 90% í 60%. Við það varð stórkostlegur samdráttur í þessari grein, þannig að hún riðaði til falls. En nú leika menn sér að því að tala um það, að við munum hafa einhvern möguleika á þessu sviði að flytja út eldhúsinnréttingar eða aðrar innréttingar til EFTA-landa. Ja, þvílík fjarstæða! Mér er sagt af kunnugum manni, — vegna þess að það er á það minnzt hér, — að það muni hafa farið fram einhver athugun á þessu, að einn húsgagnaframleiðandi hafi farið með eina eldhúsinnréttingu til sýningar í Færeyjum og selt hana þar á þriðjungsafslætti og það sé eini útflutningurinn, sem orðið hefur í þessari grein.

Þá er næsta greinin, sem prófessorinn tengir vonir sínar við, skinna- og leðuriðnaðurinn. Það er enginn vafi á því að mínum dómi, að iðnaður okkar á þessu sviði kemur til með að vaxa upp, og einhvern tíma verðum við færir um að vinna úr skinnum okkar og flytja út ýmiss konar skinnavöru. En það þýðir auðvitað ekkert annað en að viðurkenna það eins og það er, að þessi iðngrein er mjög skammt á veg komin til þess að ætla að láta hana keppa á hörðustu samkeppnismörkuðum. Svo er rétt að athuga það, að að því leyti til sem við flytjum þessa vöru út í dag, þá flytjum við hana aðallega til Bandaríkjanna, yfir miklu hærri tollmúra heldur en yfirleitt eru oftast nær í Evrópu. Það er auðvitað ekkert sem bendir til þess, að í EFTA-löndum skapist einhver sérstakur markaður fyrir þessa vöru fremur en í mörgum öðrum viðskiptalöndum okkar.

Næsta greinin, sem prófessorinn minnist á sem nýja möguleika, er málm- og skipasmíði. Þar kom það nú loksins! Nú á að segja okkur það, að með því að við göngum í EFTA, muni Íslendingar fara að smíða skip fyrir EFTA-lönd, fyrir Breta, fyrir Norðmenn. Mikil er trú þín, kona, var sagt eitt sinn. Að búast við því að íslenzkar skipasmíðastöðvar geti keppt við skipasmíðaiðnaðinn í þessum löndum! Hér tala þeir menn, sem ekkert þekkja til. Við vitum það, að þrátt fyrir það að kaupgjald sé á Íslandi miklu lægra en í nágrannalöndum okkar, þá er enn þann dag í dag mun dýrara að byggja skip á Íslandi en í nágrannalöndunum. Og allir þeir, sem þurfa að láta byggja fyrir sig a. m. k. hin stærri skip, sækja fast á það að fá leyfi til þess að fá að byggja þau erlendis. Auðvitað hafa þeir líka margfalda reynslu á við okkur í þessum efnum. Mín skoðun er sú, að við þurfum að leggja okkur fram um það að reyna að byggja upp skipasmíðaiðnað okkar og gefa honum kost á því að smíða a. m. k. smærri fiskibáta okkar og þar nokkuð upp eftir. Þær eru ekki stærri íslenzku skipasmíðastöðvarnar en svo, að þær gætu haft nægileg verkefni á þessu sviði að smíða fyrir okkur sjálfa smæstu skipin, en að gera því skóna, að við förum að taka hér þátt í útflutningi í skipasmíðum, það er vitanlega hrein fjarstæða. Auðvitað veit ég það, að það kemur alltaf fyrir, að það koma einhverjir menn annað hvort frá Indlandi eða einhvers staðar annars staðar, Brasilíu, og vilja kaupa einhvern bát eða eitthvað þess háttar. Einhverjir koma til með að smíða slíkan bát hér á landi, en því fer vitanlega víðs fjarri, að þátttaka okkar í EFTA stuðli eitthvað að útflutningi á þessu sviði, enda njótum við engra sérstakra fríðinda í þessum löndum, þvert á móti er þetta þannig, að skipasmíðaiðnaður t. d. í Bretlandi er raunverulega stórkostlega styrktur. Sé nýtt togveiðiskip smíðað í Bretlandi, fá þeir nú í beina eftirgjöf af byggingarkostnaði um 40%.

Málmsmíðaiðnaður okkar hefur legið í raun-inni alveg í rusli á undanförnum árum og átt í miklum fjárhagslegum erfiðleikum. Dettur einhverjum það í hug, að við getum, svo nokkru nemi, haslað okkur þar völl miðað við núverandi aðstæður, að þar þurfi ekki alllangan og mikinn aðdraganda til? Tækni og kostur stórfyrirtækja er einmitt langsamlega mestur í málmsmíðaiðnaði. Það er því hreinlega út í hött að tala um það, að búast hér við einhverjum útflutningi. Ég efast að vísu ekkert um það, að það getur auðvitað alltaf komið til greina, að hér verði um framleiðslu á einni og einni vélategund að ræða, einhverjir góðir íslenzkir hugvitsmenn finna upp öllu betri vél til þess að skelfletta rækju og annað þess háttar en aðrir og slíkt getur vitanlega komið til greina, en hér getur ekki verið um að ræða neina stórfellda möguleika til útflutnings á næstunni.

Síðasti möguleikinn, sem prófessorinn minntist á, var svo í sambandi við niðursuðuiðnað, og ég hef þegar vikið að því.

Þetta voru aðeins þær iðngreinar, sem við eigum nokkuð fyrir af, og möguleikar, sem hann telur, að tengdir séu við þessar iðngreinar. En hvaða nýjar greinar áttu svo að koma til sögunnar, alveg nýjar? Prófessorinn nefndi þessar greinar: a) efnaiðju hvers konar, b) rafeindaiðnað, c) framleiðslu á nýjum tegundum í veiðarfæraiðnaði, málmsmíði o. fl., — málmsmíðin kemur nú aftur. Ja, ég kannast

við það, að nú fyrir stuttu voru nokkrir áhugamenn hér að berjast fyrir því að fá að koma upp veiðarfæragerð af sérstakri tegund hér í landinu og vildu fá nokkra fjárhagsfyrirgreiðslu í þeim efnum. Það gekk auðvitað seint og stirðlega að fá úr því skorið, hvort það væri möguleiki á því að koma upp þessari veiðarfæragerð. Málið var auðvitað sent til athugunar hjá prófessor, og prófessor gaf sitt álit á málinu, og hann sannaði það einfaldlega, að það ætti ekki að hafa veiðarfæragerð á Íslandi, því að það borgaði sig ekki. Svo kemur hér annar prófessor og segir okkur, að þarna sé um útflutningsgrein að ræða. Ég hef lengi haft trú á því, að við Íslendingar þyrftum að eiga veiðarfæragerðir fyrir okkur sjálfa. Vel getur komið til þess, að við seljum útlendingum þar eitthvað. Ég held hins vegar, að samkeppnin við EFTA-aðilana, eins og Bretland, sem hefur einhver þekktustu fyrirtæki í veiðarfæragerð í heiminum, og samkeppnin við Norðmenn, sem eru gamalgrónir í þessum efnum, hún verði býsna erfið, og það verði meira að segja fullhart fyrir okkur að halda velli hér heima í samkeppni við þessa aðila, þótt við gerum því nú ekki skóna á þessu stigi málsins, að um mikinn útflutning verði þarna að ræða.

Ég veit það, að það er vitanlega hægt að tala um nýjar greinar eins og þessar á þennan hátt, að segja efnaiðja hvers konar og rafeindaiðnaður, en segja ekkert frekar um það. Við höfum engin dæmi um það, við vitum, að það hefur verið talað talsvert mikið um sjóefnaverksmiðju o. s. frv., sem ábyggilega er mjög langt undan. Það liggur ekkert á að ganga í neitt EFTA vegna þess útflutnings enn þá. Og rafeindaiðnað hér, — ég veit ekki til þess, að hann sé eiginlega til. Það er ábyggilegt, að þessir möguleikar, sem hér er minnzt á, verða að teljast ósköp fátæklegir.

Ég vil þó taka það alveg skýrt fram, að ekki vil ég neita því, að hér geti ekki verið um einhverja möguleika að ræða, einhvern útflutning umfram það, sem verið hefur. Og ekki neita ég því heldur, að það komi ekki þeir tímar, að okkur takist að byggja upp eitthvað af þessari iðnaðarframleiðslu og verða þar hlutgengir í. En ég neita því gersamlega, að uppbygging þessara greina velti að einhverju verulegu leyti á þátttöku okkar í EFTA eða ekki þátttöku. Við þurfum fyrst að snúa okkur að þeim verkefnum að byggja upp þessar greinar, að við þurfum m. a. að gera það með gagnkvæmum viðskiptasamböndum við ýmsar þjóðir, eins og við höfum gert, þegar við erum að byggja upp iðngreinar okkar. Við gerum það ekki á þann einfalda hátt, að við göngum aðeins í EFTA. Þessi mál leysast ekki þannig. Ég held fyrir mitt leyti, að það sé alveg augljóst, að möguleikar eða hugsanlegir möguleikar fyrir okkur til ávinnings af þátttöku í EFTA séu litlir. Það er mín niðurstaða. Miðað við þá útflutningsvöru, sem við höfum í dag, sem við getum framleitt, sem við framleiðum. liggja viðskipti okkar annars staðar, yfirgnæfandi. Og það er ekki á neinn hátt líklegt, að til komi nýjar útflutningsgreinar, sem sérstaklega sé hægt að byggja hér upp vegna EFTA-þátttöku okkar.

Þá er líka rétt að líta á hina hlið málsins, því að auðvitað er hægt að segja, eins og hæstv. viðskmrh. sagði, ekki getur það verið neitt verra fyrir útflutning okkar, þó að við förum í EFTA. Og það er rétt. Í flestum greinum er það svo, að við megum selja til annarra landa, þó að við göngum í EFTA; það bannar enginn okkur það. Það getur, eins og ég sagði, orðið torvelt vegna tollamismunarins í einstaka tilfellum, en ég geri þó ekki mjög mikið úr því. Og ekki dettur mér í hug að halda því fram, að staða okkar versni eitthvað verulega við það að ganga í EFTA, staðan fyrir útflutning okkar. En ávinningurinn er lítill, ábyggilega lítill, eins og sakir standa. En hvaða vandkvæði fylgja því fyrir okkur að ganga í EFTA, eins og nú standa sakir? Í fyrsta lagi hefur verið bent á það, að talsvert mikil hætta sé á því, að allmargar tollverndaðar iðngreinar, sem fyrir eru í landinu, kunni að dragast saman, það geti orðið um minni atvinnu að ræða heldur en verið hefur. Í EFTA-skýrslunni var greint frá því, að hér væri um 17 iðngreinar að ræða, sem nytu verulegrar tollverndar og að í þessum iðnaði ynnu nú í kringum 4000 manns. Ég held, að það sé enginn vafi á því, að þegar sú tiltölulega mikla tollvernd hverfur, sem þessar greinar búa við í dag, þá hlýtur að verða um talsverðan samdrátt í þessum greinum að ræða, og ég held, að það geti varla leikið nokkur vafi á því, að í sumum tilfellum munu iðngreinarnar gersamlega gefast upp. En menn segja, ja, en sakar það svo mjög mikið þó að einhver samdráttur yrði í þessum tollvernduðu greinum? Ég fyrir mitt leyti gæti vel fallizt á það, að þarna yrði um einhvern samdrátt að ræða og jafnvel að einhver af þessum greinum hyrfi algerlega úr sögunni, ef um það væri að ræða, að það lægi fyrir, að aðrar framleiðslugreinar kæmu í staðinn, sem væru betri. En miðað við það atvinnuástand, sem er í landi okkar nú og þá efnahagsstöðu, sem við höfum, tel ég það mjög glannalegt að gera viðskiptasamninga, sem gætu leitt til þess, að atvinnuleysið í landinu yrði meira en það er nú. Talið er að atvinnulausir menn í landinu hafi verið í kringum 2000 um síðustu mánaðamót, og ef að líkum lætur, bendir allt til þess, að um enn meira atvinnuleysi verði að ræða hér á næstu mánuðum. Þannig hefur þróunin jafnan verið á þessum árstímum. Ráðstafanir, sem gætu orðið til þess að draga úr atvinnumöguleikum við þær starfsgreinar, sem þó eru fyrir í landinu, tel ég háskalegar miðað við núverandi kringumstæður. Ég álít, að við verðum að taka fullt tillit til þess, að í þessum tollvernduðu greinum er um að ræða verulega fjárfestingu, talsvert húsnæði og talsvert mikið af vélum og tækjum. Það er ekkert auðvelt mál að yfirgefa þetta á tiltölulega stuttum tíma, nema þá að það liggi alveg á borðinu, hvað við tekur.

Ég held líka, að mál þessi verði ekki afgreidd

á svo ódýran hátt eins og mér fannst koma hér fram í ræðu hæstv. viðskmrh., að segja fyrst í inngangi síns máls, að allt stefni að því, að það þurfi að verða miklu meiri verkaskipting á milli þjóða og allt sæki í stærri efnahagsheildir. Þar komi fram kostir stórreksturs og stórfyrirtækja, og þá auðvitað vandkvæði smáreksturs og hins verndaða reksturs. En svo segir hann, þegar komið er að því að gera grein fyrir vandamálunum, sem skapast, — ég gat í rauninni ekki skilið hann á annan veg, — að íslenzkur iðnaður muni alveg spjara sig, það sé engin veruleg hætta fyrir hann. Við vitum þó, að iðnaður okkar er rekstur smáfyrirtækja, hann er eflaust í mörgum greinum heldur óhagkvæmur borið saman við stórrekstur, og ég held að það þýði ekki annað en að viðurkenna þá staðreynd, að á hreinum og sléttum samkeppnisgrundvelli veldur okkar smái iðnaður ekki því verkefni að keppa við erlendu stórfyrirtækin. Og þó að um það yrði að ræða, að á fyrstu fjórum árunum yrði ekki verulega mikil breyting á tollverndinni, er rétt að gera sér grein fyrir því, að samdráttareinkenni munu koma fram strax í iðnaðinum, því að um leið og búið er að slá því föstu, að tiltekin iðngrein eigi að mæta fullri samkeppni frá hinum stóra, þroskaða iðnaði erlendis, þá vitanlega hætta viðkomandi aðilar hér heima að halda áfram að kaupa vélar og endurnýja, vegna þess að þeir vita það, að þeir hljóta fyrr eða síðar að verða að hverfa af markaðnum. Samdráttareinkennin munu strax fara að gera vart við sig.

Fyrstu vandkvæði, sem ég sé við EFTA-aðild, eru þau, að íslenzkur iðnaður er ekki fær um að standast samkeppni við stóriðnað annarra EFTA-landa. Hér yrði um samdrátt að ræða, — atvinnuvandamálið stóra, sem við glímum við, yrði enn þá stærra. Það er engin tilviljun, að iðnverkafólkið í landinu lýsir yfir andstöðu sinni við EFTA-aðild. Það veit, að það er einmitt það, sem kæmist fyrst í vandann.

Ég tel, að á engan hátt sé hægt að miða við umsögn iðnrekenda. Reynslan hefur sýnt, að margir iðnrekendur gerðu það t. d. hér fyrir nokkrum árum, þegar tollverndin var nokkuð minnkuð og innflutningur var gefinn nokkru frjálsari en áður, þá sneru ýmsir iðnrekendur sér ósköp rólega að því að gerast umboðsmenn erlendra aðila og taka að sér að selja framleiðslu þeirra í sömu greinum og þeir höfðu áður staðið að framleiðslu á hér heima. Margir iðnrekendur segja sem svo: fyrst þetta á yfir að ganga, þá sjáum við okkur einhvern veginn farborða. Við förum bara í verzlun eins og hinir. En iðnverkafólkið stendur frammi fyrir vandamálinu. Það vill kannske fá eitthvað um það að vita, hvað á að taka við, ef ákveðnar iðngreinar dragast saman, og atvinnan minnkar.

Annað vandamál, sem ég tel, að komi upp í sambandi við þátttöku í EFTA, eru skattlagningarmálin. Hér er stefnt að því að fella niður tolla, verndartolla, sem munu nema í kringum 1000 millj. kr. Þó verður sú upphæð að vera nokkru hærri, þegar búið er að leggja einnig niður hráefnistolla og tolla á ýmsum vélum. Hér er því stefnt að því að fella niður tolltekjur upp á nokkuð á annan milljarð. En því er hins vegar lýst yfir, að ríkissjóður ætlar ekkert að gefa eftir, hann ætlar að innheimta þessa sömu summu eftir öðrum leiðum. Og einu upplýsingarnar, sem fengizt hafa, eru þær, að í staðinn fyrir mismunandi háa innflutningstolla á hinum ýmsu vörutegundum eigi að koma söluskattur, sem á að leggjast jafnt á allar vörur, jafnt þær allra brýnustu lífsnauðsynjar sem og ýmsar aðrar vörur, sem verður að telja miður þarfar eða nauðsynlegar. Ég álít, að hér sé einnig um svo stórkostlegt vandamál að ræða, sem ekki hefur verið gert upp, hvernig með á að fara, að það geti í rauninni enginn nema þá ríkisstj. og hennar lið, sem ræður hér alveg málum og er kannske búin að koma sér saman um, hvernig hún ætlar að innheimta þessar tekjur eftir nýjum leiðum, staðið að því að gera þær samþykktir, sem leiða af sér svo stórkostlega skattabreytingu í landinu, á sama tíma og því er lýst yfir, að það eigi helzt af öllu að færa þetta yfir í margfalt ósanngjarnari skattheimtu en verið hefur. Ég er á því, að það sé nauðsynlegt að vinna að því að lækka ýmsa innflutningstolla og gera þar talsverðar breytingar á. En það þarf líka að huga vel að því, hvernig á þá að skipa skattheimtunni, þeirri nýju skattheimtu, sem í staðinn kemur. Þarna er um annað mikilvægt vandamál að gera.

Ég er ekki ásáttur með það, að þó að við stefnum að því að lækka innflutningstolla á mublum úr 90% niður í 0, að samþykkja það á sama tíma, að það eigi að hækka söluskatt á soðningu, kjöti og mjólk úr 7½% upp í 15%. Ég er ekki kominn til með að samþykkja það fyrir mitt leyti. Ég tel það ekki sanngjarnt. En það er eitthvað líkt þessu, sem hlýtur að gerast miðað við þær yfirlýsingar, sem fram hafa komið, þegar öll breytingin hefur gengið í gegn. Ég veit, að söluskattshækkunin verður ekki alveg svona mikil, ekki á fyrsta spretti. En þegar öll aðgerðin hefur gengið í gegn, hlýtur hér að verða um hækkun að ræða, sem nálgast þetta. Þarna er um stórfelld vandamál að ræða í sambandi við aðildina að EFTA.

Ég hef áður minnzt á þau vandkvæði, sem fylgja tollamismunun á milli þjóða. Þar tel ég vera um verulega hættulegt mál að ræða, sem mjög geti bitnað á útflutningi okkar í ýmsum tilfellum. Þá eru þau vandkvæði, sem tengd eru við hina svonefndu 16. gr., þ. e. a. s. um atvinnurekstrarréttindi annarra EFTA-borgara. Það er býsna athyglisvert, hvernig haldið hefur verið á því máli af hálfu ríkisstj. Ég tel, að það leiki enginn vafi á því, að með því að samþykkja EFTA-samkomulagið, eins og það liggur fyrir, er gengið inn á það „meginprinsipp", að í vissum tilvikum eigi erlendir aðilar að fá jafnréttisaðstöðu við innlenda aðila í sambandi við atvinnurekstur. Við Alþb.-menn höfum marglýst því yfir hér á Alþ., að við

erum andvígir þessu atriði í „prinsippi". Við álítum, að það eigi að tryggja landsmönnum sjálfum meirihlutaaðstöðu varðandi atvinnurekstur í landinu og í einstökum fyrirtækjum.

Ríkisstj. hefur viljað túlka þessa grein þannig, að hér sé ekki um mjög mikilvægt atriði að ræða. Verður þó að játa, að þessi gagnkvæmu atvinnurekstrarréttindi nái til heildsölufyrirtækja, til svonefndra dótturfyrirtækja, til umboðsfyrirtækja, til samsetningarfyrirtækja og til fullvinnslufyrirtækja, sem framleiða svo nefnda EFTA-vöru, sem aðallega er ætluð til útflutnings til EFTA-landa. Þetta er það sem ríkisstj. viðurkenndi. Orðalag þeirrar greinar, sem við undirskrifum, nær þó miklu lengra en þetta.

Því hefur verið haldið fram og er m. a. haldið fram í grg. þessarar till., að þessi gagnkvæmu atvinnurekstrarréttindi nái ekki á neinn hátt til fiskiðnaðar. Ég tel, að miðað við þær upplýsingar, sem við höfum fengið í EFTA-nefndinni, sé hér ranglega skýrt frá, og ef ríkisstj. hefur virkilega viljað tryggja, að þessu væri svona farið, átti hún að setja alveg tvímælalausan fyrirvara um þetta atriði, eins og ég hafði m. a. lagt til. Í grg., sem fylgir þáltill., segir um þetta atriði á bls. 7, þar sem reynt er mjög að fletja þetta mál þannig út, að hér sé ekki verið að gefa erlendum aðilum gagnkvæman rétt til þess að koma hér upp og reka neins konar fyrirtæki í fiskiðnaði. En þar segir orðrétt á þessa lund:

„Í fyrsta lagi er fiskistofninn innan fiskveiðitakmarkanna að sjálfsögðu ein af náttúruauðlindum landsins. Þess vegna hafa erlendir aðilar engan rétt til að stofna til framleiðslu til hagnýtingar á honum. Í öðru lagi er freðfiskur ekki skilyrðislaus EFTA-vara í sama skilningi og iðnaðarvörur, þar eð sérreglur hafa gilt og gilda enn um hann í Bretlandi."

Ja, hvernig stendur nú á þessu orðalagi, að menn segja í fyrsta lagi er fiskistofninn innan fiskveiðitakmarkanna að sjálfsögðu ein af náttúruauðlindum landsins? Við vinnum nú meiri fisk en þann, sem veiðist innan landhelginnar. Menn hafa kannske ekki viljað taka of mikið upp í sig þarna. En það, sem hefur komið fram og kom m. a. skýrt fram á fundi, þar sem norskur sérfræðingur mætti hjá EFTA-nefndinni, var það, að þau ákvæði, sem segja, að þessi gagnkvæmi réttur annarra EFTA-borgara nái ekki til hagnýtingar á sérstökum auðlindum viðkomandi lands, eins og t. d. í sambandi við skógarhögg í Noregi, og þá hins vegar fiskveiðar hér hjá okkur Íslendingum. Ég sætti mig fullkomlega við þá skýringu og tel hana rétta, að þessi gagnkvæmi réttur nái ekki til fiskveiða. En ég spurði gagngert að því, hvernig færi varðandi fiskiðnaðarfyrirtæki, ef t. d. brezkur aðili, og það var auðvitað engin tilviljun að ég nefndi það, sækti um það, að fá að koma upp fiskiðnaðarfyrirtæki, t. d. frystihúsi í Vestmannaeyjum og það gerði Vestmanneyingur líka, hvort það teldist þá vera brot af okkar hálfu á reglunum að mismuna þannig, að við leyfðum Vestmanneyingnum að koma upp þessu fiskiðnaðarfyrirtæki, en bönnuðum Bretanum það. Og svarið var alveg skýrt, að ef um er að ræða vöru, sjávarútvegsvöru, sem flokkast undir EFTA-meðferð, þá hefur Bretinn sama rétt og Vestmanneyingurinn í þessu tilviki. Það er ekki hægt að mismuna þarna. Enda er auðvitað úrvinnsla t. d. á timbri í Noregi komin inn á iðnaðarsviðið, og úrvinnsla á þeim fisktegundum hjá okkur, sem flokkast undir EFTA-meðferð, er komin undir iðnað.

Ég tel því, að í þessum efnum sé hreinlega skýrt rangt frá. Það er svo hins vegar mál út af fyrir sig, eins og reyndar kemur fram miklu víðar í þessari þáltill. og grg., sem henni fylgir, að mér sýnist, að hér sé um svo mikinn áróður á köflum að gera, að það er slegið úr og í og sagt sitt á hvað, að það sé varla frambærilegt. T. d. er sagt á bls. 5, — þá er verið að telja upp kostina: „... sjávarafurðum, sem eru EFTA-vörur, eru þessar helztar: Freðfiskflök, lýsi, fiskimjöl, loðnumjöl" o. s. frv. Þar er nú ekkert verið að draga við sig, að freðfiskflök séu EFTA-vara, en á bls. 7 er vissara að segja það, freðfiskflök eru ekki skilyrðislaus EFTA-vara, því að þá þurftu menn að nota fyrirvara.

En hvað um það, ég vil fyrir mitt leyti fallast á þá skýringu að segja, að freðfiskflök eru ekki „absolút" EFTA-vara, og ég vil halda því fram, að t. d. í viðskiptum við Breta hafi þeir ekki fullkominn rétt til þess að koma hér upp venjulegu frystihúsi hjá okkur til þess að vinna freðfiskflök, þó að þar gildi um sérstakur samningur, af því að þeir vilja ekki fallast á þessa vöru sem fullkomna EFTA-vöru. En það eru auðvitað til ýmsar aðrar fiskúrvinnslugreinar en aðeins í sambandi við framleiðslu á freðfiskflökum. Það eru t. d. til niðursuðufyrirtæki, sem falla alveg undir EFTA-meðferð, og spurningin er, hvort erlendir aðilar hafi þennan rétt gagnvart þeirri vinnslu eða ekki.

Það er sem sagt ekki aðalatriðið að mínum dómi, að þræta um það, hvort réttur útlendinganna samkvæmt orðanna hljóðan er þarna aðeins meiri eða minni. Ríkisstj. viðurkennir í þeirri grg., sem hér kemur fram, að útlendingarnir fá jafnréttisaðstöðu í ýmsum greinum við landsmenn, og ég er á móti því að fallast á slík sjónarmið. En hitt er svo alveg jafnaugljóst, að ráðh. hafa lýst því yfir hvað eftir annað, þegar þessi mál hafa verið rædd, að þeir telji það beinlínis til kosta við þátttöku í EFTA, að það muni vera hægt að fá fleiri útlendinga til þátttöku í íslenzku atvinnulífi en áður. Um það er hvað greinilegast dæmi í þeirri skýrslu, sem viðskmrn. samdi einmitt varðandi framkvæmdina, eða skilninginn á 16. gr., en niðurlagið í umsögn rn., þegar það var búið að telja að það hefði nú alls konar ráð til þess að halda útlendingum í burtu, ef það vildi, þá segir rn. alveg orðrétt á þessa leið: „Hins vegar telur rn., að undir vissum kringumstæðum geti verið mjög æskilegt, að erlend fyrirtæki hafi hér einhvern atvinnurekstur með höndum, t. d. iðnaðarframleiðslu til út-

flutnings. EFTA-aðild mundi auðvelda slíka starfrækslu.“

Það fer auðvitað ekkert á milli mála, og kemur víða fram í ritgerðinni hjá prófessornum, sem talar um möguleika iðnaðarins, að það er hvað eftir annað vikið að því, að það muni verða meiri möguleikar eftir en áður á því að fá útlenda aðila til þess að setja hér upp fyrirtæki, framleiða hér, með EFTA-markaðinn í huga. Og rn. sjálft tengir miklar vonir við, að með aðild að EFTA verði meiri möguleikar á þessu sviði. Það er því alveg tvímælalaust stefnt að þessu marki, og 16. gr. opnar algerlega fyrir þetta, m. a. af því að við settum þar engan beinan fyrirvara um í sambandi við þá samninga, sem fram fóru. Það var ekki farið fram á það af hálfu ríkisstj. að fá neinn skýran fyrirvara um það, að til þess arna ætti ekki að koma.

Þessi atriði, sem ég hef gert að umtalsefni, eru auðvitað ekki öll vandkvæðin, sem eru tengd aðild. Áður hefur verið minnzt á það hér í þessum umr., — og ég get farið um það fáum orðum, — að það er mjög margt, sem bendir til þess, að EFTA sé að leysast upp, að nokkur helztu EFTA-ríkin gangi í Efnahagsbandalagið. Og þá vaknar auðvitað spurningin: Til hvers að vera í þessu kapphlaupi núna, rétt áður en EFTA leysist upp, og ganga í EFTA? Er það kannske meiningin, að það eigi að drífa okkur inn í Efnahagsbandalagið í beinu framhaldi af þessari samþ.? Það er ekkert í okkar efnahagslífi eða viðskiptalífi, sem knýr á um EFTA-þátttöku okkar nú. Við getum eins vel beðið nú, eins og við höfum beðið undanfarin 10 ár. Skýringarnar, sem komu fram hjá hæstv. viðskmrh. á því, hvers vegna við værum að ræða um EFTA-aðild nú, en hefðum ekki gert það á undanförnum árum, eru t. d. eins og þessi, sem ég skrifaði niður eftir honum: Á undanförnum árum hefur verð á afurðum okkar á erlendum markaði farið hækkandi og allt hefur gengið vel og þetta hefði ekki skipt okkur máli, en nú þarf á þessu að halda. — Ég er anzi hræddur um, að hæstv. ráðh. megi fara að endurskoða þessa skýringu, því að hvernig er ástandið núna í dag? Útflutningsvörur okkar hafa nú ekki hækkað á öðrum tíma öllu betur en þær gera nú. Hvenær hefur saltsíldin hækkað annað eins og nú? Hvenær hefur lýsið hækkað annað eins og nú? Hvenær hefur mjölið komizt í annað eins verð og nú? Þegar síldar- og fiskimjöl fór upp í 21 shilling einingin, eða próteinið, fyrir nokkrum árum, var sagt, að þetta gífurlega háa verð hefði beinlínis sprengt efnahagskerfið hjá okkur. Nú er það komið yfir 27, og við höfum aldrei séð annað eins verð. Verð á hraðfrystum fiski fer líka mjög hækkandi á erlendum mörkuðum. Það má segja, að það hafi sjaldan verið eins miklar verðhækkanir á útflutningsvörum okkar eins og nú. Þessi skýring hjá hæstv. ráðh. dugar því ákaflega skammt. Það er ekki það, sem rekur á eftir honum með að fara inn í EFTA, það er eitthvað annað.

Ein af þeim röksemdum, sem reynt er mjög að halda á lofti í sambandi við aðild að EFTA, er sú, að við verðum að horfa til framtíðarinnar. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvernig muni fara í íslenzkum þjóðarbúskap t. d. á næsta áratug, við verðum að hafa það í huga, er sagt, að á næsta áratug muni bætast við 20 þús. einstaklingar á vinnumarkaði okkar. Við verðum að ætla þessum fjölda einhver ný verkefni. Og maður skyldi helzt halda, að við værum að fara inn í EFTA upp á alla óvissuna í von um það, að þannig yrði til vinna handa öllum þessum nýja fjölda. Ekki neita ég því, að vissulega þurfum við að gera okkur grein fyrir því, hvernig á að ráðstafa vinnuafli okkar á komandi áratug. En ég segi: möguleikar okkar Íslendinga eru nú alveg tvímælalaust tengdir við það að snúa okkur að því stóra verkefni, sem við höfum varla byrjað á, sem er að fullvinna þann sjávarafla, sem við eigum nokkurn veginn vissan að fá á land á hverju ári. Við höfum aðeins, eins og ég sagði áðan, staðið í frumvinnslu á þessum afla. Það hefur verið bent á það, einnig af ýmsum stuðningsmönnum ríkisstj., að það mætti tvö- til þrefalda útflutningstekjur þjóðarinnar, ef við ynnum sjávarafla okkar t. d. á svipaðan hátt eins og V.-Þjóðverjar vinna sinn sjávarafla. Við þurfum að snúa okkur að þessu verkefni, og engin aðild að bandalagi, hvort sem við værum að fara í Efnahagsbandalag eða jafnvel sameinað Efnahagsbandalag og EFTA, gæti leyst okkur undan þeim vanda, að við verðum sjálfir að byggja upp þennan iðnað. Hann byggist ekki upp bara á þann hátt, að við göngum í eitthvert bandalag. Það er á þessum sviðum, sem við eigum auðvitað gífurlega möguleika til aukins útflutnings.

Ég vil t. d. segja það, eins og ég sagði á fundi með framleiðendum fyrir nokkrum dögum, að þegar það gerist núna, að einn af okkar þekktustu sölumönnum, sem selur líklega meira fyrir okkar hönd á erlendum vettvangi en nokkur annar Íslendingur, — þegar hann nú kemur til landsins og segir: mig vantar fisk af svipaðri tegund og þið hafið framleitt, upp á 100 millj. kr. til viðbótar við það, sem verið hefur, þá er ég alveg sannfærður um það fyrir mitt leyti, að við getum haft til þennan fisk. Við þurfum að gera nokkrar ákveðnar fjármálalegar ráðstafanir, til þess að hann verði til. Það er full ástæða sagði ég á þessum fundi til þess, að þeir, sem fá svona boðskap, fari á fund ríkisstj. og segi henni frá því, af því að við vitum, að ríkisstj. er að leita og leita og leita innan um mublur og hitt og annað að einhverjum nýjum möguleikum til útflutnings, og hún vill mikið á sig leggja til þess að fá nýjan útflutningsiðnað. Það á að segja henni frá þessum möguleika, hann liggur á borðinu, við getum notað hann. Við eigum ekki að vera hræddir við að nota hann. Þarna eru möguleikar til aukins útflutnings. Það er á þessu sviði, sem þarf að vinna, og síðan auðvitað halda áfram jöfnum höndum með það að þroska útflutningsiðnað okkar.

Ég get tekið undir með hæstv. ráðh., þegar hann talar um útflutningsiðnað, en ég held bara, að við verðum að gera okkur grein fyrir því, á hvaða sviði verður þessi útflutningsiðnaður byggður upp. Þar held ég, að hæstv. ríkisstj. mætti lesa eina ágæta grein, sem birtist í Fjármálatíðindum fyrir nokkru eftir Jóhannes Nordal, og reyndar annan hagfræðing til viðbótar. Þegar hann var upp úr síðustu gengislækkun að reyna að gera sér grein fyrir því, hvað væri til bragðs fyrir okkur Íslendinga, hvernig við ættum að glíma við öll þessi vandamál okkar í efnahagsmálum, þá voru niðurstöðurnar þessar, ég skal lesa svolítinn kafla af því. Í þessari grein segir m. a.:

„Þegar könnuð eru þau tækifæri, sem framundan eru til aukningar í útflutningi ber tvímælalaust fyrst að telja aukningu í útflutningi sjávarafurða, sem einkum hlýtur að byggjast á meiri vinnslu afurðanna hér innanlands, betri nýtingu aflans og nýtingu fiskstofna, sem nú eru lítt eða ekki notaðir.“

Hann segir áfram: „Í öðrum flokki er uppbygging annars útflutnings og gjaldeyrisaflandi starfsemi, sem nýtur á einhvern hátt góðra ytri skilyrða hér á landi. Má þar til nefna stóriðju byggða á ódýrri raforku og jarðhita, ullar- og skinnaiðnað og annan iðnað, sem byggist á séreinkennum þess hráefnis, sem hér er fyrir hendi; aukningu ferðamannastraums vegna sérkenna landsins og náttúrufegurðar; og minkaeldi vegna hagstæðs loftslags og óvenjulega ódýrs fóðurs.“

Ég vil nú ekki segja, að ég sé að öllu leyti sammála, hvorki þessari grein allri né reyndar því, sem þarna segir, menn hafa misjafna trú á því. En niðurstaða þessara tveggja hagfræðinga, sem ríkisstj. hefur ævinlega tekið talsvert mikið tillit til, var þó sú, að nr. 1 kom sjávarútvegurinn og þeir möguleikar, sem tengdir eru við hann, nr. 2 önnur þau hráefni, sem skapa hér einhver sérkenni hjá okkur. Þarna voru möguleikarnir. Og þessir ágætu menn bentu á það, að lega Íslands og staða öll til viðskipta væri þannig, að við ættum óhægara um vik en flestar aðrar þjóðir, vegna þess að flutningskostnaður til landsins og frá landinu væri gífurlega mikill. Þeir sögðust hafa reiknað út, að telja mætti, að fragtkostnaðurinn til Íslands og frá Íslandi næmi 5% af þjóðarframleiðslunni á hverju ári. Ég held, að þeir, sem hafa þetta í huga og reyna að kynna sér þessi mál, komist að niðurstöðu um það, að þeir möguleikar okkar, sem liggja næst og við eigum að snúa okkur að, eru miklir og þeir liggja á þessu sviði. En það þýðir ekki að ætla að víkja þessu öllu frá sér, gefast upp við þann vanda, sem er því samfara að byggja upp útflutningsiðnað í þeim greinum, þar sem einhver möguleiki er fyrir hendi, og kasta sér út í einhverja óvissu í einhverju nýju bandalagi og segja: mubluútflutningur eða eitthvað annað hlýtur að bjarga okkur. Það er illa farið að halda þannig á málunum að mínum dómi.

Ég held, að við þurfum ekki að örvænta á neinn hátt um það, að við höfum nóg handa okkar fólki, viðbótarfólki á vinnumarkaðinum, að gera á komandi áratug, ef við nýtum þá möguleika, sem við sjáum, að við höfum. En það þarf að snúa sér að því verkefni.

Eitt af því, sem ég fyrir mitt leyti tel verst við þá ákvörðun, að Ísland gangi í EFTA nú, er einmitt, að mér finnst, að allar aðalröksemdirnar, sem fram koma frá talsmönnum EFTA, vera bundnar við þetta, sem kom hvað eftir annað fram m. a. í ræðu hæstv. viðskmrh., að þeir slá því föstu í byrjuninni: það eru engar líkur til þess, að sjávarútvegurinn og landbúnaðurinn geti tekið við því nýja fólki, sem kemur hér inn á vinnumarkað á næsta áratug. Þeir slá því föstu, að þarna sé ekki um möguleika að ræða. Þeir hugsa sér í mesta lagi að halda þarna í horfinu, en ætla sér að treysta á möguleika, sem ég held fyrir mitt leyti, að verði litlir í reynd og mjög ótilfjörlegir.

Út af fyrir sig óttast ég ekki aðild að EFTA. Ég held, að það gerist engin ósköp hér. Ég býst þó við, að afleiðingarnar verði þær á næstu árum, að hér verði nokkur samdráttur í innlendum iðnaði, það verði þrengra um það að fá atvinnu. Kjör vinnandi fólks versni á margan hátt. Ég býst við því, að það verði miklu torsóttara fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu að sækja fram til hækkaðs kaupgjalds, eftir að við erum orðnir aðilar að EFTA, því að það mun miskunnarlaust dynja á verkalýðshreyfingunni, þegar hún fer fram á hækkað kaup, að ef hún hækki kaupið, fáist útlendingarnir heldur ekki til þess að koma með sín fyrirtæki hingað. Þá verði ávinningurinn af EFTA lítill, sem alltaf var verið að vitna í hér í skýrslunni. Og svo hitt, að það verður sagt við verkalýðinn: ef kaupið hækkar, drepið þið hinn veikbyggða iðnað, sem nú verður að berjast við stóriðnað stóru landanna á frjálsum grundvelli. Ég held því, að EFTA-aðild eins og sakir standa hafi í för með sér margvísleg vandkvæði, sem við þurfum ekki að kalla yfir okkur, leysi nálega engin vandamál okkar, og því hefði verið æskilegra að láta málið liggja áfram, sjá hverju fram vindur í samningum á milli EFTA-landanna og Efnahagsbandalagsins, sjá, hverju fram vindur í efnahagssamtökum Norðurlanda og nota tímann til þess að snúa okkur að okkar eigin verkefnum, notfæra okkar eigin möguleika, þá sem við eigum. Það held ég, að við hefðum átt að gera. — Ég sé, að hér hefur liðið þó nokkuð á tímann og þó að það væru ýmis atriði, sem ég hefði nú viljað víkja að nánar, læt ég mínu máli lokið nú, en niðurstaða mín er sú, að það er óhagkvæmt eins og sakir standa fyrir okkur að gerast aðilar að EFTA. Ég álít, að þjóðin hafi heldur ekki fengið að ræða málið á þeim grundvelli, sem eðlilegt hefði verið, og því eigi að fresta málinu og alls ekki að samþ. það hér á Alþ., án þess að það verði lagt undir þjóðaratkvgr. a. m. k.

Umr. frestað.

Á 23. fundi í Sþ., 12. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það mál, sem hér er til umr., er vafalaust það mál, sem nú ber hæst í íslenzkum stjórnmálum — mál, sem alveg vafalaust getur ráðið miklu, ekki aðeins um atvinnu- og efnahagsþróun þjóðarinnar í framtíðinni, heldur einnig um menningartengsl hennar við aðrar þjóðir og þannig í raun um mótun þjóðfélagsins, beint og óbeint, á mörgum ef ekki flestum sviðum.

Málið hefur verið lengi á döfinni, og nú í samfellt tvö ár hafa fulltrúar allra þingflokka unnið að því að rannsaka það og undirbúa. Samt er það deginum ljósara, að gömlu stjórnarandstöðuflokkarnir hvor fyrir sig eru í reynd innbyrðis mjög ósammála um afstöðu til málsins, m. a. vegna þess að þeir eru næsta óvissir um, hvort þeim sé líklegri til ávinnings meðal kjósenda sá kosturinn að snúast gegn því eða hinn að fylgja því. Efnisrök málsins virðast mér eftir málflutningi þeirra hér s. l. mánudag sýnilega ekki neitt aðalatriði.

Hér kemur ekki síður til sú tregða, sem allir gömlu flokkarnir eru haldnir af, að unna mótherjum sínum sem allra sjaldnast sannmælis eða fylgja máli, sem þeir hafa forgöngu um. Í orði kveðnu kann sú regla að hafa viðurkenningu allra flokka, að afstöðu til mála beri að móta eftir því einu, hvaða mat menn leggja á það, hvort það horfi til bóta fyrir þjóðina í heild og alla alþýðu manna, en ekki eftir því, hverjir hafi um það forgöngu. Á borði hefur það hins vegar of oft og of lengi orðið reyndin, að önnur sjónarmið, svo sem meiri eða minni ímyndaðir flokkshagsmunir, hafa ráðið úrslitum, og þó öllu fremur, þegar um stórmál hefur verið að ræða. Mér þykir alveg augljóst, að sú sundurleita og loðna afstaða, sem komið hefur fram hjá talsmönnum Alþb. og Framsfl. í þessu máli, sé mjög af þeim toga spunnin, að þeir telji sér nauðsynlegt að játa helzt ekki fylgi sitt við neitt stórmál, sem núv. ríkisstj. hefur haft veg og vanda af.

Ég hef alltaf verið andvígur núv. hæstv. ríkisstj., og á því hefur vissulega engin breyting orðið. En það fær ekki haggað þeirri skoðun minni, að ekkert mál sé af því illa, aðeins vegna þess að hún er því meðmælt, né af því góða bara vegna þess, að hún sé því andstæð. Það er hlutlægt mat á málefninu sjálfu, sem öllu hlýtur að skipta.

Ég mun hér ekki að sinni a. m. k. tína til neinn fjölda aukaatriða og smáatriða, sem tengd eru þessu máli með einhverjum hætti, heldur halda mig eingöngu og í stuttu máli við aðalatriðin, sem mér þykja sköpum skipta og þeim flokki, sem ég hef staðið að að mynda, þykir sköpum skipta í sambandi við afstöðuna til þessa máls.

Ég mun einnig skipta málefninu í tvo meginþætti og tel það rökrétt, EFTA-aðildina sjálfa annars vegar og hins vegar hliðaratriðin, — spurningarnar um það, hvernig eftirmeðferð málsins skuli hagað eða hagað ekki. Þetta tel ég vera eðlilegt. Þar sem fyrra atriðið varðar einvörðungu samningana út á við við EFTA-löndin, en hið síðara er aðeins okkar eigin heimilismál, þar sem við eigum einir og sjálfir við okkar eigin mál að fást, mál, sem geta verið stöðugum breytingum undirorpin, eftir því hvernig hjólið snýst stjórnmálalega séð í okkar landi, og eiga því raunverulega ekki — nema þá a. m. k. að mjög takmörkuðu leyti — að varða meginspurninguna, sem hv. alþm. eru nú skyldir að svara: Er rétt fyrir okkur og hagkvæmt að taka upp þá efnahagssamvinnu, sem felst í aðild að EFTA, eða er þessu öfugt farið?

Svar mitt við þessari spurningu er hiklaust, að það sé ekki aðeins hagkvæmt heldur og nauðsynlegt, vegna þeirrar atvinnu-, efnahags- og lífskjaraþróunar, sem ég æski og vil vinna að, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarbandalaginu. Ég tel það líka nauðsynlegt af menningarlegum og félagslegum ástæðum, og ég tel það beint og ótvírætt hagsmuni íslenzkrar launastéttar.

Flestum hlýtur að vera augljóst, að við lifum nú um skeið a. m. k. tímabil þróunar til stóraukinnar efnahagssamvinnu þjóða í milli og skiptingar þróaðra landa í efnahagsblokkir. Allar þjóðir V.-Evrópu hafa nú, að Spáni og Íslandi undanskildu, skipt sér í tvær efnahagsheildir, EFTA og Efnahagsbandalag Evrópu, og tekið sínar ákvarðanir í þessum efnum, að því að ég bezt veit, af frjálsum og fúsum vilja og þá af þeirri ástæðu einni, að þær telja sér aðildina vera hagstæða. Þessar blokkir eru þó að flestu gerólíkar að eðli og gerð. Efnahagsbandalagið er ekki aðeins viðskipta- og tollabandalag, heldur á pappírnum a. m. k. einnig vísir að framkvæmd eins konar stórveldisdrauma um pólitíska sameiningu V.-Evrópu í eitt ríki undir sameiginlegri yfirstjórn — ríki, þar sem hvert Evrópuland fyrir sig yrði eins konar hreppur í sýslunni og afsalaði sér sjálfsákvörðunarrétti sínum í hinum mikilsverðustu málum. Innan þessa bandalags er gildandi nær ótakmarkaður réttur til flutnings fjármagns og vinnuafls landa í milli. Og enn hefur þetta bandalag þau ákvæði í stofnsamningi sínum, að samfélag, — eins og það mundi þýða orðrétt eftir enska nafninu í stofnsamningi, — þátttökuríkin eru bundin af honum um aldur og ævi, geta ekki farið úr bandalaginu, þó að þeim síðar þætti hagstætt eða nauðsynlegt. Undir slíkar skuldbindingar geta Íslendingar auðvitað aldrei beygt sig, og breytir það engu um, þótt Rómarsáttmálinn hafi ekki til þessa, hvað hrein stjórnmálaleg ákvæði snertir, verið miklu meira virði en pappírinn, sem hann hefur verið skráður á.

Allt eðli EFTA-sáttmálans er þessu gjörólíkt. Þar er einvörðungu um að ræða tollabandalag, sem leiða á til innbyrðis fríverzlunar í tilteknum greinum, og þar með væntanlega til hagstæðari verkaskiptingar í framleiðslugreinum þeim, sem sáttmálinn nær til, og í kjölfarið til örari hagvaxtar og efnalegra framfara, þ. e. undirstöðu betri lífskjara. Þessi sáttmáli gerir engri þjóð að skyldu að halda sig lengur innan bandalagsins en hún telur sér þátttöku hagkvæma, og pólitískur ákvörðunarréttur er í engu skertur. Það segir svo sína

sögu, að engin þeirra þjóða, sem í bandalagið hafa gengið, hafa enn talið sér hagstætt að hverfa þaðan.

Þar sem aðild að Efnahagsbandalaginu er óhugsandi af okkar hálfu, ekki síður en hún er óhugsanleg t. d. fyrir Svíþjóð, Finnland og Sviss, þó að það sé af nokkuð ólíkum ástæðum, þá er spurning okkar sú, hvort farsælla muni að tengjast tollabandalagi þeirra Evrópuríkja, sem EFTA-löndin, þ. á m. öll Norðurlöndin, skipa, eða fylgja Franco-Spáni einum í sinni efnahagslegu útlegð.

Við Íslendingar eigum meira undir hagstæðum utanríkisviðskiptum en allar aðrar þjóðir V.-Evrópu, og gefur því augaleið, að hagur okkar af rýmkuðum mörkuðum fyrir útflutningsframleiðslu okkar ætti og hlýtur raunar að vera mikilvægari en flestra eða allra annarra. Efnahagsleg einangrun er okkur því hættulegri en flest annað. Okkur er brýn nauðsyn, hvað markaði snertir, að eiga sem flestra kosta völ, ef vel á að fara. Það sannar líka öll saga okkar og reynsla bæði fyrr og síðar. Sumir segja að vísu: 100 millj. manna EFTA-markaður er okkur næsta lítils virði. Þar ríkir gnótt vöruframboðs og hörð samkeppni. Við erum fyrst og fremst matvælaframleiðendur, og EFTA-löndin hafa nóg að bíta og brenna. Þriðji heimurinn er okkar æskilegasti markaður. Þar ríkir hungur; þar er því næg eftirspurn. — Þessi kenning er t. d. að mér sýnist ein aðaluppistaðan hjá helzta hagfræðingi Alþb. Gallinn á þessu og veikleiki röksemdanna er aðeins sá, að enn sem komið er a. m. k. geta þessar þjóðir ekki, þó fegnar vildu, mettað fólk sitt með neyzlu íslenzkra matvara, ekki keypt okkar vörur og allra sízt á okkur hagstæðu verði, og því síður sem vörurnar eru unnar í fullkomnari og dýrari neyzluform, eins og við hljótum að stefna að. Reynist svo síðar, að þetta verði mögulegt, er engu spillt við EFTA-aðild að þessum fræðilega hugsanlegu mörkuðum, að því er ég bezt fæ séð a. m. k.

Reynslan er líka auðsjáanlega sú í utanríkisviðskiptum okkar, að hagstæðustu markaðir og hæsta markaðsverð hefur að öllum jafnaði verið meðal auðugri þjóðanna, og er þar auðsæjast dæmið um það, að hæsta fiskverðið á hálfunnum fiski hefur verið um skeið og er enn á bandarískra markaðnum, þ. e. hjá auðugustu þjóð veraldarinnar. Og varla er það vegna matvælaburrðar þar í landi. Einstaka maður dregur af því þá fljótfærnislegu ályktun, að vegna hins tiltölulega hagstæða verðs á fiskflökum í Bandaríkjunum nú, beri okkur að stefna að því að einskorða okkur að mestu eða öllu við þennan markað, nema þá e. t. v. að einhverju leyti við Sovétríkin.

Ef við veldum einangrunarstefnuna, er augljóst, að slík þróun fylgdi fljótt í kjölfarið, þ. e. að við værum bundnir við þessa tvo markaði, og mundu þá koma í ljós allir verstu annmarkar þess að eiga fárra kosta völ, hvað markaði snertir. Ég held, að samningar okkar síðustu árin, t. d. við Sovétríkin við síðustu gengisfellingu, um sölu þeirra fisktegunda, sem þá var enn þröngt um á öðrum mörkuðum, ættu að verða okkur nokkur leiðarvísir í þessu efni, en þá vorum við tilneyddir að stórlækka verð okkar t. d. á ufsa og karfa og gefa Sovétmönnum verulegan hluta af þeim ávinningi, sem framleiðendum átti að vera tryggður með gengisfellingunni.

Með inngöngu í EFTA náum við á ný möguleikum á markaði fyrir freðfisk í Bretlandi og sennilega víðar í V.-Evrópu við verði, sem mjög svarar til þess verðs, sem við nú njótum í Bandaríkjunum, eða jafnvel enn þá hærra, og líku ætti að geta gegnt um aðrar fiskafurðir. Og með EFTA-aðild hlýtur verðlag á Sovétmarkaði að markast af brezka og evrópska verðinu yfirleitt og þá sjálfsagt til verulegrar hækkunar frá því, sem nú er. Á Evrópumarkaði stöndum við þá einnig í fyrsta skipti um langt skeið á sama samkeppnisgrundvelli og Norðmenn, sem hafa átt þar kost á tollfrjálsum innflutningi, meðan við höfum neyðzt til að nota verulegan hluta af andvirði framleiðslu okkar til þess að greiða tolla, sem EFTA-löndin hafa verið undanþegin. Í þessu sambandi skipta að mínu viti ekki máli þær tímabundnu neyðarráðstafanir, sem Bretar gerðu varðandi fiskinnflutning — ekki a. m. k., þegar til framtíðarinnar er litið. Ég minnist þess á síðasta þingi, þegar framsóknarmenn báru fram frestunartillögur sínar um það, að sótt yrði um aðild að EFTA, þá var fisktollurinn í Bretlandi önnur aðalástæðan fyrir þeirri frestun. Sú ástæða a. m. k. ætti að vera brottfallin nú.

Í sambandi við samanburð á evrópskum og bandarískum markaði er þess einnig að gæta, að vegna hárra tolla í Bandaríkjunum á fullunnum sjávarafurðum, eins og fishsticks og öðru slíku, neyðumst við til að kaupa þar mikið vinnuafl til fullvinnslu á framleiðslu okkar, vinnuafl, sem við getum sjálfir auðveldlega lagt fram sjálfir okkur til hagsbóta, þ. e. ef kostur væri á tollfrjálsum innflutningi, eins og möguleikar skapast til á EFTA-markaði, eftir að aðild að honum er fengin. Við heyrðum að vísu hv. 4. þm. Austf. leika sér s. l. mánudag með tölur, sem áttu að sanna það, að því sem næst engu máli skipti fyrir okkur, hvort tollar á fiski og hvers konar fiskafurðum yrðu felldir niður gagnvart útflutningi okkar, og komst þar niður í fáa milljónatugi á ári, sem heildarverðmæti útflutningsins kynni þá að hækka um. Gagnvart framtíðinni eru þó þessar tölur að mínu viti allar falstölur, þar sem þær eru fengnar frá því tímabili, þegar útflutningur okkar hefur stöðugt verið að dragast saman vegna bættrar samkeppnisaðstöðu Norðmanna og fleiri, sem þeir hafa hlotið með EFTA-aðild sinni, þ. e. þeirrar aðstöðu að geta notið tollfrelsis, á meðan við höfum orðið að klífa 10 og allt upp í 30% tollmúra, og höfum þess vegna verið smátt og smátt að gefast upp og verið að leita annarra markaða.

Í öðru lagi gleymdi þessi hv. þm. og fyrrv. forsvarsmaður sjávarútvegsins, annaðhvort viljandi eða óviljandi, þeim stóra þætti máls-

íns, sem snýr að áhrifum af niðurfellingu tolla, og þar með hækkuðu verði á EFTA-markaði, á aðra markaði, og þá ekki síst á Sovétmarkaðinn, sem a. m. k. oft, ef ekki jafnan, hefur mjög mótazt af evrópska fiskverðinu og þá sérstaklega því brezka. En staðreynd er það, að samanburður á verði á þessu ári, t. d. á þorskblokk, sem er aðalútflutningsvaran, sýnir, að brezka lágmarksverðið, sem við eigum að fá, er 9—10% hærra en það verð, sem við fáum í Sovétríkjunum, og um það bil 2% hærra en verðið, sem við höfum a. m. k. til skamms tíma fengið í Bandaríkjunum.

Ég vil nú spyrja: Gerir þessi hv. þm. ráð fyrir því, að við Íslendingar munum sætta okkur við óbreytt verð eða Sovétmenn muni yfirleitt bjóða okkur upp á óbreytt verð, eftir að lágmarksverðið í Bretlandi og aðrir möguleikar á EFTA-markaði eru orðnir staðreynd? Hv. þm. gerði því að vísu skóna, að brezkir fiskframleiðendur mundu stöðugt undirbjóða okkur og hindra þannig nokkurn raunverulegan aðgang okkar á brezkan markað á því lágmarksverði, sem um hefur verið samið. Hann sagði líka, að samkeppnin við Norðmenn gæti ekki staðizt. Hv. þm. veit þó vel, að brezk útgerð nýtur mikils ríkisstyrks, en er þó þjóðinni ónóg, og einnig hitt, að brezka ríkisstjórnin hefur fullan hug á að draga úr þeim styrkjum m. a. með því að stuðla að almennt hærra fiskverði þar í landi. Þess vegna benda allar líkur til þess, að lágmarksverðið, sem um hefur verið samið, verði að miklu leyti eða öllu leyti raunhæft fyrir okkur.

Ég veit, og það er ekki nein ný saga fyrir mig, að hv. 4. þm. Austf. hefur óbilandi vantrú á getu íslenzks iðnaðar til nokkurrar samkeppni á *jafnréttis- og samkeppnismörkuðum*. Slík skoðun frá honum kemur sjálfsagt öðrum ekki á óvart frekar hér á hv. Alþ. En hitt hefðu menn þó kannske haldið, að hann héldi betur við trú sína á íslenzkan sjávarútveg en svo, að hann fullyrti, að við hefðum á engan hátt í fullu tré við Norðmenn, eftir að samkeppnisaðstaðan hefur verið jöfnuð með tollfrelsi beggja. En það fór ekki alveg ósvipað, að það sögulega gerðist á þessum sama fundi, að hv. form. þingflokks Framsfl. afneitaði hér Páli postula, og á eftir kom svo hv. 4. þm. Austf. og afneitaði sjávarútveginum með þessum hætti.

Ég er alveg sammála hv. 4. þm. Austf. um það, sem hann annað veifið sagði í ræðu sinni, að fullvinnsla íslenzkra sjávarafurða er örugglega eitt stærsta efnahagslega framfaramál okkar Íslendinga. En ég spyr: Ef að því ber að stefna, að mikill eða jafnvel meiri hluti fiskafurða okkar seljist fullunninn úr landi, hvar eru þá markaðsmöguleikarnir helztir? Er líklegt, að vanþróuðu löndin kaupi slíkar vörur í stórum stíl á dýrasta vinnslustigi? Ég held, að það sé a. m. k. afskaplega ólíklegt. Verður auðveldara fyrir okkur í framtíðinni að klífa tollmúra í Bandaríkjunum með slíka framleiðslu heldur en það er nú í dag? Ég vil auðvitað ekkert fortaka um það, hvort það kann að reynast mögulegt einhvern tíma, en það tekur áreiðanlega sinn tíma eins og fleira, ef það er þá mögulegt. A. m. k. er það ekki stefna íslenzks sjávarútvegs í dag að reyna slíkt. Þeir byggja það á því að fullvinna vöruna í landinu sjálfu vegna tollanna. Og hafa ekki draumarnir um mikinn útflutning á niðursuðuvarningi til Sovétríkjanna, sem einu sinni átti að bylta helzt öllu okkar atvinnulífi, rætzt frekar illa? Þar er að vísu um nokkurn markað að ræða, en verðið er óhagstætt og ekki nein örugg vissa eða einu sinni neinar líkur fyrir því, að þar sé um aukningu að ræða á næstu tímum. Það ber þó að hafa alla möguleika í huga og nýta þá, eftir því sem fremst er mögulegt. En það er ekki sennilegt að mínu viti, að Íslendingar geti sett traust sitt á þá markaði. Mín skoðun er sú, að þrátt fyrir samkeppni, sem ríkir á EFTA-markaði, séu þar, þegar til lengdar lætur, langmestar líkur á því að geta selt fullunna gæðavöru á hæsta vinnslustigi úr fiskafurðum okkar, og að það gerist ekki, nema tollmúrarnir séu brotnir niður. En ekki ber, þrátt fyrir það, að líta fram hjá öðrum þeim möguleikum, sem kunna að vera fyrir hendi.

Ég tel þess vegna alveg tvímælalaust, að val einangrunarstefnu gagnvart evrópskum fiskmarkaði hlyti að leiða til stórfellds tjóns, ef ekki í einstöku tilfellum til verðhruns, einnig á þeim mörkuðum, sem þá kynnu að standa okkur opnir. En varðandi sjávarútveginn er auðvitað aðeins eitt dæmi af mörgum um það, hvert einangrunarstefnan mundi leiða okkur í markaðsmálum, þ. e. í þá átt að verða sífellt háðari þrengra markaðssviði og þá í langsamlega flestum tilvikum lækkandi eða lægra verðlagi.

Ég tel, að *ef* við *veldum einangrunarstefnuna*, yrðu afleiðingarnar á pólitíska og menningarlega sviðinu engu lítilvægari. Það er nær því algjört lögmál, að í kjölfar einskorðaðra viðskipta eflast stjórnmálaleg og menningarleg tengsl þess aðilans, sem stærri er. Sovézk og bandarísk menning eða ómenning, hvort sem menn vilja heldur kalla það, mundu togast á um áhrifasvæðið Ísland, en það eru þau áhrif, sem við Íslendingar hljótum sízt að æskja. Við erum V.-Evrópuþjóð, við erum Norðurlandaþjóð og það viljum við vera. Ef viðskiptaböndin slitna milli okkar og lýðræðisþjóða V.-Evrópu í stöðugt ríkara mæli og þ. á m. Norðurlanda, þá hljóta menningartengslin smátt og smátt að fara sömu leið. Og við verðum í æ ríkara mæli togaðir og teygðir milli stórveldanna í austri og vestri. Ég skal engu spá um það, hvor yrði þar hinum yfirsterkari, enda hvor tveggja *tilhugsunin jafnógeðfelld* öllum þorra Íslendinga. En í þessu sambandi verður ekki fram hjá því komizt að benda á þá samfylkingu, og þá á ég við utanþings, hérlendra Sovétdýrkenda og bandarísksinnuðustu afturhaldsmanna, sem er deginum ljósari í afstöðu þeirra í þessu máli. Niðurstaða mín í þessum veigamikla þætti EFTA-málsins, einangrun eða einangrun ekki frá viðskiptum við lýðræðisþjóðir V.-Evrópu, er því augljóslega

sú, að val einangrunarinnar, þótt aðeins sé tekið tillit til útflutningsframleiðslu okkar, eins og hún nú er, sé háski fyrir þjóðina, efnahagslegur, menningarlegur og stjórnmálalegur háski, sem við verðum að sporna við og forðast.

Annað þeirra meginatriða, sem móta afstöðu mína og míns flokks til EFTA-aðildar, er sú samtvinnaða þörf, ég vil segja lífsnauðsyn, sem okkur er á því: 1) að verða í síauknum mæli iðnaðarþjóð, 2) að taka upp nýja stefnu, sem treyst geti, eftir því sem verða má, hagstæða verðlagsþróun. Hömlun skefjalausrar verðbólgu, eins og þeirrar, sem geisað hefur allt frá stríðslokum og sjaldan ákafar en á viðreisnartímabilinu, verður að hefjast þegar í stað, ef nokkur von á að vera til þess, að iðnþróun og iðnvæðing verði hér staðreyndir, sem geti bjargað út úr þeim ógöngum, sem við þjóðinni blasa að óbreyttri stefnu í þessum málum. EFTA-aðild ein tryggir auðvitað ekki slíka stefnubreytingu, en hún mun örugglega þrýsta á hana og auðvelda hana. Þörf nýrra, stórra árganga af íslenzku vinnuafli á næstu einum til tveimur áratugum, svo ekki sé lengra farið, verður ekki svarað með því einu, að þjóðlegar og heföbundnar atvinnugreinar verði efldar, þótt þar séu fyrir hendi vafalausir og miklir möguleikar, ef rétt er á haldið, og þá alveg sérstaklega í fiskiðnaði, sem EFTA-aðild vissulega mun bæði styrkja og styðja mjög verulega og það strax frá upphafi. Fyrr en síðar þarf hér að skapast sú tæknimenntun og verkmenning, að við getum með líkum hætti og ýmsar aðrar smærri þjóðir V.-Evrópu unnið iðnaðarvörur í stórum stíl, ekki aðeins úr innlendum hráefnum, sem megináherzlu ber þó að sjálfsögðu að leggja á fyrst um sinn, heldur einnig síðar úr erlendum hráefnum og selt þær á heimsmarkaðsverði, á samkeppnisfæru verði og samkeppnishæfar að gæðum. Aðild að EFTA er kannske ekki hvað sízt eins konar 10 ára áætlun um það að ná þessu marki, og þessu marki má vafalítið ná, ef vel er á málum haldið.

Til viðbótar dugandi og hæfu vinnuafli höfum við mikla óbeizlaða orku í fallvötnum og jarðhita, en ýmsar aðrar þjóðir V.-Evrópu, þ. á m. sumar þeirra, sem við einna bezt lífskjör búa, hafa raunar ekkert annað að selja en verkmenntun sína, tækni og tækniþjálfun. Engar náttúruauðlindir, ekkert hráefni, enga orku. Við höfum að vísu fjarlægð og flutningavandamál við að etja meira en þessar þjóðir, en á móti kemur sá auður, sem í náttúruorkunni býr, þannig að hér skortir í rauninni ekki annað en við reynumst færir um að efla verkmenningu okkar, tækniþekkingu og stjórnunar- og sölutækni til þess að geta skapað okkur jafnræði við þessar þjóðir um margháttaða iðnaðarframleiðslu, og þá einnig um lífskjör.

Þessum lífsnauðsynlegu markmiðum náum við ekki á næsta áratug, nema hér hefjist skipuleg atvinnuuppbygging, stjórn fjárfestingar- og peningamála, og ekki heldur nema hér takist sættir með fjármagni og vinnuafli um árvissar launa- og lífskjarabætur án örari verðbólguþróunar en í viðskiptalöndum okkar. Ef sívaxandi atvinnuleysi, lækkandi raunlaun eiga ekki að vera lífskjör okkar næstu ár og áratugi, eins og nú er, verða þessi markmið að nást. Við stjórnarandstæðingar vantreystum að vonum núv. ríkisstj. mjög í þessum efnum, en slíkt getur ekki að mínu viti ráðið úrslitum um afstöðuna til EFTA-aðildar. Við hljótum í fyrsta lagi að ræða þetta mál á þeim grundvelli, að núv. ríkisstj. og ríkisstjórnarsamstarf reynist ekkert eilífðarfyrirbæri. Ég frábið mér a. m. k. að ræða málið á öðrum grundvelli, því að ég held miklu fremur, að hún eigi sér ekki langra lífdaga auðið héðan af. Hitt fæ ég heldur ekki séð, að jafnvel með óbreyttri ríkisstj. væri þessum mikilvægu málum betur borgið, ef við stæðum utan EFTA, heldur miklu fremur hið gagnstæða. Það hefur verið fullyrt af EFTA-andstæðingum, að EFTA-aðild væri eins konar trygging fyrir núv. hæstv. ríkisstj. Ég segi aðeins: mjög hljóta þessir menn að örvænta um sína túlkun á málinu fyrir þjóðinni og gengi sitt framvegis, sem þannig ályktа. Mitt álit er þvert á móti það, að EFTA-aðild skapi margfaldan þrýsting á stefnubreytingu í grundvallaratriðum frá þeirri stefnu, sem núv. hæstv. ríkisstj. hefur fylgt.

Spurningin um EFTA-aðild eða ekki er auðvitað fyrst og fremst spurning um áhrif slíkrar aðildar á atvinnuvegi þjóðarinnar, bæði í náinni framtíð og þegar til lengri tíma er litið. Áhrif hennar á atvinnuvegina og þróun þeirra ráða svo að sjálfsögðu mestu um launa- og kjaraþróun vinnustéttanna. Séu þessi áhrif jákvæð og atvinnuvegunum hagstæð, leiðir beint af því, að öll aðstaða verkalýðshreyfingarinnar til að ná fram hærri raunlaunum og hærri lífskjörum breytist til hins betra.

Hagsmunalegur ávinningur þjóðarheildarinnar af EFTA-aðild er strax verulegur og augljós, hvað snertir aðalatvinnuvegi okkar, sjávarútveg og landbúnað. Deilur manna um þennan ávinning eru í rauninni aðeins um það, hversu mikill ávinningurinn sé, en ekki um það, hvort hann sé fyrir hendi eða ekki. Að því er þessar greinar snertir, er því auðsætt, og raunar ekki umdeilt, að aðildin gerir þessar greinar sterkari fjárhagslega og eykur getu þeirra til að auka atvinnu og bera betri laun en ella væri mögulegt. Friverzlun tryggir lægra verðlag að öðru jöfnu en vænta má, ef iðnvarningur er framleiddur innan tollmúra. Lægra verðlag er því neytendum ekki aðeins hagstætt, heldur einnig allri útflutningsframleiðslu og þess vegna stuðningur við hana og hlýtur að auka hæfni hennar til að greiða sómasamleg laun.

Sá kjarni spurningarinnar, sem þá stendur eftir, er raunverulega sá, hvort okkur tekst betur með EFTA-aðild á næstu 10 árum smám saman að ná því marki að vera fyllilega samkeppnishæfir í útflutningsgreinum okkar — jafnt þeim, sem við nú stundum og þeim greinum, sem okkur þykir síðar hentugt að glíma við, án þess að sú samkeppni byggist á því, að

laun séu lægri hér en meðal samkeppnisþjóðanna. Ég tel, að það verði eitt meginhlutverk verkalýðshreyfingarinnar á næstu árum að tryggja það með raunsærri kjarabaráttu, að þessu skilyrði verði fullnægt, og ég vísa m. a. í þessu efni til þess, að sambandsstjórnarfundur Alþýðusambands Íslands lagði á það sérstaka áherzlu í ályktun sinni nú fyrir nokkru, að Alþýðusambandið teldi breytingu, verulega breytingu á kaupgjaldi enn nauðsynlegri, ef af EFTA-aðild yrði.

Með EFTA-aðild útilokast að mínum dómi, eða verður a. m. k. stórum örðugra en áður, að beita því þrátefli, sem hér hefur verið beitt allt of lengi og hindrað hefur flestu fremur raunverulegar kjarabætur — því bragði að veita launahækkunum jafnóðum út í verðlag og láta launastéttirnar borga kauphækkanirnar sjálfar. Gengisfellingar eða hliðstæðar hagstjórnaraðferðir með tilheyrandi verðbólgu, sem hér hefur verið beitt til þess að halda launum niðri, eru ósamrýmanlegar þeirri iðnþróunarstefnu, sem EFTA-aðild gerir mögulega og okkur er lífsnauðsyn að taka upp. Verði því hér nokkur vitleg stjórnarstefna ráðandi, mun því grundvöllur kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar breytast á þann veg, að hann verður raunhæfari en verið hefur. Það, sem vinnst, mun síður glatast en áður, verður tryggara í hendi. En stóru kollsteypurnar hverfa úr sögunni, kollsteypurnar, þar sem hverri launahækkun er svarað með gengisfellingu og öðrum álíka hætti, væru stórlega torveldaðar. Engir ættu að verða slíku fegnari en sú verkalýðshreyfing, sem lifað hefur sitt aldarfjórðungsstríð a. m. k. fyrir bættum launakjörum og hefur tekizt frá stríðslokum að um það bil tífalda sjálfa launahæðina, en stendur nú samt, hvað raunverulegan kaupmátt snertir, í sömu sporum og þá, eða jafnvel verr, meðan verkalýðshreyfingunni annars staðar á Norðurlöndum hefur tekizt að tvö- til þrefalda raunlaun á sama tímabili.

Varðandi launakjörin má hér bæta því við, því veigamikla atriði, að EFTA-aðild hlýtur að þrýsta mjög á og styðja við þá kröfu íslenzkrar verkalýðshreyfingar, að launakjör verði hér sem líkust og tíðkast meðal grannþjóðanna. Sömu markaðir, svipað verðlag á útflutningsgreinum hljóta að vera hér þung lóð á metaskálunum og stuðla að jöfnuði landa í milli fremur en hitt. Niðurstaða mín er því sú, að EFTA-aðild skapi að öðru jöfnu traustari grundvöll fyrir árangursríkri kjarabaráttu og jafnframt fyrir fullri atvinnu. Ég sagði að öðru jöfnu því að það sé fjarri mér að ætla, að aðild að EFTA sé einhver töfraformúla, sem flestan eða allan vanda geti leyst. Þvert á móti held ég, að hér sé fyrst og síðast um að ræða innanlandsmál okkar, okkar eigin heimilismál, þar sem vitleg hegðan okkar sjálfra ræður úrslitum. EFTA-aðild tryggir okkur ekki lausn þessara heimilismála, en ef rétt er á haldið, mun hún létta okkur viðunanlega lausn þeirra.

Ég hef áður látið í ljósi það álit mitt, að sú samningsgerð, sem hér liggur fyrir, hafi farið vel úr hendi, enda er auðsætt, að í nær öllum greinum hefur verið orðið fullkomlega við þeim óskum, sem Íslendingar settu fram varðandi undanþágur og skilmála vegna sérstöðu þjóðarinnar. Hitt er svo annað mál, að undirbúningur sumra þátta málsins hefur að mínu viti ekki verið sem skyldi, og á ég þar sérstaklega við það, að sérfræðilegar athuganir á stöðu íslenzks iðnaðar með tilliti til EFTA-aðildar hafa ekki verið svo fullkomnar sem vera hefði þurft, þótt þar hafi verið verulega bætt um með skýrslu Guðmundar prófessors Magnússonar, sem birt var þm. fyrir fáum dögum og ég tel, að sé vafalaust vel unnið verk miðað við tíma og aðstæður, og alveg ástæðulaust að vanþakka það verk, sem þar hefur verið unnið, eins og hér hefur verið gert í umr. Enn hefur á það skort, að gerðar hafi verið nægilegar athuganir á því, og enn síður áætlanir um það, hvaða greinum nýs útflutningsiðnaðar helzt bæri að snúa sér að, ef af EFTA-aðild yrði. Það má að vísu segja, að til slíkrar athugunar sé enn nokkur tími og tækifæri á því fjögurra ára tímabili, sem nú fer í hönd, áður en staða iðnaðarins í heild breytist til muna. En allt um það hefur hér skort á um undirbúning, sem verður að teljast sanngjarnt, að farið hefði fram. Þetta skapar að vonum óþarfa efasemdir og tortryggni, sem ég tel, að komast hefði mátt hjá, ef nægilega vel hefði verið að unnið.

Þá ber og að harma, að málið hefur ekki verið kynnt þjóðinni sem skyldi, áður en að úrslitastundu var komið, og hygg ég það helztu orsök þess mótbyrs, sem enn gætir gegn málinu. En ég hygg, að hann muni eyðast, þegar hlutlausar upplýsingar eru gefnar og koma fram. Mér þykir t. d. alveg auðsætt, að einstaka mótmælaályktanir, sem hafa verið birtar í blöðum að undanförnu og ekki eru að vísu enn a. m. k. orðnar margar né sérstaklega sterkum rökum styrktar, eigi flestar rætur í ófullnægjandi vitneskju um þetta mikla og að ýmsu leyti flókna mál. En ekkert af þessari gagnrýni minni á málsmeðferð og undirbúningi málsins á fyrri stigum er þó í mínum augum svo veigamikið, að það geti ráðið úrslitum um afstöðu til málsins í heild sinni. Ég tel, að hagsmunir þjóðarinnar, hagsmunir allrar alþýðu manna, krefjist þess, að við höfnum efnahagslegri einangrunarstefnu og treystum á allan hátt efnahagssamvinnu og menningartengsl við aðrar Evrópuþjóðir og þá sérstaklega Norðurlöndin án þess að láta nokkuð af sjálfsákvörðunarrétti okkar af hendi. Okkur er lífsnauðsyn að iðnvæðast og skapa með þjóðinni öflugri iðnþróun til þess að tryggja tilverugrundvöll og lífsskilyrði okkar á komandi árum fyrir vaxandi þjóð og til þess að tryggja efnahagslegt öryggi hennar. Ég tel, að aðild að EFTA geti verið lykill að slíkri þróun, og því beri okkur ekki að hika við að samþykkja hana.

Með þessu er þó á engan hátt goldið jáyrði

við hugsanlegri stefnu og reyndar á suma grein yfirlýstri stefnu hæstv. ríkisstj. varðandi ýmsa þætti í eftirmeðferð málsins. Þá stefnu hennar, sem nú hefur verið staðfest með flutningi frv. um söluskatt t. d., þ. e. þá að jafna tekjumissi ríkissjóðs vegna niðurfellingar tolla alfarið með því að hækka söluskatt, sem gengur nokkurn veginn jafnt yfir allar nauðsynjar almennings, tel ég fráleita, eins og nú stendur og mun berjast gegn henni eftir því, sem mitt atfylgi dugir þar til. Ég tel og, að þessi stefna sé mjög misráðin af hæstv. ríkisstj. og verkalýðshreyfingin hljóti að snúast öndverð gegn slíkri skattastefnu, og þó allra frekast nú, þegar laun hafa verið lækkuð svo geypilega, sem raun er á, og samsetning neyzlunnar orðið slík, sem nú er hjá láglaunafólki. Og þess vegna mun verkalýðshreyfingin neita að taka fyllista tillit til þessarar stefnu við næsta tækifæri, þegar hún semur um kaup sitt og kjör. Ég held, að það hefði verið miklu ráðlegra fyrir hæstv. ríkisstj. að leita samráðs við verkalýðshreyfinguna um meðferð þessa máls, og sannast að segja vil ég ekki trúa því, fyrr en ég tek á, að þessi þáttur eftirmeðferðar málsins verði knúinn hér fram á einni viku, heldur verði það mál allt athugað betur og bæði þm. og öðrum gefið betra tækifæri en gert er með fárra daga meðferð hér á þinginu til þess að útkljá það.

Annað atriði eftirmeðferðar þessa máls vil ég einnig gera örlítið að umtalsefni, þ. e. varðandi breytingar á l. um iðju og iðnað og l. um verzlunaratvinnu. Með þessum fylgifrv. virðist mér, að reynt sé að tryggja eða jafnvel sé fulltryggt, að íslenzk stjórnvöld hafi þrátt fyrir ákvæði gr. EFTA-sáttmálans úrslitavald um það, hver eða hvort erlend fyrirtæki fái hér aðstöðu til atvinnurekstrar eða ekki. Með þessum frv., ef þau verða að l., verður raunverulega sú ein meginbreyting á frá núv. skipan þessara mála, að valið og valdið verður hjá ráðh. og ríkisstj., en ekki hjá Alþ. eins og nú er. Hér er auðvitað ekki um úrslitaatriði að ræða, þar sem það má ætla, að engin ríkisstj. eða a. m. k. það geti trauðla gerzt, að ríkisstj. gefi atvinnurekstrarleyfi til handa útlendingum, nema nokkurn veginn sé tryggt, að meirihluta þingvilji sé að baki, og hingað til hefur það a. m. k. reynzt auðvelt fyrir núv. hæstv. ríkisstj. að fá vilja sínum framgengt, þegar um rétt erlendra aðila til atvinnurekstrar hefur verið að ræða. En hugsanlegt er, a. m. k. fræðilega, að ríkisstj. hafi ekki meiri hl. á Alþ. fyrir hugsanlegum ákvörðunum ráðh. eða ríkisstj. um þetta efni, og ætti slík ákvörðun þá ekki í slíku tilfelli neinn rétt á sér. Þess vegna þykir mér sjálfsagt, að hér verði gerð sú breyting á, að úrslitavaldið í þessum efnum verði framvegis sem hingað til í höndum Alþ.

Ég orðlengi ekki frekar um þetta mál nú að sinni. Niðurstaða mín í málinu er augljós. Ég er þessu máli fylgjandi, og ég veit ekki betur en sá flokkur, sem ég hef staðið að að mynda, sé það heill og óskiptur.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Sízt er orðum aukið, þó að sagt sé, að fá mál hafi komið betur undirbúin fyrir hið háa Alþ. heldur en það, sem nú er hér til meðferðar. Það er vitað, að verulegar athuganir áttu sér stað á því, hvort Íslendingar ættu að gerast aðilar að EFTA, um svipað leyti og til þeirra samtaka var efnt, þ. e. á árunum milli 1955 og 1960. Síðan var málið allt tekið upp til nýrrar skoðunar snemma á þessum áratug, þegar við blasti, að Efnahagsbandalagið mundi stækka með aðild Breta og nokkurra annarra EFTA-landa, vegna þess að menn gerðu sér grein fyrir, að ef slík ein stór efnahagsheild skapaðist í Evrópu, þá yrðu Íslendingar með einhverjum hætti að gera sérsamninga við þau samtök, þó að hitt hefði hér aldrei fylgi, að Íslendingar gerðust fullir aðilar slíkra samtaka. En úr þessum samruna varð ekki, heldur var honum slegið á frest fyrir synjun þáv. forseta Frakklands. Efnahagsaðstæður á Íslandi voru einnig á þessum árum slíkar, að ekki var talin knýjandi nauðsyn til nýrrar markaðsöflunar með þeim hætti, sem EFTA-aðild hlýtur að greiða fyrir. En þeir örðugleikar, sem Íslendingar hafa verið í síðustu 2—3 ár, og reynsla af óvissu og tekjumissi, sem við sárlega höfum orðið fyrir, varð til þess að vekja málið að nýju. Og nú hafa fulltrúar flokkanna starfað að þessu máli í full 2 ár. Á síðasta Alþ. var samþ. till. um, að Íslendingar skyldu leita eftir því að verða aðili samtakanna, og hefur auðvitað margföld athugun átt sér stað á málinu í sambandi við þá samningagerð alla, sem ég hygg, að engum blandist hugur um, að tekizt hafi í heild okkur á mjög happasælan hátt. Við höfum í öllum þeim atriðum, er við töldum hyggilegt að setja á oddinn, fengið framgengt því, er við töldum okkur nauðsynlegt. Frá því að þeim samningum var lokið, eru nú nokkrar vikur liðnar, svo að menn hafa í ljósi þeirrar niðurstöðu, sem þá fékkst, enn getað skoðað málið allt í heild. Það var því að margathuguðu máli, að till. sú, sem hér er til umr., var lögð fyrir hið háa Alþ. og útbýtt nú fyrir réttri viku.

Algert öfugmæli er þess vegna að halda því fram, að það sé farið að rasandi ráði við meðferð þessa máls, að menn hafi ekki haft nægan tíma né hafi nægan tíma til þess að átta sig á því. Það er ljóst, að ef málið verður afgr. fyrir jól, eins og að er stefnt, þá hefur þingleg meðferð þess staðið rúmar tvær vikur, og er það ámóta tími og mál, miklu miður undirbúin, en allflókin og veigamikil, hafa stundum haft til meðferðar. Vitna ég þá t. d. bæði í sambandslögin á sínum tíma, 1918, og ákvörðun um aðild okkar að Sameinuðu þjóðunum 1946.

Hér er því að einu og öllu þinglega að farið, og óneitanlega kemur það úr hörðustu átt, þegar hv. stjórnarandstæðingar finna að því, að þeim sé ekki ætlaður nægur tími til athugunar málsins, þegar menn hafa í huga þeirra eigin vinnubrögð, meðan þeir réðu lögum og

lofum á Alþ. Þess er skemmst að minnast, að á síðasta valdaári þeirra, 1957—1958, þá sat Alþ. starfslaust að mestu frá því á haustdögum 1957 þangað til um miðjan maí 1958, þegar útbýtt var frv. um útflutningssjóð o. fl., sem hafði í sér fólgnar flóknar efnahagsráðstafanir. Það mál var síðan afgr. á rösklega hálfum mánuði. Því var útbýtt 13. maí, en afgr. 29. maí. Þetta var þó langur tími miðað við það, sem sams konar ráðstafanir höfðu fengið á þingi rétt fyrir jólin 1956, þegar frv. með sama nafni var útbýtt 19. des., en hlaut afgreiðslu þegar 22. des. Þetta frv. var með 40 gr. og tilvitnunum í marga lagastafi. Við, sem þá vorum í stjórnarandstöðu, fengum að sjá frv. ásamt grg. rétt fyrir miðnætti daginn áður og vannst sannast að segja naumur tími til þess að átta okkur á málinu. Við viðurkenndum hins vegar, að það væri nauðsyn á, eins og þá stóð, að afgr. málið. Við greiddum ekki atkv. á móti afbrigðum, þó að við teldum allar þessar ráðstafanir mjög hæpnar.

Ég vitna ekki í þessi dæmi til þess að segja, að þau séu til fordæmis, þvert á móti, þau eru víti, sem ber að varast. En þegar hv. stjórnarandstæðingar og einkum framsóknarmenn halda fjálgar ræður og skrifa hástemmt um lítilsvirðingu, sem hinu háa Alþ. sé sýnd með meðferð þessa máls, þá hljóta menn að rifja upp þessar staðreyndir, og það eru spor, sem hræða.

Nú skal ég játa, að þetta mál er miklu flóknara en eingöngu sú eina þáltill., sem hér liggur fyrir. Það eru nokkur önnur mál, sem eru í sambandi við það. Það er breyt. á l. um iðju og iðnað og um verzlunaratvinnu. Það eru breyt. á tollskrá og á söluskatti. Sannleikurinn er sá, að sumum þessara mála liggur ekkert á í meðferð þingsins, eins og frv. um iðju og iðnað. Um hin frv. gildir það, að þau verða að fá eftir atvikum skjóta þingmeðferð. Það er að vísu ljóst, að þau geta fengið ólíkt betri meðferð heldur en menn urðu að sætta sig við 1956, en því fer fjarri, að ríkisstj. hafi hug á því að knýja þessi mál endilega fram nú fyrir jól. Ef menn óska frekar eftir því að sitja hér fram yfir jól, fram í janúar, eða byrja aftur tiltölulega snemma í janúar, þá er það mjög til athugunar og sjálfsagt, að um það sé haft fullt samráð á milli manna. En ég bendi einungis á þá staðreynd, að nú er ráðgert, að Norðurlandaráð komi hér saman til fundar hinn 7. febr. og standi það þing í vikutíma. Meðan á því þinghaldi stendur, getur Alþ. ekki starfað. Við skulum þess vegna átta okkur á, að annaðhvort verðum við að haga málsmeðferð þeirra frv., sem hér liggja fyrir og segja má, að ekki skipti öllu máli, hvort séu afgr. deginum fyrr eða síðar, tollskráin og söluskatturinn, þannig, að menn kjósi heldur að afgr. þau í janúar í síðasta lagi, þ. e. a. s. áður en Norðurlandaráðið komi saman, eða menn semji um svo stuttan tíma til afgreiðslu þeirra eftir Norðurlandaráðsfundinn, að þau geti örugglega verið komin úr hendi nokkrum dögum fyrir 1. marz, þ. e. a. s. áður en ráðgerð EFTA-aðild okkar hefst. Og það efast ég um, að hægt sé, ef menn eru ekki fúsir til fundarhalds hér í janúar. En eins og ég segi, það er síður en svo, að stjórnin hafi hug á því að þrengja þessum málum óathugað í gegnum þingið.

Ég tel sjálfsagt, að það verði athugað og haft samráð á milli flokka um það, hvernig vinnubrögðum verði bezt háttað. Hitt verða menn að skilja, að stjórnin hefði legið undir réttmætri gagnrýni, ef hún hefði ekki nú þegar lagt öll þessi frv. fyrir hið háa Alþ., vegna þess að öll eru þau hluti af þessu meginmáli, þó að misjafnlega fljótt þurfi að afgr. þau. Það er eðlilegt, að þingheimur óski þess, jafnt stjórnarstuðningsmenn sem andstæðingar, að það liggi ljóst fyrir, hverjar till. stjórnarinnar í þeim séu. Enda er það nú svo, að þó að sérstaklega tollskráin sé viðamikið mál að stærð, þá er breyt. á henni tiltölulega mjög einföld. Þar er fylgt meginreglum, sem menn verða að taka afstöðu til, með eða á móti. Þeir verða að segja annaðhvort já, já eða nei, nei, þeir sem vilja gegna sinni þingmannsskyldu. Fram hjá slíku komast menn ekki. En eðlilegt er, að þm. óski eftir að skoða þetta, þannig að það sé ekki annað í þessu fólgið heldur en þessar meginreglur og þau önnur atriði, sem fram er tekið, að séu í frv. Mér skilst, að stjórnarandstæðingar vilji hafa þessa skemmtilegu lesningu yfir jólahátíðarnar, og tel ég það þeim þá sízt of gott, sannast að segja.

Ég held þess vegna, að við getum sparað okkur aðfinningar um það, að hér sé verið að hafa óeðlilega málsmeðferð og fara öðruvísi að heldur en venja sé til og gera beri um meiri háttar mál, því að það tel ég þetta mál fyllilega vera, gagnstætt því, sem stjórnarandstæðingar segja öðru hvoru. Þeir segja í öðru orðinu, að þetta sé með allra stærstu málum, sem Alþ. hefur lengi fjallað um, og í hinu, að hér sé ekki um neitt stórmál að ræða. Skoðun mín er sú, að hér sé vissulega um mikið stórmál að ræða, en mál, sem menn hafa haft ekki einungis vikur og mánuði, heldur ár til þess að íhuga. Og ég legg þá einnig áherzlu á, að það hefur alltaf legið ljóst fyrir, að ef úr EFTA-aðild yrði, þá verði nauðsynlegt að breyta tollskránni, og ráðgert hefur verið nú um árabil og komið fram í öllum umr., að þá yrði einnig að hækka söluskatt. Hitt játa ég svo, að það getur legið undir mati, hvað söluskattshækkunin eigi að verða mikil, til hverra hún eigi að ná og hverjar aðrar ráðstafanir þurfi að gera af því tilefni. En þannig er það með alla löggjöf, að um hana verður að taka ákvarðanir smám saman, af því að af einu leiðir oft annað. Fyrst er að koma sér niður á fyrsta stigið og taka síðan önnur í framhaldi af því. Þær allsherjarbreytingar á skattalöggjöf og tryggingarlöggjöf, sem sagt hefur verið að þyrfti að gera af þessu tilefni, er hægt að gera, þegar menn átta sig betur á, hvernig þetta verkar. Til þess verður nægur tími, hvenær sem þinghald verður eftir áramót og hvernig sem þinghaldinu verður háttað að öðru leyti. En annars hygg ég, að það sé allt of mikið gert úr þeirri þjóðfélags-

umbyltingu, sem leiði af slíkri skattlagningu eins og söluskattinum. Það er algerlega fráleitt að halda því fram, að með því sé verið að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari, eins og heyrzt hefur. Enda er það harla athyglisvert, að slíkur söluskattur er á öllum Norðurlöndum, hefur verið settur þar á af þeim flokkum, sem fyrst og fremst styðjast við verkalýðshreyfinguna. Þeir hafa talið vinning að slíkri skattlagningu í sívaxandi mæli, og á það einnig við um okkur, ekki síður en aðra. Enda bregður svo einkennilega við, að í öðru orðinu halda hv. stjórnarandstæðingar því nú fram, að of illa sé búið að fyrirtækjum og atvinnurekstri hér á landi. Þeir benda á það með réttu, að það þurfi að auka afskriftareglur og annað slíkt. Ef þessu hefði verið haldið fram fyrir nokkrum árum af okkur sjálfstæðismönnum, hefði sú bumba verið barin, að hér væri verið að ívilna þeim ríku. Nú er annað að heyra, og er það vissulega gleðilegt, ef það reynist svo, að þessir menn vilji með áhrifum sínum raunverulega stuðla að þessari breytingu.

Ég sé, hæstv. forseti, að ég verð ekki búinn með ræðuna fyrir kaffihlé og vildi þess vegna óska eftir að mega halda áfram eftir kl. 5. (**Forseti:** Það verður orðið við þeim tilmælum hæstv. forsrh. að gera hlé á fundinum til kl. 5.) — [Fundarhlé.]

Herra forseti. Þá er því haldið fram, að hvað sem líði aðild að EFTA yfirleitt, þá sé þetta mjög óheppilegur tími, sem nú sé valinn til ákvörðunar, vegna þess að við blasi, að þessi samtök séu að leysast upp og væntanlega muni þau eða nokkur hluti þeirra mjög bráðlega renna saman við Efnahagsbandalag Evrópu. Ég hygg, að ég fari rétt með það, að hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, hafi haldið því fram hér í umr., að undirbúningsviðræðum milli Bretlands og Efnahagsbandalagsríkjanna ætti að vera lokið fyrir mitt árið. Þetta er alger misskilningur. Það er að vísu svo, að *snemma í þessum mánuði var haldinn fundur*, toppfundur svokallaður, innan Efnahagsbandalagsins, og þar var samkomulag um, að teknar skyldu upp viðræður við þau ríki, sem þegar hafa sótt um aðild, þ. e. a. s. Bretland, Danmörk, Noreg og Írland. En ýmsum skilyrðum átti að vera fullnægt, áður en þær umræður hæfust. Í sjálfri samþykktinni, sem á þessum fundi var gerð, eru ekki sett nein ákveðin tímamörk en í skýringum, sem látnar voru fylgja, er talað um, að umræðurnar eigi að geta hafizt ekki síðar en fyrir júnílok, þ. e. a. s. að þá eiga viðræður að hefjast milli þessara umsóknarríkja og Efnahagsbandalagsríkjanna, sem er allt annað en hv. þm. hélt fram, að viðræðunum ætti þá að vera lokið. Nú eru þessi tímamörk ekki einu sinni ákveðin, eins og ég segi, og það er ráðgert, að ýmsum skilyrðum þurfi að vera fullnægt, áður en þessar viðræður hefjist, þ. á m. eiga Efnahagsbandalagsríkin eftir að koma sér saman um sameiginlega stefnu í landbúnaðarmálum, þ. e. a. s. ákvörðun um styrkveitingar til bænda, aðallega í Frakklandi og raunar víðar. Einnig er ráðgert, að þær komi sér saman um sameiginlega gjaldeyrisstefnu, jafnvel gjaldeyrissjóð, að þær komi sér saman um samfellda pólitíska stefnu, sem þeim hefur ekki tekizt enn þá, og sameiginlegt skilyrði, sem setja eigi væntanlegum viðsemjendum.

Nú geta menn haft mjög mismunandi skoðanir á því, hvort það takist að koma sér saman fyrir ríkin um allt þetta á því rúma hálfa ári, sem hér er til stefnu. Þar veltur auðvitað mest á því, hvort Frakkland hefur í raun og veru breytt um stefnu frá tímum de Gaulles, eins og ýmsir halda, eða hvort hér er um, ef svo má segja, taktíska breytingu að ræða, vegna þess að núverandi valdhafar þar treysti sér ekki til að fylgja fram hinni einstrengingslegu stefnu hershöfðingjans, hins fyrrv. forseta. Út af fyrir sig trúi ég því, að Frakkar hafi breytt um stefnu, og hefur þó vantrú á því komið fram hjá ýmsum. En það er ljóst, að jafnvel þó að þessar viðræður gætu hafizt nú um mitt árið, þá er ráðgert, að þær taki langan tíma. Það má segja frá því, að þegar ráðherrar frá Lúxembúrg voru hér í sumar, ræddum við þessi mál við þá, sem eru þessu efni nákunnugir. Þeir létu uppi við okkur, að slíkar viðræður mundu taka svo langan tíma, að það væri útilokað, að Efnahagsbandalagið stækkaði fyrr en eftir 3—4 ár. Sömu skoðun hefur sá Breti, sem þessum málum er kunnugastur, formaður Íhaldsflokksins brezka, Heath, látið uppi, en hann var aðalsamningamaður Bretlands við samningsgerðina á sínum tíma, þær tilraunir, sem de Gaulle stöðvaði snemma árs 1963. Heath hefur nú látið uppi, að hann teldi, að þessu yrði ekki lokið fyrr en svo, að Bretland mætti ekki vænta þess að geta gerzt aðili fyrr en á árinu 1973 eða 1974. Wilson hefur talað um eitthvað skemmri tíma, en ekki bundið sig við ákveðið tímamark. En hann hefur þó sagt, að þetta væri gott, svo langt sem það næði, sem hingað til hefði gerzt, að Bretar yrðu *að gera sér grein fyrir því*, að *þeir mundu ekki* eiga kost á aðild nema þurfa að borga þá aðild dýru verði. Þeir yrðu að vera við því búnir, að það verð yrði svo hátt, að þeir treystu sér ekki til þess að greiða það. Hann hefur þannig allan vara á um aðild Breta. Enn er þess að gæta, að viðbúið er, að kosningar í Bretlandi verði á þessu tímabili, og líklegt er, að það geti verkað til truflunar á ýmsa vegu, bæði að menn verði hikandi fyrir kosningar að taka ákvarðanir og lendi í yfirboðum um harða kosti af Breta hálfu, eins og við þekkjum að eiga sér stað hvarvetna í stjórnmálaerjum. Ég held því, að rétt sé að gera sér grein fyrir því, að því fer fjarri, að það blasi við upplausn EFTA á næsta leiti. EFTA á eftir að standa enn allmörg ár. Og það er með öllu óvíst enn þá, hvort verður úr þessum samruna EFTA-ríkja við Efnahagsbandalagið.

Það hefur verið vikið að því hér í umr., óbeint þó, að þau tíðindi, sem gerðust í Finnlandi, þar sem Finnar afboðuðu þátttöku sína

í áframhaldandi umræðum um NORDEK, bentu til þess, að þeir héldu, að Efnahagsbandalagið væri á næstu grösum. Það er vafalaust, að Haag-fundurinn átti nokkurn þátt í þessari ákvörðun Finna. Finnland hefur að ýmsu leyti sérstöðu, sem ég skal ekki fara frekar út í. NORDEK-umræðurnar eru hins vegar allt annars eðlis heldur en varðandi áframhald EFTA. Varðandi NORDEK er um það að ræða, hvort menn vilji ráðast í stofnun nýrra alþjóðlegra samtaka, sem bundin séu við fjögur ríki. Það má vel færa rök að því, að sú ljósglæta, sem hefur birzt í sambandi við Efnahagsbandalagsríkin, verði til þess, að mönnum þyki skynsamlegt að fresta ákvörðun um NORDEK, vegna þess að þar er um algera nýjung að ræða. Önnur Norðurlandaríki telja þetta aftur á móti ekki skynsamlegt. Það er og af síðari fregnum alveg ljóst, að innanríkismál í Finnlandi og það, að kosningar eiga að fara fram þar í marz, hafa ráðið ekki minna um þessa ákvörðun finnsku stjórnarinnar heldur en Haag-fundurinn. Er raunar ljóst af síðari ummælum forsætisráðherrans finnska, að það eru einungis sumir finnsku flokkanna, en ekki hans eigin flokkur, sem töldu, að þessa ályktun ætti að draga af því, sem gerzt hefur í Haag og tekin var ákvörðun um, áður en Finnum var í raun og veru ljóst, hvað hafði gerzt á Haag-fundinum, sem enn er í raun og veru efnislega óljóst, eins og ég sagði, hverjar afleiðingar verða af.

Þetta mál er því allt algerlega í deiglunni, og því fer fjarri, að við eigum að miða okkar ráðstafanir við það, að sum EFTA-ríkin muni af skyndingu gerast aðilar Efnahagsbandalagsins. Við skulum einnig hafa það í huga, að það kemur ekki til greina, eftir því sem enn er vitað, að Svíþjóð gerist fullkominn aðili Efnahagsbandalagsins, og alveg útilokað, að Finnland geri það, og harla ósennilegt, að Sviss geri það. Það er því ljóst, að mörg EFTA-ríki verða utan Efnahagsbandalagsins, hvort sem samningaviðræður þar hefjast fyrr eða seinna og hvernig sem þeim lyktar. En hitt blasir við, og það skulum við einnig muna, að EFTA-ríkin hafa bundizt um það samtökum og því er marglýst yfir, að í viðræðum um aðild að Efnahagsbandalaginu muni þau, sem hyggjast gerast aðilar að því bandalagi, — þau ríki muni eftir föngum leitast við að tryggja öðrum EFTA-ríkjum þannig samninga við Efnahagsbandalagið í heild, að þau verði ekki verr sett eftir en áður. Enda er það mjög ólíklegt, svo að vægt sé til orða tekið, að Noregur og Danmörk vilji slíta þeim efnahagstengslum, sem þegar eru komin á við Svíþjóð og raunar Finnland einnig. Það er greinilegt, að þau munu eftir sem áður reyna að halda því, sem áunnizt hefur með EFTA-samtökunum, og tryggja, að þau tengsl rofni ekki, sem tekizt hefur með miklum erfiðismunum að skapa á milli Norðurlandaríkjanna einmitt fyrir milligöngu EFTA. Hvernig þau tengsl verða, er svo allt annað mál. Um það get ég ekki sagt á þessu stigi. En ég er sannfærður um, að einmitt sú staðreynd, að við blasa á næstu missirum samningar við Efnahagsbandalagið, á að verða hvöt fyrir Ísland til að gerast aðili að EFTA, vegna þess að svo varhugavert sem það er fyrir okkur að vera utan við EFTA og Efnahagsbandalagið, þeim mun hættulegra verður, ef við verðum utan við algera heild höfuðviðskiptaþjóða okkar, sameinaðra í Efnahagsbandalaginu. Með þessu segi ég ekki, — ég undirstrika það alveg greinilega, — ég tel, að það komi ekki til álita, að Ísland geti gerzt fullkominn aðili að Efnahagsbandalaginu. Það hefur verið rakið fyrr í þessum umr., að það bandalag er þeim mun sterkara á alla vegu og strangara, að Ísland á þar ekki heima, a. m. k. svo langt sem við getum séð. Hitt er mér ljóst, að við þurfum, ef þarna myndast ný, stór heild, að ná einhverjum viðskiptatengslum við þá efnahagsheild, vegna þess að þá eru þar samankomin þau ríki, sem við höfum haft a. m. k. helming og stundum allt að því 60% af okkar viðskiptum við, og það væri okkur stórhættulegt, ef við værum algerlega utan tengsla við þann mikla markað. Svo mikið tjón sem ég tel, að við höfum beðið af því að vera utan við EFTA, þá hafa þó viðskipti okkar við þau lönd haldizt í svipuðu horfi og þau voru næstu ár á undan, þar koma ýmsar ástæður til greina, en þau fara greinilega minnkandi við Efnahagsbandalagið, og ef þessi ríki tengjast öll saman og útiloka Ísland, þá erum við vissulega illa stödd. En við skulum hafa það í huga, að fullkomin aðild að Efnahagsbandalaginu eða innganga í Efnahagsbandalagið inn um einhverjar bakdyr, eins og hér hefur komið til greina, er útilokuð. En það er nauðsyn á einhvers konar samningum við þau samtök, og sú nauðsyn verður því ríkari sem þau verða sterkari og öflugri. Hvort það næst með viðskiptasamningum, hvort það næst með einhvers konar aukaaðild, það er mál, sem verður tekið upp á sínum tíma, þegar það liggur ljóst fyrir, hvort nokkuð verður úr þessari stækkun, og þá í hvaða mynd.

Við skulum treysta því, að þá verði haldið á þeim málum af þeim, sem verða við völd á þeim tíma, af skynsemd og hófsemd. En við eigum ekki að gera leik að því að útiloka okkur fyrir fram frá öllum skiptum við þann stóra markað, sem þar kemur upp, og leiðin til þess, að þau skipti verði auðveld eða okkur hagkvæmari, er einmitt sú, að við höfum samfylgd við aðra, ekki eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér á dögunum, að við ætluðum að láta aðra fara að semja fyrir okkur, slíkt hefur engum dottið í hug, en það er styrkur að samfylgd annarra og ekki sízt fyrir litla þjóð og lítið ríki eins og Ísland að vera í hópi annarra. Að því er styrkur, og við megum ekki ætíð óttast eða láta svo sem við missum okkar sjálfstæði, þó að við höfum eðlilega samvinnu við aðrar þjóðir.

En við skulum segja, að mönnum sýndist á sínum tíma, — eftir hvað mörg ár sem það verður, — að það væri ekki hyggilegt fyrir okkur að leita neinna sérsamninga við þessa

nýju efnahagsheild, sem menn hafa misjafna trú á, hvort tekst að skapa eða ekki, og vildum draga okkur í hlé, hverju er þá tapað? Hvað höfum við misst með því að gerast aðilar að EFTA nú og vera þar aðilar í 3–4 ár, eins og ég geri ráð fyrir að vera muni, þangað til úr þessu fæst skorið til hlítar? Við skulum segja, að það væru bara 2–3 ár. Hverju er tapað? Ég sé ekki, að neinu yrði tapað. Þá hafa menn einmitt færi til þess, ef þeir telja skynsamlegt, að draga sig í hlé. Þá er komið nýtt viðhorf. Eftir nokkra reynslu geta menn gert upp sinn hug á ný án þess að þurfa formlega upp úr þurru, ef svo má segja, að segja sig úr EFTA. Menn geta neitað að vera með í þeim nýju tengslum, föstum eða lausum, sem þá verða mynduð. En það, sem við vinnum þegar í stað, er það, að við fáum tollfrelsi nú þegar innan EFTA-ríkja, strax og við göngum í þau samtök. En samkeppni af þeirra hálfu á Íslandi kemur ekki til að bitna á íslenzkum fyrirtækjum, ekki að neinu marki, fyrr en eftir fjögur ár og smám saman á 10 ára tímabili, þannig að við höfum allt að vinna á því árabili, sem hér er verið að tala um, en engu að tapa í raun og veru.

Við höfum meira að vinna en tollfrelsið eitt á þessu tímabili. Iðnþróunarsjóðurinn er einnig tengdur því, að við gerumst aðilar að EFTA. Ég get ekki annað en látið uppi furðu mína á því, að hófsamur maður eins og hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, skuli tala á þann veg, að auðvitað muni Norðurlandaríkin láta okkur í té iðnþróunarsjóðinn, hvort sem við gerumst aðilar að EFTA eða ekki, og gefa það í skyn, að ef þau gerðu það ekki, þá væru þau að hlutast til um innanríkismál okkar. Þetta segir maður, sem hefur tekið þátt í norrænni samvinnu lengi og er góður og gegn í sinni dómgreind, þegar hún er ekki blinduð af flokksofstæki. Það, sem hér er um að ræða, er, að menn hafa komið sér saman um að tengja stofnun tiltekins sjóðs þessara 5 ríkja við aðild okkar að þessum EFTA-samtökum. Það er algerlega háð því og eingöngu bundið við, að við gerumst aðilar að þessum samtökum. Það er ekki svo, eins og sumir góðviljaðir menn hafa sagt, að það hafi verið gengið með betlitösku til þess að fá þessi ríki af góðsemi til þess að skjóta saman peningum handa okkur, eins og sumir hér inni hafa raunar meiri reynslu af frá fyrri árum heldur en við. Látum það eiga sig.

Það, sem hér er um að ræða, er, að í sambandi við EFTA er tekin upp hugmynd, sem kemur fram hjá Norðurlandaþjóðunum sjálfum í sambandi við NORDEK. Í væntanlegum samningi um NORDEK er sérstakur kafli um samvinnu að fjáröflun, og er þá ætlazt til þess, að þessi ríki stofni 4 sameiginlega sjóði. Það eru sérstakur landbúnaðarsjóður, sérstakur fiskveiðasjóður, almennur fjáröflunarsjóður eða fjárveitingarsjóður og fjárfestingarbanki. Þessir aðilar stofna þessa sjóði til þess að efla samvinnu sín á milli. Öllum er vitanlegt, að Svíar eiga að greiða bróðurpartinn í þessa sjóði, vegna þess að þeir eru fjölmennastir og ríkastir. Og það er einnig vitað, að aðild hinna, hugsanleg aðild að NORDEK, er tengd því, að þessir sjóðir verði stofnaðir. Það dettur engum í hug í þessum löndum, að þarna sé verið að skjóta saman handa Norðmönnum, Dönum og Finnum í góðsemdarskyni. Þetta er til þess að efla samvinnu, það er til þess að gera aðstöðuna jafnari en hún væri ella.

Alveg með sama hætti hafa ríkin 4 játað, að eins og horfir, þá er eðlilegt, að gerður verði jafnari kostur Íslands og hinna ríkjanna. Þess vegna hafa þau fallizt á að stofna þennan iðnþróunarsjóð, að því áskildu, að við göngum í EFTA, vegna þess að það er lakari aðstaða okkar í byrjun í EFTA, sem er ástæðan fyrir því, að þessi sjóður er stofnaður. Þeir eru ekki að hlutast til um okkar mál. Þeir segja: Við játum mismuninn á aðstöðu, og það er skilningur okkar á þeirri óliku aðstöðu, sem gerir það að verkum, að við viljum leggja þetta fé fram. — Hitt horfir svo allt öðruvísi við, ef við segjum: Við viljum ekki gerast aðilar að þessum samtökum, en þið eigið bara að gefa okkur þessa peninga, af því að við erum svo illa staddir. — Fram á slíkt hefur enginn farið. En hugsun sumra góðra manna sést af því, sem ég las í Tímanum fyrir skemmstu, — þar var sagt bara, að þessi sjóður væri svo sem ekki mikils virði, það kostaði 100 eða 1000 sinnum meira að iðnvæða Ísland, og það væri einhvers virði, ef þeir vildu gefa okkur þá peninga. Slíkt hefur aldrei komið til greina. Það er til þess að auðvelda takmarkaða samvinnu um ákveðin efni, sem hinir öflugri aðilar leggja þetta fé fram. Og þetta fé munum við fá, ef við gerumst aðilar að EFTA, alveg eins og við munum á næstu árum fá tollfrelsi hjá EFTA, meðan EFTA-samstarfið stendur. Hvort svo verður breyting á því tollfrelsi, ef einhver ríki ganga í Efnahagsbandalagið, það er mál, sem þá er eftir að semja um, og þá er einnig eftir að semja um, hvað um iðnþróunarsjóðinn verður. En þá erum við búnir að fá hann, og þá erum við búnir að ráðstafa honum að mestu eða öllu leyti til iðnþróunar á Íslandi. Það er því alveg ljóst, að við höfum stórlega hagsmuni, ekki sízt ef úr samningum við Efnahagsbandalagið verður, af því að vera búnir að gerast aðilar áður, sem sagt ekki seinna en á þessum vetri. Enda gera allir sér það ljóst, að í raun og veru er verið að spyrja um það nú, hvort við viljum vera aðilar að EFTA eða ekki. Það verður að grípa þetta tækifæri nú, eða við afsölum okkur þeim möguleikum, sem í því felast að vera þarna jafngildur aðili við okkar frænd- og vinaþjóðir.

Þá er því einnig haldið fram af sumum, að efnahagur okkar sé nú slíkur, að við höfum engan hag af því að gerast aðilar. Hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefsson, hélt um það langa tölu. Eins og þegar hefur verið sýnt fram á hér í dag í umr., þá er auðvitað allur útreikningur hv. þm., sem byggist á því, hvað við mundum hafa unnið á undanförnum árum, ef

við höfum ekki þurft að greiða toll, algerlega út í bláinn, vegna þess að þar er miðað við það, að við höfum verið útilokaðir frá markaðinum. Markaðurinn í Bretlandi hefur fallið niður vegna þess, að menn gátu ekki staðið undir því að borga þennan 10% toll, því að í rauninni var um innflutningsbann að ræða á frystum flökum, a. m. k. þannig, að hægt væri að hugsa um alvarlega sölu, þar sem hinir höfðu kvóta með fyrir fram miklu hagkvæmara verði en okkar. Hv. þm. er svo kunnugur, að hann veit frá þeim árum, sem við höfðum mikið síldarlýsi og framleiddum það í verulegu magni, að þá var það yfirleitt ekki selt beint til Bretlands, heldur varð að selja það til Danmerkur, vegna þess að Danir fluttu það svo aftur inn til Bretlands. Þeir notuðu sér verðmuninn, sem kom af þessum tolli. Danir borguðu okkur heldur hærra en Bretarnir hefðu greitt og höfðu þannig hag af þessu, en við misstum af því háa verði, sem Danir fengu í Bretlandi. Markaðurinn var þannig í raun og veru lokaður, og það tjáir ekki að taka þessar tölur, meðan markaðurinn er lokaður, og segja, að af því að það var svona, meðan við vorum útilokuð, þá sé vonlaust, að við getum selt þangað síðar og haft hag af þessum markaði. En þá er einnig á það að líta, sem hv. þm. veit ofurvel og einnig var bent á hér í dag, að Sovétstjórnin hefur miðað sitt verð fyrir hraðfrystan fisk við verðlag á brezkum markaði og neitað að hafa hærra en brezki markaðurinn segði til um. Og þegar nú er samkomulag um það, að það er stórhækkað lágmarksverð á öllum innfluttum fiski í Bretlandi, þá horfir það mál allt öðruvísi við. Þá höfum við miklu sterkari aðstöðu en áður til þess að benda á í samningum, hvernig verðlagsþróunin í Bretlandi í raun og veru er, enda er það allra kunnugra manna mál, að af þessari breytingu muni leiða, að brezki markaðurinn hækki einnig verulega fyrir brezka framleiðslu. Brezka framleiðslan hefur undanfarið orðið lægri í verði vegna þess, sem þeir kalla ósanngjarna samkeppni hjá öðrum og þá ekki sízt hjá Norðmönnum, sem hafa stórlega styrkt sína framleiðslu og þannig undirboðið. Þetta undirboð er verið að reyna að forðast. Nú getum við haft mismunandi trú á því, hvað brezki markaðurinn verði okkur hagkvæmur. Um það getur enginn fullyrt í raun og veru. Það er ljóst, að þetta samkomulag, sem náðst hefur um ákveðið lágmarksverð, er okkur þegar í stað mjög hagkvæmt og að við fáum þar aukna möguleika. En ég, sem er ekki sérlega hrifinn af stjórnarfari í Sovét-Rússlandi, — ég hef alltaf talið, að það væri sjálfsagt, að við reyndum að selja sem allra mest til Sovét-Rússlands, til þess að við værum ekki einum aðila háðir. Við höfum orðið að þola það af Sovét-Rússlandi, að það hefur um árabil algerlega neitað að tala við okkur um fiskkaup, algerlega útilokað okkur þar frá markaði. Við höfum einnig á seinni árum orðið að þola það, að þeir hafa neitað algerlega að kaupa af okkur fyrir sambærilegt verð og Bandaríkjamenn hafa gert, en miðað við þetta lága verð í Bretlandi, sem hefur helgazt af undirboðum Norðmanna. Við höfum einnig séð þær miklu verðsveiflur, sem orðið hafa á Bandaríkjamarkaði. Við höfum séð áhrifin, sem þar koma af því, að páfinn leyfir mönnum að borða kjöt á föstudegi. Við ráðum ekki yfir smekk Bandaríkjamanna frekar en smekk Rússa eða vilja stjórnarvalda í Sovét-Rússlandi eða kreddum neytenda í Bandaríkjunum. Við höfum hvað eftir annað rekið okkur á, að það, sem við töldum öruggan markað í dag, fyndist okkur gagnslítill markaður á morgun. Við skulum ekki vera þau börn að halda, að þetta sé úr sögunni. Því fer fjarri. Við eigum því miður eftir að reka okkur á, að þetta á eftir að endurtakast. Það er stórlega aukin trygging fyrir okkur í því, að við fáum þennan aukna markað í Bretlandi. Það getur líka gert mögulegt að byggja hér upp niðursuðu- og niðurlagningarfiskiðnað og ýmislegt fleira, sem til greina getur komið og hingað til hefur ekki verið hægt að stunda vegna þess óhagræðis og taps, sem við höfum beðið af þessum tollgreiðslum þar í landi.

Hv. þm. segir sem svo: Hvað eigum við að vera að leita eftir þessu nú? Við höfum ekkert lýsi, við höfum ekki fiskimjöl o. s. frv. Þar að auki er verðið á þessu svo hátt, að okkur munar ekkert um það, þó að við gætum selt eitthvað til Bretanna og brezki neytandinn yrði að borga þetta nú, vegna þess hvað lítið er til af vörunni.

Það er rétt. Við höfum ekkert lýsi nú og sáralítið af fiskimjöli. En hvað stendur það lengi? Eigum við virkilega að byggja á því til frambúðar, að það verði slík alger ördeyða í síldveiðum eins og verið hefur síðustu árin? Það er jafnfráleitt að ætla að byggja á síldveiðunum eingöngu eins og segja, að þær komi aldrei aftur. Kóngur vill sigla, en byr hlýtur að ráða. Við þekkjum þessar sveiflur í okkar fiskveiðum, og þó ekki eingöngu í síldveiðinni. Hv. þm. vitnar oft til þess t. d., að það hafi verið selt meira af hraðfrystum fiski úr landi árin 1958 og 1959 heldur en gert hafi verið á seinni árum, og segir, að þetta sé að kenna rangri stjórnarstefnu. Auðvitað veit hv. þm. ofurvel, að það eru allt aðrar orsakir, sem hér koma til greina. Það, sem gerði að verkum hina miklu framleiðslu hraðfrystihúsanna bæði á árinu 1958 og 1959, var óvenjulega mikil frysting á karfa og síld, sem var á þessum árum. Árið 1958 var þriðjungur framleiðslunnar frystur karfi og síld. 1959 var það fullur helmingur framleiðslunnar, sem var karfi og síld. Á síðasta ári voru sambærilegar vöruteg undir, sem við gátum fryst, einungis eitthvað sjöundi hluti af allri þeirri framleiðslu. Þetta er ekki vegna rangrar stjórnarstefnu, nema hv. þm. telji, að við getum ráðið yfir karfanum og síldinni og sagt fyrir um, hvar hún eigi að vera í sjónum á hverjum tíma. Þetta er háð óvissu þessa atvinnuvegar, og það er algerlega óverjandi, að vegna þess, að við höfum ekki í dag þessa vöru til að selja, og vegna þess, hvað lítið við höfum af henni, fáum hátt verð fyrir,

þá eigum við að miða við, að slíkt ástand eigi að vara alltaf. Hygginna manna háttur er að búa sig undir erfiðleika til að standa þá ekki illa uppi, eins og hv. þm. og hans félagsbræður gleymdu 1966, þegar þeir snerust á móti álbræðslu og Þjórsárvirkjun í framkvæmd. Þá báru þeir það ekki sízt fyrir, að það væri svo mikill skortur á vinnuafli, að þessar framkvæmdir mundu leiða til nýrrar verðbólgu og ofþenslu á vinnumarkaði. Við bentum aftur á móti á, að það væri hygginna manna háttur að byrgja brunninn, áður en barnið væri dottið ofan í, við ættum að nota þann góða tíma, sem þá var, til þess að geta tekið við mönnum í vinnu, þegar verr stæði á. Hver varð reynslan árin 1967, 1968 og 1969? Blandast nokkrum manni hugur um, að það vorum við, sem fórum hyggilegar að þarna en þessir menn, sem vilja ætíð laga staðreyndirnar í hendi sér eftir því, sem þeir halda að þeim henti, í stað þess að við verðum auðvitað að laga okkur eftir staðreyndunum, reikna með því, að stundum getur gengið vel og stundum illa, og eftir föngum búa okkur undir erfið ár með ráðstöfunum. Eins hljóta allir að viðurkenna, að við höfum stóran hag af því að efla okkar markaðsmöguleika einnig fyrir fiskafurðir. Hvort sem við þurfum á því að halda í dag eða ekki, þá getum við þurft á því að halda næstu daga eða næstu ár, og mundum við þó vitanlega vera mun betur staddir einnig í dag, ef við gætum valið úr brezkum markaði, sovézkum markaði og bandarískum markaði.

Hv. þm. gerði mjög lítið úr þeim möguleikum, sem við hefðum varðandi iðnaðarframleiðslu hér á landi, og skemmti sér og einstaka öðrum mönnum, sem ekki höfðu lesið þá skýrslu, sem hann vitnaði í, með því að lesa villandi glefsur úr hinni ágætu skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors. En það var athyglisvert, að þm. sleppti því, sem er aðalatriði málsins varðandi skýrslu Guðmundar Magnússonar, að hún fjallaði ekki fyrst og fremst og ekki að neinu verulegu leyti um aukna möguleika Íslendinga til þess að selja iðnaðarvörur erlendis. Hér á bls. 154 segir þvert á móti: „Dvalið hefur verið af ásettu ráði næstum eingöngu við innanlandsmarkaðinn og harðnandi samkeppni þar í þessari skýrslu.“ Þetta er það, sem maðurinn fjallaði um. Það var um, hvaða áhrif EFTA hefði á innanlandsmarkaðinn. Hann gerir grein fyrir því, af hverju hann fari ekki út í aðra sálma, og það er algerlega villandi og sannast sagt ósamboðið jafnslyngum málfærslumanni og hv. þm. er að reyna að vera svo að teygja og gera gabb að þeim orðum, þegar prófessorinn segir eitthvað á þá leið: Þetta er atriði, sem ég get ekki sagt um, það geta verið möguleikar eða möguleikar ekki. Ég hef ekki haft kost á að kynna mér það.

En hann sýnir alveg glögglega fram á það, að hættan fyrir okkur á okkar innanlandsmarkaði og fyrir þann innlenda iðnað, sem hér er nú þegar, er miklu minni en menn hafa ráðgert. Og það er aðalefnið í hans skýrslu og höfuðþýðing hennar, að svo rækilega hefur verið sýnt fram á það efni. Segja má, að það hefði verið æskilegt að fara ítarlega út í aukningu iðnaðarvöruútflutnings í þessari skýrslu einnig. Hann segir einfaldlega: Ég einn með takmarkaðan tíma hef ekki færi á því, það er ekki á eins manns færi að gera það.

En það voru líka þrír sérfræðingar fengnir til að semja slíka skýrslu, þeir Jón Sigurðsson hagfræðingur, Pétur Eiríksson hagfræðingur og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnaverkfræðingur. Þeir sömdu um þetta allítarlega álitsgerð, en hv. 4. þm. Austf. minntist ekki á þá skýrslu frekar en hún væri ekki til, heldur var að tala um, að sú skýrsla, þar sem berum orðum er tekið fram, að ekki sé fjallað um útflutninginn, — hann var að velta sér upp úr því, að þar væri ekki fjallað um það, sem tekið er fram, að maðurinn leiddi hjá sér að fást við og gerði glögga grein fyrir, af hverju hann fjallaði ekki um það.

Hv. þm. lagði á það mikla áherzlu að reyna að sýna fram á, að íslenzkur iðnrekstur væri með öllu ósamkeppnisfær. Hann vék sér þó alveg hjá því að tala um þá möguleika, sem við höfum vegna ódýrrar orku, og annað slíkt, ódýrari en aðrir geta boðið nú á tímum. En hans rökfærsla hné í raun og veru að því, að hér væri allur atvinnurekstur vonlaus. Hann sagði: Hvernig eigum við að geta keppt um skipasmíðar við Breta, sem borga 40% niður í togurum? — Og það var ekki hægt að skilja annað af því, sem hv. þm. sagði, heldur en hann héldi, að það væru skipasmíðastöðvarnar, sem væru styrktar á þennan veg. Það varð að skilja þetta svo eftir samhengi ræðu hans. En það eru einmitt fiskveiðarnar brezku, sem eru styrktar með því, að útgerðarmennirnir fá borgað 40% í togurunum. Og það er e. t. v. ein af skýringunum á því, sem hv. þm. hefur oft látið sér verða tíðrætt um, af hverju menn hafi ekki ráðizt í byggingu íslenzkra togara, að togarar eru yfirleitt í öðrum löndum nú á dögum byggðir með samsvarandi styrk til útgerðarmanna og hann upplýsti að Bretar borguðu þarna til nýrra togara. Eru menn hér reiðubúnir, hv. þm. og aðrir, að segja, að við eigum að fara að kaupa slík skip, ef við eigum að snara út 40% af stofnkostnaðinum og láta skipin í té útgerðaraðila með svo mikilli afskrift strax í upphafi? Þetta er atriði, sem þarf að skoða til hlítar til að átta sig á kostnaði skipanna og öllum möguleikum. En þetta sýnir einungis, að það er sjávarútvegurinn, sem þarna á í örðugleikum. Það er ekki iðnaðurinn, það er sjávarútvegurinn, sem verður að stríða við þessa hörðu samkeppni. Hann verður að stríða við niðurborgun á þessum stóru skipum, sem Bretar, Þjóðverjar og Kanadamenn gera á sínum skipum. Það erum við, sem verðum að stríða við Norðmenn, sem vegna síns stórkostlega hagnaðar af fragtflutningi geta borgað stórkostlega niður útflutning á hraðfrystum fiski. Það er þessi óeðlilega samkeppni, sem við eigum við að stríða í sjávarútvegi, ekki síður og í miklu ríkari mæli

en í iðnaði. Rökfærslan hjá hv. þm. snerist sem sé svo gersamlega við, að hann sannaði í raun og veru, ef ætti að taka mark á hans rökum, að ólíft væri á Íslandi. Sem betur fer er það ekki svo. Við eigum hér við örðugleika að etja, en við getum að miklu leyti með skynsamlegum ráðstöfunum bætt úr þeim, jafnað okkar sveiflur. Ein leiðin til þess er að ganga í EFTA. Það bjargar ekki öllu, það gerbreytir ekki okkar þjóðfélagi, en það er leiðin inn í framtíðina, sem verður okkur til heilla, eins og ég hygg öllum öðrum, sem EFTA-aðilar hafa gerzt.

Þó að það sé alveg rétt, að það er mjög miklum örðugleikum bundið að gera í einstökum atriðum grein fyrir því, hvaða áhrif EFTA-aðild hefur á einstakar atvinnugreinar innan iðnaðarins eða einstök fyrirtæki, þá rennum við ekki algerlega blint í sjóinn með þessi efni. Það er búin að skapast reynsla nú nokkuð á annan áratug af starfsemi EFTA. Við, sem höfum fylgzt með störfum Norðurlandaráðs, vitum, að það var mikill óhugur, ekki sízt í ýmsum Norðmönnum og þá ekki sízt þeim, sem voru þar í erfiðari hlutum landsins, við það að ganga inn í EFTA. Þeir óttuðust, að heil byggðarlög mundu lenda í vandræðum eða atvinnugreinar fengju ekki staðizt. Á seinni árum höfum við hins vegar hlustað á það æ ofan í æ á fundum Norðurlandaráðs, að allir fulltrúar þar undantekningarlaust hafa lagt á það ríka áherzlu, hvílík blessun EFTA hafi orðið fyrir uppbyggingu atvinnuveganna í öllum þessum löndum. Og ég skal játa, að það eru ekki sízt þessar skýrslur, sem gefnar hafa verið af mönnum úr öllum flokkum og ekki sízt af hálfu verkalýðsmannanna, sem hafa sannfært mig um, að við værum að kasta frá okkur gullnu tækifæri með því að vera utan við þessi samtök. Ég fæ aldrei skilið, af hverju sams konar lögmál eiga ekki að gilda um Íslendinga og aðra.

Það var að vísu sagt í upphafi, að EFTA mundi fyrst og fremst verða þeim stóru aðilum til hags. En það er alveg rétt, sem prófessor Guðmundur Magnússon segir í sinni ágætu skýrslu á bls. 55 í grg. með þessari till., með leyfi hæstv. forseta:

„Gagnstætt því sem var gert ráð fyrir, eru það ekki stóru iðnríkin (Bretland og Sviþjóð), sem mest hafa eflzt vegna fríverzlunar innan EFTA, heldur minni ríkin (Austurríki, Sviss, Noregur og Portúgal). Eins og gera má ráð fyrir, hefur samvinnan byggzt á því, að bæði innflutningur og útflutningur landanna hefur aukizt, enda er það forsenda þess, að gagnkvæmur ávinningur verði af samstarfinu."

Það eru einmitt þessi minni ríki, og það eru einmitt afskekktari hlutar Noregs, sem hafa haft mestan ávinning af þessu samstarfi, og það eru einmitt þeir verst stæðu innan þessara þjóðfélaga, sem leggja ríkasta áherzlu á það nú að efla samstarfið. Það er ekki stóriðnaðurinn í Noregi eða Danmörku, sem sækir fyrst og fremst á um nánara efnahagssamstarf Norðurlandaríkjanna. Það eru verkamannaflokkarnir, sem þar skera sig úr og eru einhuga um, að NORDEK muni verða þeim til góðs. Þeir segja sem svo: Við sjáum að vísu ekki fyrir allar afleiðingar NORDEKs, en sú nánari samvinna, sem við höfum þegar öðlazt innan EFTA, það er hún, sem hefur orðið okkur til slíks hagræðis, að við teljum, að við eigum að halda áfram á þessari sömu braut.

Ég tel sjálfsagt, að við notum okkur af þeirri reynslu, sem þau ríki og þær þjóðir, sem okkur eru nánastar, hafa fengið í þessum efnum, en stingum ekki höfðinu í sandinn eins og strúturinn eða látum hræðsluna taka af okkur ráðin, af því að við treystum Íslendingum ekki til þess að starfa með öðrum þjóðum og standa sig þar jafnvel. Auðvitað lendir íslenzkur iðnaður að nokkru leyti í erfiðleikum við það að gerast aðili að EFTA. Það ber enginn á móti því. Það skapast vissir örðugleikar. Þess vegna er þetta fjögurra ára tímabil fyrst, og síðan á hann að samlaga sig breyttum aðstæðum á sex árum. Slíkt þyrfti ekki að gera, ef menn óttuðust ekki sérstaka erfiðleika. En þegar við lítum á það, hverra annarra kosta er völ, þá er áhættan miklu minni við það að aðhafast eitthvað og reyna að bjarga sér heldur en sitja kyrr og aðhafast ekkert. Í því liggur mesta hættan. Það tjáir ekki að neita því, hvort sem við viljum eða ekki og kysum annað. Síldin er horfin í bili, hún kemur einhvern tíma aftur, en hvenær hún kemur, það veit enginn. Okkur hefur ekki enn tekizt að finna aðrar fisktegundir til að koma í hennar stað. Þorskveiðar eru sveiflum háðar, hafa ætíð verið og verða, bæði veiðar, verð og markaðsmöguleikar. Ekki tjáir fyrir ríki að ætla að byggja eingöngu á svo sveiflukenndum atvinnuvegi. Það er að vísu rétt, sem hv. þm. segir, að það má gera mikið til þess að efla atvinnu innanlands og bæta hag þessara fyrirtækja með því að auka vinnslu afurðanna hér. En þá skulum við líka gá að því, að þá verðum við að hafa tryggingu fyrir, að markaður fáist, og markaðarins verður þeim mun erfiðara að afla sem við fullvinnum meira úr vörunni heima fyrir, af því að þá koma iðnaðartollar á vöruna. Þess vegna er það einnig skilyrði til þess, að úr þessu geti orðið, að við gerumst aðilar að þessum samtökum, til þess að þessir möguleikar verði ekki kæfðir strax í fæðingunni með óhæfilegri tollaálagningu, heldur höfum við samkeppnismöguleika á við aðra.

Þó að ég vitnaði í það áðan, að orkusala og ódýr orka skapaði okkur mikla möguleika og það sé vissulega rétt, að íslenzkur iðnaður byggist að verulegu leyti og að öllu leyti getum við sagt á þeim rafmagnsvirkjunum, sem hér hafa orðið á síðustu hálfri öld, þá fer því fjarri, að þegar talað er um iðnuppbyggingu einhvers lands, þá sé eingöngu verið að hugsa um stóriðju og að ekkert annað en stóriðja komi til álita. Mesta stóriðjulandið á Norðurlöndum er Svíþjóð. Samkvæmt tölum, sem ég hef fengið og er sagt að séu þær nýjustu, sem hér eru tiltækar, þá voru í árslok 1966 16618 iðnfyrirtæki í Svíþjóð. Af þeim voru 7000, sem

höfðu færri menn en 10 í vinnu. 3800 fyrirtæki höfðu 11—20 manns í vinnu. 3300 fyrirtæki höfðu 20—50 manns í vinnu. Við sjáum, að allur þorrinn af iðnfyrirtækjum í Svíþjóð hefur notið góðs af þessari EFTA-samvinnu, og hann er einmitt smáfyrirtæki af þeirri stærð, sem við getum vel hugsað okkur og auðveldlega náð, og mörg fyrirtæki hér á landi eru nú þegar jafnstór þessum fyrirtækjum. Það er alveg eins fráleitt að hræða menn með stóriðju og segja, að það sé stefnt að því, að allir Íslendingar eigi að vinna að stóriðju, og segja, að öll björgun liggi í stóriðju. Björgunin liggur fyrir okkur í iðnvæðingu, í því að bæta okkar framleiðsluvöru nú þegar, í því að nota okkar orku til þess að vinna ýmislegt annað, stóriðju líka. Það er að vísu rétt, að flutningskostnaður er okkur oft erfiður. En það er athyglisvert, að það báxít, sem álið er hér unnið úr, er flutt alla leið frá Ástralíu. Engu að síður borgar sig að flytja það hingað, og ég heyrði mann starfandi við álverksmiðjuna í sumar segja frá því, að flutningskostnaðurinn á þessu báxíti frá Ástralíu til Íslands væri lægri alla þessa leið en ef ætti að senda sams konar magn af vöru innan endimarka þess litla lands, Sviss, með járnbraut eða þeim farartækjum, sem þar eru notuð. Það sýnir, hvað flutningskostnaður getur stundum haft sáralitla þýðingu miðað við mörg önnur atriði, sem til greina koma. En Svisslendingar, sem nú eru ein mesta iðnaðarþjóð í heimi, byggðu ekki sinn iðnað fyrst og fremst upp á stóriðju, þeir byggðu hann upp á því, að þeir eru dugleg og starfsöm þjóð. Eins og Svisslendingur sagði eitt sinn við mig: Í raun og veru höfum við ekkert í þessu landi annað en fjöll, jökla og eitthvað af ám og örlítið graslendi. Engu að síður er þetta orðin ein allra efnaðasta þjóð í heimi, fyrst og fremst fyrir sinn smáiðnað, alveg eins og Svíar. Þeir hafa að vísu mikinn stóriðnað, en eins og ég vitnaði til, þá eru langflest fyrirtæki þeirra í tiltölulega litlum iðnaði, og fjöldi manna starfar við þau, enda blómgast þau út um allt þeirra mikla land og auka þar hagsæld. Þetta veit ég, að hv. þm. skilur og veit, og þm. almennt, ef þeir láta ekki utanaðkomandi öfl trufla sig.

Það gladdi mig mikið, að hv. 4. þm. Austf. sagði á dögunum og reigði sig töluvert: Ég er ekki hræddur við EFTA, ég óttast ekki EFTA. — Ég met það, að hann, svo skynsamur maður og hugumprúður, skuli ekki óttast EFTA. En það hefur alltaf þótt heldur ljótt og grátt gaman af þeim mönnum, sem ekki eru hræddir sjálfir, — því að ef menn eru hræddir sjálfir, gera þeir ósjálfrátt aðra einnig hrædda, — að leika sér að því að gera börn og óvita hrædd og hræða úr þeim allt vit. Sama dag og hv. þm. sagði hér inni bisperrtur: Ég er ekki hræddur við EFTA, — þá stóðu lítil börn hér fyrir utan þinghúsið með spjald, sem stóð á: Við erum hrædd! — Ætli hv. þm. hafi ekki ráðið, hvernig spjaldið var saman sett? Það væri sök sér, ef hann hefði verið dálítið hræddur sjálfur, en að gera sér leik að því að gera blessuð börnin dauðhrædd um miðjan dag og auglýsa hræðsluna á spjaldi, það er grár leikur, alveg eins og það er furðulegur barnaskapur hjá þeim mæta manni, hv. 1. þm. Norðurl. v., að segja: Ræða yðar skal hvorki vera já, já né nei, nei, eins og sagt var, og afneita þar með orðum hinnar helgu bókar. En hann gleymdi þá, hvaðan það kom, sem umfram er. En látum það eiga sig. Hitt er miklu verra fyrir flokk, sem sækir eftir því að verða aðalúrslitaflokkur í málefnum þjóðarinnar, að halda, að æðsta stjórnvizkan felist í því að þora aldrei að taka ákvörðun, þegar mest við liggur. Sá flokkur á áreiðanlega langt eftir, þangað til íslenzkir kjósendur treysta honum.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er kannske rétt að víkja fyrst að síðustu ummælum hæstv. forsrh., þar sem hann gerði hér nokkra tilraun til þess að reyna að snúa út úr orðum mínum, sem féllu um þetta mál fyrr í þessum umr. Hann hefur reynt að halda uppi þessum útúrsnúningi í blaði sínu að undanförnu og reynir að láta líta svo út, að ég hafi sagt, að ég væri ekkert hræddur við EFTA, og því væri í rauninni allt í lagi. Ég hafði lýst því greinilega í ræðu minni, hvað ég teldi, að myndi gerast í íslenzku efnahagslífi í sambandi við aðild okkar að EFTA, en sagði svo í beinu framhaldi, — og það er rétt, að það komi fram, svo menn sjái, hvernig hann slítur úr samhengi það, sem sagt er, — síðan sagði ég orðrétt:

„Út af fyrir sig óttast ég ekki aðild að EFTA. Ég held, að það gerist engin ósköp hér. Ég býst þó við, að afleiðingarnar verði þær á næstu árum, að hér verði nokkur samdráttur í innlendum iðnaði, það verði þrengra um það að fá atvinnu. Kjör vinnandi fólks versni á margan hátt. Ég býst við því, að það verði miklu torsóttara fyrir verkalýðshreyfinguna í landinu að sækja fram til hækkaðs kaupgjalds," o. s. frv., — ég er ekki að lesa upp alla ræðuna.

Það var því alveg ljóst á því, sem ég hafði sagt, bæði á undan og á eftir, að það, sem ég átti við með þessu, var það, að ljóst væri, að með aðild að EFTA umsteyptist þjóðfélagið ekki, það gerðust engin slík ósköp. En aðild að EFTA hefur ákveðnar afleiðingar, og þeim hafði ég lýst. Hæstv. forsrh. væri auðvitað sæmra, bæði hér á Alþingi og eins í blaði sínu, Morgunblaðinu, að segja mönnum hið rétta í þessum efnum, á hvað hefði verið bent. En hann kaus hina leiðina, að reyna að láta liggja að því, að í rauninni væri ég næstum að segja með EFTA, því að ég óttaðist það bara ekki neitt. Svona er nú hægt að halla réttu máli með hreinum útúrsnúningi.

Ræða hæstv. forsrh. var á margan hátt sérkennileg. Það fór fyrir honum nokkuð svipað og hæstv. viðskmrh., að heldur varð lítið um upptalningu hjá honum á því, hvað við gætum unnið beinlínis til handa útflutningi okkar við aðild að EFTA. Þar kaus hann að játa, að eins og sakir stæðu, væri ekki um beinan vinning fyrir útflutninginn að ræða svo neinu verulegu næmi. En hann vildi halda því fram, að þessi

ávinningur lægi ekki fyrir hjá okkur vegna þess, að markaðirnir í EFTA-löndunum hefðu verið okkur lokaðir. Þetta veit hæstv. forsrh., að er alrangt. Hann veit, að markaðurinn í Bretlandi hefur ekki verið lokaður okkur út af fyrir sig. Við höfum hins vegar ekki viljað nota hann um árarаðir, vegna þess að hann hefur borgað okkur verr fyrir útflutningsvörur en við gátum fengið annars staðar. Málið hefur legið þannig, að þó að innflutningstollurinn hefði verið felldur þar niður, hefðum við ekki notað þennan markað fyrir aðalútflutningsvörur okkar. Hann hefur því aðeins verið lokaður vegna þess, að hann var óhagstæður. Það er rétt, sem ég benti á í ræðu minni, að fyrir nokkrum árum framleiddum við mjög mikið af einni vörutegund, sem hugsanlega gat valdið því, að við hefðum nokkurt óhagræði af innflutningstollinum í Bretlandi. Það var þegar við framleiddum mjög mikið af síldarlýsi. Og ég tilgreindi það í ræðu minni, hvað þetta hefði numið miklu í óhagræði fyrir okkur, einmitt á þessum miklu síldarárum, árin 1965 og 1966, og það kom í ljós, að þetta óhagræði var sáralitið. En þarna var þó um að ræða útflutningsvöru, sem var tiltölulega mikið tolluð miðað við þessa innflutningstolla í Bretlandi, þ. e. 10% tollur á innfluttu síldarlýsi. Engu að síður var þetta tiltölulega lítið í samanburði við allan útflutning okkar.

En þá er aftur komið að því, hvaða aðrir möguleikar geta verið fyrir hendi. Sá útflutningur, sem við ráðum yfir, sem við höfum ráðið yfir og sem við ráðum yfir nú í dag, nýtur tiltölulega lítils góðs af aðild okkar að þessu bandalagi. En hvaða aðrir möguleikar koma til greina? Um það atriði ræddi hæstv. forsrh. á heldur kynlegan hátt. Ég hafði tekið þetta atriði alveg sérstaklega fyrir í ræðu minni og fór þá yfir helztu þætti, sem bent hefur verið á með hugsanlega möguleika. Ég studdist við skýrslu dr. Guðmundar Magnússonar, þar sem hann ræðir sérstaklega um áhrif EFTA-aðildar á íslenzkan iðnað. Þar telur hann sérstaklega upp í skýrslu sinni, hvaða iðngreinar kunni að hafa möguleika á útflutningi eftir EFTA-aðild. Þetta kemur alveg skýrt fram í skýrslu prófessorsins á bls. 107. Þar telur hann upp, eins og ég hef skýrt frá, þær iðngreinar, sem helzt gætu komið til greina. Ég vék síðan að hverri þessari grein fyrir sig og studdist þá við þær upplýsingar, sem koma fram hjá prófessornum um það, hvernig ástatt er í viðkomandi greinum. Hæstv. forsrh. kvartaði undan þeim orðum, sem féllu hjá mér varðandi t. d. möguleika þá, sem prófessorinn minntist á fyrir íslenzkar skipasmíðastöðvar til þess að flytja út framleiðslu sína, þ. e. a. s. smíðuð skip. Og forsrh. lagði á það ofurkapp, að þær upplýsingar, sem ég gaf um það, að t. d. í Bretlandi fengju brezkir útgerðarmenn nokkurn styrk frá ríkinu til niðurgreiðslu á nýjum skipum, bentu til þess, að Bretar veittu útgerð sinni styrk. Ég nefndi þetta dæmi eingöngu til þess að benda á þá fjarstæðu, sem í þeirri fullyrðingu felst, að það sé líklegt, að við EFTA-aðild muni skipasmíðastöðvar okkar fara að framleiða skip til útflutnings fyrir aðila, þar sem svona stendur á um. Dettur hæstv. forsrh. það virkilega í hug, að íslenzkar skipasmíðastöðvar muni eftir EFTA-aðild fara að framleiða skip til útflutnings til EFTA-landa? Dettur honum það í hug? Nei, ég veit, að honum dettur það ekki í hug.

Og svipað er að segja um aðrar þær greinar, sem ég minntist á. Það varð heldur ekki úr því, að forsrh. kæmi með viðbótarrök fyrir því, að það væri líklegt, að þessar innlendu iðngreinar fengju aukna útflutningsmöguleika með aðild að EFTA. Forsrh. var með í ræðu sinni almennar fullyrðingar um, að það hafi komið í ljós í ýmsum löndum, að víða hefði smáiðnaður staðið sig í samkeppni og víða væri svo ástatt, t. d. í Svíþjóð og Sviss, að það hefði verið byggt talsvert mikið á smáiðnaði. En hann mætti kannske hafa það í huga, að iðnaðurinn í Sviss og iðnaðurinn í Svíþjóð og iðnaðurinn í nálega öllum iðnþróuðum ríkjum í heiminum hefur einmitt verið byggður upp á sínum tíma í skjóli hafta og verndar heima fyrir og auðvitað í skjóli þess, að þar var um að ræða heimamarkað, sem var miklu stærri en sá íslenzki. Það var fyrst þegar iðnaðurinn í þessum löndum hafði náð ákveðnu þróunarstigi, þegar hann var búinn að starfa um langan tíma og orðinn þroskaður iðnaður, að forustumenn í þessum löndum fóru að berjast fyrir auknu svigrúmi fyrir framleiðslu sína á öðrum mörkuðum. En við vitum, að engu líku er til að dreifa hér hjá okkur. Við vitum, að allur heimaiðnaður okkar, sem hefur aðallega byggzt upp á innanlandsmarkaði, er fjárvana framleiðsla, sem stendur ekki að neinu leyti á sambærilegu stigi við það, sem iðnaðurinn er, yfirleitt einnig í tiltölulega litlum fyrirtækjum, í iðnþróuðum löndum. Og það er einmitt vegna þessa, sem við vitum það, að ef við opnum íslenzka markaðinn fyrir innflutningi frá iðnþróuðum löndum, þá eru allar líkur, sem benda til þess, að iðnaður okkar láti í minni pokann í slíkri samkeppni.

Þegar rætt er um það, hvort Ísland eigi að ganga í EFTA eða ekki, er það vitanlega skylda þeirra, sem að till.-flutningi um málið standa, að færa fram einhver sennileg rök fyrir því, í hverju vinningurinn á að vera fólginn. Ég verð að segja það, að mér fannst sá málflutningur, sem kom fram hjá hæstv. forsrh., ekki vera ýkjamikils virði til sannfæringar á því, í hverju vinningurinn væri fólginn. Það eru þessi almennu rök að segja: EFTA hefur orðið til blessunar fyrir aðrar þjóðir; hví skyldi ekki EFTA reynast það líka fyrir okkur? Ef við ættum að setja dæmið upp á þennan einfalda hátt, yrðum við líka að ganga út frá því, að eins væri ástatt hjá okkur og var í þeim löndum, sem gerðust aðilar að EFTA á sínum tíma. En því er bara ekki þannig farið. Okkar aðstaða í þessum efnum er allt önnur, aðstaða iðnaðarins hér er allt önnur en hún var í þessum löndum. Og því er engan veginn við því að búast, að hér verði útkoman hin sama.

Ég tók eftir því, að hæstv. forsrh. viðurkenndi í máli sínu, að það væru vissir örðugleikar tengdir við aðildina að EFTA. En hann talaði heldur lítið um það, í hverju þessir örðugleikar væru fólgnir. Hann vildi aðeins játa það, að það væru vissir örðugleikar. En hvers vegna ekki að koma að því, í hverju þessir örðugleikar eru fólgnir og horfast í augu við þann vanda, sem þar er við að glíma? Ég hef gert nokkur af þessum vandamálum að umtalsefni. Ég hef t. d. minnzt á það, að til viðbótar við þá meginhættu, sem er fyrir íslenzkan iðnað í samkeppninni við hinn erlenda, kemur einnig upp sú hætta, að með EFTA-aðild séum við að taka upp tollamismunapólitík, sem getur orðið stórhættuleg fyrir útflutning okkar. Hæstv. forsrh. kaus ekki að minnast á þetta einu einasta orði. Og þó er það svo, að ríkisstj. gengur út frá því að haga þessum málum þannig, að hér yrði um miklu meiri tollamismun að ræða hjá okkur en á sér stað hjá nokkurri annarri EFTA-þjóð. Ég tel, að það sé enginn vafi á því, að með því að við búum ýmsum þjóðum miklu lakari viðskiptakjör en þær hafa búið við til þessa í samkeppni við aðra, þá sé hætta á því, að þær láti okkur aftur gjalda þess í sambandi við verð á útflutningi okkar. Ég held, að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir þessari hættu, en hann kýs, þegar hann ræðir þetta mál, að minnast ekki á það.

Hæstv. forsrh. minntist heldur ekki á það ýkjamörgum orðum, hvaða vandkvæði mundu fylgja því fyrir okkur að undirskrifa 16. gr. EFTA-sáttmálans alveg óbreytta í sambandi við gagnkvæm atvinnurekstrarréttindi. Hann kaus heldur ekki að ræða neitt um það. Málið er því ranglega sett upp hjá hæstv. forsrh., þegar hann segir, að þó að við vinnum að vísu ekki ýkjamikið við útflutning, þá vinnum við þó nokkuð, og við fáum iðnþróunarsjóðinn. Við getum engu tapað. Að vísu eru á móti, segir hann, talsverðir almennir örðugleikar. En síðan er ekki nánar vikið að þeim. Það er rétt að gera sér grein fyrir því, eins og hann í rauninni játar, að sjáanlegur ávinningur er lítill, en hins vegar eru áhætturnar fyrir hendi og vandkvæði eru fyrir hendi. Við vitum í hverju þessi vandkvæði eru fólgin, og talsmenn EFTA-aðildar virðast vilja forðast að ræða um það, hversu hættuleg þessi vandkvæði séu.

Þá ræddi hæstv. forsrh. allmikið um það, — og í þeim tón, að því er virtist, — að hér væri uppi einhver ágreiningur um það á milli ríkisstj. annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar, að menn vildu gjarnan tryggja markaði í sem flestum löndum eða sem víðast. Og hann talaði allmikið um það, hversu háskalegt það væri og hvað við hefðum mátt þola í ýmsum tilfellum að vera mjög háðir samningum við Sovétríkin, og hvað það væri í rauninni hættulegt, að við værum of háðir markaði fyrir útflutningsvörur okkar í Bandaríkjunum eða í einstökum löndum. Hvernig stendur á því, að hæstv. forsrh. setur málið upp á þessa lund? Eru einhverjir að berjast fyrir því að hnýta viðskipti okkar einvörðungu annaðhvort við Sovétríkin eða Bandaríkin, eða einvörðungu við t. d. þessar tvær meginblokkir? Ef einhverjir eru raunverulega að þrengja möguleika okkar á því, að við getum haft markaði víðar, þá eru það einmitt þeir, sem berjast fyrir EFTA-aðild. Þeir, sem vilja haga viðskiptamálum þjóðarinnar þannig, að ákveðnum löndum sé veitt forgangsréttaraðstaða til viðskipta hér, eru að reyna að tengja alla verzlun þjóðarinnar fyrst og fremst við þessi lönd. Og þeir eru beinlínis að setja í ákveðna hættu viðskiptalega aðstöðu landsins við þau lönd, sem ekki njóta þessa forgangsréttar. Við vitum t. d. það, að þegar unnið var að því í samningum við Sovétmenn að fá þar nokkurn markað fyrir fullunnar vörur, sjávarafurðir og ullarvörur, þá var það ein aðalkrafa af hálfu Sovétmanna, að Íslendingar keyptu af þeim ýmsar unnar vörur, fullunnar vörur. Þeir töldu ekki jafnræði í því, að þeir seldu hingað einvörðungu olíuvörur, en keyptu hins vegar af okkur fullunnar vörur, eins og ullarvörur og niðursoðið fiskmeti. Á sama tíma, sem við ætlum okkur að reyna að halda þeim mörkuðum, t. d. í Sovétríkjunum fyrir ullarvörurnar og fyrir niðursoðnar sjávarafurðir, á að byggja upp það kerfi, að Sovétríkin eiga að njóta hér miklu lakari aðstöðu til þess að selja sínar iðnaðarvörur á íslenzkum markaði heldur en t. d. EFTA-þjóðirnar eiga að hafa. Ég efast ekkert um það, að í þessu er fólgin veruleg hætta einmitt í sambandi við útflutningsmöguleika okkar til þessa lands, og sama er að segja í mörgum öðrum tilvikum. Málin snúa því þannig við frá mínu sjónarmiði, að þeir, sem berjast fyrir aðild Íslands að EFTA, eru beinlínis að vinna að því að þrengja möguleika okkar á mörkuðunum. Ég álít hins vegar, að við eigum að standa þannig að útflutningsmálum okkar og innflutningsmálum, að við reynum að tryggja okkur markaði sem víðast og jafnan þar, sem við fáum hæst verð fyrir afurðir okkar. En það er enginn vafi á því, að ef það á að takast, verða menn líka að gera ráð fyrir því, að þeir, sem af okkur kaupa, eigi jafnan rétt og aðrir til þess að geta selt okkur.

Eitt atriði enn, sem ég vildi víkja að í ræðu hæstv. forsrh., var sá samanburður, sem hann gerði hér á útflutningi sjávarafurða á árunum 1958 og 1959 og svo aftur nú. Hann vildi halda því fram, að mikil framleiðsla á árunum 1958 og 1959 af frystum fiskflökum, miklu meiri en verið hefur nú um langan tíma, hefði byggzt á því, að þá var fryst mikil síld og mikið af karfa. Jú, það er rétt, að á þessum árum var fryst allmikið af karfa. En það var auðvitað vegna þess, að þá áttum við mikinn togaraflota, sem stundaði veiðar fyrir innanlandsmarkað, og við mundum hafa fryst bæði karfa og annan fisk einnig núna þessi ár, ef við hefðum átt einhvern togaraflota til þess að sinna slíkum verkefnum. — En tölur hans um síldarfrystingu á þessum árum eru í rauninni alveg út í hött, vegna þess að sá samanburður, sem gerður hefur verið, var eingöngu um frosin fiskflök. Á árunum 1958 og 1959 nam frysting

á fiskflökum 75 þús. tonnum. Það var fyrir utan alla síldarfrystingu, en hefur hins vegar hrapað nú um nokkurt skeið niður í um 50 þús. tonn, og ástæðan til þessa hraps er alveg óumdeilanlega sú, að togaraflotinn hefur dregizt saman og ekki getað skilað sams konar afla og hann skilaði. Og minni fiskibátarnir hafa einnig dregizt saman, sá floti er orðinn minni og hefur heldur ekki getað skilað jafnmiklum afla og hann gerði þá. Skýringarnar á þessu liggja einmitt í þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur haft í sjávarútvegsmálum.

Hæstv. forsrh. sagði, að þróunin hefði orðið sú, að viðskipti okkar við Efnahagsbandalagið hefðu farið minnkandi hin síðari ár, vegna þess að við hefðum einangrazt frá því viðskiptasvæði. En þetta er ekki rétt. Reynslan hefur sýnt, að við höfum átt mikil viðskipti og hlutfallslega alveg jafnmikil nú og síðustu árin við Efnahagsbandalagið eins og EFTA-löndin. Það hefur ekki orðið nein sérstök breyting þar á milli, þó að við höfum staðið fyrir utan Efnahagsbandalagið, því að í mjög mörgum tilfellum hafa markaðirnir þar reynzt það góðir, að viðskiptin hafa haldizt uppi þrátt fyrir háa tolla, sem við höfum þurft að fara yfir í þeim löndum. Á þessu ári er útkoman sú, að mesta viðskiptaland okkar, það, sem er langhæst í innflutningi til Íslands, er einmitt Vestur-Þýzkaland. Það hefur hreinlega sótt á. Það er því algerlega rangt, þegar reynt er að láta að því liggja, að við höfum á undanförnum árum verið að einangrast í viðskiptum. Það höfum við ekki gert. Við höfum haldið uppi mjög miklum viðskiptum áfram t. d. við Norðurlönd, við Bretland, sem hefur jafnan verið eitt af mestu viðskiptalöndum okkar, þannig, að þeir hafa selt hingað vörur. Við höfum ekki einangrazt frá þessum löndum. Spurningin er auðvitað um það, hvort við með því að standa utan EFTA höfum orðið fyrir verulegu óhagræði í sambandi við útflutning okkar. En eins og ég hef sýnt fram á áður, hefur því ekki verið til að dreifa. En ég tel mjög hættulegt að skapa hinum svonefndu EFTA-löndum sérstöðu hér á innflutningsmarkaði okkar.

Það var annars býsna athyglisvert, hvernig hæstv. forsrh. setti málið upp. Hann taldi ekki beint ólíklegt, að EFTA yrði úr sögunni eftir 3–4 ár. Samt sem áður taldi hann, að um nokkurn ávinning fyrir okkur gæti verið að ræða af aðild. Útflutningi okkar væri að vísu þannig háttað, að ekki gæti orðið um mikinn hag að ræða, en á borðinu lægi, að við fengjum iðnþróunarsjóðinn á þessu tímabili. Jú, satt er það. Það er auðvitað hugsanlegt, að við getum fengið þennan iðnþróunarsjóð. En það er auðvitað mjög fávíslegt að telja það eitt til gildis að fá þennan iðnþróunarsjóð, því að við eigum að skila því andvirði aftur, sem við fáum þar, að vísu án vaxta. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, hvort sú lántaka, sem þar er raunverulega um að ræða, kemur hér að einhverju verulegu gagni eða ekki. Og til þess þurfum við að hafa einhverjar verulegar líkur fyrir því, að með ráðstöfun þess fjár takist okkur að byggja hér upp útflutningsiðnað, sem eitthvað telur.

Nú er mér sagt það, að einasta ákvörðunin, sem í rauninni mun hafa verið tekin í sambandi við þennan iðnþróunarsjóð, sé sú, að hann megi ekki renna til sjávarútvegsiðnaðar. Það eigi að nota þessa upphæð eingöngu fyrir hinn almenna vöruframleiðsluiðnað hér innanlands og iðnrekendum hafi verið lofað þessu. Það er sem sagt þannig, að að því leyti, sem aukið fjármagn hefði virkilega getað skilað sér í auknum útflutningi, þar sem líkurnar voru eitthvað verulegar, – það virðist eiga að koma í veg fyrir, að þessir fjármunir verði notaðir til þess. Ég verð því að segja eftir þessa ræðu forsrh., að mér sýnist, að það standi jafnskýrt og áður, að ríkisstj. hefur ekki fram að færa rök fyrir því, í hverju ávinningurinn á að vera fólginn, svo neinu nemi. Hitt þykir mér líka jafn augljóst, að vandkvæðin við þátttökuna séu margvísleg og mikil, og við tökum á okkur talsvert verulega áhættu í mörgum greinum.

En hæstv. forsrh. hefur nú ekki verið eini talsmaður EFTA hér á þessum fundi. Hér hefur fulltrúi frá nýjum stjórnmálaflokki einnig talað, og það leyndi sér ekki, að hann var enn þá sannfærðari EFTA-maður en nokkurn tíma hæstv. forsrh. Þessi fulltrúi hins nýja flokks hóf mál sitt með því að segja, að hann væri nú ekki eins og hinir óhreinu, þessir gömlu flokkar, sem ekki vildu ræða um vandamálin efnislega eða taka rökum. Hann kæmi hér inn með nýja siði og hann vildi ræða um málið með rökum. Og það var ekkert annað en þetta, sem við áttum að öðlast við EFTA-aðild að hans dómi, að við mættum búast við því, að nú yrði lokið kollsteypum í efnahagsmálum okkar. Það ætti ekki að vera hætta á gengislækkunum, sem rifu kaupið til baka aftur af vinnandi fólki. Þetta boðaði hækkandi kaupgjald til samræmis við það, sem væri annars staðar í löndum í kringum okkur, samvinnu atvinnurekenda og verkafólks á vinnumarkaði, og þetta forðaði okkur bæði frá pólitískri og menningarlegri einangrun. Og svo forðaði þetta okkur Íslendingum algerlega frá þeirri hættu, sem í því lægi, að við værum teygðir og togaðir á milli austurs og vesturs. Einnig var talað um, að hér væri um að ræða algera forsendu fyrir iðnþróun í landinu, og fríverzlun lækkaði vöruverð. Það var sem sagt engin smáræðis lofgerðarrolla, sem hér var flutt. Og eins og ég segi, það fór auðvitað ekki framhjá neinum manni, að hér var á ferðinni alveg nýfrelsaður maður. Hér var á ferðinni maður, sem var miklu trúaðri á aðild að EFTA en hæstv. viðskmrh., og að ég tali nú ekki um hæstv. forsrh., sem sá þó margs konar örðugleika, – hugsaði sér aðeins að plata menn í 3–4 ár í sambandi við þessa þátttöku. Nei, um það var auðvitað að ræða hjá fulltrúa hins nýja flokks, hv. 4. þm. Norðurl. e., Birni Jónssyni, alger sköp í íslenzkum stjórnmálum. Úr þessu færi vandinn yfirleitt að verða leystur, ef við kæmumst inn í alla þessa dýrð. Að vísu var því svona bætt aftan í, að það þyrfti auðvitað að

breyta um stefnu í yfirleitt öllum málum, ef nokkuð ætti upp úr þessu að hafast.

Það er svo málefni út af fyrir sig hvernig þessi hv. þm., fulltrúi hins nýja flokks, rökstuddi þessar fullyrðingar sínar. Hvernig hefur einangrun Íslands verið á undanförnum árum, þau 10 ár, sem við höfum staðið fyrir utan EFTA? Í hverju hefur einangrunin verið fólgin? Höfum við átt minni viðskipti á þessum árum t. d. við Norðurlandaþjóðir en áður? Höfum við átt minni viðskipti t. d. við Bretland en áður? Höfum við haft minni samskipti við þessar þjóðir, t. d. Norðurlandaþjóðirnar í menningarmálum, já og á pólitísku sviði, en áður? Eða ber að skilja þetta þannig, að við eigum frekar að flytja út framleiðsluvörur okkar til þessara landa og selja þær þangað á lægra verði en við getum fengið annars staðar í heiminum til þess að rétt menningarleg tengsl séu í lagi? Ég neita því algerlega, að á síðustu 10 árum hafi hér verið um að ræða, hvort heldur sem er í viðskiptum eða menningarmálum, einhverja einangrun í sambandi við afstöðu Íslands. Þessi röksemd er því ákaflega léttvæg.

Ég skal víkja að nokkrum fleiri atriðum, sem fram komu í þessari rökfærsluræðu. Er það líklegt, að við losnum við gengislækkanir eða allar kollsteypur í efnahagsmálum, þó að við gerumst aðilar að EFTA? Er það líklegt? Það hefur nú borið við, að gengið væri lækkað í EFTA-löndum á undanförnum árum. Og fram kemur í skýrslu prófessorsins, sem hér hefur verið minnzt á, að hann telur einmitt, að með þátttöku í EFTA muni reyna enn meira á það hagstjórnartæki, sem felst í gengislækkun, en áður, af því að við séum búnir að afsala okkur ýmsum öðrum ráðum, sem við höfum haft. Hann álítur, að það muni reyna miklu meira á þetta hagstjórnartæki. En nýi flokkurinn virðist hafa fundið upp eitthvert alveg nýtt ráð. Já, og hvaða líkur eru til þess, að kaupgjaldsbaráttan breytist í jafna kauphækkun svona nokkurn veginn af sjálfu sér, þó að menn séu komnir í EFTA? Ætli það hafi gerzt t. d. í Portúgal? Ekki aldeilis! Og því ætti nýi flokkurinn að geta gert sér grein fyrir, ef hann les m. a. skýrslu prófessors Guðmundar Magnússonar, að hann byggir beinlínis mögguleika hjá íslenzkum iðnaði á því, hvað kaupgjaldið á Íslandi sé lágt. Þess vegna muni erlendir aðilar helzt fást til þess að taka hér þátt í uppbyggingu iðnaðar, og þannig muni íslenzkur iðnaður hafa hér upp á nokkuð að hlaupa í samkeppni við hina erlendu, þar sem kaupið sé mun lægra hér. Er það því ekki alveg augljóst mál, að atvinnurekendur, t. d. í iðnaði, munu beinlínis halda því fram, þegar farið verður fram á kauphækkun, að það sé erfiðara að gera það nú að mæta kauphækkun en nokkru sinni fyrr, þegar iðnaðurinn þarf að keppa á jafnréttisgrundvelli við erlendan iðnað. Ég held, að það geti ekki leikið nokkur vafi á því, að það muni verða miklu erfiðara eftir EFTA-aðild en það hefur verið til þessa.

Þá var nú ekki síður sterk röksemdin, sem kom fram í ræðu þessa hv. þm., þegar hann fór að ræða um þann ávinning, sem sjávarútvegurinn hefði af EFTA-aðild. Þar var því slegið fram, að bæði sjávarútvegur og landbúnaður mundu hafa hag af EFTA-aðild. Og svo nefndi hann það t. d., að það verð, sem við fengjum fyrir þorsk á Rússlandsmarkaði, mundi verða um 8% lægra en lágmarksverðið, sem ráðgert væri í Bretlandi. Þessar fullyrðingar þm. sýna það auðvitað, að hann veit sáralítið, um hvað hann er að tala í þessum efnum. Ég efast ekki um, að þessi hv. þm. hefði auðvitað ekki hagað orðum sínum á þessa lund, hefði hann eitthvað vitað um það, hvernig þessi mál eru í raun og veru, en þar skortir mikið á.

Í fyrsta lagi er það svo, að það verð, sem hann er hér að bera saman á Sovétmarkaði, er verð, sem samið var um fyrir meira en ári, verð, sem við höfum ekki viljað selja nema sem allra minnst af framleiðslu okkar á. En sá samningur, sem þá var gerður við Sovétríkin, var fyrst og fremst til þess að tryggja okkur mikla sölu þangað á ýmsum fiskafurðum, þar sem við fengum miklu hærra verð þar fyrir þær tegundir en við fengum nokkurs staðar annars staðar og fáum enn í dag nokkurs staðar annars staðar. Þetta var aðallega karfi, ufsi, langa og keila. En við höfum reynt að komast hjá því að selja þorsk samkv. þessu verði, af því að það var langt undir því verði, sem við fengum annars staðar. Við höfum aðallega notað það verð auðvitað, sem hæst var fyrir þorskafurðir okkar. En brezka verðið, sem hér er verið að gera samanburð á, var ekki heldur svona fyrir einu ári. Þá var það 10% undir rússneska verðinu. En það lágmarksverð, sem hér er verið að tala um í Bretlandi, er alls ekki komið til sögunnar enn. Það er gert ráð fyrir þessu lágmarksverði á næstu tveimur árum. Auðvitað fer það ekki á milli mála, að Rússlandsverðið fyrir þorsk a. m. k. mun verða hækkað í næstu samningum. Að öðrum kosti fer eins og áður, að við seljum engan þorsk þangað, ef þeir vilja ekki hækka verðið til samræmis við það, sem við fáum annars staðar. Það, sem skiptir hér vitanlega öllu máli, er, að bera þetta lágmarksverð, sem við eigum nú ekki víst á neinn hátt á brezkum markaði, saman við það verð, sem við fáum fyrir þorsk, þangað sem við seljum hann. En þá kemur líka í ljós, að þetta hugsaða lágmarksverð er 8% lægra en það verð, sem við fáum fyrir þorskinn á Bandaríkjamarkaði, þar sem við seljum hann aðallega, — og erum þó að hækka verðið þangað, vegna þess að markaðurinn er opinn fyrir hærra verði. Hér er því hv. þm. að bera saman alveg óskylda hluti, annars vegar verð, sem gert er ráð fyrir, að geti orðið á tilteknum markaði eftir 1—2 ár, og hins vegar verð, sem samið var um undir allt öðrum kringumstæðum, meðan fiskverðið var miklu lægra alls staðar í heiminum. Nei, við höfum haldið þannig á þeim málum, þeir aðilar, sem eitthvað hafa haft með sölu á íslenzkum sjávarafurðum að gera í langan tíma, að jafnan hefur verið reynt að ná í hæsta verð,

sem hægt hefur verið að fá, og þannig hefur farið t. d. sum árin með markaðinn í Sovétríkjunum, að við höfum ekki selt þangað neitt af þorski. Önnur ár hefur það orðið tiltölulega lítið, sem hefur verið selt í fylgd með öðrum tegundum, sem við höfum fengið miklu hærra verð fyrir á þeim markaði. Og svo koma þessar merkilegu yfirlýsingar frá nýja flokknum, að brezka ríkisstj. hafi fullan hug á því að hækka fiskverð í Bretlandi. Það er alveg merkilegt, að hún skuli ekki hafa haft hug á þessu áður. Það er alveg undarlegt, að hún skuli ekki hafa haft hug á þessu áður. Nei, málin liggja ekki þannig. Þó að brezka stjórnin gæti e. t. v. losnað við að greiða einhvern styrk til útgerðarinnar, veit hún, að hærra verð á fiski í Bretlandi hefur líka sínar dökku hliðar fyrir brezku ríkisstj., og því hefur hún staðið með þeim, sem reyna að halda verðinu niðri.

Hið rétta í sambandi við þetta lágmarksverð er það, sem ég hef bent á. Lágmarksverðið, sem *hér er verið að gera ráð fyrir, er meira að* segja þannig, að við hefðum ekki áhuga á því, miðað við þær aðstæður, sem við búum við í dag. Hitt er svo allt annað mál, sem hæstv. forsrh. sagði og ég var búinn að segja hér áður í fyrri ræðu minni, að auðvitað má alltaf segja, að það sé nokkur hagur í því að eiga möguleika á að selja inn á tiltekinn markað, ef að því kemur, að sá markaður verður samkeppnisfær við aðra markaði. Það er vitanlega ómögulegt um það að segja, hvort Bandaríkjamarkaður og markaðir í Rússlandi verða alltaf miklu betri en brezki markaðurinn, eins og þeir hafa verið á undanförnum árum. Það er ekkert um það hægt að segja. En ég segi: við þurfum ekki að ganga í EFTA nú á þessu ári vegna aðstöðu útflutnings okkar á frosnum fiski. Við mundum ekki nýta brezka markaðinn, af því að hann er lakari en aðrir, sem við eigum kost á.

Þá sagði hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, að það hefði komið fram í ræðu minni, að ég hefði tapað allri trú á sjávarútveginum. Það þarf nú anzi gott eyra til þess að hafa fengið þetta út úr því máli, sem ég flutti hér, því að *ég talaði einmitt mjög um alla þá* möguleika, sem væru tengdir eflingu á íslenzkum sjávarútvegi, og alveg sérstaklega í sambandi við eflingu á fiskvinnslu. En hitt er annað mál, að ég geri mér alveg grein fyrir því, hvernig þessum málum er háttað, og sé ég ekki, að við þurfum að ganga í EFTA til þess að tryggja hagsmuni útflutnings okkar. Það, sem hér skiptir vitanlega miklu meira máli, er, að við snúum okkur að því verkefni, sem ég lagði áherzlu á í fyrri ræðu minni, — snúum okkur að því stóra verkefni að byggja upp fullvinnslu á sjávarafla okkar. Að byggja upp þennan iðnað er mikið verk, og það verk hefur ekki verið unnið enn. Enginn vafi er á því, að þar eigum við markaðsmöguleika mjög víða. Hefur ekki einmitt verið skýrt frá því núna síðustu daga, að erlend firmu hafi tekið að sér það verkefni að kanna nokkuð möguleika á því í nokkrum löndum að selja fullunnar sjávarafurðir? Og hefur það ekki komið í ljós við þessa fyrstu athugun, að á þessu sviði eigum við gífurlega mikla möguleika? Það merkilega er, að aðalmöguleikarnir í þessum efnum eru fyrir utan EFTA. Það kemur auðvitað í ljós, sem við þekkjum, sem nærri þessum málum höfum komið, að brezki markaðurinn er tiltölulega mjög lágt stilltur í þessum efnum. Það er aðeins í einstaka tilfellum, sem hann býður sæmileg kjör, og við höfum þá notað þau, en yfirleitt er hann miklu óhagstæðari en flestir aðrir markaðir. Og auðvitað datt þessum sérfræðingum ekki í hug að athuga um möguleika fyrir fullunnar sjávarafurðir t. d. í Noregi eða Danmörku. Þeim kom það ekki til hugar.

En það væri svo hins vegar mál út af fyrir sig að taka til athugunar einmitt í sambandi við ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e., Björns Jónssonar, hvernig aðstaðan muni verða m. a. fyrir iðnaðinn í heimabæ hans, á Akureyri, við EFTA-aðild. *Það væri málefni út af fyrir sig.* Er það virkilega svo, að hann telji, að það sé líklegt, að staðan batni fyrir ullariðnaðinn á Akureyri, sem búið hefur að tiltölulega góðum markaði í Sovétríkjunum, sem hefur staðið undir gífurlega mikilli atvinnu þar um slóðir, — að staða þessa iðnaðar muni batna, vegna þess að við förum að mismuna Sovétríkjunum í viðskiptum hér á landi? Heldur hann, að það sé eitthvert tryggingarmál fyrir útflutning á niðurlögðum og niðursoðnum sjávarafurðum, sem nú eru framleiddar á Akureyri, — að það sé til þess að tryggja þennan markað í Sovétríkjunum að búa þeim hér miklu verri verzlunarkjör en öðrum? Auðvitað er enginn vafi á því, að þessi ráðstöfun þýðir, að það er verið að stefna þessum ávinningi, sem þegar hefur fengizt í þessum efnum, í hættu. Hann getur svo kannske líka talað um það í þeim tón, að það miði að einangrun fyrir Íslendinga, að eitt stærsta iðnaðarfyrirtækið á Akureyri, frystihúsið þar og öll sú vinna, sem er tengd því, skuli hafa tekið þátt í því að selja meginhlutann af framleiðslu sinni til Bandaríkjanna og Sovétríkjanna í krafti þess, að á þessum stöðum *fékk það hæst verð fyrir framleiðslu sína.*

Svo kemur aftur upp hin spurningin, hvort menn geta trúað því, að t. d. húsgagnaiðnaðurinn á Akureyri, sá, sem hefur verið að senda út tilkynningar nú síðustu daga, að hann þyrfti að dragast saman, — hvort líklegt sé, að honum muni ganga betur, eftir að hann hefur fengið harðari samkeppni en hann hefur þó búið við til þessa; hvort það sé líklegt, að skipasmíðastöðinni þar fyrir norðan muni ganga betur, eftir að það er raunverulega orðið óheimilt, ef um eðlilegt útboð er að ræða í sambandi við skipasmíðar, að taka því tilboðinu, sem er hærra, eins og gert var í sambandi við þær smíðar, sem farið hafa þar fram nú að undanförnu. Og hvað ætli yrði t. d. um þá vinnu á Akureyri, sem tengd er tunnuverksmiðju og hv. þm. þekkir nokkuð vel, ef þær reglur ættu að gilda, sem gengið er inn á í sambandi við EFTA? Ætli yrði ýkjamikið um þá vinnu í

því byggðarlagi og fleirum á eftir? Nei, það er auðvitað enginn vafi á því, að samkeppnisaðstaða þessara fyrirtækja hefur ekki verið svo góð, að þau þoli frekari samkeppni, enda hefur Iðjufólkið á Akureyri og annars staðar kunnað að meta þessi mál á þann hátt, að það hefur eindregið mælt gegn aðild að EFTA, af því að vitanlega óttast það afleiðingarnar í þessum efnum.

Það eru svo mál út af fyrir sig í sambandi við boðskap þessa nýja flokks varðandi þetta mál, sem hér er til umr., að koma fram og segja, að flokkurinn sé eindregið fylgjandi aðild að EFTA, en segja svo um leið, að hann vilji neita öllum afleiðingum af því. Hæstv. forsrh. sagði þó sem rétt var í sínu máli, að öll þessi frv., tollalækkunarfrv., söluskatturinn og frv. um iðju og iðnað og verzlun, væru hluti af sama máli. Þannig orðaði hæstv. forsrh. það, enda fer það auðvitað ekkert á milli mála. Öll þessi frv. hanga saman. Það er í rauninni ekki nokkur leið að vera með EFTA-aðild án þess að taka afleiðingunum af slíkri samþykkt. EFTA-aðild miðar að því að lækka í þessu tilfelli tiltekna tolla. Um það er samningurinn. Og það fór ekkert á milli mála, að þeir, sem voru að samþykkja þetta, samþykktu um leið hækkun á söluskatti. Það hefði þótt málefnaleg óheilindi að halda svona á málum, hefði það komið frá gömlu flokkunum. Þeir nýju og hreinu ætla sér að halda á málunum á þennan hátt. En það skulu þessir hv. þm. skilja, sem hafa þessa afstöðu, að þeim verður nú ekki kápan úr því klæðinu, að þeir komist upp með, að þeir hafi bara verið með EFTA, en svo hafi þeir verið á móti hinu. Allir skilja þetta samhengi, og það skiptir ekki ýkjamiklu máli, hvernig þeir sverja þetta af sér.

Auðvitað fylgja samþykktinni um aðild að EFTA ákveðnar aðrar skuldbindingar. 16. gr. EFTA-samkomulagsins segir ákveðna hluti. Það er rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., Birni Jónssyni, að það eru auðvitað ákvæðin í 16. gr. EFTA-samkomulagsins, sem segja í rauninni til um það, hvernig fer með atvinnurekstrarréttindi útlendinga hér, eftir að við erum orðnir aðilar að EFTA. Hv. þm. vildi hins vegar hafa þann hátt á, að eftir sem áður ætti það að vera á valdi Alþ. að ákveða, hvaða útlendingar kynnu að fá hér atvinnurekstrarréttindi. Slíkt fær vitanlega ekki staðizt. Það er rétt, sem hann sagði í fyrra fallinu. 16. gr. EFTA-samningsins segir það, sem ræður hér raunverulega úrslitum, og samkv. henni fá útlendingarnir ákveðin réttindi til atvinnurekstrar hér á landi til samræmis við það, sem landsmenn hafa sjálfir. Ríkisstj. viðurkennir þetta, en segist þó ætla að hafa það öryggisákvæði, að hún geti með stoð í íslenzkum lögum bannað jöfnum höndum útlendingum og innlendum aðilum að reisa fyrirtæki. Ríkisstj. viðurkennir það, að samkv. 16. gr. EFTA-samningsins eiga útlendingar sama rétt og landsmenn sjálfir í vissum tilvikum. Þetta ætlar hv. 4. þm. Norðurl. e. að samþykkja með glöðu geði, að veita útlendingunum þessa aðstöðu. Hann er ánægður með samningana, telur, að vel hafi verið á öllu haldið og þeir séu góðir. Það þýðir því vitanlega ekkert fyrir hann og hans flokk að koma svo á eftir og segja: Ja, við vildum ekki gefa útlendingunum kost á jafnrétti við landsmenn sjálfa til atvinnurekstrar. Við vildum, að það væri í höndum Alþ. að taka ákvarðanir í hverju einstöku tilfelli. EFTA-gr. skuldbindur okkur í þessum efnum, og þeir, sem samþykkja samkomulagið, eru búnir að tjá sig í þeim efnum.

Merkilegast var þó kannske niðurlagið á ræðu hv. þm., þegar hann sagði, að flokkur hans fylgdi EFTA-aðild heill og óskiptur, en bætti þó við, að hann vissi ekki annað betur en hann væri heill og óskiptur. Fyrir nokkru sá ég það í blaði þessa nýja flokks, að það voru tilnefndir ekki færri en þrír menn á Austurlandi, sem væru trúnaðarmenn flokksins og umboðsmenn þar um slóðir, — og svo auðvitað sagt á eftir, að flokkurinn mundi hafa mikið fylgi á Austurlandi. Þetta voru þrír mætir menn, Sveinn bóndi á Egilsstöðum, mjög þekktur maður, og kennari uppi á Jökuldal, Skjöldur Eiríksson, og bústjóri uppi á Skriðuklaustri, Matthías að nafni. Nú hefur það gerzt, að allir þessir þrír menn hafa opinberlega lýst því yfir, að þeir séu á móti EFTA-aðild. Tveir þeirra hafa haldið hörkuræður á móti EFTA og lýst því yfir, að þetta sé mesta óráð að ganga í EFTA, og greitt atkv. á fundi þar á móti. Sá þriðji hefur gefið út sérstakt blað og skrifað í það stóra grein, þar sem hann lýsti yfir fullri andstöðu við málið. Það var því ofur eðlilegt, að hv. 4. þm. Norðurl. e., Björn Jónsson, segði hér, að flokkurinn væri heill og óskiptur að því er hann bezt vissi. Það var vissara að hafa þennan fyrirvara á. Ég er anzi hræddur um, að þegar þeir fara að telja saman, sem sennilega er nú ekki ýkjamikið saman að telja, þá verði þeir varir við það, að flokkurinn er ekki heill og óskiptur með þessum tveimur þm., sem skipa flokkinn hér á Alþ., í þessu máli.

Sveinn Guðmundsson: Herra forseti. Með þáltill. þeirri, sem hér er til umr. um heimild til inngöngu í Fríverzlunarbandalag Evrópu, stíga Íslendingar eitt stærsta spor fram á veg, ef samþykkt verður. Eins og fram hefur komið, nær EFTA-aðild að langmestu leyti til iðnaðar og iðnaðarvöru. Ég tel mig geta talað af nokkurri reynslu í þeim efnum, hvað íslenzkan iðnað snertir. Eitt af stærstu vandamálum íslenzks iðnaðar hefur alltaf verið smæð hins íslenzka markaðar, og svo mun verða að óbreyttu enn um langa framtíð. Smíði einstakra hluta á í flestum tilvikum lítið skylt við vel skipulagða verksmiðjuframleiðslu. Verðlag hverrar framleiðslueiningar verður brot kostnaðar. Það er því fyrst og fremst íslenzki neytandinn, sem hér á hagsmuna að gæta, en það er að sjálfsögðu þjóðin öll, og verður að sæta hærra verðlagi meðan svo er, að Íslendingar geta ekki framleitt á hagkvæmastan máta, eins og nú er í mörgum tilvikum.

Fríverzlunarbandalag Evrópu hefur nú starfað um áratug. Allvel tel ég, að hafi verið fylgzt með þeim málum af Íslands hálfu þennan tíma. Segja má, að hækkandi verðlag sjávarafurða, hagstæður útflutningur áranna fram til 1966 og miklir atvinnumöguleikar hafi ekki knúið okkur svo mjög til þess að takast á við þetta stóra vandamál af fullri alvöru á fyrstu árum bandalagsins. Reyndar hefur komið fram, að slíkt hefði ekki borið árangur þá, því að við áttum í erjum við Breta, stærstu þjóð EFTA. Eftir að skriður komst svo á málið og til EFTA-þmn. stofnað í árslok 1967, komst málið einnig í brennipunkt hjá samtökum iðnaðarins, sérstaklega þó hjá Félagi ísl. iðnrekenda, sem málið varðar hvað mest. Á þessu tímabili, og reyndar öll árin, sem EFTA hefur starfað, hafa verið náin tengsl milli norrænna iðnrekendasambanda, en þar eru íslenzkir iðnrekendur aðilar að. Ég vil því fullyrða vegna eigin reynslu, að með hverju fótmáli, sem Norðurlönd hafa stigið í þessu máli frá byrjun, hefur verið fylgzt af samtökum iðnaðarins hér. M. a. fékk Félag ísl. iðnrekenda hingað til lands á s. l. ári einn af framkvæmdastjórum norska iðnrekendasambandsins, sem mest hefur fylgzt með EFTA-málum Noregs. Var hann hér í nokkra daga, átti viðræður við frammámenn í iðnaði og kynnti sér íslenzkar aðstæður, en gaf svo stjórn Félags ísl. iðnrekenda umsögn um reynslu sína, heima og hér. Á s. l. vori stofnaði svo Félag ísl. iðnrekenda til 18 samstarfsnefnda, en í þeim n. hafa setið 65 forustumenn íslenzks iðnaðar í flestum starfsgreinum. Fulltrúi iðnmrn., Guðmundur Magnússon prófessor, hefur einnig átt fundi með þessum starfsnefndum til þess að kynna sér viðhorf iðnaðarins. Einnig hafa farið fram umr. milli stjórnar iðnrekenda og hæstv. ríkisstj. um einstök mál, sem iðnrekendur telja mikilsverð, ef af EFTA-aðild verður. Sum þeirra mála, sem iðnrekendur hafa lagt kapp á, hafa þegar séð dagsins ljós. Annað mun þróast á lengri tíma. Ég nefni hér nokkur mál, sem mér er kunnugt um, að samtök iðnaðarins hafa lagt mikla áherzlu á, ef af EFTA-aðild yrði. Það er þá að sjálfsögðu, að tollskráin verði endurskoðuð, en hún hefur verið lögð fram með nokkrum breytingum. M. a. er vélatollur þar færður niður úr 25%, hinn almenni vélatollur, niður í 7%. Hráefnatollur er færður niður um 50% í mörgum tilvikum. Ýmsar fleiri breytingar þarf þó að gera á tollskránni eða í sambandi við hana, en það verður þó ekki rætt hér að þessu sinni.

Þá koma breytingar á skattamálum, afskriftir, skattar og arðgreiðsla af hlutafé, sameining félaga eða samruni, aukin rannsóknarstarfsemi, samræming skatta við EFTA-lönd, endurgreiðsla á tollum, vélum og efni, sem flutt hefur verið inn með hærri tolli en undanfarna mánuði. Að sjálfsögðu ber einnig að nefna lánamál iðnaðarins í mörgum málaflokkum og útflutningsábyrgðir, ef iðnaðurinn á að standa sig á hinum erlenda markaði, og Iðnlánasjóð og Iðnþróunarsjóðinn nýja og stjórn hans. Þá má nefna framlag ríkissjóðs til tækninýjunga, sem verður þýðingarmikið, rekstrarleiðbeiningar fyrir iðnfyrirtæki og aukna þjálfun starfsfólks í iðnaði. Einnig þarf að samræma rekstraraðstöðu íslenzkra fyrirtækja öðrum EFTA-löndum, og má m. a. í því sambandi nefna orku til iðnrekstrar.

Þá hefur verið rætt um innlend hráefni, að verðlag á innlendri framleiðslu verði það sama til iðnaðar hér á landi. Það á aðallega við um landbúnaðarvörurnar, verðlagið á þeim verði það sama til iðnrekstrar og aðrir EFTA-framleiðendur sitja það. Þá hefur verið rætt um að koma á hönnunarmiðstöð og markaðsleit á erlendum mörkuðum. Sjónvarpsauglýsingar verði takmarkaðar eða þau mál gagngert endurskoðuð; og allt eftirlit með íslenzkri iðnþróun verði hert og opinber aðstoð við undirmálsiðngreinar, sem ekki standast aukna samkeppni í byrjun.

Eins og ég sagði áðan, hefur sumt af þessum málum þegar séð dagsins ljós. Annað er væntanlega í farvatninu. Eitt af vandamálum við inngöngu í EFTA er að sjálfsögðu fjármagnsskortur iðnfyrirtækja hér á landi. Með verðlagsþróun þeirri, sem verið hefur, og ströngum verðlagsákvæðum um áratugi má segja, að atvinnurekstur allur og ekki sízt iðnaðurinn hafi verið fjárvana og ekki haft undan í kapphlaupi við dýrtíðina. Undanfarið hefur nokkuð verið bætt úr þessum fjármagnsskorti. Ég minni á aukningu Iðnlánasjóðs, lausaskuldir iðnaðarins, sem hefur verið breytt í föst lán, iðnlán Seðlabankans og samkeppnislán vegna iðnaðarframleiðslu. Útlán viðskiptabankanna til iðnaðar hafa og verið aukin nokkuð að undanförnu. Það, sem gert hefur verið, er þó hvergi nægilegt, og þá fyrst og fremst vegna gengisfellinganna, er rýrt hafa íslenzka gjaldmiðilinn aftur og aftur. Með inngöngu í EFTA reynir fyrst á með fjármagn. Norðurlönd, sem eru áreiðanlega vinveitt okkur, hafa því fallizt á að stofna til svokallaðs Iðnþróunarsjóðs, ef til aðildar Íslands að Fríverzlunarbandalaginu kemur. Iðnþróunarsjóður fær lánsfé mest allt frá hinum Norðurlöndunum, rúmar 1200 millj. kr. vaxtalaust til 25 ára, og afborgunarlaust fyrstu 10 árin. Þetta er mikill vinsemdarvottur, en hefur að sjálfsögðu engin áhrif á afstöðu iðnrekenda í þessu máli, eins og þó hefur verið haldið fram.

Að fjármagninu slepptu er annað vandamál alls atvinnurekstrar, hversu verðlag allt hefur verið óstöðugt í landinu. Verðlag innanlands verður að haldast stöðugt og án óeðlilegra hækkana, a. m. k. hækka ekki meira en í öðrum EFTA-ríkjum eftir inngöngu í Fríverzlunarbandalagið. Ef við ætlum okkur að ganga í markaðsbandalag, þar sem búa hundrað millj. manna, getum við ekki ráðið þar ferðinni, og því síður hagað okkur eins og að undanförnu í dýrtíðarkapphlaupinu. Þetta fannst hv. 4. þm. Austf., Lúðvík Jósefssyni, afleitt. Þetta finnst mér afbragðs gott.

Eðlilegt er, að spurt sé: geta íslenzk fyrirtæki, svo smá sem þau eru, komizt inn á EFTA-

markaðinn? Hér ræðum við aðallega ýmiss konar iðnaðarvöru og þá vöruflokka, sem falla undir EFTA. Ef dæmi er tekið frá Noregi, ætti að vera óhætt að svara þessari spurningu játandi. En þó verður að hafa þar ýmsa fyrirvara. Eftir síðustu heimsstyrjöld var iðnaðarframleiðsla Norðmanna í molum. Með þátttöku í stærra markaði og með því að leggja jafnframt rækt við heimamarkaðinn hefur Norðmönnum nú tekizt á mörgum sviðum að ná undraverðum árangri í útflutningi iðnaðarvarnings. Heimamarkaðurinn hefur reynzt þeim bezta stökkbrettið, og svo hversu þeim hefur tekizt að halda kaupgjaldi í skefjum. Nefna má eitt atriði til viðbótar, sem er ekki þýðingarminnst, en það er hversu þjóðin hugsar norskt. Okkur Íslendingum aftur á móti virðist ætla að lærast seint að hætta að ganga á dönskum skóm, ef svo mætti segja.

Ein forsendan fyrir því, að þátttaka okkar í EFTA geti heppnazt og lífskjör okkar haldið áfram að batna, er sú, að við Íslendingar getum laðað að okkur erlent fjármagn, t. d. frá hinum EFTA-löndunum. Íslendingar eru í dag fátæk þjóð að fjármagni. Við eigum síldarbáta og síldarverksmiðjur og mikið af nýjum og góðum byggingum, mörg góð iðjuver og mikið af vélum er til í landinu. Við höfum yfirbyggt okkur á mörgum sviðum miðað við innanlandsþarfirnar. Síldin hefur brugðizt og við sitjum eftir með síldarbátana, verksmiðjurnar og of mikla yfirbyggingu, en of litla framleiðslu. Fyrir liggur yfirlýsing frá fjársterkustu löndum innan EFTA, a. m. k. Svíþjóð og Sviss, um, að ríkisstj. þessara landa vilji stuðla að útflutningi fjármagns til hinna EFTA-landanna. Yrði slíkt fjármagn flutt til Íslands, t. d. sem lánsfé eða hlutdeild í íslenzkum útflutningsfyrirtækjum, mundi það hafa í för með sér aukna atvinnu og bætt lífskjör. Einnig mundi erlend fjármögnun geta haft í för með sér frekari uppbyggingu stóriðnaðar á vissum sviðum. Reynslan af áliðjuverinu í Straumsvík er slík, að á þeirri braut geta Íslendingar óhikað haldið áfram — að sjálfsögðu með allri varfærni og forsjá okkar beztu manna. Það mundi að sjálfsögðu ekki vera hægt að hugsa sér annað, eftir að við erum orðnir aðilar að EFTA, en að öll fyrirtæki hér á landi lytu sömu lögum og reglum og gerist í hinum EFTA-löndunum, — skattar og skyldur þær sömu. Í dag getum við bent á ríkisfyrirtæki, bæjar- og borgarfyrirtæki, sement, áburð, Landssmiðju og að sjálfsögðu álbræðsluna í Straumsvík. Öll þessi fyrirtæki hafa aðra starfsaðstöðu en gerist hjá íslenzkum fyrirtækjum yfirleitt. Ég skal ekki öfundast yfir þessari aðstöðu, sem þessum fyrirtækjum hefur verið sköpuð, en allir þurfa að sitja við sama borð og njóta beztu kjarasamninga frá hendi íslenzkra stjórnvalda. Í skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors er bent á það, hversu íslenzkum fyrirtækjum hefur verið mismunað átakanlega með fjármagn frá lánastofnunum hér á landi. Í skýrslunni, þar sem fjallað er um löng lán, segir svo með leyfi hæstv. forseta:

„Verndaðar iðngreinar eru að 28.9% fjármagnaðar með löngum lánum, en óverndaður eða lítt verndaður iðnaður að 22.3%, og sé sleppt samvinnu- og ríkisrekstri, er talan 17.8%.“ — Hér kemur afdráttarlaust fram hjá prófessornum það, sem reyndar eru mér ekki ný sannindi, að samvinnurekstri og ríkisrekstri hefur verið stórlega ívilnað með löngum lánum, og annað, sem mér var ekki jafn vel ljóst fyrr en nú, að verndaður iðnaður hefur verið betur meðhöndlaður af lánastofnunum en óverndaður. Ég lýsi ánægju minni yfir því að fá þetta svo berlega fram, og má segja, að það skýri margt af því, sem ég hef áður haft hugmynd um og hef áður látið uppi hér á hæstv. Alþ. Mörg önnur sannindi koma fram í þessari merkilegu skýrslu. Ég met mikils, hversu hreinskilnislega er tekið þar á vandamálum, og það er ekkert undan dregið, sem hlýtur þó að hafa verið freistandi.

Það má fullyrða, að sú atvinnustétt, sem innganga í EFTA hefur hvað róttækust áhrif á, sé íslenzkir iðnrekendur og fólk, sem starfar og kemur til með að starfa að iðnaðarstörfum. Ég hef nokkuð lýst, hversu forusta iðnrekenda hefur haft vakandi auga á þessu vandamáli og raunverulega ekki tekið afstöðu fyrr en nú, þar sem ¾ hlutar þess atkvæðamagns, sem létu sig málið skipta, voru meðmæltir því, að Ísland gengi í EFTA. Hv. 6. þm. Reykv. hefur gert þessa atkvgr. að umræðuefni yfir þvera síðu í blaði sínu, Þjóðviljanum. Fullyrti hann, að 18 fyrirtæki gætu ráðið þar meiri hl. Sannleikurinn er sá, að það hefði þurft 36 félög, *eins og ég þekki bezt til*, til að ráða þessu með naumum meiri hl. þó. Ég kann ekki þann Finnagaldur, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur æfingu í, en það má þó benda honum á þetta og líka það, að í stærstu alþýðusamtökum hér á landi, Alþýðusambandi Íslands, er vitað, að tvö stærstu verkalýðsfélögin hér í Reykjavík hafa fjórða hluta fulltrúa á Alþýðusambandsþingum, og líklegt að innan við 10 af þeim stærstu, sem eru innan sambandsins, hafi hreinan meiri hl. Með þetta í huga tel ég ekki réttmætt hjá hv. 6. þm. Reykv. að bendla Félag ísl. iðnrekenda við ólýðræði.

Það er fullkomlega eðlilegt, að nokkurs kvíða hafi gætt hjá sumum iðnrekendum vegna inngöngu í EFTA, en allir vita, að með inngöngu í EFTA erum við Íslendingar ekki að bindast þeim samtökum okkur vísvitandi í óhag. Ef það sýndi sig, að slíkt hefði meiri ókosti en kosti, get ég ekki séð annað en 12 mánaða uppsagnartími sé aðgengilegur fyrir Íslendinga, auk þess sem við eigum að hafa fjögurra ára aðlögunartíma með raunverulega óbreyttri tollvernd fyrir íslenzkan iðnað, eins og marglýst hefur verið yfir af hæstv. ríkisstj., og svo þar á eftir 6 ára tímabil, þar sem tollverndin minnkar hlutfallslega á hverju ári.

Áður en ég lýk máli mínu, vil ég víkja nokkrum orðum að ummælum forustumanna tveggja stjórnarandstöðuflokkanna, sem hér hafa talað í þessum umr., fyrri dag umr. Hv. 1. þm. Norðurl. v. hefur lýst sig andsnúinn aðild að Frí-

verzlunarbandalaginu. Afstaða þessa talsmanns Framsfl. er mér undraverð eftir að hafa hlustað á ritara flokksins, Helga Bergs, á almennum fundi hjá Framsfl., sem haldinn var hér í borg fyrir skömmu. Þangað var boðið mörgum frammámönnum íslenzks iðnaðar til þess að sitja fyrir svörum um EFTA. Á þeim fundi lýsti ritari Framsóknar eindregnum stuðningi við málið, tók jafnvel dýpra í árinni en sumir iðnrekendur, sem annars voru meðmæltir aðild. Í sama streng tók einnig framkvæmdastjóri iðnaðardeildar SÍS, Harry Frederiksen. Sýnilegt er, að ábyrgir menn innan Sambands ísl. samvinnufélaga, sem Framsfl. hefur alltaf verið tengdur við, menn, sem hugsa um velferð fyrirtækja þeirra, sem þeim hefur verið trúað fyrir, hafa tekið eindregna afstöðu með EFTA-aðild. Afstaða hv. 1. þm. Norðurl. v. er því algerlega óábyrg. Eflaust tekst honum að kúga flokksbræður sína til fylgis við sig, þegar lokaafgreiðsla málsins fer fram hér á hæstv. Alþ.

Varðandi afstöðu hv. 4. þm. Austf. til EFTA-aðildar er að sjálfsögðu ekki að vænta neinnar hálfvelgju. Hann kom fram hér fullkomlega í gervi úrtölumannsins og stóð þar í báða fætur, að svo miklu leyti sem hann kom inn á iðnaðinn í fyrri ræðu sinni, sem hann tileinkaði að sjálfsögðu mest íslenzkum sjávarútvegi nú eins og endranær. Þessi hv. alþm., formaður þingflokks Alþb., sem fram að þessu telur eflaust innan sinna vébanda álitlegan hóp þeirra, er að iðju og iðnaði starfa, og annað vinnandi fólk, hefur ekki enn skilið þörf fyrir aukinn iðnað í landinu. Þetta er hörmuleg staðreynd. Mér fannst afstaða þessa hv. þm. sorglegt dæmi um einstrengingshátt og skilningsleysi, — en þó meiri leikaraskap að yfirlögðu ráði heldur en þetta væri sannfæring hv. þm. Ég er þó innilega sammála þessum hv. þm. um það, að íslenzkan sjávarútveg þarf að efla. Við þurfum nýja togara, þótt hann hafi hins vegar staðið að því á sínum tíma að selja nýja togara frá Norðfirði, sínum heimabæ — en nú væri þó mikil atvinnubót að slíkum atvinnutækjum á Norðfirði. Við megum vera minnug þess, hversu valt er að treysta sjónum. Þessi gullkista okkar hefur lokazt að nokkru, og við vitum ekki, hvenær henni verður lokið upp á ný. Á sama tíma fjölgar fólkinu í landinu, starfsglöðu, vinnandi fólki, sem verður að sjá fyrir atvinnu.

Hv. 4. þm. Austf. fór mörgum orðum um það, að við ættum að fullvinna sjávaraflann í landinu sjálfir. Ég er honum sammála, en við verðum líka að láta reynsluna tala, og hv. þm. veit betur en hann vill vera láta, hvernig þessum málum er fyrir komið. Eða veit hann ekki, að Íslendingar flytja hraðfrysta fiskinn til Ameriku og fullvinna hann þar? Veit hann ekki, að ný síld hefur verið flutt úr landi til Þýzkalands, skipsfarmur eftir skipsfarm, og fullunnin þar? Sannleikurinn er sá, að hv. þm. veit þetta mætavel. Hann veit, að fullvinnsla sjávarafurða verður í mörgum tilvikum að fara fram, þar sem markaðurinn er. Þetta verður þannig að vera, þangað til hægt er að flytja afurðirnar flugleiðis eða á annan hátt á neytendamarkaðinn samdægurs. Að mínum dómi er það algerlega út í hött hjá þessum hv. þm. að beina allri orku sinni nú í þessu máli að íslenzkum sjávarútvegi, eins og hann gerði í fyrri ræðu sinni, einmitt þegar gera á stórhuga tilraun til þess að koma upp útflutningsiðnaði hér á landi, sem verða mætti til þess að tryggja betri lífskjör og forða frá atvinnuleysi, sem allir hræðast vegna sívaxandi fólksfjölda á vinnumarkaðinum. Mér finnst þessi hv. þm. vera allt of vel inni í atvinnumálum þjóðarinnar til þess að tala eins og hann gerði hér fyrr í þessum umr.

Hv. þm. talaði einnig hér fyrr í dag og endurtók nokkuð af sínum fyrri bölsýnisspádómum um íslenzka iðnaðinn. Hann taldi, að smáiðnaður í iðnaðarlöndunum, t. d. Sviss, hefði byggzt upp með höftum og aðstöðu á heimamarkaði. Hann lýsti því, hversu þessi lönd hefðu síðar farið að berjast á stærri mörkuðum. Ég kann ekki þessa sögu svo langt til baka, en er ekki augljóst, að við stöndum í dag einmitt á þessum þröskuldi, sem hv. þm. lýsti? Við höfum haft heimamarkaðinn, og nú er um að gera að reyna að fara að berjast á stærri markaði okkur öllum til hagsbóta.

Sami ræðumaður talaði enn um 16. gr. EFTA-samningsins, en hann gleymdi örugglega, — óviljaverk hans náttúrlega, — að minnast á tvö þau frv., sem fyrir hv. Alþ. liggja, frv. um iðju og iðnað og frv. um verzlunaratvinnu. Þessi tvö frv. eiga einmitt að koma í veg fyrir, að 16. gr. EFTA-samningsins hafi óheppileg áhrif hér á íslenzkan atvinnurekstur.

Þá minntist ræðumaður á Iðnþróunarsjóðinn: Það væri svo sem einskis virði að fá þennan sjóð. Hann yrði að borga til baka. En hann minntist ekki á, að sjóðurinn er afborgunarlaus fyrstu 10 árin og greiðist svo niður á 15 árum, en er vaxtalaus allan tímann. Íslendingar borga aldrei vexti af þessu fé. En svo minntist hann einnig á, og kvartaði yfir, að sjávarútvegsiðnaður ætti ekki að komast að í þessum bölvaldi, sem hann minntist á, í Iðnþróunarsjóðnum. En sannleikurinn er sá, að allur iðnaður, sem hefur viljað teljast til íslenzks iðnaðar, fær fullan og jafnan aðgang að Iðnþróunarsjóðnum og annar ísl. iðnaður. Allir, sem greiða til Iðnlánasjóðs, fá aðgang að sjóðnum, m. a. allur íslenzkur niðursuðuiðnaður og margs konar annar iðnaður, sem vinnur úr sjávarútvegi, þó ekki frystiiðnaður, sem að eigin ósk er ekki talinn til íslenzks iðnaðar og greiðir ekki iðnlánasjóðsgjald.

Atvinnuástand síðasta vetrar og vaxandi atvinnuleysi er mörgum áhyggjuefni. Allir verða þó að viðurkenna, að Búrfellsvirkjun og mikil atvinna við álbræðsluna í Straumsvík hefur verið bjargvættur. Álbræðslan hefur nú hafið starfsemi sína og á eftir að mala gull úr íslenzku fallvatni um ókomin ár, væntanlegum eigendum, þeim sem að fyrirtækjunum starfa, og íslenzka ríkinu til hagsbóta. Ég hef oft rennt huganum til frænda okkar Norðmanna og hvern veg þeir rifu sig upp úr þeirri eymd, sem síðasta heimsstyrjöld skapaði þar í landi.

Einn af þeirra beztu sonum var gerður að „farandsendiherra" til þess að vekja athygli heimsins á þeirri miklu auðlegð, sem norsk fallvötn byðu upp á. Á örskömmum tíma byggðu Norðmenn, með aðstoð erlends fjármagns, upp slíkan stóriðnað í landi sínu, að slíkt er einsdæmi. Væri ekki réttara fyrir okkur Íslendinga að fara sömu leið, þótt seint sé, sameinast allir um það, að hefja stórvirkjanir og uppbyggingu orkufreks iðnaðar, vekja áhuga erlendis á hinum góðu kostum, sem landið er búið og enn eru tæpast úreltir, þannig að við getum einnig á þennan hátt skapað fulla atvinnu? Ég held, að við eigum nú loks að sjá að okkur, hleypa heimdraganum, ekki aðeins með inngöngu í EFTA, heldur einnig með því að stuðla að gifurlegri uppbyggingu hér á sviði stóriðju og virkjana með það að markmiði, að hér skapist velferðarríki til handa öllum landsins börnum. Trú mín er sú, að íslenzkur iðnaður eigi bjarta framtíð fyrir höndum með samstilltu átaki allra og geti lyft grettistökum.

Með því að tengjast EFTA erum við raunverulega að nálgast enn meir þau lönd, sem við höfum haft nánustu menningartengsl við og okkur standa næst. Þar á ég að sjálfsögðu við Norðurlöndin, sem öll eru innan Fríverzlunarbandalagsins. En eftirtektarvert er, að innan EFTA teljast aðeins 3% af fólksfjölda heimsins, eða 100 millj. manna. En þessi 3% hafa innan sinna vébanda 15% af öllum heimsviðskiptum. Verzlun og viðskipti eru nú einu sinni sá þáttur atvinnulífsins, sem ekki verður umflúinn, þótt fáir vilji viðurkenna hann sem sérstakan atvinnuveg. Reynslan er þó sú, að sala er oft meira atriði heldur en sjálf framleiðslan. Og af því að ég tók dæmi af Norðmönnum, má minnast á það, að þeir gera nú ótrúlegustu hluti til þess að eignast sérmenntaða menn einmitt á verzlunarsviðinu og þá, sem taka að sér könnun á markaðsmálum.

Það er augljóst mál, eins og nú er komið, þar sem tveggja klst. ferð er með flugi yfir til nágranna okkar, að það gengur ekki til lengdar, að við einangrum okkur frá þessum nágrönnum með óheilbrigðum tollmúrum. Ég tel, að Íslendingum sé það til góðs að stíga nú þetta spor, að ganga í EFTA, og auk þess hefja stórkostlega uppbyggingu iðnaðar á Íslandi.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 28:5 atkv. og til utanrmn. með 34 shlj. atkv.

Á 26. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til síðari umr. (A. 152, n. 207, 208 og 209).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 35 shlj. atkv.

Frsm. meiri hl. (Birgir Kjaran): Herra forseti. Utanrmn. Alþ. hefur haft til meðferðar till. til þál. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu. Hefur n. rætt málið á tveim fundum. Fundina sátu auk nm. hæstv. viðskmrh., Þórhallur Ásgeirsson ráðuneytisstjóri, Einar Benediktsson deildarstjóri og ritari n., Pétur Thorsteinsson ráðuneytisstjóri. Þótt fleiri nefndarfundir hafi ekki verið haldnir um málið, held ég, að enginn nm. hafi sakazt um það, sökum þess að fulltrúum allra flokka hafði verið gefinn kostur á að fylgjast með gangi málsins allt frá upphafi, enda óskaði enginn nm. eftir frekari fundahöldum um málið. Að lokum hlaut málið þá afgreiðslu í n., að meiri hl. leggur til, að till. verði samþ. óbreytt. Fulltrúar Framsfl. vilja vísa till. frá, eins og fram kemur á þskj. 209, með rökstuddri dagskrá, sem felur í sér frestun málsins. Og fulltrúi Alþb. leggur til á þskj. 207, að þjóðaratkvgr. fari fram um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum, ella verði till. felld.

Rökstuðningur meiri hl. liggur fyrir í grg. þeirri, sem í nál. felst, en þar sem um svo veigamikið mál er að ræða og því miður mál, sem almenningi hefur e. t. v. ekki verið kynnt nægilega vel, sé ég ástæðu til þess að rekja sögu þess og efni nokkru nánar.

Undanfarinn áratug hefur afstaða okkar Íslendinga til markaðsbandalaganna í Evrópu oft verið til umr. Við eigum nálægt 60% utanríkisviðskipta okkar við þjóðir Vestur-Evrópu, en þeirra á meðal eru þau ríki, sem Ísland hefur, og hlýtur að vilja hafa, nánust tengsl og samvinnu við. Vestur-Evrópa er nú klofin í tvö viðskiptabandalög, eins og kunnugt er, og hefur það torveldað ákvörðun um afstöðu okkar Íslendinga. Framan af þessum áratug var efnahagsástandið hér á landi slíkt, að mönnum þótti síður brýnt mál en nú, að Ísland ætti aðild að frjálsum markaði. En þegar sú staðreynd blasir við annars vegar, að fiskistofnar í Norður-Atlantshafi eru almennt ofveiddir, og hins vegar, að vinnufæru fólki hér á landi mun fjölga mjög ört og örar en sem nemur hugsanlegum vexti í fiskveiðum og vinnslu eða landbúnaði, hafa viðhorfin tekið að breytast, og huga verður að nýjum útflutningsatvinnuvegum. Íslendingum er það nú beinlínis lífsnauðsyn, að framleiðsla til útflutnings geti verið mikil, fjölbreytt og vaxandi. Það hefur t. d. verið reiknað, að ef raunvirði þjóðarframleiðslunnar á mann eigi að vaxa um 3—4% á ári, þurfi útflutningurinn að aukast um 6—7%. Slíkum árangri verður ekki náð, nema því aðeins að Ísland sé aðili að stórum, tollfrjálsum markaði. Þó ber ekki að skilja þetta svo, að slík bætt markaðsaðstaða tryggi sjálfkrafa hagstæða lausn vandamálanna í heild. En lausnin verður þó auðveldari með þeim hætti. Það, sem einkum ræður hér úrslitum, er, hvernig fríverzlunin kemur til með að vera í framkvæmd, og hvernig við Íslendingar notfærum okkur þau tækifæri, sem hún kann að skapa. Litum því fordómalaust á niðurstöðu þeirra samninga, sem ríkisstj. hefur gert um aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.

Ísland fær tækifæri til hægfara aðlögunar að fríverzluninni með 10 ára aðlögunartímabili

til afnáms tolla og 5 ára til afnáms þeirra fáu hafta, sem enn eru fyrir hendi. Þýðingarmikið er, að eftir nokkuð ríflega tollalækkun í byrjun verður hlé á í fjögur ár á lækkun verðtollanna. Þennan tíma mun nettóvernd iðnaðarins verða mikið til óbreytt, því að ríkisstj. leggur til í sérstöku tollafrv., að tollar á iðnaðarhráefnum og vélum lækki meir en verndartollarnir. Strax við inngöngu í bandalagið njótum við hins vegar tollfrelsis fyrir útflutning okkar, sem EFTA-samningurinn nær til. Á þessum fjórum árum, sem vernd iðnaðarins helzt mikið til óbreytt, fær hann til ráðstöfunar í uppbyggingarskyni stofnfé Norræna iðnþróunarsjóðsins, sem nemur rúmlega 1200 millj. kr. Við bindum verulegar vonir við starfsemi þessa sjóðs, sem frændþjóðir okkar leggja til af mikilli rausn.

Þau atriði, sem ég hef lýst hér, tel ég hagkvæma lausn okkar mála, sem gefi góðar vonir um árangur á iðnaðarsviðinu, þar sem Íslendingar hafa verið og verða í vaxandi mæli að hasla sér nýjan völl.

Þá eru áhrifin á hina hefðbundnu höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, einvörðungu hagstæð, að því er bezt verður séð. Svo sem kunnugt er, hefur samizt við Breta um lágmarksverðkerfi fyrir freðfisk á brezka markaðinum, og leysir það af hólmi fyrra fyrirkomulag um innflutning freðfisks í Bretlandi. Samkv. þessu samkomulagi mun Ísland sem aðili að Fríverzlunarsamtökunum fá tollfrjálsan og haftalausan aðgang að þessum markaði, og mun það vafalaust hafa framtíðarþýðingu fyrir útflutninginn. Hitt er ekki ómerkara atriði, að með þessu samkomulagi er stuðlað að hækkandi og stöðugra verðlagi á þessari framleiðslu á heimsmarkaðinum almennt. Það er kunnugt, að við sem aðrar freðfisksframleiðendaþjóðir biðum tilfinnanlegt tjón af verðfallinu, sem varð árið 1966, og hefur raunar áður skeð. Auk tollfrelsis fyrir freðfisk mundi sjávarútvegurinn njóta tollfrelsis fyrir lýsi og mjöl, svo og niðursoðnar og niðurlagðar sjávarafurðir, auk frystrar rækju og hvalafurða, ef Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum.

Þá er þess og að geta, að við höldum óskertu núverandi fyrirkomulagi á sölu til landanna í Austur-Evrópu, en þar er fyrst og fremst um að ræða sjávarafurðir, því að okkur er heimilað að beina kaupum okkur á olíum og benzíni til þessara landa, eins og áður hefur verið, og þá fyrst og fremst til Sovétríkjanna.

Hvað íslenzkan landbúnað snertir, er það að segja, að aðstaða hans til sölu á búvörum á íslenzka markaðinum breytist ekki við þessa samningsgerð. Hins vegar hafa verið gerðir samningar við öll Norðurlöndin um sölu á kindakjöti, sem hingað til hefur mætt hindrunum við innflutning til þessara landa. Fæst með þessu móti mun hærra verð fyrir þennan útflutning okkar.

Þetta eru e. t. v. aðalatriðin í aðildarsamningsgerðinni, sem nú liggur fyrir Alþ. Meiri hl. utanrmn. er meðmæltur því, að Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu með þessum kjörum, sem við teljum í senn hagstæð og hentug í alla staði. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að ég tel ekki, eins og kemur fram hjá andstæðingum aðildar að Fríverzlunarsamtökunum, að til viðbótar við þau skilyrði, sem sett voru af Íslands hálfu og gengið var að af Fríverzlunarsamtökunum, hefðu þurft að koma til ákvæði um fyrirvara gagnvart því, sem í 16. gr. stofnsamningsins stendur og lýtur að atvinnurekstri og atvinnuréttindum, því að með þeim lagabreytingum, sem ríkisstj. leggur til, að gerðar séu á lögum um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu, er fyllilega tryggt og tryggilega frá því gengið, að íslenzk stjórnvöld hafa það algerlega í sinni hendi, hvaða aðilar stundi atvinnurekstur hér á landi. Það er í sjálfu sér skiljanlegt, að hjá þjóð sem okkur Íslendingum geti gætt tortryggni í garð útlendinga, og ég tala ekki um stórvelda, og samstarfs við þá. En víst er um það, að við höfum sérstöðu sem lítil þjóð. En slíkur hugsunarháttur má ekki leiða menn í þær öfgar, að við einangrum okkur og útilokum okkur sjálfir frá samstarfi, sem er gagnlegt, en felur engar slíkar hættur í sér. Í þessu sambandi má minnast þess, að sumir vildu á sínum tíma halda því fram, að Íslendingar mundu glata sjálfstæði sínu við að þiggja Marshall-aðstoðina frá Bandaríkjunum, sem og aðrar þjóðir Evrópu þáðu á sínum tíma. Þá var það líka sagt hér áður fyrr, að með sambandslagasamningnum mundu íslenzk atvinnufyrirtæki að verulegu leyti lenda í eigu Dana. Hvort tveggja þetta reyndist alrangt. Íslendingar geta síður en aðrar þjóðir búið við einangrun. Með þátttöku í Fríverzlunarsamtökunum hygg ég, að við getum einmitt aflað okkur ýmissar þeirrar kunnáttu af öðrum, sem er nauðsynleg, ef frekari atvinnuuppbygging á að eiga sér stað í þessu landi og inn á nýjar brautir farið.

Aðild að Fríverzlunarsamtökunum er ekki hvað sízt þýðingarmikil vegna þess, að með henni treysta Íslendingar bönd sín við hin Norðurlöndin til mikilla muna. Menn mega ekki gleyma því, að Norðurlandasamstarfið hefur hin síðari árin einkum verið á viðskipta- og efnahagssviðinu vegna þátttöku Norðurlandanna fjögurra í Fríverzlunarsamtökunum. Þetta samstarf þeirra hefur valdið því, að Ísland hefur að vissu leyti á þessu sviði fjarlægzt Norðurlönd. Ég á satt að segja býsna erfitt með að skilja þá afstöðu, sem hefur komið fram hjá sumum hv. stjórnarandstæðingum, að Ísland eigi að nálgast Norðurlandasamstarfið sem mest, en þó ekki að ganga í Fríverzlunarsamtökin. En það er einmitt á þeim, sem þetta samstarf grundvallast í vaxandi mæli. Ef Ísland gerist aðili að Fríverzlunarsamtökunum yrði að vísu að taka til yfirvegunar afstöðu okkar til norræna tollabandalagsins, NORDEKs, ef af þeirri stofnun verður. En það er annað mál og bíður síns tíma.

Eins og ég tók fram í upphafi, hefur klofningur V.-Evrópu í tvær viðskiptaheildir torveldað ákvarðanir okkar í þessum málum undanfarin ár. Enn á ný er stækkun Efnahags-

bandalags Evrópu á döfinni, en öllum má vera fullljóst, að engin vissa getur verið fyrir því, að Bretar og aðrir gangi í Efnahagsbandalagið. Færi engu að síður svo, mundi það án efa taka allmörg ár fyrir þessi ríki að verða virkir þátttakendur, því að sjálf aðlögunin mundi taka verulegan tíma, — og yrði þá ekki, spyr ég, heppilegra fyrir Ísland, ef til þessa kæmi, að hafa þegar gert þennan fríverzlunarsamning við allmörg væntanleg þátttökuríki stækkaðs Efnahagsbandalags, og hafa von um hugsanlega efnislega fyrirmynd?

Um þetta mál má endalaust bollaleggja, því að ekkert ákveðið liggur fyrir um þessa bandalangsmyndun. Öll umr. um það efni byggist meira og minna á ótraustum forsendum. Tvímælalaust er, að Íslendingar eiga ekki að halda áfram að slá ákvörðun sinni á frest um að ganga í EFTA vegna óvissunnar um framtíð Efnahagsbandalagsins. Svo sem ég gat um í upphafi máls míns, er nú og verður meginmarkmið í stefnu okkar í efnahagsmálum að byggja upp iðnað í landinu, sem geti orðið ný útflutningsgrein. Um þetta held ég, að sé ekki ágreiningur milli flokka. Liggur beinast við að hagnýta til fullnustu íslenzk hráefni og nota það hagræði, sem felst í ódýrri orku úr fallvötnum landsins. Þá verður að leita fanga víðar og virðist margt koma til greina, og ákvarðanir þar að lútandi eru sjálfsagt ekki vandalausar.

Þessi mál eru rædd í tveimur skýrslum sérfræðinga, sem lagðar eru fram sem fskj. með þáltill. ríkisstj. Sú gagnrýni hefur að vísu komið fram varðandi þessi mál, sem mér finnst á engan hátt sanngjörn, að hinu opinbera hafi borið til þess skylda að gera einhvers konar nákvæma áætlun um iðnþróun komandi ára með tilliti til hugsanlegrar aðildar að Fríverzlunarsamtökunum. Mér virðist þetta nánast fjarstæða, því að þar með ættu embættismenn að taka ákvarðanir langt fram í tímann um þróun atvinnurekstrarins í landinu. Slíkt hefur að vísu tíðkast í sumum löndum, en ég hygg, að reynsla þeirra af áætlunarbúskap hafi ekki verið slík, að hún beinlínis örvi okkur eða aðra til að fylgja því fordæmi.

Við hljótum að keppa að því að búa atvinnurekstrinum í landinu sem hagstæðust skilyrði. Það þjónar hagsmunum allrar þjóðarinnar bezt, en einstaklingarnir og viðbrögð þeirra, hinn mannlegi þáttur, sem aldrei verður gerð nein áætlun um, verður síðan að skera úr um sjálfar framkvæmdirnar. Það er sannfæring mín, að aðild að Fríverzlunarsamtökum Evrópu auki einmitt tækifæri einstaklingsins og þar með hamingju hans og velferð á ókomnum árum, treysti stoðir þjóðfélagsins og sjálfstæði sé fremur tryggt. Ég er því meðmæltur þáltill. ríkisstj. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, og meiri hluti utanrmn. leggur til, að till. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökunum verði samþ. óbreytt, sökum þess að hún sé Íslendingum hagstæð og í samræmi við heföbundna utanríkisstefnu Íslands, að eiga sem nánasta samleið með þeim þjóðum, sem kjósa sem frjálsust viðskipti og stjórnarhætti. Með því sé á engan hátt af okkar hálfu verið að skjóta neinni loku fyrir eðlileg viðskipti við þjóðir, sem annað þjóðfélagsviðhorf kunni að hafa. Því leggur meiri hl. n. til, að þessi till. verði samþ. óbreytt.

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Í þessum umr. hefur að vonum margsinnis borið á góma almenn viðhorf um viðskiptastefnur. Menn hafa rætt um gagnsemi fríverzlunar, og það er ástæða til að taka undir það sjónarmið. Vaxandi og frjáls verzlun er ákaflega mikilvægur þáttur í samskiptum ríkja í heiminum, og það er ekki nokkur vafi á því, að það eflir bæði efnahag þjóða og pólitíska samvinnu að tryggja sem greiðust viðskipti þjóða um heim allan. Hins vegar skulum við gera okkur það ljóst, að þær viðskiptaheildir í Evrópu, sem við ræðum um, hafa öldungis ekki þennan tilgang. Tilgangur þeirra er að auðvelda takmörkuð viðskipti milli þeirra landa, sem eru aðilar að þessum viðskiptaheildum, en takmarka á sama tíma viðskipti við aðra. Efnahagsbandalag Evrópu á að auka mikillega efnahagslega samvinnu þeirra ríkja, sem þar eru, en það hleður jafnframt upp múra gagnvart öðrum löndum. Slíkt hið sama er einkenni EFTA að nokkru leyti: Þar kemur til tollaafnám innbyrðis milli ríkja á því svæði, en hins vegar aðrar reglur, sem gilda gagnvart ríkjum utan þeirra. Þetta eru sem sé ekki bandalög, sem stuðla að almennri fríverzlun í heiminum, heldur þvert á móti. Og við skulum gera okkur það ljóst, að þau ríki, sem utan standa, t. d. nýfrjáls ríki, líta á þessar viðskiptaheildir báðar sem eins konar klúbba ríkra og tiltölulega háþróaðra þjóða, sem reyna að halda yfirburðum sínum gagnvart öðrum með þessari samvinnu.

Þetta er grundvallareðli þessara samvinnuheilda, og það þurfa menn að gera sér ljóst, þegar um þetta er rætt. Þess vegna er það í sjálfu sér misskilningur, þegar sumir menn segja hér, að þeir séu fylgjandi fríverzlun og þess vegna í eðli sínu samþykkir inngöngu í EFTA, þeir telji hins vegar, að Ísland sé ekki undir það búið. Þarna er ekki um að ræða neina almenna fríverzlun, heldur takmarkaða fríverzlun, sem þýðir um leið vissa skerðingu á verzlun við aðra aðila. Þetta er sérstakt umhugsunarefni fyrir okkur Íslendinga, einmitt vegna þess að útflutningsviðskipti okkar hafa að verulegum hluta verið til ríkja utan EFTA.

Það hefur einnig verið rætt hér um framtíð þessara samstarfsheilda. Ég held, að það sé rétt, að menn geri sér það ljóst einnig, að þessi bandalög eru engin framtíðarfyrirbæri. Við skulum ekki ímynda okkur, að þau standi um alla framtíð; því fer vafalaust víðs fjarri. Raunar er það þegar ljóst um EFTA og hefur verið það lengi, að þau samtök hafa að verulegu leyti lokið ætlunarverki sínu. EFTA varð sem kunnugt er til af hálfgerðri tilviljun: Efnahagsbandalagið var upphaflega stofnað, og þau ríki, sem síðan stofnuðu EFTA, urðu utan

garðs, þegar samið var um Efnahagsbandalagið. Þau ríki, sem í EFTA eru, vildu ekki taka þátt í Efnahagsbandalaginu af ýmsum ástæðum og mynduðu svo EFTA, þegar þau lentu utan við. Þess vegna er EFTA, eins og allir vita, einkennileg samtök; samstæðasta heildin þar eru nú Norðurlönd, svo Bretland að sínu leytinu, en hin ríkin þrjú hafa ákaflega lausleg tengsl við önnur EFTA-ríki. EFTA varð til sem viðbrögð við Efnahagsbandalaginu fyrst og fremst. Megintilgangurinn með EFTA var raunar að fella niður tolla á iðnvarningi milli þessara ríkja. En í EFTA felast hins vegar ákaflega lítil ákvæði um frekari efnahagslega samvinnu. Það hefur verið reynt að taka þau mál upp innan EFTA, en árangur hefur enginn orðið.

Það hefur verið ljóst í mörg ár, að EFTA er í rauninni stofnað sem sjálfstæð stofnun. Afleiðingin hefur orðið sú, að nokkur EFTA-ríki hafa keppt mjög eftir því að komast inn í Efnahagsbandalag Evrópu, þar sem er miklu nánari efnahagssamvinna, og þau mál eru nú enn einu sinni mjög á dagskrá. Önnur afleiðing hefur orðið sú, að Norðurlönd, sem voru óánægð með það, hvað efnahagssamvinnan innan EFTA var takmörkuð, hafa hafið um það umræður að stofna sérstakt efnahagsbandalag Norðurlanda. Og það mál er komið mjög langt á rekspöl, eins og menn vita, og kunna að verða teknar um það ákvarðanir á næsta ári. Þess vegna eru þessi mál, eins og sakir standa, í mjög mikilli óvissu.

Ef við göngum í EFTA núna, vitum við í rauninni ekki, hvert við erum að fara. Við vitum ekki, hvort afleiðingin verður sú, að aðild að Efnahagsbandalaginu komist óhjákvæmilega á dagskrá á næstunni. Og í sambandi við NORDEK hafa þau einkennilegu tíðindi gerzt, að ríkisstj. Íslands hefur ekki tekið tilboði annarra Norðurlandaþjóða um að taka þátt í viðræðum um stofnun þessa norræna efnahagsbandalags. Við áttum kost á því að leggja þar til sérfræðinga, eins og við værum menn til, taka þátt í undirbúningi, kanna að hve miklu leyti áformin um NORDEK kynnu að vera okkur hliðholl og hvar við kynnum að þurfa að gera fyrirvara. En þessi könnun hefur alls ekki farið fram. Af hálfu ríkisstj. Íslands hefur ekkert verið að því unnið að kanna hugsanlega aðild okkar að NORDEK, ef það bandalag skyldi verða stofnað.

Í sjálfu sér er það býsna einkennilegt að mæla með því að við göngum í EFTA við þessar aðstæður. Af því gæti t. d. hlotizt eftir tiltölulega skamman tíma, ef Norðurlönd stofna efnahagsbandalag sitt, að við værum komnir í sérstaka samvinnu við önnur EFTA-ríki en Norðurlönd, og ég á dálítið erfitt að sjá fyrir slíka framtíð.

Nú hefur hæstv. forsrh. að vísu sagt hér, að leiðin inn í NORDEK væri að ganga í EFTA. Hins vegar hefur hann ekki gert neina grein fyrir því, af hverju það ætti að vera nauðsynlegt. Og ef við eigum að ganga inn í EFTA fyrst og fremst til þess að halda áfram inn í NORDEK, þá er það sjálfsagður undirbúningur að vita nú þegar, hvað í NORDEK kynni að felast fyrir okkur, hvort við gætum orðið þar aðilar og á hvaða forsendum, með hvaða fyrirvörum o. s. frv. En ekkert slíkt er vitað, eins og alkunnugt er.

Þetta er dæmi um það, hvað undirbúningur þessa máls hefur verið takmarkaður. Menn tala vissulega um það, að þetta mál hafi verið mjög nákvæmlega undirbúið, og ég get fallizt á það á vissan hátt. Það hefur verið unnið mikið að því að kanna sérstaklega í hverju full aðild að EFTA væri fólgin. Hins vegar hefur þessi könnun verið ákaflega einhliða. Hún hefur einvörðungu snúizt um þetta atriði. Þau plögg, sem hér hafa verið lögð fyrir, eru að nokkru leyti hrein áróðursplögg í samræmi við þetta markmið. Hins vegar hefur ekki verið lögð í það vinna að leggja fyrir alþm. valkosti í þessu sambandi. Auðvitað eru til fleiri kostir, ef við viljum auðvelda viðskiptatengsl okkar við önnur ríki eða ríkjabandalög. Það voru til fleiri kostir en aðild. Það er einnig hægt að gera viðskiptasamninga við slíkar ríkjaheildir og einstök ríki, en það mál hefur ekkert verið kannað. Í staðinn koma menn hér með ákaflega fáránlegar staðhæfingar, eins og þegar hæstv. viðskmrh. segir, bæði hér á þingi og annars staðar, að ef menn vilji iðnvæðingu á Íslandi, verðum við að ganga í EFTA, og ef menn vilja ekki ganga í EFTA, þá vilji þeir ekki iðnvæðingu; eins og enginn markaður sé til í veröldinni nema EFTA. Þetta er auðvitað barnaskapur, sem þessum hæstv. ráðh. er ekki sæmandi að flytja fram sem rök af sinni hálfu.

Menn hafa í þessu sambandi oftsinnis talað um það, að við megum ekki einangra okkur, Íslendingar. Því er ég fyllilega sammála og geri ráð fyrir, að það séu allir menn hér inni. Bent hefur verið réttilega á það í þessum umr., að því fer ákaflega fjarri, að Íslendingar hafi reynt að einangra sig. Það höfum við alls ekki gert. Við höfum ákaflega víðtæk viðskiptasambönd og menningarsambönd við ýmsar ríkjaheildir. Og ég tel, að þessi víðtæku tengsl okkar við önnur ríki séu okkur ákaflega mikilvæg. Það er t. d. ákaflega athyglisvert, að þó við höfum í áratug staðið utan þessara heilda í Evrópu, fer því mjög fjarri, að við höfum einangrazt frá ríkjunum innan þeirra. Viðskipti okkar hafa aukizt við þessi ríki og menningartengsl okkar einnig. Þar hefur ekki verið um neina einangrun að ræða, og það er engin hætta á neinni slíkri einangrun, eins og nú standa sakir, ekki nokkur. Á hinu kynni að vera hætta, ef við göngum í EFTA, að það geti stuðlað að einangrun, vegna þess að þar með erum við að mismuna viðskiptaríkjum okkar eftir því, hvort þau eru með okkur í þessum samtökum eða ekki. Slíkt kann að hafa áhrif á viðskipti okkar við aðila utan EFTA, og það þurfum við einnig að horfast í augu við af fullu raunsæi. En að tala um, að við séum að einangra okkur, eru blekkingar, um slíkt er ekki að ræða.

Í þessum umr. hefur margsinnis verið vikið

að Iðnþróunarsjóðnum, þar sem lögð er fram veruleg upphæð, 1232 millj. kr., einkanlega af öðrum Norðurlöndum. Þetta er vissulega há upphæð. En við skulum muna eftir því í þessu sambandi, að það er ekki ýkjalangt síðan okkur Íslendingum áskotnuðust óhemjumiklar tekjur umfram það, sem gerist í venjulegum árum. Á árabilinu 1963—1966 nutum við bæði óhemjulega mikils afla og hækkandi verðlags á erlendum mörkuðum. Það hefur verið reiknað út, að aðeins á þessum árum hafi heildartekjur þjóðarbúsins af viðskiptum við önnur lönd orðið 20 milljörðum meiri en ef verið hefðu meðalár. Ég held, að við eigum að minnast þess, að þessa upphæð hefðum við átt að nota til þess að efla atvinnuvegi okkar. Þarna hafði hæstv. ríkisstj. mjög gott tækifæri til þess að hagnýta okkar eigið fé til þess að styrkja atvinnuvegina. Raunin hefur hins vegar orðið þveröfug, þessir peningar voru ekki notaðir í þessu skyni. Þeir voru m. a. notaðir til þess að auka yfirbyggingu, sem hefur gert þjóðfélag okkar mun valtara. Og þess vegna gerðust þau tíðindi, að hæstv. ríkisstj. þurfti að snúa sér til annarra Norðurlanda með beiðni um efnahagslega aðstoð. Þessi aðstoð annarra Norðurlanda er áreiðanlega veitt af góðum hug.

Ég er algerlega ósammála þeim ummælum, sem stóðu hér í haust í blaði Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, þar sem það var hrópað af forsíðu, að hér væri um að ræða mútufé. Það var á þeim tíma, þegar þessi samtök virtust hafa þó nokkuð mikið aðra stefnu en núna; þau hafa hringsnúizt í þessu máli eins og býsna mörgum öðrum. En þar var sagt að þetta væri mútufé af hálfu Norðurlanda til þess að kaupa okkur til þess að taka ákvarðanir, sem ekki væru í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar. Þetta er auðvitað ekki rétt. En við skulum einnig muna það, hvað það er, sem rétt er í þessu máli. Það voru ekki önnur Norðurlandaríki, sem buðu fram þessa upphæð okkur til aðstoðar. Það var hæstv. ríkisstj. Íslands, sem fór og bað um þessa fjármuni. Frá því er greint í grg. með þáltill. á bls. 10. Þar segir svo m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Í sambandi við aðlögun iðnaðarins að markaði Fríverzlunarsamtakanna og eflingu iðnþróunarinnar þurfa Íslendingar á verulegu fjármagni að halda. Ákvað ríkisstj. að stinga upp á því við ríkisstjórnir annarra norrænna þjóða, að öll Norðurlöndin kæmu upp iðnþróunarsjóði á Íslandi í þessu skyni. Var þessi hugmynd fyrst borin fram af forsrh., Bjarna Benediktssyni, á forsætisráðherrafundi Norðurlanda í Stokkhólmi í febrúar 1969 og síðan rædd frekar af viðskmrh., Gylfa Þ. Gíslasyni, við norræna ráðh. á ársfundi OECD í París síðar í sama mánuði.

Ríkisstjórnir annars staðar á Norðurlöndum tóku þessari málaleitan mjög vel."

Sem sagt, það er íslenzka ríkisstj., sem biður aðrar norrænar þjóðir um að leggja okkur til þessa fjárhagsaðstoð, og við skulum gera okkur það ljóst, að hér er um annarlega beiðni að ræða. Hér er verið að biðja um fjármuni, sem eru vaxtalausir í 25 ár. Ég held, að það sé ákaflega hæpið og raunar ósæmilegt af íslenzkum stjórnarvöldum að fara fram á slíka fjárhagsaðstoð frá öðrum, jafnvel þó þarna eigi í hlut þjóðir eins og Norðurlandaþjóðir, þjóðir, sem við eigum nánasta samvinnu við. Ég tel, að þetta sé ósæmilegt, og ég tel, að þetta sé gersamlega óþarft einnig. Ég held að það hefði verið algerlega fullnægjandi að fara fram á venjuleg lán frá þessum þjóðum, að við greiddum venjulega vexti af þessari upphæð, en færum ekki fram á hreina efnahagsaðstoð, eins og í þessu felst.

Ríkisstj. okkar hefur raunar áður lotið að lágu í þessum efnum og stundum í hreinum minni háttar atriðum, eins og þegar hæstv. forsrh., — ég veit ekki hvort það var við sama tækifæri, — fór fram á það við sænsk stjórnarvöld, að þau bættu upp íslenzkum stúdentum, hvað við veitum þeim laklega styrki. Ég held, að ef við ætlum að stunda samvinnu við önnur ríki, verði menn að gera það með svolítið öðru hugarfari en þessu. Í þessu eru ekki aðeins fólgin fjárhagsatriði, heldur líka sá metnaður, sem hver þjóð verður að hafa, ef hún á að geta staðið fyrir sínu í samskiptum við aðra.

Í sambandi við þáltill. um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu hefur margsinnis verið á það bent, að það ástand, sem núna er í viðskiptum Íslendinga, er engin rök fyrir því, að við þurfum að taka þessa ákvörðun, eins og sakir standa. Seinustu árin hafa þeir tollmúrar, sem um er að ræða gagnvart okkur í ríkjum EFTA, verið tiltölulega mjög smáir. Þarna er um að ræða upphæðir, sem eru á milli 10 og 40 millj. á ári, eða eitthvað þess háttar og er í sjálfu sér afar lítið vandamál. Það, sem máli skiptir hins vegar í þessu sambandi, er það, að þetta gæti orðið vandamál, ef við hæfum að framleiða vörur, sem hægt yrði að selja á EFTA-markaði og tollur er á. Um þetta hefur verið rætt frá upphafi vega, og það hefur verið lögð á það áherzla, að ef við vildum taka ákvörðun um inngöngu í EFTA, yrði að liggja fyrir vitneskja um það, hvaða iðnaður það væri, sem við ætluðum að byggja upp og þarna fengi hagkvæmari markað en við fengjum með öðru móti. Um þetta var spurt mjög mikið í fyrra, þegar ákveðið var að senda aðildarumsókn. Þá voru engin svör veitt, en sagt, að að þessu væri verið að vinna. Niðurstöður vinnunnar komu svo í ljós fyrir nokkrum vikum, örfáum dögum áður en þessi till. var lögð fyrir Alþ. Niðurstaðan reyndist vera skýrsla frá Guðmundi Magnússyni prófessor, og hún er meginuppistaðan í grg. með þáltill.

Skýrsla Guðmundar Magnússonar prófessors byrjar á bls. 54 og endar á bls. 175. Hún er 121 síða; þetta er mikið lesmál. En af þessari 121 síðu eru 120 síður lýsing á ástandi iðnaðarins eins og það er núna. Í þessu er mikinn fróðleik að finna. Þarna er dregin saman mikil vitneskja. Ég þykist vera miklu fróðari eftir að hafa lesið þetta. En um það, sem spurt var, um framtíðina, um það er tæp ein síða. Og

þessi tæpa eina síða er ekkert annað en almennar staðhæfingar, sem hver einasti maður hefði getað hrist út úr erminni á nokkrum klukkutímum. Þarna er enga vitneskju að fá um þá framtíðarþróun, sem á þó að vera aðalréttlætingin fyrir því, að við göngum í EFTA. Það er augljóst, að hæstv. ríkisstj. hefur gert sér grein fyrir þessu, því þegar Guðmundur Magnússon prófessor var búinn með verk sitt, var hlaupið í það að fá 3 menn í viðbót: Jón Sigurðsson hagfræðing, Pétur Eiríksson hagfræðing og dr. Vilhjálm Lúðvíksson efnafræðing, til þess að bæta úr þessari veilu og auka við sérstökum kafla um framtíðina. Ritgerð þeirra er prentuð sér og er 20 síður.

En eins og allir sjá, sem hafa lesið þetta, er þar ekki heldur neina nýja vitneskju að finna og ekkert umfram almennar staðhæfingar, sem hver einasti maður, sem hefur eitthvað hugsað um þessi mál, getur samið á tiltölulega skömmum tíma. Enn þá vantar algjörlega það, sem beðið var um í upphafi, fasta iðnþróunarstefnu af hálfu hæstv. ríkisstj. Það vantar áætlun af hennar hálfu um það, hvernig hægt sé að þróa slíkan útflutningsiðnað nýjan, og það vantar till. um ákvarðanir til þess að hefja slíka þróun. Auðvitað er slík iðnþróunarstefna forsenda þess, að nokkurt vit sé í því að velja markað. Markaðurinn hlýtur að fara eftir því, hvað við ætlum að framleiða. Það eru öfugmæli að velja fyrst markaðinn og segja síðan, að við hljótum að geta framleitt eitthvað fyrir þennan markað. Þannig er ekki hægt að vinna. Röksemdafærsla af þessu tagi er vægast sagt fáránleg.

Það er alveg rétt, sem hv. frsm. meiri hl. sagði hér áðan, að til þess að hefja iðnþróun þarf miklu meira en markað, og það er mergurinn málsins. Það þarf að tryggja fjármagn, og það þarf að taka ákvarðanir um það, hvernig á að hagnýta það fjármagn. Það þarf að taka upp skipulag, fast skipulag í stað þess glundroða, sem hefur einkennt alla iðnaðarþróun á Íslandi og er ein meginástæða þess, hve iðnþróun hefur gengið hægt hér á landi. Við vitum það ósköp vel, að fjölmörg örsmá fyrirtæki hafa í sífellu grafið hvert undan öðru. Og reynslan verið sú, að þegar allt er komið í óefni, hefur verið gripið til efnahagsráðstafana til þess að bjarga þeim í stað þess að taka upp skipulag sem dygði. Og auk fjármagns og skipulags þarf menntun. Það er ekki nokkur vafi á því, að það sjónarmið er algjörlega rétt, að ef við ætlum að hefja iðnþróun á Íslandi, þurfum við að gerbreyta öllu menntakerfi okkar. Á það var bent í ágætri blaðagrein fyrir nokkrum dögum af skólastjóra Tækniskólans, að m. a. s. iðnnámið á Íslandi væri forneskjulegt og ekki í neinu samræmi við þarfir atvinnuveganna. Og sama er að segja um allt menntakerfi okkar. En að þessu hefur ekki heldur verið neitt unnið. Samt er það svo, að ef við ætlum að hefja iðnvæðingu með því að stofna m. a. fyrirtæki, sem vinna úr erlendum hráefnum, getum við því aðeins gert það, að við verðum menn til þess að hefja útflutning á verkmenningu og hugviti. Við getum ekki unnið úr erlendum hráefnum með neinum ábata fyrir þjóðarbúið, nema við getum unnið þau á þann hátt, að meginandvirði fyrir vöruna, sem við flytjum út, sé greiðsla fyrir verkmenningu okkar og hugvit. Og þá er menntakerfi okkar algert undirstöðuatriði. En það vita allir, hvernig ástatt er í menntamálum Íslendinga. Þar hefur verið sívaxandi glundroði að undanförnu. Meira að segja er kerfi það, sem við höfum látið duga okkur á undanförnum árum, að bresta og ákaflega fjarri því, að þar verði enn þá vart þeirrar breytingar, sem óhjákvæmileg er, ef við ætlum að hefja stórfelldar nýjungar í framleiðsluháttum.

Í sambandi við það, sem ég hef sagt um nauðsyn iðnþróunarstefnu og nauðsyn tiltekinna tillagna um það efni, lét hv. frsm. meiri hl. sér nægja að lýsa yfir því, að hann teldi, að áætlunargerð hefði ekki borið þann árangur, að menn ættu að vera sérlega ginnkeyptir fyrir henni. Þetta held ég, að sé mikill misskilningur hjá þessum hv. þm., og hlýtur að stafa af því, að hann hefur ekki fylgzt nógu vel með því, sem verið hefur að gerast á þessum sviðum á undanförnum árum og áratugum. Staðreyndin er sú, að einmitt áætlunarvinnubrögð hafa verið í sókn hvarvetna um heim að undanförnu, og slík vinnubrögð hafa ekki sízt verið í sókn hjá þeim auðfélögum, sem ég veit, að þessi hv. þm. hefur mikið álit á. Það eru engin fyrirtæki til, sem gera eins nákvæmar áætlanir og eins langt fram í tímann eins og fyrirtæki af því tagi. Þetta stafar að sjálfsögðu af því, að vitneskja manna hefur aukizt ákaflega mikið á undanförnum árum, og ef menn ætla að ná valdi á viðfangsefnum sínum, beita þeir að sjálfsögðu vaxandi vitneskju. Menn láta ekki kylfu ráða kasti. Einmitt þess vegna hlýtur áætlunargerð að fara vaxandi og gerir það. Og við verðum að vera menn til að taka upp þessi vinnubrögð einnig. En við getum því aðeins gert það í okkar smáa þjóðfélagi, að sjálft ríkisvaldið hafi forustu fyrir slíkri áætlunargerð, sjálft ríkisvaldið taki þátt í því að skipuleggja atvinnuvegina til slíkra afkasta.

Ég hef vikið að því, að viðskiptaástandið nú getur ekki verið ástæðan fyrir því, að menn vilja ólmir, að við tökum ákvörðun um að ganga í EFTA þegar fyrir þessi jól. En hver er þá ástæðan? Hver er hin raunverulega ástæða? Hvað er það, sem gerir það að verkum, að hæstv. ríkisstj. leggur á þetta slíkt ofurkapp einmitt nú? Ég er ekki í nokkrum vafa um það að meginástæðan af hálfu hæstv. ríkisstj. er sú efnahagsstefna, sem felst í sjálfum EFTA-samningnum. EFTA-samningurinn fjallar ekki einvörðungu um viðskipti. Í EFTA-samningnum eru tiltekin ákvæði um það, hvað okkur er heimilt að gera í efnahagsmálum og hvað okkur er ekki heimilt að gera. Með því að ganga í EFTA skrifum við undir skuldbindingar um það, hvernig við eigum að haga málum eins og innflutningstollum, fjáröflunar-

tollum, innlendum álögum, útflutningstollum, takmörkun á innflutningi og útflutningi, ríkisstyrkjum, skipan verðlagsmála o. s. frv. Með því að ganga í EFTA erum við að undirrita það, að við ætlum að fylgja tilteknum stefnumiðum á öllum þessum sviðum. Og við skulum gera okkur það ljóst, að sú stefna, sem mörkuð er í EFTA-samningnum, er í mjög nánu samræmi við þá viðreisnarstefnu, sem hæstv. ríkisstj. hefur verið að burðast við að reyna að framkvæma hér á Íslandi undanfarin 10 ár. Með aðild að EFTA er verið að taka ákvörðun m. a. um ýmis mjög stórfelld deilumál, sem flokka hér á Alþ. hefur greint mjög á um. Og það er enginn vafi á því, að þessi festing viðreisnarstefnunnar er einn megintilgangur hæstv. ríkisstj. Einmitt þess vegna kom mér það mjög á óvart, þegar ég heyrði formann Framsfl., hv. þm. Ólaf Jóhannesson, segja hér í umr. á dögunum, að hann liti svo á, að aðild að EFTA væri ekki flokkspólitískt mál. Ef hún er ekki flokkspólitískt mál, hefur Framsfl. ekki verið mikil alvara með sum þau mál, sem hann hefur flutt hér á þingi, vegna þess að í aðild að EFTA felst sú skuldbinding að framkvæma ekki ýmis af þeim málum. Þetta hefur verið ljóst mjög lengi.

Ég man eftir því, að þegar við ræddum þetta mál hér á Alþ. í fyrra, flutti hv. þm. Ólafur Björnsson hagfræðiprófessor mjög fróðlega ræðu um EFTA. Ræðan fjallaði einvörðungu um eitt atriði. Hann sagðist vilja ganga í EFTA einmitt vegna þessara skuldbindinga, sem í henni fælust um okkar eigin hagstjórnaraðferðir. Hv. þm. komst þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Með aðild að slíkum samtökum mundum við skuldbinda okkur til þess að beita ekki nema í hófi verzlunarhömlum í mynd hárra tolla og alls ekki beinum innflutningshömlum nema þá í einstökum undantekningartilfellum, sem yrði að semja um við önnur aðildarríki. Ég tel þetta æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, með tilliti til þess, að við höfum um 30 ára skeið fyrir 1960 búið við þá skipan efnahagsmála, að innflutningshöft og hliðstæðar hömlur á öðrum sviðum voru aðalhagstjórnartækið, sem beitt var. Þá tel ég, að það sé æskilegt, ef ekki nauðsynlegt, að við veitum sjálfum okkur aðhald með því að skuldbinda okkur þannig til þess að fylgja reglum siðmenningarþjóða í viðskiptum. Ég held, að það sé ekki sízt þörf nú með tilliti til þess, að stjórnarandstæðingar hafa mjög látið í það skína, að leiðin út úr efnahagsvandanum sé sú, að hverfa aftur að gamla haftafyrirkomulaginu, þó að þeir forðist að vísu að segja það berum orðum."

Þessi skilgreining hv. þm. Ólafs Björnssonar var afar fróðleg. Þegar undan eru skilin áróðursorð eins og höft og hömlur, segir hann berum orðum, að með aðild að EFTA skuldbindum við okkur til þess að framkvæma áfram þá viðreisnarstefnu, sem upp var tekin 1960. Hann segir, að með aðild að EFTA fáum við ekki lengur að taka upp félagslega stefnu, ekki skipulega stjórn á efnahagsmálum okkar, ekki sérstaka aðstoð við íslenzkar atvinnugreinar, sem lenda í erfiðleikum og við viljum ekki án vera. Hvaða ríkisstj. sem settist að völdum á Íslandi yrði að mati hv. þm. Ólafs Björnssonar að fylgja viðreisnarstefnunni, reglum siðmenningarþjóða í viðskiptum, eins og hann orðar það, á meðan við erum í EFTA. Og það er einmitt þess vegna, sem svona mikið liggur á. Hæstv. ríkisstj. vill skuldbinda okkur með milliríkjasamningi til þess að halda við meginatriðum viðreisnarstefnunnar.

Þau áhrif, sem í þessum skuldbindingum felast, koma þegar til framkvæmda á næstu mánuðum. 1. marz n. k. á að hefja niðurfellingu tolla, og í tollskrárfrv. er bent á þá staðreynd, sem ég tel að menn eigi að muna einnig, að ástandið á þessu sviði er mjög frábrugðið hér á Íslandi og í nágrannalöndum okkar. Hæstv. ríkisstj. bendir á í þessu frv., að tollar séu yfir 30% af tekjum ríkissjóðs, — er þá búið að draga frá ýmsa tolla, sem ætlaðir eru til sérstakra þarfa, — yfir 30%, en í nágrannalöndum okkar 2—3%. Með því að breyta þessari skipan er verið að raska ákaflega mikið fjárhagsgrundvellinum á Íslandi. Við skulum muna eftir því, að þessir tollar eru ekki einvörðungu verndartollar, eins og menn tala um. Þessir tollar voru ekki settir á nándar nærri allir, og kannske fæstir þeirra, til að vernda einhverjar íslenzkar iðngreinar. Þetta voru að verulegu leyti fjáröflunartollar. Þetta var aðferð til tekjuöflunar og leið til þess að takmarka innflutning á vörum, sem menn töldu miður nauðsynlegar, þegar hörgull var á gjaldeyri.

Við skulum minnast þess, að þjóðarbúskapur okkar Íslendinga er mjög viðkvæmur. Við getum átt von á ýmiss konar örðugleikum svo að segja á ári hverju, vegna þess að við erum mjög háðir aflamagni og við erum mjög háðir verði á erlendum mörkuðum. Það er ekkert óeðlilegt, að þjóðfélag eins og þetta geti þurft að grípa til ráðstafana eins og tolla á miður nauðsynlegum vörum um skeið til þess að jafna slík met, þegar gjaldeyri skortir, eða grípa til tímabundinna innflutningshamla. Um þetta geta ekki gilt nein algild lögmál. Þetta verður að ráðast eftir aðstæðum hverju sinni. En með aðild að EFTA er verið að banna okkur að leysa vandamál okkar eftir þessum leiðum, því að aðild að EFTA breytir auðvitað engan veginn þessum vandamálum. Hún takmarkar aðeins þau hagstjórnartæki, sem okkur er heimilt að beita til þess að leysa slík vandamál. Hún leysir ekki vandamálin, hún bindur aðeins hendur okkar við ákveðin verkefni.

Einnig þetta er viðurkennt í grg. fyrir till. Þar er lögð áherzla á það, að þau hagstjórnartæki, sem við megum beita, verði miklu takmarkaðri en þau hafa verið, og bent á, að eftirleiðis, ef við göngum í EFTA, hljóti þau viðbrögð, sem við beitum fyrst og fremst gegn örðugleikum af þessu tagi, að vera gengislækkanir. Ég vil vitna í grg. á nokkrum stöðum þessu máli til sönnunar, vegna þess að ég tel, að þetta sé mjög veigamikið atriði. Á bls. 14

í riti Guðmundar Magnússonar prófessors er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef tollprósentur falla niður sem hagstjórnartæki, reynir meira á gengið í þeim skilningi, að því verður e. t. v. að breyta oftar, ef ná á tilteknu markmiði eða markmiðum.“

Sem sé fleiri gengislækkanir en þær, sem við höfum orðið að þola að undanförnu, og hélt ég nú, að mörgum hefði þótt, að þær væru nægar. (**Dómsmrh.:** Eða gengishækkanir.) — Jú, jú. Það er fræðilega rétt, en ég hef ekki mikla trú á því, að íslenzk stjórnarvöld þurfi að líta á þá möguleika báða. Á bls. 26—27 segir svo:

„Séu tollar felldir niður, kemur eitt raunverulegt gengi til með að ráða, og það er eftir sem áður hægt að veita atvinnuvegunum gengisvernd, eða réttara sagt gengið verður að vera rétt skráð, svo að atvinnuvegirnir verði samkeppnisfærir bæði heima og erlendis. Það hlýtur einnig að verða svo, að þeim mun veigameiri þáttur atvinnulífsins, sem iðnaðurinn verður, því meir verður gengi íslenzku krónunnar að miðast við afkomu hans.“

Á bls. 47 segir svo:

„Breytist heimsmarkaðsverð bæði á neyzlu- og fjárfestingarvörum, er einfaldast að þurrka út áhrifin á markmiðin með því að breyta genginu. Sé gengið óhagganlegt (t. d. vegna alþjóðlegs samkomulags) má ná sömu niðurstöðu með því að breyta tollum og útflutningsuppbótum. Með tilliti til EFTA-aðildar hverfur síðari möguleikinn úr sögunni. Þess vegna verður að breyta genginu, ef vinna á á móti áhrifum breytinga á heimsmarkaðsverði og hagþróunina innanlands. Gengið hefur stærst áhrif af hagstjórnartækjum. Má beita því við t. d. launabreytingar eigi síður en breytingu á heimsmarkaðsverði. En í flestum tilfellum þarf þó að grípa jafnframt til hliðarráðstafana til að tryggja, að öll markmið náist.“

M. ö. o.: þarna er lögð á það áherzla, að gengisbreytingar hljóti að verða aðalhagstjórnartækið, vegna þess að með EFTA-aðildinni sé bannað að beita öðrum tilteknum ráðstöfunum. Og það er talað um að beita gengislækkunum bæði ef breytingar verða á erlendum mörkuðum, sem hafa áhrif á atvinnuvegi okkar, og einnig ef það verða slíkar kaupbreytingar. Þarna er það boðað, að kaupbreytingum, sem atvinnurekendur eða stjórnarvöld sætta sig ekki við, verði svarað með gengislækkunum. Þetta tel ég vera ákaflega alvarlega stefnu. Á því er ekki nokkur vafi, að gengislækkanaskriðan, sem gengið hefur yfir Ísland, hefur haft ákaflega háskaleg áhrif. Hún hefur haft ákaflega háskaleg áhrif á atvinnuvegi okkar, hún hefur haft ákaflega háskaleg áhrif á viðhorf og skoðanir landsmanna og trú landsmanna á því, að hægt væri að halda hér uppi sjálfstæðu þjóðfélagi. Ég held, að ein meginnauðsyn okkar hefði verið sú að reyna að tryggja einhverja þá samstöðu í þjóðfélaginu, sem gæti komið í veg fyrir slíka gengislækkanaskriðu, í stað þess að leggja nú á ráðin um kerfi, sem sagt er, að muni leiða til þess, að gengisbreytingar verði enn örari en þær hafa verið að undanförnu. Þetta er afleiðing af því, að með aðild að EFTA er verið að takmarka hagstjórnartæki okkar á þennan hátt. Og þetta tel ég, að hv. framsóknarmenn ættu að hugleiða alveg sérstaklega, áður en þeir taka undir þá skoðun formanns síns, að þetta sé ekki flokkspólitískt mál.

Í stað þeirrar tollalækkunar, sem á að koma til framkvæmda, kemur sem kunnugt er hækkun á söluskatti. Og fyrst að því er komið, þykir mér ástæða til að vekja hér athygli á ummælum hæstv. viðskmrh. í útvarpsumr. fyrir nokkrum dögum. Hæstv. viðskmrh. leyfði sér að segja þar í áheyrn alþjóðar, að tollalækkanir og söluskattshækkun vegi hvor aðra upp, þetta væri sama upphæðin. Og hæstv. ráðh. deplaði ekki auga, þegar hann sagði þetta. Hann staðhæfði um leið, að vísitalan mundi ekkert breytast, vegna þess að þetta vægi hvort annað upp. Það er algerlega ósæmilegt að fara með vísvitandi ósannindi af þessu tagi í opinberum umr., og ég tel ástæðu til þess að víta það hér úr ræðustóli Alþ., að hæstv. ráðh. skuli leyfa sér slíkt.

Við vorum í gær að samþykkja fjárlög, og þar er frá því greint, að tollalækkanirnar verði 430 millj., en söluskattshækkunin 760 millj. Það munar 330 millj., sem hæstv. ráðh. sagði ósatt um vitandi vits. (**Menntmrh.:** Þetta er rangt.) Hæstv. ráðh. sagði, að það væri sama talan, og um það eru til fleiri vitni en nokkurn tíma hafa fylgzt með þessum hæstv. ráðh. (Gripið fram í.) Við skulum koma að því dálítið síðar, hæstv. ráðh. Þessar tölur, sem ég nefni, eru fyrir næsta ár, þ. e. fyrir 10 mánuði, vegna þess að þarna er um að ræða áhrifin frá 1. marz. Söluskattshækkun miðað við eitt ár verður hins vegar yfir 900 millj., þ. e. tekjurnar, sem af henni koma. Álögurnar verða vafalaust snöggtum hærri, því að það er mál kunnugra manna, að um 10% af álögðum söluskatti komi aldrei til skila í ríkissjóð. Ef það mat er rétt, eru þessar nýju söluskattsálögur 1000 millj. kr., 1 milljarður. Og ef þessi áætlun er rétt, að 10% renni í vasa þeirra manna, sem eiga að innheimta hann, er sá hlutur hvorki meira né minna en 100 millj. kr.

En hæstv. ráðh. var að tala um vísitölu í þessu sambandi, og hann sagðist hafa sagt, að hún mundi haldast óbreytt. Nú vil ég biðja hæstv. ráðh. að gera grein fyrir því, hvort þetta er rétt. Getur það verið rétt, að vísitalan haldist óbreytt, þegar tollar lækka um 430 millj. á næsta ári, ef söluskattur hækkar um 760 millj.? (**Menntmrh.:** Ég sagði þetta aldrei.) Ef þetta er rétt, er þetta vísitölukerfi hreint fölsunarkerfi. Þetta getur ekki heldur staðizt. Einnig þetta hljóta að vera vísvitandi ósannindi hjá hæstv. ráðh.

Það er raunar viðurkennt af hæstv. ríkisstj. einnig, að söluskattsinnheimta er, eins og ýmsir hafa bent á hér á þinginu, afar ranglát innheimtuaðferð. Með þessari breytingu á að lækka ýmis gjöld á ýmsum hátollavarningi, sem almenningur á þess mjög takmarkaðan

kost að kaupa, en leggja í staðinn stórhækkaðan söluskatt á vörur, sem enginn maður kemst hjá að kaupa. Þannig er verið að færa álögur frá mönnum, sem hafa rýmri peningaráð, til þeirra, sem hafa þrengri peningaráð. Og fyrir þessu er raunar gerð afar fróðleg grein í aths. við tollskrárfrv. Þar er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir ríkissjóð veldur þessi stefnubreyting ekki miklu í svip. Tekjuöfluninni er víxlað milli greina óbeinnar skattlagningar. Þegar til lengdar lætur má ætla, að tekjur ríkissjóðs verði háðar minni sveiflum, eftir því sem á líður þessa þróun. Miklar og óvæntar tekjur vegna mikilla kaupa á hátolluðum vörum á velgengnistímum verða þá ekki eins tilfinnanlegar. Þannig má ætla, að afkoma ríkissjóðs fylgi nánar eftir almennri afkomu þegnanna en hún hefur gert og magnist ekki til hins betra eða verra, eins og gerzt hefur hér á liðnum árum."

M. ö. o.: það er fyrst og fremst verið að skattleggja óhjákvæmilegar lífsnauðsynjar, sem menn verða að veita sér, komast ekki hjá að veita sér, en sleppa ýmsum varningi, sem verulegur hluti þjóðarinnar veitir sér ekki nema að takmörkuðu leyti. Í þessu er fólgið mikið þjóðfélagslegt ranglæti, og áframhald á þessari þróun breytir mjög raunverulegri tekjuskiptingu á Íslandi.

Það var næsta furðulegt að heyra báða þm. hinna nýju samtaka frjálslyndra og vinstri manna lýsa því yfir hér á Alþ., að þeir væru mjög fylgjandi EFTA-aðild, en á móti söluskattinum. Þeir eru sem sé með orsökinni, en á móti afleiðingunni, eins og maður, sem sver fyrir barn fyrir rétti. Það stoðar ekki að koma hingað og segja, að maður sé andvígur þessari söluskattshækkun, því að þá verða að koma einhverjar aðrar till. á móti. Með aðild að EFTA er ákveðið að fella niður tekjur í ríkissjóð, sem nema á næsta ári á 5. hundrað millj., en mun á tímabilinu öllu nema nærri tveimur milljörðum kr. Þeir menn, sem samþykkja þessa breytingu, verða að koma með einhverjar till. á móti um það, hvernig á þá að taka þessar tekjur. Hvar á að taka þær? Um það nægja ekki almenn orð. Og það stoðar ekki að benda á aðferðir, sem bannaðar eru samkv. þeim EFTA-samningi, sem þeir sjálfir fylgja. Þeir verða að leggja það á sig að gera sér grein fyrir því, hvað í EFTA-samningnum felst. Við eigum heimtingu á því, að þessir tveir hv. þm. geri grein fyrir því, hvernig þeir vilji láta innheimta þessa upphæð, og flytji um það alveg tilteknar till. (**HV:** Er bannað að leggja söluskatt á nauðsynjavörur?) Er það bannað að leggja söluskatt á — (**Gripið fram í:** Það má undanþiggja þær.) Að sjálfsögðu má undanþiggja þær. En þessir hv. þm. verða að gera grein fyrir því, hvernig á að taka upphæð, sem nemur nærri tveimur milljörðum kr., ekki með almennum orðum, heldur tilteknum tillögum.

Það er raunar annað mál, sem er komið fram hér á þingi, sem einnig er í tengslum við EFTA-aðild. Það er frv., sem var dreift hér í gær um verðgæzlu og samkeppnishömlur. Á bls. 5 í grg. fyrir EFTA-till. segir svo:

„Í 15. gr. er ákvæði um samkeppnishömlur. Ákvæði frv. um verðgæzlu og samkeppnishömlur, sem lagt verður fyrir þetta þing, eru í fullu samræmi við ákvæði þessarar gr."

Frv. um verðgæzlu og samkeppnishömlur er þannig einn angi þessa EFTA-máls. Og í þessu frv. felst það, að raunverulegt verðlagseftirlit er fellt niður. Í staðinn er búið til sýndarkerfi, sem auðsjáanlega hefur ekki nein raunveruleg áhrif á verðlagsþróunina í landinu. Ég vil hér vitna í nokkur orð, sem einn nm., Þröstur Ólafsson hagfræðingur, viðhefur um þetta mál, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. felur í sér afnám verðlagseftirlits, en það þýðir óbundnar hendur verzlunarstéttarinnar til að ákveða álagningu á vörur sínar. Þetta þýðir auðvitað hærra vöruverð í bráð og lengd auk verðbólgunnar. Í staðinn fá launþegar ekkert til að rétta hlut sinn nema ónothæf vilyrði um samkeppniseftirlit. Burtséð frá því félagslega óréttlæti, sem þetta hefur í för með sér, eru tímarnir sízt til þess fallnir að framkvæma slíka ráðstöfun nú."

Í þeirri n., sem undirbjó þetta frv., voru borin fram mótmæli af fulltrúum Alþýðusambands Íslands, af fulltrúum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, af verðlagsstjóranum, af fulltrúa Alþb. og fulltrúa Alþfl. Engu að síður virðist vera ætlunin, að þetta frv. verði einnig látið ná fram að ganga á þessu þingi. En við skulum gera okkur það ljóst, að í þessu frv. felst það, að miklar líkur eru á því, að tollalækkanirnar komi ekki nema að mjög takmörkuðu leyti til framkvæmda í lækkuðu verðlagi. Raunverulegt afnám verðlagseftirlits felur það í sér, að auðvelt verður fyrir kaupsýslumenn að hagnýta í sína þágu þær tollalækkanir, sem gerðar verða. Og þetta eru raunar engar almennar getsakir af minni hálfu. Það hefur verið framkvæmd könnun á því, hvaða áhrif þessi ákvæði höfðu innan EFTA-landanna, og kom í ljós, að sú tollalækkun, sem framkvæmd var í EFTA-löndunum, hafði sáralítil áhrif á almennt verðlag. Hún var fyrst og fremst til hagsbóta kaupsýslumönnum og atvinnurekendum. Þeir gátu hirt hana. Almenningur naut hennar ekki, og það er full ástæða til þess að ætla, að þróunin hér verði sú sama. A. m. k. er hæstv. ríkisstj. að opna fyrir það með þessu nýja frv. sínu.

Þessi verða sem sé næsta tafarlítið áhrif aðildar að EFTA, þ. e. mun ranglátari skattheimta en verið hefur — skattheimta, sem leggst mun þyngra á þá, sem erfiðasta hafa afkomu í þjóðfélaginu. En hvernig verða áhrifin á annað vandamál, sem ætti, ef vel ætti að vera, að vera daglega í huga hv. alþm.? Þar á ég við atvinnuástandið. Nú hefur verið svo ástatt á Íslandi í meira en ár, að hér hefur verið samfellt atvinnuleysi. Trúlega eru skráðir fleiri atvinnuleysingjar nú en nokkru sinni áður í sögu landsins. Á ýmsum stöðum úti um land er um raunverulegt neyðarástand að

ræða. Þar er hreinlega ekki neina atvinnu að fá. Þetta ástand hefur leitt til þess, að menn hafa flúið land, bæði til skemmri dvalar og hreinlega búferlum. Flutzt hafa búferlum til útlanda um 1000 Íslendingar á þessu ári, og um 500 verkamenn vinna úti í Svíþjóð, verkamenn og iðnaðarmenn, að tímabundnum verkefnum. Þetta mál er svo alvarlegt, að ég tel það ósæmilegt með öllu, að alþm. taki nokkra ákvörðun, sem getur veikt atvinnuástandið frá því, sem það er núna. Engu að síður er það augljóst mál, að í EFTA-aðild felst það, að ákveðinn hluti atvinnulífs okkar lendir í sívaxandi erfiðleikum. Það er viðurkennt mjög greinilega í sjálfri grg. fyrir þáltill. Það dylst ekki, að Guðmundur Magnússon prófessor reiknar með, að ýmis vernduð fyrirtæki hætti starfsemi sinni að verulegu leyti. Hann reynir að vísu að viðhafa hreystiyrði hér og þar í því sambandi, en engu að síður kemur það greinilega í ljós, að þetta er mat hans, sérstaklega í almennum hugleiðingum, sem hann hefur um þau mál.

Á bls. 12 í hinni sérstöku ritgerð hans kemst hann m. a. svo að orði, að konur séu 65—70% af vinnuafli í vernduðum iðngreinum, og heldur þannig áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi hái kvenstuðull bendir til þess, að verndaðar iðngreinar hafi yfirleitt ósérhæfðu fólki á að skipa, og eigi því tiltölulega hægt um vik að aðlaga mannaflann breyttum aðstæðum.“ Og enn fremur segir svo á sömu síðu: „Ljóst er, að miðað við fjölda starfandi fólks í vernduðum iðngreinum, er fjárbinding í þeim lítil. Bendir þetta einnig til þess, að ekki geti orðið verulegt umrót í íslenzku efnahagslífi, jafnvel þótt illa tækist til við aðild að EFTA.“

Sem sé, þetta gerir ekki sérlega mikið til. Þetta eru aðallega konur, og þarna er tiltölulega lítið fjármagn. Sama atriði kemur fram hjá Guðmundi Magnússyni prófessor á bls. 52, en þar er komizt svo að orði:

„Verði verulegt umrót í verndaðri iðngrein, t. d. vegna EFTA-aðildar, má ætla, að verkafólk, sem yrði fyrir barðinu á slíku, ætti tiltölulega auðvelt með að aðhæfast breyttum aðstæðum. Mikill fjöldi kvenna meðal starfsfólks bendir einkum til þess. Fjárbinding í vernduðum iðngreinum er og minni en ætla mætti að óreyndu. Mjög athyglisvert er í þessu sambandi, að 40% alls starfsfólks í vernduðum iðnaði starfar í tveimur iðngreinum, fatnaði og húsgögnum, 20% í hvorri. Áföll í einungis tveimur eða þremur fólksfrekustu iðngreinunum gætu því svipt mikinn fjölda fólks í tollvernduðum iðnaði atvinnunni. Allar líkur eru á því, að þá yrðu konur verst úti, en þar yrði mikil aðlögunarhæfni til bjargar, ef önnur vinna byðist.“

Þarna er sama hugsunin. Þetta eru aðallega konur, ósérhæft vinnuafl, og skiptir ekki ýkjamiklu máli frá þjóðhagslegu sjónarmiði, hvað um þær verður.

Þannig er það algjörlega ljóst, og ég held, að um það verði ekki deilt, að áhrifin af aðild að EFTA geti orðið þau þegar á næsta ári, að ýmis fyrirtæki, sem sjá fram á dauða sinn eftir nokkur ár, dragi saman seglin eða hætti. Af hálfu hæstv. ríkisstj. eru engar ráðstafanir gerðar til þess að tryggja, að ný fyrirtæki geti þá tekið við þessu starfsfólki, auk þeirra, sem skráðir eru atvinnulausir. Engar slíkar ráðstafanir eru gerðar. Og þetta er svo mikið alvörumál, að þó ekki kæmi neitt annað til, teldi ég að aðild að EFTA kæmi ekki til mála undir þessum kringumstæðum. Því ef þetta ástand helzt, að atvinnuleysi verði hér stöðugt allan ársins hring og nái á vissum árstímum til 6—7 þús. manna, leiðir það til þess, að þjóðfélagið molast niður. Sú skriða, sem nú er hafin, að menn flykkist til útlanda, hún mun halda áfram af vaxandi þunga. Og þetta tel ég, að engir eigi frekar að gera sér ljóst en hv. alþm.

En það er fleira í sambandi við kjaramál, sem fram kemur í grg. fyrir þáltill. og í almennum hugleiðingum um þetta mál. Á það er einnig lögð áherzla í grg., að eina von verndaðra iðngreina sé bundin við það, að hér sé kaup nú mun lægra en það er í nágrannalöndum okkar. Um þetta atriði er að finna ýmsar tilvitnanir hjá Guðmundi Magnússyni prófessor. Á bls. 95 segir hann m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar skulum við ekki gleyma því, að vefjariðnaður hefur átt í örðugleikum á Norðurlöndum, vegna þess að samkeppni hefur aukizt frá láglaunalöndum. Einnig eru útibúin í Portúgal fræg, sbr. Melka-skyrtur. Við þurfum þó ekki að óttast þetta í augnablikinu, vegna þess að launin hér eru tiltölulega lág. Þess hefur meira að segja orðið vart, að Norðurlandafirmu hafi alvarlegan áhuga á því að hefja hér framleiðslu í vefjariðnaði til útflutnings til þess að hagnýta sér hið lága kaup á Íslandi á sama hátt eins og gert er í Portúgal.“

Á bls. 97 segir svo um fatagerð: „Laun eru tiltölulega lág hér og veitir þetta hlutfallslega yfirburði. Þessir yfirburðir geta auðvitað horfið fyrir of miklum launahækkunum.“

Og á bls. 100 segir svo um húsgagnagerð og innréttingasmíði: „Við höfum hlutfallslega yfirburði í launum.“

M. ö. o.: framtíð þessara iðngreina er talin bundin því, að það ástand haldist, að Ísland sé láglaunasvæði. Og það er ekki aðeins í sambandi við þessar vernduðu iðngreinar, sem um þetta er rætt. Það er einnig talað um, eins og fram kom raunar í tilvitnun, sem ég var með áðan, að fá hingað erlend fyrirtæki á þessum sömu forsendum.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson hefur haft uppi þá kenningu, að aðild að EFTA hljóti að verða til þess, að kaupgjald hækki hér á landi, t. d. til samræmis við það, sem er í Svíþjóð eða á Norðurlöndum. En þetta er afar barnaleg og órökstudd staðhæfing. Ekkert slíkt felst í EFTA-kerfinu að sjálfsögðu. Innan EFTA eru bæði hálaunasvæði og láglaunasvæði. Um það eru engar heimildir, að lífskjör almennings hafi t. d. batnað í Portúgal á þessu tímabili

eða kaupgjald hafi hækkað þar. Hins vegar held ég, að það væri tilvalið fyrir hv. þm. Hannibal Valdimarsson að reyna kannske að færa rök fyrir þessu sjónarmiði með því að fá bandamenn sína, hæstv. ríkisstj., til þess að lýsa því yfir, að hún vilji stuðla að kauphækkunum á Íslandi í tilefni að inngöngu í EFTA. Það gæti styrkt verkafólk mjög mikið fyrir þá kaupgjaldsbaráttu, sem nú er fram undan, ef hv. þm. Hannibal Valdimarsson fengi t. d. hæstv. forsrh. til að koma hingað í ræðustól og lýsa yfir því, að hæstv. ríkisstj. væri fylgjandi því, að kjör sjómanna væru bætt til mikilla muna og samið yrði um verulega kauphækkun verkafólks í þeim samningum, sem eru fram undan í vor, — einmitt með tilliti til aðildarinnar að EFTA. Ef hv. þm. gæti gert þetta, væri hægt að taka þessar yfirlýsingar hans trúanlegar, en án þeirra naumast. Hins vegar finnst mér, að hv. þm. ætti að geta haft eitthvað upp úr þessu nána sambandi við hæstv. ríkisstj., einnig fyrir það fólk, sem hann á að vera fulltrúi fyrir.

Ég rakti áður í ræðu minni, að af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur ekki verið mörkuð nein iðnþróunarstefna, ekki gerð nein áætlun um það, hvernig á að byggja upp nýjan útflutningsiðnað, ekkert rætt um fjármagn, ekkert um skipulag í því sambandi. En hvað um erlend fyrirtæki? Er þar einvörðungu um almennar staðhæfingar að ræða, eða hefur verið unnið öðruvísi að því máli? Þar hefur vissulega verið unnið öðruvísi. Þar er það ekki látið nægja að láta einn ágætan prófessor setjast niður og semja bók, þar hefur starfað mikill fjöldi sérfræðinga, og þar hafa verið lagðir fram tugir milljóna króna til þess að búa í haginn fyrir samninga við erlend fyrirtæki. Þannig var unnið að samningunum við svissneska álhringinn á sínum tíma, og þannig er unnið enn. En það er ákaflega athyglisvert, að í sambandi við þessa tillögu um aðild að EFTA eru ekki neinar skýrslur um þessar athafnir hæstv. ríkisstj. Hæstv. iðnmrh. hefur t. d. enga skýrslu gefið hér á þingi um það, hver urðu málalok í því ferðalagi, sem hann fór í sumar til Norðurlanda til að kanna það, hvort norrænir iðnrekendur væru reiðubúnir til þess að stofna dótturfyrirtæki á Íslandi. Hæstv. ráðh. fór gagngert í slíkt ferðalag. Hann hefur verið nokkuð þögull um málalokin, en ég tel, að alþm. eigi heimtingu á að fá vitneskju um þetta atriði. Varð hæstv. ráðh. vel ágengt? Má eiga von á því, að stofnuð verði mörg slík dótturfyrirtæki hér á Íslandi á næstunni?

Margt fleira af þessu tagi hefur verið undirbúið. Þau tíðindi gerðust fyrr á þessu ári, sem eru einsdæmi í sögu Íslands, að birt var auglýsing í brezku blaði frá Landsvirkjun, þar sem verið var að auglýsa auðlindir okkar til afnota fyrir útlendinga, birt stór auglýsing í brezku blaði. Hafa komið mörg svör, hæstv. ráðh.? Hafa komið mörg tilboð um hagnýtingu á þessum auðlindum? (**Dómsmrh.**: Því miður ekki.) Því miður ekki, nei. Engu að síður reiknar ríkisstj. auðsjáanlega með því að fá einhver slík tilboð, vegna þess að sú stefna, sem hún boðar í virkjunarmálum, hefur það öll að forsendu, að hún geti náð slíkum samningum. Þegar ríkisstj. hefur rætt um að ráðast næst í Sigölduvirkjun, hefur hún lýst því yfir, að forsendan sé sú, að samningur náist við eitthvert hliðstætt fyrirtæki og álbræðsluna í Straumsvík. Og þegar ríkisstj. er með bollaleggingar, og leggur þegar talsvert mikið fé í að undirbúa þær, um einhverja stærstu vatnsvirkjun í heimi á Austfjörðum, helgast þau áform af hliðstæðum samningum við erlenda aðila. Það hefur heldur ekki farið neitt dult, að hæstv. iðnmrh. hugsar sér, að það verði erlendir aðilar, sem fyrst og fremst standi að hinni fyrirhuguðu sjóefnaverksmiðju. Og hvað um undirbúninginn að olíuhreinsunarstöðinni? Það er vitað, að hæstv. ráðh. hefur lagt mikla vinnu í það mál, einnig eftir að hann gaf skýrslu sína hér í lok síðasta þings: farið í ferðalag til annarra landa, safnað tilboðum frá mörgum þjóðum. Hvernig stendur það mál? Og er ekki hugsunin, að það verði erlendir aðilar, sem eigi það fyrirtæki? Ég held, að enginn maður, sem fylgist með af einhverju raunsæi, geti komizt hjá þeirri ályktun, að hinar eiginlegu hugmyndir hæstv. ríkisstj. um iðnþróun á Íslandi eru fyrst og fremst þær, að sú iðnþróun verði í höndum útlendinga.

Um þetta atriði er raunar um fleira að ræða en það, sem ég hef þegar minnzt á. Fyrir nokkrum vikum birtist í Morgunblaðinu afar fróðleg ræða, sem framkvæmdastjóri Landssambands iðnaðarmanna, Ottó Schopka, hafði haldið á fundi fulltrúaráðs Sjálfstæðisfl. í Reykjavík. Þetta er einn af forustumönnum í iðnaðarmálum á Íslandi og einn af þeim mönnum, sem eru í innsta hring Sjálfstfl. Hann komst svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Margt bendir til þess, að með aðild Íslands að Fríverzlunarbandalaginu opnist ýmis tækifæri til nánari tengsla og samstarfs við erlend iðnfyrirtæki. Ekki er ólíklegt, að erlend fyrirtæki mundu vilja leggja fram fjármagn til iðnrekstrar á Íslandi í því skyni að notfæra sér þá aðstöðu, sem Ísland gæti boðið. Það hefur færzt mjög í vöxt, eftir að Efnahagsbandalagið og Fríverzlunarbandalagið voru stofnuð, að bandarísk fyrirtæki hafa komið upp eigin verksmiðjum í ríkjum bandalaganna til þess að losna við að greiða innflutningstolla, sem að öðrum kosti hefðu skert samkeppnisaðstöðu þeirra á þessum mörkuðum. Með þetta í huga ásamt þeirri staðreynd, að hér er hægt að fá mikla orku mjög ódýrt og vinnulaun eru hér enn þá tiltölulega lág miðað við það, sem gerist í V.-Evrópu, er ekki ólíklegt, að fyrirtæki vestan hafs mundu hafa áhuga á að koma hér upp verksmiðjum með útflutning til Fríverzlunarbandalagsins í huga. Eins og íslenzkri löggjöf er háttað, þurfa íslenzkir aðilar að eiga meiri hluta hlutafjár í hlutafélögum, sem stofnuð eru hér á landi, og réttur útlendinga til að eiga fasteignir hér á

landi er mjög takmarkaður. Þessi lög þarf að endurskoða, og er eðlilegast, að iðnmrh. sé veitt heimild til þess að gefa erlendum fyrirtækjum leyfi til starfrækslu hér á landi að uppfylltum vissum skilyrðum.“ (Gripið fram í.) Það er í frv., sem liggur fyrir Alþ., aukin heimild til hæstv. ráðh. í þessu sambandi. Mér er það algjörlega ljóst. Ég skal ræða um það dálítið frekar, hæstv. ráðh. (Gripið fram í.)

Í þessari tilvitnun frá Ottó Schopka komu fram ákaflega ljós sjónarmið. Við eigum að ganga í EFTA m. a. í þeim tilgangi að geta leppað bandarísk fyrirtæki. Við eigum að láta þeim í té afar ódýra orku og ódýrara vinnuafl en annars staðar er fáanlegt í V.-Evrópu um þessar mundir. Og við eigum að breyta löggjöf okkar í samræmi við óskir og þarfir hinna erlendu fyrirtækja.

Í grg. fyrir frv. sjálfu er raunar á það bent, hvernig staðan er í orkumálunum. Við höfum deilt talsvert um þau hér á þessu þingi í haust. Og í grg. er að finna afar fróðlega vitneskju í því sambandi. Á bls. 192 í grg. er fjallað um hugsanlega framleiðslu á fosfór, og þar er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Hins vegar er talið, að spara megi nálægt 60 dollara á tonn í orkukostnaði, ef verksmiðja er staðsett á Íslandi, orkuverð 2.5 mills á kwst. samanborið við staðsetningu í Bretlandi eða Þýzkalandi, orkuverð 8 mills á kwst.“

Sú orka, sem rætt er um hér á landi sem fala útlendingum og auglýst er í brezkum blöðum, kostar 22 aura á kwst. á sama tíma og hæstv. ríkisstj. greinir frá því, að orkuverð í Bretlandi og Þýzkalandi sé yfir 70 aurar. En mér er spurn: Voru það hugmyndir manna, þegar þeir ræddu um, að við ættum að hagnýta orkulindir okkar og auðlindir, að eftirláta þetta erlendum aðilum, sem hirða af því ágóðann og flytja úr landi, án þess að lyfta því þjóðfélagi, sem hér er?

Hæstv. ráðh. minntist áðan á lagasetningu í þessu sambandi. Hér liggja fyrir Alþ. tvö frv., annað um iðju og iðnað og hitt um verzlunaratvinnu. Það hefur verið staðhæft í blöðum, að þetta séu frv., sem eigi að koma í veg fyrir, að erlendir aðilar geti stofnað hér fyrirtæki. Að sjálfsögðu felst engin slík trygging í þessum lögum. Þarna er þetta lagt á vald tveggja hæstv. ráðh. Við þekkjum allir þá hæstv. tvo ráðh., sem valdið fá á undan öðrum, hæstv. ráðh. Jóhann Hafstein og hæstv. ráðh. Gylfa Þ. Gíslason, og vitum það afar vel, að það aukna vald, sem þeim er ætlað, munu þeir hagnýta til þess að laða hingað eins mikið af erlendum fyrirtækjum og nokkur kostur er. Í þessu er að sjálfsögðu ekki fólgin nein trygging gegn ágengni á þessu sviði, heldur hið gagnstæða. Í frv. er fólgin sú trygging, að þarna verði gengið eins langt og þessir menn dirfast að gera, og það munu engir aðrir vilja fara lengra.

Raunar er fróðlegt að rifja það upp, að í sambandi við 16. gr. um hin gagnkvæmu réttindi var lengi um það rætt, að Íslendingar yrðu að setja fyrirvara, þó ekki væri til annars en þess að koma í veg fyrir, að erlendir aðilar gætu ruðzt inn í fiskiðnað okkar, vegna þess að þar er um óljós vandamál að ræða. En hæstv. ríkisstj. gafst upp á því að setja slíkan fyrirvara, vegna þess að það var talið illa séð af öðrum EFTA-ríkjum. Álitið var, að þau teldu að þarna væri á sín réttindi gengið og mundu setja einhverja aðra fyrirvara á móti. Og hæstv. ríkisstj. guggnaði fyrir þessu viðhorfi samningsaðilanna í EFTA. Guggnaði, segi ég, ég veit náttúrlega ekki, hvort það er rétt; ég geri ráð fyrir, að hún hafi gert þetta fagnandi. Hún hefur reynt að flika því í almennu umtali, að hún sé á verði á þessu sviði, en hún er það öldungis ekki.

Ég held, að það sé mikið meginatriði, sem ég minntist á áðan, að menn geri sér grein fyrir því, að aðildin að EFTA er af hálfu hæstv. ríkisstj. fyrst og fremst hugsuð sem einn liður í stjórnarstefnunni, til þess að styrkja þá stjórnarstefnu, sem hér hefur verið í 10 ár og menn hafa af reynslu, sem ég ætla ekki að ræða frekar að þessu sinni.

Hin almennu viðhorf hafa verið ljós mjög lengi, og mér er það raunar undrunarefni, hvað sumir prýðilega greindir menn eiga erfitt með að átta sig á þessu. Ég minntist fyrir nokkrum dögum á fræga setningu, sem hæstv. viðskmrh. hafði yfir uppi í Þjóðminjasafni á 100 ára afmæli þeirrar stofnunar, þegar hann hafði eftir Winston Churchill hin fleygu orð: „Bezta ráðið til að efla sjálfstæði þjóðar er að fórna sjálfstæði hennar.“ Ástæðan til þess, að hæstv. ráðh. hafði þessi orð yfir, var sú, að hann vildi heimfæra þau upp á Íslendinga. Hann lagði áherzlu á það, að þróunin núna væri aukin bandalög, stór ríki, stór átök, það þýddi ekkert fyrir smáaðila að standa utangarðs. Smákænuna yrði að tengja við stóra skipið. Ég ætla, að þeim, sem þarna voru viðstaddir, hafi orðið þessi ræða ákaflega minnisstæð, vegna þess að hún sýndi djúpt inn í hugskot þessa hæstv. ráðh. Hún sýndi lífsviðhorf, einmitt viðhorf af því tagi, sem ráða athöfnum manna um langan tíma. Það er viðhorf núv. ríkisstj., að Ísland sé of lítil efnahagsleg heild, til þess að hægt sé að hafa hér sjálfstæða stjórn á þeim málum, að við verðum að tengjast stærri heild. Ríkisstj. hefur reynslu af því, að þau markaðslögmál, sem áttu að hrifa á viðreisnartímabilinu, dugðu ekki hér á Íslandi, vegna þess að hér er margt mjög frábrugðið því, sem er í stærri þjóðfélögum. M. a. er aðalframleiðsla okkar, útflutningsframleiðslan, gjörsamlega eða svo til óháð innlenda markaðnum. En leiðin út úr þessum vanda er af hálfu hæstv. ríkisstj. sú, að þar sem þessi lögmál hrifa ekki á Íslandi, í þessu litla þjóðfélagi, eigi ekki að breyta um lögmál, heldur eigi að breyta þjóðfélaginu. Það er þetta, sem falizt hefur í stefnu ríkisstj. um langt skeið, og aðildin að EFTA á að vera einn áfangi að þessu marki.

Ég hef verið öllu langorðari en ég ætlaði mér að verða og skal nú stytta mál mitt. Þetta er ákaflega margþætt mál og flókið og

væri hægt að ræða um það langt mál. Í raun-inni væri ástæða til þess að hafa það ekki skemmra mál heldur en skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors. En ég vil í síðasta lagi benda sérstaklega á eitt enn í þessu sambandi. Enda þótt þingflokkarnir hafi getað fylgzt með þróun þessara mála um langt skeið og fengið í sínar hendur þau gögn, sem um var að ræða, voru þessi gögn öll trúnaðarmál í höndum n. þangað til fyrir nokkrum vikum. Almenningur hefur aðeins haft örfáar vikur til þess að kynna sér þetta mál, til þess að ræða um það, til þess að reyna að mynda sér skoðanir á því. Hæstv. ríkisstj. hefur ekki haft neitt samráð við almannasamtök í landinu, hún hefur haft samráð við kaupsýslumenn og at-vinnurekendur, en hún hefur ekki haft samráð við hagsmunasamtök almennings. Málið hefur verið tekið til umr. í ýmsum verkalýðsfélögum, og þau hafa öll tekið afstöðu á móti aðild. Sömuleiðis hefur Stéttarsamband bænda fjall-að um þetta mál og tekið afstöðu á móti. Og ég tel, að það eigi að vera mönnum ærið um-hugsunarefni, að þau almannasamtök, sem hafa fjallað um þetta mál, rætt það og markað stefnu í því, hafa öll tekið afstöðu á móti. Það er aðeins nokkur hluti atvinnurekenda, sem er *með, og þá fyrst og fremst stóratvinnurekendur,* út frá þeirri alkunnu staðreynd, að fjármagnið á sér ekkert föðurland. Hér er ekki sízt um að ræða atvinnurekendur, sem gera sér vonir um að geta orðið umboðsaðilar fyrir útlend-inga og geta byggt frekari starfrækslu sína á slíkri þjónustustarfsemi.

Við heyrðum einn atvinnurekanda, hv. þm. Svein Guðmundsson, flytja hér dálítið sér-kennilega ræðu fyrir nokkrum dögum. Þessi atvinnurekandi, þessi hv. þm. hefur lent í vanda með fyrirtæki sitt á undanförnum árum, eins og allir vita; vegna viðreisnarstefnunnar lenti fyrirtæki hans í vanda, og hann varð að loka heilum deildum. Viðbrögð hans urðu þau, að hann gerðist umboðsmaður fyrir erlendar smiðjur, sem framleiddu ýmsa þá hluti, sem hann varð að gefast upp við að framleiða sjálf-ur. Ég efast ekki um, að þessi hv. alþm. hafi haft hæfilegan hagnað af þessari umboðsstarf-semi. En í þessu fólst það, að vinna, sem áður var unnin á Íslandi, og þar sem hagnýtt var íslenzk sérþekking, íslenzk verkmenning, hún var nú unnin erlendis. Vélarnar stóðu ónotað-ar hjá þessum atvinnurekanda, og verkamenn-irnir höfðu ekki nóg að gera. Það er kannske ekkert sérstakt áhyggjuefni fyrir þennan hv. þm., jafnvel þó að fyrirtæki hans hætti gjör-samlega, ef hann getur tryggt sér umboðsað-stöðu fyrir aðra í staðinn. En það er þetta, sem skilur á milli ýmissa stóratvinnurekanda og hinna smærri, og það er þetta, sem mótaði afstöðu stóratvinnurekendanna í Félagi ís-lenzkra iðnrekenda, sem réðu úrslitum í afli fjármagns síns og með því að hafa atkvæðis-rétt út á það fólk, sem hjá þeim vinnur, án þess að fólkið væri nokkuð spurt. Ég hygg, að þessi hv. þm. sé í Félagi íslenzkra iðnrekenda, — er það ekki rétt? Mér þætti fróðlegt að vita, fyrir hve marga verkamenn hann hafði at-kvæði. Og mér þætti fróðlegt að vita, hvaða samband hann hafði við verkamenn sína, áður en hann tók ákvörðun um, hvernig atkvæði þeirra væru notuð.

En þessar aðstæður, sem ég var að lýsa, leiða til þess, að það er algjörlega óhjákvæmi-legt, að hafður verði annar háttur á meðferð þessa máls en gerð er till. um af hæstv. ríkis-stj. Þetta mál er mjög stórfellt, það viðurkenna allir. Það viðurkenna allir, að þetta sé eitt-hvert stærsta mál, sem borið hefur verið upp hér á þingi seinustu áratugi, og að sú ákvörð-un, sem í þessu felst, muni hafa mjög veru-legar afleiðingar. Eigi þjóðaratkvæði nokkurn tíma rétt á sér, hlýtur það að vera í sambandi við mál eins og þetta. Ég get ekki séð, að til séu nokkur rök, sem mæla gegn því, að þetta mál verði lagt undir þjóðaratkvæði. Jafnvel áköfustu stuðningsmenn EFTA-aðildar geta ekki haldið því fram, að það skipti nokkru máli, hvort slík aðild væri ákveðin hálfu ári fyrr eða seinna, slíkt getur ekki skipt nokkru máli. Ég held, að það væri tiltölulega mjög auðvelt að leggja þetta mál undir þjóðarat-kvæði án nokkurs verulegs tilkostnaðar í sambandi við sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Þar gengur verulegur hluti af íslenzkum kjósendum til atkvæða hvort eð er, og það er hægt að hafa sérstaka atkvgr. fyrir þá, sem þar eru ekki með. Þetta væri mjög auðvelt í framkvæmd, og ég get ekki séð, að á móti þessu verði staðið með nokkrum rökum. Ef stuðningsmenn EFTA-aðildar hafa trú á því, að þjóðin fylgi þeim í þessu máli, ætti ekki að vera mikil áhætta fyrir þá að fallast á slíka þjóðaratkvgr. Það mundi styrkja stöðu þeirra til mikilla muna, ef þeir hefðu tryggt sér at-fylgi meiri hluta þjóðarinnar. Þá gætu þeir ekki legið undir neinni tortryggni um það, að þeir væru að vinna verk, sem gengi í berhögg við vilja almennings. Ég vil skora mjög alvar-lega á menn að hugleiða það, hvort þetta er ekki einmitt leiðin til þess að koma í veg fyrir, að þetta mál valdi mjög alvarlegum úfum meðal þjóðarinnar.

Ég vil að lokum leggja áherzlu á, að þótt ég sé andvígur aðild að EFTA með þeim rökum, sem ég hef hér reynt að gera grein fyrir að nokkru leyti, þá fer því ákaflega fjarri, að ég sé að spá einhverjum dómsdegi, eins og stundum er reynt að halda fram í blöðum, að felist í málflutningi mínum. Ég veit fullvel, að það er hægt að reisa skorður við óeðlileg-um EFTA-áhrifum, ef í landinu væri ríkisstj., sem hefði hug á að gera það. Ég veit einnig, að það er hægt að framkvæma þá stefnu að laða hingað sem mest af erlendu fjármagni og erlendum fyrirtækjum án þess að ganga í EFTA. Þess vegna mun barátta um þessi meg-inatriði halda áfram hvaða ákvörðun sem nú verður tekin. En á því þurfa menn að átta sig, að við getum aldrei komizt að réttri niður-stöðu, hvorki um þetta mál né önnur, nema okkur lærist að meta viðfangsefni okkar af íslenzkum sjónarhóli og gera okkur grein fyrir

því, að þjóðfélag okkar er býsna frábrugðið öðrum þjóðfélögum og um það gilda sérstök lögmál.

Það er mikill misskilningur, sem hæstv. forsrh. sagði hér á dögunum, að hann gæti ekki skilið, að ekki ætti að gilda sömu lögmál um okkur eins og aðra. Ísland er mjög frábrugðið öðrum þjóðfélögum á margan hátt. Því veldur smæð okkar, og því veldur einnig saga okkar og þróun okkar, efnahagsþróunin. Mál eru hér á allt öðru stigi en þau eru yfirleitt t. d. í EFTA-löndum, og við erum ekki menn til þess að leggja á ráðin um skynsamlega stjórn í þessu þjóðfélagi, nema við lærum að meta viðfangsefnin frá sjónarmiði okkar sem Íslendinga. Við skulum minnast þess, að tilvera þjóðar er ekki aðeins hagfræðireglur. Það kemst engin þjóð áleiðis með útreikningum og hagfræðireglum einum. Það, sem skiptir sköpum, er pólitískur vilji, vilji til þess að leggja eitthvað í sölurnar fyrir það þjóðfélag, sem maður er hluti af, vilji til þess að reyna að reisa þjóðfélagið og ýta því áfram. Þess vegna eiga þau átök, sem þetta mál er hluti af, eftir að standa mjög lengi enn, og ég veit, að þó að menn ímyndi sér sumir, að þeir hafi sterka aðstöðu í þjóðfélaginu, eins og sakir standa, þá á það eftir að breytast.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég tel rétt, áður en að ég vík að þeirri dagskrártill., sem ég stend að með hv. 1. þm. Austf., að minnast nokkrum orðum á yfirlýsingu, sem hæstv. forsrh. gaf við 1. umr. þessa máls og ég tel mjög mikilsverða *og nauðsynlegt að bætt sé inn hér. Hún snertir* afstöðu hæstv. ríkisstj. til Efnahagsbandalags Evrópu og felur í sér alveg gerbreytta stefnu ríkisstj. á þeim vettvangi frá því, þegar það mál var seinast rætt hér á Alþ., í nóv. 1962. Hæstv. forsrh. var í ræðu sinni við 1. umr. málsins að ræða m. a. um hugsanlega samninga við Efnahagsbandalag Evrópu og lagði áherzlu á, að einn árangurinn af aðild að EFTA yrði sá, að við gætum haft samfylgd með hinum EFTA-þjóðunum í samningum við Efnahagsbandalagið, þegar þar að kæmi.

Orðrétt fórust ráðh. orð á þessa leið: „... leiðin til þess, að þau skipti (þ. e. viðræður og samningar við Efnahagsbandalag Evrópu) verða auðveld eða okkur hagkvæmari, er einmitt sú, að við höfum samfylgd við aðra, ekki eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér á dögunum, að við ætluðum að láta aðra fara að semja fyrir okkur, slíkt hefur engum dottið í hug, en það er styrkur að samfylgd annarra og ekki sízt fyrir litla þjóð og lítið ríki eins og Ísland að vera í hópi annarra."

Þessi ummæli eða yfirlýsing hæstv. forsrh. verður ekki skilin á annan veg en þann, að við ætlum, þegar við göngum í EFTA, að hafa samfylgd með öðrum EFTA-þjóðum, þegar samið verður við Efnahagsbandalag Evrópu. Þess vegna er ekki úr vegi að íhuga, hvernig þau mál standa nú. Staðan í þessum málum er nú þannig, að þrjú EFTA-lönd, Bretland, Noregur og Danmörk, hafa óskað eftir fullri aðild að Efnahagsbandalaginu. Það hefur nú loks verið ákveðið af hálfu þess að taka upp samninga við þessi lönd á næsta ári, eftir 1. júlí næsta ár í seinasta lagi. Jafnframt hefur verið ákveðið af Efnahagsbandalaginu, eða svo virtist á Haag-fundinum, að á sama tíma yrðu teknar upp viðræður við þau EFTA-löndin, sem ekki hafa óskað eftir beinni aðild að Efnahagsbandalaginu. Það hefur lengi verið ósk þessara landa, Svíþjóðar, Sviss, Portúgals og Austurríkis, að þau yrðu ekki skilin eftir, þegar Bretar, Norðmenn og Danir færu að ræða við Efnahagsbandalagið, heldur yrði rætt samtímis við þau af hálfu Efnahagsbandalagsins um þau tengsl, sem þau vilja hafa við Efnahagsbandalagið í framtíðinni. Ef þetta fer eins og nú horfir, munu ekki seinna en 1. júlí á næsta ári hefjast viðræður allra þessara landa við Efnahagsbandalag Evrópu, bæði þeirra, sem óskað hafa eftir fullri aðild, og hinna, sem koma til með að óska eftir annars konar tengslum.

Þetta þýðir, að ef Ísland ætlar að vera í samfylgd með hinum EFTA-löndunum, eins og hæstv. forsrh. gaf hér yfirlýsingu um, verður Ísland að vera búið að taka ákvörðun um það fyrir 1. júlí á næsta ári, hvort óskað verður eftir viðræðum við Efnahagsbandalagið og jafnframt í hvaða formi þessar viðræður eiga að vera, hvort við eigum að óska eftir fullri aðild eða aukaaðild eða aðeins tolla- og viðskiptasamningi.

En það virðist, eins og málin standa nú, vera útilokað fyrir okkur að vera í samfylgd þessara þjóða, sem hæstv. forsrh. lagði áherzlu á og raunar aðrir ráðh. hafa gert, nema við verðum búin fyrir þennan tíma, mitt næsta ár, að ákveða afstöðu okkar til Efnahagsbandalagsins og fylgjast síðan að með hinum EFTA-þjóðunum í samningum við það. Ég skil svo þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh., sem raunar hefur komið fram hjá fleiri fulltrúum stjórnarflokkanna líka, að þeir ætlist til þess eða geri ráð fyrir því, að Ísland verði búið fyrir 1. júlí á næsta ári að ákveða afstöðu sína í þessum efnum. Öðruvísi getum við ekki verið í þessari samfylgd, sem hæstv. forsrh. og aðrir fulltrúar stjórnarflokkanna tala um.

Þetta er e. t. v. að einhverju leyti skýringin á því, hve mikla áherzlu hæstv. ríkisstj. leggur á, að Ísland tengist EFTA strax, og vill ekki neina bið í þeim efnum. En mér finnst rétt að benda á í þessu sambandi, að hér er um algjöra stefnubreytingu hjá hæstv. ríkisstj. að ræða frá því að seinast var rætt um Efnahagsbandalagið á Alþ. haustið 1962. Þá stóðu málin á ýmsan hátt svipað og nú. Þá voru Bretland, Noregur og Danmörk búin að óska eftir fullri aðild að Efnahagsbandalaginu. Svíþjóð, Sviss og Austurríki og jafnvel fleiri lönd voru búin að óska eftir aukaaðild og fleiri ríki voru búin að óska eftir ákveðnum tengslum við það, þó í öðru formi væri. Ríkisstj. Íslands, sem var raunar sú sama og er nú, var búin að hafa þessi mál til nokkurrar athugunar, eða mikill-

ar athugunar réttara sagt, tvö undanfarin ár. Fyrst hafði það verið afstaða hennar að hyggja á það að leita eftir fullri aðild að Efnahagsbandalaginu. Við nánari athugun taldi hún það ekki hægt, og þá var tekin upp athugun á því, hvort Ísland ætti að óska eftir aukaaðild að Efnahagsbandalaginu, og var gerð um það flokkssamþykkt hjá Alþfl. að fara fram á slíkt. En við nánari athugun taldi ríkisstj. þetta ekki mögulegt og niðurstaða hennar var sú, að Ísland yrði að bíða átekta og óska ekki eftir samningum við Efnahagsbandalagið, fyrr en afstaðnir væru samningar þess eða viðræður þess við önnur lönd, sem hefðu óskað annaðhvort eftir fullri aðild eða aukaaðild. Í skýrslu, sem hæstv. viðskmrh. flutti um þetta mál hér á Alþ. 12. nóv. 1962, fórust honum orð á þessa leið í lok grg., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstj. er þeirrar skoðunar, að enn þá sé ekki kominn tími til ákvarðana í máli þessu. Áður en þær eru teknar, er nauðsynlegt, að fengin sé niðurstaða í þeim samningum, sem nú fara fram í Brüssel milli Efnahagsbandalagsins og Breta, og helzt einnig niðurstaða í þeim viðræðum, sem eiga eftir að fara fram á milli Efnahagsbandalagsins og annarra ríkja, sem sótt hafa um aðild eða aukaaðild að bandalaginu.“ — Og í niðurlagsorðum ráðh. er þetta, með leyfi hæstv. forseta: „Þegar niðurstöður hafa fengizt í þeim samningaviðræðum, sem ég gat um áðan, hefur væntanlega fengizt grundvöllur til þess að ganga endanlega úr skugga um, hvaða kostir geti staðið Íslendingum til boða. Þá fyrst er fyrir hendi nægileg vitneskja, til þess að unnt sé að mynda sér endanlega rökstudda skoðun á því, hvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið tryggi bezt hagsmuni Íslendinga.“

Hér er það ákvörðun og yfirlýsing hæstv. ríkisstj. að bíða eftir samningum Breta, Dana og Norðmanna við Efnahagsbandalagið, sem höfðu óskað eftir fullri aðild, og einnig að bíða eftir niðurstöðum í viðræðum þeirra þjóða við bandalagið, sem höfðu óskað eftir aukaaðild, og taka ekki ákveðna afstöðu, fyrr en niðurstöður í öllum þessum samningum lægju fyrir. Hér var sem sagt ekki verið að tala um samfylgd með þessum þjóðum, heldur að bíða eftir því, hverjar niðurstöðurnar yrðu í samningaviðræðunum.

Þetta byggðist á ákaflega skynsamlegri og eðlilegri afstöðu. Eins og málin stóðu þá, og eins og þau standa raunar enn, veit enginn fullkomlega t. d., hvað í aukaaðild felst, þó það megi geta sér þess til að takmörkuðu leyti. Það veit heldur enginn fullkomlega um það, hvað mundi fást samkvæmt tolla- og viðskiptaaðild. Þetta ætti hins vegar að liggja skýrar fyrir, eftir að þessir samningar eru um garð gengnir, sem hér er um rætt. Þessu til viðbótar kemur svo, og skiptir langsamlega mestu máli, að Ísland hefur sökum smæðar sinnar allt aðra afstöðu á fjölmörgum sviðum en þessar þjóðir. Þess vegna þurfum við að fara fram á alls konar undanþágur umfram þær. Og ef við eigum að semja í samfylgd með þessum þjóðum, verður miklu örðugra fyrir Efnahagsbandalagið að veita okkur þessar undanþágur en ef við semdum sér, eftir að hinar væru búnar að ganga frá samningum. Ef við Íslendingar værum að semja jafnhliða hinum þjóðunum, mundi það koma upp, þegar farið væri að óska eftir undanþágum um eitt og annað, að erfitt yrði fyrir Efnahagsbandalagið að fallast á þær, jafnvel þótt það vildi, vegna þess að ef það veitti Íslandi þessar undanþágur, meðan á samningunum stæði, gæti verið búið að skapa með því fordæmi, sem aðrar þjóðir bentu á og óskuðu eftir að fá eins og Íslendingar. Þess vegna var það eðlileg afstaða hjá hæstv. ríkisstj., þegar þessi mál voru seinast rædd hér á Alþ. 1962, að hafa þá afstöðu, að við ættum að bíða eftir niðurstöðum samninga hinna þjóðanna, áður en við gerðum það upp við okkur, í hvaða formi við ættum að óska tengsla við Efnahagsbandalagið, og vera sér á báti, þegar við semdum um þessi mál.

Nú er alveg horfið frá þessari stefnu, ef marka má þær yfirlýsingar, sem hæstv. forsrh. gaf hér við 1. umr. þessa máls og hefur líka komið fram hjá öðrum talsmönnum stjórnarflokkanna, þegar þetta mál hefur verið rætt, þ. e. að leggja áherzlu á, að við hefðum samfylgd með öðrum þjóðum, þegar við semdum við Efnahagsbandalagið, en biðum ekki eftir niðurstöðum í viðræðum þeirra við það og yrðum einir á báti. Á þessu ráðalagi er gífurlega mikill munur, og ég tel, að ríkisstj. fari inn á algjörlega ranga braut með því að breyta hér um stefnu frá 1962. Ég vil þess vegna vænta þess, að hæstv. ríkisstj. endurskoði þessa nýju stefnu sína um samfylgd með EFTA-þjóðunum í samningum við Efnahagsbandalagið, í stað þess að bíða eftir niðurstöðum í samningum þeirra og semja einir, þegar þar að kemur.

Ég álít, að þessi nýja stefna ríkisstj. sé óhyggileg og það sé í alla staði miklu heppilegra og líka eðlilegra fyrir okkur að hafa þá aðferð á þessum málum, sem um var talað haustið 1962 og allir þingflokkar lýstu sig þá samþykka. Það var tekið mjög skýrt fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í umr. þá, að þm. hennar væru fylgjandi þessari vinnuaðferð ríkisstj.

Til þess að fá það enn þá skýrara, hvað fyrir hæstv. ríkisstj. vakir í þessum efnum, hvort henni er það fullkomlega alvara, að við eigum að hafa samfylgd með öðrum EFTA-þjóðum í þessum málum, vil ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Ef Ísland gengur í EFTA, eins og nú virðist vera ákveðið, og Bretar, Norðmenn og Danir hefja samninga við Efnahagsbandalagið um fulla aðild síðar á þessu ári og hinar EFTA-þjóðirnar, eins og Svíar, Svisslendingar og Austurríkismenn, hefja samninga um líkt leyti við Efnahagsbandalagið um aukaaðild eða eitthvað annað, er það þá ætlun hæstv. ríkisstj., að Ísland óski samtímis eftir viðræðum við Efnahagsbandalagið og reyni að vera hinum þjóðunum samferða í þeim viðræðum? Hefur

ríkisstj. gert sér grein fyrir því, hvaða form hún vill hafa á þeim viðræðum við Efnahagsbandalagið? Ætlar hún að óska eftir aukaaðildarforminu eða ætlar hún að óska eftir, að við förum heldur viðskipta- og tollasamningaleiðina? Ég æski þess, að ríkisstj. upplýsi þetta alveg greinilega nú við þessa umr., hvað fyrir henni vakir í þessum efnum. — En af þeim ummælum af hennar hálfu, sem hingað til hafa verið flutt, sérstaklega af hæstv. forsrh., verður ekki annað skilið en það sé ætlun stjórnarinnar að taka upp viðræður við Efnahagsbandalagið strax á næsta ári.

Ég vil, áður en ég vík að því að ræða um dagskrártill., minna á nokkur atriði í sambandi við meðferð þessa máls. Ég tel, að hún sé varhugaverð með tilliti til hugsanlegra samninga okkar við Efnahagsbandalagið, sem virðast vera á næsta leiti, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að fylgja fram þeirri samfylgdarstefnu, sem hún hefur boðað og ég hef nú gert að umtalsefni. Ég vil þá í fyrsta lagi segja, að ég álít þá meðferð, sem 16. gr. hefur sætt í umræðunum við EFTA, vera ákaflega ófullkomna og varhugaverða hjá hæstv. ríkisstj. Það má skipta 16. gr. í tvennt: í fyrsta lagi er hún mjög víðtæk stefnuyfirlýsing um gagnkvæm atvinnurekstrarréttindi; í öðru lagi fjallar hún um vissar undanþágur, sem veittar skulu frá þessari almennu reglu og segja má að dragi nokkuð úr þeirri stefnuyfirlýsingu, sem felst í 1. málgr. gr.

Mér finnst, að til þess að ríkisstj. hefði haldið þarna nægilega fast á íslenzkum málstað og gætt sérstöðu okkar í þessu sambandi, hefði þurft að vera mjög skýr fyrirvari við undirritun samningsins gagnvart þeirri stefnuyfirlýsingu, sem felst í 16. gr. Í öðru lagi hefði svo þurft að fást nákvæm túlkun á þeim undanþáguatriðum. sem í gr. felast. Hvorugu þessara atriða ætlar hæstv. ríkisstj. að fullnægja. Skýringar þær, sem hún leggur fram við undanþágurnar, eru ákaflega óljósar, og það er þess vegna erfitt að gera sér grein fyrir því, hve víðtæk atvinnurekstrarréttindi við veitum útlendingum með því að fallast á 16. gr. með þessum hætti. Við höfum engan fyrirvara gagnvart þeirri meginstefnuyfirlýsingu, sem í gr. felst. Þau frv., sem ríkisstj. hefur lagt fram í þessu sambandi um breytingu á lögum um iðjuleyfi og verzlunarleyfi, skipta ekki neinu verulegu máli í þessu sambandi. Þó að þau verði lögfest, hafa íbúar hinna EFTA-landanna nákvæmlega sama rétt samkvæmt 16. gr. eftir sem áður og verða að njóta þeirra, ef við ætlum að standa við þennan samning. Það er ekki með þessum leyfisveitingum hægt að útiloka þá frá því að notfæra sér eðlilegan rétt í þessum efnum, ef hann er einhver.

Ég tel þess vegna, að ákaflega losaralega sé á þessum málum haldið og því frekar sem hvorki lög um iðjuleyfi né verzlunarleyfi ná til þess atvinnuvegar, sem útlendingar munu áreiðanlega sækjast mest eftir að ná tökum á hér á landi, fiskiðnaðarins, sérstaklega hraðfrystihúsaiðnaðarins. Eftir sem áður á það meira að segja ekki að vera háð leyfisveitingum, hverjir megi annast frystihúsarekstur hér á landi. Og í 16. gr. segir ekkert um það, hvort útlendingar öðlast rétt til rekstrar hraðfrystihúsa hér á landi eða ekki. Af hálfu hæstv. ríkisstj. hefur þetta ekki enn þá verið nægilega og fullkomlega skýrt. Ég skal að vísu taka það fram, að hæstv. viðskmrh. gaf okkur nokkrar upplýsingar um þessi mál í utanrmn., sem hann taldi sér ekki fært að birta hér. Um það vil ég aðeins segja, eins og ég sagði þar, að ég tel þessar skýringar hvergi nærri fullnægjandi í þeim efnum og afsaka ekki, að ríkisstj. skyldi ekki ganga eftir því að fá þessar undanþágur betur skilgreindar, og sérstaklega, að hún skyldi ekki hafa almennan fyrirvara við undirritun samninganna um þá víðtæku stefnuyfirlýsingu, sem raunverulega felst í 16. gr. og snertir framtíðina. Þetta tel ég alveg sérstaklega varhugavert og hættulegt, — ég vil segja hættulegt, vegna þeirra samninga, sem virðast vera fram undan af okkar hálfu við Efnahagsbandalag Evrópu, þar sem þessi mál mun áreiðanlega miklu meir og frekar bera á góma en í sambandi við viðræðurnar við EFTA.

Hitt atriðið, sem ég tel svo að sé mjög óhagstætt í samningum okkar við EFTA, er aðlögunartíminn. Hann á ekki að vera nema 10 ár. Það er að mínum dómi allt of stuttur tími, og liggja margvíslegar ástæður til þess, m. a. það, hve illa hefur verið að iðnaðinum búið á undanförnum árum, hversu öll iðnþróun og iðnmenntun er að mörgu leyti skammt á veg komin hér, miðað við það, sem á sér stað í þeim löndum, sem við eigum að fara að keppa við. Ég skil satt að segja ekki og hef aldrei skilið, af hverju ríkisstj. fór ekki fram á lengri aðlögunartíma en 10 ár. Ég hef fulla trú á því, að ef við hefðum farið fram á lengri aðlögunartíma við EFTA, hefði það auðveldlega fengizt fram. EFTA veitti t. d. Portúgal 20 ára aðlögunartíma. Efnahagsbandalagið veitti Grikklandi og Tyrklandi 28 ára aðlögunartíma á sínum tíma. Og ég er alveg viss um, að ef við hefðum aðeins farið fram á lengri aðlögunartíma við EFTA, hefði reynzt auðvelt að fá það fram. Hér er okkar eigin handvömm um að kenna, en ekki annarra, að svona hefur tekizt til. Ég er hræddur við þetta ákvæði og tel að það hafi slæm áhrif, þegar farið verður að semja við Efnahagsbandalagið. Ef við gerum einhverja sérstaka samninga við það um tollamál, kann að verða vitnað til þess, að í EFTA-samningnum hafi Íslendingar talið alveg nægilegt fyrir sig að fá 10 ára aðlögunartíma. Mér finnst þetta hvort tveggja benda til þess, að ekki sé góðs að vænta, þegar hæstv. ríkisstj. fer að semja við Efnahagsbandalagið, ef það verður í hennar verkahring, sem sennilegt er að einhverju leyti, ef af því verður, sem hún virðist stefna að, að slíkir samningar verði hafnir strax á næsta ári.

Þetta, sem ég hef nú sagt, fannst mér rétt að kæmi fram í sambandi við Efnahagsbandalagið, áður en ég vík sérstaklega að þeirri dagskrártill., sem ég flyt ásamt hv. 1. þm.

Austf. Ég tel mig líka knúðan til þess, áður en ég kem að því máli, að víkja að einu atriði, sem kom fram í framsöguræðu hæstv. viðskmrh. við 1. umr. þessa máls og ég verð að segja, að ég varð meira en lítið undrandi yfir. Ég hafði aldrei látið mér detta í hug, að slíkt kæmi frá manni, sem hefði verið um nokkurt skeið prófessor við viðskiptadeild Háskóla Íslands og jafnframt viðskmrh. landsins um árabil. Mér fannst annað tveggja koma fram í þeim ummælum, furðuleg vanþekking eða vilji til að blekkja þá, sem á hann hlýddu. Það, sem ég á við, er það, að hæstv. ráðh. var að lýsa fyrir þingheimi þeim möguleikum, sem Íslendingar hefðu til þess að auka útflutning sinn. Niðurstaða hans var í stuttu máli sú, að það væri hvergi að ráði neina slíka möguleika að finna nema með því að ganga í EFTA. Ég skal lesa yfir lokaniðurstöður hans í þessum ræðukafla, sem hann flutti um þetta. Honum fórust orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Eina von nýrra útflutningsfyrirtækja um gott gengi er fólgin í því að eiga aðgang að tollfrjálsum markaði.“ Þetta sagði hæstv. ráðh. alveg orðrétt, og hann getur lítið hér í ræðuhandritið frammi og séð, að þessi ummæli eru rétt eftir honum höfð. Mér finnst felast í þessum ummælum mikil vanþekking ellegar vilji til blekkingar. Hefði t. d. viðskmrh. í Bretlandi látið slíkt frá sér fara, mundi hann hafa orðið að segja af sér eða forsrh. látið hann víkja. En það gilda aðrar reglur í þessum efnum hér en í Bretlandi.

Ég skal aðeins víkja nánar að því, hve þessi ummæli hæstv. ráðh. eru byggð á mikilli vanþekkingu eða viðleitni til blekkingar. Ég ætla fyrst að lesa upp nokkur ummæli, sem er að finna í grg. Guðmundar Magnússonar og hæstv. ráðh. ætti að hafa lesið. Hér stendur t. d. á bls. 74, með leyfi hæstv. forseta:

„Það hlýtur einnig að vera hagkvæmt, eftir sem áður, að selja ýmsar vörur til Bandaríkjanna og Rússlands, þótt Ísland gangi í EFTA. Þetta er einfaldlega vegna þess, að t. d. í Bandaríkjunum er það stór og sterkur markaður, að framleiðsla okkar á ýmsum varningi verður aldrei í stærri stíl en svo, að ekki þarf að ná nema til lítils geira af markaðnum til þess að selja hana alla – og það á góðu verði. Og það væri hrapallegt að vanrækja þá möguleika, sem þar eru fyrir hendi, með inngöngu í EFTA.“

Á öðrum stað í áliti sínu víkur Guðmundur Magnússon nánar að vissum iðngreinum, sem eiga að geta haft góða möguleika á markaði í Bandaríkjunum. Á bls. 64 ræðir hann um húsgagnagerð og telur nokkra útflutningsmöguleika vera fyrir hendi í EFTA-löndunum. En síðan segir hann, að útflutningsmöguleikar virðist einna mestir í Bandaríkjunum og Englandi. Hann telur Bandaríkin þarna á undan. Þetta kemur þó enn þá greinilegar fram nokkru neðar á bls., þar sem rætt er um skinna- og leðuriðnað. Þar farast honum orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Skinna- og leðuriðnaður er útflutningsatvinnuvegur. Enda þótt Ameríkumarkaður sé langarðvænlegastur um þessar mundir, ætti hagræði á tollfrjálsum markaði EFTA-landanna að geta orðið greininni til mikils hagræðis seinna meir. Sama gildir um fyrirhugað minkaeldi.“

Guðmundur Magnússon minnist á fleiri iðngreinar, sem hann telur að geti átt, ef rétt er á haldið, mesta möguleika á Bandaríkjamarkaði. En þegar hæstv. viðskmrh. er að ræða hér við þingheim um þetta mál, sleppir hann alveg að minnast á þetta. Rétt um það leyti, eða ég held sama daginn og hæstv. ráðh. flutti þessa ræðu sína hér á Alþ., – ég sé að hæstv. ráðh. hefur aðeins brugðið sér frá, svo að ég staldra við á meðan, svo að hann geti heyrt það, sem ég segi, – ég hygg, að hann hafi skroppið fram til að líta í ræðuna, sem hann flutti við fyrri umr., til að sjá, hvort ég hafi haft rétt eftir honum, og er ekki nema rétt og sjálfsagt að bíða eftir honum.

Já, ég held, að hæstv. ráðh. hafi heyrt það, sem ég las upp úr skýrslu Guðmundar Magnússonar um sölumöguleika okkar í Bandaríkjunum fyrir ákveðnar iðnaðarvörur. Ég ætlaði að halda áfram og segja frá því, að ég held sama daginn eða daginn eftir að hæstv. ráðh. flutti þessa ræðu sína hér í þinginu, þar sem hann sagði, að eina von okkar til þess að koma upp nýjum útflutningsfyrirtækjum væri að eiga aðgang að tollfrjálsum markaði, var haldinn blaðamannafundur í utanrrn. Þar var verið að skýra frá því, að að tilhlutan Hannesar Kjartanssonar hefði verið leitað til Sameinuðu þjóðanna og sérfræðingar frá þeim eða sérfræðistofnunum þeirra beðnir að athuga möguleika Íslendinga til að framleiða niðursuðuvörur og þá sérstaklega markaðsmöguleika fyrir slíkar vörur erlendis. Þessir sérfræðingar hefðu látið fara fram mjög nákvæma athugun á þessu máli í mörgum löndum, og niðurstaða þeirra var í stuttu máli sú, að fimm næstu árin ættu Íslendingar að geta flutt út niðursuðuvörur fyrir næstum einn milljarð ísl. kr. á ári með mjög góðum hagnaði. Þeir sögðu enn fremur, að þann markað, sem um væri að ræða í þessum efnum, væri fyrst og fremst að finna í Bandaríkjunum, svo í Frakklandi, Þýzkalandi og Bretlandi, – eða svo að segja jafnframt utan EFTA-landanna. Ef þessi niðurstaða er rétt, sem ég efast ekki um, sést bezt á þessu, hve fjarstæð er sú fullyrðing hæstv. ráðh. við 1. umr. þessa máls, að eina von okkar í sambandi við útflutningsiðnað sé að fá aðgang að tollfrjálsum markaði. Samkvæmt þessari skýrslu sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna eigum við hér, ef við höldum rétt á málum, aðgang að markaði, sem ekki er tollfrjáls, fyrir vörumagn, sem á að gefa okkur á ári hvorki meira né minna en 1 milljarð kr. Um þetta virðist hæstv. viðskmrh. ekkert vita. Eða gerir hann það af ásettu ráði að villa svo um fyrir mönnum að láta svo sem þessi vitneskja sé ekki fyrir hendi?

Ef við förum svo til annarra landa og athugum, hver reynsla þeirra er í þessum efn-

um, gæti hæstv. viðskmrh. t. d. lesið það í dönskum verzlunarskýrslum, að fyrstu níu mánuði þessa árs hefur útflutningur Dana aukizt meira, bæði til Bandaríkjanna og Efnahagsbandalagslandanna, heldur en innan EFTA-svæðisins. Danir virðast sem sagt eiga eins gott með að ryðja sér braut á öðrum mörkuðum og þeim, sem eru alveg tollfrjálsir. Reynsla Norðmanna er á sömu leið. Fyrstu 9 mánuði þessa árs hafa þeir aukið útflutning sinn til EFTA-svæðisins um 16%, en til Efnahagsbandalagslandanna um 24%. Norðmenn virðast t. d. hæglega geta notað sér markaði, þótt þeir séu ekki algerlega tollfrjálsir.

Reynsla Breta í þessum efnum er sú, að þeir hafa á þessu ári aukið útflutning sinn til Efnahagsbandalagslandanna um 20%, og þeir, sem í Bretlandi eru andstæðir aðild að Efnahagsbandalaginu, nota þessar tölur sem sönnun þess, að það sé engin ástæða til þess að Bretland gangi í Efnahagsbandalagið, þeir þurfi ekki á neinu tollfrelsi að halda til þess að ryðja útflutningsvörum sínum braut. Og þannig mætti nefna fjölda dæma.

Ég tel, að ef sæmilega væri haldið á málum hér og unnið að skipulagðri iðnþróun, ættum við að geta keppt á þessum mörkuðum með útflutningsvörur okkar, sérstaklega fullunnar sjávarvörur, á Bandaríkjamarkaði og Efnahagsbandalagsmarkaðnum, þó að við nytum þar ekki tollfrelsis, alveg eins og Danir og Norðmenn. Þess vegna er það alveg furðulegt af hæstv. viðskmrh., að hann skuli gera sig sekan um þá blekkingu, að útilokað sé fyrir okkur að ryðja útflutningi okkar braut nema það sé með aðgang að tollfrjálsum markaði. Reynslan hjá okkur og öðrum sýnir hið gagnstæða.

Þá var ekki síður fróðlegt að heyra til hæstv. ráðh., þegar hann var að gera grein fyrir því, að við gætum ekki unnið okkur aukinn markað í Sovétríkjunum. Þar var ekki hægt að bera tollunum við. Þar kom hæstv. viðskmrh. með aðra afsökun. Honum fórust orð á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Það er ekki hægt að grundvalla verulegan nýjan útflutningsiðnað í Sovétríkjunum, þó ekki væri nema vegna fjarlægðar.“ Þá á sem sagt að vera svona ógurlega langt til Sovétríkjanna, að útilokað sé fyrir okkur að eiga nokkur viðskipti við þau eða selja þeim útflutningsvörur! Nú ætti hæstv. viðskmrh. sem viðskmrh. og gamall prófessor í viðskiptafræðum að vera svo fróður, að þrátt fyrir þessa miklu fjarlægð höfum við selt Rússum mikið af útflutningsvörum um langt skeið og meira að segja iðnaðarvörur. Ég skal nefna dæmi um það, að á þessu ári höfum við flutt út prjónavörur alls fyrir 66 millj. kr. Þar af höfum við flutt til Sovétríkjanna fyrir 54.6 millj. kr., eða næstum allt þetta magn. Við höfum flutt út ullarteppi á þessu ári fyrir 14.3 millj. kr., þar af höfum við flutt út til Sovétríkjanna fyrir 13.2 millj. kr., og þannig mætti lengi halda áfram. Ég skil ekki þessa fullyrðingu hæstv. ráðh., að við getum ekki selt vörur til Sovétríkjanna vegna fjarlægðar, þegar slíkar staðreyndir liggja fyrir eins og þessar.

En svona langt gengur hæstv. ráðh. í því að gera lítið úr öllum okkar markaðsmöguleikum utan EFTA-svæðisins. Hann kemur með hinar furðulegustu fullyrðingar til að réttlæta það, að hvergi sé markaðsmöguleika að finna nema í EFTA-löndum.

Ég get vel skilið, að hæstv. viðskmrh. sé mikill áhugamaður um, að við göngum í EFTA. Hann getur haft sínar ástæður fyrir því, sín rök fyrir því. En mér finnst óeðlilegt og meira en furðulegt, þegar maður, sem hefur verið viðskmrh. í 10 ár og prófessor í viðskiptafræðum enn lengur, skuli ganga svo langt í málflutningi sínum í þessum efnum, að afneita gersamlega öllum staðreyndum og sjá hvergi neina möguleika nema á þessu eina svæði. Ég fullyrði alveg hiklaust, að hefði viðskmrh. t. d. í Bretlandi, orðið uppvís að því að halda fram öðrum eins firrum og þessum í brezka þinginu, hefði forsrh. orðið að láta hann hætta. Mér þykir leiðinlegt að þurfa að segja þetta, vegna þess að að ýmsu leyti er mér alls ekki illa við hæstv. viðskmrh. (**Menntmrh.**: Þakka þér fyrir það.) En mér leiðist það, þegar hann gerir sig uppvísan að slíkum öfgum, eins og þessum. (Gripið fram í.)

Mér fannst alveg kasta tólfunum í sjónvarpsumræðunum, þegar hæstv. ráðh. taldi sig þurfa sérstaklega að flytja ungu fólki þennan boðskap. Ungum, atorkusömum og menntuðum mönnum, sem vilja snúa sér að viðskiptum, var fluttur sá boðskapur, að við hefðum enga von til að selja útflutningsvörur eða byggja upp ný útflutningsfyrirtæki nema með því að selja þessar vörur til EFTA-landa, þegar möguleikar blasa við annars staðar, eins og ég hef bent á, — og er ekki byggt á því, sem ég sjálfur fullyrði, heldur margir kunnugustu menn, eins og sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna. Ég held, að við þurfum ekki síður að beina athygli ungra manna að þeim möguleikum, sem við kunnum að eiga annars staðar en í EFTA-löndunum, t. d. í Bandaríkjunum, í Efnahagsbandalagsríkjunum og Sovétríkjunum. En hæstv. viðskmrh. vill ekki láta þá sjá neitt nema EFTA-löndin. Þetta tel ég mjög háskasamlegan boðskap af hálfu þess manns sem á að sjá um viðskiptamálin.

Ég skal svo að þessu loknu víkja nokkrum orðum að þeirri dagskrártill. okkar 1. þm. Austf., sem hér liggur fyrir á þskj. 209. Eins og þar kemur fram, var það nokkuð ljóst strax eftir að efnahagsbandalögin í Evrópu komu til sögunnar, að við yrðum fyrr en seinna að hverfa í vaxandi mæli til fríverzlunar. Það var ekki vegna efnahagsbandalaganna í Evrópu, heldur vegna þess að það var stefna, sem átti vaxandi fylgi að fagna í heiminum, og á það raunar enn, að tekin séu upp frjálsari viðskipti á milli þjóðanna, m. a. á vegum GATT og fleiri alþjóðlegra samtaka. Þess vegna hlutum við Íslendingar að þurfa að búa okkur undir að verða færir um að taka upp fríverzlun í vaxandi mæli. En það lá alltaf í augum

uppi, að ef við ættum að vera færir um þetta, þyrftum við að taka hér upp markvissa iðnaðarstefnu og búa á allt annan hátt að iðnaðinum en gert var. Það hlaut að sjálfsögðu að leiða af aukinni fríverzlunarstefnu, að iðnaðurinn yrði fyrir einhverjum skakkaföllum, nema hann væri undir það búinn að mæta þeim. Þess vegna var það till. okkar framsóknarmanna strax í byrjun þessa áratugs, sem nú er að líða, á þinginu 1960, að hér yrði mörkuð mjög ákveðin iðnþróunarstefna, menn reyndu að gera sér grein fyrir því, hvaða iðnaðargreinar það væru, sem ættu hér mesta möguleika og við ættum fyrst og fremst að snúa okkur að og efla, og svo jafnframt, hvaða ráðstafanir þyrfti að gera, til þess að þær gætu þróazt með eðlilegum hætti. Hæstv. ríkisstj., eða stjórnarflokkarnir, tóku þessari till. á þá leið, að henni var vísað til ríkisstj., og þar var ekkert gert í málinu. Á öllum þeim þingum, sem síðan hafa verið haldin, hafa verið fluttar meiri og minni tillögur um ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu iðnaðarins og gera hann færari um að heyja þá samkeppni, sem hér gæti verið í vændum.

Hæstv. ríkisstj. hefur hins vegar brugðizt þannig við, að hún hefur nálega ekkert gert í þessum efnum. Niðurstaðan er líka sú, að á þessum áratug, sem er nú að líða, sjöunda áratug þessarar aldar, hafa orðið tiltölulega miklu minni framfarir í iðnaði, heldur en í nokkru landi öðru, vil ég segja. Þessi áratugur hefur verið langsamlega mesti framfaratíminn í iðnaðarsögunni frá fyrstu tíð, – nema á Íslandi. Hér hafa sáralitlar framfarir átt sér stað á iðnaðarsviðinu, a. m. k. miðað við það, sem annars staðar hefur orðið. Það má því með fullum rétti segja, að þessi áratugur hafi raunverulega tapazt íslenzkum iðnaði vegna þess, hvernig stjórnarvöldin hafa haldið á þessu máli. Þótt nú sé að því komið, að við göngum í EFTA og íslenzkur iðnaður þurfi að mæta miklu harðari samkeppni á heimamarkaði en áður, bólar ekki á neinni stefnubreytingu hjá hæstv. ríkisstj. Það er sama stefnuleysið, aðgerðaleysið í þeim málum áfram og verið hefur til þessa dags.

Lækkun sú, sem ríkisstj. ráðgerir að verði á tollum á hráefnum og vélum til iðnaðar, er allt of lítil, ef afleiðing af lækkun verndartollanna á ekki að verða sú, að verð hækki tiltölulega meira á innlendum iðnaðarvörum en aðfluttum vörum, sem keppa við þær. Þessa tolla hefði helzt þurft að fella alveg niður, ef tryggja hefði átt hlut iðnaðarins nægilega á þessu sviði. Það bólar enn ekkert á því, að það eigi að bæta aðstöðu iðnaðarins í sambandi við rekstrarlán. Við verðum að gera okkur grein fyrir því, að framleiðendur í EFTA-löndunum, sem flytja iðnaðarvörur sínar hingað, geta veitt mjög verulegan greiðslufrest, og ef íslenzk iðnaðarfyrirtæki eiga að geta keppt við þau, þurfa þau að geta veitt hliðstæðan greiðslufrest. Ekki hefur verið séð fyrir því, að íslenzk iðnaðarfyrirtæki fengju þessa aðstöðu. Þau hafa enn þá allt of lítil rekstrarlán til þess að geta keppt við erlend fyrirtæki á þessu sviði. Það hefur enn ekki verið gert neitt til þess að tryggja iðnaðinum aukin stofnfjárlán umfram þá gjöf, sem við eigum að fá frá Norðurlöndum. Hún mun hrökkva skammt í þeim efnum, því að til þess að geta mætt hinni auknu samkeppni, þarf iðnaðurinn að búa sig betri vélakosti, koma ýmissi hagræðingu á í rekstri sínum, sem kostar verulegt fjármagn. Þótt þetta sé allnokkur peningur, sem Norðurlandaþjóðirnar gefa okkur að verulegu leyti, hrekkur það allt of skammt til að fullnægja þessari þörf iðnaðarins.

Þá bólar ekki heldur á neinum aðgerðum í skattamálum til þess að bæta aðstöðu iðnaðarins á þann hátt. Það bólar ekki neitt á því, að gera eigi ráðstafanir til að bæta menntun og þjálfun iðnaðarfólks, sem er aukin nauðsyn, eftir að iðnaðurinn mætir þessari samkeppni. Það var meira að segja gengið svo langt hér á Alþ. í gær, að felld var hér till. frá okkur framsóknarmönnum upp á ½ millj. um að efna til námskeiða fyrir iðnaðarfólk, sem væri spor í þessa átt. Það var líka felld till. frá okkur um nokkra hækkun á tillagi til Iðnskólans til þess að tryggja, að hann gæti bætt við á þessu ári tveim nýjum verknámsdeildum, sem er mjög mikilvægt fyrir hann. Þannig ríkir enn þá fullkomið skilningsleysi á menntunarmálum iðnaðarfólks, að það öðlist næga verkkunnáttu, sem okkur er mikil nauðsyn á, eftir að við þurfum að mæta aukinni samkeppni. Meðan þannig er að iðnaðinum búið, eins og hefur verið á undanförnum árum og á að haldast áfram, er Ísland alls ekki undir það búið að taka þátt í þeirri samkeppni, sem af fríverzlun leiðir. Það þarf svo að gerast jafnframt, ef við eigum að verða aðilar að EFTA, að við höldum áfram markvissri stefnu til þess að efla viðskipti okkar við önnur lönd eða efla útflutning okkar til annarra landa. Eins og komið hefur fram í því, sem hæstv. viðskmrh. hefur sagt og ég hef vitnað til, virðist hæstv. ríkisstj. ekki sjá neina möguleika í þeim efnum aðra en beina okkur alveg að EFTA-löndunum og haga niðurfellingu verndartollanna þannig, að þeir nái aðeins til vara, sem fluttar eru frá EFTA-löndunum, en ekki öðrum löndum. Þá vinnur ríkisstj. beinlínis að því að einskorða viðskipti okkar við þessi fáu lönd, en það getur á ýmsan hátt stuðlað að því, að óhægara verði fyrir okkur að vinna markaði annars staðar.

Ef EFTA-aðild á ekki að leiða til óhags í þessum efnum, þurfum við að fylgjast að og jafnhliða því, sem við reyndum að notfæra okkur EFTA-markaðinn, kappkostuðum við ekki síður, jafnvel enn frekar, að nota okkur markaðsmöguleika annars staðar. En því er síður en svo að heilsa, að slíku sé til að dreifa hjá hæstv. ríkisstj. Það sést bezt í sambandi við þau skattamál, sem ríkisstj. hefur lagt hér fram, að þar vantar fullkomlega þann undirbúning, sem óhjákvæmilegur hefði verið til þess að mæta aðild okkar að EFTA.

Eins og rakið er í grg. tollskrárfrv., hefur

tekjuöflun ríkisins fram að þessu byggzt mjög verulega á aðflutningsgjöldum. Þessum aðflutningsgjöldum hefur verið háttað þannig, að þau hafa verið mjög mismunandi eftir því, hvort um nauðsynlegar eða ónauðsynlegar vörur var að ræða. Þegar þessi aðflutningsgjöld eru færð niður og afla þarf nýrra tekna í staðinn, þarf að leitast við, að þau gjöld eða þær álögur komi niður með nokkuð líkum hætti hvað þetta snertir, þannig að þau væru mismunandi eftir því, hverjar vörurnar eru. Um þetta hefur ekkert verið hugsað. Í staðinn fyrir það er lagður á einn allsherjar söluskattur, sem á að leggjast jafnt á nauðsynlegar vörur og óþarfar, enginn mismunur gerður í þessum efnum. Ef rétt hefði verið að farið, átti að fara fram gagnger endurskoðun á öllum ríkisbúskapnum í sambandi við EFTA-aðild, og þá sérstaklega á tekjuöflun hans með það fyrir augum, að ekki skapaðist óréttlæti miðað við það, sem áður hefur verið, eins og raunin verður nú, ef fylgt verður þeirri stefnu, sem lesa má af þeim tollskrár- og söluskattsfrv., sem ríkisstj. hefur lagt fram á Alþ. Að okkar dómi hefðu þessi mál m. a. þurft sérstaka athugun og aðra meðferð en þá, sem nú liggur fyrir í áður nefndu frv.

Það er af þessum ástæðum, sem ég hef nú greint, hve iðnaðurinn er nú vanbúinn að mæta aukinni samkeppni, að ekki virðist bóla á neinni nýrri iðnaðarstefnu eða neinum nýjum aðgerðum til að bæta aðstöðu iðnaðarins, að ríkisstj. virðist ætla að einbeita sér að EFTA-markaði, en vanrækja aðra markaði, og ríkisstj. hefur ekki undirbúið þær breytingar á skattalögum eða tekjuöflun ríkisins, sem óhjákvæmilegar eru vegna niðurfellingar verndartollanna, sem við, hv. 1. þm. Austf. og ég, leggjum til, að þessari þáltill. verði vísað frá með þeirri dagskrártill., sem er á þskj. 219.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég skal nú fara nokkrum orðum um þau helztu andmæli, sem fram hafa komið gegn þessari till., gegn aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu, við fyrri umr. málsins og það sem af er þessari umr., og vikja líka að staðhæfingum, sem fram hafa komið, í nefndarálitum hinna tveggja minni hluta. Ég skal víkja að andmælunum efnislega, hverjum á eftir öðrum, án þess að gera greinarmun í einstökum atriðum, og málflutningi andstæðinga EFTA-aðildar, — mér er raunar ekki alveg ljóst, hvort ég á að telja hv. fulltrúa Framsfl. til andstæðinga EFTA-aðildar eða fylgjenda EFTA-aðildar í heild.

Höfuðatriðið, sem lögð hefur verið áherzla á sem ókost eða galla við EFTA-aðild, er það, að verndaður iðnaður á Íslandi muni ekki standast þá samkeppni, sem EFTA-aðild hafi í för með sér. Á það hefur verið bent, að í vernduðum iðnaði á Íslandi hafi unnið 3500—4000 manns og að þetta fólk muni missa atvinnu sína. Samt hafa fulltrúar Framsfl. yfirleitt, þótt í mismunandi ríkum mæli sé, lagt á það áherzlu, að þeir væru fylgjandi fríverzlun í sjálfu sér. Og mér til nokkurrar undrunar sagði hv. þm. Magnús Kjartansson í ræðu sinni áðan, að hann væri líka í grundvallaratriðum fylgjandi fríverzlun. Nú hljóta þessir aðilar allir að gera sér grein fyrir því, að fríverzlun annars vegar og tollvernd iðnaðar hins vegar fara ekki saman. Þetta útilokar hvort annað. Fríverzlunarhugmyndin er einmitt sú, grundvöllur hennar er einmitt sá, markmið hennar er einmitt það að stunda ekki tollverndaðar atvinnugreinar og þá sérstaklega ekki tollverndaðan iðnað, sem hvarvetna hefur fyrst og fremst notið tollverndar. Það er því í grundvallaratriðum nokkurt ósamræmi í þessari almennu stefnuyfirlýsingu um hollustu við fríverzlun annars vegar og hins vegar að vera síðan logandi hræddur við að stíga sérhvert spor burt frá tollvernd, eins og hér er um að ræða. Þó verða sporin, sem hér er gert ráð fyrir að stíga, mun hægari en dæmi þekkjast um annars staðar í þeim löndum, sem gerzt hafa aðilar að líku viðskiptasamstarfi og EFTA-samstarfið er og tiðkazt hefur í öllum heimsálfum á undanförnum árum.

Hitt er svo sjálfsagt að viðurkenna, að afnám tollverndar hefur alltaf viss vandamál í för með sér, og engan veginn alltaf auðleyst. Auðvitað mun sú mikla tollvernd, sem hér hefur verið um áratugaskeið, hafa veruleg vandamál í för með sér. Þetta hefur okkur í ríkisstj. og þeim öllum, sem að þessu hafa unnið, verið ljóst frá byrjun. Þess vegna höfum við einmitt lagt á það sérstaka áherzlu að kanna annars vegar, hve langan tíma íslenzkur iðnaður þyrfti til þess að hægt væri að fylgja hollustunni við fríverzlunarsjónarmiðið, hversu langan tíma hann þyrfti til þess að geta búið sig undir það að búa við fríverzlun, þ. e. a. s. að missa sína tollvernd. Um þetta hafa farið fram ýtarlegar, langar umræður við iðnrekendur. Hvorki meira né minna en 18 viðræðunefndir hafa starfað að þessu verkefni alveg sérstaklega mánuðum saman. Og einmitt þess vegna var próf. Guðmundi Magnússyni falið að gera eins nákvæma úttekt á íslenzkum iðnaði og samkeppnishæfni og aðlögunarhæfni hans og frekast væri unnt. Sú skýrsla liggur hér fyrir. Það er algjör misskilningur, að Guðmundi Magnússyni prófessor hafi verið falið að athuga um möguleika á nýjum útflutningsiðnaði. Honum var aldrei falið það. Honum var falið að gera athugun á samkeppnishæfni, á aðlögunargetu þess iðnaðar, sem nú starfar í landinu, og það gerði hann og gerði það með mikilli prýði. Niðurstaða hans var sú, að staða íslenzks iðnaðar væri miklu sterkari en menn höfðu áður þorað að gera sér vonir um. Og þetta var ekki einungis skoðun próf. Guðmundar Magnússonar, sem vann hlutlaust að verkefninu, þetta reyndist einnig vera skoðun mikils meiri hluta íslenzkra iðnrekenda. Ef tilteknum skilyrðum yrði fullnægt, gætu þeir staðizt þá samkeppni, sem EFTA-aðild hefði í för með sér. Ef einhver snefill af sannleika væri í því, að iðngreinar, þar sem 3500—4000 manns vinna, mundu leggjast í rúst vegna

EFTA-aðildar og þessi fjöldi fólks bókstaflega verða atvinnulaus á tiltölulega skömmum tíma, hvernig geta menn þá búizt við því, að EFTA-aðild eigi jafnmikið fylgi meðal íslenzkra iðnrekenda og raun ber vitni? Skyldu íslenzkir iðnrekendur vera þeir glópar að fylgja beinlínis stefnu, sem ætti að leggja atvinnurekstur þeirra í rúst á örskömmum tíma? Hver ætlar nokkrum atvinnurekanda jafnheimskuleg sjónarmið, jafnmikla fávizku og þetta?

Nei, niðurstaða vísindamannsins er ótvíræð. Hann segir: Íslenzkur iðnaður, — með þeim skilyrðum, sem hann vissi að á var völ, — hann mun standast þá raun, sem hann lendir í. Auðvitað lendir hann í vissum vanda. Aukin samkeppni færir alltaf nýjan vanda. En vandinn er ekki meiri en svo, og styrkur íslenzka iðnaðarins er svo mikill, að iðnaðurinn mun standast þennan vanda. — Þetta var dómur fræðimannsins. Skoðanir og afstaða iðnrekendanna sjálfra, sem eiga við vandann að etja, eru á sömu leið. Þeir segja: Við munum standast þennan vanda, ef vissum skilyrðum verður fullnægt. Þau skilyrði hafa verið sett skilmerkilega fram, og til þeirra hefur verið tekið tillit í samningaviðræðunum og í viðræðum við þá hér heima um ráðstafanir, sem stendur til að gera í íslenzkum innanlandsmálum.

Þessi niðurstaða fræðimannsins og afstaða iðnrekendanna er í fullu samræmi við reynslu annarra núverandi EFTA-ríkja í þessum efnum. Norðmenn fengu að heyra alveg sama sóninn heima hjá sér frá bölsýnismönnum, frá mönnum, sem hvorki treystu sjálfum sér né öðrum og höfðu alveg sama sóninn um það, að norski heimaiðnaðurinn mundi leggjast í rúst. Það er enginn vandi að lesa upp heilar blaðagreinar, jafnvel eftir merkustu menn, sem nú dauðskammast sín fyrir allt það, sem þeir sögðu fyrir 10 árum um þetta efni og vildu aldrei hafa sagt. Reynslan hefur orðið þveröfug. Ekki hvað síst hefur hinn veiki og verndaði norski heimaiðnaður eflzt á undanförnum 10 árum í stað þess að lognast út af eða hverfa úr sögunni, — að ég tali ekki um ýmsan annan iðnað Norðmanna. Meira að segja hefur iðnaðurinn, sem sérstaklega var spáð að mundi hverfa úr sögunni, eflzt við EFTA-aðildina, af því að aukin samkeppni færði mönnum nýjan styrk, nýjar hugmyndir og nýja dirfsku.

Við þurfum raunar alls ekki að fara til Noregs eða til nokkurs annars lands til þess að átta okkur á því, að aukin samkeppni hefur *holl áhrif, ekki sízt á atvinnurekstur, sem lengi* hefur notið verndar í einu eða öðru formi, hvort sem er tolla eða hafta. Það eru ekki nema 10 ár síðan svo að segja allur íslenzkur iðnaður var verndaður með höftum. Þegar sú stefna var tekin upp fyrir tæpum 10 árum að afnema þessi höft, og þau hafa nú verið afnumin að langmestu leyti, var hafinn þessi sami söngur, — og ekki minni en núna, ég held ennþá háværari en hann er sunginn núna, — um það, að afnám haftanna muni smám saman drepa íslenzkan iðnað. Það er afar vandalítið fyrir mig að lesa upp hverja ræðuna á fætur annarri eftir hv. framsóknarmenn og eftir hv. Alþb.-menn hér á hinu hv. Alþ. og hverja forustugreinina á fætur annarri eftir þá tvo ritstjóra, sem hér hafa talað, um það í byrjun áratugsins, að í þessari stefnu — afnámi haftanna — fælist dauðadómur yfir íslenzkum iðnaði fyrir innanlandsmarkaðinn. Hver hefur reynslan verið? Ég þarf ekki að lýsa henni, hv. þm. er hún jafnkunnug og mér.

Auðvitað kunna einstök fyrirtæki að hafa farið halloka á undanförnum árum. Slíkt er alltaf að gerast hvort sem verið er að afnema höft eða auka höft. Og auðvitað hefur afkoma einstakra iðngreina verið eitthvað misjöfn, slíkt gerist líka alltaf, hvort sem verið er að afnema höft eða auka höft, það er undir ótal atriðum komið. Og ég er ekki heldur fjarri því, að afnám haftanna hafi haft einhver áhrif á samsetningu íslenzks iðnaðar, á uppbyggingu íslenzks iðnaðar. En ég fullyrði, og það er mergurinn málsins, að þau áhrif hafa verið heilbrigð. Þau fyrirtæki, þar sem framleiðslan hefur dregizt saman vegna afnáms haftanna, var gott fyrir íslenzkan þjóðarbúskap að drægjust saman, og þau, sem hafa eflzt og risið upp vegna afnáms haftanna, það eru fyrirtæki, sem við þurfum á að halda, heilbrigðari fyrirtæki en hin. Sé litið á iðnaðinn í heild, taka opinberar tölur af allan vafa um, að hann er öflugri í dag en hann var fyrir 10 árum, þegar hann naut ekki aðeins tollverndar, heldur líka fullkominnar haftaverndar.

Þessu getur enginn maður, sem ber nokkra virðingu fyrir sannleikanum og sjálfum sér, andmælt, því þetta er óræk staðreynd, svo alkunn, að ég hirði ekki um að finna henni stað með því að vitna í tölur. Það hefur verið gert oft áður. Ég er sannfærður um, að eins muni fara að þessu sinni, að þrátt fyrir alla bölsýni svartsýnismanna muni afnám verndartolla á þeim tíma, sem það er fyrirhugað, hafa ekki minni áhrif til hagsauka fyrir íslenzkan iðnað en afnám haftanna hefur haft á liðnum áratug.

Það er algjört öfugmæli, að aðild að EFTA muni leiða af sér aukið atvinnuleysi á Íslandi. Ég segi: Þvert á móti, EFTA-aðild er stærsta sporið, sem nú er hægt að stíga til þess að auka atvinnu á Íslandi, til að skapa nýja atvinnumöguleika í nýjum atvinnugreinum og í nýjum fyrirtækjum. Þess vegna er það vægast sagt furðuleg blekking að veifa hættunni á auknu atvinnuleysi framan í vinnandi fólk í sambandi við EFTA-aðild. Í EFTA-aðildinni felst von um að geta unnið bug á atvinnuleysi og aukið atvinnu, vegna þess að EFTA-aðild skapar miklu, miklu fleiri nýja möguleika en þá, sem hverfa úr sögunni vegna EFTA-aðildar.

Í þessari afstöðu fulltrúa stjórnarandstöðunnar til verndaða iðnaðarins á Íslandi felst í raun og veru stórkostleg vantrú á íslenzkan iðnað, auk heldur getu hans, hugmyndaauðgi og framfarahug. Það felst líka í þessu vantrú á íslenzkt iðnverkafólk. Ef þeir halda, að íslenzkt iðnverkafólk geti ekki búið til afurðir

nema það njóti allt að 90% tollverndar, er það að lýsa yfir algjöru vantrausti á verkkunnáttu íslenzks iðnverkafólks, sem er rangt. Íslenzkt iðnverkafólk er mjög vel verki farið og mjög vel samkeppnishæft við erlent iðnverkafólk. Ef saman fer dugnaður atvinnurekenda og góð verkkunnátta verkafólks, getur fyrirtæki orðið fullkomlega samkeppnishæft á hæfilegum tíma við erlendan aðila. — Þetta vildi ég segja um það, sem sagt hefur verið um verndaðan iðnað og hættuna á atvinnuleysi vegna EFTA-aðildar.

Þá vil ég fara nokkrum orðum um þau ummæli, sem hv. andstæðingar EFTA-aðildar hafa haft um möguleika á nýjum útflutningsiðnaði. Þeir voru allt of óvissir, til þess að nokkuð væri á þeim byggjandi, og því miður hafa sumir þeirra látið sér sæma að fara háðulegum orðum — beinlínis háðulegum orðum um ummæli, sem fræðimenn hafa viðhaft um nýja möguleika í útflutningsiðnaði. Þetta er í hæsta máta ósanngjarnt, því að auðvitað eru miklir nýir möguleikar til, og á það hefur verið bent af skynsemi og hófsemi af hálfu þeirra fræðimanna, sem um þetta hafa ritað og rætt. Hitt er útúrsnúningur, þegar það er lagt þessum mönnum til lasts, að þeir taki hóflega og varfærnislega til orða. Auðvitað er aldrei hægt að fullyrða með vissu um möguleika nýs fyrirtækis, allra sízt nýs útflutningsfyrirtækis, fyrr en farið hefur fram nákvæm könnun á framleiðslumöguleikum og markaðsaðstæðum í greininni. Þegar fræðimenn benda á slíkt með hófsömum orðum, á ekki að leggja þeim það til lasts, heldur þvert á móti að meta það við þá, að þeir séu ekki óeðlilega fullyrðingasamir. Það hafa þeir ungu menn gert, sem um þessi efni hafa ritað. Það er þeim til sóma og á ekki að snúa út úr slíkum ummælum hjá þeim, það er ósanngjarnt.

Það hefur verið sagt, að hér vanti iðnþróunaráætlun, og mikið úr því gert. Meira að segja hefur frestun á aðild að EFTA verið rökstudd með því, að hér hafi engin iðnþróunaráætlun verið gerð. En athugum þetta svolítið nánar. Auðvitað gera allir menn, sem hugsa, allir vitibornir menn, sér ljóst, að það er ekki hægt að gera neina skynsamlega iðnþróunaráætlun á Íslandi nema á grundvelli ákveðinnar meginstefnu í atvinnumálum og viðskiptamálum, — nema hafa gert upp við sig: Eigum við að vera innan EFTA eða eigum við að vera utan EFTA? Iðnþróunaráætlun hlýtur að vera gerólík, eftir því, við hvern möguleikann er miðað. Ef gerð hefði verið iðnþróunaráætlun á undanförnum árum, miðað við það, að við værum fyrir utan EFTA, væri hún ónýt, hver stafur hennar yrði ónýtur, ef við gengjum í EFTA. Og ef við gerðum iðnþróunaráætlun, sem væri við það miðuð, að við gengjum í EFTA, — ef við hefðum unnið að því á undanförnum árum, — og gerum ráð fyrir því sem fræðilegum möguleika, að við gengjum ekki í EFTA, þá eru forsendur enn breyttar. Skilyrði til þess að geta gert iðnþróunaráætlun, eins og hverja aðra áætlun, sérstaklega um utanríkisviðskipti, er auðvitað að hafa forsendur ljósar. Þetta hélt ég að ætti ekki að þurfa að segja nokkrum manni með fullu viti.

Þess vegna verður það auðvitað eitt fyrsta atriðið, þegar búið er að marka meginstefnuna í þessum málum, ef niðurstaðan verður sú, sem ég vona og treysti, að við göngum í EFTA, að gera iðnþróunaráætlun fyrir Ísland. Auðvitað þarf að gera það. En hitt er annað mál, og það vil ég undirstrika, að þó áætlun sé gagnleg sem almenn viðmiðun um framkvæmdir til lengri tíma, er hún samt ekki aðalatriði málsins. Á þetta vildi ég leggja megináherzlu, það skiptir meginmáli. Engin áætlun er gerð um það, í hvaða framkvæmdir skuli ráðizt, heldur hlýtur að byggjast á undirbúningi ákveðinna framkvæmda og rannsókn á ákveðnum markaðsmöguleikum, ákveðnum viðskiptamöguleikum og svo framkvæmdum á því sviði. Heildaráætlun getur verið mjög gagnleg almenn vísbending fyrir þá, sem þurfa að taka slíkar ákvarðanir, atvinnurekendur og útflytjendur, en bindandi getur hún ekki verið og á ekki að vera. Engin skynsamleg áætlanagerð á undanförnum áratugum hefur verið með þeim hætti. Áætlanagerðin hefur verið rammi, almenn ábending, sem framleiðendur og útflytjendur hafa síðan haft til hliðsjónar, almennt yfirlit um þá opinberu aðstoð, sem hægt sé að veita, þannig að menn viti, innan hvaða ramma menn taka þær ákvarðanir, sem úrslitum ráða. Slíka áætlun á auðvitað að gera, þegar það liggur ljóst fyrir, hver markaðsskilyrði okkar verða við inngöngu í EFTA.

Ég hef sagt það oftar en einu sinni, að ég telji aðild að EFTA vera skilyrði fyrir því, að hér sé hægt að byggja upp umtalsverðan útflutningsiðnað. Þessi staðhæfing hefur verið gagnrýnd mjög, og ég mun víkja nánar að henni síðar í ræðu minni í tilefni af ræðu hv. 4. þm. Reykv., Þórarins Þórarinssonar. Á þessu stigi málsins vil ég segja það, að ef við með útflutningsiðnaði eigum við framleiðslu iðnaðarvöru og þó sérstaklega framleiðslu iðnaðarvöru úr erlendum hráefnum, hygg ég, að það þurfi ekki langra skýringa við, að við getum ekki vænzt þess að framleiða á Íslandi úr erlendum hráefnum iðnaðarvöru til flutnings á erlendan markað, ef við þurfum að komast yfir tollmúra. Það er auðvitað á grundvelli þessara staðreynda, sem ég hef sagt hvað eftir annað og mun segja, á meðan um þessi mál er talað, að aðild að tollfrjálsum markaði er skilyrði þess, að hér verði komið upp umtalsverðum nýjum útflutningsiðnaði. Ég hef margsagt líka, að auðvitað ætlum við að halda áfram að efla þann útflutningsiðnað, sem við stundum nú og grundvallast á sjávarútveginum. Ég hef margsagt, og að hafa eitthvað annað eftir mér er beinlínis rangt, beinlínis á móti skrifuðum texta í framsöguræðu minni, þar sem ég lagði sérstaka áherzlu á, að fyrsta markmið okkar í útflutningi ætti auðvitað að vera fullvinnsla íslenzkra sjávarafurða. Ég undirstrikaði mjög rækilega, að það var okkar fyrsta markmið. Auk þess er líka um að ræða nýja möguleika

á útflutningi, úr öðrum íslenzkum hráefnum, bæði úr hráefnum í sjávarútvegi, sem ekki eru notuð enn, — það er fyrst og fremst niðursuðan, — og hráefnum í landbúnaði, sem lítið eða ekki eru notuð enn. Þetta á auðvitað að koma næst. Þetta finnst mér alveg sjálfsagt og enginn ágreiningur við mig og raunar barnaskapur að vera að reyna að snúa út úr orðum mínum, — þetta hef ég sagt hundrað sinnum og miklu meira en hundrað sinnum, — en láta samt eins og ég hafi aldrei sagt þetta, það er vægast sagt skringilegt. En svo hef ég bætt við. Ég geri mér ekki neina von um, að hægt sé að finna á næstu tveim áratugum ný störf fyrir 30—35 þús. manns með því eingöngu að byggja á aukinni fullvinnslu sjávaraflans eða á nýjum atvinnugreinum úr íslenzkum hráefnum í sjávarútvegi eða iðnaði. Þó þetta sé nr. eitt og tvö, þá er nauðsynlegt nr. þrjú að koma hér upp iðnaði, sem vinni úr erlendum hráefnum til útflutnings á erlendan markað. Ég hef fært ýmis rök að því, að þetta muni vera hægt vegna ódýrrar raforku, vegna þess að við eigum vel þjálfað vinnuafl. Það er þetta atriði, sem ég hef sagt, að eigi að koma nr. þrjú. Hinir möguleikarnir fyrst og fremst hafa verið opnir um fjöldamörg ár, en það eru erfiðleikar á að hagnýta þá, sbr. niðursuðuna. Ég held, að ef við fáum aðgang að tollfrjálsum markaði, opnist nýir möguleikar, og það eru þeir, sem ég segi að opnist ekki, nema við eigum aðild að tollfrjálsum markaði. Þetta vona ég, að menn skilji, hafi þeir ekki skilið það fyrr. Það er gersamlega ómögulegt að deila við nokkurn viti borinn mann um það, að engin von er til þess að framleiða úr erlendu tráefni iðnaðarvörur á Íslandi og flytja þær út, ef við þurfum að sæta tollmúrum á þessar vörur við útflutninginn til annars lands.

Aðrar þjóðir hafa lítið nákvæmlega eins á þetta. Þess vegna hafa viðskiptabandalögin verið mynduð, tvö í V.-Evrópu og önnur annars staðar. Þau eru skýrasta viðurkenningin á því, að þessi staðhæfing er rétt.

Það er afstaða hv. Framsfl. að bíða í þessu máli einu sinni enn, eins og við höfum beðið undanfarin ár. Um það vildi ég segja, að bið er versti kosturinn í málinu, m. a. af því, að hann gerir okkur ókleift að gera það, sem Framsókn er einmitt að heimta, að gera áætlun um atvinnurekstur okkar í framtíðinni. Með því að bíða enn verður öll áætlunargerð líka að bíða. Að heimta áætlunargerð og líka bið, það er eins og fyrri daginn, það er að segja bæði já og nei við sömu spurningunni. Þessi markmið eru ekki samrýmanleg. Ef við eigum að bíða, getum við enga áætlun gert, sem nokkurt vit er í. Til þess að geta gert áætlun um framtíðina verðum við að marka okkur stefnu. Og stefna okkar í ríkisstj. er sú að gerast aðilar að EFTA. Þá er framtíðarstefnan í þessu máli mörkuð, og við það munum við svo miða áætlanir, almennar áætlanir, og atvinnurekendur og útflytjendur sínar framkvæmdir.

Þó það sé ekki skynsamleg stefna að mínu viti, er það þó stefna, sem Alþb. hefur, að vilja ekki gerast aðili að EFTA. Það er stefna. Ég er á móti henni, en ég ber ekki á móti því, að það er valkostur fólginn í því. Ég skal heldur alls ekki bera á móti því, að það sé hægt að vera utan EFTA. Það hefur aldrei hvarflað að mér að andmæla því. Auðvitað er það hægt. Það er hægt að reka þá stefnu hér í efnahagsmálum, sem gerir okkur kleift að vera utan EFTA. En það er skoðun mín, að slík einangrun frá helztu viðskiptaþjóðum okkar mundi færa okkur lakari lífskjör en við getum náð með því að gerast aðilar að EFTA. Þetta eru að mínu viti sterkustu rökin, grundvallarrökin fyrir því, að við eigum að gerast aðilar að EFTA, EFTA-aðild geri okkur kleift að auka framleiðni og framleiðslu og þar með búa þjóðinni betri kjör. En sú einangrun, sem það er að standa utan EFTA, mundi hafa í för með sér verri lífskjör. En ég ber engan veginn á móti því, að það sé möguleiki á því að standa utan EFTA, ef menn vilja sætta sig við verri lífskjör en kostur er á.

Ég hef sagt það áður, að auðvitað gætu þau rök verið fyrir hendi, að við vildum ekki vinna það til betri lífskjara að fórna verðmætum, sem eru meira virði en góð lífskjör. Ég hef margsagt það áður, m. a. í Þjóðminjasafnsræðunni frægu, sem ég skal vikja svolítið nánar að hér á eftir. Því fer fjarri, að ég telji góð lífskjör vera einu verðmætin, sem keppa eigi að í lífinu. Það eru til mörg önnur verðmæti, sem eru meira virði: sjálfstæði, frelsi, fullveldi. Ég vil ekki kaupa bætt lífskjör á kostnað þessara verðmæta. Þetta hafa auðvitað verið höfuðrökin fyrir því, að ég hef fyrir mitt leyti, og enginn í ríkisstj. hefur nokkurn tíma mælt með því, að við gengjum í Efnahagsbandalag Evrópu. Ég teldi það vera skerðingu á sjálfstæði Íslands að undirskrifa Rómarsáttmálann óbreyttan. Það er ekki heldur borið á móti því af Efnahagsbandalagsríkjunum, að þau hafi skert sjálfstæði sitt með því að undirskrifa sáttmálann. Þetta var bakgrunnur orða Churchills, þeirra sem fræg hafa orðið hér á landi fyrir mitt tilstilli, þó mér hafi venjulega verið eignuð þau persónulega. Þetta var m. a. bakgrunnur þeirra ummæla. Churchill gerði sér ljóst, að Efnahagsbandalagsríkin hafa að nokkrum hluta fórnað sjálfstæði sínu og falið lokayfirráð nokkurra eigin mála sinna yfirstjórn Efnahagsbandalagsins. Það geta stórveldin gert. Það hafa líka lítil ríki eins og Luxemborg talið sér fært að gera. Ég mundi aldrei mæla með því, og því hefur ríkisstj. aldrei nokkurn tíma mælt með. Þetta hefur verið höfuðástæðan fyrir því, að við höfum sagt öll þessi ár: Skilyrðislaus full aðild að efnahagsbandalagi kemur ekki til greina fyrir Ísland að skoðun ríkisstj.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um þá staðhæfingu, að tollalækkun gagnvart EFTA-löndum einum muni skaða viðskiptahagsmuni okkar í öðrum löndum. Þessi skoðun hefur komið fram hjá fleiri en einum ræðumanni, og hún kemur mjög greinilega fram í nál. hv.

framsóknarmanna í utanrmn. En þessi skoðun er byggð á algjörum misskilningi. Eina „hættan", sem EFTA-aðild gat hugsanlega haft í för með sér fyrir okkur á öðrum mörkuðum, var í viðskiptunum við Sovétríkin, því þau viðskipti, eins og allir vita, fara fram á tvíhliða grundvelli, á grundvelli ríkjasamninga, sem byggðir eru á innflutningsleyfum á báða bóga. Það þarf innflutningsleyfi í Sovétríkjunum fyrir þær vörur, sem við flytjum þangað, og einnig innflutningsleyfi hér. Leyfakerfi er ekki í samræmi við grundvallarsjónarmið Fríverzlunarsamtakanna, eins og öllum er ljóst. En ef við hefðum gefið olíuinnflutning frjálsan, hefði það að öllum líkindum skaðað útflutningsmarkaði okkar í Sovétríkjunum. Þess vegna var það meðal frumatriðanna, sem gerð var grein fyrir af hálfu Íslands í upphafsviðræðunum við Fríverzlunarsamtökin, að þessu fyrirkomulagi yrðum við að geta haldið. Og því höfum við getað haldið. Það er ástæðulaust að draga nokkra dul á það, að hér var um að ræða eitt erfiðasta samningsatriðið í samningunum öllum. Engu að síður fengum við viðurkenningu á því sjónarmiði okkar. Það er því ekki að óttast nein skaðvænleg áhrif á sovézk-íslenzk viðskipti, þó við gerumst aðilar að EFTA.

Hitt er fullkomin fjarstæða, að það geti skaðað útflutningsmöguleika okkar til Bandaríkjanna, þó að tollar á vissum vörum frá Bandaríkjunum verði e. t. v. hærri en tollar á sams konar vörum frá EFTA-ríkjunum. Menn tala alveg eins og það sé að gerast í fyrsta skipti í sögunni, að Ísland gerist aðili að fríverzlunarsamtökum. Slík samtök eru búin að starfa í Evrópu í 10 ár, tvenn slík samtök. Önnur samtökin, Efnahagsbandalagið, eru miklu fastmótaðri og rígskorðaðri en fríverzlunarsamtök eins og EFTA. Efnahagsbandalagið, eins og allir vita, grundvallast á því, að þótt tollar séu felldir niður innbyrðis, eru teknir sameiginlegir tollar af öðrum löndum, þ. á m. Bandaríkjunum. Í mörgum tilfellum hækkaði tollur á bandarískum vörum til Efnahagsbandalagsríkjanna smám saman við stofnun Efnahagsbandalagsins. Það heyrist ekki meðal viti borinna manna í umr. um viðskiptamál í V.-Evrópu, að þetta hafi skaðað útflutningsmöguleika Efnahagsbandalagsríkjanna til Bandaríkjanna. Ég hef lesið vikurit og tímarit um viðskiptamálin, ekki bara í þau 10 ár, sem ég hef gegnt þessu starfi, heldur miklu lengur. Ég man ekki eftir neinni grein, þar sem þessu hefur verið haldið fram í alvöru, enda sýnir reynslan allt annað. Útflutningur Efnahagsbandalagsríkjanna til Bandaríkjanna hefur stórvaxið síðan Efnahagsbandalaginu var komið á laggirnar. Og útflutningur EFTA-ríkjanna til Bandaríkjanna hefur líka vaxið á þeim 10 árum, sem liðin eru síðan Fríverzlunarsamtökunum var komið á fót. Samt sem áður þarf maður að hlusta á það hér á hinu háa Alþ., að aðild að fríverzlunarsamtökum, hvað þá efnahagsbandalagi, muni stórkostlega skaða viðskiptamöguleika okkar í Bandaríkjunum t. d., eða í Afríku eða Asíu eða í S.-Ameríku. Reynslan ber vott um allt annað.

Ég man ekki betur en hv. þm. Þórarinn Þórarinsson botnaði svolítið í því, sem hann var raunverulega að segja í sömu ræðunni, á öðrum stað. Það var veigamikill þáttur í röksemdafærslu hans, að útflutningur Dana og Norðmanna til Bandaríkjanna hefði aukizt á undanförnum árum. Ber það vott um, að aðild þeirra að EFTA hafi skaðað markaðsmöguleika þeirra í Bandaríkjunum? Hann sagði það sjálfur, að það gerði það ekki. Hann hefur þá verið búinn að gleyma því. Í ræðunni áðan var hann að segja, að við mundum skaðast stórkostlega í Bandaríkjunum, ef við gengjum í EFTA. Það er ekki heil brú í þessu. Hann hefði betur munað fyrri kafla ræðu sinnar, þegar hann kom að þessum seinni kafla hennar.

Það er augljóst mál, ef við tölum um tollamismunun, sem viðskiptasamningarnir grundvallast á, að slík tollamismunun er sú eina sem viðurkennd er samkvæmt reglum GATT. Ríki má ekki hafa ólíkan toll gagnvart öðru ríki, nema ríkið sé aðili að viðskiptabandalagi, af því að viðskiptabandalög af þeirri tegund, sem EFTA og Efnahagsbandalagið eru, eru viðurkennd af GATT. Slík tollamismunun er leyfð.

Að því er tollana snertir, hefur aðild okkar að EFTA þau áhrif, að verndartollar lækka smám saman í 0 á 10 árum, og þá fá auðvitað EFTA-framleiðendur betri aðstöðu en framleiðendur í Bandaríkjunum eða Sovétríkjunum eða Tékkóslóvakíu á íslenzka markaðnum. EFTA-löndin þurfa líka að fá betri aðstöðu á íslenzka markaðinum, því tollalækkunin er ekki gerð einhliða, það er ekki einhliða ívilnun, sem Ísland veitir eingöngu iðnaðarvöruframleiðendum í þessum löndum. Við fáum annað í staðinn. Við fáum tollalækkun á öðrum vörum og ýmis önnur fríðindi í staðinn. Menn vita, að öll slík viðskiptabandalög eru grundvölluð á reglum um gagnkvæmni. Þetta vita Bandaríkin. Það er enginn að gefa neinum neitt, heldur eru menn að koma sér saman um gagnkvæman hagnað. Af þessum ástæðum hafa Bandaríkin t. d. alltaf sýnt fullan skilning á því viðskiptasamstarfi, sem orðið hefur með þessum tvennum hætti í V.-Evrópu, og stutt þá stefnu og þær hugmyndir, sem því hafa legið til grundvallar.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um það, sem sagt hefur verið um 16. gr. Þeir sögðu báðir ræðumenn stjórnarandstöðuflokkanna, áðan, að það hefði átt að gera fyrirvara við 16. gr. Annar ræðumannanna tók þannig til orða, að ríkisstj. hefði gefizt upp á því að hafa fyrirvara við greinina. Sannleikurinn er sá, að ríkisstj. hefur að mjög vandlega athuguðu máli komizt að raun um, að það sé óþarfi að gera fyrirvara við greinina. Því er lýst í nál. meiri hl., hvaða skilning meiri hl. hefur á greininni, og sá hinn sami er skilningur ríkisstj. á henni. Greinin þýðir, að hún veitir engum erlendum aðila rétt til þess að sækja um leyfi til atvinnurekstrar á sviði fiskveiða, framleiðslu um

borð í fiskiskipum og fiskvinnslu á því sviði, sem telst til sjávarútvegs, né heldur landbúnaðar, auk þess sem ákvæði greinarinnar taka ekki til gistihúsarekstrar og flutningastarfsemi. Það er því ekki aðeins rangt, heldur hættulegt, að það sjónarmið skuli koma hér fram á hinu háa Alþ., að túlka megi greinina þannig, að hún veiti erlendum aðilum í EFTA-ríkjum rétt til jafns við Íslendinga til fiskiðnaðar, t. d. rekstrar hraðfrystihúsa.

Í einni ræðu, ef ekki tveimur, hefur komið fram, að 16. gr. þýði, að ef brezkur aðili sækti um að stofna frystihús í Vestmannaeyjum, mætti ekki neita honum um það, en leyfa samtímis íslenzkum aðila að stofna frystihús í Vestmannaeyjum. Ég vil taka það skýrt fram, og legg á það alveg sérstaka áherzlu, að það hefur ekki aðeins þýðingu hér innanlands, heldur einnig út á við, að þessi skilningur er rangur. Þetta er ekki skilningur íslenzku ríkisstj. Hún lítur þannig á, að 16. gr. veiti engum erlendum aðila rétt til þess að sækja um leyfi til atvinnurekstrar í fiskvinnslu á því sviði, sem telst til sjávarútvegs. En enginn vafi er á því, að rekstur frystiiðnaðarins er þess konar atvinnurekstur. Það er einfaldlega vegna þess, að í sjálfri stofnskrá EFTA-samningsins er gert ráð fyrir því, að ekki þurfi að leyfa atvinnurekstur erlendra fyrirtækja, sem hagnýta sér auðlindir þess lands, sem um er að ræða. Ríkisstj. hefur margsagt, að hún telji að sjálfsögðu fiskinn á Íslandsmiðum til íslenzkra náttúruauðæfa, og vegna þess, að það er ómótmælanleg staðreynd, viðurkennd af þjóðréttarfræðingum, að fiskurinn við strendurnar sé íslenzk náttúruauðlind, mun íslenzka ríkisstj. ekki veita viðtöku erlendum umsóknum um rekstur frystihúsa á Íslandi, svo að ég taki það sem dæmi. Þetta vona ég, að sé nógu ljóst.

Hitt er annað mál, að 16. gr. veitir erlendum aðilum formlegt jafnrétti á við innlenda aðila til að sækja um leyfi til stofnunar nýrra fyrirtækja í öðrum iðnaði til útflutnings en þeim, sem ég nefndi áðan og fellur undir íslenzk náttúruauðæfi, og til heildverzlunar. Einmitt vegna þess að 16. gr. veitir erlendum aðilum formlegt jafnrétti við innlenda aðila á þessu sviði, hefur ríkisstj. lagt fram tvö frv. um breyt. á l. um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu, sem gerir íslenzkum stjórnarvöldum kleift að neita um þann atvinnurekstur, sem hún vill ekki leyfa í landinu. Það hefur enginn dregið í efa í nokkru aðildarríki EFTA, að slík lagasetning sé heimil, og þess vegna höfum við lagt þessi frv. fram. Ríkisstj. ætlar að beita því valdi, sem hún vonandi fær með samþykkt þessara tveggja lagafrv., þannig, að hún mun ekki leyfa neina þá starfsemi erlendra fyrirtækja eða erlends fjármagns, sem hún telur skaðlega eða óæskilega. Það er mergurinn málsins, að EFTA-samningurinn skyldar ekki íslenzk stjórnarvöld til neins slíks. Við þetta megum við ekki blanda almennum deilum okkar sjálfra innbyrðis um það, í hversu ríkum mæli sé rétt að leyfa erlendum fyrirtækjum með erlendu fjármagni að athafna sig á Íslandi. Um það getum við deilt innbyrðis endalaust. Og ég efast ekki um, að það er rétt mat hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að okkur greini innbyrðis á um þetta. Ég er fyrir mitt leyti t. d. miklu minna hræddur við rekstur erlendra fyrirtækja og erlends fjármagns á Íslandi en hann er, þó ég vilji hins vegar, að íslenzk stjórnvöld hafi ávallt úrslitavaldið varðandi þessi mál. Þarna greinir okkur á af ýmsum ástæðum, og ég þarf ekki að fara út í það hér. En fyrir alla muni, blöndum því ekki saman við það, hvernig skilja eigi 16. gr. EFTA-samningsins.

Við lítum þannig á í ríkisstj., og teljum okkur hafa góðar og gildar ástæður til þess, að 16. gr. skyldi okkur ekki til að leyfa hér neina þá starfrækslu, sem við viljum ekki leyfa. Við höfum möguleika til þess að koma í veg fyrir alla þá erlenda starfrækslu hér á landi, sem við viljum banna. Það getur vel verið, að við viljum leyfa meira en Magnús Kjartansson vill eða Þórarinn Þórarinsson vill, en það er allt annað mál. Þá reynir á það, hvor aðilinn hefur meiri hl. á Alþ., ríkisstj. eða stjórnarandstaðan, — ef hún í heild væri á annarri skoðun, sem hún er ekki nú, í þessu máli, að því er ég bezt veit. Mjög verulegur hluti, sérstaklega Framsfl., er á sömu skoðun í þessu efni í stórum dráttum og ég var að lýsa sem minni skoðun, — það þori ég að fullyrða og veit raunar. En þetta er EFTA-aðildinni gersamlega óviðkomandi. Ef ríkisstj., sem nú situr, eða einhver önnur ríkisstj. gengur lengra en Alþ. vill í því að veita erlendum aðilum atvinnurekstur eða aðstöðu á Íslandi, getur Alþ. hvenær sem er gripið í taumana. Alþ. hefur auðvitað lokaorðið í þessu máli. Það getur steypt þeirri ríkisstj., sem gengur lengra en Alþ. vill. Sérhver ríkisstj. starfar auðvitað alltaf á ábyrgð meiri hl. Alþ., þar eð lokaráðin eru hjá Alþ. Gangi stjórn lengra en Alþ. vill, fer hún, og þá tekur ný stjórn við, sem er í samræmi við þann vilja, sem á Alþ. ræður. Þetta vænti ég að megi teljast algerlega ljóst. Til viðbótar má geta þess, að ný stjórn á Íslandi, sem hefur aðrar skoðanir á þessum málum öllum en núv. stjórn, getur losnað úr EFTA á 12 mánuðum. Hætturnar, sem verið er að útmála í þessum efnum, eru svo ýktar, að engu tali tekur.

Þá ætla ég að fara nokkrum orðum um þá gagnrýni, sem komið hefur fram um það efni, að með EFTA-aðild sé tollmúrum breytt í söluskatt. Það er tekið fram í grg frv., að tollalækkunin í sambandi við inngöngu í EFTA, bein og óbein, nemi um 500 millj. kr. Og þótt þeim tollum væri breytt yfir í söluskatt, mundi vísitalan haldast óbreytt. Söluskattshækkunin er hins vegar meiri, þ. e. a. s. hún er um 750 millj. kr. í heild. Sú viðbót er EFTA-aðild gersamlega óviðkomandi. Þar er um að ræða tekjuöflun til þess að standast aukin útgjöld á fjárl., sem Alþ. er nýbúið að afgr. Ég hef ekki orðið var við annað en stjórnarandstæðingar hafi greitt atkv. með allri útgjaldaaukningu á fjárl., ekki bara þessari, sem hér er um að ræða, heldur miklu, miklu meiri útgjalda-

aukningu. Og þeir eiga því ekki að vera með ólíkindalæti yfir því, að afla þurfi tekna til þess að mæta ekki bara tollalækkuninni vegna EFTA, heldur líka þeim útgjaldaauka, sem átt hefur sér stað á fjárlögum.

Sannleikurinn er sá, að allar nálægar þjóðir hafa á undanförnum árum horfið frá tollum og þá svo að segja undantekningarlaust yfir í eitt eða annað form söluskatts. Tekjuskatta og fasteignaskatta hafa menn á undanförnum árum ekki viljað hækka meir en orðið er. Þetta hefur orðið úrræði í öllum nálægum löndum, hvort sem þar hafa setið ríkisstj. sósíaldemókrata, miðflokka eða hægri flokka. Það er vegna þess, að til þess arna liggja mjög einföld, efnisleg, fjármálaleg rök. Ef breyting vegna tolla í söluskatt hefur orðið óhagstæð fyrir lífskjör eða tekjuskiptingu, sem alls ekki þarf að vera og reynslan virðist sýna hér að vissu leyti að á sér ekki stað, hefur komið til skoðanamunur á milli svokallaðra vinstri manna eða frjálslyndra manna annars vegar og hægri manna hins vegar, hvort gera þurfi ráðstafanir til úrbóta vegna þess arna eða ekki. Hafa t. d. sósíaldemókratar lagt á það megináherzlu, að samfara breytingu tolla í söluskatt séu gerðar ráðstafanir á sviði félagsmála og menntamála, t. d. í tekjujöfnunarátt, sem vegi upp þau áhrif, ef þau eiga sér stað, sem breyting tolla í söluskatt kann að hafa til þess að rýra lífskjör hinna lægst launuðu í landinu. Þetta er stefna, sem ég fyrir mitt leyti tel að eigi að hafa hér. Komi í ljós, að þessi kerfisbreyting, sem er sjálfsögð af fjármálaástæðum og allir aðrir eru búnir að framkvæma nema við, reynist hafa óhagstæð áhrif á afkomu láglaunafólks eða millistétta, á að gera aðrar ráðstafanir. Það á ekki að taka tollana upp aftur, heldur gera aðrar ráðstafanir, fyrst og fremst á sviði félagsmála, til þess að lagfæra það, sem fer aflaga.

Einu stóryrðin eða næstum einu stóryrðin, sem fallið hafa í þessum umr., voru ummæli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar í ræðu hans áðan í tilefni af því, sem ég sagði um þessi mál, söluskattinn og tollalækkunina, í sjónvarps- og útvarpsumr. um daginn. Hv. þm. sagði, að ég hefði sagt, að tollalækkunin og söluskattshækkunin væru sama talan, m. ö. o. að tollarnir lækkuðu um jafnmörg hundruð millj. kr. og söluskatturinn hækkaði. Ég gat ekki stillt mig um að grípa fram í fyrir honum og leiðrétta þetta þegar á staðnum, því að þetta sagði ég auðvitað aldrei. Ég man vel, hvað ég sagði og hafði það auk þess skrifað hjá mér á blaði, skrifaði það hjá mér um leið og ég heyrði hann segja þetta. Það, sem ég var auðvitað að tala um þarna að gefnu tilefni frá honum, voru áhrif EFTA-aðildarinnar á tollalækkun og söluskattshækkun. Ég skaut því líka fram til hans hér, meðan hann var að tala, en hann sat við sinn keip og staðhæfði enn, að ég hefði sagt hvort tveggja, bæði þetta, að það væri sama talan, sem tollalækkunin næmi og söluskattshækkunin, og að ég hefði ekki bundið þetta við umtal um EFTA-aðildina. Ég gerði mér því lítið fyrir og hringdi í útvarpsstjóra og spurði, hvort þeir ættu ræður okkar enn þá á segulbandi. Hann vissi það ekki, en sagði, að ef hann ætti þær, skyldi hann láta afrita það, sem ég hefði sagt í seinni ræðu minni um þetta. Þetta voru fyrstu orðin í ræðu minni, sem ég hef hér. Ég hef mál mitt með þessari setningu, með leyfi hæstv. forseta:

„Magnús Kjartansson sagði áðan, að við ráðh. hefðum ekki gert áhrif EFTA-aðildar á söluskattinn að umtalsefni. Sannleikurinn er sá, að söluskattshækkunin mun ekki hækka vísitölu framfærslukostnaðar um meira en lækkun tollanna mun lækka hana, þannig að vegna EFTA-aðildar mun framfærslukostnaður á Íslandi ekki hækka."

Ég er ekki orðsjúkur maður, en ég minni bara á, að hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan, tvívegis, að ég hefði farið vísvitandi með rangt mál í þessum orðum mínum. Hann sagði það tvívegis, að hann vítti það úr ræðustóli hér á Alþ., að slíkt skyldi henda. Ég fer ekki fram á, að hv. þm. taki þessi ummæli sín aftur. Maður er ýmsu vanur orðinn. Hitt munar miklu meira, að allir fá að heyra, að það, sem hann sagði um ummæli mín, var rangt. Það, sem segir í ummælum mínum, er rétt. Það var EFTA-aðildin, sem var til umr. í þættinum, og ég var auðvitað að tala um EFTA-aðildina í sambandi við tollalækkun og söluskattshækkun. Það er rétt, að vísitalan hækkar ekki meira vegna þeirrar söluskattshækkunar, sem þarf til að jafna tollalækkun vegna EFTA-aðildar, en niðurfelling EFTA-aðildartollanna lækkar vísitöluna um. Ég mun ekki ræða um þetta frekar, en það væri gott, ef það yrði einhverjum til svolítillar vísbendingar um, að það er yfirleitt hyggilegra að haga orðum sínum hóflega og taka ekki of mikið upp í sig, til þess að þurfa ekki að láta reka slíkt ofan í sig aftur.

Andstæðingar EFTA-aðildar hafa lagt á það megináherzlu, að það sé ekki tímabært að gerast aðili að EFTA núna. Það er raunar meginforsendan fyrir þeirri dagskrártill., sem hv. fulltrúar Framsfl. flytja. Þeir segja, að það eigi að bíða eftir samningum EFTA-landanna við Efnahagsbandalagsríkin. Um þetta langar mig að fara fáeinum orðum.

Allir, sem til þekkja, munu gera sér ljóst, að þeir samningar, sem nú er talað um í sambandi við hugsanlega aðild nokkurra Fríverzlunarsamtakaríkja að Efnahagsbandalaginu munu taka mörg ár. Jafnvel þó ákvörðun verði tekin um að hefja samningaviðræður við t. d. Breta, mun taka allt að einu ári að taka þá ákvörðun. Þá má geta nærri, hversu langan tíma samningarnir sjálfir taka. Það tók nokkur ár að undirbúa stofnun Efnahagsbandalagsins. Það tók að vísu styttri tíma, en langan tíma þó, að undirbúa stofnun Fríverzlunarsamtakanna. Það átti að taka 10 ár að koma Efnahagsbandalaginu á, og 10 ár að koma Fríverzlunarsamtökunum á. Það tók svolítið lengri tíma, 7—8 ár, að koma þessum samtökum á, hvorum fyrir sig. Allir gera sér auðvitað

ljóst, að ef 3—4 ríki Fríverzlunarsamtakanna eiga að sameinast Efnahagsbandalaginu, þarf það að taka langan tíma — og tekur auðvitað langan tíma, — þannig að nýtt, fullmótað Efnahagsbandalag getur með engu móti orðið til fyrr en eftir allverulegan árafjölda. Það er líka algerlega augljóst mál, að slíkt nýtt Efnahagsbandalag verður ekki sama Efnahagsbandalagið og nú starfar. Ef það væri, væru engin vandamál í sambandi við þetta. Vandamálin standa auðvitað í sambandi við það, að núverandi ríki vilja sem minnsta breytingu á Efnahagsbandalaginu. Bretar, Norðmenn og aðrir, sem sóttu um, vilja miklar breytingar á Efnahagsbandalaginu. Svo mikið ber á milli, að það er vonlaust annað en það taki nokkur ár að semja um þetta, og svo mörg ár að framkvæma það.

Að bíða allan þennan tíma, það er stórhættulegt fyrir viðskiptahagsmuni Íslendinga, ekki hvað sízt ef við trúum því, að það verði úr samningum og til verði nýtt, stærra viðskiptabandalag í V.-Evrópu. Þá er auðvitað þeim mun nauðsynlegra fyrir okkur að byrja á því að aðlaga okkur að þessum breytingum, og því fyrr sem við byrjum, þeim mun betra. Ég tel, að hver mánuður, sem við frestum því að gerast aðilar að EFTA, eftir að við vitum, að við getum gert það, sé áþreifanlegt tjón fyrir framtíðarhagsmuni Íslendinga í viðskiptamálum.

Eins og ég sagði áðan, er sú stefna að bíða sú óskynsamlegasta fyrir okkur Íslendinga — frá hreinu hagsmunasjónarmiði séð. Hitt geri ég mér fullkomlega ljóst, að ef Bretar, Norðmenn og þeir tveir aðrir, sem sótt hafa um aðild að Efnahagsbandalaginu, fá aðild, — að ég tali ekki um, ef EFTA í heild sameinast Efnahagsbandalaginu og um verður að ræða 13 ríkja viðskiptabandalag í V.-Evrópu, — versnar aðstaða okkar Íslendinga. Þá stöndum við frammi fyrir miklu meiri og alvarlegri vandamálum en við gerum í dag. Ég skal vera manna síðastur til þess að segja ekki skýrt og skorinort, að ég geri mér algerlega grein fyrir þessu. Hefðu samningar við Efnahagsbandalagið orðið erfiðastir allra, mundu samningar við nýtt Efnahagsbandalag, við samruna Efnahagsbandalagsins og EFTA, verða miklu, miklu erfiðari fyrir Íslendinga heldur en samningarnir við EFTA hafa reynzt. Ég tel nauðsynlegt að undirstrika, að þjóðin, eða við allir þm. og þjóðin í heild, verði að gera sér grein fyrir þessu. Þess vegna má segja, að út frá þröngu hagsmunasjónarmiði Íslendinga sé ekki æskilegt að Bretland fái aðild að Efnahagsbandalaginu í bráð. Okkar vandi er auðleystastur með þessu móti, að við fáum aðild að EFTA og EFTA standi áfram í nokkur ár, meðan við erum að laga okkur að þeim viðskiptaháttum, sem innan EFTA tíðkast. Þegar við erum búnir að því, erum við færari um það en ella að takast á við þann vanda, sem það mundi hafa í för með sér, ef hin EFTA-ríkin gerðust aðilar að Efnahagsbandalaginu. Ég tel tvímælalaust, að EFTA-aðild mundi auðvelda okkur átök við þennan vanda. Það eru satt að segja ein meginrökin fyrir því að hika ekki, bíða ekki, heldur taka ákvörðun um það sem allra fyrst. Með því móti verður sá tími lengstur, sem við getum fengið til þess að búa okkur undir þann vanda, sem okkar kann að bíða í framtíðinni og siglir í kjölfar aðildar Breta og annarra þjóða að Efnahagsbandalaginu á meginlandinu.

Að vísu er ekki svo að skilja, að okkur sé algerlega ókunnugt um, hvernig Efnahagsbandalagsríkin líta á vandamál okkar. Eins og bent hefur verið á í þessum umr., ákvað ríkisstj., að við Jónas Haralz skyldum heimsækja allar höfuðborgir Efnahagsbandalagsríkjanna 1961, þegar mestar líkur voru taldar á því, að Bretland og fleiri EFTA-ríki gengju í Efnahagsbandalagið. Við gerðum þetta og kynntum sjónarmið okkar og sérstöðu rækilega í höfuðborgum allra landanna með viðtölum við ýmist viðskmrh. eða utanrrh. og þeirra æðstu embættismenn. Við sömdum um þetta ítarlega skýrslu, sem ég hygg að allir hv. alþm. hafi fengið, auk þess sem ég flutti um þetta skýrslu hér á hinu háa Alþ. Við gerðum hvarvetna alveg skýra grein fyrir því, að Ísland gæti með engu móti gerzt fullgildur aðili að Efnahagsbandalaginu. Við mættum alls staðar fullkomnum skilningi á þessu sjónarmiði. Við ræddum um það, með hvaða hætti við gætum tengzt slíku stækkuðu viðskiptabandalagi í Evrópu, hvort við mundum geta átt kost á aukaaðild, og þá hvað í henni fælist, hvort við mundum geta átt kost á viðskipta- og tollasamningum og hvað í þeim gæti falizt. Enginn þessara aðila vildi á þessu stigi segja neitt ákveðið um þetta og gat það raunverulega ekki, það skildum við, en gagnkvæm kynning á sjónarmiðum fór fram. Og hún gleymist náttúrlega ekki. Frásögn af þessum viðræðum er skráð hjá þeim, eins og hún er skráð hjá okkur. Sjónarmiðin liggja fyrir, og þann þráð mundum við að sjálfsögðu taka upp aftur á sínum tíma, ef við stöndum frammi fyrir því vandamáli, að miklar líkur séu á því, að Bretland og fleiri lönd gerist aðilar að Efnahagsbandalaginu.

Fleira er raunverulega ekki um þetta að segja, nema hvað ég mun bæta nokkru við síðar út af ummælum Þórarins Þórarinssonar.

Hv. þm. Magnús Kjartansson gerði Iðnþróunarsjóðinn að umtalsefni. Hann taldi, að þar væri um að ræða annarlega beiðni af hálfu okkar hæstv. forsrh. í þeim viðræðum, sem sagt var frá í nál. með till., og í rauninni niðurlægjandi fyrir ríkisstj. og Íslendinga að hafa farið fram á, að Iðnþróunarsjóðnum yrði komið á fót hér á landi með þeim hætti, sem raun hefur orðið á. Hér er enn um að ræða algeran misskilning á efni málsins. Sannleikurinn er sá, — og fyrir því gerði ég grein í framsöguræðu minni og raunar áður í ræðum hér á hinu háa Alþ., og það hefur komið fram í mörgum skýrslum um þetta mál, — að þegar í upphafi leiddi athugun í ljós, að aðild Íslands að EFTA, þar sem öll hin Norðurlöndin eru,

mundi vegna aðstæðna í viðskiptum milli landanna vera þeim til meira hags en okkur. Ef við gengjum í EFTA og ekkert annað gerðist, mundi hagur þeirra augljóslega verða mun meiri en hagur okkar af þeirri einföldu ástæðu, að þeir flytja út iðnaðarvörur, sem við fellum niður tolla á hér á landi á 10 árum. Við flytjum út sjávarútvegsvörur, sem tiltölulega lítill markaður er fyrir á Norðurlöndum og EFTA-samningurinn tekur sumpart alls ekki til. Það er enginn vandi fyrir okkur að sýna fram á, að gagnvart hinum fjórum löndunum er einföld aðild Íslands að EFTA meiri hagur fyrir þau en okkur. Það er grundvallaratriði EFTA-samningsins, að báðir aðilar hagnist jafnmikið. Það á enginn að fórna einhliða. Ef hann fórnar einhverju, á hann að fá annað í staðinn. Þetta er grundvallaratriði EFTA-samningsins og raunar Rómarsamningsins líka. Þetta er þeim sameiginlegt. Það er ekki ætlazt til þess, að aðild sé á kostnað eins og til hagnaðar fyrir annan, né heldur getur nokkur aðili grætt eingöngu á kostnað annarra. Allir aðilar eiga að hagnast og jafnræði að vera í hagnaðinum. Það er þessi gagnkvæmnisáhætta, sem er hornsteinn slíkrar samningagerðar.

Við gerðum Norðurlandaþjóðunum grein fyrir þessu. Þær höfðu sjálfar hugsað málið og rætt, hvernig þær gætu rétt þetta við. Við höfðum ákveðna till. að gera í því, þegar við hittum þær í fyrsta skipti: Þið getið bætt úr því, sem á ykkur hallar, með tvennu móti. Annars vegar getið þið opnað markað ykkar fyrir íslenzkt dilkakjöt. Það er þekkt frá gamalli tíð á Norðurlöndum að öllu góðu, og þeir, sem báðu um verulegt magn af því, fengu það ekki allt saman. Hins vegar getið þið aðstoðað okkur vegna þess skorts á fjármagni, sem við eigum við að búa, ekki hvað sízt í sambandi við aðlögun hins smáa íslenzka heimaiðnaðar að EFTA-markaðinum, og varðandi fjármagn, sem við þurfum á að halda til að koma upp nýjum greinum útflutningsiðnaðar á Íslandi.

Það var svo augljóst í þeirra augum, að á þá hallaði, að þeir yrðu að gera eitthvað sérstaklega fyrir okkur, að það tók tiltölulega mjög lítinn tíma að fá samþykki stjórna allra hinna Norðurlandanna fyrir þessu hvoru tveggja, annars vegar auknum innflutningsheimildum fyrir dilkakjöt og hins vegar stofnun Iðnþróunarsjóðsins. Það tók svolítið lengri tíma að ganga frá einstökum atriðum, í sambandi við hann, svo sem hvernig hann skyldi starfa. Það er því langt frá því, að hér sé um annarlega beiðni að ræða eða niðurlægjandi fyrir Íslendinga. Hér er um að ræða lið í góðum viðskiptum milli landanna, viðskiptum, sem að vísu reynast sérstaklega góð, vegna þess að almenningssamskipti landanna og vinskapur þeirra í milli er sérstaklega náinn.

Í sambandi við þetta er rétt að víkja fáeinum orðum að því, sem sagt hefur verið um NORDEK. Einn ræðumaður lét í ljós undrun sína yfir því, hve Íslendingar hefðu sýnt NORDEK lítinn áhuga. Að vísu höfum við fylgzt með undirbúningi að NORDEK, fengið allar skýrslur, sem um þetta hafa fjallað, bæði frá fulltrúum íslenzka viðskmrn. og fulltrúum íslenzku sendiráðanna erlendis. Þeir hafa setið fjölmarga fundi varðandi NORDEK, þegar hægt hefur verið að koma því við. Við höfum fylgzt nákvæmlega með því, sem í því máli hefur verið að gerast, og vitum nákvæmlega, hvernig það mál stendur núna. Hitt er svo aftur á móti alger misskilningur, ef menn líta á það sem einhverja valkosti, aðildina að EFTA annars vegar og hugsanlega aðild að NORDEK hins vegar. Sannleikurinn er sá, að hin Norðurlöndin hafa með NORDEK hugsað sér að búa sig undir hugsanlega aðild að Efnahagsbandalaginu. Þess vegna eru gagnkvæmar skuldbindingar í NORDEK miklu meiri en er í EFTA; að vísu ekki eins miklar og þær eru í Efnahagsbandalaginu, heldur mitt á milli. Ef við lítum á þessi þrjú bandalög, tvö staðreynd, eitt hugsað, og berum þau saman, berum saman þær gagnkvæmu skuldbindingar, sem aðildin leggur aðildarríkjunum á herðar, þá er röðin þessi: langminnstar skuldbindingar eru í EFTA, mun meiri skuldbindingar í NORDEK og langmestar skuldbindingar í Efnahagsbandalaginu.

Ég tel, að ýmis atriði í NORDEK-samningnum séu þannig, að þau séu ekki aðgengileg fyrir Ísland, með svipuðum rökum og Rómarsamningurinn er ekki aðgengilegur fyrir Ísland. Atvinnurekstrarákvæði eru miklu frjálslegri í NORDEK-uppkastinu heldur en í EFTA-samningnum. Það er gert ráð fyrir algerlega sameiginlegum vinnumarkaði í NORDEK, sem ég tel Íslendinga ekki skilyrðislaust geta gengið að, þannig að það er á fullkomnum misskilningi byggt, að hér sé um það að ræða að velja á milli EFTA og NORDEK. Miklu frekar mætti segja: ef við viljum ganga í NORDEK, er leiðin inn í NORDEK auðvitað í gegnum EFTA. Það er fyrsta stigið. Síðan verðum við að ákveða, hvort við viljum taka á okkur þær skuldbindingar aðrar, sem NORDEK hefði í för með sér. Ég held að vísu, að vegna tengsla okkar við Norðurlönd væri okkur tiltölulega auðvelt að fá nauðsynlegar undanþágur undan þeim ákvæðum NORDEK-samningsins, sem við vildum ekki skrifa undir. Þeir skilja aðstæður okkar mun betur, — þó að ég kvarti ekki undan skilningsleysi ríkisstj. í Mið-Evrópu eða Vestur-Evrópu. Það er eðlilegt. Ég óttast sem sé ekki, að við gætum ekki gerzt aðilar að NORDEK með nauðsynlegum undanþágum. Ég held, að það væri tiltölulega auðvelt fyrir okkur, og í öllu falli miklu, miklu auðveldara en það mundi vera að gerast aðilar að Efnahagsbandalaginu eins og það er, að ég tali ekki um útvíkkað Efnahagsbandalag. En um þessi efni hefur mér fundizt ríkja alvarlegur misskilningur, sem nauðsynlegt sé að leiðrétta.

Þá hefur verið að því vikið, að undirbúningur málsins hafi ekki verið nægilega góður. Þótt ég hafi átt þátt í undirbúningi þessa máls, leyfi ég mér að segja, að ég held, að fá mál hafi verið rækilegar undirbúin efnislega séð en einmitt þetta mál, eins og hv. þm. hafa

fengið það í hendur. Og ég leyfi mér líka að segja, að frá stjórnmálalegu sjónarmiði séð hafi ekki á mörgum málum verið haldið með jafnsjálfsagðri sanngirni eins og ég tel að sýnd hafi verið í þessu máli. Frá byrjun hefur stjórnarandstaðan átt aðgang að öllum gögnum og skjölum málsins og hvenær sem er fengið svör við sérhverri þeirri spurningu, sem borin hefur verið upp. Ég segi þetta ekki til þess að miklast af þessu að einu eða neinu leyti. Ég tel þetta vera sjálfsögð vinnubrögð í málum eins og þeim, sem hér er um að ræða. En með hliðsjón af þessu tel ég hvorki ástæðu til að kvarta yfir því, að undirbúningur hafi verið lélegur, né heldur hinu, að stjórnarandstaðan hafi verið sniðgengin. Um það hefur heldur ekki verið kvartað, heldur hitt, hvað undirbúningur hafi efnislega séð verið lélegur, en þeim staðhæfingum andmæli ég.

Þá var sagt áðan, — það var Magnús Kjartansson, hv. þm., — að ekki hefði verið unnið að nauðsynlegum endurbótum í skólamálum, í menntamálum, sem væri nauðsynlegur undanfari þess, að við gætum tekið þátt í samstarfi eins og EFTA-samstarfinu. Ég skal ekki gera lítið úr nauðsyn þess að gera gagngerar breytingar í íslenzkum skólamálum og sérstaklega íslenzkri tæknimenntun og iðnmenntun, ef við gerumst aðilar að EFTA og eftir því sem lengra líður á EFTA-aðild okkar. Mér er það fullkomlega ljóst. Að því mun líka verða unnið. Að því tel ég sjálfsagða skyldu að vinna. En hinu vil ég andmæla, að ekkert hafi verið gert í þessum efnum. Það eru ekki nema nokkur ár síðan við eignuðumst okkar fyrsta tækniskóla. Með stofnun hans fyrir nokkrum árum var stigið geysilega mikilvægt spor einmitt til þess að gera kleift að verða aðilar að samstarfi eins og EFTA-samstarfinu. Alþ. er líka tiltölulega nýbúið að setja nýja iðnfræðslulöggjöf, sem grundvallast á nútímasjónarmiðum í þessum efnum, þ. e. a. s. á því að flytja verkkennslu iðnrekendanna af verkstæðunum og inn í skólann. Þessa löggjöf er núna smám saman verið að framkvæma. Ég geri mér fyllilega ljóst, að samfara EFTA-aðild verður eflaust að hraða þeim framkvæmdum, sem á döfinni eru í þessum efnum. Það verður að auka á þann breytingarhraða, sem hér hefur verið að eiga sér stað. Breytingarnar verða að vera enn örari í framtíðinni heldur en ella.

Þetta er þeim, sem fara með stjórn íslenzkra skólamála, algerlega ljóst. Og sannleikurinn er sá, — þó að að því hafi verið fundið hér áðan, — að útgjöld til menntamála hér á Íslandi hafa vaxið örar á undanförnum áratugum en í nokkru öðru landi í allri Vestur-Evrópu. Á s. l. ári voru útgjöld Íslendinga til menntamála í hlutfalli við þjóðartekjur með þeim hæstu, sem þekkjast í víðri veröld. Það eru tvö eða þrjú lönd önnur, sem verja jafnháu hlutfalli af þjóðartekjum sínum til menntamála eins og Íslendingar. Það ber vissulega ekki vott um, að ekki hafi verið staðið á verðinum í þessu efni. En hitt skal ég taka fram, að einmitt aðild að EFTA gerir nauðsynlegt að herða hér enn á þeim hraða, sem unnið hefur verið eftir.

Þá kem ég að þeirri staðhæfingu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, að EFTA-aðild bindi okkur til þess að fylgja ákveðinni stefnu í efnahagsmálum. Þetta er þegar rangt af þeirri ástæðu, að við getum gengið úr EFTA með 12 mánaða fresti, og það er ekki föst tenging við ákveðna stefnu í efnahagsmálum, sem hægt er að losna við á einu ári. Hann sagði, og vitnaði þar að vísu ekki alveg réttilega í skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors, að ef við gengjum í EFTA, yrði gengisbreyting aðalhagstjórnartækið, gengisbreytingar mundu verða tíðari hér eftir en hingað til, ef við gengjum í EFTA. Sannleikurinn er sá, að gengisbreyting er alls staðar eitt aðalhagstjórnartækið, sem hægt er að beita og er beitt. Ég get ekki farið að ræða það hér, hvernig á því standi, að gengisbreytingar hér hafa verið tíðari og stærri en í öðrum nálægum löndum. Ég skal láta nægja um þetta aðeins örfáar almennar aths.

Þegar gengi er breytt, geta ástæðurnar verið tvennar: Annars vegar sú, að viðskiptakjör hafi versnað mjög verulega, þannig að beita verði aðalhagstjórnartækinu, gengisbreytingu, til þess að leiðrétta viðskiptakjörin. Hins vegar getur gengisbreyting reynzt nauðsyn vegna rangrar stefnu innanlands, vegna þess að fylgt hafi verið rangri stefnu í peningamálum og fjármálum. Þetta er allt önnur orsök. Gengisbreyting getur líka verið eina raunhæfa ráðið til þess að leiðrétta slíka ranga stefnu innanlands. Þess vegna hafa allar stjórnir í öllum löndum Vestur-Evrópu á undanförnum 15—20 áratugum breytt genginu öðru hverju, þó að við séum því miður í hópi þeirra, sem hafa gert það oftast og mest. Síðustu tvær gengisfellingar voru vegna stórfelldra breytinga á viðskiptakjörum okkar til hins verra. En gengisfellingar, sem við höfum gert áður, t. d. gengisbreytingin 1950, voru fyrst og fremst vegna þess, að fylgt hafði verið rangri stefnu innanlands í efnahagsmálum. Sama er að segja um gengisbreytinguna 1939. Þá hafði um langt skeið verið gerð tilraun til þess að koma í veg fyrir neikvæðan viðskiptajöfnuð og skuldasöfnun erlendis með höftum og tollum. Þeirri stefnu hafði verið haldið uppi í heilan áratug, án þess að það tækist, og þá var gripið til aðalhagstjórnartækisins, gengisbreytingarinnar.

Skoðun mín er sú, að EFTA-aðild hafi engin áhrif á það, hvaða hagstjórnartækjum við verðum að beita hér. Eftir sem áður höfum við frjálsræði til þess að beita þeim hagstjórnartækjum, sem við kærum okkur um. Það er rétt, að það er frekar í samræmi við þá meginstefnu, sem EFTA-samtökin eru byggð á, að leiðrétta sem fyrst misræmi, sem verður, með breyttu gengi. Það er auðvitað ekki í samræmi við þá stefnu, sem EFTA byggir á, að beita höftum og verndartollum til úrbóta, ef erfiðleikar steðja að, — þetta er auðvitað alveg rétt, — og ekki heldur útflutningsbótum.

Ég er þeirrar skoðunar, að það sé skynsamlegra að beita lítilli gengisbreytingu, ef efnahagskerfið færist alvarlega úr jafnvægi, heldur en að grípa til hafta-, tolla- eða útflutningsbótakerfis. Ef svo færi, að Framsfl. og Alþb. fengju meiri hl. í næstu kosningum og þeir lentu í sérstökum erfiðleikum, annaðhvort vegna rangrar stefnu áður eða vegna versnandi kjara erlendis, og vildu ekki breyta genginu, heldur taka aftur upp gamla kerfið, innflutningsgjöld og útflutningsbætur, gætu þeir það með því að fara úr EFTA. Þeir gætu búið sig undir þetta í eitt ár og þeim væri frjálst að gera það þá. Þetta eru allar kvaðirnar, sem á þá yrðu lagðar. Að telja slíkt til einhverra óbærilegra fjötra nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Þá var um það rætt, að ýmsir atvinnurekendur, innlendir og erlendir, hygðust nota EFTA-aðildina til þess að hagnast á lágum launum hér. Vitnað var í ummæli Guðmundar Magnússonar prófessors um það, að hér væri um að ræða hlutfallslega yfirburði í launum. Auðvitað hafa oftsinnis í sögunni, og er enn um það að ræða, einstök lönd haft í ákveðinn tíma hlutfallslega yfirburði á ákveðnum sviðum. Þegar Guðmundur Magnússon prófessor talar hér um, að Íslendingar hafi nú sem stendur hlutfallslega yfirburði í launum, er það án efa rétt, nú sem stendur. En þetta er ekkert einsdæmi. Það veit Guðmundur Magnússon prófessor, og þess vegna tekur hann svona til orða. Honum dettur ekki í hug að gera tilraun til þess að snúa út úr, eins og gert hefur verið í þessum umr. á mjög villandi hátt. Það má segja t. d. um Vestur-Þjóðverja eftir stríðið, að þeir fylgdu vísvitandi ákveðinni stefnu í launamálum, — ekki bara vestur-þýzka stjórnin, heldur vestur-þýzku verkalýðsfélögin, — til þess að Þjóðverjar hefðu í nokkur ár yfirburði í launum umfram samkeppnisþjóðir sínar í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum. Þjóðverjar höfðu um margra ára skeið það, sem kallað er yfirburði í launum. Og þetta hefur án efa verið ein meginskýringin á því, hve þýzkur iðnaður náði sér fljótt á strik eftir styrjöldina.

Um launin hér er það að segja, að í fyrsta lagi er mjög erfitt að bera laun hér saman við laun í nálægum löndum vegna þess, hve launakerfið hér er gerólíkt launakerfi allra nálægra landa. Ég get ekki fjölyrt um þetta á þessu stigi, en bendi aðeins á, að auðvitað er fullkomin fjarstæða, eins og oft er þó gert í dagblöðum, að bera saman launataxta hér og annars staðar: í fyrsta lagi af því, að það tíðkast hér, að í samningum séu launataxtar, sem alls ekki eru notaðir, hafa ekki verið notaðir árum saman og alls ekki er meiningin að nota. Ég þekki ekkert dæmi þess annars staðar, að í samningum á milli atvinnurekenda og launþegasamtaka sé þessi siður, að þar standi árum saman taxtar, sem alls ekki eru notaðir. Auk þess er hér um að ræða miklu meiri launaviðbætur í margs konar formi heldur en tíðkast annars staðar. Tilhögun á greiðslu fyrir kaffitíma og matartíma, eftirvinnu og næturvinnu er gerólík því, sem á sér stað annars staðar, svo að hér er samanburður mjög flókinn og erfiður. Hitt efast ég ekki um, að eins og stendur eru laun hér á landi eitthvað lægri en þau gerast hjá helztu samkeppnisþjóðum okkar. Þetta á auðvitað rót sína að rekja til þeirra gífurlegu erfiðleika, sem Íslendingar urðu fyrir fyrir 2—3 árum og lækkuðu útflutningstekjur okkar um 40% á tveimur árum. Hverjum getur dottið í hug, að þessir erfiðleikar hafi ekki haft áhrif á almenn launakjör í landinu? Þessir erfiðleikar eru auðvitað skýringin á þessu hlutfallslega yfirboði í launum, þessum „lágu launum", sem talað er um.

Áður fyrr, áður en erfiðleikar dundu yfir, voru Íslendingar án efa í hópi þeirra þjóða Vestur-Evrópu, sem höfðu hæst laun. Þá var ekki talað um þetta. En þá hefði sá hagfræðingur, sem skrifað hefði ritgerð um möguleika nýs iðnaðar á Íslandi, án efa bent á það þá, fyrir 5 árum, að þessi iðnaður hér mundi eiga við vissa erfiðleika að stríða, vegna þess að hér á Íslandi væru ein hæstu laun, sem þekktust í Evrópu. Þetta breyttist á 2—3 árum, og þannig er þetta alltaf að breytast, ekki bara hjá okkur, heldur hjá öðrum þjóðum líka. Hlutfallið á milli launastigsins, hverjir hafi yfirburði í launum og hverjir hafi óhagræði af háum launum, ef samkeppnisaðstaða er metin, er sífellt að breytast og er aldrei eins frá ári til árs. Við erum nú í vissri lægð í þessum efnum, og það þarf enginn að vera hissa á því, þó að fræðimaður, sem um þetta skrifar, bendi á þessa staðreynd.

Ég get ekki komizt hjá því að vekja athygli á því, að í því er auðvitað nokkur mótsögn falin að gera mikið úr þessu atriði, þeim hlutfallslegu yfirburðum, sem ný fyrirtæki geti notið hér í launum, vegna þess að ástæðan til þess arna eru erfiðleikar sjávarútvegsins. Það er skýringin á þessu. Það er skýringin á erfiðleikunum núna. Og samt sem áður er það meginkenning þessara manna, að á sjávarútveginn eigum við einmitt að treysta á komandi árum. Hvernig komum við þessu heim og saman? Sannleikurinn er sá, — og skoðun mín á þessu og margra fleiri mótast einmitt af því, — að þessir erfiðleikar sjávarútvegsins eru svo miklir, að þó að ég vilji allt gera til þess að efla hann eins og hægt er, veit ég, að það dugar ekki til þess að komast upp úr þeirri launalægð, sem við erum nú í. Til þess að komast upp úr henni þurfum við meira en átak í sjávarútveginum. Við þurfum nýjan útflutningsiðnað. Og þetta er auðvitað skýringin á meginstefnunni í málinu.

Hið síðasta, sem ég þarf að nefna varðandi ummæli hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar, er tilvitnun hans, einu sinni enn, í margumtalaða Þjóðminjasafnsræðu mína. Ég gat þess áðan, að Churchill hafði látið sér þessi ummæli um munn fara, eflaust vegna þess að hann var að vekja athygli á því, hvers eðlis Efnahagsbandalagið í raun og veru er. Efnahagsbandalagið þyrfti í raun og veru sjálfsforræðisafsal

þeirra ríkja, sem það mynduðu, á tilteknu sviði. En Churchill dró enga dul á það, meðan hann lifði, hvorki í þeirri ræðu, sem þessi ummæli eru úr, né heldur í öðrum ræðum, að hann taldi Efnahagsbandalagið spor fram á við. Hann var mjög hvetjandi að stofnun og aðild Bretlands að EFTA á sínum tíma. En svo oft er búið að rangtúlka orð mín í þessari ræðu, og svo oft er ég búinn að skýra, hvað í henni fólst í raun og veru, að ég var satt að segja alveg hissa, þegar ég heyrði það enn einu sinni í sjónvarpssalnum um daginn, að enn skyldi höfð uppi þessi sama tugga.

Segja má í tveim til þremur setningum það, sem fyrir mér vakti í þessari ræðu, og það, sem fyrir mér vakir í þessum efnum enn. Auðvitað er stefna tímanna sú, að fyrirtækin stækka, markaðir stækka og fyrirtæki tengjast viðskipta- og efnahagstengslum. Það er stefna tímanna, og grundvöllur þess er sú tækniþróun og sú þróun í samgöngum, sem átt hefur sér stað. Engin þjóð, hvorki smá né stór, getur vænzt þess að standa til lengdar utan við þessa þróun. Þessi þróun er að vissu leyti varhugaverð fyrir smáríkin. Samt sem áður verða þau að gera sér ljóst, að ef þau eiga að fylgjast með, verður að vera um einhver slík tengsl að ræða. Það er skoðun mín, að smáríki geti haldið sjálfstæði sínu, geti haldið þjóðerni sínu, geti haldið frelsi sínu, þó að þau séu aðilar að þessari meginstefnu fyrri hluta 20. aldar. Þetta sagði ég í ræðunni, þetta segi ég enn. Að maður skuli svo mörgum árum seinna þurfa enn að hlusta á það, að maður sé að mæla með því, að Íslendingar afsali sér sjálfstæði sínu, að því er í raun og veru ekki eyðandi orðum, þó að ég hafi freistazt til þess nú.

Þm. lýsti eftir afstöðu annarra til till. um þjóðaratkv. um aðild að EFTA. Eins og vikið er að í nál. meiri hl. utanrmn., hefur þjóðaratkv. hér alls ekki tíðkazt um mál eins og þetta. Samkv. íslenzku stjórnarskránni er Alþ. aðilinn, sem á að fjalla um slík mál og taka um þau ákvörðun. Það er sjálfsagt að hlýða orðum og anda stjórnarskrárinnar um þetta efni. Þm. mega ekki víkja þessum vanda frá sér. Þeir eiga að taka þá ákvörðun, sem stjórnarskráin og kjósendur ætlast til af þeim.

Ég verð að fara orðum um tvö atriði, sem hv. þm. Þórarinn Þórarinsson gerði að uppistöðu í framsöguræðu sinni áðan. Hið fyrra voru ummæli hæstv. forsrh., — hann svarar að sjálfsögðu fyrir sig á sínum tíma, ef hann telur ástæðu til. Hv. þm. beindi til mín fsp. í tilefni af þeim. Hann dró þá ályktun af ummælum hæstv. forsrh., að um stefnubreytingu væri að ræða nú af Íslands hálfu gagnvart Efnahagsbandalaginu frá því, sem verið hefði, þegar ég gaf skýrslu um málið haustið 1962. Hér er ekki um neina stefnubreytingu að ræða. Og það er ekki hægt með nokkurri skynsemi, ef ummæli mín og ummæli hæstv. forsrh. eru lesin vandlega saman, að finna út úr því breytta afstöðu til meginefnis málsins. Það er skoðun ríkisstj., og hana túlkar hæstv. forsrh. mjög greinilega í ræðu sinni, að EFTA-aðild nú mundi bæta aðstöðu Íslendinga, ef til þess kæmi, að þeir þyrftu að semja á sínum tíma við stækkað Efnahagsbandalag. Þetta fólst í orðum hans og þetta er rétt. Þetta er ég búinn að segja áður í þessari ræðu minni. Munurinn á aðstöðunni nú og 1961—1962 er sá, að þá voru Íslendingar alls ekki reiðubúnir til þess að gerast aðilar að EFTA. Vandi okkar þá var fólginn í því, að þá bjuggum við hér við efnahagskerfi, sem gerði alla þátttöku í efnahagssamstarfi Vestur-Evrópu ákaflega erfiða. Það var þetta, sem gerði okkur Jónasi Haralz einna erfiðast fyrir í öllum þessum viðræðum sumarið 1961, hvernig efnahagskerfi okkar var þá. Að vísu bjuggum við þá við rétt gengi. En enn höfðum við hér víðtækt kerfi innflutningshafta og mjög há tolla. Við bjuggum enn við nokkrar leifar af þeirri efnahagsstefnu, sem fylgt hafði verið áður í 30 ár, á árunum 1930—1960. Það var ekki við því að búast, að hægt væri að afnema allar afleiðingar slíkrar efnahagsstefnu á 2—3 árum. Það tók áratug, og okkur hefur tekizt það núna. Nú erum við orðnir færir um að taka þátt í efnahagssamstarfi við aðrar þjóðir eins og EFTA gerir ráð fyrir, og standa fullkomlega jafnfætis öðrum þjóðum. Ástæðan til þess, að ég sagði í þeirri ræðu, sem hv. þm. las úr og flutt var haustið 1961, að við teldum þá rétt að bíða, var auðvitað sú, að við værum ekki færir um það þá að taka þátt í neinu þess konar samstarfi, sem við getum nú tekið þátt í. Sannleikurinn er sá, að það var stórkostlegur léttir fyrir ríkisstj. og okkur alla, að samningarnir skyldu stranda. Ef þeir hefðu tekizt þá og Bretland og fleiri lönd hefðu gengið í Efnahagsbandalagið 1961—1962, hefðum við staðið frammi fyrir ægilegum vanda. Ég undirstrika þetta, því að þetta er rétt. Við fundum greinilega, sem áttum í viðræðunum þá, hversu mikill sá vandi okkar hefði orðið. En sem betur fer, samningarnir tókust ekki. Það var áfram þóf í viðskiptamálum Vestur-Evrópu og við gátum haldið áfram hér innanlands að framfylgja þeirri stefnu okkar að búa okkur undir að taka þátt í slíku viðskiptasamstarfi, þ. e. a. s. samstarfi EFTA-landanna, sem við höfum stefnt að þennan tíma. Það var ekki fyrr en fyrir 2—3 árum, sem við vorum tilbúnir til slíkrar aðildar hér heima fyrir. Þess vegna kom málið ekki á dagskrá fyrr en það gerði í raun og veru. Svo komu erfiðleikarnir til viðbótar, sem opnuðu okkur enn frekar fyrir því, að breyta yrði að vissu leyti um grundvallarstefnuna, þ. e. a. s. flýta okkur yfir í að koma hér upp útflutningsiðnaði, sem herti enn í því, að við sinntum EFTA.

Svo var hitt atriðið í ræðu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar. Það er furðulegasta atriðið af öllu því, sem komið hefur fram í þessum umr. Þó að ummæli Magnúsar Kjartanssonar og ranghermi hans um ummæli mín í sjónvarpinu og stóryrði hans í því sambandi séu það leiðinlegasta, sem komið hefur fram í umr., eru ummæli hv. þm. Þórarins Þórarinssonar, sem ég ætla nú að fara að greina frá, það

skringilegasta, sem hefur komið fram í umr. Hann hefur það eftir mér og byggði á því líklega korterskafla í ræðu sinni, að ég, — sérstaklega ég, sagði hann, það var ekki ríkisstj., — sæi hvergi nokkurs staðar neina markaði fyrir íslenzkar útflutningsvörur nema í EFTA. Þetta sagði hann með alls konar tilbrigðum og með alls konar áherzlum. Hann sagði, að það væri alveg furðulegt um mann, sem hefði verið prófessor í langan tíma og viðskmrh. í 10 ár, að hann skyldi ekki vita um neina útflutningsmarkaði nema í EFTA.

Nú er auðvitað sannleikurinn sá, að ég hef aldrei sagt neitt, sem gefur nokkra ástæðu til þess að hafa þetta eftir mér, þvert á móti. Meira að segja í ræðunni, sem hann hlustaði á fyrir örfáum dögum, framsöguræðu fyrir þessu máli, eins og ég gat um áðan, sagði ég, að það, sem við ættum fyrst að leggja áherzlu á varðandi eflingu útflutningsins, væri fullvinnsla sjávarafurða. Það, sem við ættum að leggja áherzlu á, væri að reyna að leita að nýjum íslenzkum hráefnum í sjávarútvegi og landbúnaði og flytja þær út. Þetta kemur líka greinilega fram í báðum skýrslum sérfræðinganna, sem birtar eru með till., nákvæmlega þetta sama sjónarmið. En ég sagði til viðbótar þessu: Þetta dugar ekki, því miður. Við verðum að leita að enn nýjum möguleikum, og þeir geta ekki verið til aðrir en útflutningur, nýr útflutningur úr erlendum hráefnum, sem nota orkuna og hið góða vinnuafl. Og það segi ég enn, að möguleikar fyrir slíka útflutningsframleiðslu eru fyrst og fremst í EFTA-löndunum. Ef við eigum að keppa yfir tollmúra, er þessi þriðji nýi möguleiki vonlaus. Dettur nokkrum manni með viti í hug, að við höfum von til þess að flytja inn hráefni, vinna úr því hér og selja til Bandaríkjanna? Bandaríkin eru tollaland. Þar eru framleiddar allar þær vörur, sem við getum framleitt með þessum hætti. Dettur nokkrum manni í hug, að við gætum framleitt slíkar vörur og selt til Sovétríkjanna? Það er það, sem ég átti við með fjarlægðinni. Og dettur nokkrum manni í hug, að við getum selt það til EBE-landanna eða EFTA-landanna, yfir háa tollmúra þar? Nei, eina vonin til þess að geta byggt upp slíkan nýjan útflutningsiðnað er auðvitað aðgangur að tollfrjálsum markaði. EFTA-löndin eru eini tollfrjálsi markaðurinn, sem við getum með sæmilegum kostum eignazt aðild að.

Hv. þm. sagði, að það væri blekking, að við þyrftum aðgang að tollfrjálsum markaði. Þá blekkingu taldi hann svo stóra, að ég ætti að segja af mér eða forsrh. að biðja um lausn fyrir mig fyrir að hafa sagt annað eins og þetta. En þetta er engu að síður staðreynd. EFTA-aðild rýrir ekki að neinu leyti útflutningsmöguleika okkar í Bandaríkjunum, í Austur-Evrópu, Asíu eða Afríku eða hvar annars staðar sem er. Þetta er ég búinn að sýna fram á áður. Þeir markaðir eru jafngóðir eða slæmir eftir sem áður þrátt fyrir EFTA-aðildina. En það, sem okkur vantar, er að geta selt þær nýju vörur, sem við vinnum úr erlendu hráefni, tollfrjálst einhvers staðar annars staðar. Hvar getum við það? Getum við það í Bandaríkjunum? Við getum ekki fengið samning við Bandaríkin um sértolla fyrir Ísland. Það er útilokað. Aðild Bandaríkjanna að GATT leyfir það ekki. Við getum ekki gert neinn samning við Sovétríkin eða Vestur-Evrópuríkin, sem gerir okkur slíkt kleift. Það er algerlega útilokað. Það þarf enginn að segja mér neitt um það. Það er gersamlega útilokað. Og auðvitað koma Asíu- og Afríkumarkaðir ekki til greina í þessum efnum. Við getum ekki fengið markað í Efnahagsbandalaginu nema gerast aðili að því með einhverjum hætti. Og það hefði ég talið verri kost en þann, sem við eigum völ á og viljum taka, að fá tollfrjálsan aðgang að EFTA-markaðinum.

Ég segi það enn, ef það kynni ekki að vera alveg nógu ljóst, að þetta á auðvitað við nýjar greinar í útflutningsiðnaði til viðbótar þeim, sem þegar er stundaður, og til viðbótar þeim, sem við getum byggt á nýjum íslenzkum hráefnum. Um það þarf ekki að tala, það er búið að tala um það áður og þyrfti ekki að undirstrika það öllu meir.

Sannleikurinn er sá, að þetta hefur verið skoðun allra þeirra manna, sem staðið hafa að stofnun viðskiptabandalaganna. Fyrst hv. þm. er hissa á því, að ég skuli hafa sagt þetta, ætla ég að segja honum, að þetta hafa t. d. allir brezkir viðskmrh. sagt undanfarinn áratug, bæði þeir, sem eru úr Verkamannaflokknum, og þeir, sem verið hafa úr Íhaldsflokknum. Þeir hafa verið fylgjandi aðild Bretlands að Efnahagsbandalaginu, en fyrst og fremst hafa þeir verið fylgjandi aðild Bretlands að EFTA. Af hverju vildu Bretar vera með í EFTA? Það var af því að þeir sáu, að þeir þurftu stærri markað en jafnvel brezki markaðurinn var. Sú var ástæðan. Það var ekki af því að þeir vanmætu bandaríska markaðinn eða samveldismarkaðinn. Það er auðvitað hlægilegt. Hann er jafngóður eftir sem áður, hvort sem Bretar eru í EFTA eða utan EFTA. Nei, þá vantaði stærri markað en Bretland sjálft, og þess vegna vildu þeir ganga í EFTA. Af hverju hafa brezkir viðskmrh. mælt með aðild Bretlands að Efnahagsbandalaginu? Af því að þá vantar enn stærri tollfrjálsan markað en EFTA-markaðurinn er. Auðvitað eru það röksemdir fyrir þessu. Þetta eru þeir búnir að segja í 10 ár, þó að það kunni að hafa farið fram hjá hv. þm. Þegar ég segi sama hlutinn hér, sama sjálfsagða og einfalda hlutinn, er það einhver ógnarglæpur.

Það er erfitt að koma þessu heim og saman, en þetta er satt að segja svo fáránlegt, svo óendanlega vitlaust, að manni þykir leiðinlegt að þurfa að standa í umr., sem eiga að vera aðalumr. um atriði eins og þessi. Ég get ekki skýrt þessi ummæli hv. þm. öðruvísi en þannig, að hann er á móti og telur ekki þörf á tollfrjálsum markaði fyrir okkur Íslendinga. Hann er á móti EFTA-aðild. Frá þessu sjónarmiði séð eru ummæli hans vel skiljanleg. Ég hef skilið hann og skrif hans á undanförnum mán-

uðum þannig, að hann sé á móti því, að Ísland gengi í EFTA, m. ö. o. hann telji enga þörf á því, að Ísland fái aðgang að tollfrjálsum markaði, hann sé í raun og veru sammála sessunaut sínum, Magnúsi Kjartanssyni. En þá á hann að segja það, en ekki gera sig að viðundri með því að tala eins og hann talaði. Hann gæti staðhæft þetta, sem hann sagði, ef hann játaði, að hann væri á móti aðild að EFTA, af því að hann teldi enga þörf á nýjum, tollfrjálsum markaði fyrir Íslendinga. Þá er vit í því. En að hafa þessa já, já — nei, nei afstöðu og segja þetta, sem hann sagði núna, í því er ekkert vit. Það er auðvitað kjarni málsins.

Hitt get ég vel skilið, að hv. þm. sé sár yfir því að hafa orðið undir í sínum flokki. Hann var búinn að skrifa í marga mánuði í Tímann þannig, að það var ekkert vit í því fyrir Ísland að gerast aðili að EFTA, og er án efa alger EFTA-andstæðingur, m. ö. o. sammála Magnúsi Kjartanssyni í einu og öllu í því, sem hann sagði. En nú hefur hann orðið að taka það erfiða hlutskipti að sér að verja þessa frávísunartill., verja þá já, já — nei, nei stefnu — eða stefnuleysi, sem orðið hefur ofan á í Framsfl. Ég get vel skilið, að hann kunni því hlutskipti ekki vel, slíkur baráttumaður, sem hann er. En það á ekki að koma fram í því, að hann tali af fullkominni fávizku.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef ekki tekið þátt í þessum umr. fyrr um aðild okkar að Fríverzlunarsamtökunum. Hv. þm. er þó ljós afstaða mín til málsins, og hef ég reynt að gera nokkra grein fyrir henni í sjónvarpsumr., sem nýlega fóru fram. Að öðru leyti get ég að mestu vísað til þeirra raka, sem fram hafa komið um EFTA-aðildina í ræðum hæstv. viðskmrh. og hæstv. forsrh., sem talað hafa fram til þessa fyrir hönd stjórnarinnar. En það eru ýmis atriði, sem fram hafa komið í sambandi við EFTA-aðildina eða í umr. og snerta kannske ekki í sjálfu sér beint stofnsamninginn a. m. k. og eðli hans, heldur aðstöðu okkar að öðru leyti, ef við tengdumst EFTA-löndunum, og gefa ástæðu til þess að gera nokkrar aths.

Í ræðu hv. 6. þm. Reykv. var mjög klifað á því nú sem endranær, að við legðum mikla áherzlu á að fá hingað til lands erlend fyrirtæki til atvinnurekstrar og erlent áhættufé. Ég skal ekkert út í það fara núna. Ég tel, að það sé eitt af þeim meiri háttar betri verkum, sem mér hefur auðnazt að taka þátt í, að semja um stóriðju hér á landi, semja um, að erlendir aðilar byggðu hér álbræðslu, sem var forsenda fyrir því, að hægt var af okkar hálfu að framkvæma þá stórvirkjun, sem nú hefur verið gerð við Búrfell og haldið var áfram að vinna að. Hann telur, hv. 6. þm. Reykv., að með EFTA-aðildinni séu opnaðar að hans dómi einhverjar nýjar lokur, óæskilegar, fyrir erlendan atvinnurekstur, og segir í því sambandi, að breytingar á lögum um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu hafi ekkert að segja í þessu sambandi, vegna þess að þeir aðilar, sem með stjórnvöldin fara, leggi svo ríka áherzlu á að fá hingað erlend fyrirtæki til atvinnurekstrar. Það er alveg eins og hv. þm. geri ráð fyrir því, að við verðum eilífir augnakarlar hér í ríkisstj., sem erum þar nú, og harma ég það í sjálfu sér ekki.

En ég vil aðeins vekja athygli hv. þm. á því, að í gildandi lögum — og nú er ég ekki að tala um það frv., sem lagt er fram til breytinga á lögum um iðju og iðnað — geta útlendingar fengið hér atvinnurekstrarleyfi, iðjuleyfi, hjá hvaða lögreglustjóra, sem er á landinu, ef þeir eru bara búsettir hér. Það eru engin skilyrði fyrir því að hafa íslenzkan ríkisborgararétt til að setja hér á stofn iðjufyrirtæki. Það er tekið fram í lögum, að það geti hver, sem er, fengið iðjuleyfi, karl eða kona, ef hann er heimilisfastur á Íslandi, þegar leyfið er veitt, og hefur verið það síðasta árið. Þetta er skilyrðið. Hver útlendingur, sem væri búsettur hér, gæti vegna þessara laga, sem nú eru í gildi, sótt til viðkomandi lögreglustjóra — en í 7. gr. eru það lögreglustjórarnir, sem veita iðjuleyfið — og fengið iðjuleyfi. Þetta er nauðsynlegt, að hv. þm. viti, og það er nauðsynlegt, að hv. þm. viti það líka, að nú geta útlendingar átt hér hlutabréf í hlutafélögum allt að 50% og allt að 100% með leyfi stjórnvalda samkv. gildandi lögum. Það er bara engin ásókn í þetta. Ég kannast ekki við eitt einasta tilfelli, þar sem erlent fyrirtæki hefur óskað eftir slíkri aðild að atvinnurekstri hér á landi — ekki meðan ég hef verið ráðh., og ég þekki ekkert dæmi frá öðrum tíma um, að nein ásókn hafi verið í þetta. En ef erlendum fyrirtækjum væri svona mikið í mun að hefja hér atvinnurekstur, þá hafa þau haft þessa aðstöðu.

Hv. 6. þm. Reykv. spurði einnig um það, hver hefðu orðið málalok í ferðalagi, sem ég hefði farið á s. l. vori til Norðurlanda gagngert til þess að kanna, hversu mörg norræn fyrirtæki vildu stofna dótturfyrirtæki á Íslandi. Ég kannast bara ekki við neina slíka för af minni hálfu. Mér barst á s. l. vetri heimboð frá dönskum starfsbróður mínum í dönsku ríkisstj., sem fer með iðnaðarmál þar, viðskmrh. og iðnmrh. Dana, fyrir milligöngu danska sendiherrans hér, sem mun hafa haft áhuga á þessu. Hann hafði orðað þetta við mig áður og taldi eðlilegt að koma á sambandi og tengslum milli starfsbræðra í dönsku og íslenzku ríkisstj., eins og honum var kunnugt um, að hafði komizt á í norsku ríkisstj., þegar ég heimsótti starfsbróður minn þar fyrir tveimur árum. Sá hinn sami kom hingað til Íslands í boði ríkisstj., og þess vegna mun þessu boði hafa verið komið á framfæri við mig. Þetta hefur svo einnig leitt til þess, að ég hef fyrir hönd ríkisstj. boðið þessum starfsbróður mínum að koma til Íslands á næsta vori. Þetta var sem sé heimboð til Kaupmannahafnar, sem stóð í 3 daga. Ég fór á mánudegi og kom heim á föstudegi.

Ég ræddi að sjálfsögðu iðnaðarmál bæði við ráðh. og embættismenn í rn. Einnig ræddi ég við iðnrekendur og iðnþróunarráð, sat á fundi

með því, „Industrirådet", þar sem mér var gerð grein fyrir því, hvernig um hnútana er búið skipulagslega hjá Dönum. Við ræddum líka mismunandi aðstöðu landanna, einmitt um EFTA-aðstöðuna, og ég hef sagt frá því áður, sem kom fram í þeim umr., að Danir hefðu byggt á þessu og reynt að gera ýmsar áætlanir um nýjan útflutning eftir aðildina að EFTA, og þá var mér tjáð í þessum umræðum, að allar þær áætlanir, sem þar hefðu verið gerðar, hefðu reynzt meira og minna rangar. Það hefði m. ö. o. engin þeirra staðizt, en það hefði ekki verið svo mikill skaði skeður vegna þess, að reyndin hefði verið miklu betri en áætlanir þeirra, sem bjartsýnastir hefðu verið. Iðnþróunin hefði aldrei verið örari í landinu á jafnskömmum tíma og eftir að þeir gengu í EFTA. Þeir sögðu auðvitað frá því, að það hefðu verið efasemdir hjá ýmsum og nokkur andstaða í upphafi gegn EFTA, sem nú bæri ekki lengur neitt á, eins og verið hefur hér á landi, og út af fyrir sig hef ég ekki talið það neitt undarlegt, þó að menn hafi mismunandi skoðanir á því, hvað slík aðild kunni að fela í sér til gagns eða ógagns.

Þá spurði hv. 6. þm. Reykv. að því, hvað liði olíuhreinsunarstöðvarmálinu. Hvernig stendur það mál? spurði hv. þm. En þetta var hann að ræða í sambandi við það, að það væru okkar óskir að fá útlendinga til þess að vera með í eða til þess að reisa hér olíuhreinsunarstöð. Nú er það svo, að ég gerði hv. þm. grein fyrir stöðu þess máls í maímánuði s. l. og lagði þá fram í þinginu skýrslu um stöðu málsins eins og hún var þá. Síðan hefur allmikið verið unnið að málinu, og ég geri ráð fyrir því að gera þinginu síðar eftir áramótin nánari grein fyrir því, sem gerzt hefur frá þeim tíma og þar til núna eða hvenær sem að þeirri skýrslugerð kemur. Ég hef lagt áherzlu á það — m. a. vegna þess að hv. þm. hafa óskað eftir því — að gera þeim á hverjum tíma grein fyrir þeim aðgerðum, sem af hálfu stjórnvalda hafa átt sér stað í því máli, en það átti nú að vera einn vankanturinn á okkur, þessum stjórnarherrum nú, að við vildum reisa slíkt fyrirtæki í samvinnu við útlendinga. Nú verð ég að segja það, að í mínum augum er það síður en svo nokkuð verra að kaupa hreinsaða olíu af útlendingum eða útlenzkri — alútlenzkri — olíuhreinsunarstöð hér í Geldinganesi en kaupa hana af olíuhreinsunarstöð við Svartahaf eða annars staðar í Sovétríkjunum. Ég vildi miklu heldur, þó að útlendingar ættu stöðina alla, hafa hana hérna. Þannig hafa Danir t. d. farið að. Hið danska ESSO hefur reist olíuhreinsunarstöð í Kalundborg, 2—3 millj. tonna olíuhreinsunarstöð. Það stendur fallegum stórum stöfum utan á henni Danska ESSO, þegar maður kemur og skoðar stöðina, en það er ekki danskur eyrir í stöðinni. Erlendir aðilar hafa reist hana, og Dönum hefur þótt fengur í því. En hitt er svo rétt, að í sambandi við olíuhreinsunarstöð hér á landi höfum við lagt áherzlu á það, eins og kom fram í grg., sem ég lagði fram í þinginu í maí, að við Íslendingar ættum meirihlutann í olíuhreinsunarstöð, sem reist yrði hérna, og hefðum jafnvel einnig aðstöðu til þess að eignast á vissu árabili stöðina alla, ef svo bæri undir. Um þetta mál skal ég ekki fara fleiri orðum nú.

Hv. 6. þm. Reykv. vék nokkuð að skýrslu dr. Guðmundar Magnússonar prófessors, og það hefur hent bæði hann og reyndar fleiri þm. að vitna í ýmis ummæli í þessari skýrslu og taka þau nokkuð út úr samhengi, að því er mér hefur fundizt, en sérstaklega er það þó verra, að menn hafa rætt um þessa skýrslu eins og hún ætti að vera um eitthvað allt annað en hún átti að vera um. Og hv. 6. þm. Reykv. sagði, að þetta væri 120 síðna lýsing á iðnaði eins og hann nú er, en ekkert væri í skýrslunni um það, sem spurt væri að. En sjálf hefst skýrslan á 1. síðu með þessum orðum, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessari skýrslu er í grófum dráttum hafður sá háttur á, a) að huga að þróun íslenzks iðnaðar á undanförnum árum, b) að athuga áhrif fríverzlunar og tolla almennt, og að síðust, c) að ræða sérstaklega ástand og horfur í einstökum iðngreinum með tilliti til hugsanlegrar EFTA-aðildar."

Um þetta er skýrslan, og það er þetta, sem þessum ágæta prófessor var falið að gera skýrsluna um. Og þetta kemur reyndar víðar fram í skýrslunni, þannig að menn ættu ekki að þurfa að villast neitt á því. Prófessorinn segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 20:

„Tilgangur þessarar rannsóknar er að kanna, hvaða áhrif hugsanleg EFTA-aðild kunni að hafa á íslenzkan iðnað, einkum þann, sem nú er stundaður."

Það var tilgangurinn að biðja þennan prófessor að kanna iðnaðinn, að reyna það með slíkri könnun, sem ekki hafði áður verið gerð og hvergi var greiður aðgangur að, því að okkar efnahagsskýrslur varðandi iðnað, svo sem marga aðra atvinnuvegi, eru ekki svo fjölskrúðugar. Tilgangurinn var að fá hann til að gera slíka skýrslu til þess, að af því mætti leiða líkur að því, hvernig EFTA-aðildin mundi verka hér á landi eða hvaða áhrif EFTA-aðildin mundi hafa á íslenzkan iðnað einkum vegna hinnar margumtöluðu tollverndar, sem íslenzkur iðnaður hefur notið og sem smátt og smátt á 10 ára aðlögunartímabili átti að hverfa. Ég hygg, að dr. Guðmundur Magnússon hafi unnið mjög athyglisvert verk með þessari skýrslugerð, enda hef ég ekki heyrt neina gagnrýni á hana, en hins vegar hefur töluvert úr henni verið rangtúlkað bæði hér í þingsölunum og í blöðum. En það er auðvitað rétt, sem bent hefur verið hér á, að skýrslan er samin af hlutlausum aðila, og það er varfærnislega til orða tekið og það er auðvitað alveg rétt, að það er ekki allt lof eða jákvætt, sem fram kemur í skýrslunni. Prófessorinn hikar ekki við að benda einnig á þau atriði, sem eru neikvæð, en heildarniðurstaða hans er jákvæð. Hann álítur, að iðnaður-

inn standi þannig nú, að EFTA-aðild með þeim samningi, sem liggur fyrir og gerir kleift að öðlast hana, muni leiða til öflugri og meiri iðnþróunar í landinu en ella. Það er meginefni málsins, að eftir að hafa kannað á hlutlausan hátt aðstöðu iðnaðarins nú varð niðurstaða prófessorsins sú, að EFTA-aðild muni vera jákvæð fyrir okkur, að við eigum að gerast aðilar að Fríverzlunarbandalaginu og það muni leiða til öflugri iðnþróunar í landinu eins og reyndar tilgangur EFTA-aðildarinnar að sjálfsögðu er og tekið er fram sem markmið í sjálfum stofnsamningnum, þ. e. að EFTA-samstarfið eða Fríverzlunarsamtökin eigi að stuðla að frjálsari verzlun í þeim tilgangi að auka hagsæld og atvinnu í þeim löndum, sem hlut eiga að máli, ekki einstökum þeirra, heldur öllum aðildarríkjunum.

Þá vildi ég aðeins mega vikja að því, sem fram kemur í nál. 2. minni hl. utanrmn. á þskj. 209. Það er næsta furðulegt plagg. Á 1. bls. í því nál. eru öfugmæli við öfugmæli um aðstöðu iðnaðarins og iðnþróun í landinu. Það er hreint eins og þeir aðilar, sem hafa hugsað þetta, hafi aldrei dvalið á Íslandi og komi úr einhverjum allt öðrum heimi.

Í fyrsta lagi segir hv. 2. minni hl. utanrmn., að Framsfl. hafi flutt till. um það á Alþ. 1960: „að mörkuð yrði sérstök iðnþróunarstefna og iðnaðurinn efldur og styrktur á þeim grundvelli.“ Ég mundi nú ekki eftir því, að Framsfl. hefði flutt neina till. 1960 um, að mörkuð yrði hér sérstök iðnþróunarstefna, þannig að ég fór í þingtíðindin til þess að sjá þessa merku till. um að marka iðnþróunarstefnu á Íslandi. Till. er í þremur liðum. Iðnþróun er hvergi nefnd í till., hvað þá að mörkuð sé iðnþróunarstefna. En liðirnir eru þrír, efnisliðir þessarar till., og það er í fyrsta lagi að leggja fyrir Rannsóknaráð ríkisins að taka til rækilegrar athugunar og rannsóknar í samráði við Iðnaðarmálastofnun Íslands, hvaða iðngreinar geti hérlendis haft jafngóðan eða betri starfsgrundvöll en hliðstæðar iðngreinar hafa í nágrannalöndum Íslands. Þetta út af fyrir sig mundi sjálfsagt hafa getað leitt til iðnþróunar; við getum sagt það. En sannast að segja hefur sitthvað verið gert af þessu tagi hér á landi, þó að ekki hafi verið skrifuð nein skýrslugerð um það. Félag ísl. iðnrekenda hefur sett á laggirnar hjá sér og með tilstuðlan stjórnvalda útflutningsskrifstofu til þess að efla íslenzkan útflutningsiðnað og nú þegar tekið þátt í allmörgum vörusýningum til þess að auglýsa íslenzkan iðnvarning. Á laggirnar hafði verið sett fyrir þremur árum iðnþróunarráð, sem á fjölmargan hátt hefur fjallað um iðnþróunarmöguleika í einstökum atriðum hér á landi og stuðlað að framgangi ýmissa mála á því sviði, en það hefði orðið of langt mál að fara að rekja þau mál nú í þessum umr., sem þar hafa borið á góma. En m. a. setti iðnþróunarráð á laggirnar útflutningsnefnd. sem átti að hafa það markmið að kanna og athuga möguleika til útflutningsiðnaðar. Og þessi nefnd skilaði áliti á s. l. ári — seinni hluta ársins 1968. Lögð var áherzla á, að tvær af till. nefndarinnar eða ein till. — getum við sagt — kæmi þegar til framkvæmda. Þar var lagt til, að settar yrðu á laggirnar tvær útflutningsnefndir eða tvær samstarfsnefndir til þess að vinna að eflingu útflutningsiðnaðar, önnur til að vinna að útflutningi iðnaðar úr íslenzkum hráefnum og hin til að vinna að möguleikum á útflutningi tækja og véla og búnaðar í tengslum við íslenzkan sjávarútveg, þar sem við höfum vissulega mikla sérstöðu og höfum framleitt ýmis tæki í tengslum við sjávarútveginn, bæði vélar og annað. Þessar nefndir eru báðar starfandi og hafa þegar unnið töluvert að því að undirbúa og gera till. um aðgerðir til þess að efla aðstöðu okkar til útflutningsiðnaðar, og verður nánar gerð grein fyrir því máli seinna. Varðandi iðnþróunartill. Framsóknar vil ég aðeins bæta því við, að á fjárl., sem við erum nýbúnir að afgreiða, voru veittar 3 millj. kr. til útflutningsskrifstofu Félags ísl. iðnrekenda, en hún hefur frá upphafi verið í nánu samstarfi og tengslum við rn., og það hefur verið — það er rétt, að það komi fram — sameiginleg skoðun iðnrekenda, sem að þessari skrifstofu standa, og stjórnvalda, að það væri eðlilegt að veita henni brautargengi með opinberum styrk í upphafi, en í framtíðinni yrði stefnt að því eftir því, sem útflutningur iðnvarnings þróaðist, að iðnaðurinn sjálfur tæki á sig kostnaðinn af rekstri þessarar skrifstofu og af öðrum störfum í sambandi við aukinn útflutning.

Í öðrum liðnum í till. Framsóknar um iðnþróunina er hlutazt til um, að stofnlán til iðnfyrirtækja verði aukin einkum til þeirra fyrirtækja, sem vilja hefja eða auka iðnrekstur til framleiðslu á útflutningsvörum. Það er m. a. sagt í þessu furðulega nál. 2. minni hl., að það hafi ekkert raunhæft gerzt, síðan þessi till. var flutt, og þess vegna sé ekki tímabært að fara í EFTA, því að þó að framsóknarmenn hafi verið duglegir að flytja till., þá hafi þær alltaf verið felldar og ekkert verið gert. Um stofnlánin til iðnaðarins er það að segja, að árið 1960, þegar þessi till. var flutt, voru útlán Iðnlánasjóðs 4.4 millj. kr. það árið, og sjóðurinn í heild var í árslok 1959 10 millj. kr. Síðan hefur þessi sjóður vaxið ár frá ári. Það hefur verið þannig, að 1961 eru útlán sjóðsins 9.7 millj. kr., 1962 13.9 millj. kr., 1963 38.8 millj. kr., 1964 50 6 millj. kr., 1965 58.3 millj. kr., 1966 76.5 millj. kr. og 1967 136.1 millj. kr. 1968 verður svo sjóðurinn fyrir afleiðingum af þeim áföllum, sem þjóðarbúskapurinn þá varð fyrir, og árleg útlán lækkuðu niður í 74.2 millj. kr., en hækka svo aftur á þessu ári og er áætlað, að þau verði um 112 millj. kr. Nú eru útlán Iðnlánasjóðs 395.2 millj. kr. M. ö. o., það hefur orðið til á þessu 10 ára tímabili, þegar ekkert á að hafa gerzt, af því að það var ekki samþ. þessi merkilega iðnþróunartill., öflugur stofnlánasjóður hjá íslenzkum iðnaði, sem hefur nú ráðstöfunarfé á hverju ári um og yfir 100 millj. kr. og fer vaxandi.

Árið 1963 voru sett ný lög um Iðnlánasjóð-

inn og honum þá tryggð fjáröflun, og það eru fá lög, sem jafnoft hafa verið gerðar breytingar á á þessu 10 ára tímabili og á iðnlánasjóðslögunum, og þær hafa allar miðað að því að efla sjóðinn. Þá var 1963 tekin upp ný fjáröflun til sjóðsins. Það var iðnlánasjóðsgjaldið, og síðan var framlag ríkissjóðs, sem var þá 2 millj. kr., hækkað — fimmfaldað — í 10 millj. kr., og hefur verið það síðari árin. Heimildir sjóðsins til lántöku hafa verið auknar stórkostlega, ef hann þyrfti á þeim að halda. Það hafa verið sett lög um sérstaka hagræðingardeild í Iðnlánasjóði, og boðið var út fé til hagræðingarlána, en það gekk því miður verr en skyldi. Fyrsti áfanginn var útboð á 25 millj. kr. og seldist á 15. millj. af því útboði. En það kom einmitt á þeim óheppilega tíma, þegar áföllin dundu yfir okkur á árunum 1967 og 1968. Það er auðvitað brýn nauðsyn og ríkisstj. er það ljóst, að efla þarf þessa hagræðingarlánadeild, og ég hygg, að það mundu skapast einmitt nú nýir möguleikar til þess. Sparifjármyndun hefur farið mjög mikið vaxandi í landinu. Hún hefur á þessu ári — það, sem af er — verið miklu meiri en á s. l. ári og hefur nærri því tvöfaldazt. En við aukna sparifjármyndun, eins og nú á sér stað, skapast af sjálfu sér nýir möguleikar til þess að afla slíkum sjóðum nýs fjár eða slíkum deildum, eins og hér er um að ræða í Iðnlánasjóði.

Nokkru síðar var svo stofnuð ný deild við Iðnlánasjóð með lagabreytingum, þ. e. lánadeild veiðarfæraiðnaðar á Íslandi, og þeirri deild var lagt til stofnfé, 11.6 millj. kr., og tryggðar tekjur — 1% af tollverði innfluttra veiðarfæra. Þessi deild hefur átt sinn þátt í því, að eina íslenzka veiðarfæragerðin, sem hefur verið uppistandandi, gat haldið áfram rekstri sínum og er nú í verulegum og örum vexti. Síðan var iðnlánasjóðslögunum einnig breytt síðast í október 1967. Þá var ákveðið, að 10% af árlegu iðnlánasjóðsgjaldi skyldi fara til að greiða fyrir hagrannsóknum í þágu iðnaðarins og aðgerðum, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu. Stjórn sjóðsins ráðstafar þessu fé í samráði við Félag ísl. iðnrekenda og Landssamband iðnaðarmanna, og þau hafa fengið þessar tekjur. Nú verða árlegar tekjur Iðnlánasjóðs eða iðnlánasjóðsgjaldið, eins og þarna er talað um, á þessu ári eitthvað nálægt 33 millj. kr., svo að þetta fé, sem þessi landssamtök hafa þarna til hagræðingar og aðgerða, sem stuðla að þjóðhagslega hagkvæmri iðnþróun í landinu, mundi nema á 4. millj. kr. Ég hygg, að þetta hafi verið framkvæmt þannig, að það skiptist nokkuð jafnt á milli þessara aðila. Í þessum sömu lögum um breytingu á iðnlánasjóðslögunum var ríkisstj. heimilað að greiða til lánadeildar veiðarfæraiðnaðar allt að 1.5 millj. kr. til að bæta innlendum veiðarfæraiðnaði það tjón, sem hann hefur, að mati stjórnar Iðnlánasjóðs, beðið vegna ákvarðana stjórnarvalda um breytingu á reglum um möskvastærðir fiskineta 1963 og 1964, en veiðarfæragerðin, sem átti hér hlut að máli, hafði legið með gamlar birgðir, og það hafði gert reksturinn mjög örðugan. Sumt af þessum birgðum var óseljanlegt eftir þessar aðgerðir stjórnvalda, sem ég gat um.

Ég minni á þetta til þess að vekja athygli á því, að hér hafa í löggjöfinni á undanförnum árum átt sér stað verulegar lagabreytingar, sem stuðlað hafa á einn eða annan hátt að iðnþróun í landinu, eins og ég nú hef lýst. Ég geri ráð fyrir því, að með aðildinni að EFTA og þeirri aðstöðu, sem er í þjóðfélaginu að öðru leyti nú, þá megi iðnaðurinn búast við því, að til útlána verði á árinu 1970 um fimm sinnum meira ráðstöfunarfé en Iðnlánasjóðurinn íslenzki hefur haft yfir að ráða fram til þessa — eða nálægt 500 millj. kr. Þá er ég að tala um á 4. hundrað millj. kr., sem munu koma inn á árinu frá Norræna iðnþróunarsjóðnum og fé Iðnlánasjóðs, eins og verið hefur, að viðbættri tekjuöflun, sem ríkisstj. mun vinna að íslenzka Iðnlánasjóðnum til handa. Það er auðvitað ekki lítill aflgjafi fyrir íslenzkan iðnað að fá nýja fjárfestingarmöguleika, sem felast í því, að hægt er að veita úr honum um það bil fimm sinnum meira en verið hefur til nýrrar fjárfestingar í vélum og búnaði.

Hv. 2. minni hl. utanrmn. gerir grein fyrir því, að Framsfl. hafi nú setið hjá í fyrra, þegar till. var hér um það að leita samninga um EFTA-aðild. Þeir bregða ekki vana sínum nú, eins og niðurlag nál. ber með sér. Þar segir, að þessi mál séu því enn í sömu sporunum og fyrir ári, þ. e. EFTA-málið.

Nú hefur á þessu ári verið unnið ótrúlega mikið starf við að ná þeim samningum við EFTA, sem liggja hér fyrir þinginu og eru að allra dómi taldir vera mjög hagstæðir fyrir okkur, en gífurlega mikið verk fór í að koma heim og saman, og svo á ekkert að hafa gerzt. Við vitum núna, með hvaða kjörum við eigum kost á aðild að EFTA, sem við ekki vissum áður. Nú á þessu ári hefur verið haft náið samband við aðila atvinnurekstrarins, bæði í sjávarútvegi og iðnaði sérstaklega. Samin hefur verið þessi skýrsla um iðnþróunina, „Íslenzkur iðnaður og EFTA", sem dr. Guðmundur Magnússon tók saman, og það hafa verið haldnir óteljandi fundir með þessum aðilum, bæði af hálfu ráðh. og embættismanna, með iðnrekendum í einstökum greinum og sameiginlega. Það hefur komið fram, að á s. l. vori voru skipaðar 18 nefndir í hinum ýmsu iðngreinum hér, og stöðugir fundir voru þá með þessum nefndum, þar sem afstaðan til EFTA-aðildar var skýrð fyrir mönnum og af hálfu iðnrekenda var gerð grein fyrir aðstöðu iðnaðarins til þess að taka á sig skuldbindingar, sem í EFTA-samningnum kynnu að felast. Síðan voru þessi fundahöld tekin upp aftur í haust jafnhliða því, sem margir fundir voru haldnir af hálfu ráðherra iðnaðarmála, viðskiptamála og fjármála með stjórnendum Félags ísl. iðnrekenda, og leiddu fundirnir til þess, að ríkisstj. skýrði fyrir þeim ráðagerðir,

sem hún hefði í huga í sambandi við EFTA-aðildina, og gerði grein fyrir ýmsum málum, sem unnið hefur verið að í sambandi við hugsanlega EFTA-aðild. Allt bendir til þess, að iðnrekendur telji sér hag í því að vera meðmæltir því, að Ísland gerist aðili að EFTA, en fram kom í almennri atkvgr., að mikill meirihluti þeirra var fylgjandi þessu.

Ég er að nefna þetta m. a. til að sýna, hversu kynlegur þessi samsetningur er í nál., að ekkert hafi gerzt og við stöndum algjörlega í sömu sporum. Það, sem hefur gerzt m. a., svo að ég nefni eitthvað af þessum hlutum, er þeim mönnum kunnugt um, sem skrifa þessi nál. Fjmrh. skipaði fyrri hluta ársins eftir ákvörðun ríkisstj. sérstaka nefnd til endurskoðunar skattalaga, og hafði nefndin það verkefni að kanna áhrif væntanlegrar EFTA-aðildar á skattalega aðstöðu fyrirtækja. Nefndin hefur bein fyrirmæli frá fjmrh. um að miða till. sínar við, að skattaleg aðstaða fyrirtækja hér verði ekki lakari en gerist í EFTA-löndunum. Það hefur verið skýrt frá því, að þessi nefnd sé komin langt í störfum sínum. Hún hefur skipt þeim í tvennt. Er þar um að ræða till., sem við gerum ráð fyrir, að komi til framkvæmda við næstu álagningu skatta, og þar í eru ákvæði, er auðvelda eiga slit og samruna fyrirtækja skattalega séð, einnig ákvæði, sem draga úr eða koma í veg fyrir tvísköttun arðs af rekstri fyrirtækja og gera eiga hlutabréf þeirra fýsilegri að eiga, kaupa og selja en verið hefur, og í þriðja lagi breyting á afskriftareglum, er miðar að því að breyta þeirri þróun, er rýrt hefur stórlega raunvirði afskrifta undanfarið. Það hefur ekki verið nein launung á starfsemi þessarar nefndar, eins og ég sagði áðan. Höfundi þessarar nefndar á að vera eins kunnugt um þetta og ég geri ráð fyrir að öðrum þm. sé.

Meðal atriða, sem hefur verið lýst yfir, að verið væri að vinna að, er það að skapa iðnaðinum aðstöðu og semja reglur um, að við útflutning geti íslenzkir framleiðendur iðnaðarvara boðið erlendum kaupendum útflutningslán eða greiðslufrest, sem er sambærilegt við það, sem býðst erlendis. Jafnframt er verið að kanna það, og hefur Seðlabankinn eftir ósk ríkisstj. forgöngu um það í samráði við fjmrn., viðskmrn. og iðnmrn., hvaða reglur gildi hjá nágrannaþjóðum okkar og öðrum, sem eiga að stuðla að eflingu útflutningsiðnaðar með útflutningsábyrgðum. Þar er um að ræða alveg nýtt kerfi, ef því yrði komið á, í okkar efnahagsmálum, sem ekki hefur verið til hér áður, en sem hefur auðvitað greitt stórkostlega fyrir útflutningsmöguleikum Dana og Norðmanna og þeirra þjóða, sem njóta slíkra útflutningslánaábyrgða. Með tilkomu Norræna iðnþróunarsjóðsins skapast aðstaða til þess annaðhvort að stofna sérstakan aðlögunarsjóð eða veita fé úr einhverri deild norræna sjóðsins eða íslenzka Iðnlánasjóðsins á aðlögunartímabilinu til þess að greiða fyrir því, að iðnaðurinn aðlagist þeim breyttu viðhorfum, sem verða við EFTA-aðildina, og enn fremur til þess að veita mikið fé til tækninýjunga. Gert er ráð fyrir því, að veita sérstök hagstæð lán eða beinlínis framlög til rannsókna og til tækninýjunga til markaðskannana. Það hefur líka verið unnið að því að reyna að afla iðnaðinum tækniaðstoðar í samvinnu við Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna, og mér er nokkuð kunnugt um það bæði í sambandi við málmleit og aðrar greinar, sem ég skal ekki tefja tímann á að fara út í.

Það er eitt atriði, sem ríkisstj. hefur tekið fram í viðræðum sínum við iðnrekendur og er mjög þýðingarmikið, þegar við göngum í EFTA, að fylgzt verði gaumgæfilega með áhrifum væntanlegrar aðildar að EFTA á iðnaðinn – ekki aðeins á einstakar greinar iðnaðarins, heldur á iðnaðinn í heild. Þetta mundi leiða til þess, að ef þróunin verður óhagstæðari í einstökum greinum, alveg sérstaklega óhagstæð eða eitthvað því um líkt, þá þarf að gera ráðstafanir til þess að koma þeim til sérstakrar hjálpar og einnig hitt, að fari heildarþróunin á annan veg en markmiðið er með EFTA-aðildinni, þá verður að endurskoða okkar afstöðu og e. t. v. slíta tengslum okkar við EFTA, ef svo ber undir.

Það hefur réttilega verið vikið að því hér, að það þarf margt að breytast hér til þess, að við getum haft það hagræði af EFTA-aðildinni, sem menn óska. Þar hefur sérstaklega verið m. a. vikið að fræðslumálum, sem hér bar á góma áðan. Ríkisstj. ákvað á fundi sínum þ. 16. þ. m. að skipa nefnd, sem ætti að vinna að því að rannsaka og gera till. um verkkennslu iðnverkafólks og stofna til endurhæfingarstarfsemi og þjálfunar þess, þegar umskipti verða í iðngreinum vegna vaxandi iðnþróunar, þannig að nýjar iðngreinar vaxa upp eða eldri iðngreinar eflast með skjótum hætti samhliða samdrætti í öðrum. Einnig telur ríkisstj., eins og segir í bréfi til þeirra aðila, sem eiga að tilnefna menn í þessa nefnd, nauðsynlegt að íhuga sjóðsmyndun í þeim tilgangi að tryggja því iðnverkafólki bætur, sem sagt er upp starfi, án þess að það sé vegna tilverknaðar þess sjálfs í líkingu við það, sem nú gerist á Norðurlöndum og meðal annarra iðnaðarþjóða. Þeir aðilar, sem hafa verið beðnir um að tilnefna menn í nefnd til að kanna þessi atriði, eru: Tryggingastofnun ríkisins, Iðnfræðsluráð, Iðja, félag verksmiðjufólks í Rvík, og Félag ísl. iðnrekenda, en iðnmrh. mun skipa fimmta mann í nefndina, en hann mun verða form. hennar. Það er svo gert ráð fyrir því að leggja áherzlu á það við nefndina, að hún reyni að hraða störfum sínum sem mest, þannig að ef hún gerði till., sem stjórnin teldi nauðsynlegt að koma í framkvæmd, og atbeina löggjafans þyrfti með, þá gæti komið til kasta Alþ. að taka afstöðu til þess á síðari hluta þingsins.

Það er einnig verið að athuga sérstakt námskeiðshald fyrir stjórnendur fyrirtækja, sem ekki er enn búið að ganga endanlega frá. Það er eitt af þeim atriðum, sem lögð hefur verið réttilega áherzla á af mönnum og þarf að

kanna vel. Ég veit, að iðnrekendur og stjórnendur atvinnufyrirtækja hér eru mjög jákvæðir í þessum efnum. Þetta hefur komið fram á námskeiðum, sem Stjórnunarfélag Íslands hefur haldið, en það, sem ég er að tala hér um, eru miklu umfangsmeiri námskeið en áður hafa verið haldin hér á landi.

Ég skal nú verða við beiðni hæstv. forseta um að lengja ekki fundartímann. Ég vil aðeins ljúka máli mínu með því að lýsa því yfir, að því lengri og meiri sem könnun mín á hugsanlegri EFTA-aðild og aðstöðu iðnaðarins hefur orðið og með hliðsjón af þeirri rannsókn, sem þar hefur farið fram, þeim mun líklegra tel ég, að hér verði um að ræða mjög heillaríkt spor fyrir íslenzkan iðnað, ef við tökum þátt í EFTA. Ég skal játa það, að í upphafi var kannske lögð meiri áherzla á EFTA-aðildina vegna sjávarútvegsins og talið fyrst og fremst honum nauðsynlegt og mest hagræði fyrir hann að EFTA-aðildinni, en mín niðurstaða er nú orðin sú við nánari kynni af málinu. að það sé ekki síður iðnaðinum mikils virði, að við gerumst aðilar að EFTA. Ég hygg, að með því móti skapist og hafi þegar skapazt, sem ég reyndar hef gert grein fyrir áður á öðrum vettvangi, nýtt viðhorf til iðnaðarins. Menn líta á hann öðruvísi en fram til þessa, þ. e. að það sé einmitt fyrst og fremst á iðnaðarins herðum, sem það hvílir að veita móttöku vinnuafli á komandi áratugum, og það er af eðlilegum ástæðum, að það er fyrst og fremst þessi atvinnugrein, sem gæti verið þess umkomin og megnug. Að sjálfsögðu felst ekki í því, að það sé ekki brýn nauðsyn að efla aðrar atvinnugreinar okkar, og auðvitað verður sjávarútvegurinn um langa framtíð sá undirstöðuatvinnuvegur, sem afkoma almennings byggist á, en að mínum dómi hygg ég, að EFTA-aðildin verði sú mesta lyftistöng, sem íslenzkum iðnaði hafi boðizt nokkru sinni, en það er auðvitað reynslan ein, sem fær skorið úr um það, en ég hygg, að þetta verði niðurstaðan.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég ætla að leyfa mér að gera örfá atriði þessa máls, sem komið hafa hér fram við umr., að umtalsefni. Ég vil fyrst leyfa mér að segja það, að ég er mjög ósammála því, sem hæstv. viðskmrh. hefur verið að reyna að gera hér, bæði hér áðan og eins fyrr, að túlka afstöðu manna til inngöngu í EFTA sem prófstein á það, hvort menn séu fylgjandi fríverzlun, og sem úrskurðaratriði í því efni, hvort menn vilji, að hér rísi upp nýjar iðngreinar eða ekki. Þessum málflutningi hefur ráðh. beitt hvað eftir annað, en ég held, að það sé alveg sama, hve oft hann heldur þessu fram, hann fær aldrei rétta útkomu út úr þessu dæmi, og ég ætlaði bara, ef ráðh. hefði verið hérna viðstaddur, að endurtaka það, sem ég hef áður sagt í þessu máli, að ég a. m. k. er hlynntur því, að aukin fríverzlun geti komizt á, en ég er algerlega ósammála þeirri aðferð, sem hér hefur verið viðhöfð. Og ég hygg, að það þurfi ekki að eyða löngum tíma hér til þess að rökstyðja það, því að það liggur í augum uppi.

Því er mikið haldið fram hér, að innganga okkar í EFTA hljóti að færa okkur mikla efnahagslega blessun, og það gjarnan rökstutt með því, að Norðmönnum og Dönum hafi vegnað vel í EFTA. Nú mundi ég telja, ef ætti að leggja þetta til grundvallar, að það væri kannske fremur til að gefa vísbendingu um, að erfiðleikar mundu mæta okkur á þessum mörkuðum, því að vitanlega eru þessir markaðir ekki ótakmarkaðir, og því meira, sem aðrar EFTA-þjóðir eru búnar að leggja undir sig, því minna ætti því að verða eftir handa okkur. En málið er nú ábyggilega ekki svona einfalt. Og ég ætla eins og margur hér að vitna í skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors, en þar segir hann á bls. 23 um þá viðskiptaaukningu, sem orðið hefur í bandalagsríkjum bæði EFTA og Efnahagsbandalagsins, með leyfi forseta:

„Ekki eru allir sammála um, hversu mikið stofnun EEC eða EFTA beri að þakka þá aukningu viðskipta, sem orðið hefur. En eins og gefur að skilja, hefði óhjákvæmilega orðið talsverð aukning á viðskiptum, að öðru jöfnu, vegna aukningar velmegunar og fólksfjölgunar, enda þótt þessi samtök hefðu ekki verið stofnuð.“

Mér finnst, að hæstv. ráðh. og þeir aðrir talsmenn EFTA-málsins hafi gleymt að vitna í þennan kafla í þeirri skýrslu, sem þeir annars halda mjög á lofti. En þar segir prófessorinn, eins og ég las, berum orðum, að menn greini á um það, hvað mikið sé að þakka stofnun bandalaganna og hve mikil viðskiptaaukning hefði orðið, þó að ekkert viðskiptabandalag hefði verið gert. Ég álít, að það sé hrein fjarstæða, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér í kvöld, að það væri ómögulegt að gera iðnþróunaráætlun fyrr en búið væri að tengjast einhverju erlendu bandalagi. Ég segi þvert á móti það, að það er að mínum dómi fráleitt að steypa sér út í viðskiptabandalög erlend án þess að hafa gert slíka áætlun — án þess að vita, hvað það er, sem við ætlum okkar fólki að vinna, þegar breytingin er um garð gengin. (Gripið fram í.) Viðskmrh. er sjálfsagt búinn að fá sinn skammt hér í dag og langar ekki í meira; ég get út af fyrir sig vel skilið það. Ráðh. þessi sagði það, að frestur væri af þessum ástæðum versti kosturinn. En ég segi: Það er versti kosturinn að ana út í óvissuna án þess að hafa gert þær ráðstafanir, sem hægt er að gera.

Hæstv. viðskmrh. gerði hér Norræna iðnþróunarsjóðinn að heilmiklu umtalsefni í ræðu sinni áðan, og hann sagði eitthvað á þá leið, að Norðurlöndin hefðu viljað jafna metin, af því að það væri ljóst, að við EFTA-aðildina mundu þau græða í viðskiptum — þau mundu græða á viðskiptunum, en vilja ekki græða á okkur frændum sínum; þess vegna væru þeir að skila gróðanum í formi Iðnþróunarsjóðsins, 1200 millj. kr., vaxtalaust lán í 25 ár.

En hvernig skyldu þá viðskiptin verða við hin EFTA-ríkin? Ætli þau tapi þá því sem

svarar gróða okkar af EFTA-aðildinni? En mér skildist það á máli viðskmrh., að vegna þess að Norðurlöndin seldu svo mikið meira til Íslands en þau kaupa frá okkur, þá yrði mismunurinn þessi. En ég sé ekki betur á innflutningsskýrslum og útflutningsskýrslum Hagstofunnar frá s. l. ári, að þessu sé svona farið um öll EFTA-ríkin að einu undanskildu. Frá Bretlandi fluttum við inn vörur 1968 fyrir 1023 millj. kr. Við seldum þeim fyrir 604 millj. kr. Þar er mismunur upp á 420 millj. kr. Bretum í hag. Frá Sviss keyptum við fyrir 70 millj. kr., en seldum þeim fyrir 26 millj. kr. Þar er mismunurinn 44 millj. kr. Svisslendingum í hag. Frá Austurríki keyptum við vörur fyrir 14 millj. 440 þús. kr., en seldum þeim fyrir 240 þús. kr. Þar er mismunur upp á 14 millj. kr. Austurríkismönnum í hag. Megum við þá ekki eiga von á því, að þessi ríki vilji líka fyrir vináttu og frændsemis sakir skila okkur einhverju af þessum mismun? Þeir svara því sem vita. En eitt EFTA-ríki hefur keypt meira af okkur en það hefur selt okkur; það er Portúgal. Portúgalar hafa keypt af okkur fyrir 228 millj. kr., en selt okkur fyrir 11 millj. kr. Ef reikningi hæstv. viðskmrh. um mismuninn í viðskiptunum við önnur norræn ríki mætti beita eins og ég hef hér gert, þá er ljóst, að allur okkar hagur á að koma frá viðskiptunum við Portúgal. Svona finnst mér þessi saga geti litið út. Ég sé, að hæstv. viðskmrh. er kominn, og það er gott; betra seint en ekki. Ég hef beint til hans nokkrum aths. út af þeirri ræðu, sem hann hélt hér áðan, og ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka það, enda vona ég, að hann kynni sér það, sem hér hefur farið fram, meðan hann var í burtu.

Menn geta bent á það, að ýmsir sérfræðingar hafi látið frá sér fara álit um áhrif EFTA-aðildar. Ber þar náttúrlega hæst skýrslu Guðmundar Magnússonar, þá löngu ritgerð, en með því að hún hefur trúlega ekki þótt fullnægjandi þrátt fyrir blaðsíðutalið, þá voru þrír aðrir ungir menn fengnir til þess að gera athugun á 25 iðngreinum, sem hugsanlegt væri, að við gætum aukið útflutning á við EFTA-aðild. Niðurstöður þeirra eru mismunandi. Ég tel, að það hafi verið gott að fá þetta verk unnið, en er alveg sannfærður um eftir lestur þeirrar skýrslu, að hún hefur verið unnin í mjög miklum fljótheitum. Um niðursuðuiðnað segja þeir, að EFTA-áhrifin mundu verka vel og í spuna- og vefjariðnaði. Segja þeir engan veginn óhugsandi, að unnt reynist að flytja út gólfteppi, ef af EFTA-aðild verður. Það er sem sé heldur jákvætt. Sama er að segja um prjónlesiðnað, fataiðnað, húsgagna- og innréttingasmíði. Telja þeir, að fyllsta ástæða sé til að áætla, að útflutningsmöguleikar séu töluverðir, ef af EFTA-aðild verður.

Hins vegar hefur prófessor Guðmundur Magnússon einnig gert húsgagnaútflutninginn að umtalsefni, og hann segir í sinni skýrslu um hann — þetta eru svo margar skýrslur, að maður finnur þetta ekki alveg strax: „Ástæðulaust er að vanrækja Ameríkumarkað, þótt gengið yrði í EFTA. Þar er stór markaður og kaupgeta mikil. T. d. virðist einkum um Ameríkumarkað að ræða fyrir útflutning á skinnavöru og húsgagnaframleiðslu.“ Húsgagnaframleiðendum eru sem sé allir vegir færir. Það opnast stór markaður fyrir þá í EFTA-löndunum að áliti annarra sérfræðinga — og möguleikar þeirra eru þó einkum í Ameríku. Það er á fleiri sviðum, sem ósamræmi er milli þessara álitsgerða, og svo virðist sem þeir, sem síðar unnu að þessu, hafi ekki haft mikla hliðsjón af því, sem fyrir lá, þegar þeir unnu sitt verk. Um ullarþvott, spuna og vefnað segir þannig Guðmundur Magnússon prófessor, áður en hinir sérfræðingarnir eru búnir að tjá sig um það, að talsverðir möguleikar myndist: „Í ullarþvotti, spuna og vefnaði fylgja kostir stærra markaði ekki síður en gallar.“ Á að byggja nýju iðnþróunaráætlunina á þessu, þegar loksins verður hægt að gera hana, eftir að hæstv. viðskmrh. er búinn að koma landinu í bandalagið?

Bæði í skýrslum sérfræðinga og eins í ræðum hæstv. ráðh. hefur mikil áherzla verið lögð á það, hversu samningurinn við Bretland væri okkur sérstaklega hagstæður, vegna þess að það hefði fengizt svo hátt lágmarksverð á innfluttum fiski í Bretlandi, 25 skildingar á „stone“. En ég vil nú spyrja hæstv. ráðh. eða aðra, sem því vilja svara: Er ekki þetta lágmarksverð fyrst og fremst verndarákvæði fyrir fiskframleiðendur í Bretlandi? Og er það ekki rétt, að Bretar hafi viljað hafa þetta lágmarksverð hærra, en samningar Norðmanna og þá kannske Íslendinga líka hafi miðazt við það að lækka lágmarksverðið? Mér fyndist það ekkert óeðlilegt lágmarksverð á fiski í Bretlandi. Það er eitt af því, sem hæstv. ráðh. hafa mest talið þessum samningi til gildis. Fyrir þá, sem ekki hafa fylgzt með málinu, get ég endurtekið það, að hér er um að ræða lágmarksverð á fiskinnflutningi til Bretlands. Mér þykir það ekkert ósennilegt, að brezkir fiskframleiðendur vilji gjarnan vera lausir við samkeppni frá Íslandi og Noregi að einhverju vissu marki, þannig að þeir geti tryggt sínum mönnum eða sjálfum sér ákveðið verð fyrir fiskinn, áður en það kemur til greina, að Íslendingar og Norðmenn fari að keppa við þá. Og ég er ekkert viss um, að þegar lágmarksverðið er 25 skildingar á „stone“ og þegar það verður eftir eitt ár komið upp í 27 skildinga og eftir eitt ár þaðan í frá enn þá hærra, — þá verði svo afskaplega mikill markaður fyrir íslenzkan fisk í Bretlandi. Það fer a. m. k. allt eftir því, hvernig fiskveiðarnar hjá þeim sjálfum ganga, því að þeim er tryggður alger forgangur að þessum markaði.

Ég minntist áðan á þessar skýrslur, sem hér hafa verið gerðar mjög að umtalsefni og mikið hrósað. Ég vil segja það, að það er ágætt að fá þessar skýrslur, og ég vanþakka ekki þeim mönnum, sem þau verk hafa unnið. Þeir hafa sjálfsagt unnið sín verk, eins og hægt var við að búast miðað við þann tíma og þær aðstæður, sem þeim voru búnar til þess. En ég er

ósköp hræddur um það, að þetta sé heldur lítið innlegg til þess að byggja nýja utanríkisviðskiptastefnu á, og til þess að minna hæstv. ráðh. á það, að ég er ekki einn um þá skoðun, þá ætla ég að leyfa mér að vitna hér í viðtal, sem Alþýðublaðið átti hér við Guðjón Sigurðsson, formann Iðju, þann 13. þ. m. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Nokkuð að lokum?“ Þá segir Guðjón: „Mér finnst persónulega, að það þurfi að taka upp kerfisbundna athugun á því, hvers iðnaðurinn almennt er megnugur, en ekki treysta á happa og glappa aðferðina.“ Hann er sem sé alveg á því, að það verði hægt að gera iðnþróunaráætlun, þó að ekkert bandalag sé fyrir hendi, eða ég skil þessi ummæli svo. Í viðtalinu segir enn fremur á einum stað: „Og höldum svo áfram að láta dæmin tala um það hve EFTA-málið er lagt fram á ótraustum grunni hvað viðvíkur iðnaðinum. Á bls. 162 er getið iðngreina og hve mörg svör fengust hjá hverri iðngrein við sérstökum spurningalista í sambandi við hugsanlega EFTA-aðild. Þar kemur fram, að svarprósenta er 12% í plastiðnaði, 75% í matvælaiðnaði, 50% í kexgerð, ekkert svar í skógerð, pappírsvörugerð, prentun, sútun og verkun skinna, gúmiðnaði, skartgripa- og góðmálmasmíði!“ Ekkert svar, ekki frá einu einasta fyrirtæki. Og hvað er þá hægt að segja um framtíð eða jafnvel nútíð þessara fyrirtækja, þegar sérfræðingarnir fá ekki eitt einasta svar frá þeim, sem við þessar atvinnugreinar vinna? Það er aðeins ein tilvitnun enn, herra forseti, í þetta viðtal.

„Hvernig horfir EFTA-aðild við iðnverkafólki?“ spyr blaðamaðurinn. „Ákaflega illa, svaraði Guðjón að bragði. Ekki verður betur séð en fjöldi iðnverkafólks verði atvinnulaust, þegar ákveðnar iðngreinar draga saman seglin eða hætta alveg störfum. Guðmundur Magnússon bendir á í skýrslu sinni, að í staðinn geti risið hér hvers konar efnaiðnaður, rafeindatækjaiðnaður og ný tegund af veiðarfæraiðnaði og málmsmíði. — Í fljótu bragði sýnist mér þetta að mestu draumórar, og get nefnt sem dæmi að lyfjaiðnaður getur ekki orðið umtalsverður fyrr en eftir langan aðdraganda, og hvað snertir rafeindatækjaiðnaðinn þá eru Japanir komnir þar svo framarlega, og þeirra iðnaður orðinn svo sjálfvirkur, að þeir hljóta að ráða á þessum markaði í framtíðinni. Er við lítum á málmsmíðina þá er skemmst að minnast hvaða viðtökur Jón Þórðarson fékk þegar hann fann upp plastfilmukælikerfið — það vildi enginn banki lána fé til þeirrar verksmiðju, og ég á ekki von á snöggri hugarfarsbreytingu í þeim efnum. Ef flett er á bls. 145 í skýrslunni, þá segir þar á einum stað orðrétt: „Laun eru tiltölulega lág hér og veitir þetta hlutfallslega yfirburði. Þessir yfirburðir gætu auðvitað horfið með of miklum launahækkunum.“ Þarna er einmitt mergurinn málsins,“ segir þessi forystumaður iðnverkafólksins að lokum „— hugsanlegir yfirburðir hverfa ef við eigum von á sömu lífskjörum í iðnaðinum og frændur okkar á Norðurlöndunum.“

Þetta viðtal hlýtur hæstv. viðskmrh. að hafa lesið, þar sem það er birt í hans eigin blaði, Alþýðublaðinu, 13. des., og ég segi það, að sá maður, sem lætur þetta eftir sér hafa, er áreiðanlega ekkert síður kunnugur málefnum iðnaðarins og iðnaðarfólksins en margir þeir menn, sem hér hafa verið leiddir fram sem vitni — nema auðvitað miklu fremur. Þetta er ekki bölsýni okkar framsóknarmanna eða skammsýni Alþýðubandalagsmanna. Fyrir nokkrum árum var ég í borgarstjórn með þessum manni. Þá var hann þar fyrir Sjálfstfl. Ég skal ekkert segja, hvaða flokk hann fyllir nú, en ég veit ekki til þess, að hann sé í okkar röðum a. m. k. Þetta er ekki framsóknarbarlómur. Þetta er sennilega bara raunsæi manns, sem starfar í þessari grein og þekkir betur til en ýmsir, sem hér hafa verið leiddir sem vitni — betur en þeir, sem hér hafa gerzt talsmenn tafarlausrar inngöngu í EFTA.

Ég held, að það hafi verið hæstv. iðnmrh. — mér heyrðist það í dag — sem sagði, að menn mættu alls ekki túlka skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors öðruvísi en hún væri né reyna að fá út úr henni annað en þar stæði. Þessu er ég fyllilega sammála. En því miður hefur það hent einn hv. þm. að reyna að lesa út úr þessari skýrslu allt annað en þar stendur. Þessi þm., sem hér er um að ræða, er hv. 7. landsk., Sveinn Guðmundsson. Ég mundi ekki vera að eltast við þetta, ef það hefði bara komið fram í ræðu hv. 7. landsk. þm. Þá hefði ég bara talið það venjulegan meðalmisskilning á því, sem í skýrslunni stendur. En vegna þess að Morgunblaðið er búið að gera þennan málflutning að sínum og það verður að ætla, að fleiri hafi farið yfir þetta, þannig að hér sé ekki um misskilning að ræða, heldur eitthvað annað, þá ætla ég að leyfa mér að leiðrétta þetta. Það þarf ekki að taka langan tíma. Málið er ljóst.

Í Morgunblaðinu í dag eru þessi ummæli höfð eftir hv. 7. landsk. þm.: „Í skýrslu próf. Guðmundar Magnússonar er átakanlega bent á það, hversu íslenzkum fyrirtækjum hefir verið mismunað með fjármagn frá lánastofnunum hér á landi. Í skýrslunni þar sem fjallað er um löng lán segir með leyfi hæstv. forseta.“ — Og hér kemur tilvitnun innan gæsalappa. Ég bið menn að taka eftir þeirri tilvitnun. Hún er svona: „Verndaðar iðngreinar eru að 28.9% fjármagnaðar með löngum lánum, en óverndaðar eða lítt verndaðar iðnaður að 22.3%, og sé sleppt samvinnu- og ríkisrekstri er talan 17.8%.“ Hér lýkur tilvitnuninni. Þetta er sem sé sú orðrétta tilvitnun úr skýrslu Guðmundar Magnússonar, sem þm. leggur svo síðan út af á þessa leið: „Hér kemur afdráttarlaust fram hjá prófessornum það, sem reyndar voru mér ekki ný sannindi, að samvinnurekstri og ríkisrekstri hefir verið stórlega ívilnað með langtíma lánum, og annað sem mér var ekki jafn vel ljóst fyrr en nú, verndaður iðnaður hefir verið betur meðhöndlaður af lánastofnunum heldur en óverndaður. Ég lýsi ánægju yfir að fá þetta svo ber-

lega fram og má segja að það skýri margt af því, sem ég hefi áður haft hugmynd um og hefi áður látið uppi hér á Alþingi.“

Nú ætla ég að leyfa mér að vitna í skýrslu Guðmundar Magnússonar orðrétt, en hann segir á bls. 107—108 þessi orð, sem hljóta að vera tilvitnun hv. þm., þó að svona slysalega hafi tekizt til eins og brátt mun koma í ljós, en þar segir:

„Verndaðar iðngreinar eru að 28.9% fjármagnaðar með löngum lánum, en óverndaðar eða lítt verndaðar að 22.3%, og sé þremur iðngreinum, þar sem samvinnu- og ríkisrekstur er stundaður, sleppt, verður talan 17.8%.“

M. ö. o. það hafa verið teknar út úr þessu úrtaki þrjár greinar til þess að fá ... (**Gripið fram í:** Hvaða greinar eru það?) Það ætti hv. þm. að vita, en ég skal segja honum það rétt strax. Til þess að fá samanburðinn réttari tók sá sérfræðingur, sem skýrsluna vann, Sigurður Helgason, út þrjár greinar, og ég skal gjarnan upplýsa hv. þm. og aðra um það, hvaða greinar þetta voru. Það voru Tunnuverksmiðjur ríkisins, sem voru fjármagnaðar með langtímalánum að 4%, það voru mjólkurbúin, sem voru fjármögnuð með langtímalánum að 10%, og það var kemiskur iðnaður, fyrst og fremst Áburðarverksmiðja ríkisins, sem er fjármögnuð að 48% með langtímalánum. Og sú háa fjárhæð, sem Áburðarverksmiðjan hefur í langtímalánum, gerði þennan samanburð svo villandi, að sérfræðingurinn tók hana út úr til þess að fá samanburðinn milli verndaðra og óverndaðra tollgreina. En að ætla sér að nota þessa tilvitnun til þess að sanna það, að samvinnurekstur hafi fengið hærra hlutfall í langtímalánum en annar atvinnurekstur, er svo fráleitt, að það tekur varla tali. Maður getur varla ímyndað sér, að nokkur maður geti lesið þessa bók með þessum hætti. Maður hefur heyrt um svona lestur, en hefur haldið, að hann væri úr sögunni. Ef þetta verður nú leiðrétt, t. d. hér í umr. á eftir, þá er það ágætt, og í Morgunblaðinu á morgun, þá skal ég láta þetta mál fyrir mitt leyti — ég býst við, að flestir geti fallizt á það — niður falla, því að öllum getur yfirsézt.

En ósköp er ég hræddur um, að þetta verði eitthvað svipað eins og með Búrfellsvirkjun. Áttum við ekki allir að hafa verið á móti henni? Er það ekki endurtekið við svo til hvert einasta tækifæri, sem stóriðjurekstur og raforkuþörf ber á góma: Þessir menn voru á móti Búrfellsvirkjun, þó að þingtíðindin segi auðvitað allt annað. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Já, það er alveg rétt. Þetta er enn þá; ég þarf ekki að hafa fleiri orð um þetta. Vitnin eru við höndina. Og ég óttast það, að svo fari nú enn með þetta. Þó vil ég ekki spá því. Það má vel vera, að menn sjái, að þetta er of fjarstætt þrátt fyrir allt til þess að reyna að halda því fram, og þeir sjái að sér. Ég vona, að svo verði. En því miður trúi ég því ekki, fyrr en ég sé það. Ég skal svo ekki vera að taka fleiri atriði þessa máls hér til umr. sérstaklega. Ég vil aðeins að lokum segja það, að það er ákaflega langt frá því, að það sé nokkur þversögn í þeim málflutningi að vilja undirbúa sig, áður en menn ganga til keppninnar við þróuðu iðnaðarríkin. Það er þvert á móti hygginna manna háttur, sem ég held, að hæstv. ríkisstj. hefði gott af að temja sér svona einstaka sinnum.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka til máls í umr. um þetta mál, enda sannast sagna í nokkuð erfiðri aðstöðu til þess. Það er þó eitt atriði aðallega, sem fram kom í ræðu hæstv. viðskmrh. hér áðan, sem mig langar til þess að víkja nokkrum orðum að. Hæstv. ráðh. sagði efnislega m. a. og margendurtók það, að versti kosturinn í þessu máli væri sá að bíða eins og framsóknarmenn legðu til. Það væri stórhættulegt, sagði ráðh., sérstaklega ef Efnahagsbandalagið kynni að stækka við tilkomu nýrra aðildarríkja. Enn fremur sagði ráðh., að því fyrr sem við byrjuðum að aðlaga efnahagslíf okkar þeim reglum, er giltu á meðal EFTA-ríkjanna, þeim mun auðveldara yrði fyrir okkur að semja við Efnahagsbandalagið á sínum tíma. Fór hann síðan mörgum orðum um þetta ábyrgðarleysi framsóknarmanna í því að leggja nú til með sérstakri dagskrá, að málinu yrði frestað. Vegna þessara ummæla langar mig til þess að rifja upp í stuttu máli aðgerðir Íslendinga í sambandi við fríverzlunar- og viðskiptasamstarf Vestur-Evrópuríkja, en saga sú er nákvæmlega jafngömul, upp á mánuð, ráðherradómi Gylfa Þ. Gíslasonar sem viðskmrh. Íslendinga, en sem slíkur hefur hann óumdeilt forystuhlutverk um allar aðgerðir Íslendinga í þeim málum allt fram til þessa dags.

Það var einmitt í júlímánuði 1956 eða sama mánuði og hin margumtalaða vinstri stjórn settist að völdum á voru landi, Íslandi, að úti í París hófust umr. á ráðherrafundi Efnahagssamvinnustofnunar Evrópu, OEEC, um, hvort þau 17 Evrópuríki, sem að þeirri stofnun stóðu, gætu stofnað til fríverzlunarsamstarfs sín í milli. Niðurstaðan af þessum umræðum var jákvæð, þannig að í febrúar 1957 hófust samningaviðræður meðal aðildarríkja OEEC um stofnun allsherjarfríverzlunarsvæðis í Vestur-Evrópu. Ísland tók þátt í þessum umr. og störfuðu fulltrúar Íslendinga á þessum tíma þar að sjálfsögðu á ábyrgð þeirrar ríkisstj., sem þá sat að völdum á Íslandi, sem var vinstri stjórnin, eins og ég hef áður vikið að.

Viðræður þessar leiddu hins vegar ekki til stofnunar fríverzlunarsvæðis, er næði til allrar Evrópu, þar sem Frakkar aðallega vildu efna til nánara samstarfs eða svipaðs samstarfs og sex Vestur-Evrópuríki höfðu efnt til með stofnun Efnahagsbandalagsins árið 1957. Svo langt vildu fæst ríkjanna — og þá fyrst og fremst England — ekki ganga, og slitnaði því upp úr þessum umr. í árslok 1958. Ári síðar eða þar um bil, í ársbyrjun 1960, var svo EFTA stofnað formlega, án þess að Ísland væri þar með, sem þó hefði vafalítið verið mögulegt á þeim tíma, hefði viðkomandi ríkisstj. haft á

því áhuga þá. Árið 1961 var hins vegar kannað óformlega, hvort ástæða væri til þess að tengjast Fríverzlunarbandalaginu. Hæstv. viðskmrh., Gylfi Þ. Gíslason, skýrði svo frá í ræðu á Alþ. þann 12. nóv. 1962 í skýrslu, sem hann gaf á vegum ríkisstj. um Efnahagsbandalagið og Ísland, en þar sagði m. a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ársbyrjun 1961 var talið, að í undirbúningi væru viðræður um einhvers konar sameiningu bandalaganna. Ríkisstj. tók þá til athugunar, hvort ráðlegt væri að leita aðildar að Fríverzlunarbandalaginu. Tilgangurinn hefði fyrst og fremst verið sá að öðlast samstöðu með fríverzlunarbandalagslöndunum í samningum við Efnahagsbandalagið, svo og að leita innan Fríverzlunarbandalagsins hagkvæmrar lausnar á sérstökum vandamálum okkar í því skyni, að sú lausn yrði fordæmi, er lagt yrði til grundvallar í samningum við Efnahagsbandalagið. Það mælti einnig með því, að þessi möguleiki væri athugaður, að Fríverzlunarbandalagið hafði afráðið að hefja umræður um stefnu sína í sjávarútvegsmálum á árunum 1961 og að í samningum Finna við Fríverzlunarbandalagið hafði tekizt að finna lausn á vandamálum þeirra, að því er snerti viðskipti við Austur-Evrópu, er hugsanlega gætu orðið okkur fordæmi.

Í sambandi við þessar athuganir áttu íslenzkir embættismenn óformlegar könnunarviðræður við embættismenn nokkurra aðildarríkja Fríverzlunarbandalagsins og framkvæmdastjórn þess.

Þegar komið var fram í maí, var hins vegar orðið ljóst, að Fríverzlunarbandalagið mundi ekki semja sem heild við Efnahagsbandalagið, heldur mundu einstök lönd þess hvert um sig leita aðildar að Efnahagsbandalaginu og freista þess að fá hvert í sínu lagi lausn á sérvandamálum sínum, þótt gert væri að vísu ráð fyrir, að þau hefðu samráð sín í milli. Þegar svo var komið, taldi ríkisstj. það ekki geta verið til gagns, að Ísland leitaði aðildar að Fríverzlunarbandalaginu, og var athugun málsins því hætt.“ Þetta er úr ræðu hæstv. viðskmrh., og ég gat um, hvenær hún var flutt, hér í upphafi. Ég vil vekja athygli háttv. þm. á niðurlagi þessa kafla í ræðu hæstv. ráðh., þar sem segir, að þegar það hafi legið fyrir, að Fríverzlunarbandalagið mundi ekki semja sem heild við Efnahagsbandalagið, þá hafi ríkisstj. talið, að það gagnaði ekki íslenzkum hagsmunum að leita aðildar að EFTA og því hefði athugun málsins verið hætt.

Nú hins vegar er mat hæstv. ríkisstj. gjörbreytt, að því er sami Gylfi Þ. Gíslason segir nú. Hvað hefur breytt þessu mati hæstv. ríkisstj.? Hví er það talið bráðknýjandi að fá samþykkta EFTA-aðild nú, eftir að einstök EFTA-ríki hafa sótt um aðild að Efnahagsbandalaginu, tími til viðræðna á næsta leiti og yfirgnæfandi líkur á útvíkkun Efnahagsbandalagsins og á breytingum vegna tilkomu Englands í bandalagið og ýmissa annarra nýrra ríkja? Hæstv. viðskmrh. reyndi áðan að skýra þessi skoðanaskipti með því, að árið 1961 og 1962 hefðum við ekki verið reiðubúnir vegna innri málefna okkar að tengjast Fríverzlunarbandalaginu og þau skilyrði hefðu fyrst verið fyrir hendi fyrir 2–3 árum síðan. Ekki fær sú skýring staðizt, ef hafðar eru í huga fyrri yfirlýsingar sama hæstv. ráðh. um sama efni, því að í ræðu sinni, áður ívitnaðri af mér frá 12. nóv. 1962, segir hann, að íslenzkir embættismenn hafi átt könnunarviðræður við embættismenn nokkurra aðildarríkja EFTA og einnig framkvæmdastjórn þess. Varla hefðu slíkar viðræður verið upp teknar síðla árs 1961, ef skilyrði hér innanlands til EFTA-samstarfs voru þá jafnlangt fram undan, eins og hæstv. ráðh. heldur nú fram í dag. Ég verð að segja það sem mína skoðun, að slík tvísögli hjá hæstv. ráðh. er ekki sérstaklega traustvekjandi.

En fleira gerðist í þessum málum, sem sýnir tvískinnung í málflutningi hæstv. ráðh. fyrr og nú, því að það gerðist, skömmu eftir að hæstv. ríkisstj. missti allan áhuga á EFTA, sbr. fyrri ummæli Gylfa Þ. Gíslasonar, sem ég vék að áðan, að í herbúðum hennar kom upp mikill áhugi á því, að Ísland tengdist Efnahagsbandalagi Evrópu, helzt sem aukaaðili, en til vara með gerð viðskipta- og tollasamnings. Voru nú bumbur barðar í áheyrn alþjóðar um þessa nauðsyn og m. a. leitað álits flestra meiri háttar samtaka atvinnuveganna í landinu um nauðsyn þess að tengjast Efnahagsbandalaginu. Flest þessara samtaka, að undanskildu Alþýðusambandi Íslands, munu hafa á þeim tíma lýst sig samþykk því að leita viðræðna um tengsl við Efnahagsbandalagið á grundvelli þeirra takmörkuðu upplýsinga, sem ríkisstj. gat gefið forystumönnum þessara samtaka á þessum tíma. Könnunarviðræður voru líka hafnar, sbr. ræðu Gylfa Þ. Gíslasonar hér áðan um för hans og Jónasar Haralz til höfuðborga Efnahagsbandalagsríkjanna.

Hæstv. viðskmrh. sagði á Alþ. 12. nóv. 1962 m. a. það skoðun sína og ríkisstj., að nauðsynlegt væri, að Ísland tengdist Efnahagsbandalaginu. Hann taldi enn fremur, að ef Ísland tengdist Efnahagsbandalaginu á grundvelli aukaaðildar, sem hann taldi greinilega eðlilegast, þá yrði slíkur samningur að vera á grundvelli tollabandalags Íslands og Efnahagsbandalagslandanna, en eins og hv. alþm. vita vel, er aðalmunur EFTA og Efnahagsbandalagsins, sem er mjög mikill, sá, að hið fyrra er fríverzlunarbandalag, en hið síðara er tollabandalag.

Árið 1963 var kosið til Alþ. á Íslandi. Þá var mjög rifizt um það á umræðufundum, hvort tengjast ætti Efnahagsbandalaginu eða ekki, og var stefna ríkisstj. þá sú, sem ég hef áður vikið að og kom fram í áður tilvitnuðum ummælum Gylfa Þ. Gíslasonar. Eftir kosningarnar fór svo áhugi ríkisstj. á efnahagsbandalagsaðild eða tengslum við það bandalag að fjara út. Viðræður Efnahagsbandalagsins og Breta fóru út um þúfur í ársbyrjun 1963, og EFTA-ríkin tóku þá afstöðu að treysta meira

samstarfið sín í milli og flýta áætluðum tollalækkunum. Allt kjörtímabilið 1963 til 1967 leið, án þess að hæstv. ríkisstj. sýndi minnsta áhuga á að tengjast EFTA, svo að vitað sé, og það er fyrst í ársbyrjun 1968 með stofnun EFTA-nefndar þingflokkanna, að veruleg athugun hefst á hv. Alþ. á málinu að frumkvæði ríkisstj.

Ég hef rakið sögu þessa máls vegna þeirra frýjunarorða, sem hæstv. ráðh. hafði hér fyrir kvöldmatinn um dagskrártill. framsóknarmanna, og enn fremur í þeim tilgangi að sýna fram á hikandi og reyndar mjög breytilega afstöðu hæstv. ríkisstj. til spurningarinnar um, hvort æskilegt sé að tengjast EFTA eða ekki. Árið 1961 eru teknar upp könnunarviðræður um málið, og mikill áhugi virðist á því að tengjast EFTA í herbúðum ríkisstj.-flokkanna. Skömmu síðar er sá áhugi á burtu, en í staðinn vaknar áhugi á að tengjast Efnahagsbandalagi Evrópu. Árið 1963 er sá áhugi líka á braut, og algjört áhugaleysi virðist heltaka hæstv. ríkisstj., bæði á EFTA og Efnahagsbandalaginu. Varir það áhugaleysi um langt árabil eða þar til áhugi á EFTA vaknar á ný í ársbyrjun 1968, sem leitt hefur til þessarar aðildartill., sem hér er verið að ræða í kvöld og á að samþykkja í kvöld eða nótt, því að engan tíma má missa í því að tengjast EFTA að dómi hæstv. viðskmrh.

Mér finnst, sannast sagna, forysta hæstv. ríkisstj. og þá fyrst og fremst hæstv. viðskmrh. í þessu máli ekki vera slík, að hún veki traust; lái mér það hver, sem vill. Á mörgum öðrum sviðum hefur hæstv. viðskmrh. *jafnframt sýnt* svipað staðfestuleysi, og hirði ég ekki um að tíunda dæmi þar um hér, því að þau eru hv. þm. vel kunn. Þótt ég sé sannfærður um það, að það sé hagkvæmt íslenzkum viðskiptahagsmunum og íslenzkri efnahagsstarfsemi í framtíðinni að tengjast EFTA upp á þau býti, sem í boði eru, og hafi barizt fyrir þeirri skoðun í mínum þingflokki, þá viðurkenni ég þó þau rök flokksbræðra minna ýmissa, er aðra skoðun höfðu á málinu, að á miklu velti, hver með framkvæmd jafnviðamikils málefnis fari og EFTA-málið í reynd er. Vond framkvæmd og hringlandi getur í sjálfu sér breytt góðu máli í vont, og eins og ég hef þegar sagt, þá hvetur 13 ára reynsla af forystu hæstv. viðskmrh. ekki til bjartsýni um framkvæmd EFTA-samstarfs undir hans forystu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Ég var búinn að ákveða að taka til máls, þegar þessi þáltill. var til fyrri umr., en þar sem hæstv. viðskmrh. var mjög ókyrr í þingsalnum, þegar umr. fór fram í síðara skipti, þá hætti ég við það þá, en það gleður mig, að hann skuli vera nú viðstaddur þessa umr.

Þáltill. sú, sem hér er til umr., er aðeins tvær línur. En þó gæti þessi ályktun reynzt það stór og áhrifamikil fyrir þjóðina, að Alþingi Íslendinga hafi ekki fjallað um eins veigamikið og áhrifaríkt mál um árabil. Fer þetta alveg eftir því, hvernig þróun mála verður í Evrópu í náinni framtíð og hvernig við bregðumst við þeim breytingum, sem kunna að verða þar, og líklegt er að verði eins og nú horfir. Á hinn bóginn fer það eftir því, hvaða ráðstafanir verða gerðar hér innanlands til að gera það mögulegt, að útflutningsatvinnuvegirnir verði a. m. k. á einhverjum veigamiklum sviðum samkeppnishæfir á næstu 4–7 árum á mörkuðum EFTA-ríkjanna, en ekki á 10 ára tímabili, eins og áróðursmeistarar ríkisstj. vilja vera láta, því að þá eiga allir tollar að vera niður felldir.

Það liggur því í hlutarins eðli, að aðlögunartíminn er mikið skemmri en þessi 10 ár. Um hitt má deila, hve langur hann er. Ég geri ekki ráð fyrir því, að við getum staðið utan við hvers konar samvinnu eða samtök á þessum sviðum til lengdar, en það þýðir ekki það, að við eigum að fara út í slíkt blindandi án raunhæfs mats á stöðu okkar atvinnuvega og þá fyrst og fremst iðnaðarins, eins og mér virðist, að eigi að gera nú, og eins og VI. fskj., sem þessari þál. fylgir, ber með sér, þ. e. skýrsla Guðmundar Magnússonar prófessors um iðnaðinn og EFTA. Þessi skýrsla er, þegar hún er athuguð, ekkert nema áróðursplagg fyrir inngöngu okkar í EFTA og hefur því mjög lítið gildi fyrir hv. alþm., er þeir ætla að taka afstöðu til málsins. Þó að hann segi, að það sé auðsærra, hverju við sleppum, en hvað við hreppum, þá gengur hann að mestu fram hjá því, sem auðsærra er, en reynir að skýra þær hillingar og færa þær nær okkur, sem hæstv. viðskmrh. hefur nótt og dag fyrir augum sér, *svo að allt annað virðist horfið sjónum hans.*

Dagblaðið Vísir sagði hér á dögunum eitthvað á þá leið, að niðurstaða í EFTA-málinu væri fundin, prófessorinn hefði talað. Ef afstaða hæstv. ríkisstj. hefur alltaf verið byggð á jafntraustum grunni og niðurstaða prófessors Guðmundar, sem byggð er á hans eigin skýrslu, þá þarf engan að undra lengur, þó að mörgu hafi skolað fyrir borð af viðreisnarskútunni á liðnum árum. Hvers vegna vantar það í skýrsluna, sem auðsærra er? Var prófessor Guðmundi sagt að líta fram hjá því eða a. m. k. draga það ekki fram í dagsbirtuna, sem neikvætt væri í málinu, eða gera lítið úr því og breiða yfir það, eftir því sem föng eru á? Eða þorði hæstv. ríkisstj. ekki að sjá framan í þetta mál í réttu ljósi?

Hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan, að það væri ekki hægt að gera iðnþróunaráætlun, fyrr en við værum búnir að ganga í EFTA, það yrði að miða hana við þetta sérstaka markaðssvæði, annars væri allt verkið til einskis unnið. Hvers konar málflutningur er þetta? Ef stjórnarliðið er sammála um að ganga inn í EFTA að athuguðu máli og það sýnir fram á, að það sé hagkvæmt, felst engin áhætta í því að gera iðnþróunaráætlun, nema hæstv. ríkisstj. óttist það, að sú athugun og áætlun muni leiða í ljós, að innganga í Fríverzlunarbandalagið sé ekki tímabær, ekki hagkvæm fyrir okkur. Áhættan við slíka áætlunargerð getur ekki falizt í öðru. En ef Fríverzlunarbandalagið

skyldi nú blátt áfram leysast upp á næstunni eins og hugsanlegt er, en við værum þá búnir að ganga í EFTA, gera iðnþróunaráætlun og framkvæma hana að einhverju leyti, er þá ekki enn meiri áhætta í slíku en að huga að okkar innri málum í bili og sjá síðan til, hver þróunin verður?

Þótt hæstv. viðskmrh. gengi fram hjá þessu atriði í ræðu sinni áðan, þá var allur málflutningur hans þannig, þegar hann ræddi um iðnþróunaráætlunina, að af honum er ekki hægt að draga aðra ályktun en hæstv. ráðh. telji, að slíkt ástand yrði okkur hættulegt og þá verr farið en heima setið. En verður ekki sagt þá, að þar sem við verðum á annað borð búnir að byggja upp útflutningsiðnað okkar fyrir þennan markað, þegar þar að kemur, þá verði ekki aftur snúið, og því séum við neyddir til að ganga inn í Fríverzlunarbandalagið? Í raun og veru færði hæstv. viðskmrh. fullgild rök fyrir þessu í ræðu sinni hér áðan. Og hvers virði yrði þá 12 mánaða úrsagnarákvæðið fyrir okkur? Ég held, að enginn hafi í raun og veru komið fram með fyllri rök fyrir því, að það sé hreint glapræði að ganga í EFTA nú og byggja upp okkar framleiðslu fyrir EFTA-markaði, á meðan allt er í óvissu um framtíð bandalagsins, en einmitt hæstv. viðskmrh. sjálfur í ræðu sinni.

Nú ætti hvert barn að geta séð það, að það, sem skiptir mestu máli fyrir þjóðina, er að hafa aðgang að hlutlausri greinargerð um alla atvinnuvegina, hvernig þeir standa miðað við það ástand, sem verður eftir 5—7 ár, eftir að EFTA-aðild verður samþ. Það er gott út af fyrir sig að benda á, hverjir séu eða verði möguleikar á framleiðslu fyrir útflutning, en þarf ekki líka að reyna að gera sér grein fyrir því, hve langan tíma það taki að byggja slíka framleiðslu upp og koma henni í það form, að hún sé samkeppnishæf á jafnréttisgrundvelli? Og verður ekki aðlögunartíminn að miðast við það? Og er ekki eins nauðsynlegt, að þjóðinni sé gerð grein fyrir því, hvað tapast, hvað sé vonlítið að starfrækja áfram, hvaða greinum þurfi að umbylta og hvað það taki langan tíma? Er ekki líklegra, að stjórnarvöld og þá ekki síður atvinnurekendur mundu reyna að berja í brestina í tíma, eftir því sem skynsamlegt þætti, ef það lægi fyrir, áður en málið er afgreitt hér á hv. Alþ., hvernig staðan er í hverri grein? Og þá mundi þessi stutti aðlögunartími miklu frekar nægja.

Við lestur þeirra fskj., sem þál. fylgir, verður ljóst, hvað málið er í raun og veru lítið undirbúið, hvað þetta snertir, og þegar farið er ofan í hverja einstaka iðngrein í skýrslu prófessors Guðmundar og athuguð er umsögn hans og svo niðurstaða í hverju tilfelli, hlýtur þessi spurning að vakna: Er iðnaður okkar virkilega svona vel á vegi staddur, að líklegt sé, að hann standist samkeppni þróuðustu iðnaðarþjóða veraldarinnar í sem næst hverri grein? Hvaða heilvita maður trúir því? Er þessi niðurstaða prófessors Guðmundar í samræmi við það, sem áður er vitnað til í skýrslu hans, að auðsærra sé, hverju við töpum, en hvað vinnst við EFTA-aðild? Er ekki hætt við, að miklir fjármunir fari að óþörfu í súginn, ef þetta atriði liggur ekki fyrir, áður en ákvörðun er tekin — ef til vill ekki óverulegur hluti af Iðnþróunarsjóðnum? Hvaða tilgangi þjónar það að setja fjármuni í það að breyta þeim fyrirtækjum og endurbyggja þau, sem komast í vonlitla eða vonlausa aðstöðu, þegar tollverndin hverfur — og verði það gert, hver ber þá ábyrgðina á slíku? Er það ekki fyrst og fremst hæstv. ríkisstj.? Hún hefur vanrækt að láta gera viðhlítandi hlutlaust mat á hverri grein og ekki gert sér eða öðrum neina grein fyrir því, hvaða tíma það taki að gera hvert fyrirtæki samkeppnishæft við hina erlendu framleiðslu. Í stað þess ber hún á borð fyrir þjóðina fullyrðingar byggðar á óskhyggju, og í mörgum tilfellum er um hreinar og ómengaðar blekkingar að ræða.

Sú spurning hlýtur að vakna í hugum flestra, hvort þetta mál sé svo hæpið að dómi hæstv. ríkisstj., að vonlitið sé að koma því í gegnum Alþ. nema þyrla í kringum það hjúp blekkinga. Sé það ekki, hvers vegna er þetta gert? Því eru fskj. með ályktuninni með þessu yfirbragði? Og hvers vegna flytur hæstv. viðskmrh. framsöguræðu sína fyrir málinu með sama yfirbragði? Er hægt að búast við öðru, en almenningur í landinu fyllist tortryggni, þegar svona málflutningur er við hafður? Er hægt að vænta annars? Hæstv. viðskmrh. sagði hér um daginn, með leyfi forseta:

„Í ritgerð sérfræðinganna er það nefnt sem dæmi í þessu sambandi, að ef fluttar væru út árlega 900 þús. loðsútaðar gærur í stað 900 þús. saltaðra gæra, yki þetta útflutningstekjur um því sem næst 300 millj. kr. á ári.“

Hvaða tölur eru þetta? Hvernig eru þær fengnar? Heildarframleiðslan nú er um 800 þús. gærur á ári. Um 50 þús. munu vera að meðaltali það gallaðar, að þær eru strax teknar út úr heildarmagninu, og reynslan hefur sýnt, að um 40% af þeim, sem eftir eru, eru ekki hæfar til slíkrar vinnslu. Það eru því um 450 þús. gærur miðað við óbreytta framleiðslu, sem hæfar eru til loðsútunar. Hafi þetta reikningsdæmi sérfræðinganna raunverulegt gildi, sem byggja mætti á, liggur í augum uppi, að ákvarðanir hljóta að hafa verið teknar um að tvöfalda sauðfjárframleiðsluna í landinu. Þar sem hæstv. viðskmrh. notar svo umrætt dæmi sem rökstuðning fyrir aðild að Fríverzlunarbandalaginu og það er einmitt sá ráðh., sem valdamestur virðist vera innan ríkisstj., er tæpast hægt að ætla annað en þessi skilningur sé réttur, því að annars væri þessi málflutningur hreinar blekkingar, gerður í þeim tilgangi að villa um fyrir þjóðinni — eða er það líklegra? Ekki nema þessi hæstv. ráðh. hafi gert nýja uppgötvun, þ. e. að hægt sé að auka framleiðslu á ull og gærum, en minnka kjötframleiðsluna, eins og Alþýðublaðið virðist halda fram annað slagið.

Hæstv. viðskmrh. sagði fleira í sinni ræðu s. l. mánudag til þess að gleðja þjóðina og þá

ekki sízt bændastéttina með t. d. þessu, með leyfi forseta: „Áhrif aðildar að Fríverzlunarsamtökunum á íslenzkan landbúnað yrðu eingöngu jákvæð. Reglur Fríverzlunarsamtakanna taka yfirleitt ekki til viðskipta um landbúnaðarvörur. En af aðild Íslands mundi það leiða, að markaður fengist á Norðurlöndum fyrir 1700 tonn af dilkakjöti á talsvert hærra verði yfirleitt en nú fæst í aðalmarkaðslandinu, Bretlandi.“

Herra forseti, hv. þm. Er hægt að skilja þessi ummæli á annan veg en þann, að ef af aðildinni verður nú, getum við selt 1700 tonnum meira en nú er selt til Norðurlanda. Hæstv. ráðh. er að tala um ávinninginn, sem leiðir af aðildinni. Ávinningurinn getur þó varla verið annað en sú aukning, sem kann að verða á sölunni frá því, sem hún er. Er þessi tala raunveruleg — þessi 1700 tonn? Sé hún það ekki, hver er þá tilgangurinn með að nota þessa tölu? Við skulum athuga þetta ögn nánar. Kjötútflutningurinn til þessara landa hefur verið sem hér segir s. l. þrjú ár: til Noregs 1967 283.7 tonn, 1968 103.7 tonn, 1969 321.9 tonn; til Danmerkur 80.3 tonn 1967, 1968 64.8 tonn og 1969 52.9 tonn; til Finnlands 1967 29 tonn, 1968 39.7 tonn, 1969 42.1 tonn; til Svíþjóðar 1969 329 tonn. Til Danmerkur hefur verið frjáls kjötinnflutningur á dilkakjöti héðan, en markaður ekki þolað meira magn en að framan segir. Það er ekki nóg að fá innflutningsleyfi fyrir einhverju ákveðnu magni af kjöti. Það þarf að vera möguleiki til að selja þetta magn í viðkomandi löndum. Ekki skil ég það, að þó að við göngum í Fríverzlunarbandalagið, aukist áhugi Dana á íslenzku dilkakjöti. Sé málið athugað af raunsæi, er það mikil bjartsýni að gera ráð fyrir því, að söluaukning til þessara landa nái 1000 tonnum hvað þá meira á ári næstu árin. Líklegt er, að þetta magn yrði töluvert minna — ekki sízt, ef Svíar stórauka sauðfjárframleiðslu sína, eins og þeir gera nú ráð fyrir.

Hv. 9. þm. Reykv., bóndinn í Selárdal, virtist hafa illa villzt í viðreisnarþokunni eftir málflutningi hans að dæma í sjónvarpinu á mánudaginn og hér í Alþ. á þriðjudag. Hv. þm. sagði, að ávinningur landbúnaðarins af EFTA-aðild væri m. a. sá, að búið væri að selja dilkakjöt til Norðurlanda — samtals 1700 tonn — og við losnuðum við að borga toll af þessu magni í viðkomandi löndum. Þetta er mikill misskilningur og sýnir í raun og veru, að m. a. s. hv. þm. hafa ekki kynnt sér þetta mál betur en þetta. Það er aðeins í Svíþjóð, sem greiðsla tolla félli niður við EFTA-aðild. Hún mundi haldast áfram í Noregi og Finnlandi, en í Danmörku höfum við ekki þurft að borga innflutningstoll fram að þessu. Fleira mætti tína til, sem sýnir, hvað haldgóður þessi málflutningur er og ekki til þess fallinn að eyða þeirri tortryggni, sem meiri hl. þjóðarinnar bar þegar til núv. valdhafa, áður en EFTA-málið kom til.

Það er ein stétt í þjóðfélaginu, sem er mjög ánægð með þessa stefnu; það er ekki láglaunafólkið. Það sér, að nú er verið að breyta tekjuöflun ríkisins á þann veg að minnka skattlagninguna á óþarfavarningi og lúxusvörum og flytja hana yfir á nauðþurftir almennings. Það er verið að minnka enn kaupmátt launa þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu. Þessir herrar, sem nú hafa öll ráð í hendi sér, segja, að barnafjölskyldunum verði bætt þetta upp og tryggingarhöfum verði bætt þetta upp með auknum fjölskyldubótum og tryggingabótum miðað við kaupgjaldsvísitölu. En allir vita það, sem á annað borð vita nokkuð, að eins og kaupgjaldsvísitalan er reiknuð út er hún enginn mælikvarði á kaup þeirra, sem eru í lágum launaflokkum. Þessi kaupgjaldsvísitala var reiknuð út eftir neyzlunni, eins og hún var, þegar kaupmáttur launa var mestur, þegar allir höfðu næga vinnu og gátu unnið eins langan vinnudag og hver vildi. Þessi vísitala er því enginn mælir á kaupmátt launa þeirra, sem hafa aðeins fyrir nauðþurftum, en það eru margir í dag; viðreisninni sé lof fyrir það. Það er heldur ekki bændastéttin. Hún hefur ekki hagnað af EFTA-aðild að áliti bændanna sjálfra. Það kom í ljós á stéttarsambandsfundi bænda s. l. fimmtudag. Þeir vita, að þeir hafa ekki hagnað af vinnslu þeirra gæra, sem verða framleiddar af sérfræðingunum í viðskmrn., eða af sölu kjöts til Norðurlanda fram yfir sölumöguleika þar, en þeir gera sér grein fyrir, að hækkaður söluskattur þýðir hækkaður rekstrarkostnaður og þar af leiðandi hækkað búvöruverð til neytenda. Þeir vita, að tollalækkun á innfluttum iðnvarningi þýðir stórlækkað verð á þessum vörum. Þeir gera sér grein fyrir því, að það muni þýða, að stóraukast mun neyzla á þessum vörum og líklegt er, að samtímis minnki neyzla á innlendri framleiðslu — ekki sízt landbúnaðarvörum. Neyzluvenjur eru oft fljótar að breytast, ekki sízt þegar þær eru knúnar fram með þessum hætti. Ég gæti vel trúað því, að hæstv. viðskmrh. væri ekkert mótfallinn slíkri neyzlubreytingu. En hvað um hæstv. landbrh.? Er allur máttur úr honum, eða er hann hættur að fylgjast með þessari þokkalegu taflmennsku? Og hvað um þá hv. þm., sem eru fulltrúar bændanna? Eru þeir viljalaus verkfæri hér á hv. Alþ.? Það, sem verður að gera til að koma í veg fyrir slíka neyzlubreytingu og til þess, að ekki minnki kaupmáttur lágra launa frá því, sem nú er, er að fella niður allan söluskatt af landbúnaðarvörum og fiski — af allri innlendri matvælaframleiðslu. Annað er ekki verjandi. Það þýðir vitanlega ekki fyrir neinn hv. alþm., sem nú samþykkir EFTA-aðild, að segja, ef hann samþykkir aðildina, að hann hafi samt verið á móti söluskattinum eða tollalækkunarfrv. eins og framkvæmdin er. Ef þessir hv. þm. fá þessu ekki breytt á neinn hátt, en standa þó að aðildarsamþykktinni, eru þeir hinu sömu orðnir meðábyrgir að þessari nýju jafnaðarstefnu, þ. e. að gera þá fátæku fátækari, en þá ríku ríkari.

En það eru kaupmennirnir, sem eru heldur betur kampakátir yfir nýju jafnaðarstefnunni.

Þeim þykir ekkert að því, að tollar séu lækkaðir. Þeim mun minna rekstrarfé þurfa þeir. Þessar ráðstafanir koma líka til með að auka innflutninginn með breyttri neyzlu. Fæstir þessara kaupmanna hafa aðhyllzt, að hollur sé heimafenginn baggi. Í þeirra augum er allt slíkt tóm fávizka. Hækkaður söluskattur eykur líka rekstrarfé kaupmanna og annarra verzlunarfyrirtækja, og þó að blásnauður almenningur sé pindur um söluskatt af öllum lífsnauðsynjum nema mjólk, er ekki þar með sagt, að hann skili sér allur í ríkiskassann. Það mun því ekki vanta neitt á jólagleðina hjá höndlarastéttinni í þetta sinn. Viðreisnin sér sannarlega um sína nánustu.

En ætli bændur og láglaunafólk fari nú ekki að sjá, fyrir hverja er stjórnað í þessu landi, og hugsi sitt ráð betur en hingað til. Það var mjög ánægjulegt að sjá hnjóðsyrði Morgunblaðsins til bændasamtakanna s. l. laugardag — þessa aðalmálgagns ríkisstj. Það leyndi sér ekki óttatónninn og ekki er ólíklegt né ómaklegt, þó að þessi ótti Morgunblaðsins reyndist ekki með öllu ástæðulaus á dómsdegi, enda varla seinna vænna fyrir bændur að hætta að kjósa af vana. Þeirra hlutur hefur ekki verið svo beysinn, og þó sýnist ekki horfa nú til betri áttar, eins og stendur, enda var boðskapur hv. 7. landsk. þm. Sveins Guðmundssonar þannig, að bændur þurfa varla að vera í vafa um stefnuna í landbúnaðarmálum framvegis. Þar leyndi sér ekki, að hann taldi, að iðnaðurinn gerði kröfu til þess að fá hráefni frá landbúnaðinum með heimsmarkaðsverði eða fá það innflutt annars. Og varla verður hæstv. viðskmrh. þá þrándur í götu, ef að líkum lætur. Það leynir sér ekki heldur, að hv. 7. landsk. þm. er farið að dreyma um að koma Íslandi inn í Fríverzlunarbandalag Evrópu. Menn ættu nú ekki að vera í vafa lengur um, hvert þessir herrar stefna.

Þó að hæstv. ríkisstj. hafi gersamlega vanrækt að kynna þetta mál fyrir þjóðinni, má e. t. v. segja, að það atriði sé ekki eins veigamikið og hitt — að gera sér ljóst, hvað þurfi að gera og hvort það sé hægt innan þeirra tímamarka, sem aðlögunartíminn er miðaður við. Hitt hljóta þó allir að sjá og viðurkenna, að þessi mál eru þannig vaxin, að það hlýtur að vera skylda stjórnarvalda að kynna þau þjóðinni, kosti þeirra og annmarka á sem hlutlausastan hátt, áður en endanleg ákvörðun er tekin. Það hlýtur jafnvel að orka tvímælis, hvort það er ekki siðferðileg skylda Alþ. að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu um málið. Ef þjóðaratkvæðagreiðsla á rétt á sér á annað borð um nokkurt mál, hvaða mál eru það þá, sem þjóðin á að skera úr um, ef það er ekki þetta mál? E. t. v. telur hæstv. ríkisstj., að það sé komið svo illa fyrir öllum þorra almennings í landinu — vegna bágra lífskjara og öryggisleysis í atvinnumálum, sem stafar af stjórnleysi síðasta áratugar — að þó að almenningur viti ekkert um það, sem aðallega skiptir máli, ef af EFTA-aðild verður, þá sé viðreisnarástandið það óbærilegt, að allur fjöldinn aðhyllist einhverja breytingu frá því, sem er, jafnvel þó að rennt sé út í hana með bundið fyrir bæði augun, eins og mér virðist, að nú eigi að gera í þessu sambandi, og því sé óhætt að standa svona að þessu máli. En ekki ætti hæstv. ríkisstj. að treysta því, að þjóðin láti leiða sig út í hvað, sem er, þrátt fyrir allt öryggisleysið.

Það er útbreidd skoðun í landinu, að hæstv. ríkisstj. sé fyrir löngu búin að missa fylgi meiri hl. þjóðarinnar og fylgishrunið fari dag hvern vaxandi. Þar af leiðir, að ört vaxandi hluti þjóðarinnar lítur með tortryggni á allt, sem hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar gera og láta frá sér fara. Það gæti komið að því, sé svona unnið til lengdar, að almenningi yrði nóg boðið í þessu efni. Enda er það skylda þjóðarinnar að vera vel á verði ekki sízt, þegar stór og afdrifarík mál eru til afgreiðslu hér á hv. Alþ., og hafi almenningur tilfinningu fyrir því, að hætta sé á ferðum fyrir þjóðina, þá er það skylda hennar og jafnframt þjóðfélagsleg nauðsyn, að gripið sé í taumana á einhvern hátt. Þetta er enn nauðsynlegra en ella, þegar í valdastólum situr ríkisstj., sem hefur hlaðið sér þann minnisvarða að fara öfugt að öllu miðað við kosningaloforð og stefnuyfirlýsingar. Það er sannarlega freistandi að lesa upp erfðaskrá hæstv. ríkisstj. á viðreisnartímabilinu og bera hana saman við fyrirheitin. Það yrði fróðleg og athyglisverð skýrsla, sem er allt annað en þægilegt fyrir hæstv. ríkisstj. og flokka hennar að horfast í augu við ekki sízt, þegar nær dregur kosningum, en ég læt það bíða betri tíma.

En sú spurning hlýtur að sækja á margan manninn þessa dagana: Hvað liggur á? Hvað rekur svo á eftir þessu máli, að nauðsynlegt sé að afgreiða það nú af skyndingu, án þess að nokkur geti sagt um það á þessari stundu, hvað við erum að fara út í? Eru það markaðsmálin? Er það vegna útflutningsframleiðslu okkar nú, sem þetta er knýjandi? Nei, það kom svo greinilega fram í umr. fyrra mánudag, að þar er ekki ástæðuna að finna. Við erum ekki í neinum vandræðum með að selja framleiðslu okkar nú; öðru nær. Við gætum selt miklu meira magn en við framleiðum nú, og verðið hefur sjaldan eða aldrei verið hagstæðara, ef á heildina er litið. Það er því ekki viðskiptanna vegna, sem þarf að hraða málinu. Hafa þá EFTA-þjóðirnar sett okkur það skilyrði, að við verðum að vera búnir að taka ákvörðun innan vissra tímamarka? Ekki hef ég heyrt neitt um það. Það hefur ekki komið fram, svo að ég hafi vitað. Hafa þá Norðurlöndin sett eitthvert skilyrði fyrir þeim fjárframlögum, sem þau hafa heitið að leggja í Iðnþróunarsjóðinn, þannig að það knýi á um að afgreiða málið nú? Ekki hefur það heyrzt. Enda væri þá orðinn sá svipur á því máli, sem ekki er í samræmi við túlkun á tilgangi þessarar sjóðsstofnunar, og er því fjarstætt með öllu, að það breyti einhverju í þessu máli.

En hvað er það þá, sem knýr á? Hvers vegna er þessu máli hraðað svona, þegar ekkert sér-

stakt knýr á, en við á hinn bóginn stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd, að margt er lítt eða ekkert athugað í þessu sambandi — jafnvel það, sem skiptir mestu máli fyrir þjóðina, t. d. hvað þurfi að gera í hinum ýmsu iðngreinum og hvað það taki langan tíma að gera það? Ég skal ekki segja um, hvað það er, og ég sé ekkert, sem réttlætir það að samþykkja aðild nú án iðnþróunaráætlunar. Og það eru fleiri en ég eða við framsóknarmenn, sem leita eftir því þessa dagana, hvað það sé, sem réttlæti það að afgreiða þetta mál nú og það fyrir jól. Ég óska mjög eftir því, að hæstv. viðskmrh. upplýsi þetta á viðhlítandi hátt. Menn eru farnir að velta því fyrir sér, hvort þessi skjóta ákvörðun um málið geti staðið í nokkru sambandi við það, að tvennar kosningar eru á næsta leiti að vori, sveitarstjórnarkosningar og svo kosningar til Alþ. vorið 1971. En hvernig er hægt að setja afgreiðslu þessa máls eða stofnun Iðnþróunarsjóðs í samband við þessar kosningar? Ég sé ekki, að það sé hægt og sé raunar fráleitt með öllu.

En hvað er það þá, sem knýr á? Það dytti víst fáum í hug — a. m. k. ekki sæmilega viti bornum mönnum — að fara með lítið æfða menn í íþróttakeppni á erlendan vettvang, og væri það gert, mundi enginn fara í grafgötur um, hvernig fara mundi í slíkri keppni. En er það ekki einmitt það, sem nú er verið að stofna til með iðnað okkar? Það er verið að taka ákvörðun um það, að hann fari í hliðstæða keppni og það við þær þjóðir, sem lengst eru komnar á þessu sviði. Hafa okkar iðnaði verið veitt þau skilyrði, að hann hafi getað tekið sjálfvirknina í þjónustu sína, eða verður það gert innan þeirra tímamarka, sem aðlögunartíminn segir til um? Hefur iðnaðurinn aðgang að því fjármagni, að það hindri ekki eðlilegan rekstur, eða verður séð um það og þá með ekki verri kjörum en iðnaður EFTA-landanna býr við? Eigum við ekki eftir að byggja upp að mestu leyti okkar útflutningsiðnað? Það kostar mikla fjármuni. Og með hvaða vaxtakjörum fást þeir fjármunir? Þessi iðnaður á að keppa við fyrirtæki, sem eru í flestum tilfellum búin að afskrifa sínar fjárfestingar. Er ekki auðsær aðstöðumunurinn fyrir þá, sem hugsa eitthvað á annað borð? Hefur okkar iðnaðarfólk nú þá verkkunnáttu og þá starfsaðstöðu, að það verði, þegar keppnistíminn hefst, hægt að búast við, að það standist slíka keppni í veigamestu greinunum? Sé það ekki, hvað þá?

Áróðursmeistarar hæstv. ríkisstj. hafa haldið því fram, að það sé nauðsynlegt fyrir okkur að ganga í EFTA til að geta bætt kaupmátt launa alls almennings í landinu — jafnvel bændanna líka. Guðmundur Magnússon prófessor kemst að þeirri niðurstöðu í skýrslu sinni, að það sé okkar eina von í þessari keppni, hvað vinnulaun séu hér lág miðað við það, sem er í EFTA-löndunum, og á þann hátt getum við brúað það bil, sem kynni að stafa af því, að aðrir kostnaðarliðir séu hærri hér en í umræddum löndum. Eitt rekur sig á annars horn. Hvaða heilvita manni dettur í hug, að hægt sé að byggja upp iðnað hér með því móti að borga lægri vinnulaun hér en þessar samstarfs- og samkeppnisþjóðir okkar gera á hverjum tíma? Auðvitað skortir okkur fjármagn til þess að geta tekið sjálfvirknina í þjónustu okkar á þeim sviðum, sem hún á við. En það er þó fyrst og fremst starfskunnátta, sem hér skortir. Ef vinnulaun yrðu lægri hér en í hinum EFTA-löndunum, þá hníga öll rök að því, að við missum út úr landinu fyrst og fremst það fólk, sem við sízt megum missa, þ. e. þá, sem eftirsóttir eru vegna verkkunnáttu sinnar. Og hvernig værum við þá staddir? Ég held einmitt, að ef við eigum og höfum von til að standast þá keppni, sem hér er verið að taka ákvörðun um, þá sé grundvallarskilyrði fyrir því, að launakjör séu bætt það mikið, að ekki halli á okkur, hvað þetta snertir, miðað við þau lönd, sem eiga í þessari keppni. Sá, er ekki getur keppt um þetta fólk, er fyrir fram dæmdur til að verða undir í keppninni. Við skulum gera okkur grein fyrir því, að ef við göngum í Fríverzlunarbandalagið, þá verður ekki hægt að halda kaupmætti launa niðri hér. Það hlýtur að verða ófrávíkjanleg krafa launafólks í landinu, að hann verði samræmdur t. d. því, sem gerist annars staðar á Norðurlöndum, og engin frambærileg rök eru fyrir því, að hægt sé að standa á móti því. Hækkun lífsnauðsynja af völdum söluskattshækkunarinnar hlýtur að ýta einnig undir auknar kaupkröfur. Ef áhrif af inngöngu í Fríverzlunarbandalagið verða nokkurn tíma jákvæð, þá verður það fyrstu fjögur árin. Verði það svo, sem ég tel líklegt, þá verður kaupmáttur vinnulaunanna knúinn fram á þeim tíma, en síðar fara að koma hin neikvæðu áhrif, en hvað þau verða mikil, skal ég ekki spá neinu um. En verði þau veruleg, sem eins gæti orðið eins og að þessu máli er staðið nú, hvað þá? Í upphafi skal endirinn skoða. Það er hverjum hollt að minnast þess þrátt fyrir kosningaótta.

Fskj. III með þessari ályktun er ræða hæstv. viðskmrh., er hann flutti í EFTA-ráðinu þann 21. jan. s. l. Þar segir m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Eins og kunnugt er, voru þá hins vegar að myndast ný viðhorf í viðskiptamálum álfunnar vegna tilrauna Breta og margra annarra EFTA-þjóða til þess að gerast aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Íslendingar fylgdust náið með þessum málum á árunum 1961 til 1968 og bjuggu sig undir að ná tengslum við stækkað Efnahagsbandalag, sem þá virtist vera í fæðingu. Þegar ljóst var, að af þessari stækkun yrði ekki að sinni, byrjuðu Íslendingar að nýju að hugsa um aðild að EFTA.“

Í sambandi við þessi ummæli hæstv. viðskmrh. vil ég leyfa mér að spyrja hann, hvort eigi að skilja þessi ummæli hans á þann veg, að hæstv. ríkisstj. stefni nú að því að fá inngöngu í Efnahagsbandalag Evrópu með þeim EFTA-þjóðum, sem nú eru búnar að sækja um inngöngu í Efnahagsbandalagið eða tengjast því á annan hátt og þá hvernig. Ég held, að það sé nauðsynlegt fyrir alla hv. þm. að vita,

hvernig eigi að skilja þessi ummæli, áður en þeir taka afstöðu til þess máls, sem hér er til umr., þrátt fyrir það, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér áðan. Eins og fram hefur komið í fréttum, hefur nú verið ákveðið, að viðræður fari fram á næsta ári milli sumra EFTA-þjóðanna og Efnahagsbandalagsins, og er álitið af ýmsum, að mjög stuttur tími muni líða, þar til þessar þjóðir ganga í Efnahagsbandalagið. Ekki er því annað sýnna en framtíð Friverzlunarbandalagsins sé óviss og óráðin, og því sýnist vafasamt að gera sér ekki nú fulla grein fyrir, hvernig eigi að halda á málinu, þegar þessar þjóðir ganga í Efnahagsbandalagið eða ef þær gera það, sem nú má telja nokkurn veginn fullvíst.

Í skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors er gengið út frá því, að þó að þessar þjóðir muni ganga í Efnahagsbandalagið, þ. e. Bretar, Danir, Írar og Norðmenn, muni þeir ekki gera það á næstu fimm árum. Nú sýnist manni, að þetta mat prófessors Guðmundar sé ekki raunhæft. Ég vil því spyrja hæstv. viðskmrh., hvort hin óvissa framtíð EFTA hafi engin áhrif á afstöðu hæstv. ríkisstj. til málsins, og sé það ekki, hver séu þá rökin fyrir þeirri afstöðu. Ég spyr að þessu fyrst og fremst vegna þeirrar ræðu, sem viðskmrh. flutti hér áðan, því að þar kom í raun fram, að hann taldi — þó óbeint væri, að það væri stórhættulegt að byggja upp okkar iðnað og byggja á þeim markaði, ef hann rynni svo út í sandinn. Það kom fram í fréttum fyrir skömmu, að EFTA-aðild Færeyinga hafi lagt iðnað þeirra í rúst. Er það rétt? Fyrir nokkrum árum hitti ég nokkra Færeyinga. Þeir gerðu sér þá miklar vonir um, að ef þeir tengdust EFTA, mundi það skapa þeim aukin skilyrði til úrvinnslu og iðnaðar eins og ýmsir gera nú hér. En hafi farið fyrir Færeyingum, eins og umrædd frétt greinir frá, hvað þá um okkur?

Það er komið með þetta mál eins og mörg önnur, að það skiptir kannske mestu, hvernig að framkvæmdinni er staðið, hvernig til tekst. Hefur hæstv. ríkisstj. staðið að þessu máli á þann hátt, að líklegt sé, að framkvæmdin verði sómasamleg? Gefa vörðurnar, sem hún hefur hlaðið á viðreisnargöngunni, nokkra von um það, að henni sé treystandi til þess? Bendir ekki flest til þess, að eina markmiðið, sem hæstv. ráðh. hafa, sé að hanga sem lengst í ráðherrastólunum? Erum við að lifa upp Sturlungaöldina? Ætlar sagan að endurtaka sig? Sýnist ekki flestum, að hæstv. viðskmrh. fylgi vel eftir þeirri kenningu sinni, að við eigum að varðveita sjálfstæðið með því að fórna því? Hefur ekki hæstv. ráðh., form. Alþfl., setið í ráðherrastól á ellefta ár með því að afneita jafnaðarstefnunni? Geta þessir herrar vænzt þess, að þjóðin treysti þeim? Enda leynir sér ekki óttinn í stjórnarliðinu nú. Það leynir sér ekki ólgan í baráttuliði þeirra; hvað þá hjá hinum almennu kjósendum. Og skröltið í handjárnum þingliðsins, sem þegar er farið að heyrast um alla landsbyggðina, t. d. í gær, þegar greiðsluheimildin til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins var felld. Það er ekki að ófyrirsynju, að hæstv. forsrh. er órólegur yfir því, hvað honum hefur gengið illa að dylja einræðishneigð sína og þá vaxandi erfiðleika, sem hann á í við að þjóna þeirri tilhneigingu sinni að deila og drottna.

Það fer sýnilega í taugarnar á forsrh. hæstv., að frjáls skoðanamyndun skuli viðgangast í öðrum flokkum og form. okkar framsóknarmanna, háttv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafur Jóhannesson, skuli vera lýðræðislega sinnaður og það sé ekkert feimnismál hjá okkur, þó að stundum sé einhver skoðanamunur í einstaka máli. Er það ekki einkenni lýðræðislegra starfshátta og óhjákvæmileg afleiðing þeirra? Hitt er svo annað mál, að þó að það samrýmist ekki hugsunarhætti og lífsviðhorfi hæstv. forsrh. og verði til að kynda undir þeirri ólgu, sem í hans flokki er, þá er það ekki til að bæta það ástand, að Morgunblaðið er nú látið gera hróp að form. Framsfl. og kalla hann formannsnefnu og því um líkt. Það mun ekki verka, eins og ætlazt er til, heldur hið gagnstæða. Það lýsir e. t. v. bezt hugsunarhætti hæstv. forsrh., að þegar hann sá, að ekki mundi verða hægt að koma fram á Alþ. frv. um tollskrá og söluskatt fyrir jólin, þá sagði hann á þá leið, að ef háttv. þm. vildu hafa skemmtun af því að lesa þessi plögg yfir jólin og koma síðan strax saman eftir hátíðar, þá hafi ríkisstj. ekkert við það að athuga. En kemur ekki fram í þessu, að hæstv. forsrh. sér ekkert athugavert við það, að afgreiðslu þessara mála sé hraðað svo í Alþ., að ekki sé neinn kostur á, að þm. kynni sér þessi frv. að neinu gagni? Það, sem skiptir mestu máli að dómi hæstv. forsrh., er, að háttv. þm. losni við að hugsa um þessi mál yfir jólin, en ekki þingleg meðferð málsins. Þarf fleiri vitni við um það, hvernig hæstv. ráðh. hugsar og að hverju hann stefnir?

Frsm. 1. minni hl. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vakti athygli á því fyrr í dag, að það hefði ekki veitt af að fá hér grg. eins og grg. Guðmundar Magnússonar prófessors um fyrirætlanir um erlend iðnfyrirtæki á Íslandi á næstunni. Ég vakti athygli á því, að hæstv. iðnmrh. hefði látið vinna mjög dyggilega að þeim málum og lagt í það miklu meiri fjármuni en í könnunina á stöðu íslenzks iðnaðar, og ég mæltist til þess við hæstv. ráðh., að hann gerði hér grein fyrir verkum sínum á þessu sviði. En það verður heldur lítið um svör. Nú vildi svo til, að hæstv. ráðh. hafði fjarskalega lítinn áhuga á því að guma af þessum málum, eins og hann hefur stundum gert áður. Honum virðist auðsjáanlega ekki heppilegt að tengja þær staðreyndir við þetta mál, þó að þar sé um mjög náin tengsl að ræða. Ég spurði hæstv. ráðh. m. a. að því, hver árangur hefði orðið af för til Norðurlanda til þess að kanna, hvort norrænir iðnrekendur væru reiðubúnir til að stofna hér dótturfyrirtæki. Fregn um þessa för hæstv. ráðh. kom í íslenzka sjónvarpinu ásamt mynd, og þar var

tekið fram, að þetta væri erindi hæstv. ráðh. Nú segir hæstv. ráðh., að þetta hafi raunar ekki verið erindið, heldur hafi aðeins verið um að ræða venjulegt heimboð frá „kollega" hans dönskum, og ég hef raunar engin gögn til þess að vefengja það.

Hins vegar er greint frá því í skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors, að Norðurlandafirmu — í fleirtölu — hafi verulegan áhuga á því að hefja hér framleiðslu í vefjariðnaði til útflutnings. Varla mundi prófessorinn staðhæfa þetta, nema fyrir lægju einhverjar staðreyndir einmitt um þennan undirbúning norrænna fyrirtækja að stofna hér dótturfyrirtæki, eins og um var rætt. Hæstv. ráðh. kvaðst ekki sjá neinn mun á því, hvort við keyptum t. d. hreinsaða olíu af olíuhreinsunarstöð við Svartahaf eða af erlendri olíuhreinsunarstöð á Íslandi. Þetta er hugarfar, sem ég held, að fáir Íslendingar muni sætta sig við. Það hefur verið okkar keppikefli að flytja þau verkefni, sem við gætum unnið, inn í landið og koma þeim í eigu innlendra manna. Þetta var alger meginregla lengi vel á Íslandi og hefur dugað Íslendingum mjög vel, og ég er viss um, að þessi stefna er Íslendingum óhjákvæmileg, ef þeir ætla að halda efnahagslegu fullveldi.

Í rauninni var ekki margt í ræðu hæstv. ráðh., sem ég þarf að gera athugasemdir við; það var öllu fleira í ræðu hæstv. viðskmrh. Sú ræða var býsna löng, og ef ég ætti að gera athugasemdir við það, sem ég hnaut um í henni, yrði ég að tala langt mál, svo að ég verð aðeins að velja úr.

Eins og fram kom í þessari ræðu og við þm. vitum mjög vel, þá er hæstv. viðskmrh. kreddumaður. Hann trúir á formúlur. Hann er að vísu ekki kreddufastur, því að hann trúir ekki alltaf á sömu formúluna. Þær eru mjög breytilegar hjá honum. En hann trúir á þá formúlu, sem er næst honum hverju sinni. T. d. gat hann ekki skilið þau orð, sem ég mælti hér um gagnsemi frjálsra viðskipta í heiminum í upphafi ræðu minnar, öðruvísi en út frá formúlu. *Í augum hans eru frjáls viðskipti aðeins* afnám verndartolla og frjáls innflutningur. Það má vel vera, að slík formúla finnist í einhverri kennslubók eða uppsláttarbók, sem þessi hæstv. ráðh. á, en við þetta átti ég öldungis ekki. Ég átti hreinlega við aukin viðskipti þjóða á milli í heiminum. Og slík viðskipti er hægt að auka, þó að menn haldi verndartollum á vissum sviðum eða vissum innflutningshömlum eins og allir vita. Þessi auknu alþjóðlegu viðskipti eru án efa mjög stórt mál ekki sízt fyrir þróunarlöndin og fátæku þjóðirnar. En ég lagði áherzlu á það, að þessar efnahagssamsteypur í Evrópu *hafa ekki þann tilgang að auka frjálsa verzlun* af þessu tagi, heldur hið gagnstæða. Þetta eru klúbbar ríkra þjóða til þess ætlaðir að halda óbreyttum yfirburðum þeirra yfir fátækari þjóðum, og þetta hefur verið mikið gagnrýnt meðal þróunarríkja, vegna þess að eitt verkefni þessara bandalaga er að halda uppi þeirri mismunun, sem er nú einna alvarlegust í heiminum — mismununinni á hráefnaverði og verði á fullunnum iðnaðarvarningi. Það er þessi munur, sem leiðir til þess, að viðskiptakjör fátækra þjóða og ríkra halda áfram að versna, og þetta grefur hreinlega undan þeirri efnahagsaðstoð, sem reynt er að veita fátækum þjóðum. Þetta eru staðreyndir, sem menn eiga að gera sér ljósar í þessu sambandi, þ. e. að við erum ekki að stuðla að almennri kenningu um aukið verzlunarfrelsi í heiminum með því að ganga inn í samtök eins og EFTA, heldur erum við að ganga inn í stofnun, sem hefur öfugan tilgang, ef litið er á hnöttinn sem heild.

Annað dæmi um það, hvað hæstv. ráðh. er mikill kreddumaður, er það, sem hann sagði um Noreg. Hann sagði réttilega, að gengi iðnaðar í Noregi hefði aukizt verulega á undanförnum árum, og hann sagði, að þetta væri að þakka aðildinni að EFTA. Þetta er ákaflega einföld skýring, en þó í rauninni engin skýring. Það, sem veldur því, hvað norskur iðnaður hefur þróazt, er hin sérstaka staða Noregs og Sviþjóðar sameiginlega. Noregur og Sviþjóð eru í rauninni, eins og menn vita, eitt sameiginlegt landsvæði þjóða, sem standa á mjög svipuðu þróunarstigi, og EFTA-aðildin varð til þess, að óeðlileg höft, sem voru á milli þessara tveggja ríkja, duttu niður. Hagur norsks iðnaðar er svo til einvörðungu bundinn við aukin viðskipti við Sviþjóð, og góður árangur hefði náðst alveg á sama hátt, þótt þessi tvö ríki hefðu gert sérstakan samning af þessu tagi sín á milli. Þannig er í þessu auðvitað ekki fólgin nein fyrirmynd fyrir Ísland eða hugsanlega þróun hér. Hér eru aðstæður allt aðrar. Þetta helgast af þessari sérstöku staðsetningu Noregs við hliðina á Sviþjóð og því, að þau ríki eru á svo svipuðu stigi.

Hæstv. ráðh. reyndi að skjóta sér á bak við það, að íslenzkir iðnrekendur hefðu samþykkt fylgi við EFTA-aðild með miklum meiri hluta eins og hæstv. ráðh. sagði, og hann spurði, hvort menn héldu, að þessir ágætu iðnrekendur vildu fara að fremja sjálfsmorð, hvort *þeir hefðu ekki vit á því, hvað hentaði þeirra* iðngreinum. Nú veit hæstv. ráðh. vel, að hann var að segja ósatt. Þarna er ekki um að ræða neinn meiri hluta iðnrekenda. Ég hef engar heimildir fyrir því. Það er um að ræða meiri hl. atkv. í atkvgr., sem var þannig, að iðnrekandi hafði atkvæðamagn í hlutfalli við það verkafólk, sem hjá honum vann, og það er allt annað. Í þessu er það fólgið, að nokkrir stórir iðnrekendur höfðu miklu meiri völd en þeir smáu, og þeir aðilar, sem ekki stunda verndaðan iðnrekstur, voru sterkari en hinir. Mér þætti fróðlegt að vita, hvort hæstv. ráðh. hefði einhverja vitneskju um það, hver er afstaða atvinnurekenda í vernduðum iðngreinum. Hefur það verið kannað sérstaklega? Og raunar hefði, fyrst iðnrekendur fóru að greiða atkv. fyrir hönd starfsfólks síns eins og þeir hafa gert, verið sæmandi að spyrja starfsfólkið sjálft. Það hefði ekki verið mikið verk. Og kannske hefði verið vert að spyrja sérstaklega þær konur, sem Guðmundur Magnússon spáir,

að missi atvinnu sína — og hann hefur ekki miklar áhyggjur af — vegna þess að það eru konur, sem ekki eru sérmenntaðar, eins og stendur í skýrslu hans. Ég held, að það hefði verið gagnlegt fyrir ráðh., sem kennir sig við Alþfl., að afla sér þessarar vitneskju og reyna svo að nota hana til stuðnings því máli, sem hann er að berjast fyrir.

Hæstv. ráðh. flutti þá einkennilegu kenningu, að ekki væri hægt að gera áætlun um þróun iðnaðar á Íslandi án þess að eiga aðild að markaði. Hann komst, held ég, svo að orði, að áætlun, sem væri við það miðuð að standa utan EFTA, væri gerónýt, ef við gengjum svo í EFTA og öfugt. Auðvitað er þessi kenning hæstv. ráðh. alger fjarstæða. Áætlun, sem við gerum um þróun iðnaðar, hlýtur að miðast við aðstæður hér á Íslandi — fyrst og fremst við hráefni okkar, innlent hráefni og hugsanleg erlend hráefni, sem við getum notað — fjármagn okkar og vinnuafl. En síðan þegar við höfum gert okkur grein fyrir því, hvaða iðnað við getum stofnað og starfrækt, þá hljótum við að velja okkur markaði í samræmi við það, en ekki öfugt. Kenning hæstv. ráðh. minnir á ævintýrið gamla um það, þegar verið var að leita að eiganda skóa og reynt var að leysa þann vanda, sem í var komið, með því að höggva af tá og hæl. Við þurfum að velja okkur það, sem okkur hentar, ekki með því að höggva af okkur sjálfum, heldur með því að hafa markaðinn í samræmi við þarfir okkar.

Hæstv. ráðh. sagði einnig nokkur orð um áætlunargerð almennt og hélt því fram, að það væri úrelt sjónarmið að halda, að áætlanir gætu verið bindandi. Áætlanir væru einvörðungu almennur rammi. Nú veit ég það fullvel, að það er erfitt að gera áætlanir um heildarframleiðslu stórra þjóðfélaga. Reynslan hefur leitt það í ljós, að það er mjög erfitt að hafa sterka miðstjórn á slíkum áætlunum í þjóðfélögum, sem eru orðin sæmilega iðnvædd. En við skulum minnast þess, í hvaða þjóðfélagi við búum. Við erum ekki nema 200 þús. talsins. Öll framleiðsla okkar er ekki meiri en hjá meðalstóru fyrirtæki hjá stórþjóðum, og meðalstór fyrirtæki hjá stórþjóðum gera bindandi áætlanir, þau gera áætlanir eins langt fram í tímann og þau geta og reyna að hafa þær eins bindandi og unnt er. Ef við ætlum í þessu smáa þjóðfélagi að gera áætlanir, sem eitthvert gagn er í, þá verðum við að hafa sama hátt á. Og það er í sjálfu sér ekkert vandamál að gera slíka áætlun fyrir afmarkaða þætti í atvinnulífi okkar, þannig að hægt sé að styðjast við þá og hafa þá bindandi alllangt fram í tímann. Við eigum ekki að bera okkur saman við tugmilljóna þjóðir. Við eigum að gera okkur grein fyrir því, hvernig aðstæður eru hér á okkar landi, og þó að við tökum allan okkar iðnað í heild, þá er hann ekki nema smáræði, eins og minni háttar fyrirtæki hjá öðrum þjóðum. En við náum aldrei valdi á þessu verkefni, nema við skipuleggjum hann og leggjum á ráðin um hann sem sérstaka heild.

Ég vitnaði í ummæli, sem hæstv. ráðh. hefur haft uppi nokkrum sinnum um það, að iðnþróun verði því aðeins, að við göngum í EFTA; þeir, sem séu á móti EFTA, séu á móti iðnþróun. Ég get vitnað í fyrirvaralaus ummæli úr mörgum ræðum hæstv. ráðh., en nú kom hann allt í einu með fyrirvara. Hæstv. ráðh. sagðist alls ekki hafa átt við fiskiðnaðinn, sem auðvitað væri efst á blaði í sambandi við iðnvæðingu. Hann sagðist ekki heldur hafa átt við annan iðnað úr innlendum hráefnum. Hann sagðist einvörðungu hafa átt við þann iðnað, þar sem við verðum að flytja hráefnin inn. Um slíkan iðnað væri svo ástatt, að það væri ekki hægt að stunda hann, ef menn þyrftu að fara yfir tollmúra. Nú skal ég fúslega viðurkenna það, að um slíkan iðnað gegnir öðru máli en iðnað úr hráefnum, sem framleidd eru innanlands. Hins vegar er þessi kenning hæstv. ráðh. engan veginn rétt. Það hafa mörg ríki orðið að gera það, þ. e. að koma upp iðnaði úr innfluttum hráefnum og selja þau yfir tollmúra. Þetta hafa mörg eða flest lönd gert. Ég skal minna á eitt nálægt ríki, Danmörku. Það ræður ekki yfir neinum hráefnum, svo að heitið geti, og ekki orku heldur; það verður að flytja hvort tveggja inn. Samt tókst Dönum að byggja upp öflugan iðnað, áður en gengið var í EFTA, og Danir selja iðnaðarvörur úr innfluttum hráefnum til Bandaríkjanna og til Efnahagsbandalags Evrópu í vaxandi mæli. Þessi kennisetning hæstv. ráðh. er ekki rétt, enda hættir þessum hæstv. ráðh. mjög við því að sjá veröldina í ákaflega einföldum kennisetningum. Hún er bara ekki þannig.

Hæstv. ráðh. gerði aths. við það, sem ég hafði sagt hér um 16. gr. EFTA-samninganna, þá grein, sem kveður á um hin gagnkvæmu réttindi, og hann sagði, að ríkisstj. Íslands liti svo á, að fiskiðnaður heyrði ekki undir ákvæði gr. og þess vegna væri óþarfi að gera fyrirvara. Engu að síður er það staðreynd, að hæstv. ríkisstj. hafði í hyggju að gera fyrirvara um þetta atriði, og ástæðan til þess, að hún hætti við það, var sú, að hún taldi sig hafa vitneskju um, að þá mundu aðrir aðilar gera fyrirvara gagnvart okkur. Hvað felst í þessu? Í þessu felst auðsjáanlega það, að ef við hefðum gert fyrirvara, þá hefðu aðrir litið á það þannig, að verið væri að skerða hagsmuni þeirra; því aðeins beita þeir gagnaðgerðum. Þeir líta svo á, að ef við hefðum gert fyrirvara við 16. gr., hefðum við verið að skerða hagsmuni þeirra. Þetta er alveg augljóst mál. Samt er ég ekki þeirrar skoðunar, að hættan við 16. gr. sé endilega sú, að önnur ríki reyni að sanna upp á okkur einhverjar skyldur. Hættan er, eins og ég rakti í ræðu minni í dag, bundin við stefnu þessarar hæstv. ríkisstj. Hæstv. ríkisstj. vill nota 16. gr. til þess að laða hingað sem mest af erlendum aðilum. Og þótt hæstv. ráðh. kæmist hér svo að orði fyrir nokkrum dögum, að það mætti aldrei gerast að erlendir aðilar kæmust í fiskiðnað okkar, þá held ég, að þessi hæstv. ráðh. ætti að minnast þess af langri reynslu, að forðast ber að nota orðið aldrei.

Það hefur einnig verið sagt, að frv. þau, sem hér hafa verið flutt, séu nægir fyrirvarar. Hæstv. ráðh. sagði, að það væri nægur fyrirvari, að ráðh. hefðu vald til þess að ákveða, hverjir mættu stofna hér fyrirtæki og hverjir ekki. Alþ. þyrfti ekki að hafa slík völd, því að Alþ. gæti fellt ríkisstj., sem eitthvað gerði af sér. Ef þessi stefna ætti að ríkja á öllum sviðum, hvert væri þá verksvið Alþ.? Á flestum sviðum er það þannig, að hæstv. ríkisstj. verður að leggja mál sín fyrir Alþ., jafnvel smáatriði eins og sölu á eyðibýli, og láta Alþ. fjalla um það og láta Alþ. samþykkja það. Ef fylgt væri þessari nýju kenningu hæstv. ráðh., þá væri hægt að taka öll verkefni af Alþ. og láta Alþ. sitja og bíða eftir því, að ríkisstj. ynni eitthvert það verk, sem Alþ. vill ekki sætta sig við, og felldi hana svo. Það á ekkert skylt við lýðræði eða þingræði að taka ákvörðunarvaldið af Alþ. og fela það ráðh., heldur er þar um að ræða gagnstæða stefnu. Ef setja á einhvern fyrirvara í sambandi við 16. gr., verður sá fyrirvari að vera á þá leið, að Alþ. taki slíka ákvörðun. Og ef hæstv. ríkisstj. vill ekki á slíkt fallast, hljóta viðhorf hennar að vera annarleg í sambandi við þetta mál einnig.

Ég sá ástæðu til þess í dag að vita hæstv. viðskmrh. fyrir mjög ósæmilega framkomu í sjónvarpsumr. um daginn, þegar hæstv. ráðh. fór með vísvitandi ósannindi eins og ég sagði, og ég hef enga ástæðu til þess að breyta þeim ummælum. Þau orð, sem hæstv. ráðh. fór með hér í dag, staðfestu það, sem ég sagði. Ég hafði í fyrri ræðu minni í umr. nefnt tölur um það, hvað tollarnir lækkuðu annars vegar og hvað söluskatturinn hækkaði hins vegar, og ég vakti athygli á því, að málsvarsmenn EFTA hefðu ekkert um þetta sagt. Hæstv. ráðh. var að svara mér, og hann sagði, að það væri alrangt, sem ég hefði sagt. Hann sagði, að tollalækkun og söluskattshækkun vegi hvort annað upp í sambandi við aðild að EFTA. Það má vel vera, að með orðhengilshætti sé hægt að lesa það út úr setningum þeim, sem hæstv. ráðh. fór með, að hann hafi ekki farið með formleg ósannindi. Engu að síður fékk hver maður, sem á þetta hlustaði, inn í sig þá skoðun hæstv. ráðh., þá kenningu hæstv. ráðh., að þarna væri um jafnræði að ræða. Enda var það tilgangur hæstv. ráðh. að koma þessari skoðun inn hjá fólki. Ég veit fullvel um þetta, og ég geri ráð fyrir, að fleiri menn hafi orðið varir við það. Ég hitti fólk daginn eftir víða, sem fór að tala um þetta, vekja athygli á því. Sumir höfðu trúað hæstv. ráðh., en aðrir voru hneykslaðir. En það er algerlega augljóst, að hæstv. ráðh. var þarna að koma á framfæri algerum blekkingum. Ég endurtek, að þetta er ósæmileg framkoma hjá íslenzkum ráðh.

Hæstv. ráðh. hafði nokkur almenn orð um þá stefnu að hækka söluskattinn. Hann sagði, að með því væri verið að feta sömu slóð og farin hefði verið hér í nágrannalöndum að undanförnu og sósíaldemókrataflokkar hefðu í raun og veru aðhyllzt margir. Þetta er í sjálfu sér alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Hins vegar hafa sósíaldemókrataflokkar t. d. á Norðurlöndum lagt á það mjög ríka áherzlu að reyna að jafna þær þungu byrðar, sem af söluskatti stafa, upp með stórauknum tryggingagreiðslum og fjölskyldubótum til láglaunafólks. Á þessu sviði erum við Íslendingar langt á eftir. Almennar greiðslur almannatrygginga á Íslandi eru núna um það bil helmingur þess, sem er á Norðurlöndum og fjölskyldubæturnar mun minni hluti. T. d. í Noregi eru fjölskyldubætur það miklar, að stór barnafjölskylda fær í fjölskyldubætur upp undir fullt mánaðarkaup. Þegar hæstv. ríkisstj. hækkar nú söluskattinn um nærfellt 1 milljarð, þá eru engar ráðstafanir til þess gerðar að milda þetta gagnvart láglaunafólki og stórum fjölskyldum. Engar ráðstafanir. Því að sú óverulega hækkun, sem nú á að gera á lífeyrisgreiðslum og bótum almannatrygginga, á aðeins að vega upp þróun, sem komin er á undan, vegna þess að þessar greiðslur hafa rýrnað síðan 1960. Því var lýst yfir, að þetta ætti að vega eldra misræmi upp, en væri ekki í neinu samhengi við þá stórhækkun á söluskatti, sem nú kemur til framkvæmda. Þannig að Alþfl. og hæstv. form. hans hafa algerlega vanrækt að hafa þó þennan fyrirvara, sem sósíaldemókratar á Norðurlöndum hafa lagt áherzlu á af sinni hálfu.

Ég vakti einnig athygli á því í dag, að ég teldi það vera niðurlægjandi, að íslenzkur ráðh. gengi á fund annarra norrænna þjóða til að biðja um peninga eins og gert hefur verið. Ég hefði talið eðlilegt að fara fram á eðlilegt lán með eðlilegum vöxtum, en það nægði ekki hæstv. ríkisstj. Hún varð að fara fram á vaxtalaust lán, sem jafngildir stórfelldri peningagjöf. Hæstv. ráðh. reyndi að réttlæta þetta með því, að það væri ekki jafnræði í viðskiptum á milli Íslendinga og annarra norrænna þjóða. Þeirra útflutningur til okkar væri margfalt meiri, sala þeirra til okkar væri margfalt meiri en sala okkar til þeirra. Það er sannarlega ekki í samræmi við EFTA-sáttmálann, að slíkt jafnræði eigi að vera — þvert á móti. Og tilraunir hæstv. ráðh. til þess að tengja þetta við EFTA-samkomulagið eru fjarri öllum sanni. Ef hæstv. ríkisstj. hefði talið, að þetta væri í einhverju samhengi við EFTA-sáttmálann, þá hefði hún auðvitað snúið sér til EFTA. Hún gerði það ekki, vegna þess að það hefði auðvitað verið hlegið að slíkri málaleitan. Hún notfærði sér það aðeins, að hún veit, að Íslendingar njóta sérstakrar velvildar á Norðurlöndum, og hún reynir að breyta þeirri velvild í fjármuni. Hæstv. ríkisstj. hefur oft gert þetta. Það minntist hér einhver í dag á Marshall-aðstoð, frsm. meiri hl. utanrmn. Ég man eftir því, að þegar við gerðumst aðilar að Marshall-samningunum, þá lýsti hæstv. núv. forsrh. yfir því, að við, sem vorum býsna vel efnum búnir eftir styrjöldina, færum inn sem veitendur, en ekki sem þiggjendur. En þeim áfanga lauk nú samt svo, að við höfðum tekið á móti meiri aðstoð en nokkurt annað land. Þetta hefur verið einkenni á þeim hæstv. ráðh., sem nú fara með

völd alla tíð — einnig á þeim árum, þegar Íslendingar státuðu af því að vera með einhverjar hæstu þjóðartekjur á mann.

Ég vakti einnig athygli á því í dag, að hæstv. ríkisstj. hefði algerlega vanrækt að taka þátt í undirbúningsviðræðum og athugun í sambandi við umræður Norðurlandaþjóða um efnahagsbandalag, NORDEK. Um það atriði sagði hæstv. iðnmrh. ýmis furðuleg orð. Annars vegar sagði hann, að hugmyndirnar um NORDEK væru ekki aðgengilegar fyrir Ísland, en í hinu orðinu sagði hann, að hann vissi, að það væri tiltölulega mjög auðvelt að fá undanþágu fyrir Ísland á öllum þeim atriðum, sem okkur hentuðu ekki. En við þurfum ekkert að hlusta á svona staðhæfingar hjá hæstv. ráðh. Það, sem átt hefði að gera, ef unnið hefði verið að þessu máli á skynsamlegan hátt, hefði verið, að fyrir okkur hefðu legið staðreyndir um þessa hluti, þ. e. að framkvæmd hefði verið könnun á þessu. Ef við hefðum vitað þetta, þyrftum við ekki að hlusta á mótsagnafullt mat hjá þessum hæstv. ráðh. En hann gaf engin svör við þeirri spurningu, sem ég bar hér fram í dag, hvort hæstv. ríkisstj. gæti hugsað sér, að hlutskipti okkar ætti að vera það að vera í þeim hluta EFTA, sem væri utan Norðurlanda, eftir að búið væri að stofna norrænt efnahagsbandalag og EFTA væri í rauninni klofið — að við ættum þá sem sé ekki að vera í samvinnu við Norðurlönd, heldur við hin EFTA-ríkin. Ég get ekki skilið stefnu ríkisstj. öðruvísi en hún geti hugsað sér þessa þróun. En mér finnst hún algerlega fáránleg.

Ég vakti athygli á því hér í dag, að einn megintilgangur með EFTA-aðildinni væri, að við tækjum á okkur skuldbindingar um þær hagstjórnaraðferðir, sem við annars vegar mættum beita og hins vegar ekki. Hæstv. ráðh. vefengdi raunar ekki, að þetta væri rétt, en hann sagði, að þetta kæmi ekki að sök, því að við getum gengið úr EFTA eftir eitt ár; hann lagði á þetta mikla áherzlu. Nú veit ég þó ósköp vel, að við getum gengið úr EFTA eftir eitt ár samkvæmt ákvæðum samninganna, en við skulum einnig gera okkur það ljóst, að þetta kann að verða miður auðveldara en það lítur út fyrir að vera. Ef tekin er stórfelld ákvörðun í efnahagsmálum, þá dregur hún dilk á eftir sér. Hún breytir öllu efnahagskerfi þjóðfélagsins, og það getur verið ákaflega erfitt að snúa við, eftir að búið er að gera slíka breytingu. Við getum tekið til samanburðar ráðstöfun eins og gengislækkun. Um gengislækkanir er oft verulegur ágreiningur. En eftir að búið er að framkvæma gengislækkun og eftir að hún hefur verkað um kerfið allt, þá dettur engum manni í hug að afturkalla hana. Ég skal engan veginn gera lítið úr því, að við eigum þess kost að segja okkur úr EFTA, en við skulum gera okkur það ljóst, að það verður engan veginn jafnauðvelt og þessi hæstv. ráðh. vildi vera láta í ræðu sinni hér í dag.

Hæstv. ráðh. sagði nokkrar setningar um þá till. okkar Alþb.-manna, að aðild að EFTA verði borin undir þjóðaratkvæði, og hann sagðist vera andvígur þeirri till. Hann kom með kennisetningu eins og venjulega og sagði: Stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir slíku, Alþ. á að útkljá slík mál, eins og hann væri að fara með algilda kennisetningu. Nú hefur það áður verið lagt til hér á þingi, að mál væru borin undir þjóðaratkvæði. Það gerðist t. d. 1949, þegar fyrir Alþ. lá till. um aðild Íslands að Atlantshafsbandalaginu. Þá var borin fram till. um þjóðaratkvæði, og ég gáði að því áðan, hvernig atkv. hefðu fallið um hana. Á listanum yfir þá, sem samþykktu þjóðaratkvæði, var eitt nafn skráð fyrst, Gylfi Þ. Gíslason. Hann var þá ekki að hugsa um stjórnarskrána. Hann var ekki að hugsa um þau sannindi, sem hann var að segja hér áðan, og það er ekki lengra síðan en í vor, að fyrir Alþ. lá önnur till. um að hafa þjóðaratkvæði um eitthvert hégómlegasta smámál, sem lagt hefur verið fyrir Alþ., um það, hver alkóhólprósenta í bjór ætti að vera. Um þessa till. var haft nafnakall. Ég gáði einnig að því, hvernig atkv. hefðu fallið þar, og það hittist svo einkennilega á, að fyrsti maður, sem samþykkti till., var einnig sá sami og 1949, Gylfi Þ. Gíslason. Hæstv. viðskmrh. er þannig þeirrar skoðunar, að það megi leggja undir þjóðaratkvæði bæði stór mál og smá, bæði utanríkismál og innanríkismál. Nú veit ég, að ég er ekki að skýra út neina nýja hlið á þessum hæstv. ráðh. með því að vekja athygli á þessu. Allir hv. alþm. vita, að á hinum langa ferli sínum hefur hæstv. ráðh. tekizt ekki aðeins að hafa gagnstæðar skoðanir á flestum málum, heldur á mörgum málum allar hugsanlegar skoðanir, sem hægt er að hafa, og hann kann þá list að flytja þessar skoðanir af miklum sannfæringarkrafti hverju sinni og tala um þær sem algild sannindi. Ég var ekki sammála hæstv. viðskmrh. um það, að það ætti að fara fram þjóðaratkvgr. um það hégómamál, hvort áfengismagn í bjór ætti að vera meira eða minna. Hins vegar tel ég, að það beri að hafa þjóðaratkvgr., þegar um er að ræða stórmál, sem raska högum þjóðarinnar — mál, sem eru af þessu tagi og ekki hafa verið borin upp í kosningum næst á undan. Í seinustu kosningum, 1967, var ekkert um þetta mál rætt. Alþm. fengu ekkert umboð til þess að útkljá mál af þessu tagi, og þá ætti það að vera siðferðileg skylda alþm. að bera slíkt mál undir þjóðaratkvæði. Annað tel ég vera ósæmilegt með öllu.

Að lokum vil ég minnast örlítið á hina frægu Þjóðminjasafnsræðu hæstv. ráðh. Hann kvartaði undan því í dag, að ég hefði nokkrum sinnum á undanförnum árum vitnað til þessarar ræðu, og það er vissulega rétt; það hef ég gert. Ég hef gert það vegna þess, að þetta er einhver minnisstæðasta ræða, sem ég hef heyrt, og ég veit, að þannig var um fleiri, sem voru viðstaddir þennan atburð. Þetta var á aldarafmæli Þjóðminjasafnsins, og menn bjuggust við, að hæstv. menntmrh. mundi halda eina af þessum áferðarfallegu tækifærisræðum, sem hann er sérfræðingur í að halda við slík tæki-

færi. En hann gerði það ekki. Hann lagði út af þeim ummælum Winstons Churchills, að helzta ráðið til að efla sjálfstæði þjóðar væri að fórna sjálfstæði hennar. Og hann sagði þetta ekki til þess að gagnrýna þessi ummæli, heldur til þess að taka undir þau, til þess að styðja þau. Hann færði að þeim margvísleg rök í löngu máli. Hæstv. ráðh. sagði m. a. í þessari ræðu:

„Tuttugasta öld er tími fjöldaframleiðslu, stórs markaðs, kjarnorku og geimferða. Tvö mestu stórveldi Vesturlanda og þá um leið veraldar eru til orðin við samruna þjóða og þjóðarbrota, jafnvel ríkja. Í Austurlöndum eru að rísa upp risaveldi, sem eru ólíkari hið innra en Evrópa, og greinist hún þó í sundurleitar þjóðir og mörg þjóðríki. Hvarvetna gætir viðleitni til þess að efla samvinnu, tengjast böndum, mynda bandalög. Hvers vegna? Vegna þess, að fjöldaframleiðsla og stór markaður, kjarnorka og geimferðir krefjast stórra átaka, sterkra afla, mikils valds ... Og kemur ekki hlutdeild í auknu sjálfstæði og vaxandi öryggi voldugs bandalags í stað minnkandi sjálfsforræðis hvers einstaks? ... Það, sem er að gerast í kringum okkur, er, að stórveldi eflast, bandalög myndast, olnbogarúm hinna smáu minnkar, skilyrði þeirra til þess að tileinka sér hlutdeild í framförum skerðast, kæna smáríkis dregst aftur úr hafskipi stórveldis eða bandalags."

Það var mikið flug á hæstv. ráðh., þegar hann flutti þessa ræðu, en sú kenning, sem í ræðunni felst ... (Gripið fram í.) Ég hef ekki lengri tilvitnun úr þessari ræðu hér hjá mér, en þessi tilvitnun gefur fulla hugmynd um, hvað hæstv. ráðh. var að fara. En sú kenning, sem hæstv. ráðh. er hér með, er ekki allur sannleikurinn fremur en aðrar einfaldar staðhæfingar, sem frá honum koma. Við lifum ekki aðeins á tímum bandalaga og aukins samruna, heldur hefur einnig allt önnur þróun verið að eiga sér stað í heiminum undanfarna áratugi. Það, sem hefur verið einna sérstæðast í heiminum eftir stríð, er það, að risavaxin bandalög, sem til voru og spönnuðu um hnöttinn allan, þannig að sólin settist aldrei innan þeirra, hafa klofnað í sundur. Öll nýlenduveldin hafa gefizt upp við að halda saman hinum svokölluðu bandalögum sínum. Og upp hafa risið ný ríki, sem leggja mikla áherzlu á vaxandi sjálfstæði sitt. Einnig þetta hefur einkennt þetta tímabil.

Það er einnig mikill misskilningur hjá hæstv. ráðh., að góð lífskjör og öflug menning sé fyrst og fremst í stórveldum, sú er sannarlega ekki raunin. Þau ríki, sem einna fremst standa bæði að almennum lífskjörum og menningu, eru smáríki. Í stórum ríkjum er miklu meiri misskipting bæði á milli landshluta og milli einstakra stétta. Og það er mikill misskilningur að ímynda sér, að þegar smár aðili rennur í stóra heild, þá öðlist hann sjálfkrafa hlutdeild í hinum sameiginlega styrk. Sú er ekki heldur raunin. Bæði innan stórra ríkja og stórra bandalaga er hvarvetna að finna svæði og héröð, sem ekki aðeins fylgjast ekki með, heldur dragast hreinlega aftur úr í þróuninni. Og ríki, sem áður voru næsta öflug og héldu til jafns við aðra, hafa að engu orðið, ef þau hafa runnið í stærri heild. Slík þjóðfélög eru mörg umhverfis okkur, t. d. eyjarnar norður af Skotlandi, þar sem lifað var mannlífi ósköp svipuðu því, sem við þekkjum hér á Íslandi. Þegar þessar litlu kænur tengdust við hafskipið, þá fengu ekki þessi þjóðfélög neinn sjálfkrafa ávinning frá hinni öflugu heild, heldur þvert á móti hélt þeim áfram að hraka. Heildin dró til sín bæði mannafla og framleiðslu frá þessum hlutum heildarinnar. Og það er mikil hætta á því, að einmitt þetta gerist hér á Íslandi, ef framkvæma á þá stefnu, sem auðsæilega vakir fyrir hæstv. ríkisstj., þ. e. að láta þá iðnþróun, sem hún talar um, fyrst og fremst vera í höndum útlendinga. Því að það getur engum manni dulizt, að þó að talað sé fagurlega um þróun íslenzks iðnaðar, þá er þar ekki um neinar staðreyndir að ræða enn sem komið er. Staðreyndirnar eru allar í tengslum við erlend fyrirtæki.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég þarf ekki að tala hér langt mál, m. a. af því, að hv. 6. þm. Reykv., sem var að ljúka máli sínu, hefur vikið að æðimörgum af þeim atriðum, sem ég hafði hugsað mér að ræða hér um, og gert það á þann hátt, að ég sé mér ekki fært að bæta þar neinu við. Enda ætla ég, að það megi vera nokkuð glöggt, að þau atriði, sem hann ræddi hér um, ættu að standa nokkuð skýrlega fyrir mönnum. Fullyrðingar hæstv. viðskmrh. í ýmsum þeim greinum, sem hann ræddi hér um, fá ekki staðizt.

Það var sérstaklega eitt atriði, sem ég ætlaði að fara um nokkrum orðum, þ. e. um hina margumræddu 16. gr. EFTA-sáttmálans. En það er sú gr., sem fjallar um hinn gagnkvæma atvinnurekstrarrétt borgara EFTA-landa, og það er býsna merkilegt, að það skuli vera togazt jafnmikið á um það, hvað í þessari grein felst, og raun er á. Það birtist mönnum sem sé þannig, að það virðist vera, að það, sem í gr. stendur, sé óskiljanlegt. Mér sýnist það hins vegar vera mjög skiljanlegt og á býsna skýru máli. Það hefur verið gefin út sérstök grg. um það, hvað í þessari 16. gr. felst í þessum efnum, og það kemur m. a. fram í þeirri skýrslu, sem viðskmrn. hefur sent frá sér og EFTA-nefndin svonefnda. Í þessari skýrslu segir, að í þessari gr. felist eftirfarandi. Þar segir, að gefin hafi verið út sérstök yfirlýsing um það, hvað í gr. raunverulega felist, og nú les ég upp orðrétt úr þessari skýrslu:

„Var ákveðið, að ákvæðin um atvinnurekstur, þ. e. veitingu sömu kjara og eigin þegnum er veitt, skyldu ná til eftirfarandi fyrirtækja. a) Viðskiptafyrirtækja, sem verzla með vörur af EFTA-uppruna, þ. m. t. umboðsfyrirtæki, útibú og dótturfyrirtæki og sjálfstæð fyrirtæki, sem starfa í því skyni að auka vörusölu milli aðildarríkjanna." Allt sýnist mér þetta vera auðskilið og segja talsvert mikið. „b) Fyrirtækja til samsetningar, vinnslu og þjónustu,

sem taka til vara af EFTA-uppruna og fluttar eru út frá einu aðildarríki til annars." Þetta er líka mjög auðskilið mál, og í þriðja lagi segir, að þetta nái til: „Fyrirtækja til framleiðslu á vörum af EFTA-uppruna, ef verulegur hluti þeirra á að flytjast út til annarra aðildarríkja."

Við þetta er síðan bætt þeirri túlkun í EFTA-skýrslunni, eins og þar segir, að í Noregi séu t. d. gildandi lög í þessum anda um það að setja sérstakar takmarkanir með aukalagasetningu gegn því, að hinir erlendu aðilar fái rétt til þess að koma upp fyrirtækjum í Noregi í þeim greinum, sem norsk stjórnarvöld óska ekki eftir.

Nú hef ég veitt því athygli, að hæstv. viðskmrh. hefur lagt á það mikla áherzlu, að það sé túlkun ríkisstj. á þessu samningsákvæði, að þetta nái ekki til sjávarútvegsfyrirtækja. En þó var orðalag hæstv. ráðh., sem hann hafði hér um þetta atriði í kvöld, býsna athyglisvert. Ráðh. tvítók þetta orðalag, en það var á þá leið, að það væri skoðun ríkisstj., að þetta næði ekki til „fiskvinnslu á því sviði, sem telst til sjávarútvegs ..." Það nær ekki til fiskvinnslu á því sviði, sem telst til sjávarútvegs. Hvað þýðir þetta? Hvaða fiskvinnsla telst ekki til sjávarútvegs? Það er sú vinnsla, sem ég hafði gert hér að umtalsefni í minni fyrri ræðu, eins og t. d. niðursuða, niðurlagning, framleiðsla á frystri rækju, af því að hún fellur líka undir EFTA-ákvæði, og ég hafði einmitt í minni ræðu sagt, að ég gæti vel gengið inn á það, að það sé hægt að þræta um það atriði, hvort þessi ákvæði 16. gr. eiga að ná til almennra frystihúsa, vegna þess að það er hægt að deila um það, hvort fryst fiskflök teljast EFTA-vara, fullkomin EFTA-vara, eða ekki.

Í grg. fyrir þeirri till., sem ríkisstj. hefur lagt fram, þá segir hún, að fryst fiskflök séu EFTA-vara. Og samkv. þessu orðalagi af hálfu ríkisstj. ættu frystihús einnig að falla undir þetta. Ég býst alveg við því, að af Breta hálfu muni því verða haldið fram, að þegar þeir semja um það, að fryst fiskflök skuli njóta EFTA-meðferðar, sé um leið frystihúsaiðnaðurinn kominn undir þetta ákvæði. En ég sagði hér í minni fyrri ræðu, að ég vildi gjarnan ganga inn á það með ríkisstj., að við reyndum að halda því fram, að fryst fiskflök væru ekki fullkomin EFTA-vara og á þeim grundvelli reyndum við að neita því, að þeir ættu rétt samkv. EFTA-samkomulaginu á því að hafa hér gagnkvæman rétt á við Íslendinga til að koma upp frystihúsum. Ég vil gjarnan ganga inn á þetta. En þar með er ekki öll sagan sögð. Við teljum, að það sé hluti af okkar fiskiðnaði, og það er það í raun og veru, þegar um er að ræða að byggja hér t. d. upp niðursuðuiðnað eða niðurlagningariðnað úr fiskafurðum eða t. d. til þess að frysta eða sjóða niður rækjur, en það fellur undir EFTA-ákvæðin. Menn taki því eftir því, að raunverulega viðurkennir hæstv. ráðh. — þó með óbeinum orðum, en nú skora ég einnig á hann að gera aths. við þetta, ef hann treystir sér til — að þessi gagnkvæmi atvinnurekstrarréttur nái ekki aðeins til hins almenna iðnaðar, þ. e. til þess að koma upp almennum iðnfyrirtækjum, heldur einnig til þess sjávarútvegsiðnaðar, eins og hann er venjulega kallaður, sem fellur undir EFTA-reglurnar.

Ég hafði að vísu skýrt frá því hér í umr., að ég hefði spurt tiltekinn norskan sérfræðing, sem mætti á fundi EFTA-nefndarinnar, um það, hvort hann teldi, að þetta næði einnig til frystihúsarekstrar. Og ég sagði, að hann hefði svarað því, að ef þar væri talið, að frysti fiskurinn félli undir EFTA-reglur, þá næði þessi regla einnig til frystihúsabygginga og frystihúsarekstrar. Það fer heldur ekkert á milli mála um það, að það eru fleiri en þessi norski sérfræðingur, sem hefur litið svona á, og það eru fleiri en ég, sem líta svona á. Ég hef hér í höndunum m. a. ræðu, sem einn af þeim sérfræðingum, sem ríkisstj. stóð fyrir að fá hingað til landsins, flutti hér á Íslandi. Það var danskur maður, Tyge Dahlgård, og hann vék m. a. í sinni ræðu að þessu sérstaka atriði, af því að það var búið að ræða við hann um þetta. Og það var varðandi það atriði, sem hafði komið upp hjá Dönum, þegar um það var að ræða, að Færeyjar bættust við sem EFTA-land eða fylgdi Danmörku með inn í EFTA. Og þá skýrði þessi danski ambassador og fyrrv. ráðh. frá því, að það hefði einmitt komið upp hjá þeim sú spurning, hvort þeir ættu að hafa sérstakan fyrirvara á um hin gagnkvæmu atvinnurekstrarréttindi í Færeyjum með fiskiðnaðinn þar sérstaklega í huga. Ég skal lesa aðeins hérna upp örfáar línur úr ræðu þessa danska sérfræðings, sem tekur af öll tvímæli um það, hvernig hann leit og þeir litu á þetta. Hann sagði í sinni ræðu:

„Måske kan det have sin interesse at nævne, at vi i forbindelse med overvejelserne og vilkårene for Færøernes tilslutning til EFTA netop var inde på at tage et forbehold for etableringsretten angående handel med og produktion af EFTA-varer hovedsageligt fremstillet af fisk."

Það fór ekkert á milli mála, enda kemur hann að því síðar í ræðunni, að þeir féllu að vísu frá því að gera þennan sérstaka fyrirvara vegna Færeyja, af því að þeir töldu alveg víst, að Bretar mundu setja gagnskilyrði á móti slíkum skilyrðum. Og þetta hafði einnig komið fram margsinnis í viðræðum í EFTA-nefndinni, þegar ríkisstj. einmitt hafði það í huga að setja svona skilyrði af okkar hálfu viðvíkjandi þessum gagnkvæma atvinnurekstrarrétti, að nefndin óttaðist einmitt það, sem hér hefur verið minnzt á í þessum umr., þ. e. að Bretar kynnu að notfæra sér þetta skilyrði af okkar hálfu til þess að áskilja sér einhver sérréttindi í staðinn. Og því var þetta látið niður falla.

Hæstv. viðskmrh. veit það einnig, að það var búið að afhenda okkur í EFTA-nefndinni sérstakt plagg um það, að gert yrði ráð fyrir því að setja hér sérstök lög um það, að það skyldi þurfa að sækja til íslenzkra stjórnarvalda jafnt

af útlendingum sem innlendum mönnum um réttindi til þess að koma upp fyrirtækjum í almennum iðnaði og verzlun, eins og nú hefur verið gert, og einnig er í þessu plaggi — og það í fyrstu röð — minnzt á lög varðandi fiskvinnslu hvers konar, þ. e. frystingu fisks, niðursuðu, mjöl- og lýsisvinnslu og annað, sem kann að koma þar til greina. En það var fallið frá þessu öllu saman — og vegna hvers? Einfaldlega af þeim ástæðum, að ríkisstj. vildi ekki liggja undir því, að hún væri að undirskrifa samning við erlenda aðila þess efnis, að við hefðum ekki lengur leyfi til þess að veita Íslendingum rétt til þess að koma upp fiskiðnaðarfyrirtækjum fram yfir það, sem við hefðum leyfi til þess að veita útlendingum um leið. Ríkisstj. vissi það, að einmitt þetta atriði, sem ég hafði gert fsp. um í EFTA-nefndinni, gæti komið upp, að t. d. atvinnurekandi í Vestmannaeyjum óskaði eftir því að fá leyfi til þess að koma upp fiskiðnaðarfyrirtæki, en á sama tíma óskaði brezkur aðili eftir leyfi líka til þess að koma upp slíku fiskiðnaðarfyrirtæki, og þá áttum við samkv. reglunum að vera skuldbundnir til þess að neita báðum, ef við vildum ekki þann erlenda; við hefðum ekki leyfi til þess að taka landsmanninn fram yfir. Ríkisstj. var að skjóta sér undan þessu og velur svo þá leið að segja í sífellu, að útlendingar hafi engan rétt í þessum efnum, en reynir þó að segja það á þann hátt, að hún geti leyft sér, eins og hæstv. viðskmrh. hefur hér gert og er nú sérstaklega laginn við að gera, eins og hér hefur verið vikið að, að segja á eftir: Ég hef aldrei neitað því nákvæmlega, að við fengjum ekki þennan rétt varðandi t. d. niðursuðuiðnaðinn og niðurlagningariðnaðinn — bara af því að hann minntist ekki á það. En þessi gagnkvæmi atvinnurekstrarréttur nær samkv. samningnum og samkv. orðanna hljóðan og samkv. meiningu samningsins til þessarar greinar fiskiðnaðar alveg eins og til almenns iðnaðar.

Hitt er svo aftur annað mál, hversu mikil hætta kann af þessu að stafa í framkvæmdinni. Það getur verið erfitt að segja til um það. Ég er þó á þeirri skoðun, að þegar að því kemur, að útlendir aðilar eiga að fá sama rétt og landsmenn sjálfir, t. d. til þess að koma hér upp fiskiðnaði á sviði niðursuðu eða niðurlagningar eða annarri slíkri úrvinnslu á fiski, þá muni koma ýmsir áhugamenn, sem leiti eftir slíkum rétti. Ég hef því talið allan tímann, að við gætum ekki með neinu móti undirskrifað EFTA-samningana athugasemdalaust og haft 16. gr. eins og hún er. Ég held, að hæstv. ríkisstj. eigi ekki að reyna að fela þennan sannleika fyrir neinum. Þetta er svona. Það er hægt að sanna þetta með enn þá fleiri tilvitnunum, að þessu er svona varið. Það er líka alveg tómt mál að tala um það, að þessi gagnkvæmi atvinnurekstrarréttur nái ekki til iðnaðar í sjávarútvegi vegna þess, að það hafi verið undanskilið í þessum efnum, að þessi gagnkvæmi réttur næði ekki til náttúruauðæfa. Það er rétt, eins og segir í EFTA-skýrslunni, að þetta átti ekki að ná samkv. þeirri skýringu, sem þar er gefin, til eignarréttaraðstöðu varðandi náttúruauðæfi. Sem sé, hinir erlendu aðilar áttu ekki að fá sama rétt og landsmenn t. d. til þess að eignast skóga í Noregi eða til þess að nýta fiskimiðin við strendur landsins. Það er enginn ágreiningur um það, að þetta nær ekki til fiskveiðanna. En þetta nær til þeirrar úrvinnslu úr aflanum, sem fellur undir EFTA-reglurnar. Á því er enginn vafi.

Það voru hér auðvitað mjög mörg önnur atriði, sem hefði verið freistandi að víkja hér að. Hæstv. viðskmrh. viðurkenndi svona í öðru orðinu, að það gætu orðið hér á nokkur vandkvæði fyrir innlendan iðnað að mæta hinni erlendu samkeppni, en í hinu orðinu vill hann ekkert úr þessu gera og telur þá, að það eigi ekki að vera hætta á því, að atvinna eigi að minnka við iðnaðarstörf í landinu. Þegar við í EFTA-nefndinni ræddum þessi mál á sínum tíma hvað eftir annað og rn. og hæstv. ráðh. sendu okkur ýmiss konar grg. um málið, þá var allt annað uppi á teningnum. Þá viðurkenndu menn alveg hreint út, að það mætti fyllilega búast við því, að einstaka iðngreinar mundu lenda í miklum erfiðleikum. Ég hef hér í höndum t. d. eitt plagg, en þar er sérstaklega verið að gera grein fyrir öðrum þætti þessara mála, sem var tekjuöflun ríkissjóðs, þ. e. hvernig færi með niðurfellingu á verndartollum. En orðalagið, sem þar kemur fram í þessari skýrslu, sem samin er af viðskmrn., segir þó nokkuð til um það, hvernig menn á þeim tíma litu á það, hvernig sennilega færi fyrir ýmsum okkar iðngreinum. En í þessari skýrslu segir orðrétt á þessa leið:

„Aftur á móti eru mjög miklar líkur til þess, að tolltekjur af ýmiss konar fullunnum iðnaðarvarningi muni heldur hækka en lækka við lækkaða tolla, en litlu hægt að spá um tekjutap ríkissjóðs á hinum ýmsu stigum aðlögunarinnar."

Það er sem sé verið að gera ráð fyrir því, að með lækkun tollanna aukist svo innflutningur, að tekjurnar hækki eiginlega eftir sem áður. En svo er bætt við:

„Hér má einnig nefna, að framleiðsla á nokkrum iðnaðarvörum mun sennilega leggjast niður á vissu stigi aðlögunarinnar og breytast þá innflutningstollar úr verndartollum í tekjutolla og þarfnast því ekki frekari lækkunar samkv. ákvæðum EFTA."

Það var einmitt það, að á vissu skeiði, eftir að tollalækkunin fór að segja til sín, þá mátti búast við því, að sumar iðngreinar legðust niður að fullu og öllu, en um leið og við vorum hættir að framleiða viðkomandi vöru, þurftum við ekki lengur að fella niður alla tolla. Þá gátum við tekið aftur upp toll, því að þá var hann orðinn af sjálfu sér tekjuöflunartollur, en ekki verndartollur. Og þá var hægt að benda á það, að ríkið gæti haldið áfram þessum tekjustofni í tollformi, af því að þá væri búið að losa sig við innlendu iðngreinina. En nú koma menn hér á eftir og bera sig æðikarlmannlega

og segja: Innlendi iðnaðurinn stendur þetta allt af sér. Nei, sannleikurinn er sá, að þeir, sem þetta segja nú, hafa sagt allt annað áður, og þeir vita miklu betur. Þeir vita það, að það eru allar líkur til þess, að margar af hinum vernduðu iðngreinum dragist verulega saman og nokkrar þeirra muni hreinlega gefast upp í samkeppninni við hinar erlendu. Og það er þetta, sem vitanlega leiðir til þess, eins og við höfum bent á, í veiku atvinnuástandi í landinu, að atvinnuleysisvandamálið mun vaxa — það verður stærra, það verður erfiðara viðfangs. Þess vegna er það, sem ég og aðrir, sem hér vörum við þátttöku í EFTA eins og sakir standa, lýsum eftir því: Hvar eru hinir nýju möguleikar? Hvað á að koma í staðinn fyrir það, sem mun hverfa? Hvar eru þessir nýju möguleikar? Og það hefur vitanlega ekki farið fram hjá neinum hv. alþm., sem hefur fylgzt með þessum umr., að þeir, sem hér mæla með aðild Íslands að EFTA, geta í raun og veru ekki nefnt neina verulega, sennilega möguleika á nýjum útflutningi hjá okkur, eins og sakir standa. Talið um það, að það megi búast við því, að húsgagnaiðnaður okkar verði fær um það á næstunni að keppa við erlendan húsgagnaiðnað, vita allir hæstv. ráðh. og allir hv. þm., að er hreinlega út í bláinn. Einn af þekktustu iðnrekendum hér í nágrenninu var spurður nú fyrir nokkrum dögum af Alþýðublaðinu, hvernig honum litist á þessi mál, og þessi húsgagnaframleiðandi endaði sitt viðtal við Alþýðublaðið á þessa leið:

„Ég álít að stór hluti þeirra ...", þ. e. húsgagnaiðnaðargreinanna, fyrirtækjanna, „... fari í rúst, en vona hins vegar að úr þeim rústum rísi stór útflutningsiðnaðargrein."

Já, það þarf talsvert mikla trú til. Fyrst skal leggja þetta í rúst, af því að það þolir ekki samkeppni, en upp úr rústunum vonar maður nú, að eitthvað nýtt komi. Nei, það er enginn vafi á því, að það eru ekki miklar líkur til þess, að á þessu sviði, t. d. varðandi húsgagnaframleiðslu, geti verið um mikinn nýjan útflutning að ræða. Það sama er að segja um aðra stærstu af þessum vernduðu iðngreinum, sem er fataiðnaðurinn í landinu. Það eru engar teljandi líkur til þess, að okkur takist að finna markað erlendis fyrir föt, sem búin eru til hér uppi á Íslandi, eða það mun a. m. k. líða alllangur tími, þar til við höfum eitthvert gagn af slíkum útflutningi. Ég held hins vegar, að það sé enginn vafi á því, að fataiðnaðurinn mun einnig komast í erfiðleika, þegar hann hefur misst þá tollvernd, 60 og 65%, sem þessi iðngrein nýtur nú. Og ég endurtek það, sem ég sagði hér áður, að ég hef heldur enga trú á því, að málmiðnaðurinn, sem verið hefur um langan tíma ein af okkar stærstu iðngreinum, sé líklegur til þess að geta keppt á erlendum markaði, svo að nokkru nemi, miðað við þá stöðu, sem hann hefur nú. Við vitum það, að aðstaða hans er á engan hátt sú, að það sé líklegt nema aðeins í sérstökum tilfellum. Við vitum t. d. mætavel, að nú, þegar um það er að ræða, að Íslendingar fari í það að endurnýja nokkuð af fiskiskipastóli sínum, þá sækjast allir þeir, sem hugsa sér að kaupa hin stærri skip, eftir því að fá að láta byggja þau skip erlendis, m. a. af því, að þeir fá skipin þar á lægra verði.

Ég segi því það sama og ég hef sagt áður, að mér sýnist alveg augljóst, að þetta mál liggur þannig fyrir, að beinn hagnaður okkar af aðild er sáralítill fyrir okkar útflutningsgreinar. Möguleikarnir eru mjög óvissir, en vandkvæðin eru alveg augljós. Við leiðum yfir okkur margs konar hættur og mikinn vanda, og það er alveg greinilega verið að stefna að því að umbreyta íslenzku efnahagslífi á þann hátt, að það geri síður en svo að styrkja okkar efnahagslega sjálfstæði. Það greinilega veikir það.

Og að lokum aðeins örfá orð í sambandi við þær till., sem hér liggja nú fyrir í málinu. Afstaða okkar Alþb.-manna kemur greinilega fram. Við erum andvígir aðild að EFTA miðað við núverandi aðstæður og viljum því fella till. Við getum stutt þá rökst. dagskrá, sem fram kemur á þskj. 209, því að hún miðar að því að vísa þessu máli frá til frekari athugunar og frekari undirbúnings. Við mundum að vísu hafa kosið að hafa orðalag á þessari rökst. dagskrá nokkuð á annan veg, en eigi að síður getum við stutt hana. En síðan flytjum við till. á þskj. 207 um það — verði málinu ekki skotið á frest a. m. k. — að það verði látin fara fram þjóðaratkvgr. um það, hvort Ísland á að gerast aðili að Fríverzlunarsamtökum Evrópu eða ekki. Ég þarf ekki að rökstyðja þá till. hér með mörgum orðum. Það hefur verið gert hér af öðrum. Ég skal svo láta máli mínu lokið að þessu sinni, þar sem nú er líka alllangt liðið á nótt.

Frsm. 2. minni hl. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Það er kannske ekki ástæða til þess að ræða þetta mál öllu meira. Sennilega er það, sem máli skiptir, hvort heldur er með eða á móti, komið fram, og því verður sennilega lítið breytt úr þessu, hver úrslit málsins verða, því að hæstv. ríkisstj. virðist vera búin að bíta það í sig að afgreiða þetta mál nú fyrir jólin og handjárna þannig alla sína þm., að ekki sé við öðru að búast en málið verði samþ. þrátt fyrir það, hvernig það er í pottinn búið. Mér finnst samt rétt vegna þess, sem hæstv. viðskmrh. sagði hér í ræðu sinni áðan, að gera nokkrar aths., áður en afgreiðslu málsins lýkur hér í þinginu. Ég bar fram sérstaka fsp. til hæstv. viðskmrh. Ég sé hann nú því miður hvergi hér. Það er kannske tilgangslaust að vera að endurnýja þessa fsp., en ég býst við, að hann sé í húsinu, svo að ég get hinkrað við, þangað til hann kemur. Það er ekki orðið það áliðið enn þá. (**Gripið fram í:** Hann er í kaffi.) Já, það er allt í lagi. Ég get beðið, meðan hann drekkur kaffi. (**Forseti:** Ef hv. þm. vill bíða með sína ræðu, þangað til hæstv. viðskmrh. kemur, þá er annar maður á mælendaskrá.) Nei, ég býst ekki við, að það verði svo langt, þangað til hæstv. ráðh. kemur

hingað, fyrst hann er í þinghúsinu, að það sé ástæða til þess, að ég fari að gera hlé á máli mínu af þeirri ástæðu. Ég get hins vegar spjallað um eitt og annað á meðan og haldið svo áfram máli mínu, þegar ráðh. kemur.

Ráðh. er nú kominn, svo að ég get haldið áfram þess vegna. En ég bar þá fsp. fram, þegar ég flutti mína framsöguræðu hér áðan, hvað það raunverulega þýddi, þegar hæstv. forsrh. og aðrir talsmenn ríkisstj. væru að tala um það, að við ættum að hafa samfylgd með öðrum EFTA-þjóðum í samningum við Efnahagsbandalag Evrópu. Eins og ég rakti í minni fyrri ræðu, er það nú ákveðið af Efnahagsbandalagsins hálfu að taka upp viðræður við Bretland, Noreg og Danmörku eða þau ríki, sem óska eftir fullri aðild á síðara helmingi næsta árs og byrja þessar viðræður ekki síðar en 1. júlí 1970. Það var jafnframt ákveðið á Haag-fundi æðstu manna Efnahagsbandalagsríkjanna, þegar þessi ákvörðun var tekin um samningana við Breta, Norðmenn og Dani, að jafnhliða skyldi hefja viðræður við þau EFTA-lönd, sem ekki hafa óskað eftir fullri aðild, en óska samt eftir einhvers konar tengslum við Efnahagsbandalagið, en það eru Svíþjóð, Austurríki, Sviss og Portúgal. Nú segja hæstv. ráðh. og sérstaklega forsrh., að það sé mjög áríðandi fyrir okkur að komast inn í EFTA, áður en þessar viðræður hefjast, til þess að Íslendingar geti haft samfylgd með hinum EFTA-þjóðunum í samningum við Efnahagsbandalagið. Mér sýnist, að ef á að taka þessar yfirlýsingar hæstv. ráðh. alveg bókstaflega, þurfi Ísland að hafa sótt um einhvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið fyrir 1. júlí næsta ár til þess, að það geti orðið samferða hinum EFTA-löndunum í samningum þeirra við Efnahagsbandalagið.

Hæstv. viðskmrh. sleppti því í ræðu sinni hér áðan að svara nákvæmlega fsp. minni um þetta efni. Hins vegar fór hann að gera samanburð á aðstöðunni nú og 1962, þegar ríkisstj. lýsti yfir því, að þá væri ekki tímabært að hefja samninga við Efnahagsbandalagið sökum þess, að áður en við gerðum það, þyrftum við að fá vitneskju um, hver yrði niðurstaðan í viðræðum þeirra ríkja við Efnahagsbandalagið, er ýmist hafa óskað eftir fullri aðild eða aukaaðild að því. Ráðh. svaraði þessu á þann veg nú, að aðstaðan væri önnur núna en verið hafði 1962. Ég sé ekki, að nein breyting hafi á orðið í þessum efnum. Þær aðalástæður, sem réðu því þá, að ekki var talið ráðlegt að sækja strax um tengsl við Efnahagsbandalagið, eru alveg eins fyrir hendi nú. En þessar ástæður voru í fyrsta lagi þær, að áður en við gætum ákveðið, um hvers konar tengsli við ættum að sækja við Efnahagsbandalagið, yrði það að liggja fyrir, hver yrði niðurstaðan í samningum þeirra landa, sem ýmist höfðu óskað eftir fullri aðild eða aukaaðild að bandalaginu. Þetta var m. a. byggt á því, að fyrr en þessi niðurstaða lægi fyrir, væri ekki hægt til fullnustu að átta sig á því, hvað t. d. aukaaðild þýddi. En ástæðan var svo sú, að Ísland hafði sérstöðu í mörgum málum og þurfti að óska eftir ýmsum undanþágum, sem hin ríkin þurftu ekki að fara fram á, og það gat orðið erfitt fyrir Efnahagsbandalagið, jafnvel þótt það vildi, að fallast á þessar undanþágur í samningum við Íslendinga vegna þess, að önnur ríki, sem kynnu að vera að semja við það samtímis, kynnu þá að krefjast hins sama. Báðar þessar forsendur eru enn fyrir hendi; þær hafa ekkert breytzt síðan 1962. Það er ekkert skýrara nú en þá, hver munur er á aukaaðild og tolla- og viðskiptaleiðinni í meginatriðum samkv. þeirri skýringu, sem hæstv. ríkisstj. gaf þá. Efnahagsbandalagið hefur enga samninga gert á því tímabili, sem skýra þetta neitt nánar, og þess vegna er óvissan sú sama í þessum efnum nú og þá, og sérstaða Íslands til samninga er nákvæmlega sú sama nú og þá. Hún hefur ekkert breytzt. Við þurfum að fara fram á nákvæmlega sömu undanþágur í samningum við Efnahagsbandalagið núna og við þurftum að gera þá.

Þess vegna get ég ekki skilið það, sem hæstv. viðskmrh. var að segja hér áðan, að það hefði einhver breyting orðið á í þessum efnum, sem gerði það eðlilegt, að ríkisstj. breytti stefnu sinni, og í staðinn fyrir það, að hún vildi bíða átekta þá, ættum við nú að sækjast eftir að vera í samfylgd með hinum EFTA-þjóðunum. En ég vil vegna þess, hve svör ráðh. voru ógreinileg um þetta efni, endurnýja þá fsp. mína, hvað þessi ummæli ráðh. þýða, þegar þeir eru að tala um það, að við eigum að vera í samfylgd með hinum EFTA-þjóðunum. Þýðir það nokkuð annað en það, að við eigum nú alveg á næstu mánuðum að sækja um einhvers konar tengsl við Efnahagsbandalagið, svo að við getum fylgzt með hinum EFTA-þjóðunum, eftir að þær hefja samninga sína við Efnahagsbandalagið á síðari hluta þessa árs?

Það er nú búið að svara ýmsum atriðum í ræðu ræstv. ráðh., svo að ég tel ekki ástæðu til þess að endurtaka það eða gera þau að frekara umtalsefni. En ég vildi aðeins víkja að nokkrum atriðum, sem ekki hefur verið minnzt á í þessum umr. Það var m. a., þegar hæstv. ráðh. var að réttlæta það, að aðeins væru felldir niður eða lækkaðir verndartollar á vörum, sem eru fluttar frá EFTA-löndunum. Hæstv. ráðh. taldi það alveg óþarft, að slík tollalækkun ætti sér einnig stað á hliðstæðum vörum, sem kæmu frá öðrum löndum, að það væri engin hætta fólgin í því fyrir okkur að mismuna viðskiptaþjóðum okkar á þennan hátt. En ég gat ekki fundið það, að ráðh. færði nein haldbær rök fyrir þessu, enda er það í raun og veru heldur ekki hægt vegna þess, að við vitum ekki fullkomlega um það, hvaða áhrif þetta hefur, fyrr en það kemur til framkvæmda. Það má vel vera, að það sé rétt hjá ráðh., að Bandaríkin geri ekki sérstakar aths., þó að þau verði fyrir slíkri mismunun. Þó ætti hæstv. ráðh. að vera kunnugt um það, að Bandaríkin eiga í meiri og minni deilum við Efnahagsbandalag Evrópu vegna þess, að þau telja, að þeir tollar, sem bandalagið leggur á

amerískar vörur, séu ósanngjarnir. Og við vitum ekkert um það, ef við tökum slíka mismunun upp, nema slíkar aths. eigi eftir að koma fram. Og ég veit það, að sumar þjóðir í Austur-Evrópu — þó að þar sé kannske ekki Rússum til að dreifa af þjóðum, sem verzla við okkur í beinum viðskiptum og hafa ekki jafnvirðiskaup — telja það mjög miður farið, ef þeim yrði mismunað í þessum efnum. Ég gæti vel trúað, að slíkt hið sama ætti eftir að koma upp í sambandi við Spán og fleiri ríki, sem eru utan efnahagsbandalaganna, og jafnvel að Efnahagsbandalag Evrópu kynni að líta á þetta sem óvinsamlega ráðstöfun gagnvart sér. Um þetta vitum við ekki neitt, fyrr en þetta kemur til framkvæmda og aths. kunna að koma fram í tilefni af þessu, en ég tel, að það sé miklu hyggilegra fyrir okkur vegna þess, að það er nauðsynlegt fyrir okkur að halda áfram, þó að við göngum í EFTA, að tryggja viðskiptasambönd við þessi lönd, að láta hið sama yfir alla ganga í þessum efnum, og það sé langsamlega mesta trygging þess, að við getum haldið okkar mörkuðum ekki aðeins í EFTA-löndunum, heldur einnig annars staðar, og frekar unnið þar á en hið gagnstæða.

Ég ætla ekki að ræða öllu meira hér um 16. gr. vegna þess, að seinasti ræðumaður gerði það svo greinilega, að ég þarf litlu þar við að bæta, en ég hef ekki getað skilið það til fulls eða fengið fullnægjandi skýringar á því, þegar verið er að tala um, að fiskiðnaður heyri undir iðnað og ekki iðnað, að t. d. niðursuða sé kölluð iðnaður, en hraðfryst flök heyri undir sjávarútveg. Og mér sýnist einmitt í þeim viðauka, sem fylgir EFTA-samningnum og er merktur E, að hraðfryst flök séu talin tilheyra EFTA-vörum. Í þessum Viðauka E er listi yfir fisk og aðrar sjávarafurðir, sem ekki heyra undir EFTA-meðferð, og 1. liðurinn hljóðar á þessa leið í þessari upptalningu:

„Fiskur, nýr (lifandi eða dauður), ísvarinn, kældur eða frystur nema hraðfryst flök."

Það kann að vera, að það sé misskilningur hjá mér, en ég skil þessa undantekningu þarna nema hraðfryst flök, þ. e. að hún þýði það, að hraðfryst flök séu talin EFTA-vara. Og ef hraðfryst flök eru talin EFTA-vara, held ég, að það fari nú að nálgast það, að hraðfrystihúsin falli undir EFTA-samninginn. Ég álít, að við eigum ekki að vera með neitt hálfkák í þessum efnum. Við eigum hér að fylgja fordæmi Norðmanna, en Norðmenn hafa látið þær leyfisveitingar, sem við ætlum að taka upp í sambandi við verzlun og iðnað, ná líka til hraðfrystihúsanna vegna þess, að þeir hafa ekki talið fullkomið öryggi í þessum efnum, nema þetta væri líka lögfest. Og þess vegna álít ég, að við eigum að gera þá breytingu á þeim frv., sem fyrir þinginu liggja, að hraðfrystihúsin verði þar ekki undanskilin. Það, sem hæstv. ráðh. hefur sagt í sambandi við 16. gr., réttlætir ekki á neinn hátt það, að ríkisstj. skuli ekki hafa fyrirvara um hana við undirskrift samningsins, því að jafnvel þó að skuldbindingarnar í henni séu ekki víðtækari en hæstv. ráðh. vill vera láta, þá er það óumdeilanlegt, að í 16. gr. felst mjög víðtæk viljayfirlýsing eða stefnuyfirlýsing, og mér finnst alltaf, að þegar menn undirrita eða gangast undir einhverja stefnuyfirlýsingu eða viljayfirlýsingu, séu þeir meira og minna skuldbundnir af henni, jafnvel þó að segja megi, að þar sé ekki um beinar lagakvaðir að ræða. Og af þeim ástæðum hef ég talið það óhjákvæmilegt við undirskrift samningsins, að við gerðum fyrirvara við a. m. k. 1. mgr. 16. gr.

Ég á ekki eftir nema eitt eða tvö atriði í ræðu minni, en þau atriði eru því miður þannig, að þau snerta viðskmrh. alveg sérstaklega, svo að ég held, að ég verði að gera aðeins hlé á máli mínu, ella yrði ég að endurtaka það, sem ég sagði nú, þegar ráðh. kæmi inn aftur. En ég deildi mjög hart á hæstv. viðskmrh. í fyrri ræðu minni fyrir það, sem ég taldi vera uppistöðuna í hans málflutningi eða hans röksemdum fyrir því, að við ættum að ganga í EFTA. Og það voru þau ummæli hans, sem ég tók orðrétt upp úr ræðu hans og voru á þá leið, að eina von nýrra útflutningsfyrirtækja um gott gengi væri fólgin í því að eiga aðgang að tollfrjálsum markaði. Ég taldi þessi ummæli ráðh. annaðhvort byggð á slíkri vanþekkingu, að við slíku mætti ekki búast af manni, sem er búinn að vera lengi prófessor í viðskiptafræðum og viðskmrh., eða þá, að þau eru vísvitandi sögð í blekkingarskyni, og hvort tveggja væri jafnslæmt. En þetta er það, sem hefur verið höfuðuppistaðan í áróðri ráðh. fyrir aðild að EFTA, að við ættum eiginlega engra markaða von fyrir okkar útflutningsiðnað nema í þeim löndum, þar sem um tollfrjálsan markað væri að ræða.

Ráðh. brást þannig við þessari ádeilu minni, að hann sagði í fyrsta lagi, að hann hefði eiginlega aldrei sagt þetta og ég færi hér með fleipur eitt. Annað veifið dró svo ráðh. í land og sagði, að hann hefði í þessu sambandi aðeins átt við iðnaðarvörur, sem væru unnar úr erlendu hráefni. Í þriðja lagi herti ráðh. sig upp og sagði, að hann hefði hér ekki sagt neitt annað en allir viðskmrh. í Evrópu hefðu sagt. Ég ætla þá að víkja að hverju þessara atriða fyrir sig, og þá er fyrst að hverfa að því, hvort hæstv. ráðh. hefur ekki viðhaft þessi ummæli, sem ég hafði eftir honum, því að mér sýnist núna á því að blaða gegnum ræðu hans, að hann hafi ekki sagt þetta einu sinni, heldur fjórum sinnum. Og nú skal ég fletta upp í ræðunni. Ég kem þá fyrst að þeirri tilvitnun í máli ráðh., sem ég nefndi fyrr í ræðu minni og er að finna á bls. 8 hér í afriti þingsins, en þar segir á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Eina von nýrra útflutningsfyrirtækja um gott gengi er fólgin í því að eiga aðgang að tollfrjálsum markaði."

Þetta eru þau ummæli, sem ég hafði eftir honum áðan. Þegar komið er á bls. 10, segir ráðh. á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki hægt að koma hér á fót um-

fangsmiklum útflutningsiðnaði, nema því aðeins að við eigum aðgang að tollfrjálsum markaði eins og Fríverzlunarsamtökin eru."

Svo förum við á bls. 12, og þar farast hæstv. ráðh. þannig orð samkv. handritinu, með leyfi hæstv. forseta:

„En ef við eigum að geta komið á fót umtalsverðum útflutningsiðnaði, er aðild að samtökum eins og Fríverzlunarsamtökunum nauðsynleg." Og síðar á þessari sömu síðu, þ. e. í fjórða skipti, sem hæstv. ráðh. endurtekur þetta, segir hann: „Ég hef þegar gert grein fyrir því, að vilji menn koma á fót umtalsverðum útflutningsiðnaði á Íslandi, sé aðild að Fríverzlunarsamtökunum forsenda þess."

Ég held, að þegar búið er að lesa upp öll þessi ummæli hæstv. ráðh., sé ekki lengur hægt að deila um það, hvað hann hafi sagt við fyrri umr. þessa máls um þetta efni. Þá segir hann það alveg berum orðum, að það sé útilokað fyrir okkur að koma hér upp útflutningsiðnaði og starfrækja hér nýjan efnaútflutningsiðnað eða starfrækja ný útflutningsfyrirtæki, nema við höfum aðgang að tollfrjálsum markaði. Og þá kem ég að hinu atriðinu hjá hæstv. ráðh., að hann hafi eingöngu átt við iðnað, sem byggir á erlendum hráefnum. Ég er búinn að lesa ræðuna margsinnis, en ég get hvergi fundið einn einasta staf um þetta, heldur virðist þetta gilda jafnt um iðnað, sem er unninn úr útlendum hráefnum og innlendum, þannig að það er enginn fótur fyrir þessum ummælum ráðh. Þá kem ég að því, sem var nú eiginlega lokaþátturinn í þessum málflutningi ráðh., að hann hefði hér ekkert annað sagt en það, sem allir viðskmrh. í Evrópu eru búnir að segja. Ég er alveg sannfærður um það, að enginn viðskmrh. í Evrópu hefur sagt það, að það væri útilokað að koma upp útflutningsiðnaði öðruvísi en hafa aðgang að tollfrjálsum markaði, því að þessir ráðh. eru áreiðanlega það vel að sér, að þeir vita, að í mörgum tilfellum skiptir það engu höfuðatriði, hvort um tollfrjálsan markað er að ræða eða markað, þar sem einhver tollur hvílir á vörunum. Það, sem ræður úrslitum í þessum efnum, er það, hvert verðið er í viðkomandi landi. Það getur í mörgum tilfellum verið hagstæðara að selja vöru í landi A, þó að tollur sé þar kannske 40%, vegna þess, hve verðið er hátt, en í landi B, þó að þar sé tollfrelsi, sökum þess, að verðið er þar miklu lægra. Þetta rekum við okkur á í EFTA-skýrslu Guðmundar Magnússonar prófessors hvað eftir annað. Hann bendir þar á margar vörutegundir, sem hann segir, að sé auðveldara fyrir okkur að selja í Bandaríkjunum en í EFTA-löndunum vegna þess, að verðið í Bandaríkjunum er það miklu hærra en í EFTA-löndunum; þá borgar sig að selja vöruna þangað þrátt fyrir þann toll, sem þar er. Þetta kemur líka ljóst fram í þeirri skýrslu, sem sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna hafa nýlega samið um möguleika Íslendinga til að flytja út niðursoðnar vörur. Þeir komast að þeirri staðreynd, að langbezti markaðurinn fyrir okkur í því sambandi séu Bandaríkin þrátt fyrir það, að tollar eru þar hærri en annars staðar.

Ég þori þess vegna að fullyrða það, þó að ég nefni ekki fleira en þetta, að það hefur enginn viðskmrh. í Evrópu annar en hæstv. viðskmrh. hér látið þau ummæli falla, að eina vonin til þess að koma upp útflutningsiðnaði sé sú að hafa aðgang að tollfrjálsum markaði. Og við sjáum það sjálfir af okkar eigin reynslu og aðstöðu í þessum efnum, að í mörgum tilfellum eru okkar möguleikar meiri til að selja vörur þangað, sem tollar eru, en þangað, sem tollfrelsi er vegna þess, að það er verðið í hverju landi, sem ræður úrslitum um þetta, en ekki tollarnir. Það er hins vegar mesti misskilningur og útúrsnúningur hjá hæstv. ráðh., að ég með þessu hafi viljað gera eitthvað sérstaklega lítið úr því, að við fengjum tollfrjálsan markað í EFTA-löndunum. Ég vil ekki neita því, að í ýmsum tilfellum getum við haft einhvern ávinning af þessu. En ég held hins vegar því miður, að vegna þess, hvernig markaðsskilyrðum þar er háttað, og vegna þess, að þar þarf að keppa við þrautþróuð iðnaðarfyrirtæki, séu þessir möguleikar okkar miklu minni en margir hér og hæstv. ráðh. gera sér vonir um. En ég held hins vegar, að möguleikar okkar á ýmsum öðrum mörkuðum, jafnvel þótt þar sé um tolla að ræða, séu miklu betri en hæstv. ráðh. hefur viljað halda fram hér í sínum ræðum, þar sem hann hefur verið að telja þessa möguleika eiginlega einskis virði, eins og komið hefur fram í þessum tilvitnunum í ræður hans, sem ég hef verið að lesa hér upp.

En annars verður að játa það — og íslenzkur útflutningsiðnaður og íslenzkur útflutningur hefur liðið vegna þess — að viðskmrh. hefur verið haldinn þeirri skoðun, að við ættum helzt hvergi að hafa markaði nema í EFTA-löndunum. Hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, hefur hvað eftir annað flutt hér till. um það, að ríkisstj. tæki upp ákveðna viðleitni til að afla nýrra markaða. Það hefur a. m. k. í eitt eða tvö skipti verið samþ. samhljóða hér á Alþ. að skora á ríkisstj. að hafa forgöngu í þessum efnum, og það átti að vera verkefni hæstv. viðskmrh. að hafa forgöngu um slíka markaðsleit. En í stuttu máli er um það að segja, að þrátt fyrir þessa skýlausu viljayfirlýsingu Alþ. hefur hæstv. viðskmrh. bókstaflega ekki gert neitt í þeim efnum. Þegar hafa verið gerðar fsp. um það hér á Alþ., hvað ráðh. og viðskmrn. hafi aðhafzt í þeim efnum. Hefur ýmist komið í ljós af svörum ráðh., að ekkert hefur verið aðhafzt í því sambandi, ellegar slíkum fsp. hefur ekki verið svarað. Og þetta á sinn meginþátt í því, hve illa við erum staddir í þessum efnum og ekki undir það búnir að gerast aðilar að EFTA eins og sakir standa nú. Ég man t. d. eftir því — ég held, að það hafi verið 1966 — að spurzt var fyrir um það hér á Alþ., hvað ríkisstj. hefði gert í þessum efnum, þ. e. að framfylgja umræddum vilja þingsins. Þá held ég, að viðskmrh. hafi svarað því, að það væri enginn vandi að selja ís-

lenzkar vörur og við þyrftum þess vegna ekki á neinni sérstakri markaðsleit að halda í þessum efnum. Og það var alveg rétt, eins og ástandið var 1966; þá höfðum við sæmilega markaði fyrir okkar vörur. En þau ár komu og eiga eftir að koma, að við höfum ekki nægа markaði fyrir allar okkar vörur og við þurfum að auka fjölbreytni þeirra og finna nýja markaði fyrir nýjar framleiðslutegundir, en það hefur verið algerlega vanrækt, og þess vegna er ástandið ekki betra í þessum efnum en raun ber vitni.

Ég vil svo að síðustu víkja að þeirri spurningu hæstv. viðskmrh., hvers vegna við eigum að bíða með það að ganga í EFTA. Ég get svarað því í stytztu máli með því að segja, að við eigum að bíða af sömu ástæðum og hæstv. ríkisstj. hefur beðið í 9 ár af þeim 10, sem EFTA hefur starfað, eftir því, að Ísland ætti að leita eftir aðild að þessum samtökum. Bið ríkisstj. hefur stafað af því, að hún hefur talið, að Ísland væri ekki undir það búið að gerast aðili að þessum samtökum, ástandið hér innanlands væri á ýmsan hátt með þeim hætti, að við værum ekki undir þessa aðild búnir og þess vegna væri rétt að bíða átekta. Það hefur nákvæmlega ekkert gerzt, síðan ríkisstj. hafði þessa afstöðu, sem réttlætir það, að við ákveðum nú að stökkva allt í einu og ganga í bandalagið. Þetta stafar af því, að það vantar nauðsynlegar forsendur, þann undirbúning, sem þarf til þess, að við getum verið hlutgengir aðilar í bandalaginu og haft þann hagnað af því, sem við ættum að geta haft, ef allt væri með felldu. Við vitum það ósköp vel, og ég veit, að hæstv. ráðh. veit það líka, þó að hann vilji ekki viðurkenna það hér, að mörg iðnaðarfyrirtæki okkar, sem framleiða fyrir heimamarkað, eru ekki undir það búin að mæta aukinni samkeppni vegna EFTA-aðildar. Og hann veit það líka, að sá útflutningsiðnaður okkar, sem kannske ætti að geta notið góðs af EFTA-aðild, er heldur ekki undir það búinn að nota sér þessa aðstöðu eins og allt er í pottinn búið. Það er t. d. áreiðanlega forsenda þess í ýmsum tilfellum, að útflutningsiðnaður okkar geti notfært sér þessa aðstöðu, að fyrirtæki séu færð saman, eins og nú er verið að gera í sambandi við niðursuðufyrirtækin, eða taki upp nánari samvinnu. Það er t. d. útilokað í sambandi við húsgagnaiðnaðinn, að hann geti orðið nokkur útflutningsatvinnuvegur án þess, að um stórfellda samfærslu á honum sé að ræða. Þennan undirbúning eigum við eftir. Þetta er eitt af því, sem við þurfum að gera, áður en við verðum færir um það að gerast fullgildir aðilar að EFTA.

Og hæstv. ráðh. nefndi sjálfur hér dæmi um það, sem ættu að verða víti til varnaðar. Það var fyrir nokkrum árum hér, sem eiginlega var afnumin öll sú vernd, sem iðnaðurinn hafði í innflutningshöftum. Þetta var gert allt í einu án þess, að iðnaðurinn væri nokkuð undir það búinn. Afleiðingarnar af því urðu þær, að það voru ýmsar iðngreinar, sem gáfust alveg upp, og aðrar, sem drógust stórkostlega saman. Heildarniðurstaðan af þessu varð sú, að á sjöunda áratug þessarar aldar, sem hefur verið langsamlega mesti framfaratíminn í iðnaði hjá öðrum þjóðum, hafa sáralitlar framfarir átt sér stað í íslenzkum iðnaði. Þetta stafar að mjög miklu leyti af því, að hann var látinn sæta samkeppni við erlendar iðnaðarvörur, sem hann var ekki búinn undir að mæta.

Það er þessi reynsla, sem er röksemdin fyrir því, að við framsóknarmenn teljum heppilegt á þessu stigi, að aðildinni að EFTA verði frestað, að það verði gerðar nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að við gætum notið góðs af þessu, ef til kæmi, en ekki anað út í þetta af fullkomnu fyrirhyggjuleysi, eins og nú á sér stað. Og við þetta bætist það, og það er ekki hægt að neita því, að málið hefur enn verið ákaflega illa kynnt hjá þjóðinni og allur almenningur hefur alls ekki áttað sig á því, hvað hér er um að ræða. En það er náttúrlega sjálfsagt í slíku stórmáli eins og þessu, að almenningur sé hafður með í ráðum og geri sér grein fyrir því — ekki aðeins valdamennirnir, heldur líka almenningur — hvað sé hér að gerast, og það er m. a. af þeim ástæðum líka, sem við viljum fresta málinu að sinni til þess, að þjóðin öll geti verið hér með í ráðum.

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Það er nú raunar þýðingarlaust að vera að tala hér langt mál. Hvort tveggja er það, að orðið er áliðið kvölds og jörðin orðin hér umhverfis eyðileg og tóm, þó að ekki sé dimmt, og þar að auki er nú búið að ræða þetta mál svo mikið, að ég býst ekki við, að það sé miklu við að bæta, a. m. k. af minni hálfu. Við það bætist svo það, eins og við allir vitum náttúrlega, að hvort sem við ræðum þetta mál lengur eða skemur hér í þessum sal, hefur það þegar verið til lykta leitt, áður en það kom hingað inn. Það er vitanlega leitt til lykta eins og önnur þýðingarmikil stórmál hér á þessu Alþ. okkar í flokksherbergjunum, og leið þessara mála hér í gegnum þingsalinn er fyrst og fremst til þess að fullnægja formi. Þar af leiðandi er ekki heldur af þessum ástæðum þörf á því að tala hér langt mál.

Ég hefði gjarnan, af því að ég hef raunverulega haft styttri tíma til þess að átta mig á þessu, eins og þið vitið, en þið hinir yfirleitt, þar sem ég er ekki búinn að sitja hér nema í hálfan mánuð, en alþm. hafa — a. m. k. flestir — haft talsvert lengri tíma til þess að fjalla um þau plögg, sem hér hafa legið frammi. Af þeim ástæðum hefði ég gjarnan viljað ræða þetta nokkuð og fræðast betur en mér hefur tekizt að gera enn þá. Þó að ég hafi gert mér far um að reyna að hlusta á þær umr., sem fram hafa farið, þá eru samt sem áður að brjótast í huga mínum ýmsar spurningar í sambandi við þetta mál, sem ég hefði gjarnan viljað bera hér fram og óska eftir því að geta fengið svör við. En hvort tveggja er, að það er orðið allt of áliðið til þess, sem og hitt, að ég er ekki alveg viss um, að ég fengi þau svör við sumum spurningum, að ég yrði miklu nær.

Þess vegna ætla ég aðeins að láta mér nægja að taka það fram af minni hálfu í sambandi við þetta mál, að það, sem mér finnst kannske hvað mestu skipta um það, hvernig um þetta fer, er það, hvernig á því verður haldið af forsjármönnum okkar Íslendinga sjálfra, þegar til þessa samstarfs kemur, sem áreiðanlega verður af. Það held ég, að sé höfuðatriði málsins.

Ég ætla ekki að fara að setjast að hæstv. viðskmrh. Á honum hafa staðið öll spjót hér í kvöld, og hann er hér einn og yfirgefinn. Samverkamenn hans í ríkisstj. láta yfirleitt ekki sjá sig. Ég tel, að hann hafi staðið sig eftir atvikum vel; ég get ekki annað sagt. En það verð ég að segja, að þegar hæstv. viðskmrh. talar af hvað mestum sannfæringarhita hér úr þessum ræðustóli, þá er ég alltaf tortrygginn um það, að eitthvað óhreint sé á ferðum. Hæstv. ráðh. eru alveg efalaust ágætir menn, allir saman, hver í sínu lagi. En mér hefur stundum fundizt, að þegar þeir fara að vinna saman að velferðarmálum þessarar þjóðar, sé vinnan hálfgerð handarbaksvinna. Það finnst mér, að stjórnarfarið í þessu landi nú í dag og á undanförnum árum beri ljósastan vottinn um; skal ég ekki fara frekar út í það.

En kjarni málsins fyrir mér er sá, að ég treysti ekki þeirri ríkisstj., sem nú fer með völdin í þessu landi, til þess að halda þannig á málum okkar í sambandi við þetta samstarf, að ekki hljótist af slík slys, að erfitt verði úr að bæta. Þess vegna er það, að ég er samþykkur því og styð það, að þessu máli sé frestað. Ég vil vona það, og ég trúi því, að hamingja þessarar þjóðar sé það rík enn þá, að ekki líði á allt of löngu, þar til þessi ríkisstj. fer frá völdum og önnur tekur við. Vona ég, að ekki verði allt of langt eftir því að bíða. Einnig tel ég, eins og hv. síðasti ræðumaður tók fram, að þetta mál sé alls ekki nægilega undirbúið enn þá og hafi alls ekki verið kynnt þannig fyrir þjóðinni enn, sem vera þyrfti, og hv. alþm. sjálfir séu m. a. s. ekki til fulls búnir að átta sig á því og atvinnuvegir okkar og efnahagslíf sé allt með þeim hætti í dag, að við séum ekki færir um það á þessu stigi málsins að ganga í þetta samstarf. Af þessum ástæðum öllum, sem ég hef nú tekið fram, er ég því hlynntur og samþykkur og treysti því, að það verði ekki flanað að þessu máli í bili, heldur verði látið bíða að taka ákvörðun um það. Þetta er mín afstaða. Auðvitað veit ég, að þetta verður ekki niðurstaðan, en þetta er mín afstaða til málsins, og henni vildi ég aðeins lýsa með þessum fáu orðum.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ekki munu nú aðrir á mælendaskrá, og ég skal gera mér far um að stytta mál mitt sem mest, enda nú áliðið nætur. Ég skal líka leitast við að leggja ekki sérstakan sannfæringarkraft í orð mín m. a. í því skyni, að hv. síðasti ræðumaður trúi mér ofboðlítið betur en ella, og leitast við að gefa ekki tilefni til þess, að þessar umr. þurfi að dragast enn lengur fram eftir nóttunni.

Hv. þm. Einar Ágústsson gerði að umræðuefni lágmarksverð á frystum fiskflökum innfluttum til Bretlands, og hann spurði: Er ekki lágmarksverðið fyrst og fremst verndarákvæði fyrir brezkan fiskiðnað? Það er sumpart greinilega verndarákvæði fyrir brezkan fiskiðnað, en innflytjendur flaka frá öðrum EFTA-ríkjum njóta góðs af þessu háa og hækkandi verði. Verðið er ákveðið jafnhátt og það er af hálfu Breta auðvitað fyrst og fremst til þess að vera til góðs fyrir brezkan sjávarútveg. En jafnframt hafa þeir gert sér það ljóst, að framleiðendur þessarar vöru innan EFTA munu njóta góðs af hinu háa og hækkandi fiskverði og ekki láta það standa í vegi fyrir fyrirætlun sinni um það að efla brezkan fiskiðnað með hinu háa verði og með hækkun þess. Hann spurði, hvort markaðurinn mundi ekki minnka vegna verðhækkunarinnar. Allir þeir, sem þekkingu eru taldir hafa á brezka fiskmarkaðinum og sérstaklega markaðinum fyrir fryst fiskflök, telja að neyzla muni ekki minnka í Bretlandi á frystum fiskflökum þrátt fyrir þá verðhækkun, sem nú er í vændum um næstu áramót og á næstu árum.

Hann taldi enga þversögn í því að vilja undirbúa sig rækilega, áður en gengið yrði til keppni við iðnaðarríkin, og sannarlega er þetta rétt. Við höfum verið að undirbúa okkur undir þetta undanfarin 10 ár. Það má segja, að kjarni þeirrar stefnu, sem fylgt hefur verið í efnahagsmálum á þessum áratug og kennd hefur verið við viðreisnina, sé einmitt sá m. a., að gera okkur kleift að taka þátt í viðskiptasamstarfi eins og því, sem EFTA-ríkin eiga með sér. Þetta er ekki eini tilgangurinn með henni. Megintilgangurinn með henni hefur verið sá að leitast við að bæta lífskjör Íslendinga og auka fjölbreytni og arðgjöf í íslenzku atvinnulífi. Menn geta deilt um, hvort okkur hefur tekizt þetta eða ekki, en jafnframt þessu er það tvímælalaust, að slík stefna ein gerir okkur aðild að slíkum samtökum kleifa. Ef fylgt hefði verið áfram þeirri stefnu, sem stjórn Hermanns Jónassonar fylgdi, hefði aðild að slíkum samtökum ekki verið möguleg.

Hv. þm. Jón Skaftason spurði, hvers vegna við hefðum ekki viljað leita eftir aðild að EFTA 1961—1962, en vildum það nú, og spurði, hvort könnunarviðræður 1961 hefðu ekki lýst vilja okkar til aðildar. Ég skal fara um þetta fáeinum orðum, því að fleiri ræðumenn hafa vikið að þessu atriði. Ég held, að allir — a. m. k. allir, sem báru ábyrgð á stjórn hér, og allir sérfræðingar á þessum árum, árunum 1960—1961 — hafi gert sér algerlega ljóst, að þá vorum við þess fullkomlega vanmegnugir að taka þátt í alþjóðlegu viðskiptasamstarfi eins og Fríverzlunarsamtökin eru. Ástæðurnar til þess, að við heimsóttum höfuðborgir Efnahagsbandalagslandanna og könnunarviðræður fóru fram við EFTA-ráðið í Genf og helztu EFTA-ríkin, Norðurlöndin og Bretland, voru þær, að

við töldum horfur á — ég vil segja, að við óttuðumst — að við kynnum annars að standa frammi fyrir þeim sérstaka vanda illa undirbúnir eða jafnvel óundirbúnir að vera algerlega einangraðir í Vestur-Evrópu — algerlega einangraðir frá þjóðum, sem við höfum 60% utanríkisviðskipta okkar við. Það hefði verið óforsvaranlegt að látast ekki sjá þennan vanda, þegar Bretar og fleiri EFTA-ríki sóttu um aðild að Efnahagsbandalaginu, og jafnvel var um það rætt, að EFTA í heild sameinaðist Efnahagsbandalaginu. Þá hefðu Ísland og Spánn orðið einu Vestur-Evrópuríkin, sem staðið hefðu utan við stærstu viðskiptablökk, sem veraldarsagan hefur greint frá, og horfur gátu orðið á því, að það yrði um að ræða sameiginlegan ytri toll allra þeirra 13 ríkja, sem við hefðum 60% af viðskiptum okkar við. Auðvitað óttuðumst við þetta mjög, og þess vegna varð það tvímælalaust skylda okkar að kynna bæði EFTA-ráði og EFTA-ríkjunum, Efnahagsbandalagsráði og Efnahagsbandalagsríkjunum, hver sérstaða okkar væri, ef af þessu yrði, og leitast við að kynnast því, með hvaða kjörum við gætum tengzt þessu risavaxna bandalagi, sem þarna gat verið í uppsiglingu. Þetta var ástæðan fyrir öllum þessum viðræðum.

Ég sagði þá og segi enn: Sem betur fer fyrir okkur Íslendinga varð ekkert úr þessum sameiningarhugleiðingum. Ég skal ekkert um það segja, hvað bezt hefði verið fyrir Efnahagsbandalagið eða fyrir EFTA-ríkin eins og þau voru þá. Ég skal engan dóm á það leggja. Ég talaði þá sem Íslendingur út frá íslenzkum hagsmunum, og ég tala enn sem Íslendingur út frá íslenzkum hagsmunum. Það er tvímælalaust, að það var okkur til góðs, það var okkur til hags, að þessar umr. leiddu ekki til neinnar niðurstöðu. Sá vandi, sem við hefðum þá staðið frammi fyrir, þ. e. að tengjast 13 ríkja bandalagi í Vestur-Evrópu með 60% viðskipta okkar, hefði verið voðalegur. Það hefði verið geysilega erfitt að ráða skynsamlega fram úr honum. Það varð mér enn ljósara eftir þær viðræður, sem ég tók þátt í sumarið 1961. Þó er ég ekki vonlaus um — alls ekki vonlaus um, að það hefði tekizt að finna sanngjarna og skynsamlega lausn á þeim vanda. En síðan eru liðin mörg ár og aðstæður gerbreyttar fyrst og fremst heima hjá okkur. Sú þróun hefur orðið hér, að nú getum við auðveldlega og okkur algerlega í öllum aðalatriðum að skaðlausu tekið þátt í því samstarfi, sem Fríverzlunarsamtökin eru. Ég skal ekki endurtaka rökin fyrir því öllu saman, en efnahagskerfi okkar er nú það líkt því, sem gerist á hinum Norðurlöndunum og í Vestur-Evrópu yfirleitt, að tengslin valda okkur engum sérstökum erfiðleikum og ekki þeim heldur.

Hv. þm. Jón Skaftason kvartaði yfir hikandi og breytilegri afstöðu til EFTA. Ég tel mig einmitt með þessari stuttu lýsingu minni á aðstöðubreytingunni hafa gert grein fyrir því, hvers vegna við hefðum ekki gengið í EFTA nema tilneyddir 1961 og 1962. Nú gerum við það ekki tilneyddir, heldur af því, að við erum þeirrar skoðunar, að með því séum við að þjóna réttum og mikilvægum íslenzkum hagsmunum. Hv. þm. Jón Skaftason sagði, að forystan hefði ekki verið traust í þessu máli, en sagði þó ekki neitt um afstöðu sína til málsins sjálfs. Hann ræddi aðallega um þá forystu, sem málsmeðferðin hefði sætt af hálfu stjórnarvalda. Ég dreg af þessu þá ályktun, að hann sé — og að því er ég held meiri hl. Framsfl., sem er í raun og veru fylgjandi aðild að EFTA, skilur m. ö. o. gagnsemi EFTA — á sömu skoðun og ég og skoðanabræður mínir í þessu efni. Sú skýring eða þau rök, sem hann reynir að finna fyrir andstöðu sinni, eru þau, að hér sé ekki um vont mál að ræða í sjálfu sér, heldur sé núv. ríkisstj. ekki treystandi til þess að framkvæma málið skynsamlega og með hagsmuni Íslendinga fyrir augum. Þessi röksemd er svo alkunn, og slík afsökun fyrir afstöðu til mála er svo alkunn, að ég þarf engum frekari orðum að eyða að henni. En mér þykir vænt um, að allur tónninn í ræðu hv. þm. Jóns Skaftasonar var þannig, að hann virðist gera sér grein fyrir kostum málsins, og það er mér út af fyrir sig miklu, miklu meira virði en þótt hann segi það hér, að hann beri ekki traust til okkar, sem um stjórnvölinn höldum þessa stundina eða þetta árið. En um það, að ekki hafi verið haldið vel á málum, eru kannske aðrir dómbærari en við, sem í samningunum höfum staðið, eða þeir, sem eru andstæðingar okkar á þingi.

Erlend blöð hafa skrifað mikið um niðurstöðu þeirra samninga, sem Íslendingar eiga kost á eða undirbúa við EFTA-ráðið í Genf og við einstök aðildarríki EFTA-samtakanna, og ummæli um þetta hafa birzt í blöðum ýmissa stjórnmálaflokka og algerlega hlutlausum blöðum um stjórnmál, í vikuritum um efnahagsmál og á ýmsum vettvangi. Yfirleitt er það einróma dómur þeirra erlendra aðila, sem sagt hafa skoðun sína á niðurstöðu samninganna, að þeir séu Íslendingum alveg sérstaklega hagstæðir. Ég man ekki eftir ummælum erlends aðila, erlends stjórnmálamanns, erlends sérfræðings eða erlends blaðs, sem er á aðra lund en þá, að þeir samningar, sem undirbúnir hafa verið og Íslendingar eigi kost á, séu þessari litlu þjóð alveg sérstaklega hagstæðir. Og þetta ber vott um það, að við höfum verið klaufar, sem um samningana höfum fjallað; um þetta getur hver dæmt fyrir sjálfan sig. Erlendir aðilar í þessu efni ættu að mega teljast óhlutdrægir dómarar, og sannleikurinn er líka sá, að á göngum þessa húss, úti á götum og í heimahúsum hafa margir andstæðingar okkar, sem nú förum með stjórn, látið það í ljós, að niðurstaða samninganna sé næstum ótrúlega hagstæð. Einn framsóknarmaður þakkaði m. a. s. í viðtali, sem ég var áheyrandi að — þetta var ekki sagt við mig — samningsniðurstöðuna því, hve stjórnarandstaða Framsfl. hafi verið sterk og öflug og haldið uppi sterkri gagnrýni á ríkisstj., meðan á samningunum hafi staðið, og að það muni hafa

hjálpað stjórninni til þess að fá jafnjákvæða niðurstöðu og hún hefur fengið. Ég efast nú um, að stjórnarandstaða Framsóknar hafi hjálpað okkur um nokkurn skapaðan hlut, en sem betur fer hefur hún ekki skaðað okkur heldur, og það er enn þá meira virði.

Út af ræðu hv. þm. Stefáns Valgeirssonar hef ég því miður ekki tíma til þess að segja annað en það, að ég harma, að hann sem annar helzti fulltrúi landbúnaðarins auk Magnúsar Gíslasonar, sem hér hefur talað, skuli vera jafnandvígur þessari samningsgerð og ræða *hans bar vott um, því að ef hann vill skoða* sig sem sérstakan málsvara landbúnaðarins, þá ætti hann auðvitað að gera sér það ljóst, að landbúnaðurinn hefur ekkert nema hagnað af þessari samningsgerð. Það er ekki einn stafur í samningsgerðinni og verður ekki eitt einasta atriði í framkvæmd málsins, sem rýrir hag íslenzks landbúnaðar að einu eða neinu leyti. Viðskiptahagsmunir sjávarútvegsins batna líka eingöngu, en þá kemur að gagnrýninni á 16. gr., sem ég skal gera nánar að umtalsefni á eftir og sem ég veit, að ýmsir menn, sem ég tek alvarlega og vil gjarnan ræða við um þessi efni í *fyllstu alvöru, telja neikvæða fyrir sjávarútveginn.* Þetta gildir ekki um landbúnaðinn. Það hefur engum dottið til hugar, að 16. gr. tæki til nokkurrar greinar landbúnaðar. EFTA-viðskiptin taka yfirleitt alls ekki til viðskipta með landbúnaðarvörur, og öllum er ljóst, að þar er ekki um að ræða nein vandamál í sambandi við atvinnurekstur*inn* eða nokkuð skylt því. Engu að síður tókst að ná samningum um það við aðrar norrænar þjóðir, þar sem verð á kjötvörum er hvað hæst í allri Vestur-Evrópu, að þær hafa lofað að taka af okkur þegar á næsta ári 2200 tonn af dilkakjöti. Við lögðum okkur mjög fram um það, þótt við stundum séum kallaðir óvinir landbúnaðarins, að ná þessum samningum, og ég veit, að allir menn, sem hugsa í alvöru, gera sér það ljóst, að þetta er landbúnaðinum mjög mikilvægt. Hér er um að ræða nýjan markað og möguleika — ekki tryggingu fyrir sölu, eins og hann sagði réttilega, heldur mjög mikil líkindi til sölu við mun hærra verði en landbúnaðurinn hefur getað fengið fyrir sína offramleiðslu á kjöti hingað til, svo að um enga atvinnugrein á Íslandi verður sagt með jafnmiklum rétti, að hún hafi algerlega ótvíræðan hag af EFTA-aðildinni, og hægt er að segja með sanni um landbúnaðinn. Hér er auðvitað ekki um að ræða neinar stórkostlegar upphæðir; það er alveg rétt. En landbúnaðurinn á í það miklum erfiðleikum, útflutningur landbúnaðarafurða er svo miklum erfiðleikum bundinn, að mér finnst, að fulltrúar hans eigi að vera fegnir hverju spori, sem hægt er að *stíga honum til hagsbóta. Ég gleðst svo sann*arlega yfir þeim árangri, sem þarna hefur náðst í þágu íslenzks landbúnaðar, og mér þykir miður, að þeir eru vanmetnir af hálfu fulltrúa landbúnaðarins.

Þá kem ég að ræðu hv. þm. Magnúsar Kjartanssonar. Hann sagði, að þeim bandalögum, sem störfuðu í Vestur-Evrópu, væri ekki ætlað að auka heimsviðskipti; hér væri um að ræða klúbba ríkra þjóða. Bandalögin hafa aukið heimsviðskiptin í mjög verulegum mæli. Um þetta eru til órækar sannanir með tölum í skýrslu. Í kjölfar bandalaganna hefur hvort tveggja gerzt, að viðskipti þeirra innbyrðis hafa vaxið stórkostlega og utanríkisviðskipti bandalaganna sem heildar hafa vaxið stórkostlega, svo að enginn vafi er á því, að sá tilgangur hefur náðst að auka milliríkjaviðskipti með stofnun og starfrækslu bandalaganna. Hitt *er mér alveg jafnvel ljóst og hv. þm. Magnúsi* Kjartanssyni, að stofnun bandalagsins hefur ekki stuðlað að því í neinum verulegum mæli að brúa bilið á milli ríkra og þróaðra þjóða annars vegar og fátækra og vanþróaðra ríkja hins vegar. Nokkur spor hafa verið stigin í þá átt, en engan veginn nægileg, og ég er í hópi þeirra, sem í raun og veru harma það, að þessi voldugu bandalög skuli ekki hafa sinnt því máli meira en þau hafa gert. Bandaríkin hafa verið það ríki veraldarinnar, sem mest hafa lagt sig fram um að brúa þetta bil og lagt hafa fram stærsta skerfinn af öllum þjóðum *veraldar til þess að brúa bilið milli fátækra* þjóða og ríkra. Ég tel, að hinar ríku þjóðir Vestur-Evrópu hafi þar látið hlut sinn eftir liggja og vona, að úr því verði bætt.

Þm. taldi, að efling norsks iðnaðar, sem hann bar ekki á móti, að hefði átt sér stað, hefði ekki átt sér stað vegna aðildar að EFTA, heldur vegna samvinnu við Sviþjóð. Það var raunar aðildin að EFTA, sem gerði samvinnu við Sviþjóð mögulega. Án aðildar að EFTA hefði engin samvinna — a. m. k. ekki sú samvinna við Sviþjóð, sem hefur átt sér stað ... (Gripið fram í.) Af sömu ástæðu og ekki tekst að koma á NORDEK, ef þm. áttar sig eitthvað svolítið á því, hvernig á því stendur. Þess þekkjast ekki dæmi úr efnahagssögu síðari áratuga í Evrópu eða annars staðar, að tvö ríki hafi gert með sér slíka samninga eins og um er að ræða í samtökum fríverzlunarlandanna. Til þess að slíkur samningur geti borið árangur, þarf mörg ríki, og auðvitað geta einhver tvö þeirra haft sérstakt gagn af, eins og Noregur og Sviþjóð hafa gert. En sönnunin fyrir því, að það er ekki eingöngu norsk-sænska samvinnan, sem hefur valdið því, að norskur iðnaður hefur stóreflzt, er það, að iðnaðurinn hefur líka eflzt í öðrum ríkjum, sem standa ein og eiga enga slíka nágranna. Það hefur gerzt í Austurríki t. d. Þar hefur iðnaðurinn stórkostlega eflzt á þeim 10 árum, sem EFTA hefur starfað. Hið sama er að segja um Sviss. Þar verður ekki borið við nálægð neins annars lands, ef það heyrir landfræðilega séð til einhvers stærra svæðis. Það er reynsla allra EFTA-ríkjanna, að sérstaklega iðnaðurinn hefur eflzt. Það var meiningin með þessu; spá hygginna manna. Sú spá hefur sem betur fer rætzt.

Það er rangt hjá hv. þm., að atkvgr. hjá iðnrekendum hafi farið þannig fram, að þeir hafi greitt atkv. fyrir hönd verkafólksins. Atkvgr. er hagað þannig, að atkvæðisrétturinn

er miðaður við greidd laun, sem er auðvitað allt annað. Það hefur enginn haldið því fram, að atkv. hafi verið greidd fyrir hönd iðjuverkafólksins. En einhvern veginn verður að vega og meta atkvæðisréttinn. Það er auðvitað ekkert vit í því að láta einn iðnrekanda, sem kannske er einn í sínu fyrirtæki eða með konu sína með sér — dæmi um þetta eru til — greiða atkv. til jafns við forstjóra eða eiganda fyrirtækis, sem hefur 50 manns í sinni þjónustu og veltir millj. Þetta er auðvitað fáránlegt. Þetta væri jafnfáránlegt og verkalýðsfélag, sem hefur 20 meðlimi, ætti að hafa á Alþýðusambandsþingi sama atkvæðisrétt og það félag, sem hv. þm. Eðvarð Sigurðsson er formaður í og hefur 3000 meðlimi. Engum dettur í hug, að þessi atkvæðisréttur eigi að vera jafn, enda er hann ekki jafn. Atkvæðisrétturinn er á Alþýðusambandsþingi miðaður við tölu félaganna, sem í félaginu eru. (**MK:** Sem eru kjörnir. Er það ekki?) Kjörnir, já. Stórt félag hefur meiri atkvæðisrétt en lítið félag, og þess vegna hefur stóra félagið meiri áhrif á niðurstöðu Alþýðusambandsþings en litla félagið, alveg eins og sá atvinnurekandi, sem rekur stórt fyrirtæki og á meiri hagsmuna að gæta, hefur meiri áhrif á niðurstöðuna fyrir iðnrekendur en atvinnurekandi, sem hefur lítið fyrirtæki og hefur mjög lítilla hagsmuna að gæta. Ég vona, að það sé ekki kominn of mikill sannfæringarkraftur í ræðu mína, þannig að Magnús Gíslason sé hættur að trúa þessu, svo að ég skal hægja á aftur.

Um 16. gr. skal ég ekki ræða í sambandi við það, sem hv. þm. Magnús Kjartansson sagði, því að ég ætla að nota ræðu hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar til þess að gera þau ummæli að umtalsefni. Mér var það til mjög mikilla vonbrigða, að hv. þm. Magnús Kjartansson skuli hafa haldið fast við ummæli sín í dag í tilefni af því, sem ég sagði í sjónvarpsumr. vegna þess, að það er alveg augljóst af því, sem tekið hefur verið upp af segulbandsspólunni, hvað ég raunverulega sagði. Þetta eru þrjár setningar, ef ég má, með leyfi hæstv. forseta, lesa þessar setningar aftur. Ræða mín hófst svona — það eru sex línur:

„Magnús Kjartansson sagði áðan, að við ráðh. hefðum ekki gert áhrif EFTA-aðildar á söluskattinn að umtalsefni. Sannleikurinn er sá, að söluskattshækkunin mun ekki hækka vísutölu framfærslukostnaðar um meira en lækkun tollanna mun lækka hana, þannig að vegna EFTA-aðildar mun framfærslukostnaður á Íslandi ekki hækka."

Það er augljóst mál, að hér er ég ekki að tala um niðurstöðu fjárl.; ég er að tala um áhrif EFTA-aðildarinnar. Ef menn eru svo forstokkaðir að átta sig ekki eða vilja ekki átta sig á, hvað í þessu felst, þá er ekkert við því að segja. Ég get ekkert við því gert, þó að þm. eða einhverjir aðrir misskilji alveg skýr og augljós orð mín. Það er ekki gert á mína ábyrgð, og ég fæst ekkert um það. Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta önnur en þau að segja, að það er ekki stórmannlegt að geta ekki viðurkennt það, að sér hafi orðið á. Ég held, að þm. hefði vaxið af því að viðurkenna það hreinlega, að hann hafi ekki hlustað nógu vandlega. Við sátum saman í sjónvarpssalnum, og ég lái honum það ekkert, þó að hann hafi í því heita ljósi, sem þar er, ekki tekið nákvæmlega eftir því, sem ég sagði, og var alveg tilbúinn að fyrirgefa honum það, sem hann sagði í dag. En hitt verð ég að segja, að mér þykir miður og skal ekki segja meira um það, að hann skuli halda fast við ummæli sín í dag, eftir að hafa heyrt einu sinni og nú aftur, hvað ég raunverulega sagði.

Hv. þm. gerði tryggingabæturnar nokkuð að umtalsefni. Það væri freistandi að tala ítarlega um það mál, en af því að hann sagði, að kaupmáttur tryggingabótanna hefði stórminnkað síðan 1960, þá vildi ég í sem allra stytztu máli án þess að útskýra þetta nokkuð nánar vitna hér til niðurstöðu í skýrslu um rannsókn, sem gerð var á kaupmætti tryggingabótanna á þessu tímabili. Þetta er 12 blaða skýrsla gerð af þremur fróðum mönnum, og kaflinn, sem heitir „Niðurstaða", IV. kaflinn, byrjar svona — eftir niðurstöðum úr öllum töflum, sem á undan eru komnar:

„Augljóst er, að kaupmáttur bóta almannatrygginga hefur vaxið verulega undanfarinn áratug, og á þetta við um allar tegundir bóta." (Gripið fram í.) Já, já. Ég les hér bara niðurstöðuna af skýrslunum. Fjölskyldubætur eru ekki í þessu. Þetta eru elli- og örorkulífeyrir einstaklinga, barnalífeyrir, ekkjubætur og ellilífeyrir. Þetta eru sem sé lífeyrisbæturnar allar saman. Hér er sérstakur kafli um fjölskyldubæturnar. Hann er of langur til þess að lesa hann allan. (Gripið fram í.) Já, já. Niðurstaðan. Það eru orðnar nokkrar vikur, síðan ég las skýrsluna alla, og þetta er mikið töfluverk. Þess vegna datt mér í hug að taka niðurstöðuna, og hún er svona. En það er ekki rétt, sem ég sagði áður. Fyrsta taflan var um lífeyrisbæturnar, en svo er annar kafli, þar sem fjallað er um fjölskyldubæturnar, og samt sem áður byrjar heildarniðurstaðan svona. Þetta get ég því miður ekki skýrt, og hér er hvorki staður til þess né stund, en við fáum eflaust tækifæri til þess að tala nánar um það síðar.

Þá gerði hv. þm. mikið úr því, að ég hefði lýst andstöðu minni við þjóðaratkvgr. um þessa till., en hann hafði fundið tvö dæmi í þessari 23 ára þingsögu minni um það, að ég hefði greitt atkv. með þjóðaratkvgr. Ekki veit ég, hve margar till. hafa verið bornar fram um þjóðaratkvæði hér á hinu háa Alþ. á þessum 23 árum, sem ég hef setið á þingi, en þær till. skipta áreiðanlega mörgum tugum. (Gripið fram í.) Jæja, mjög margar eru þær a. m. k. En hann fann tvö dæmi um, að ég hefði greitt atkv. með þjóðaratkvæði, og ég skal í örstuttu máli skýra fyrir honum, hvers vegna ég gerði það. Þó að langt sé um liðið, síðan greitt var atkv. um Atlantshafsbandalagið, 1949, þá man ég það greinilega. Ég var nýkominn á þing — þá fyrir þremur árum — og man greinilega, hvernig stóð á því, að ég taldi í því máli þjóð-

aratkvæði vera eðlilegt og greiddi atkv. með till., sem um það fjallaði. Í því máli var málum þannig háttað, að tveir af flokkum þingsins voru þverklofnir. Minn eiginn flokkur var klofinn í afstöðunni til málsins, og Framsfl. var klofinn til helminga um málið. Það var full ástæða til þess að ætla það, að kjörnir þm. þessara tveggja flokka, sem voru upp undir það helmingur alþm., hefðu ekki sömu skoðun á málinu og kjósendur þeirra. Það var full ástæða til þess að ætla það. Sjálfstfl. einn var óskiptur ásamt Sósfl. Þeir voru óskiptir í málinu. En næstum helmingur þm. skipaði sér í tvo flokka, sem voru klofnir í málinu. Þetta taldi ég næga ástæðu og réttmæta ástæðu til þess, að rétt væri að skjóta þessu máli til þjóðarinnar, þó að ég að öðru leyti teldi það ekki vera réttmæta eða skynsamlega meginreglu.

Að því er snertir hitt tilfellið af tveimur, þ. e. till., sem hér kom fram um bjórinn, þá man ég líka greinilega, hvernig afstaða mín til þess máls mótaðist, og hún mótaðist einfaldlega af því, að sú venja hefur einmitt skapazt um meðferð slíkra mála að hafa um þau þjóðaratkvæði. Bannið var afnumið 1935 með þjóðaratkvæði. Sú breyting, sem síðast var gerð, þó að mörg ár séu liðin síðan, var gerð með þjóðaratkvæði. Ég var og ég er enn þeirrar skoðunar, að út úr þeirri hringavitleysu, sem bjórmálið allt saman er í — það var, held ég, það eina, sem ég var sammála hv. þm. um í hans ræðu, að þar væri um að ræða fáránlegt smámál — er engin leið til nema afgreiða það á sama hátt og venja hefur áður skapazt um að afgreiða slík mál. Sú venja er frá 1935, og henni, held ég, að ætti að halda í stað þess að rugla störf þingsins ár eftir ár með bæði umr. og atkvgr. um það hér.

Að síðustu vildi ég svo segja, að hv. þm. taldi, að sú afstaða mín að vera með þjóðaratkvæði um Atlantshafsbandalagið og um bjórinn, en á móti þessu þjóðaratkvæði og á móti mörgum öðrum till. um þjóðaratkvæði, sem hafa komið fram, bæri vott um það, sem alkunnugt væri, að ég skipti mjög títt um skoðanir og hefði raunar haft allar skoðanir, sem hægt væri að hafa á öllum málum, skilst mér. Ég hef án efa haft margar skoðanir á mörgum málum, og ég hef oft skipt um skoðun á löngum stjórnmálaferli og tel mér það ekki til minnkunar, heldur frekar til gildis, ef nokkuð er — ekki einu sinni heldur til gildis, því að ég tel það svo sjálfsagt, að fullorðnir menn skipti um skoðun með breyttum aðstæðum, að þeir eigi ekki að miklast af því, og enn fáránlegra er að telja það nokkrum manni til minnkunar að taka skynsamlegt tillit til breyttra aðstæðna og láta það hafa áhrif á skoðanir sínar. Þetta er eitt megineinkenni frjálslyndra manna, ekki hvað sízt í stjórnmálum. Hitt er hið steinrunna afturhald að hafa alltaf sömu skoðun á öllum málum, hvernig svo sem hlutirnir breytast í kringum mann. En þetta á einmitt við hv. þm. Magnús Kjartansson. Hann hefur enn þá alveg sömu skoðun og hann hafði í menntaskóla, næstum um fermingu, og við þetta heldur hann sig, það er alveg sama, á hverju hefur gengið í austri og vestri. Alltaf hefur þm. sömu skoðun og hann hafði um fermingu, og við þetta væri nú ekkert að athuga, ef skoðunin hefði ekki alltaf verið röng. Það er það alvarlegasta í málinu.

Um Þjóðminjasafnsræðuna vildi ég aðeins segja það, að það er alveg skýrt dæmi um málflutninginn hjá hv. þm., að hann tók með sér fyrri hluta ræðunnar — þann hluta ræðunnar, þar sem ég var að fjalla um ummæli Winstons Churchills, útlista þau og skýra þau og taka undir það, sem ég taldi vera rétt í þeim, því að óneitanlega er mikið til í þeim skoðunum, sem í hans fleygu setningu felst. Við það að hlusta einu sinni enn á þennan fyrri hluta ræðunnar verð ég að segja það, að þar er ekkert ofsagt og ekkert vansagt, heldur allt rétt sagt. Það er rétt lýsing á tækniþróun þessarar aldar á öllum sviðum framleiðslu, viðskipta og samgangna. En svo stoppaði þm.; hann las ekki lengra. Og af hverju ekki? Af því að í síðari hluta ræðunnar er einmitt sagt frá því, að þrátt fyrir þessa þróun, sem að vissu leyti ógnar tilveru smáríkja, eigi einmitt þjóð eins og Íslendingar að leggja áherzlu á að varðveita frelsi sitt, sjálfstæði sitt og þjóðerni sitt. Og hvers vegna talaði ég svona á 100 ára afmæli Þjóðminjasafnsins? Ég varð var við það þá og hef sannarlega fundið fyrir því síðan, og margir urðu hissa á því — fjöldamargir. En af hverju? Af því að ég segi í ræðunni, að ég tel einmitt afmæli einnar elztu menningarstofnunar Íslendinga gott tækifæri til að minna okkur á alvöru tímanna, minna okkur á þá skyldu, sem við höfum við sjálfa okkur og niðja okkar, þ. e. að glata ekki sjálfstæðinu, að glata ekki fullveldinu. Þetta voru niðurlagsorð ræðu minnar, og ef þm. vildi lesa hana, þegar hann kemur heim eða á morgun eða koma með hana hingað við annað tækifæri, þá væri mér mikil ánægja að því. (Gripið fram í.)

Já. Nú kem ég að henni, og það skal vera það síðasta, sem ég segi. Nei. Þórarinn Þórarinsson er eftir, því miður, en Lúðvík Jósefsson verður á undan. Satt að segja er það, sem ég hef að segja við Lúðvík Jósefsson það, sem ég tel vera langmikilvægast í þessum umr. Það, sem þeir hinir hafa sagt, er satt að segja sem rök mjög lítilvægt, og orðaskipti okkar um þau efni, sem þeir hafa gefið tilefni til þess að tala um, eru allt of lík þessu venjulega útúrsnúningastjórnmálapexi, sem við eigum svo mjög að venjast — útúrsnúningar, sem þó verður að leggja sig niður við að svara. En Lúðvík Jósefsson ræðir efni, sem nauðsynlegt er að ræða í umr. eins og þessum, og vegna ummæla hans um 16. gr. tel ég alveg nauðsynlegt, að fram komi af hálfu ríkisstj. vissar skýringar og vissar yfirlýsingar. Og þær skýringar skal ég reyna að gefa og nauðsynlegar yfirlýsingar í því sambandi.

Rök okkar fyrir því, að 16. gr. taki ekki til freðfisks, eru tvenns konar. Í fyrsta lagi bendum við á bókaðan fyrirvara við undirskrift

EFTA-samningsins 1960 um, að hún veiti ekki rétt til stofnunar nýrra fyrirtækja, sem hagnýti náttúruauðlindir. Þetta eru fyrri rökin. Hin rökin eru þau, að freðfiskur sé innan EFTA ekki skilyrðislaust EFTA-vara, sbr. fyrirvara Breta um freðfiskinn. Við reynum auðvitað að byggja upp okkar málstað í þessu efni eins sterklega og við getum, og þessi tvenns konar rök höfum við flutt, og á þau munum við leggja megináherzlu. Þessi rök hafa ekki sætt andmælum eða gagnrýni af hálfu annarra aðila, meðan á samningsviðræðunum hefur staðið. Þess vegna er það, og það vil ég undirstrika, að íslenzka ríkisstj. mun ekki taka við umsóknum erlendra aðila um leyfi til að stofna ný fyrirtæki í þeim greinum fiskiðnaðarins, t. d. frystihúsum. Umsókn um stofnun frystihúss í Vestmannaeyjum mundi verða endursend, ef hún bærist, eftir að við erum komnir í EFTA.

Ég hef heldur aldrei dregið nokkra dul á það, hvað það orðalag hjá mér þýðir, þegar ég segi, að 16. gr. taki ekki til stofnunar fiskvinnslufyrirtækja eða þess konar fyrirtækja, sem teljast megi á sviði sjávarútvegs. Þetta á við fiskiðnað og aðrar slíkar greinar, en á hins vegar ekki við þær fiskvinnslugreinar, sem við sjálfir höfum kosið að telja iðnað, og þm. taldi alveg rétt upp, hvaða greinar það eru. Það eru niðursuða, niðurlagning og frysting á rækju — af þeim greinum, sem nú eru stundaðar. En ég legg áherzlu á, að þetta er okkar eigin túlkun á málinu, en ekki túlkun, sem þröngvað hefur verið upp á okkur af öðrum aðilum, allra síst af EFTA eða nokkrum aðila innan EFTA. Við hefðum getað túlkað þetta öðruvísi, en við vorum búnir að túlka niðursuðu sem iðnað — ekki sem sjávarútveg — af öðrum ástæðum, þegar fyrirtækið Norðurstjarnan í Hafnarfirði var stofnað. Ef við hefðum litið á það fyrirtæki sem sjávarútvegsfyrirtæki, þá hefði erlendum aðila ekki verið heimilt að leggja í það eina krónu af erlendu fé. Við sjálfir, íslenzk stjórnarvöld og fyrirtækið sjálft, vildum fá erlent fé inn í þetta fyrirtæki — 10% af stofnfénu. Ég hef ekki orðið var við neina gagnrýni á fjárfestingu þess erlenda fjár hér á landi, þvert á móti, en hún var ekki möguleg, ef niðursuða tilheyrði sjávarútvegi. Hins vegar er heimilt að leggja erlent fé í iðnaðarfyrirtæki, og þess vegna var niðursuðufyrirtæki — ekki bara þetta fyrirtæki, heldur niðursuða yfirleitt — skilgreint af okkur sjálfum sem iðnaður. En þegar við erum nýlega búnir að skilgreina niðursuðu sem iðnað vegna okkar gildandi lagaákvæða okkur í hag, þá getum við auðvitað ekki komið til Genfar eða til Breta og sagt við þá: Nú er niðursuða ekki lengur í iðnaði. Nú er hún sjávarútvegur. (**Gripið fram í:** Skilgreiningin er í EFTA-samningunum.) Skilgreiningin er svona. Jú, jú, það má segja það. Að vísu er skilgreiningin á freðfiski þannig í EFTA-samningunum, að hann sé EFTA-vara, og það gildir um alla nema Breta. En Bretar gerðu fyrirvara við undirskriftina 1959. Ég man ekki hvorum megin við áramótin þeir skrifuðu undir, en það var um áramótin 1959 til 1960. Þá gerðu þeir fyrirvara við þetta almenna ákvæði um, að freðfiskur skuli vera EFTA-vara. Þeir sögðu: Hann má vera það hjá ykkur, en við skoðum hann ekki sem skilyrðislausa EFTA-vöru. Þá settu þeir þennan fræga kvóta um fiskinn. Þess vegna getum við líka notað þetta sem viðbótarrök fyrir því að endursenda umsókn ekki sízt frá brezkum aðila um allt, sem viðkemur freðfiski, af því að þeir sjálfir fyrir 10 árum sögðu: Við viðurkennum ekki freðfiskinn sem EFTA-vöru algjörlega. Því skyldum við gera það núna? Það var þetta, sem norski sérfræðingurinn átti við í þeim ummælum, sem þm. vitnaði til, þ. e. að yrði freðfiskur skilyrðislaus EFTA-vara, gætum við ekki beitt því í þessari seinni röksemd, og auðvitað er þetta fullkomlega rétt. Það skildum við báðir á fundinum, sem hann var á.

En hvað er þá að segja um niðursuðuna, niðurlagninguna og frystinguna á rækjum? Er það allt saman opið? Nei, í því efni ætlar íslenzk stjórn sér að beita sams konar reglu og gagnvart almennum iðnfyrirtækjum til útflutnings, þ. e. leyfisveitingin þar mundi komin undir væntanlegri breytingu á lögum um iðju og iðnað. (Gripið fram í.) Formlega séð sami réttur beggja. Það er rétt. Formlega séð sami réttur beggja, en með fullkominni viðurkenningu af hálfu hinna aðilanna þó, að við höfum í hendi okkar að segja nei við hverju því, sem við teljum ekki æskilegt að fá inn í landið. Ef beitt yrði brögðum í þeim efnum að koma okkur í vanda, t. d. að íslenzkt fyrirtæki yrði fengið til þess að sækja á sama tíma og sama stað til þess að koma íslenzkum stjórnvöldum í vanda, þá mundu stjórnvöldin vonandi átta sig á því, að um bellibrögð væri að ræða og ekki hika við að segja nei við íslenzka fyrirtækið líka. Ef um væri að ræða erlent fyrirtæki í niðursuðu, sem við vildum ekki fá og íslenzkan atvinnurekanda, sem við vildum fá til að stofna nýtt fyrirtæki, þá er það viðurkennt, algjörlega viðurkennt, að Íslendingar hafa ótal ráð í hendi sér til þess að segja nei við erlenda aðilann, en já við innlenda aðilann án þess, að erlendi aðilinn gæti komið nokkurri vörn við, sem að gagni væri. Ég vil ekki kalla það að beita bellibrögðum að vernda það, sem við mundum telja réttmæta íslenzka hagsmuni. Það kalla ég ekki bellibrögð. Hitt hefðu verið bellibrögð, ef erlendur aðili pantaði innlendan aðila til þess að leggja inn umsókn samtímis sinni bara til þess að gera íslenzkum aðilum torveldara að segja nei.

Mergurinn málsins er sá, eins og eiginlega var viðurkennt af hv. þm., og raunar af hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni líka, að samningurinn leggur okkur ekki byrðar á herðar í þessum efnum. Hann skyldar okkur ekki til neins, sem við ekki viljum gera. Ekkert EFTA-ríkjanna hefur nokkru sinni gert nokkurn skapaðan hlut vegna kvaða innan EFTA, sem það sjálft hefur ekki viljað gera. Fyrir þessu er 10 ára reynsla. Og auðvitað er það þetta fyrst

og fremst, sem smám saman sannfærir okkur um það, að fyrirvari sé óþarfur og sérstök atvinnuréttarlöggjöf sé líka óþörf og þessi túlkun á 16. gr. með breytingunni á lögum um iðju og iðnað og verzlunaratvinnu sé nægileg vörn fyrir alla réttmæta innlenda hagsmuni. Þm. vitnaði í ummæli Tyge Dahlgårds, sem ég ræddi allt þetta mál mjög rækilega við, þegar hann var hér í heimsókn og hélt þetta erindi, sem hv. þm. las úr, og hann sagði, að þeir hefðu verið að hugsa um að gera fyrirvara varðandi vöru, eins og hann orðaði það, „hovedsageligt fremstillet af fisk". Hann nefndi nú auðvitað ekki freðfisk, því að honum var það jafnljóst og okkur, að þar þýddi ekki að gera fyrirvara. En Danir féllu frá fyrirvaranum með samþykki Færeyinga. Það fór eins fyrir Dönum og Færeyingum og okkur, sem erum búnir að vinna að þessu í 1½–2 ár. Þeir sannfærðust eins og við um það, að fyrirvari væri ónauðsynlegur. Tyge Dahlgård tók nú beint fram í þeim kafla, sem hv. þm. las, að fyrirvari mundi hafa reynzt Færeyingum skaðlegur. Ég er ekki fjarri því, að svo hefði einnig getað orðið raunin með okkur hérna, að fyrirvari af okkar hálfu hefði reynzt okkur beinlínis skaðlegur. En þeir féllu frá fyrirvaranum með samþykki Færeyinga. Þetta er ein vísbendingin enn um það, að sú niðurstaða — ég geri ekki lítið úr málinu, það er víðs fjarri mér — sem við komumst að eftir vandlega athugun, hefði verið rétt, þ. e. að gera ekki fyrirvara, setja ekki sérstaka atvinnuréttindalöggjöf, heldur treysta á þá túlkun gr., sem við höfum marglýst, og nýjan lagastaf um rétt til þess að segja já eða nei við stofnun hvers konar nýrra fyrirtækja á landinu. Það er misskilningur hjá hv. þm., að fyrirvari, sem gerður var um náttúruauðlindirnar strax eftir stofnun EFTA, hafi eingöngu tekið til eignarréttarákvæða. Það er skýrt orðalag um, að það á við um hagnýtingu náttúruauðlinda, um eign og hagnýtingu náttúruauðlinda, og það er það orð, sem við munum koma til með að nota.

Að síðustu eru nokkur orð um ræðu hv. þm. Þórarins Þórarinssonar. Ég biðst afsökunar á því, að mér sást yfir það, þó að ræðan hjá mér væri nógu löng í eftirmiðdag, að svara fsp., sem hann beindi til mín. Hann spurði, og ég endurtek spurninguna hér: Ætlar Ísland að taka upp viðræður með öðrum EFTA-ríkjum í sumar, ef af þeim verður, um hugsanlega aðild að Efnahagsbandalaginu? Við munum ekki gera það. Við sjáum að svo komnu máli enga ástæðu til þess. Þær viðræður, sem verið er að tala um milli Efnahagsbandalagsins og einstakra EFTA-ríkja, eru viðræður milli Efnahagsbandalagsins og einstakra EFTA-ríkja, en eru ekki viðræður milli Efnahagsbandalagsins og EFTA sem heildar. Þá mundum við að sjálfsögðu eiga aðild að þeim. En ég tel okkur hafa við nóg vandamál og nóg viðfangsefni að etja í sambandi við fyrstu spor okkar innan EFTA, þó að við flækjum það mál ekki með því að eiga eða biðja um sérstaka viðræðu við Efnahagsbandalagið. Það leiðir af sjálfu sér, að við munum fylgjast nákvæmlega með því, sem gerist í þeim viðræðum, og ég skal segja það enn, að ég geri mér ljóst, að ef það leiðir til jákvæðrar niðurstöðu þá færir það Íslandi nýjan vanda, nýjan og stóran vanda, en ég óttast ekki, að það muni gerast á allra næstu árum.

Hv. þm. sagði, að við ættum að fylgja fordæmi Norðmanna í þessu máli. Þá vil ég aðeins benda á, að þeir settu engan fyrirvara um 16. gr. Þeir settu sína löggjöf um atvinnurekstrarákvæði heldur ekki í sambandi við EFTA. Þeir settu hana, þegar líkindi voru talin til þess, að Bretar mundu semja við Efnahagsbandalagið, og áður en Norðmenn sóttu um aðild að Efnahagsbandalaginu. Það er atvinnurekstrarákvæði Efnahagsbandalagssamningsins, sem er orsök þess, að þeir settu sína Kolsås-löggjöf, en ekki ákvæði EFTA-samningsins. Þetta mundi ég telja, að styrki mína skoðun og okkar skoðun í ríkisstj. enn á því máli, sem við höfum hér verið að tala um.

Að síðustu vil ég aðeins gera að umtalsefni aðaláðeiluefni hans á mig í ræðu sinni í dag, sem ég svaraði í fyrri ræðu minni, en hann endurtók aftur hér í síðari ræðunni og nú með fjórum tilvitnunum í sína setninguna í hvert skiptið úr ræðu minni. Ég þarf ekki að endurtaka, um hvað við höfum deilt. Hann segir, að þegar ég hafi haldið því fram, að við gætum ekki komið á fót umtalsverðum nýjum útflutningsiðnaði án aðildar að tollfrjálsum markaði, þá hljóti ég að hafa átt við allan útflutning frá Íslandi, en ekki bara, eins og ég gaf nánari skýringu á í ræðu minni áðan, fyrst og fremst við útflutning frá Íslandi úr innfluttum hráefnum. Þeim, sem les ræðu mína í heild, getur ekki blandazt hugur um það, að þetta er meiningin, vegna þess að ég hafði rætt alveg sérstaklega um sjávarútveginn og vandamál hans, kosti aðildar að EFTA fyrir sjávarútveginn og nauðsyn þess að efla útflutningsiðnað sjávarútvegsins. Þar er rætt um landbúnaðarútflutninginn sérstaklega, og svo er rætt um þennan nýja útflutningsiðnað, sem auðvitað getur þá ekki verið annað. Við vinnum þegar úr ýmsum innlendum landbúnaðarvörum. Nýtt í þessu er ekkert nema það að fara að flytja inn hráefni til að flytja aftur út. Það er það eina, sem er nýtt. Við erum búin að vinna iðnaðarvörur úr sjávarafurðum í áratugi. Við erum búin að vinna úr landbúnaðarafurðum í áratugi, og við höfum örlítinn hreinan iðnaðarútflutning, en það nýja í þessu, sem ég hef verið að tala um í ótal ræðum, er auðvitað útflutningsiðnaður, sem ekki er stundaður nú eða hefur ekki verið stundaður, þ. e. útflutningsiðnaður úr innfluttum hráefnum. Sé þetta lesið í heild — allur minn málflutningur — getur engum blandazt hugur um þetta, og hv. þm. vitnaði í ræðu mína og sagðist hafa lesið hana. Það er mér alveg óskiljanlegt, hvernig honum hefur getað sézt yfir þá kafla, sem einmitt staðfesta það, sem ég sagði í eftirmiðdag. Mætti ég að endingu, herra forseti, lesa nokkrar setningar á bls. 11 — ekki bara eina setningu af bls. 8, 10 og 12, eins og hann las, slitnar úr samhengi,

heldur hálfa síðu, ¾ úr síðu, sem lýsir efnisatriðum máls þess, sem við erum að deila um. En það er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Að mjög vel athuguðu máli hefur ríkisstj. komizt að þeirri niðurstöðu, að ekki sé hægt að treysta til frambúðar á hina svonefndu hefðbundnu atvinnuvegi Íslendinga. Í því felst síður en svo vanmat á gildi þeirra eða vantraust á framtíð þeirra. Allra síst felst í því vanmat á gildi íslenzks sjávarútvegs eða vantraust á framtíð hans. Sjávarútvegur hefur verið og verður áreiðanlega um langan aldur aðalatvinnuvegur Íslendinga, vegna þess að hann hefur verið og verður áfram arðbærasti atvinnuvegur Íslendinga. Að sjálfsögðu á jafnan að leggja á það megináherzlu ...“ – mig langar til að endurtaka – „Að sjálfsögðu á jafnan að leggja á það megináherzlu að bæta tækni við fiskveiðar og fiskvinnslu og vinna ötullega að því að auka og bæta vinnslu hins verðmæta afla hér innanlands.“ Er ég að gleyma fiskvinnslunni? „En þetta jafngildir að sjálfsögðu ekki því, að ekki sé nauðsynlegt að renna fleiri arðbærum stoðum undir íslenzkt atvinnulíf og þá sérstaklega undir íslenzka útflutningsframleiðslu. Þetta telur ríkisstj. nauðsynlegt. Ítarlegar athuganir hafa sýnt, að vænlegasta og hyggilegasta leiðin til þess að auka fjölbreytni atvinnulífsins og bæta útflutningsskilyrði er að koma á fót nýjum útflutningsiðnaði, sem ýmist hagnýtir þá orku, sem við getum framleitt, eða það ágæta vinnuafl, sem við höfum yfir að ráða, og helzt hvort tveggja jöfnum höndum. En ef við eigum að geta komið á fót umtalsverðum útflutningsiðnaði ...“ Nú sjáið þið, við hvaða iðnað ég á í setningunni um það, sem alltaf hefur verið sleppt: „En ef við eigum að geta komið á fót umtalsverðum útflutningsiðnaði, er aðild að samtökum eins og Fríverzlunarsamtökunum nauðsynleg. Þetta eru meginrökin fyrir því, að Íslendingar eigi að gerast aðilar að Fríverzlunarsamtökum Evrópu.“ En enginn – ég held ekki heldur hv. þm. – ber á móti því, að við getum ekki unnið úr erlendum hráefnum hér og flutt út aftur nema eiga aðgang að tollfrjálsum markaði.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 209 felld með 34:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: BGuðbj, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS, IG, MHG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB.

nei: BBen, BGuðm, BJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BF.

2 þm. (BFB, KGuðj) fjarstaddir.

Brtt. 207 felld með 32:26 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: HV, IG, MHG, JSk, JónasÁ, LJós, MK, ÓlJ, PÞ, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BJ, BP, EðS, EÁ, EystJ, GeirG, SGG, GíslG, HS.

nei: IngJ, JóhH, JónÁ, JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PS, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BGuðm, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, GÞG, EKJ, BF.

2 þm. (KGuðj, BFB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Flokkur frjálslyndra og vinstri manna er almennt samþykkur því, að þjóðaratkvgr. fari fram um stærstu þjóðmál. Þetta mál er þannig vaxið, að aðild að EFTA er uppsegjanleg með eins árs fyrirvara og bindur ákvörðun Alþ. um inngöngu í EFTA því þjóðina aðeins skamman tíma. Þess vegna breytir þessi till. engu um afstöðu mína og Björns Jónssonar til málsins nú á Alþ., en í samræmi við meginstefnu flokksins til þjóðaratkvæðis, lýsum við Björn Jónsson okkur fylgjandi þessari till. Ég segi já.

Tillgr. samþ. með 34:7 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JÁH, JÞ, JP, JR, MJ, MB, MÁM, ÞG, PJ, PS, BGuðm, SB, SI, StG, SvG, SvJ, AuA, AJ, BGr, BK, BBen, BJ, BrS, EggÞ, EmJ, FÞ, GuðlG, EKJ, GÞG, HV, IngJ, JóhH, JónÁ, BF.

nei: JónasÁ, LJós, MK, SP, EðS, GeirG, SGG. MHG, JSk, ÓlJ, PÞ, SE, SV, VH, ÞÞ, ÁÞ, ÁB, BGuðbj, BP, EÁ, EystJ, GíslG, HS, IG greiddu ekki atkv.

2 þm. (KGuðj, BFB) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Magnús H. Gíslason: Herra forseti. Ég verð að biðja afsökunar á því, að ég misskildi aðeins þarna áðan þessa atkvgr. í sambandi við þessa till., sem hér var verið að greiða atkvæði um. Það var bara hugsunarleysi hjá mér. Ég var að „spekúlera“ í því, sem ég var með þarna á borðinu fyrir framan mig, og afstaða mín er sú, eins og ég hef reyndar lýst yfir hér á þingi áður, að ég ætlaði ekki að greiða atkv. í þessu máli; ég ætlaði að sitja hjá.

Um afstöðu mína til málsins vita menn annars svona nokkurn veginn. Ég er þessu máli yfirleitt andvígur – a. m. k. á þessu stigi, en ég tel, að það sé eðlilegust afstaða mín, eins og sakir standa, að greiða þessu máli ekki atkvæði í bili, og ég óska þess vegna eftir, að það sé leiðrétt.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 34:7 atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 218).

3. Samþykki til frestunar á fundum Alþingis.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar [134. mál] (A. 203).

Á 26. fundi í Sþ., 18. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 27. fundi í Sþ., 19. des., var till. tekin til einnar umr.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Till. þessi er flutt í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar um samþykki Alþ. til svo langrar þingfrestunar sem hér er ráðgerð, en skýrir sig að öðru leyti sjálf, og þarf ég ekki fleiri orðum um hana að fara.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég hef ekkert við það að athuga, að fundum Alþ. sé frestað til 12. jan., eins og gert er ráð fyrir í þessari till., en mér skilst, að þar sem hér er um að ræða ekki lengri frestun á fundum þingsins en rétt innan við einn mánuð, hefði verið hægt að gera það samkv. þingsköpum að fresta fundum þingsins samkv. þeirri venju, sem hér hefur skapazt, og það hefði því ekki þurft að gera sérstaka þingssamþykkt.
Ef aðeins er um að ræða frestun á fundum þingsins, hefur ríkisstj. að vísu ekki heimild til þess að setja brbl. Nú vildi ég spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. forsrh. telur, að nauðsynlegt sé, að ríkisstj. hafi brbl.-heimild í þessu þinghléi fram til 12. jan., og einnig vil ég spyrjast fyrir um það, hvort það sé kannske þegar ráðgert að setja brbl., jafnvel á milli jóla og nýárs, eins og komið hefur hér fyrir áður og mér hefur gjarnan skilizt, að jafnvel stæði til nú. Slík vinnubrögð tel ég aldeilis fráleit, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. gefi svör við þessum spurningum mínum.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Vel kann svo að fara, þegar Alþ. er ekki statt til fundar, að nauðsyn skapist á setningu brbl., jafnt nú sem endranær. Þess vegna er að mínu viti nauðsynlegt að hafa þessa heimild. Hins vegar er mér ekki kunnugt um ráðgerða setningu brbl. nú, nema varðandi eitt mál, sem getur komið til álita að setja þurfi brbl. um. En það er staðfesting á samkomulagi í sambandi við lífeyrisgreiðslur til gamalla manna, sem ákveðið var í samningum milli atvinnurekenda og verkalýðs með samþykki ríkisstj. á s. l. vori. Aðilar sjálfir hafa haft þetta mál til meðferðar. Nú alveg nýlega hefur það komið til ríkisstj. Það var svo seint, að ekki þótti fært að ætlast til þess, að þingið tæki afstöðu til málsins fyrir jólafrí. Ef það er mat þessara aðila, Alþýðusambandsins annars vegar og atvinnurekenda hins vegar, að engu að síður sé nauðsynlegt að fá þessa löggjöf setta um áramótin, þá er eina úrræðið að gera það með brbl. En á ríkisstjórnarfundi í gær var talað um að gera það ekki nema eftir ósk aðilanna, þannig að ef þeir telja hægt að bíða með málið þangað til þing kemur saman aftur, þá verður málið látið bíða. Þetta er sú eina löggjöf, sem mér er kunnugt um nú.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég þakka þær upplýsingar, sem hæstv. forsrh. hefur gefið, en vil aðeins undirstrika það, að ég tel, að það sé alveg fráleitt að halda þannig á málum æ ofan í æ, að setja þurfi brbl. um efni, sem manni hefur verið kunnugt um í marga mánuði, — setja brbl. nokkrum dögum eftir að þing fer í fundahlé. Þetta tel ég aldeilis fráleitt og það þarf að reyna að koma í veg fyrir þetta.
Að öðru leyti þakka ég þær upplýsingar, sem hér hafa verið veittar.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það mál, sem hér hefur verið minnzt á, að e. t. v. þyrfti að setja brbl. um nú fyrir áramót, eru lífeyrissjóðsgreiðslur til aldraðra launþega, sem samið var um í maí í vor. Sá samningur er gildandi að sjálfsögðu, og frá áramótum eiga greiðslur að koma til þessara manna. Greiðslur hefjast auðvitað ekki 1. jan. En ég sé ekki, að það sé út af fyrir sig nauðsyn að gefa út brbl. Hitt hefði að sjálfsögðu verið miklu skemmtilegra, að Alþ. hefði afgreitt þetta mál sem lög fyrir áramót, áður en þetta á að taka gildi. Það eina, sem ég teldi, að þyrfti í raun og veru lagastaðfestingar, eru sjálfsagt þær greiðslur, sem ríkissjóður og aðrir aðilar taka á sig vegna þessa máls. Ef talið er nauðsynlegt að afgreiða það fyrir áramót, verður það að gerast. Að öðru leyti get ég ekki séð í fljótu bragði, að þörf sé á brbl. vegna þess arna.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 50 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 219).

---

4. Heimildarkvikmynd um Alþingi.

Á deildafundum 23. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimildarkvikmynd um Alþingi [46. mál] (A. 47).

Á 8., 10. og 12. fundi í Sþ., 29. okt., 5. og 12. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef ásamt þrem öðrum hv. alþm. leyft mér að flytja till. um gerð heimildarkvikmyndar um Alþ., og er hún á þskj. 47. Efni till. er, að Alþ. ályktí að fela forsetum þingsins að láta gera heimildarkvikmynd um starfshætti Alþ., eins og þeir eru nú.

Alþ. starfar enn í megindráttum eins og það hefur gert í mannsaldra, og ytri aðstæður hafa verið tiltölulega lítt breyttar, síðan þinghúsið var reist. Nú eru hins vegar horfur á allmiklum breytingum. Það getur ekki dregizt í mörg ár, að reist verði nýtt þinghús, og uppi eru hugmyndir um breytingar eins og þá að leggja niður deildaskiptingu, sem mundi gerbreyta starfsháttum þingsins.

Mér vitanlega hefur heimildarkvikmynd um störf Alþ. aldrei verið gerð. Virðist því vera rík ástæða og réttur tími til að gera slíka kvikmynd, meðan þingið er enn í hinum gamla farvegi og hefur ekki tekið þeim stakkaskiptum, sem vafalaust eru fram undan. Slík kvikmynd mundi ekki aðeins verða þýðingarmikil heimild fyrir framtíðina um þingið og störf þess um þessar mundir, heldur mundi hún verða mjög gagnleg við fræðslustarf í landinu. Að sjálfsögðu ætti að haga henni þannig, að hún gæti gengið til skólanna og yrði sýnd þar skólabörnum við félagsfræðikennslu, og enn fremur er æskilegt að vinna þetta verk þannig, að sýna megi þessa mynd í sjónvarpi. Hugmyndin um slíka kvikmynd hefur verið rædd bæði í útvarpsráði með tilliti til sjónvarps og í stjórn Fræðslumyndasafns ríkisins, og er mikill áhugi á báðum stöðum á því, að hún verði til.

Við nánari athugun virðist skynsamlegast, að Alþ. hafi sjálft frumkvæði og sjái um, að verk þetta verði unnið. Sjónvarpið notar aðeins svarthvítar kvikmyndir og hefur tæki til þess að gera þær, en ekki til að gera litmyndir. Að sjálfsögðu ætti slík heimildarmynd að vera í litum. Auk þess þarf að ganga töluvert öðruvísi frá kvikmyndum, sem ætlunin er að sýna í skólum og á almennum samkomum, heldur en gengið er frá myndum, sem eingöngu eru til sjónvarpssýninga. Þess vegna tel ég rétt, að verkið sé unnið fyrir frumkvæði og undir stjórn Alþ., en með fullu samstarfi bæði við sjónvarpið og fræðslumyndasafnið. Er enginn vafi á því, að þessir aðilar mundu taka að sér fyrirgreiðslu eða jafnvel einhverjar aðgerðir, sem kostnað hafa í för með sér. Það er ekki meginatriði í þessu máli.

Ég geri ráð fyrir, að gerð slíkrar kvikmyndar, þ. e. nauðsynlegur aðdragandi, undirbúningur, samning frumhandrits, síðan kvikmyndatakan sjálf, úrvinnsla og allt, sem henni fylgir, muni taka 2—3 ár. Ég tel eðlilegast, að sá kostnaður, sem fellur á Alþ., greiðist með öðrum alþingiskostnaði.

Herra forseti. Ég legg til, að þessari till. verði vísað til allshn. að lokinni þessari umr.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 47, n. 190).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú til þál., sem hér er til afgreiðslu, er flutt af Benedikt Gröndal, Eyjólfi Konráð Jónssyni, Magnúsi Kjartanssyni og Þórarni Þórarinssyni og fjallar um heimildarkvikmynd um Alþ. Till. fylgir grg. frá flm., og sé ég ekki ástæðu til að rekja hana, en allshn. hefur fjallað um till. og orðið sammála um að leggja til, að hún verði samþ. Einn nm. ritaði þó undir með fyrirvara.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara. Ég er að sjálfsögðu ekki mótfallinn því, að einhvern tíma verði gerð heimildar- og fræðslukvikmynd um Alþ., en fyrirvari minn varðar kostnaðinn við þessa kvikmyndatöku, að honum verði stillt í hóf. Ég hef hreyft því í n., að það kynni að vera eðlilegt að setja þessa heimildarkvikmyndatöku í samband við 1100 ára afmælishátíðina, sem haldin mun verða hér á landi, en við nánari athugun hef ég ekki talið ástæðu til þess að bera fram brtt. um það efni.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Fyrir hönd flm. vil ég þakka allshn. fyrir afgreiðslu hennar á málinu. Við flm. allir erum sammála þeim fyrirvara, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur gert, að gæta verði hófs í sambandi við kostnað. Kvikmyndagerð er eins og klæðaburður. Það er hægt að gera kvikmynd og verja til þess tiltölulega litlu fé. Það er líka hægt að gera kvikmynd og sóa í hana fé. En ég vil vænta þess, að forsetar þingsins gæti þess, að við þessa kvikmyndagerð verði öllu í hóf stillt, en tilganginum þó náð.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 226).

---

5. Kaup lausafjár með afborgunarkjörum.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum [51. mál] (A. 54).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 54 að flytja till. til þál. um setningu laga um kaup lausafjár með afborgunarkjörum. Meðflm. minn að till. þessari er hv. 1. þm. Norðurl. v. Sjálf tillgr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta semja frv. til l. um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það frv. síðan fyrir Alþ."

Það er engin sérstök ástæða til þess að fara mörgum orðum um þessa till. Hún skýrir sig nokkuð sjálf. Hv. þm. vita það vafalaust, að í viðskiptalífinu, nútíma viðskiptalífi, ryðja sér æ meira til rúms þau viðskipti, að menn kaupa oft og tíðum verðmæta lausafjármuni á þann hátt, að þeir greiða út hluta kaupverðsins, en samþykkja síðan víxla eða einhverjar aðrar skuldaviðurkenningar fyrir því, sem eftir er af kaupvirði hlutarins. Vegna þess að löggjöf hefur vantað á okkar landi um þessi mjög svo algengu viðskipti, hefur það leitt til margra dómsmála, þar sem hlutverk dómstólanna hefur verið að dæma um ýmis vafaatriði í þessum viðskiptum, og þá hefur æðioft komið í ljós, hversu bagalegt er fyrir þá, sem dæma eiga í slíkum málum, að engin ótvíræð löggjöf um þess háttar viðskipti skuli vera til í landinu. Slík löggjöf hefur verið til á hinum Norðurlöndunum um margra áratuga skeið, og ég hygg, að allir, sem um þessi mál fjalla þar og starfandi eru í viðskiptalífinu, séu eindóma um það, að gagnsemi þeirra sé mikil á marga vegu. Því leggjum við flm. þessarar þáltill. til, að ríkisstj. sé falið að semja frv. til l. um kaup lausafjármuna með afborgunarkjörum og leggja það síðan fyrir hv. Alþ.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. um þáltill. þessa verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 54, n. 191).

Bragi Sigurjónsson: Herra forseti. Ég er að vísu óviðbúinn að mæla fyrir till., en þar eð frsm. er fjarverandi og við vorum allir sammála í allshn. að mæla með samþykkt þáltill., sé ég ekki ástæðu til að ræða efni hennar hér. Vil ég aðeins vekja athygli þingheims á því, að þetta er till. flutt af Jóni Skaftasyni og Ólafi Jóhannessyni og fjallar um það, að ríkisstj. láti semja frv. til l. um kaup lausafjár með afborgunarkjörum og leggja það sem frv. síðar fyrir Alþ.

Svo sem allir þekkja til, fer mikið af kaupum lausafjár nú fram með afborgunarkjörum, og var allshn. öll sammála um, að full ástæða væri til að setja nánar í lög, hvernig þau kaup færu fram. Allshn. leggur því til, að þessi till. verði samþykkt.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir skjóta og jákvæða afgreiðslu á þessu máli og bæta því einu við, að ég vænti þess, að af hálfu hæstv. ríkisstj. verði ekki á því dráttur að setja nefnd til þess að undirbúa frv. um kaup lausafjár með afborgunarskilmálum.

Eins og ég gat um, þegar ég mælti fyrir þessari þáltill., mun á Norðurlöndunum öllum, að því er ég bezt veit, vera í gildi löggjöf um þetta efni, sem fengizt hefur nokkurra ára reynsla af og – að því er ég þekki – mjög góð. Ég geri mér þess vegna vonir um, að frv. um þetta efni geti orðið tilbúið við upphaf næsta reglulegs þings.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 227).

---

6. Flutningur afla af miðum.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um flutning afla af miðum og hafna á milli [60. mál] (A. 65).

Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umræða.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Í fjarveru 1. flm. þessarar þáltill. hef ég tekið að mér að mæla fyrir henni. Þáltill., sem flutt er af fjórum þm. Austf., miðar að því að skora á ríkisstj. að láta fram fara rannsókn og gera till. um, á hvern hátt megi skipuleggja flutning sjávarafla af fiskimiðum og hafna í milli með það fyrir augum að nýta sem bezt afkastagetu veiðiskipa og fiskvinnslustöðva og stuðla að betri meðferð aflans og jafnari atvinnu. Af þessu og meðfylgjandi grg. má sjá, að forsend-

an fyrir flutningi till. þessarar er í rauninni fjórþætt: Í fyrsta lagi að koma á betri nýtingu veiðiskipa. Í öðru lagi að koma á betri nýtingu vinnslustöðva í landinu en nú er. Í þriðja lagi, að úr aflanum fáist betri vara og í fjórða lagi, að með flutningunum megi jafna atvinnu milli hinna ýmsu sjávarplássa í landinu.

Á umliðnum áratugum höfum við Íslendingar fjárfest mikið fé í veiðiskipum og vinnslustöðvum sjávarafla af ýmsu tagi. Ekkert hefur verið eðlilegra, þar eð frá sjávarútvegi hafa sprottið mestallar gjaldeyristekjur þjóðarinnar og sjávarútvegurinn þannig gert okkur kleift að halda uppi eðlilegum viðskiptum við aðrar þjóðir og koma á nútíma lifnaðarháttum hér á landi. En þar sem fjárfestingin, sem fiskveiðarnar tengjast og byggjast á, er mikil, hlýtur það að varða þjóðarbúskapinn miklu, að sú fjárfesting renti sig sem bezt má verða og hin ýmsu tæki sjávarútvegsins nýtist þannig sem bezt.

Það vita allir, að örðugt er að reikna út aflabrögð fyrir fram. Enginn veit á undan, hvað sjórinn hyggst gefa hverju sinni. En af reynslu og athugunum má hins vegar marga lærdóma draga, og þær hafa sýnt okkur og sagt, að siglingar veiðiskipa um langan veg með afla rýra oft afkomumöguleika útgerðarinnar. Hráefnið er hins vegar nauðsynlegt vinnslustöðvunum í landi, og orkar satt að segja ekki tvímælis, að vandræði þau, sem hraðfrystiiðnaðurinn í landinu á við að glíma, hafa ekki hvað sízt átt rætur að rekja til þess, hve starfstími þeirra er allt of skammur. Þegar við athugum þessar tvær staðreyndir, annars vegar þá, að langsiglingar veiðiskipa með afla rýra veiðitíma þeirra og hins vegar, að vinnslustöðvarnar í landi búa við of skamman rekstrartíma, þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé unnt að bæta hér úr með flutningi afla af miðunum til hafna. Renna má sterkum stoðum undir þá skoðun, að útgerð aflaflutningaskipa mundi verða hagkvæmari fyrir þjóðarbúið en það ástand, sem ríkir í dag, að veiðiskipin sigli með hvern farm, stóran og smáan, til hafnar.

Við Íslendingar höfum þegar nokkra reynslu af aflaflutningum, fyrst og fremst á sviði síldveiða og aðallega þá hvað áhrærir flutning bræðslusíldar. En vandamálið er viðtækara. Með því að skipuleggja flutning vertíðarafla mætti eins og fyrr getur lengja veiðitíma fiskiskipanna og auk þess jafna afla á hafnirnar, eftir því sem ástæður kölluðu til hverju sinni. Staðreyndirnar eru nefnilega þær, að fyrir kemur slíkt mokfiski, að vinnslustöðvar á nálægari höfnum við miðin fá ekki við neitt ráðið og dýrmætt hráefni fellur í flokkun og verði. Þannig gætu þá aflaflutningarnir allt í senn skapað betri afkomu veiðiskipa, lengt rekstur vinnslustöðva, jafnað atvinnu á hinum ýmsu stöðum og stuðlað að framleiðslu betri útflutningsvöru.

Eftirtektarvert er að athuga, hvernig frændur okkar Norðmenn hafa farið að í þessum efnum. Á þessu ári hafa þeir haft í förum 7—8 þús. lesta flota til flutnings á loðnu af norðlægum miðum suður eftir ströndinni. Floti þessi samanstendur af misstórum skipum. Á sama hátt halda þeir uppi skipulögðum flutningum á öðrum fisktegundum, svo sem makríl og þorski. Þetta aflaflutningakerfi Norðmanna lýtur sameiginlegri yfirstjórn, — þeirri aðalreglu er fylgt að landa aflanum sem næst miðum. Flutningar til fjarlægari hafna koma því aðeins til greina, að nærliggjandi vinnslustöðvar ráði ekki við það, sem að landi berst. Að sjálfsögðu yrðum við Íslendingar þó að fara okkar leiðir í þessum efnum, — þær leiðir, er við teldum henta bezt íslenzkum aðstæðum. Hitt er annað, að telja má með fullum rökum, að hér sé um að ræða mál, er gripi það sterklega inn í afkomu þjóðarbúsins, að full ástæða sé, að stjórnvöld taki það til rækilegrar athugunar. Við höfum þegar reynslu af síldarflutningum sjálfir, sem fyrr getur, og enginn vafi er á, að margt í skipulagningu og starfi Norðmanna er þannig, að við mættum lærdóm af draga. Þannig er t. d. með fiskkassana. Um árabil hafa Norðmenn notað fiskkassa í veiðiskipum sínum. Af notkun þeirra leiðir án efa betri meðferð aflans, og hún hlýtur því að skapa betri árangur á hörðum samkeppnismörkuðum. Telja má einnig, að notkun fiskkassanna væri í mörgum tilfellum forsenda fyrir hugsanlegum aflaflutningum. Notkun kassanna skapar betra hráefni og meira öryggi á mörkuðum, eins og fyrr segir. Er það því mál, sem nauðsyn ber til að hrint sé í framkvæmd. Að sjálfsögðu kostar slík uppbygging fé, en telja má svo sterk rök að því hníga, að hún sé nauðsynleg, að fullkomin ástæða er til, að málið sé tekið sterkum tökum.

Herra forseti. Ég tel, að mál það, er þáltill. þessi fjallar um, varði það mikið, eins og fyrr segir, afkomu þjóðarbús okkar Íslendinga, að ástæða sé til þess, að till. verði samþ. Legg ég svo til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn. í Sþ.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 65, n. 192).

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér er til afgreiðslu, um flutning afla af miðum og hafna á milli, var flutt af Vilhjálmi Hjálmarssyni, Helga Seljan, Páli Þorsteinssyni og Eysteini Jónssyni. Allshn. fékk till. til athugunar og sendi hana ýmsum aðilum, svo sem fiskimálaráði, L. Í. Ú. og síldarútvegsnefnd, og svöruðu þessir aðilar, og að athuguðum svörum varð allshn. sammála um að leggja til, að till. yrði samþ.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil fyrst leyfa mér að láta í ljós þakklæti til meðnm. minna

í allshn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessari till. Ég lít svo á og við, sem þessa till. flytjum, að hér sé um mikilvægt mál að ræða. Hér hafa að vísu þegar verið framkvæmdir töluverðir flutningar á afla, bæði af miðum, þar sem um er að ræða síldarflutningana, og eins í töluvert miklum mæli hafna á milli og þá á landi, einkanlega hér suðvestanlands, en raunar víðar um land í nokkrum mæli. En þó að þetta hafi átt sér stað, þá er vitað mál, að við erum í þessum efnum ákaflega langt á eftir okkar helztu keppinautum á fiskmörkuðunum, Norðmönnum. Við erum ákaflega langt á eftir þeim í þessum efnum. Þeir hafa um nokkurt skeið framkvæmt skipulegan flutning á afla, bæði af miðum og hafna á milli. Þar lýtur þessi starfsemi einni yfirstjórn. Þar er flutningastarfsemin styrkt að verulegu leyti af opinberu fé, og flutningarnir þar eiga sér stað bæði á sjó og með farartækjum á landi. Og aflinn, sem þar er fluttur af miðum og staða í milli, er varinn í flutningunum með ýmsu móti. Bæði er þar um sjókælingu að ræða og ísun í kössum. Hefur það verið gert lengi í þessum formum, og það eru til um það mjög ítarleg og greinargóð fyrirmæli. Svo hafa þeir einnig á seinni árum tekið upp þá háttu að heilfrysta afla úti á miðum og flytja hann þannig til vinnslu. En af þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um frystinguna, þá skilst mér, að hún sé enn á byrjunarstigi.

Mér finnst einnig mjög koma fram í svörum, sem ég fékk við fsp., sem ég sendi um þetta efni út, hversu mikla áherzlu Norðmenn leggja á það að vanda meðferð alls afla síns, með hverjum hætti sem á að vinna hann.

Eins og ég sagði áðan, eru í Noregi þegar til mjög ítarleg og greinargóð fyrirmæli um mörg atriði, bæði varðandi flutninginn sjálfan og sérstaklega meðferð aflans frá fyrstu hendi. Þeir hafa sínar ákveðnu reglur um gerð og búnað flutningaskipanna, lestun þeirra og losun. Og þeir eru einnig búnir að vera með, — ég veit ekki hvað lengi, en mér skilst nokkuð lengi, — alveg ákveðin fyrirmæli um notkun fiskkassa í sínum fiskiskipum.

Það er sorglegt til þess að vita, hversu langt við erum hér á eftir þessari miklu fiskveiðiþjóð, sem veitir okkur hvað harðasta samkeppni á mörkuðunum, og mér finnst það mjög alvarlegt, hversu lítið hefur verið gert í þessum efnum á undanförnum árum hér á landi. Hæstv. sjútvmrh. hefur fyrir nokkru skipað nefnd til þess að íhuga sérstaklega meðferð aflans um borð í fiskiskipunum, og ég vil vænta þess, að af starfi þeirrar nefndar og svo þeirri athugun, sem þessi till. fjallar um, megi nokkuð gott hljótast í þessum efnum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 261).

7. Löggjöf um þjóðaratkvæði.

Á deildafundum 16. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um undirbúning löggjafar um þjóðaratkvæði** [32. mál] (A. 32).

Á 6., 8., 10. og 12. fundi í Sþ., 22. og 29. okt., 5. og 12. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Það er ekki ótítt, að menn hér á Alþ. og víðar fordæmi eða gagnrýni a. m. k. það, sem kallað er nefndafargan, og ég get tekið undir það að ýmsu leyti, en hins vegar held ég, að það sé ekki ástæða til að fordæma nefndastörf algerlega. Ég hygg, að mþn. hafi oft gefið góða raun, þegar um undirbúning löggjafar er að ræða, og það megi rekja ýmis góð mál til starfa mþn. Hér er á ferðinni mál, sem gerir ráð fyrir nefndarskipun til undirbúnings að löggjöf um ákveðið málefni, þ. e. a. s. um þjóðaratkv. Ég vil nú taka það fram og minna á, að *hér er ekki um nýtt mál að ræða*. Það hefur áður legið fyrir þinginu, en ekki náð fram að ganga. Við flm. viljum þess vegna enn þá freista þess að kynna þetta mál og væntum þess, að það fái þá betri undirtektir en það hefur fengið til þessa. Málið er því kunnugt hér í hv. Alþ. og ekki beinlínis þörf á því að hafa um það mjög langa framsögu. Ég vil þó leyfa mér að fara um það fáeinum orðum, og sérstaklega ætla ég að leyfa mér að lesa till. sjálfa, vegna þess að hún skýrir sig kannske hvað bezt sjálf. En hún hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að kjósa fimm manna nefnd til að *rannsaka, hvort ekki sé rétt* að setja löggjöf um þjóðaratkv. í mikilvægum löggjafarmálefnum, svo og hvort ekki sé rétt að setja grundvallarreglur þar um í stjórnarskrána. Skal n., ef hún sér ástæðu til, semja lagafrv. um það efni. N. skal kynna sér sem rækilegast öll atriði varðandi þjóðaratkvgr., þ. á m. reynslu annarra þjóða í þeim efnum, og einkum ber n. að athuga eftirtalin atriði: a) hvort í ákveðnum tilvikum eigi að vera skylda eða aðeins heimild til þjóðaratkvgr.; b) hvaða aðilar eigi að fá rétt til að krefjast þjóðaratkvgr., t. d. hvort þann rétt eigi að veita tiltekinni tölu þm. eða ákveðnum fjölda kjósenda; og c) hvort úrslit þjóðaratkvgr. eigi að vera bindandi eða aðeins til ráðgjafar."

Í grg. fyrir till. er þess getið, að þjóðaratkv. sé tíðkanlegt í ýmsum löndum framar því, sem er t. d. hér á landi, og er þar minnzt m. a. á Kanada og Sviss, svo sem margir kannast við.

Heimild til þjóðaratkvæðis er einnig í stjórnarskrám ýmissa ríkja, eins og t. d. Danmerkur. Með þjóðaratkv. er í stuttu máli átt við það, að höfð er almenn atkvgr. um tiltekin mál og getur a. m. k. verið tvenns konar að gildi, þannig að hún sé bindandi ákvörðun um löggjafarmálefni, sem löggjafarsamkomu viðkomandi ríkis er þá skylt að virða, eða þá um er að ræða leiðbeinandi atkvæðagreiðslu, eins konar skoðanakönnun meðal kjósendanna. Eins og ég hef sagt, kveður mjög lítið að þjóðaratkv. hér á landi. Það má segja, að það heyri til alveg hreinum undantekningum, ef þjóðaratkv. er leitað hér á Íslandi.

Í tveimur greinum stjórnarskrárinnar eru þó ákvæði um skyldu til þjóðaratkv. Það er í 26. gr. stjórnarskrárinnar um það, þegar forseti Íslands synjar lögum staðfestingar, og í öðru lagi í 2. mgr. 79. gr. stjórnarskrár, þar er ákvæði um, að skylt sé að hafa þjóðaratkv. um lagafrv., sem miða að því að breyta kirkjuskipuninni. Ég held, að það hafi aldrei reynt á þessi ákvæði. Hins vegar hefur þjóðaratkvgr. átt sér stað í nokkrum tilfellum, og þá ákvað Alþ., að atkvgr. skyldi fara fram. T. d. 1909 fór fram þjóðaratkvgr. um setningu áfengisbannlaganna, og 1933 fór einnig fram þjóðaratkvgr. um afnám áfengisbannlaganna. Árið 1916 fór fram þjóðaratkvgr. um þegnskylduvinnu, og var það mál fellt í þjóðaratkvgr., og 1918 fór fram þjóðaratkvgr. um sambandslögin og 1944 fór fram þjóðaratkvgr. um afnám sambandslaganna og um stofnun lýðveldis. Einnig könnumst við við það, að það má heita meginregla áfengislaga að hafa eins konar þjóðaratkvgr. um stefnuna í áfengismálunum, þ. e. a. s. þar er að vísu miðað við, að það sé gert í ákveðnum umdæmum, að kjósendur í ákveðnum umdæmum hafi valfrelsi um það, hvaða stefna sé í áfengismálum í því umdæmi. Og á þetta hefur iðulega reynt.

Það er eindregin skoðun okkar flm. þessarar till., að ástæða sé til þess að kanna betur, hvort ekki muni henta hér á landi að leita oftar beint til þjóðarinnar, þegar taka þarf ákvarðanir í löggjafarmálum. Undan því er nú kvartað, að almenningur sé sífellt að fjarlægjast meira og meira aðstöðu til beinna áhrifa á þjóðmálin. Það er sagt, að æðikrókóttar götur liggi nú milli kjósenda í landinu og þeirra, sem með völdin fara. Menn segja, að lýðræðið sé í reynd eins konar fámennisstjórn, en ekki sú stjórn fólksins, sem hugsjónamenn lýðræðisins kann einhvern tíma að hafa dreymt um.

Það er mikið skrafað og skeggrætt um það, hvernig takast megi að brúa það bil, sem myndazt hefur á milli almennings og kjörinna valdamanna. Þetta málefni er í sviðsljósi og svo í brennidepli, að stjórnmálamennirnir hafa ekki komizt hjá því að veita því sérstaka athygli. Það er almenn krafa, sem berst að úr öllum áttum, að ýmsar lýðræðislegar venjur og hefðir verði endurskoðaðar, m. ö. o., það er krafa um meira lýðræði, meiri og nánari og beinni afskipti almennings af mikilvægum ákvörðunum. Menn vilja fá aðstöðu til þess að láta til sín taka, þar sem mikilvægum ráðum er ráðið, og sér í lagi vilja menn, að meirihlutavilji fái að njóta sín í hverju máli.

Ég er persónulega sannfærður um, að fátt mundi svara betur hinum almennu kröfum um aukið lýðræði og aukin afskipti almennings af þjóðmálum en það að leita oftar en hér tíðkast beint til þjóðarinnar um ákvarðanir í löggjafarmálum eða öðrum málum, sem miklu skipta fyrir almannahag og þjóðarheill í nútíð og framtíð. Ég er sannfærður um, að það mundi stórefla stjórnmálaáhuga fólks og almennan þjóðmálaáhuga fólks, ef þjóðaratkv. væri oftar um hönd haft. Hitt er auðvitað rétt, að það má ekki ofgera í þessu efni. Það er alls ekki skoðun okkar flm. né á nokkurn hátt till. okkar, að þjóðaratkv. verði almenn regla í löggjafarmálum. Við förum ekki fram á neitt slíkt að sjálfsögðu. Við erum ekki talsmenn þess að rýra völd eða áhrif Alþ. né einstakra alþm. sem kjörinna fulltrúa þjóðarinnar. En ég held, að ég mæli fyrir munn okkar allra flm., þegar ég segi, að alþm. og Alþ. í heild sé það engin minnkun að deila valdi sínu með þjóðinni meira en nú er. Sé þess kostur að leita beint til fólksins um afstöðu til einstakra mála, er það að jafnaði betra og alla vega lýðræðislegra en að skera úr málum á fulltrúasamkomu eins og Alþ. Raunar efast ég ekki um, að allir eru sammála um það atriði.

Ég tel, að það mál, sem hér er fram borið, sé þess virði, að Alþ. gefi því sérstakan gaum. Ég vænti þess því, að till. fái greiðan gang hér í gegnum þingið, og sérstaklega vænti ég þess, að till. verði vísað til n. og hún fái þar nauðsynlega athugun. Það má vel vera, að eitthvað sé í tillgr., sem breyta mætti og betur mætti fara, og erum við flm. að sjálfsögðu fúsir til samstarfs um slíkt, ef það að öðru leyti mætti verða til þess að greiða fyrir málinu að efni til.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til síðari umr. og allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 32, n. 231).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi till. hefur verið til meðferðar í allshn. Sþ. N. leitaði umsagnar hjá hæstarétti og hjá Háskóla Íslands, lagadeild. Álit þessara aðila eru prentuð hér með nál. sem fskj.

Hæstiréttur mælir eindregið með samþykkt till. í örfáum orðum. Háskóli Íslands, lagadeildin, gerir nokkru nánari grein fyrir sinni afstöðu, bendir m. a. á það, að enda þótt endurskoðun stjórnarskrár í heild sé umfangsmikið mál, þá séu þar ýmis einstök atriði, sem geti vel komið til greina að taka til sérstakrar íhugunar, eins og segir í þeirri umsögn, svo sem það að finna leiðir til að auka þátttöku

kjósenda í töku ákvarðana í einstökum málum, ef þess er kostur. Háskólinn mælir einnig eindregið með samþykkt tillögunnar.

Það hefur orðið niðurstaða allshn., eftir að hafa rætt till. á nokkrum fundum og farið yfir þessar umsagnir, að mæla með því, að till. verði samþ. Þó er lagt til, að tillgr. verði breytt að orðalagi, en efnislega er þar nánast ekki um breytingu að ræða. Till. n. um breytingu er á þskj. 321. Það er umorðun, og ég þarf ekki að eyða tíma í að lesa hana. En ég get aðeins skýrt frá því þó, að breytingin er í því fólgin, að ríkisstj. er falið að framkvæma þetta verk, í stað þess að Alþ. kjósi til þess 5 manna nefnd.

Það var einróma álit n. að mæla með samþykkt till. með þessum formsbreytingum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 231 (ný tillgr.) samþ. með 34 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 298).

8. Vísitala byggingarkostnaðar.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um vísitölu byggingarkostnaðar [19. mál] (A. 19).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. og 8. fundi í Sþ., 22. og 29. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Á þskj. 19 flyt ég till. til þál., sem hljóðar þannig:

„Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta endurskoða lög nr. 25 frá 1957, um vísitölu byggingarkostnaðar. Jafnframt verði Hagstofu Íslands og Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins falið að reikna út nýjan vísitölugrundvöll, er taki gildi eigi síðar en á árinu 1971."

Vísitala byggingarkostnaðar hefur verið reiknuð út hér á landi allt frá árinu 1914. Lengst af hefur hún verið reiknuð út einu sinni á ári, en frá því á árinu 1957 hefur vísitalan verið reiknuð út og birt þrisvar á ári hverju. Byggingarvísitalan er mjög þýðingarmikil og hefur áhrif á mörgum sviðum. Hún er manna á meðal og í opinberum umr. notuð sem mælikvarði á breytingar á byggingarkostnaði, og verðlag hins svonefnda vísitöluhúss, miðað við kostnað á rúmmetra, er að jafnaði mikið notað til samanburðar við byggingarkostnað og söluverð nýrra íbúða. Enn fremur er byggingarvísitalan höfð til viðmiðunar til að meta verðhækkanir í verksamningum. Þá eru breytingar á fjárhæð húsnæðismálastjórnarlána og brunabótamati fasteigna við hana miðaðar. Byggingarvísitalan er líka stundum notuð sem skuldabréfavísitala. Þá hefur byggingarvísitalan áhrif á framfærsluvísitöluna. Allt þetta undirstrikar nauðsyn þess, að byggingarvísitalan fylgist með tímanum, ef svo má að orði komast, og að grundvöllur hennar sé ætíð svo nákvæmur og vandaður sem frekast er kostur, en á það skortir nú mikið.

Núgildandi byggingarvísitala er að stofni til frá árinu 1955 og er byggð á rannsókn á byggingarkostnaði tiltekins sambýlishúss í Reykjavík, sem er tvær hæðir og að auki ris og kjallari. Í húsinu er ein íbúð á hvorri hæð, ein íbúð í risi og ein í kjallara eða alls 4 íbúðir. Þetta er hið svo nefnda vísitöluhús. Þessi vísitölugrundvöllur er nú úreltur, m. a. fyrir þá sök, að slík hús eru ekki lengur byggð í Reykjavík. Skipulagsyfirvöld leyfa það ekki, auk þess sem nú er bannað að byggja kjallaraíbúðir.

En það er margt fleira við núgildandi vísitölugrundvöll að athuga. Þar vantar alveg ýmsa veigamikla kostnaðarliði. Í fyrsta lagi er ekki reiknað með neinum kostnaði við lóðafrágang, sem er að jafnaði 20—30 þús. kr. á meðalíbúð. Í öðru lagi er ekki reiknað með kostnaði við flutning verkamanna og iðnaðarmanna að og frá vinnustað ásamt fæðiskostnaði á vinnustað, en þessi kostnaður fellur nú á meginþorra nýrra íbúða í Reykjavík, þar sem þær eru byggðar í úthverfum borgarinnar gagnstætt vísitöluhúsinu, sem byggt er miðsvæðis. Í þriðja lagi tekur vísitölugrundvöllurinn ekki tillit til vaxta á byggingartímanum. Er það næsta fráleitt, að vaxtahreyfingar í þjóðfélaginu skuli ekki hafa nein bein áhrif á vísitölu byggingarkostnaðar.

Vaxtadæmið er rétt að skýra nokkru nánar. Það er mjög algengt, að menn kaupi íbúðir tilbúnar undir tréverk og málningu af byggingarfyrirtækjum. Kaupsamningar eru þá að jafnaði gerðir meðan verið er að steypa upp húsin, og kaupandinn er smátt og smátt að borga inn á íbúðarverðið, unz íbúðin er afhent á framangreindu byggingarstigi. Síðan tekur það kaupandann nokkra mánuði að láta innrétta íbúðina og mála hana, og þarf hann að sjálfsögðu að leggja fram fé í því skyni. Að lokum er svo íbúðin fullgerð, og kaupandinn flytur inn.

Nú er kaupandinn spurður, hvað íbúðin hafi kostað, og leggur hann þá gjarnan saman allar þær fjárhæðir, sem hann hefur lagt út fyrir íbúðina, og segir, að þetta sé kostnaðarverðið, en gleymir þá oft og tíðum, að hann á að reikna vexti af útlögðu fé fram til þess

tíma, er íbúðin er tekin í notkun og bæta vaxtafjárhæðinni við annan byggingarkostnað. Þessi vaxtakostnaður getur numið 30—60 þús. kr. á meðalíbúð í fjölbýlishúsi, en er auðvitað háður því, hversu lengi íbúðin er í byggingu, hvaða vaxtafótur er reiknaður og hvert er verðlag íbúðarinnar. Þetta vaxtadæmi er nauðsynlegt að hafa í huga, þegar gerður er samanburður annars vegar á verði íbúða, sem keyptar eru í smíðum og hins vegar á verði nýrra íbúða, sem keyptar eru fullgerðar, þar sem kaupandinn greiðir ekkert eða mjög lítið af kaupverðinu fyrir fram, eins og t. d. í Breiðholtsíbúðunum. Slíkur samanburður hefur iðulega verið gerður á opinberum vettvangi án þess að reikna vextina með og af mönnum, sem telja sig fróða um byggingarmál. Vitanlega er þetta mjög villandi, en villukenningin hefur stuðzt við þennan meinbug á byggingarvísitölunni og þarf nauðsynlega úr að bæta.

Segja má, að síðustu 10—15 árin hafi ekki átt sér stað breytingar á byggingaraðferðum hér á landi, sem telja megi almennar og róttækar. Samt sem áður hefur ýmiss konar tæknileg framþróun átt sér stað í byggingariðnaðinum á þessum tíma. Íbúðagerðir og kröfur til íbúða hafa einnig tekið breytingum á þessu tímabili. Byggingarvísitalan tekur ekkert tillit til þessara atriða, þar sem hún er grundvölluð á byggingaraðferðum ársins 1955. Í þessu sambandi má minna á samþykkt gerða á síðasta aðalfundi Meistarasambands byggingarmanna, er hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aðalfundur Meistarasambands byggingarmanna beinir þeim tilmælum til Hagstofu Íslands, að endurskoðaður verði grundvöllur vísitölu byggingarkostnaðar, þar sem verulegar breytingar hafa átt sér stað í byggingarháttum og opinberum kröfum til húsbygginga, frá því að grundvöllur núverandi vísitölu var ákveðinn.“

Að minni hyggju er líklegt, að á næstu árum eigi sér stað örari tæknilegar framfarir í byggingariðnaðinum heldur en áður. Breiðholtsáætlunin mun leggja skerf til þeirrar þróunar, bæði með þeim nýju byggingarháttum, sem framkvæmdanefndin hefur gert tilraunir með og endurbætt að fenginni reynslu, svo og á þann hátt, að starfsemi nefndarinnar verkar sem hvatning á aðra byggingaraðila til að leita nýrra úrræða, er leiði til framfara. Sem dæmi má nefna, að stór hópur byggingarmeistara í Reykjavík stofnaði fyrir tveimur árum sérstök samtök einvörðungu í því skyni að vinna að lækkun byggingarkostnaðar. Er þess að vænta, að þessi samtök skili mjög jákvæðum árangri, þegar fram líða stundir.

Það er mjög eftirtektarvert, að þegar framkvæmdanefnd byggingaráætlunar bauð út byggingu 180 nýrra íbúða í Breiðholtshverfinu í sumar og gaf bjóðendunum kost á því að bjóða bæði eftir nýju og gömlu aðferðunum, þá sýndi það sig, að ódýrast var að byggja á grundvelli þeirrar byggingartækni, sem nefndin hafði tileinkað sér. Nýju aðferðirnar báru sigurorð af þeim gömlu, og var verðmismunurinn um 50—60 þús. kr. á hverja íbúð samkvæmt tilboðunum. Byggingarmeistararnir, sem áður höfðu gagnrýnt nefndina fyrir gagnslausar tilraunir og fyrir bruðl með almannafé, urðu að beygja sig fyrir staðreyndunum. En í byggingariðnaðinum sem svo víða annars staðar gildir sú regla, að það verða engar framfarir, ef menn þora ekki að fara inn á nýjar brautir af ótta við mistök og gagnrýni. Rétt er að hafa í huga, að það eru ekki einvörðungu tæknilegar framfarir, sem stuðlað geta að lækkun byggingarkostnaðar, heldur kemur þar ýmislegt fleira til, svo sem stærri byggingaráfangar, jöfn og árviss byggingarstarfsemi og nægilegt fjármagn.

Ég hef gert þessi mál hér að umtalsefni sérstaklega vegna þess að ég vil leggja áherzlu á, að hin nýja byggingarvísitala þarf helzt að vera þannig úr garði gerð eða grundvöllur hennar, að hann verði nærmur mælikvarði á tæknilega og skipulagslega framþróun í byggingariðnaðinum.

Eins og áður segir, er grundvöllur byggingarvísitölunnar reistur á rannsókn á byggingarkostnaði sambýlishúss í Reykjavík, en auk þessarar aðalvísitölu hefur Hagstofan frá því á árinu 1957 birt svo nefnda fjölbýlishúsavísitölu, en hún sýnir, að byggingarkostnaður fjölbýlishúss eigi að vera 10% lægri á rúmmetra en byggingarkostnaður sambýlishússins. Þessi mismunur er þó nánast hrein ágizkun og styðst ekki við neinar rannsóknir á byggingarkostnaði tiltekins fjölbýlishúss. Ekkert kemur fram um það í vísitölu fjölbýlishússins, hversu stórt fjölbýlishúsið er, þ. e. a. s. hve margar hæðir og hve mörg stigahús eru í því, en þessi atriði skipta vitanlega máli um kostnaðarverð á rúmmetra.

Í blaðaskrifum um byggingarmálin, sem áttu sér stað í fyrra, kom skýrt fram af hálfu framkvæmdanefndar byggingaráætlunar, að vísitala sambýlishússins væri ýmsum annmörkum háð, en vísitala fjölbýlishússins væri alls ekki viðmiðunarhæf. Reyndar féllst Hagstofa Íslands á þessi rök, því að hún birti tilkynningu í ágústhefti Hagtíðinda í fyrra, þar sem skýrt er frá því, að hætt verði að birta vísitölu fjölbýlishússins, þar sem raungildi hennar sé orðið vafasamt vegna breyttra aðstæðna.

Í tengslum við endurskoðun byggingarvísitölunnar hlýtur að koma mjög til athugunar að setja skýrar og fastmótaðar reglur, sem allir aðilar séu bundnir við, um það, hvernig reikna beri út fermetrastærð og rúmmetrafjölda íbúðarhúss. Þessar reglur hafa verið mjög á reiki. Arkitektinn, sem húsið teiknar, notar eina aðferð, byggingaryfirvöldin aðra, húsnæðismálastjórn þá þriðju, fasteignamatið þá fjórðu o. s. frv. Fróður maður hefur sagt mér, að alls séu þekktar 9 mismunandi útreikningsaðferðir, sem gefi mismunandi niðurstöður. Þessar reglur þarf að samræma og staðla, því að annars er allur samanburður að meira eða minna leyti út í hött. Miða þarf fyrst og fremst við flatarmál og rúmmál nýtanlegs íbúðarhúsnæðis. Þetta verkefni er æski-

legt að leysa í sambandi við endurskoðun byggingarvísitölunnar og lagaákvæða, er hana varða.

Samfara útreikningi á nýjum grundvelli fyrir byggingarvísitölu er óhjákvæmilegt að endurskoða gildandi lög um vísitölu byggingarkostnaðar alveg á sama hátt og 1957, þegar nýr vísitölugrundvöllur var upp tekinn. Þá voru sett sérstök lög um vísitölu byggingarkostnaðar. T. d. er vísitalan nú reiknuð út þrisvar á ári, en verði breyting á þessu eftir nýja grundvellinum, þarf lagabreyting til að koma. Einnig þyrfti að lögfesta reglur um tengsl nýja grundvallarins við hinn eldri.

Í 4. gr. laga um vísitölu byggingarkostnaðar frá 1957 segir, að Hagstofan skuli í samráði við húsameistara ríkisins láta fara fram athugun á því á 10 ára fresti, hvort byggingarhættir hafi breytzt svo, að ástæða sé til að endurskoða grundvöll vísitölu byggingarkostnaðar. Að vísu hefur þessi athugun verið látin undir höfuð leggjast, og m. a. af þeim sökum er þessi þáltill. flutt. En ég tel eðlilegt, að í stað húsameistara ríkisins komi Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, en sú stofnun var ekki til á árinu 1957, þegar núgildandi lög um vísitölu byggingarkostnaðar voru sett. Er og við það miðað í þáltill., að Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins fjalli um endurskoðun vísitölugrundvallarins ásamt Hagstofunni.

Mér er það ljóst, að útreikningar á nýjum grundvelli byggingarvísitölu og endurskoðun lagaákvæða um vísitölu byggingarkostnaðar er tímafrekt verk og vandasamt. Þess vegna geri ég ráð fyrir því í till. minni, að hinn nýi grundvöllur geti ekki tekið gildi fyrr en á árinu 1971.

Herra forseti. Ég legg svo til, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það er á engan hátt ætlun mín að fara að gagnrýna ræðu hv. 3. landsk. þm., sem hann flutti áðan um byggingarvísitöluna. Það er allt rétt og satt, sem hann sagði um nauðsyn þess, að hún verði endurskoðuð. En ég vildi aðeins upplýsa það, að fyrir nokkru hefur hagstofustjóra verið falið að taka til athugunar grundvöll byggingarvísitölunnar, eins og hann er. Ég er ekki að segja, að þetta þurfi að hafa nein áhrif í þá átt, að hv. Alþ. samþykki ekki þessa till., en ég taldi hins vegar rétt, að þetta kæmi fram, að ríkisstj. hefði haft augun opin fyrir því, að þetta væri atriði, sem nauðsynlegt væri að kanna.

Hitt er svo annað mál, að eins og hv. þm. sagði, er þetta orðið töluvert flókið vandamál við að fást, þessi byggingarvísitala, vegna þess að hún er orðin viðmiðun í sambandi við margt í þjóðfélaginu í dag, sérstaklega á sviði lánamála. Þess vegna gæti vitanlega farið svo, að mikil breyting á byggingarvísitölugrundvelli hefði veruleg áhrif á þá lánasamninga, sem gerðir hafa verið, þar sem byggingarvísitala hefur verið tekin til viðmiðunar, þannig að málið er ekki upplagt að þessu leyti, — hvaða áhrif það kynni að hafa. Hitt er aftur á móti rétt, að nauðsynlegt er, að þessi vísitala sem aðrar viðmiðunarreglur sé á hverjum tíma sem réttust og því er nauðsynlegt, að málið sé a. m. k. kannað til hlítar og menn geri sér grein fyrir því, hvaða breytingar yrðu á vísitölunni við það, að grundvöllur hennar yrði rannsakaður. Af þeim sökum er síður en svo, að ég hafi neina ástæðu til að vera á móti till., en taldi aðeins rétt að láta þetta koma fram og álít æskilegt, að hv. n. ræddi þetta mál við hagstofustjóra, þegar till. verður tekin þar til meðferðar.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fram haldið einni umr. um till. (A. 19, n. 248).

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Í fjarveru frsm. hef ég verið beðinn að fylgja þessari till. úr hlaði með örfáum orðum fyrir hönd allshn.

N. hefur fjallað um till. þessa og kallað á sinn fund hagstofustjóra og forstjóra Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins og hafa þeir báðir lýst sig samþykka efni till. og hagstofustjóri tekið fram, að þetta verk væri í raun og veru þegar hafið. Að þessu öllu athuguðu ákváðu nm. að mæla með því, að till. yrði samþ. óbreytt.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir skjótar og góðar undirtektir og meðmæli með þáltill. minni um endurskoðun byggingarvísitölunnar. Þessi endurskoðun mun að minni hyggju skapa nýjan og traustari grundvöll undir allar rökræður um byggingarmál og varpa nýju ljósi á deilur, sem jafnan eru uppi um byggingarkostnað.

Samanburður á byggingarkostnaði og opinberar umræður um byggingarmálefni hafa mjög verið á dagskrá undanfarin misseri. Komið hafa fram kröfur um rannsókn á byggingarkostnaði. Vissulega væri þörf á því, að einhver opinber aðili hefði aðstöðu til þess að fræða almenning um þessi mál, aðili, sem gæti kveðið niður ýmiss konar missagnir eða rangfærslur, sem stundum eru hafðar uppi og hamrað er á. Sérhver byggingaraðili telur sjálfan sig byggja ódýrast og hefur í frammi ýmiss konar áróðursaðferðir til þess að sanna mál sitt. Óvandaðir blaðamenn grípa æsifregnir á lofti, en almenningur veit ekki hverjum hann á að trúa. Sem betur fer eru nú horfur á því, að úr þessu muni rætast á næstunni.

Þegar framkvæmdanefnd byggingaráætlunar hóf byggingu Breiðholtsíbúðanna, stóð strax nokkur styr um þær framkvæmdir, sem ekki hefur linnt síðan. Byggingarmeistarar í Reykjavík, sem hafa atvinnu af því að kaupa og selja íbúðir, sáu þarna hættulegan keppinaut. Þeir brugðust við á þann hátt að stofna með sér samtök í því skyni að vinna að lækkun bygg-

ingarkostnaðar, en það ætluðu þeir einkum að gera með því að byggja stærri áfanga en áður. Þetta voru skynsamleg viðbrögð. Meistararnir kröfðust þess, til þess að fá svipaða aðstöðu og framkvæmdanefndin, að húsnæðismálastjórn sæi þeim fyrir bráðabirgðalánum, meðan byggingarframkvæmdir stæðu yfir og íbúðirnar væru óseldar, svo að framkvæmdir þyrftu ekki að tefjast eða stöðvast vegna fjármagnsskorts. Þessa fjármagnsfyrirgreiðslu töldu byggingarmeistararnir svo mikilvæga, að þeir buðust í staðinn til að undirgangast að selja íbúðirnar einungis fullgerðar og á því verði, er húsnæðismálastjórn samþykkti. Þessir skilmálar voru svo lögfestir, og ná þeir einnig til byggingarfyrirtækja og byggingarsamvinnufélaga. Hér var um mjög mikilvægan atburð að ræða, sem menn hafa ekki veitt nægilega athygli. Húsnæðismálastjórn hefur því raunverulega í sínum höndum ákvörðunarvald um söluverð á fjölda nýrra íbúða í fjölbýlishúsum, sem nú eru í byggingu, og á íbúðum, sem byggðar verða á næstu árum á Reykjavíkursvæðinu og væntanlega einnig í fjölmennustu kaupstöðum landsins, enda hafa allmörg bráðabirgðalán þegar verið veitt. Þetta jafngildir næstum því í raun réttri, að söluverð nýrra fullgerðra íbúða í fjölbýlishúsum sé komið undir verðlagseftirlit, og var mál til komið. En þessi ávinningur hefði aldrei náðst, ef Breiðholtsáætluninni hefði ekki verið hrundið af stað.

Með bráðabirgðalánakerfinu hefur líka annar mikilvægur áfangi náðst. Húsnæðismálastjórn fær nú í sínar hendur, áður en hún samþykkir söluverðið, ítarlegar upplýsingar frá byggingaraðilum, sem hér eiga hlut að máli, um raunverulegan byggingarkostnað þeirra á fullgerðum íbúðum í fjölbýlishúsum. Þannig fæst ómetanlegur samanburður á byggingarkostnaði hinna ýmsu byggingaraðila, svo að ekki þarf um að deila, hver beztum árangri nær. Ég lít svo á, að húsnæðismálastjórn, sem hefur sérfróða menn á sviði byggingarmála í sinni þjónustu, sé ásamt Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins réttur aðili til þess að fylgjast með byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis í landinu og upplýsa almenning um það, hverjir skili beztum árangri.

Á síðustu 2–3 árum hefur byggingarkostnaður nýrra íbúða farið lækkandi á Reykjavíkursvæðinu miðað við raungildi krónunnar í innlendum viðskiptum, eða m. ö. o.: byggingarkostnaður hefur ekki hækkað á þessu tímabili til jafns við almennt verðlag í landinu. Þessu valda ýmsar ástæður, svo sem minni eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði vegna efnahagsörðugleikanna, minni yfirborganir til byggingariðnaðarmanna og síðast en ekki síst sú staðreynd, að Breiðholtsáætlunin hefur ýtt við byggingariðnaðinum og örvað byggingaraðila og framleiðendur til að sýna betri frammistöðu. Sem dæmi má nefna útboð framkvæmdanefndar á ýmsum innréttingum. Þessi útboð hafa lagt grundvöll að fjöldaframleiðslu á þessum vettvangi og leitt til allverulegrar verðlækkunar, sem almenningur nýtur nú góðs af. Hinu má ekki gleyma, að fjöldaframleiðsluaðferðir eru hér nýjar af nálinni og í fyrstu lotu koma eðlilega fram nokkrir annmarkar, sem yfirstígnir verða með aukinni reynslu.

Það er sannarlega fagnaðarefni, þegar einstakir þm. gera sér far um að kynna sér Breiðholtsframkvæmdirnar. Einna fremstur er þar í flokki hv. 5. þm. Norðurl. e., Stefán Valgeirsson, er gerði þessar framkvæmdir mjög að umræðuefni í ræðu sinni í Sþ. hinn 21. þ. m. Sá ljóður er þó á ráði hans, að hafa ekki kynnt sér málið frá öllum hliðum. Hver og einn, sem vill kynna sér þessar framkvæmdir rækilega og hleypidómalaust, lætur sér ekki nægja að skoða fáeinar íbúðir, þar sem eitthvað má að finna, og hlusta á gagnrýni og rógburð andstöðumanna, heldur verður sá hinn sami einnig að kynna sér sjónarmið framkvæmdanefndar og starfsmanna hennar og ræða við verktaka þá, sem hér koma mest við sögu. Ýmislegt af þessu virðist þessi hv. þm. hafa vanrækt. Raunar hef ég aldrei fundið aðra skýringu á hinni hörðu andstöðu ýmissa framsóknarmanna gegn framkvæmdunum í Breiðholti en þá, að framsóknarmenn eiga engan fulltrúa í framkvæmdanefndinni. En um það er auðvitað ekki að sakast við framkvæmdanefndina sjálfa, heldur þá aðila, sem völdu fulltrúa í nefndina. Hv. þm. Stefán Valgeirsson gengur svo langt að krefjast þess, að hætt verði við framkvæmdirnar í Breiðholti. Ég held, að þessi krafa eigi lítinn hljómgrunn meðal þess láglaunafólks, sem gerir sér vonir um að fá hagfelldar íbúðir með sérstaklega góðum lánakjörum í þeim byggingaráfanga, sem nú stendur yfir, og í þeim áföngum, sem síðar verða reistir. Áframhaldandi byggingar í Breiðholtinu eru í raun og veru eina von margra efnalítilla fjölskyldna um að geta eignazt þak yfir höfuðið. Hitt er mér ljóst, að ef krafa Stefáns Valgeirssonar næði fram að ganga, mundi það vekja mikinn fögnuð í herbúðum byggingarbraskaranna.

För þessa hv. þm. í Breiðholtið minnir mig á það, þegar blaðamenn frá Vísi voru sendir í Breiðholtsíbúðirnar. Þeir bönkuðu upp á hjá fólki og spurðu einungis um það, hvort því mislíkaði við íbúðirnar. Margt af þessu fólki var ánægt og hafði ekkert út á íbúðirnar að setja, en þess létu blaðamennirnir að engu getið í sinni frásögn. Þeir unnu vel fyrir sína húsbændur.

Tvennt er það einkum, sem hv. þm. Stefán Valgeirsson gerði að uppistöðu sinni í ádeilunni á Breiðholtsíbúðirnar. Annars vegar, að íbúðirnar væru mjög gallaðar, en hins vegar, að þær væru óhóflega dýrar. Fyrri fullyrðingin er mjög ýkt, en hin síðari á ekki við rök að styðjast. Þegar teknar eru upp nýjar byggingaraðferðir, þar sem við litla eða enga innlenda reynslu er að styðjast og m. a. beitt fjöldaframleiðsluaðferðum, er auðvitað hættara við því í fyrstu umferð, að gallar komi fram á íbúðum, heldur en þegar gamalreyndar og venjubundnar byggingaraðferðir eru notaðar. Það tekur eðlilega nokkurn tíma fyrir

verktakana og starfslið þeirra að ná réttum tökum á nýrri byggingartækni. Þetta var reynslan í Breiðholtinu. Þar voru í fyrsta áfanga byggð 6 stór fjölbýlishús með samtals 312 íbúðum. Í fyrstu blokkunum komu fram nokkrir gallar, en litlir sem engir í hinum síðustu. Aðeins í einu stigahúsi voru gallarnir verulegir, en í þessu stigahúsi voru innan við 3% af íbúðafjöldanum. En það virðist fyrst og fremst hafa verið þetta stigahús, sem hv. þm. skoðaði. Andstæðingar Breiðholtsáætlunarinnar reyna hins vegar að koma því inn hjá fólki, að þessir gallar séu miklu stærri og útbreiddari en raun ber vitni. Framkvæmdanefndin samdi svo um við verktaka, að þeir bæru sérstaka ábyrgð á göllum, er fram kynnu að koma á fyrsta notkunarári íbúðanna. Við þessa ábyrgð verða verktakarnir að standa og því hefur nú nýlega farið fram eins konar viðbótarúttekt á íbúðunum. Úr göllunum verður bætt íbúðareigendum að kostnaðarlausu, og um þetta ríkir fullt samkomulag milli framkvæmdanefndarinnar og húsfélaganna í Breiðholti, og allar fyrirætlanir um málaferli út af þessu eru úr sögunni.

Hv. alþm. Stefán Valgeirsson nefndi í ræðu sinni nokkur dæmi um áberandi galla í Breiðholtsíbúðunum. Hann sagði m. a.:

„Víða voru veggir sprungnir langt fram yfir það, sem ég hafði séð í nokkrum byggingum."

Eigi veit ég, hversu glöggskyggn Stefán er, þegar hann skoðar byggingar, en sannleikurinn er sá, að múrsprungur í veggjum eru fátíð fyrirbrigði í Breiðholtsíbúðunum og mun sjaldgæfari en almennt gerist í nýjum íbúðum. Þá segir Stefán, að flísar hafi hrunið af veggjum í baðherbergjunum. Þetta er út af fyrir sig alveg rétt. En ástæðan var sú, að flutt var til landsins gallað lím. Fjöldamargir aðrir byggingaraðilar hér í borginni urðu fyrir þessari sömu reynslu, en hvergi hefur þetta verið talið mönnum til ámælis nema í Breiðholtinu. Í 6 íbúðum af 312 hefur verið kvartað um einangrunargalla, en starfsmenn framkvæmdanefndarinnar viðurkenna þó ekki, að þarna sé um ágalla að ræða. Þetta orðar hv. þm. þannig:

„Einangrunargallar munu vera algeng fyrirbrigði."

Annaðhvort fer hann þarna með ranga staðhæfingu eða hann notar þá orðið „algengur" í einhverri alveg nýrri merkingu.

Hv. þm. segir, að miklar sprungur hafi verið hjá stigum, þannig að þeir virtust hanga í lausu lofti. Múrfylling við stigapalla hefur að vísu sprungið á örfáum stöðum, en þessi múrfylling er ekki notuð til þess að festa stigann eða bera hann uppi. Stiginn er því jafntraustur eftir sem áður. Hins vegar er slíkt vel til þess fallið að villa um fyrir hrekklausum mönnum um traustleika stiganna og burðarþol, einkum ef leiðsögn er nokkuð ófullnægjandi.

Ég skal svo láta útrætt um þennan þátt málsins, en þess vildi ég óska, að hv. þm. þyrftu ekki að byggja skoðanir sínar á ásigkomulagi Breiðholtsíbúðanna eingöngu á því, sem við Stefán Valgeirsson höfum um þetta mál að segja, heldur eigi þeir þess kost að skoða þessar íbúðir með eigin augum, því að sjón er sögu ríkari.

Þá vík ég að hinu ádeiluefninu, en það er, að Breiðholtsíbúðirnar séu óheyrilega dýrar. Á sínum tíma var birt opinber fréttatilkynning um verðið á Breiðholtsíbúðunum, stærð þeirra og gerð, og sýnt fram á með rökum, að íbúðarverðið væri 8% lægra en rúmmetraverð samkv. vísitölu byggingarkostnaðar. Aðrir byggingaraðilar hafa ekki haft sama hátt á, þegar þeir tilkynna um verð íbúða sinna. Ég hef lagt mig fram um að kynna mér verð á nýjum, fullgerðum íbúðum í fjölbýlishúsum í Reykjavík af svipuðum stærðum og Breiðholtsíbúðirnar og byggðum á svipuðum tíma. Allar þessar íbúðir voru dýrari en Breiðholtsíbúðirnar, og mér er ekki kunnugt um eina einustu íbúð, sem var ódýrari. Hins er rétt að geta, að meiri hluti nýrra íbúða, er seldar voru á þessum tíma, voru ekki seldar fullgerðar, heldur tilbúnar undir tréverk og málningu. Seljendur þessara íbúða birtu stundum ótrúlega lágar kostnaðaráætlanir um það, hvað það kostaði að fullgera íbúðirnar og gátu með þeim hætti nálgazt Breiðholtsverðið. Um slíka útreikninga og áætlanir má lengi deila. Byggingarmeisturunum datt hins vegar aldrei í hug að bera saman verð á fullgerðri Breiðholtsíbúð og fokheldri íbúð í öðrum byggingum. Að þessu leyti er hv. alþm. Stefán Valgeirsson meisturunum snjallari. Láta mun nærri, að þegar íbúð er fokheld nú til dags, sé fram kominn u. þ. b. ¼ hluti af endanlegu kostnaðarverði hennar. Í þessu dæmi eru þó allt of margar óþekktar stærðir, til þess að unnt sé að gera nokkurn samanburð af viti, og skal ég ekki um það deila við Stefán Valgeirsson, hvort betri séu kaup í kú eða kálfi.

Annað dæmi nefnir þessi hv. þm. til samanburðar við Breiðholtsverðið. Hann kveðst hafa uppgötvað fjögurra herbergja íbúðir byggðar af einhverju byggingarsamvinnufélagi á sama tíma og Breiðholtsíbúðirnar og kosti þær innan við 900 þús. kr., en íbúðir í Breiðholtsframkvæmdunum af svipaðri stærð kosti 1132 þús. kr. Vissulega hefði hér verið unnið kraftaverk, ef byggðar hefðu verið á þessum tíma stórar fjögurra herbergja íbúðir fyrir tæpar 900 þús. kr. Má það furðu sæta, að slíku afreki hafi verið haldið leyndu fram að þessu. Hér eru þó ekki öll kurl komin til grafar. Hjá byggingarsamvinnufélögum er það svo, að endanlegt íbúðarverð liggur yfirleitt ekki fyrir, fyrr en nokkrum árum eftir að flutt er inn í íbúðirnar. Stundum er líka um að ræða mikil vinnuframlög félagsmanna, sem ekki eru reiknuð með íbúðarverðinu. Í þessu tilviki kemur það ekki berum orðum fram, hvort íbúðirnar séu fullgerðar eða ekki. Ekkert er heldur tilgreint um stærð þeirra í rúmmetrum eða fermetrum, en lakast er þó, að hvorki er skýrt frá því, hvaða byggingarsamvinnufélag hefur reist þessar íbúðir né hvar þær eru staðsettar. Að svo komnu er ógerlegt að kanna staðreynd-

ir um raunverulegan byggingarkostnað þessara leyniíbúða. Hitt veit ég, að verð það, sem hv. þm. gefur upp, er langt fyrir neðan verðlag á íbúðum hjá því byggingarsamvinnufélagi hér í borg, sem ég álít að hafi náð beztum árangri meðal byggingarsamvinnufélaga. Mér þykir því trúlegt, að hér sé ekki um að ræða neitt kraftaverk í byggingariðnaðinum, heldur miklu fremur skáldverk af hendi Stefáns Valgeirssonar.

Aðaltrompið á hendi þessa hv. þm., að því er varðar samanburð á íbúðaverði, er sú staðhæfing hans, að verð á rúmmetra í fjölbýlishúsunum í Breiðholti sé 3096 kr., og sé það 109 kr. hærra á rúmmetra en verð samkv. meðalbyggingarvísitölu á árunum 1967 og 1968. Þessir útreikningar eru ljóslega gerðir af sérfróðum undirhyggjumönnum, til þess ætlaðir að nota í blekkingarskyni í rógsherferðinni gegn Breiðholtsbyggingunum.

Til eru margar aðferðir til þess að reikna út rúmmetrafjölda íbúðarhúsnæðis. Aðalatriðið er vitaskuld, þegar samanburður er gerður við byggingarvísitöluna, að rúmmetrinn sé reiknaður á sama hátt og í vísitöluhúsinu. Það var einmitt þetta, sem framkvæmdanefnd gerði, en heimildarmenn Stefáns Valgeirssonar hafa látið ógert, og í því felst blekkingin af þeirra hálfu. Samkv. reglum byggingarvísitölunnar er hvert fjölbýlishús í Breiðholtsbyggingunum 18153 m³ og verðið á m³ er 2797 kr. Þar frá ber að draga vexti, sem ekki eru reiknaðir í byggingarvísitölunni, og verður þá rúmmetraverð 2710 kr., sem er 277 kr. lægra en byggingarvísitalan, en ekki 109 kr. hærra. Og ef nákvæmlega er út í þetta farið, þarf reyndar að taka tillit til fleiri atriða, sem raunverulega lækka þetta verð enn.

Enn eitt ádeiluefni er það, að í reikningum framkvæmdanefndarinnar komi fram 59 millj. kr. útgjöld, sem ekki séu nægilega ljós og hljóti allverulegur hluti þeirrar fjárhæðar að vera viðbótarkostnaður við Breiðholtsíbúðirnar, sem ekki komi fram í söluverði þeirra. U. þ. b. helmingur þessarar fjárhæðar er andvirði eigna, sem framkvæmdanefndin hefur keypt, svo sem krana, stálmóta, mötuneytisskála, birgðageymslu og kyndistöðvar. Hinn helmingurinn er að langmestu leyti kostnaður við tæknilegan undirbúning og hönnun 850 íbúða á efra svæðinu í Breiðholti, en þeim undirbúningi er nú lokið.

Það er eftirtektarvert, að þrátt fyrir erfiða afkomu manna tvö síðustu árin, hefur öllum þorra íbúðareigenda í Breiðholtinu tekizt að standa vel í skilum með greiðslur afborgana og vaxta, einkum eftir að 10% bráðabirgðalánunum var breytt úr 2 ára lánum í 6 ára lán. Það er fátítt, að íbúðir í Breiðholtinu séu seldar. Slíkt kemur helzt ekki fyrir nema af sérstökum ástæðum, svo sem vegna dauðsfalls, hjónaskilnaðar eða brottflutnings. En þegar íbúð losnar, er það fjöldi manns, sem sækir um kaup á henni til húsnæðismálastjórnar, svo að úthlutunarnefndin kemst í stökustu vandræði. Þessar staðreyndir benda vissulega ekki til þess, að íbúðareigendurnir í Breiðholtsbyggingunum séu hart leiknir, enda er fjarri lagi, að svo sé.

Í ræðu sinni benti hv. þm. Stefán Valgeirsson réttilega á það, að byggingarkostnaður hér á landi væri allmiklu hærri en á hinum Norðurlöndunum. Þetta stafar af tvennu: Við byggjum yfirleitt vandaðri og íburðarmeiri íbúðir en nágrannar okkar, og við stöndum þeim að baki í byggingartækni og skipulagi við byggingarframkvæmdir. Af þessum sökum leitaði framkvæmdanefnd byggingaráætlunar einmitt til Norðurlanda um leiðbeiningar og fyrirmyndir, þegar hún hóf undirbúning að byggingu 1250 íbúða í Breiðholtshverfinu, og aðalráðgjafi nefndarinnar var ráðinn þekktur danskur arkitekt, sem hafði mikla reynslu í því að skipuleggja og undirbúa stóra byggingaráfanga. Þessi ráðgjafi sagði nefndinni, að hér þyrfti að taka upp nýjar byggingaraðferðir eftir fyrirmyndum frá hinum Norðurlöndunum. Slík nýbreytni mundi að vísu kosta erfitt reynsluskeið og einhver vixlspor í fyrstu, en í það bæri ekki að horfa, því að nýja byggingartæknin mundi sanna gildi sitt, þegar fram liðu stundir. Þessum ráðum var hlítt, enda voru þau gefin af velvilja og mikilli þekkingu. Og vissulega kom þetta fram, sem hann sagði. Sérstaklega vil ég í því sambandi benda á, að þegar framkvæmdanefndin bauð út á s. l. sumri byggingu 180 íbúða í Breiðholtinu og gaf bjóðendum frjálst val um það, hvort þeir vildu nota byggingaraðferðir nefndarinnar, sem þá höfðu verið endurbættar að fenginni reynslu við fyrsta áfangann, eða nota heldur gömlu aðferðirnar, þá kom í ljós, að mun ódýrara var að byggja á grundvelli hinnar nýju tækni. Í fyrsta áfanga voru, eins og áður segir, reistar 6 blokkir með samtals 312 íbúðum. Þessar blokkir voru þriggja hæða og U-laga. Lögun blokkanna er óhentug fyrir hinar nýju byggingaraðferðir, en um aðrar byggingar var ekki að velja á þeim tíma. Lögun blokkanna gerði það líka óhjákvæmilegt að hafa margar stærðir af íbúðum, og þessir stærðarflokkar urðu alls 9 hjá framkvæmdanefndinni. Á efra svæðinu í Breiðholti, þar sem nefndin mun byggja 850 íbúðir í fjölbýlishúsum, þar af eru 180 nú þegar í byggingu, verða blokkirnar fjórar hæðir og allar beinar, og þar verða einungis byggðar íbúðir af þrem stærðarflokkum. Við þessar aðstæður mun nýja byggingartæknin njóta sín mun betur.

Það mun vera skoðun þeirra manna, sem bezt þekkja til, að almennt sé meira borið í íbúðir hér á landi en á hinum Norðurlöndunum. Ég minnist þess t. d., þegar norræni byggingardagurinn var haldinn hér á landi sumarið 1968, að margir erlendir fulltrúar komu og skoðuðu Breiðholtsíbúðirnar. Einn dönsku fulltrúanna sagði þá við mig: Hvað er að sjá þetta, tvö ljós í baðherberginu. Þetta er bruðl. Það var almennt álit þessara manna, að íbúðirnar væru of fínar og þar af leiðandi of miklu til þeirra kostað. Svipað var álit amerísks prófessors í þjóðfélagsfræði, er hafði kynnt sér

húsnæðisvandamál víða um lönd. Hann skoðaði íbúðirnar og spurði: Ef þetta er byggt fyrir láglaunafólkið, í hvernig íbúðum býr þá hitt fólkið? Þessi sjónarmið útlendinganna tel ég rétt að komi hér fram, þó að ég sé þeim sjálfur ekki alls kostar samþykkur.

Einn er sá þáttur Breiðholtsáætlunarinnar, sem gagnrýnendur hennar hafa yfirleitt ekki fundið að, þótt ástæða væri til. En það er, hvers vegna framkvæmdirnar séu svona langt á eftir áætlun. Þetta aðfinnsluleysi finnst mér benda til þess, að gagnrýnin komi fyrst og fremst frá mönnum, sem hafa verið á móti áætluninni frá upphafi og látið sér jafnvel vel líka, hversu hægt gangi. Í yfirlýsingu ríkisstj. um húsnæðismál, útgefinni 9. júlí 1965, þar sem byggingaráætlunin var ákvörðuð og tilkynnt, var það boðað, að byggja skyldi 250 íbúðir á ári hverju á árunum 1966—1970 að báðum meðtöldum, eða alls 1250 íbúðir. Þessi áætlun var gerð í skyndingu og lítill tími til athugunar. Ég hef því fremur litið á hana sem stefnumark en nákvæm fyrirmæli. Þrjár ástæður eru þess fyrst og fremst valdandi, að það var gersamlega útilokað að standa við þessi tímamörk.

Framkvæmdanefndinni bar í fyrsta lagi að taka upp nýja byggingartækni, en athugun og undirbúningur að vali nýrrar byggingaraðferðar tekur óhjákvæmilega langan tíma og gerir *nauðsynlega byggingu tilraunaáfanga, eins og* gert var. Af þessum ástæðum einum var því ekki unnt að standa við tímaáætlunina, þótt annað hefði ekki komið til.

Í öðru lagi var útilokað, að Reykjavíkurborg gæti lagt fram lóðir undir 250 íbúðir á ári hverju á árunum 1965—1969, þótt forráðamenn borgarinnar væru allir af vilja gerðir. Í þessu sambandi vil ég taka fram, að samstarf framkvæmdanefndarinnar og Reykjavíkurborgar hefur verið mjög gott, þegar á heildina er litið, og borgin hefur veitt nefndinni alveg sérstaklega góða fyrirgreiðslu á efra svæðinu í Breiðholti.

Í þriðja lagi er fjármagnsskortur ástæða fyrir drættinum. Hans gætti að vísu ekki við fyrsta byggingaráfangann, en núverandi áfangi, 180 íbúðir, gæti verið miklu stærri, ef nægir peningar væru fyrir hendi.

Ég er þeirrar skoðunar, að framkvæmdanefnd byggingaráætlunar eigi að búa við gagnrýni eins og aðrar opinberar stofnanir og aðrir, sem að byggingarframkvæmdum standa. En því miður hefur lítið verið um jákvæða, leiðbeinandi gagnrýni á byggingarframkvæmdunum í Breiðholti. Gagnrýnin hefur mestmegnis verið ýkjur, rangfærslur og níð, og er mál að því linni.

Á þessu stigi málsins verður enginn lokadómur kveðinn upp um árangurinn af störfum framkvæmdanefndarinnar. Það verður í fyrsta lagi gert, þegar hún hefur lokið verkefni sínu. En sú stefna nefndarinnar var tvímælalaust rétt að mínu viti að hika ekki við að reyna ýmsar nýjungar í fyrstu til þess að reyna að tryggja sem beztan lokaárangur. Ég held, að heilbrigð þróun í byggingariðnaði okkar og lækkandi útgjöld manna til húsnæðiskaupa verði bezt tryggð með því móti að veita öllum þeim aðilum, er við byggingarstarfsemi fást, svo sem byggingarmeisturum, byggingarfyrirtækjum, byggingarsamvinnufélögum og opinberum byggingarstofnunum, góða aðstöðu til þess að sýna, hvers þeir eru megnugir. Milli þessara aðila má gjarnan ríkja heilbrigð samkeppni, en jafnframt samvinna og vilji til þess að læra hver af öðrum. Jafnframt verður að tryggja, að almenningur eigi aðgang að öruggum upplýsingum og fræðslu um byggingarmál, svo að menn geti ekki með skefjalausum áróðri ruglað almenning í ríminu og snúið öllum staðreyndum við. Sitthvað fleira mætti nefna, og vil ég þar sérstaklega benda á nauðsyn þess að endurskoða uppmælingartaxta byggingariðnaðarmanna undir opinberu eftirliti.

Nú hefur komið fram krafa um að stöðva Breiðholtsframkvæmdirnar. Þetta er í raun réttri krafa um að svíkja láglaunafólkið og rjúfa samninga við verkalýðshreyfinguna. Þetta er krafa um að hafa rógburðinn að leiðarljósi í byggingarmálum okkar. En síðast en ekki síst er þetta krafa um að stöðva þá byggingarstarfsemi í landinu, sem líklegust er til að leggja nýjan tæknigrundvöll að byggingariðnaði okkar og tryggja landsmönnum hagkvæmara íbúðaverð. Af þessum sökum ber að hafna þessari kröfu.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Það lítur út fyrir, að hv. 3. landsk. þm., Jóni Þorsteinssyni, hafi orðið illa við, þegar farið var að ræða þessi mál á hv. Alþingi. Ræða hans bar þess merki og ekki síður yfirlýsing hans í Alþýðublaðinu, annaðhvort í gær eða í dag.

Eins og hv. þm. er kunnugt, var þessi ræða mín flutt hér, þar sem ég hafði framsögu í sambandi við þál., sem við fluttum nokkrir þm. Framsfl. Þessi þál. er þess efnis, að Alþ. kjósi sjö manna nefnd til þess að athuga og rannsaka, hvað sé rétt og satt í þessum málum. Það kom ekki fram í ræðu hv. þm. Jóns Þorsteinssonar, hvort hann legðist gegn þessari till., en þó var andinn í ræðu hans þannig, að hún væri algjörlega óþörf. Ég er á allt annarri skoðun, og ég vona, að meiri hl. hv. þm. sé á annarri skoðun. Ég held, — enda viðurkenndi hv. þm. það, — að byggingarkostnaðurinn hér sé meiri en t. d. á Norðurlöndum. Hann viðurkennir það, en hins vegar vildi hann meina, að við bærum meira í húsnæðið. Ég skal ekkert um það segja, ég hef aldrei komið til annarra landa, og þess vegna get ég ekki um það dæmt. En þeir, sem hafa verið þar, a. m. k. sums staðar, telja, að t. d. í Svíþjóð séu víða byggðar sambærilegar íbúðir og enn fremur í Finnlandi. Þetta er sögusögn annarra, og það er bezt, að það rétta komi fram, og það væri gaman, að þetta væri athugað af fróðum mönnum.

Alþýðublaðið sagði, að ég hefði verið hér með illmælgi o. s. frv., en ég verð að minna á og benda á það sérstaklega, að hv. þm. Jón

Þorsteinsson taldi upp marga af þessum göllum, sem ég benti á, og viðurkenndi þá. Hann sagði að vísu, að ég hefði ýkt sumt af þessu. En hann gat ekki um annað, t. d. í sambandi við innréttingarnar. En það vill svo vel til, að ég hafði með mér þrautreyndan og þekktan byggingarmeistara, sem ég kæri mig ekki um að nefna hér, en get aðstoðað nefndina, ef hún vill skoða íbúðirnar, sem ég skoðaði, sýnt henni og talað við það fólk, sem hefur byggt þessar íbúðir. Hann sagði t. d., þessi byggingarmeistari, og það hafa viðurkennt fleiri menn, sem eru byggingarfróðir, að innréttingarnar væru þannig, að það væri alls engin fagvinna á þeim mörgum hverjum. Ég get alveg sagt ykkur, að t. d. á skápshurðum var sjónarmunur. Það var eins og þetta hefði allt sigið og brenglazt. Þetta eru íbúðir, sem búið er að búa í eitt ár. Hvar sést þetta? Það þarf að lyfta upp sumum hurðunum til þess að geta lokað þeim, og mörg af þeim gólfum, sem ég skoðaði, voru þannig, að ég mundi ekki telja annað, og byggingarmeistarinn gerði það ekki heldur, — það má meira marka það en mína dómgreind, — en að það yrði að taka þessi gólf alveg upp. En hv. þm. sagði, að það ætti að bæta úr þessum göllum. Þegar ég skoðaði þessar íbúðir fyrir jólin, vissu a. m. k. engir af eigendunum um það, að til stæði að bæta úr þessum göllum. En það er vel, ef þessi þáltill. og blaðaskrif og annað hafa orðið til þess, að þetta verði gert, því að sannarlega eru þessar íbúðir nógu dýrar til þess, að þeim sé skilað í sómasamlegu ástandi.

Eitt af því, sem hv. þm. Jón Þorsteinsson gat um, að hefði komið fram í ræðu minni, var, í hvaða ástandi þessar íbúðir hefðu verið, sem ég vitnaði til. Ég tók það fram, að þær væru frágengnar og m. a. s. lóðin. (**Gripið fram í:** Í hvaða húsi eru þær?) Ég fór svo víða. (**Gripið fram í:** Hvaða byggingarsamvinnufélag byggði þær?) Það voru bæði byggingarsamvinnufélög og einnig hópar af fólki. (**Gripið fram í:** Já, ég vil gjarnan fá húsnúmerin, ef það væri hægt.) Þú skalt fá þau. (**Gripið fram í:** Já, þakka þér fyrir.) Ég hef það ekki hér hjá mér á blöðum, en þetta voru t. d. byggingarfélag bankamanna og ýmis slík félög. Hann sagði, að ég hefði ekkert minnzt á, hvaða stærð væri á þessum íbúðum. Ég sagði, að hún væri svipuð eða sú sama, ég mældi það ekki upp, en hún var um 90 fermetrar, eins og er á fjögurra herbergja íbúðunum, sem kosta 1132 þús. kr. (**Gripið fram í:** Þær eru ekki 90 fm.) En það er allt í lagi með það. Fyrst við komum okkur ekki saman um þetta, þá vona ég og skora á hv. þm. að standa að því, að þessi þál. verði samþykkt og fengnir til menn, sem skoði þetta allt niður í kjölinn og byggingarkostnað í landinu. Það er ekki annað, sem við förum fram á.

Ef við tökum t. d. útbúnaðinn á geymslunum, hef ég aldrei séð annað eins nokkurn tíma. Þar getur ekkert verið til friðs, vegna þess að í því efni, sem skilrúmin eru byggð úr, er ekki hægt að koma fyrir læsingu eða neinu. Það er hægt að taka þetta frá hjörunum, jafnvel með nöglum, og ganga inn um þetta.

Hv. þm. sagði, að við hefðum skoðað örfáar íbúðir. Ég skoðaði það margar, að ég var orðinn uppgefinn, ég taldi þær ekki. Og sums staðar sagði fólkið: Þetta eru nú bara beztu íbúðirnar, sem eru í þessum blokkum. En gallarnir voru þó æðimargir á þessum góðu íbúðum. Ég gat ekki um það heldur, að ég kom t. d. inn í svefnherbergi, þar sem var skápur á milli klósettsins og svefnherbergisins og sást í gegn. Ég hef hvergi komið í íbúðir með svona fyrirkomulagi, aldrei á ævi minni. Og það væri hægt að telja upp hér þangað til kl. 5 ýmis smáatriði, sem koma raunar ekki málinu við, því að það er ekki það, sem verið er að deila um, heldur hitt, hvort þessar íbúðir í heild séu forsvaranlegar og hvort þær séu með svipuðu verði og byggingar, sem eru byggðar af öðrum.

Eitt af því, sem hv. þm. sagði, var um blaðamenn Vísis, að þeir hefðu komið þarna upp eftir og talað við fólk. Ég er nú á því, að þessi ferð blaðamanna Vísis hafi verið út af því, að einn af formönnum húsfélags þarna skrifaði Húsnæðismálastofnuninni bréf og kvartaði mjög yfir ýmsum frágangi á þessum byggingum. Ég held, að það hafi verið fyrst og fremst vegna þessa bréfs, sem Vísir fór á stúfana. Hann hefur kannske líka átt viðtal þarna við fólkið.

En mér er tjáð, að það sé fyrst og fremst þetta bréf, sem sjálft fólkið skrifaði eða aðili í umboði þess, sem varð kveikjan að Vísisfréttinni. Það væri ákaflega ánægjulegt, ef fyrrv. formaður framkvæmdanefndar hefði þetta bréf og vildi lofa hv. Alþ. að heyra það. Ég er ekki viss um, að þar sé minna sagt en það, sem ég hef sagt eða aðrir um þessar byggingar.

Á eitt verður að líta í þessu sambandi, þegar verið er að tala um byggingarkostnaðinn. Og það er, að það er dálitið önnur aðstaða, sem samvinnubyggingarfélögin hafa haft og aðrir, sem byggja. Það er fjármagnsskorturinn, sem flestir verða við að búa, en er ekki til að dreifa í sambandi við þessar byggingar, því að ég veit ekki betur en þeir hafi getað fengið peninga hjá Húsnæðismálastofnuninni jafnóðum og þeir þurftu. Þetta er stórt atriði í málinu, sem hefði átt að lækka byggingarkostnað til stórra muna. Og ef svo er sem ég hef grun um, að þessar íbúðir séu langtum dýrari en aðrar byggingar byggðar á sama tíma, þá þarf að taka þetta með í reikninginn, þegar þetta er athugað. Sannleikurinn er sá, að önnur byggingarstarfsemi hefur dregizt saman, vegna þess að þessar byggingar sátu fyrir fjármagninu. Þær fengu fyrst allt, sem þær þurftu eða notuðu, og síðan var hinu deilt á milli húsbyggjenda í landinu.

Hv. þm. sagði, að þessir stigar þarna, sem ég sá og virtust í lausu lofti, — það væri þannig, að annað bæri þá uppi, þeir væru í raun og veru ekkert tengdir veggnum. Það getur vel verið. En byggingarmeistarinn, sem var með

mér þarna, sagðist aldrei hafa séð neitt því líkt nokkurs staðar. Hv. þm. sagði, að þessar íbúðir væru U-laga og þeir hefðu fengið danskan arkitekt sem nokkurs konar ráðunaut, þegar þetta fór af stað. Hvers vegna fóru þeir ekki eftir ráðleggingum arkitektsins? Ráðlagði arkitektinn að byggja þessar U-íbúðir? Ég hef það eftir áreiðanlegum heimildum, að enginn muni hafa ráðlagt slíkar byggingar. Það hefur verið fullyrt við mig, að það tíðkist ekki, t. d. á Norðurlöndum, að tengja saman hornin, sem er sennilega ein orsök þessara miklu galla á íbúðunum í Breiðholti og hefur áreiðanlega aukið byggingarkostnaðinn mjög mikið, eftir því sem fróðir menn tjá mér. En aðrir segja, að þetta muni vera til. Ef enginn ráðleggur slíkar byggingar, hvers vegna var þetta þá gert?

Annars er það ekki mín meining, að það sé eitthvert sérstakt byggingarform, sem við eigum að hafa. Ég hef sjálfur verið við að byggja margar byggingar í samvinnufélagi, og ég hef reynslu fyrir því, að á þeim tíma, sem það var gert, kom það langtum betur út en aðrar byggingar byggðar á sama tíma. En það var ekki vegna þess, að ekki væri reiknuð öll vinnan, og ég veit ekki, hvernig það gæti verið, eins og hv. þm. sagði hér áðan, að það kæmi ekki í ljós fyrr en eftir mörg ár, hver byggingarkostnaðurinn í samvinnubyggingunum raunverulega er. Það þekki ég ekki. Ég hélt, að það væri í þeim byggingum eins og öðrum, að byggingarkostnaður væri gerður upp jafnóðum og menn vissu alltaf, hver kostnaðurinn væri á því stigi, sem húsið eða byggingin stæði.

Hins vegar hefur ekki verið upplýst, og var ekki gert í þessari ræðu, sem hv. þm. flutti hér áðan, hver væri raunverulegur byggingarkostnaður Breiðholtsíbúðanna. Það hefur ekki komið fram nein skrá yfir það, hvað það sé í raun og veru, sem framkvæmdanefndin á í tækjum og öðrum eignum, hve mikið sé búið að afskrifa og hver sé í raun og veru munurinn á söluverðinu og því, sem eftir stendur. En kunnugir efa, að það geti verið nálægt því 50 millj., eins og virðist þarna vera. En þetta eru allt saman aukaatriði, ef hv. þm. vill standa að því í sínum flokki að samþykkja þessa till. og láta fara fram réttlátt mat bæði á þessum og öðrum byggingum hér í Reykjavík og annars staðar, og ef við erum sammála um það, að þeir aðilar, sem byggja ódýrast, — hvort sem það eru Breiðholtsbyggingarnar eða aðrar, — eigi að sitja fyrir fjármagninu, enda hlýtur það að vera sú krafa, sem þjóðin gerir til þeirra, sem ráða þessu máli.

Hv. þm. sagði áðan, að menn hefðu staðið í skilum þarna, flestir borgað rentur og afborganir. Mér er ekki kunnugt um það, en ég hefði viljað spyrja hv. þm. að því, hvort búið væri að þinglýsa kaupunum á íbúðunum. Það eru ekki margir dagar síðan mér var tjáð, að það væri ekki búið. Mér kæmi ekki á óvart, — ef það er meining hæstv. ríkisstj. og framkvæmdanefndarinnar, að þessir húsbyggjendur borgi þau gjöld, sem krafizt er, en t. d. þeir, sem byggja í samvinnubyggingarfélögunum, þurfa ekki að borga, — þótt erfitt yrði fyrir þá að greiða þau gjöld, enda er greiðslan þá ekki 1132 þús., heldur næstum því 1160 þús. Eitt af því, sem við skulum hafa í huga, er, að fyrir þetta fólk þarf auðvitað að gera allt, sem hægt er. Þegar samið var um þessar byggingar, var stefnt að því og samið um það, að þeir, sem væru með lægstu tekjurnar, verstu aðstöðuna, fengju þessar íbúðir, en ég get ekki betur séð, þegar gengið er frá þessum kaupum, en að ætlazt sé til þess, að þeir, sem hafa keypt þær, séu allir hátekjumenn, ef þeir eiga að geta staðið undir þessum kostnaði. Og má mikið vera, ef það kemur ekki fram á næsta ári, að þetta fólk getur engan veginn staðið undir þessum greiðslum. Það má mikið vera. Ég skil ekki, hvernig það á að geta það. Þetta ætti hv. þm. og aðrir, sem bera ábyrgð á þessu, að hugleiða. Ég er það minnugur, að ég man eftir því, þegar farið var af stað með þessar byggingar. Þá var það sagt og því lofað, að þetta yrðu ódýrustu byggingarnar, það væri verið að lækka mikið byggingarkostnaðinn. Ég get ekki séð, að það hafi komið fram, heldur hið gagnstæða. Og ég veit ekki, hvort það er í raun og veru verjandi — ég verð að segja verjandi — að semja um það, eins og gert var á þeim tíma, þegar júnísamkomulagið var gert, — að semja um það í raun og veru að gefa eftir af kaupkröfum til þess að láta byggja svona byggingar. Eðlilegra væri að mæta kröfum þessa fátæka fólks öðruvísi en að verið væri að verzla með það í kaupgjaldssamningum.

Það er náttúrlega ýmislegt, sem hægt væri að segja um þetta, en ég geri ráð fyrir því, að ég og vinur minn, Jón Þorsteinsson, hv. 3. landsk., getum ekkert síður talað um þetta í blöðunum en hér á hv. Alþ., og ég sé ekki ástæðu til að ræða þetta frekar á þessum vettvangi. En ég vil endurtaka þá áskorun mína, að hann standi að því að samþykkja þessa till., því að geri hann það ekki, tel ég, að ekki sé hægt að skilja annað en hann sé eitthvað hræddur við að láta athuga þessa byggingarstarfsemi.

Jón Þorsteinsson: Herra forseti. Ég vona, að hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi ekki misskilið mig. Ég vildi ekki gera hér sérstaklega að umtalsefni, ekki berum orðum, till. hans um að kjósa nefnd til að rannsaka byggingarkostnaðinn, þar sem hún var ekki á dagskrá. Ég var fyrst og fremst að svara árásinni á Breiðholtsíbúðirnar. Hins vegar var ég að benda á, að horfur væru á, að úr þessum málum væri að rætast, því að það færu að liggja fyrir hjá Húsnæðismálastofnuninni glöggar upplýsingar um raunverulegan byggingarkostnað, þannig að svona deilur þyrftu síður að rísa í framtíðinni. En að því er sérstaklega varðar þær deilur, skulum við segja, um þennan 1. byggingaráfanga í Breiðholti og aðrar íbúðir í Reykjavík og nágrenni og jafnvel annars stað-

ar á landinu, sem byggðar hafa verið síðustu 2—3 árin, þá er ég eindregið samþykkur því, að þetta verði rannsakað, því að vissulega mun málstaður Breiðholtsmanna batna því meira og betur, sem þetta mál verður krufið til mergjar og rannsakað ofan í kjölinn. Þess vegna er ég algerlega samþykkur því. Hitt er annað mál, að ég er ekki viss um, að þingkjörin nefnd sé rétti aðilinn til þess. Ég mundi frekar álíta, að húsnæðismálastjórn eða Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins, einhver stofnun, sem hefði yfir að ráða tæknimönnum á þessu sviði, — ég teldi það æskilegra, en það er kannske minni háttar atriði. Hinu er ég alveg sammála, að þetta má mjög gjarnan rannsaka og það væri æskilegt.

Hv. þm. gerði líka nokkuð að umræðuefni afborganir af þessum íbúðum og erfiðleika fólksins með að standa í skilum. En það gefur auðvitað auga leið, að þegar farið er að lána fólki 90% af byggingarkostnaði, verður auðvitað baggi afborgana og vaxta ærið þungur. Það er óhjákvæmilegt, jafnvel þó að lánað sé til langs tíma og með hagstæðum vaxtakjörum. En af því, sem hv. þm. sagði í ræðu sinni á fimmtudaginn var, þá sýnist mér, að hann hafi verið samt sem áður allt of svartsýnn, því að hann var t. d. þar að áætla meðaltekjur manna, sem voru langt undir því, sem Hagstofan hefur gefið upp sem meðaltekjur verkamanna. Auk þess eru ekki allir verkamenn í Breiðholtsbyggingunum. Það eru skrifstofumenn, verzlunarmenn og iðnaðarmenn jafnvel, þannig að sumt af þessu fólki hefur allgóðar tekjur.

Þinglýsingu á kaupunum hafði framkvæmdanefndin ekki með að gera, og ég er því ekki vel kunnugur, en það er vissulega mjög ósanngjarnt að bera saman verð á Breiðholtsíbúðunum og hjá byggingarsamvinnufélögunum, enda var hv. þm. kannske ekki að meina það sem slíkt, aðeins að bera saman, ef annar aðilinn þarf að borga stimpilgjöld, en hinn er laus við það. Það kemur raunverulega ekki sjálfum byggingarkostnaðinum við. Það eru sérstakar kvaðir, sem hið opinbera setur á annan aðilann, en ekki hinn, en þarna ættu auðvitað báðir að sitja við sama borð.

Hv. þm. sagði, að þegar hann hefði komið í þessa frægu heimsókn sína fyrir jólin, þá hefði fólkið ekki haft neina vissu um það, að bætt yrði úr þessum göllum. Þetta tel ég naumast geta staðizt, því að það er 2. des., sem samkomulag milli framkvæmdanefndarinnar og húsfélaganna í Breiðholti um þessi mál er undirritað, auk þess sem það hafði auðvitað nokkurn aðdraganda, en ég er ekki að efa það, að hv. þm. segi rétt frá þessu. Hins vegar hygg ég, að þær upplýsingar, sem hann fékk í þessari för, hafi ekki allar verið traustar og sumu leynt fyrir honum, sem hann hefði átt að fá að vita. Og mér finnst í raun og veru afar undarlegt að draga einhvern byggingarmeistara utan úr bæ sem leiðsögumann í þessar íbúðir. Hvernig stendur á þessu vali? Hafa byggingarmeistarar í Reykjavík tekið upp einhverja þjónustu við að leiðbeina mönnum og sýna þeim gallaðar íbúðir í Breiðholti og fræða þá um ýmsa hluti í sambandi við þetta? Þetta væri ákaflega fróðlegt að fá að vita. En að kynna sér þetta ekki þannig að fá t. d. að ræða við framleiðendur; segja bara: Það er ekki fagvinna á skápunum; tala ekki við fyrirtækið, sem smíðaði skápana og setti þá upp, fá skýringar eða spyrja; það finnst mér ekki rétt að farið og ekki þannig, að menn vilji fá öruggar upplýsingar um hlutina. Mér fannst líka ákaflega undarlegt, hvað hv. þm. vissi mikið um stöðu Vísis í þessum málum, — af hvaða ástæðum Vísismenn höfðu skrifað sínar greinar. Það er svo sem hægt að segja það hér, sem sýnir bara eitt dæmið um, hvernig um þessar Breiðholtsíbúðir hefur oft og tíðum verið skrifað. Þá voru byggingarnar ekki búnar. Þær voru langt komnar. Það var búið að setja upp 150 eldhúsinnréttingar í Breiðholtinu, og fólk var flutt inn í 150 íbúðir, u. þ. b. helminginn. Það voru ung hjón þarna í einni íbúð. Þau voru nýgift, og þau höfðu fengið ákaflega mikið af stellum og glertaui í brúðargjöf. Þau hrúguðu þessu öllu inn í eldhússkápinn, hann var alveg fullur og sett miklu meira í hann en eðlilegt var, að hann gæti borið. Það bilaði ein festing í þessum skáp og skápurinn skekktist á þilinu.

Sem betur fer voru nú smiðir þarna að vinna, og það var gert við þetta strax. (Gripið fram í.) Lofaðu mér að klára söguna. Smiðirnir gerðu við þetta innan hálftíma. Þegar þeir voru að enda við þetta, var kominn blaðamaður frá Vísi. Hann var ákaflega óánægður, þegar hann sá, að skápurinn var kominn upp á vegginn og að allt var í lagi, svo að hann tók það til bragðs, að hann gekk í íbúðirnar, og hann fékk lánaðar bækur þarna í stigahúsinu og raðaði þeim undir skápinn og tók svo mynd af öllu saman og sagði: Svona er komið fyrir eldhúsinnréttingunum. En hann gætti þess þó ekki, að bókahlaðinn náði reyndar ekki alveg upp undir skápinn. Það sást á myndinni, þegar hún var athuguð vel. Svo kom fyrirsögn í Vísi: „Eldhúsinnréttingarnar í Breiðholti eru að hrynja“. Maður er raunar orðinn vanur þessu, en maður var að rifast við þá á Vísi, en það þýddi ekkert að biðja þá að birta aths. frá nefndinni, þeir stungu því öllu undir stól. Sama gerði t. d. Frjáls verzlun, sem skrifaði róggrein um íbúðirnar, þannig að maður svaraði þessu ekki. En sá verktaki, sem smíðaði og setti upp eldhúsinnréttingarnar, var ekki ánægður með þetta. Hann fór til ritstjóra Vísis og hótaði að stefna þeim, ef þeir tækju það ekki til baka. Og þá báðust þeir afsökunar, en að vísu var það á ákaflega lítið áberandi stað í blaðinu, en þeir gerðu það nú samt. Þessir blaðamenn frá Vísi, sem ég var að vitna í áðan, þeir eru náttúrlega búnir að fara ótal ferðir upp eftir. Ef niðurfall stíflast, þá eru komnir blaðamenn frá Vísi og „allt á floti í Breiðholtinu“. Þetta var stuttu eftir að fyrstu íbúðirnar voru teknar í notkun eða fyrsta blokkin, — ég held, að það hafi ekki einu sinni verið búið að stofna húsfélag, en hins vegar virðist þessi hv. þm. kunnugur bréfaskriftum

húsfélaganna til framkvæmdanefndarinnar og kannske samböndum Vísis í Breiðholtinu. Kannske er þetta einhver tangarsókn. Annars vegar á Vísir að sjá um þetta á blaðavettvanginum, og þessi hv. þm. á svo að sjá um þetta hér á Alþ., sinn hlut.

Hv. þm. spurði, hvort þessi danski arkitekt hefði ráðlagt þessar U-blokkir og hver bæri ábyrgð á því, að í þær hefði verið ráðizt. Ég held, að hann hafi eitthvað misskilið það, sem ég sagði um þetta efni. Þegar nefndin hóf byggingarframkvæmdir eða hóf undirbúning réttara sagt, þá var ekki hægt að fá neinar aðrar blokkir í Reykjavík, það voru ekki tilbúnar neinar aðrar lóðir, en reyndar var skipulagið komið. Að vísu fékkst því breytt, blokkirnar áttu ekki einu sinni að vera U-laga, þær áttu sumar að vera alveg lokaðar og tveggja hæða. Því fékkst nú breytt. Það var ekki eingöngu verk framkvæmdanefndarinnar heldur einnig annarra byggingaraðila að gera þær þriggja hæða og þeir höfðu þær líka U-laga, það var þó skárra. En engu að síður eru þessar blokkir óheppilegar fyrir nýjar byggingaraðferðir. Þær eru mun óheppilegri fyrir nýjar aðferðir en þær gömlu, þó að þær séu óheppilegar fyrir hvort tveggja. Það var þess vegna ekki um neitt annað að velja. Nefndin varð að gera þetta upp við sig: eigum við að gera þá nauðsynlegu tilraun þarna, sem við þurfum að gera til þess að komast á sporið með þessar nýju aðferðir undir svona að ýmsu leyti erfiðu kringumstæðum? Og framkvæmdanefndin tók þá ákvörðun að gera þetta, og ég segi það enn í dag, að sú ákvörðun var rétt. Hv. þm. getur alveg treyst því, að sú yfirlýsing, sem gefin var, þegar byggingarkostnaðurinn var tilkynntum og reiknaður, er rétt, og þó að ég hafi ekki undir höndum reikninga yfir þessar Breiðholtsframkvæmdir, — ekki eftir að ég hætti þar formennsku, — þá er auðvitað alveg ljóst, að mjög miklu hefur verið kostað þar til í tækjum og eignum, og það kostar mikið að hafa fjölda af fagmönnum og verkfræðingum í sinni þjónustu til þess að undirbúa, teikna og skipuleggja 850 íbúða hverfi á efra svæðinu í Breiðholti, sem þegar er búið, þannig að segja má, að nú sé allri hönnun og undirbúningi lokið. Nú sé bara eftir að fá peningana, bjóða út og byggja. Það er það, sem eftir er, og það er að vísu allt of mikið eftir, því miður.

Ég vil svo að lokum undirstrika, að um það skilur ekkert á milli mín og hv. þm., að ég vil mjög gjarnan, að byggingarkostnaður sé rannsakaður, ekki bara byggingarkostnaður þeirra íbúða, sem nú er verið að hefjast handa um og síðar verða byggðar, heldur einnig byggingarkostnaður þeirra íbúða, sem deilt hefur verið um síðustu árin, þó að því miður verði að játa, að það er í mörgum tilfellum nokkuð erfitt, vegna þess að menn selja íbúðir á mismunandi byggingarstigum. Oft má della um það, hvað það kostar að klára þessar íbúðir. Um hitt erum við líka sammála, hann sagði það líka í sinni fyrstu ræðu, að fyrst og fremst eigi að komast að raun um það, hver stendur sig bezt og undir hann á að lyfta. Hitt er svo annað mál, og það má mönnum ekki yfirsjást í þessu sambandi, að íslenzkur byggingariðnaður var orðinn á eftir, og einhver aðili þurfti að koma fram til þess að reyna að koma með nýjar byggingaraðferðir. Þetta kostar mikið, og þetta var kannske það umfangsmikið og stórt í sniðum, að e. t. v. var ekki hægt að ætlast til þess, að einstakur byggingarmeistari eða einstök byggingarfélög reyndu hér róttækar og nýjar byggingaraðferðir. Til þess var áhættan fyrir svona smáaðila allt of mikil. Það varð að vera á vegum hins opinbera, og það var m. a. það, sem gert var með Breiðholtsáætluninni, fyrir utan það félagslega átak, að byggja þarna íbúðir með sérstaklega góðum kjörum fyrir tiltekinn hóp fólks, og mér finnst það mjög ósanngjarnt, þegar þessi hv. þm. er að saka verkalýðshreyfinguna um að hafa eiginlega gefið eftir af kaupi. Ég veit ekki til þess, að verkamenn eða aðrir hér í Reykjavík hafi lægra kaup en annars staðar úti á landi, enda er eðlilegt, að kaup sé alls staðar hið sama. Þessi háttur var tekinn upp á vinstristjórnarárunum og þá stjórn studdi þessi hv. þm. dyggilega, og ég er ekkert að álasa henni fyrir þetta. Það skilyrði var sett sem einn þáttur í lausn kjaraágreinings að leggja fram svo og svo mikla peninga til húsbygginga, og er vissulega ekkert út á það að setja. Slíkir samningar eru iðulega gerðir, og hefur slíkt reyndar oftar verið gert heldur en í þessu tilfelli, það hefur líka verið gert, þegar Framsfl. hefur verið í ríkisstj., þannig að mér finnst mjög óviðfelldið að segja sem svo, að með þessu móti hafi reykvískur verkalýður eiginlega fórnað einhverju af kaupi sínu til þess að geta fengið íbúðir með hagkvæmum kjörum.

Eðvarð Sigurðsson: Herra forseti. Það var ein fullyrðing hjá hv. þm. Stefáni Valgeirssyni, sem kom mér til þess að fara í stólinn. Hún var sú, að verkalýðsfélögin hefðu gefið eftir af kaupkröfum sínum, til þess að þessar íbúðir yrðu byggðar. Og hann sagði: Við höfum gert það með júnísamkomulaginu. Það er tvennt rangt í þessu. Það var fyrst og fremst ekki samið um þessar íbúðir, þegar júnísamkomulagið var gert, og í öðru lagi er það engan veginn rétt, að verkalýðshreyfingin hafi gefið eftir af sínum kaupkröfum til þess að ná þessum samningum. Það er vitanlegt, að það eru fleiri mál en aðeins kaupið eitt, sem varða verkalýðshreyfinguna í samningum og utan samninga. Hana hlýtur líka að varða það, hvernig afkoma fólks er á ýmsan hátt og þá ekki sízt í húsnæðismálum. Það var vitanlegt og er búið að vera það lengi í þessum bæ, að afkoma hinna lægstlaunuðu í þessum efnum var ákaflega slæm. Þróunin hefur orðið sú, að það eru yfirleitt eignaríbúðir, sem menn búa í. Það er lítið byggt af leiguíbúðum. Því urðu allir að strekkja við það að eignast eigin íbúðir. Þetta er mál út af fyrir sig, að þessi þróun skuli hafa orðið. Hvort hún er heppileg eða

ekki heppileg, má áreiðanlega um deila. En þannig stóðu mál.

Hvert leituðu menn svo til þess að fá lán til íbúðabygginga? Það var fyrst og fremst húsnæðismálakerfið, sem átti að standa undir því. Í öðru lagi höfðu menn gjarnan lífeyrissjóði að bakhjarli til þess að geta fengið lán til íbúðabygginga. Fólk, sem vinnur fyrir því lága kaupi, sem almennt er hjá verkamönnum ófaglærðum, hafði ekki bolmagn til þess að eignast íbúð með þeim lánakjörum, sem fyrir hendi voru. Þess vegna voru samningarnir 1965 um þessar sérstöku byggingarframkvæmdir gerðir. Menn horfa gjarnan miklum öfundaraugum til þess, að óeðlilega mikið fjármagn hafi farið til þessara bygginga og jafnvel verið tekið frá öðrum. Ég vil í þessu sambandi minna á það, að um æðilangan tíma hefur drjúgur hluti af því fé, sem atvinnuleysistryggingasjóður hefur yfir að ráða, farið til húsnæðismálakerfisins. Ég segi, að stærsti hlutinn af fé atvinnuleysistryggingasjóðs er kominn frá þessu láglaunafólki, sem ekki hafði möguleika til að fá lán úr húsnæðismálakerfinu, vegna þess að það dugði ekki til. Sem dæmi vil ég nefna, að lengst af hefur ⅛ hluti af árlegum iðgjöldum til atvinnuleysistryggingasjóðs, 20%, komið frá verkamönnum í Dagsbrún vegna þeirra vinnu. Þau lán, sem húsnæðislánakerfið hefur fengið á þennan hátt, nema núna um 100 millj. kr. á ári og hafa, fram að því að þessar byggingarframkvæmdir hófust, að langmestu leyti farið til manna, sem höfðu allt aðra og betri aðstöðu í lífinu en þetta fólk og höfðu til viðbótar húsnæðismálalánunum einmitt lífeyrissjóðslánin og ýmsa aðra aðstöðu, bæði í tekjum og lánamöguleikum, langt fram yfir þetta fólk. Þessi samningur 1965, um íbúðabyggingar framkvæmdanefndarinnar með sérstökum lánstímum og lánakjörum, var því eini möguleikinn, sem við í verkalýðshreyfingunni komum auga á, að gæti orðið til þess, að þetta fólk gæti búið í mannsæmandi húsum. Annað mál er svo, hvernig til hefur tekizt. Það er út af fyrir sig ákaflega létt verk, eins og hv. þm. Stefán Valgeirsson velti sér upp úr, að tína til galla á þessum byggingum. Það er hægt að gera það við allar byggingar.

Það er rétt, að þarna hafa orðið ýmis mistök, sem að miklu leyti stafa af því, að þarna eru viðhafðar nýjar aðferðir við byggingarframkvæmdir, en ég vil nú segja ekki einvörðungu vegna þess, heldur líka vegna of mikils flýtis, þ. e. að vandvirkni hefur ekki verið nóg. En þetta er svo hégómlega lítill hluti af þessu stóra máli, að það má vera eitthvað alveg sérstakt, sem að baki liggur, að menn skuli geta verið að velta sér upp úr því á þann hátt, sem bæði hefur verið gert hér og einnig í blaðaskrifum. Það er eins og verið sé að draga þetta í alveg sérstakan dilk, þessar byggingarframkvæmdir, sem engan veginn er réttlætanlegt, og ekki sízt, að það er eins og að setja eigi það fólk, sem þarna býr, í einhvern alveg sérflokk í þjóðfélaginu. Þetta hefur haft ýmsar afleiðingar og ég veit, að ef áfram heldur svona, þá mæta þeir menn, sem ástunda þessa iðju, samtökum þessa fólks, sem er í Breiðholtsíbúðunum, ekki bara íbúðum framkvæmdanefndar, heldur og öðrum íbúum þarna. Það er eins og að rakka eigi niður þetta hverfi og gera það næstum ekki byggilegt. Mér finnst þetta mjög illa farið, að menn skuli vera að þessu. Sannarlega er hægt að gagnrýna ýmislegt þarna, líka þætti í framkvæmdum framkvæmdanefndarinnar sjálfrar, hvernig hún hefur að þessu staðið, en það er eins og hv. þm. Jón Þorsteinsson hefur sagt hér, það var verið að fara inn á nýjar brautir, og það er alveg óhjákvæmilegt, að gallar og skekkjur komi fram, þegar það er gert, og ekki sízt það, að einmitt sú gerð húsa, sem þarna varð að byggja samkv. skipulaginu, var ákaflega óhentug til þeirra tilrauna, sem þarna voru gerðar, og kannske vafamál, að þær hefði átt að gera, einmitt vegna þess að það var vitað fyrir fram, hve óhentug þessi húsagerð var til þess.

Ég skal ekki lengja þessar umr. En hv. þm. Stefán Valgeirsson taldi, að mjög erfitt mundi verða fyrir það fólk, sem er í Breiðholtsíbúðunum, að standa undir afborgunum af lánum og öðrum tilkostnaði, og að ekki sé nema fyrir hátekjumenn að gera það. Það er nokkuð til í þessu. En ekki vegna þess, að þessar íbúðir hafi orðið öðrum dýrari, síður en svo. Það liggur alveg fyrir, að þær eru með því ódýrasta, sem hægt hefur verið að fá. Það liggur hins vegar í hinu, að þrátt fyrir þau góðu lánakjör, sem þarna eru á boðstólum, er það ekki kleift fyrir láglaunafólk, barnmargt fólk með einni fyrirvinnu, að standa undir þessum kostnaði. Það er alveg rétt. En það er ekki íbúðanna sök, það er á kaupgjaldsins reikning og afkomumöguleikanna í þjóðfélaginu, sem verður að skrifa þá hluti. Úr því að ég er kominn hér í þennan stól, þá vil ég leggja mikla áherzlu á það, að allir þeir, sem hér eiga hlut að máli, sjái til þess, að hægt verði að halda þessum byggingum áfram og með miklu meiri hraða en nú er áætlað. Þetta er þegar orðið langt á eftir áætlun, og ekki sízt núna, þegar hinn almenni byggingarmarkaður er mjög takmarkaður, þ. e. byggingarframkvæmdir, tel ég einmitt, að af hálfu þess opinbera, sem stendur að þessum byggingum, ætti að leggja alveg sérstaka áherzlu á að reyna að leggja meira fram til þessara bygginga, til þess að vandi þeirra, sem verst eru settir í þjóðfélaginu, leysist þó fyrr en ella.

Stefán Valgeirsson: Herra forseti. Þetta verða ekki nema örfá orð. Það vakti athygli mína, að hv. 2. landsk. þm. sagði áðan, að í raun og veru mætti segja, að það væri fyrir of mikinn flýti, að þessi mistök hefðu átt sér stað í byggingunum, en svo endar hann aftur ræðu sína á því að segja, að þetta hefði dregizt langt fram yfir það, sem um var samið, að koma þessum byggingum áfram. Ég segi fyrir mig, að mér hlýtur að hafa misheyrzt, því að þetta kemur ekki heim og saman. Hv. þm.

sagði svo til það sama sem Alþýðublaðið var búið að segja áður, að ég væri að koma einhverju óorði á allt þetta hverfi, væri að rakka það niður, eins og þeir sögðu. Ég vil minna á, að í minni ræðu um daginn nefndi ég aðeins eina byggingu á nafn, Leirubakka 18 og 20, til samanburðar og til þess að hægt væri að skoða og vitnaði í byggingarkostnaðinn. Hvar er Leirubakki? Er hann ekki inni í Breiðholti? Þetta hefur farið fram hjá bæði hv. þm. og enn fremur þeim, sem ritstýra Alþýðublaðinu.

Hv. 3. landsk. þm., Jón Þorsteinsson, var að tala um og vitna mjög í, hvernig Vísir hefði hagað sér í sambandi við þessar byggingar. Það getur vel verið, að það sé vitleysa hjá mér, en ég hélt, að dagblaðið Vísir styddi þessa hæstv. ríkisstj., og það getur þá ekki verið af þeim ástæðum, að hann var að gefa í skyn, að ég mundi vera í einhvers konar bandalagi við Vísi. Ég hélt, að það væri í raun og veru hv. þm. Jón Þorsteinsson, sem væri í bandalagi við Vísi, en ekki ég, en þó var það nú svona, að þetta blað hefur séð ástæðu til þess að athuga þessa framkvæmd, þrátt fyrir bandalagið.

Hv. þm. Jón Þorsteinsson sagði, að það hefði ekki verið á færi framkvæmdanefndarinnar að ákveða, hvernig byggt var. Það getur vel verið. En hver ber ábyrgð á því? Er það þá skipulag í Reykjavík, sem segir alveg fyrir um það og þrátt fyrir alla sérfræðinga, erlenda og innlenda, er ekkert farið eftir því, heldur farið eftir einhverjum ákveðnum, fyrir fram ákveðnum reglum í þessu, þó að allir aðilar, sem reynt er að ráðfæra sig við, leggi til hið gagnstæða? Hver ber ábyrgðina? Það væri ákaflega fróðlegt að vita.

Hv. þm. Jón Þorsteinsson furðaði sig á því, að ég hefði eitthvert samband við fólkið þarna inni í hverfinu og vissi ýmislegt, sem þar hefði skeð. Ég er nefnilega ekki alveg viss um, að það sé rétt hjá hv. 2. landsk. þm. eða hv. þm. Jóni Þorsteinssyni, að fólkið sé svona ánægt. Ég þekki nefnilega svolítið til þarna í Breiðholtshverfinu.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 31 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 31 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 299).

9. Alþjóðasamþykkt um persónuskírteini sjómanna.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt:
Till. til þál. um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um persónuskírteini sjómanna [113. mál] (A. 138).

Á 23. fundi í Sþ., 12. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var till. tekin til einnar umr.
Enginn tók til máls.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 37 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var fram haldið einni umr. um till. (A. 138, n. 295).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem flutt er af ríkisstj., er um fullgildingu á alþjóðasamþykkt um persónuskírteini sjómanna. Allshn. Sþ. hefur haft þessa till. til meðferðar og fékk til viðræðu á fund sinn Jón S. Ólafsson deildarstjóra í félmrn. til þess að skýra nokkru betur efni till., er skipti máli, en sem fskj. með till. er prentuð þessi samþykkt bæði á íslenzku og ensku. N. leggur einróma til, að till. verði samþ. óbreytt. Fjarverandi við afgreiðslu málsins var Bragi Sigurjónsson, formaður n., sem þá var erlendis.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 358).

10. Frestun á fundum Alþingis.

Á deildafundum 2. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar [165. mál] (A. 344).

Á 33. fundi í Sþ., 3. febr., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 34. fundi í Sþ., s. d., var till. tekin til einnar umr.
Of skammt var liðið frá ákvörðun umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 44 shlj. atkv.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Till. þessi til þál. um frestun á fundum Alþ. er þannig til komin, að nauðsyn ber til þess að fresta störfum þingsins um tíma vegna funda Norðurlandaráðs, sem hefjast í þessari viku. Sú þingfrestun gæti ekki orðið styttri en til loka næstu viku. Í sambandi við þetta hefur borið á góma, að hentugt kynni að vera að

fresta störfum þingsins nokkru lengur. Af hálfu ríkisstj. er talið æskilegt og hentugt, að hún fái nokkurn tíma til þess bæði að vinna úr og undirbúa mál og það eru stórmál, sem þingið á enn eftir að fjalla um. Ríkisstj. hefur einnig orðið þess áskynja í viðræðum við þm., að þeir telja af ýmsum ástæðum hentugt að hafa þingfrestunina nokkru lengri. Verð ég því að telja, að um það sé samstaða innan þingsins, og er með þessari þáltill. lagt til, að þingið verði kvatt saman eigi síðar en 2. marz, sem mundi þýða, ef nauðsyn bæri til, að hægt yrði að kveðja þingið saman fyrr, en ef ekkert sérstakt ber að höndum er gert ráð fyrir með þessu, að þingfrestunin standi fram til mánaðamóta.

Ég vil leyfa mér, herra forseti, að leggja til, að þessi till. verði afgreidd, án þess að henni sé vísað til n. svo sem venja hefur verið og hún megi því hljóta afgreiðslu nú á þessum fundi.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 359).

11. Hagnýting á saltsíld.

Á deildafundum 16. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aukna hagnýtingu á saltsíld [30. mál] (A. 30).

Á 6. og 8. fundi í Sþ., 22. og 29. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd, er rannsaki möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Þessi rannsókn beinist að framleiðslu á síldarflökum og sölu á þeim í smápakkningum. Eftirtaldir aðilar tilnefni menn í nefndina: Landssamband ísl. útvegsmanna einn mann, félög síldarsaltenda sameiginlega einn mann, síldarútvegsnefnd einn mann og viðskmrn. einn mann. Formaður nefndarinnar verði skipaður án tilnefningar. Nefndin skili tillögum sínum eigi síðar en í febrúarlok 1970."

Eins og till. ber með sér, legg ég áherzlu á, að athugun fari fram á því, að hve miklu leyti mögulegt sé að hefja flökun saltsíldar í stórum stíl til útflutnings, bæði til þess að auka verulega verðmæti aflans og einnig til þess að tryggja fólki við síldarstörf sem tryggasta vinnu. Langt mál mætti tala um vinnuþáttinn, en ég læt nægja að undirstrika, að mjög mikil vinna er við vinnslu síldarinnar, eins og gamlar venjur hafa verið að hagnýta síldina. En nú, þegar alvarlegt atvinnuleysi er í landinu, hljóta menn að geta sameinazt um það að efla alla starfsemi, sem veitir aukna vinnu, og það mun flökun saltsíldarinnar og frágangur flakanna í minni pakkningar vissulega gera. Raunar væri þetta eitt sér fullkomlega nægileg ástæða til þess að gefa gaum að aukinni hagnýtingu saltsíldar og hefjast þegar handa í stærri stíl um flökun síldar. En hinn þátturinn er eigi síður mikilvægur, og mun ég í stórum dráttum fjalla um hann.

Ég tel, að þótt aflabrestur sé nær alger á síldveiðum nú í ár, megi ekki fara svo, að menn gefist upp að ná í síldina, og þess vegna verðum við að leita úrræða til þess að tryggja áframhald þessara veiða. Aflabresturinn kemur eðlilega þegar mjög hart niður á þeim, er beint starfa við síldveiðar og vinnslu síldarinnar í landi. Það er vitað, að verði ekki brugðið við skjótt með tillögum til úrbóta, munu langflestir gefast upp við þessar veiðar næsta ár og leita eftir öðrum leiðum til útgerðar á skipum sínum. Þótt nú séu aðeins um 60 skip á veiðum, voru þau lengi vel í sumar og haust aðeins um 40. Þá er mönnum, sem um þessi mál fjalla, ljóst, að hættulegt er, að þeim fækki mikið niður fyrir 40, því að það hefur sýnt sig, að nauðsynlegt er, að nokkur skip séu jafnan úti til þess að finna og fylgjast með síldinni. Sárafá skip geta hæglega farið á mis við veiði. Það sýnir reynslan.

Það er mín skoðun, að stór hætta sé á ferðum, ef síldarútgerð lognast því sem næst niður hér á landi. Menn hafa að vísu litla samúð með síldinni sumir hverjir í dag, en fáist t. d. ekki beitusíld, þá verður lítið víða um þorskfiskútgerð.

En hvað er þá til ráða í svo miklum vanda? Það verður að gera stórátak til aukinnar hagnýtingar á þeim takmarkaða afla, sem á land kemur. Þótt aflinn minnki raunverulega margfalt, þarf verðmæti hans auðvitað ekki að minnka að sama skapi, og það gerir það heldur ekki, því að síldarafurðir eru eftirsóttar og við minna framboð hækkar verðlag þeirra mjög skjótlega. En það er höfuðatriði við minnkandi afla að fara vel með það sem veiðist og hagnýta það í eins verðmæta vinnslu og nokkur kostur er. Þótt t. d. verðlag á saltsíld hafi hækkað mjög undanfarið, einkum þó á stórsíldinni, mundi fást meira en tvöfalt fobverð fyrir hvert kg af flakaðri saltsíld í minni pakkningum. Auk þess veitti flökunin, eins og áður segir, mikla vinnu. Ekki þarf að óttast um eftirspurn, því að síldin er því sem næst ófáanleg, og það verður að segjast eins og er, að ekki eru miklar líkur á því, að síldarmagn aukist verulega við landið á næstu árum, ef draga má ályktanir af þeim atburðum, sem

eru að ske nú í þessu. Og margar þjóðir vilja hefja friðun á síldinni. Eftir því sem ég hef heyrt, verður fundur um þessi friðunarmál um n. k. mánaðamót í Moskvu, því að mönnum lízt ekki á þá þróun, sem orðin er. Og það er merkilegt skref í áttina að skynsamlegri tilhögun við veiðarnar, sem þarna yrði stigið, ef samkomulag verður á þessum fundi. Vonandi haga menn veiðum sínum á næstunni þannig, að þess sé að vænta, að stórsíldin fái að njóta sín, og drepi ekki svo mjög smásíldina sem verið hefur undanfarin ár. Í skýrslu, sem liggur fyrir hjá Jakobi Jakobssyni fiskifræðingi, kemur í ljós, að Norðmenn hafa á þremur árum drepið 15 millj. hektólítra af smásíld. En sú síld væri sem fullvaxin úthafssíld margföld á við þetta að magni.

Það er skoðun mín, að rétt sé að athuga alla möguleika á aukinni hagnýtingu mjög gaumgæfilega, áður en stórframleiðsla er hafin í þessum efnum til þess að forðast mistök, sem alltaf geta átt sér stað, ef geyst er farið út í hlutina.

Þá er lagt til, að hið opinbera hafi forustu um athugun á þessu máli og hagsmunasamtök við síldarvinnslu hafi menn í þessari nefnd. Þótt sumir hafi ótrú á nefndaskipan, þá veltur auðvitað allt á því, að í nefndina komi menn, sem áhuga hafa á málinu og vilja framgang þess.

Nokkuð hefur verið gert af því að flaka síld, og hef ég það beint eftir forstjóra einnar slíkrar söltunarstöðvar, þar sem flökun fer fram, að þetta sé vel hægt með góðu skipulagi og nokkuð arðvænlegt. Það þarf að athuga, hvernig dreifing á þessum afurðum er heppilegust. Á t. d. að selja flakaða síld með hjálp síldarútvegsnefndar, eða eiga þeir, sem standa í svona vinnslu, að hafa frjálsar hendur til sölu, eins og reyndar er gert ráð fyrir í 4. gr. reglugerðar um síldarútvegsnefnd í dag, þegar um minni pakkningar er að ræða? Í landinu eru nú um 100 söltunarstöðvar frá fyrri uppgangsárum. Um helmingur þeirra hefur ekki séð síld í sumar, að því er ég hef frétt. Og mér er sagt, að til Siglufjarðar hafi ekki komið síld í sumar og mundu það einhvern tíma hafa þótt nokkur tíðindi. Í þessum stöðvum er bundið mikið fjármagn, margir tugir millj. Það er því geysilegt fjárhagslegt atriði að koma sem flestum þeirra í gang aftur, ef það er mögulegt og þá t. d. við aukna nýtingu saltsíldar. Rétt er að undirstrika, að þótt menn hefji flökun síldar, þarf mjög litla nýja fjárfestingu. Jafnvel mætti sennilega víða hefja þessa starfsemi án fjárfestingar, en þá væri um handflökun að ræða. Hins vegar kostar síldarflökunarvél, sem vel mun passa, innan við ½ millj. kr. með tilheyrandi færiböndum. Þótt söltun í trétunnur minnki og upp úr tunnum sé tekið til frekari vinnslu, þá er samt góð eftirspurn eftir heimatilbúnum tunnum, en þó er hugsanlegt, að um tvínotkun á tunnunum sé að ræða, ef mestöll síldin færi í flökun. En hér eru fram undan geysilegir möguleikar fyrir plastiðnaðinn í landinu, sem fengi stórkostlega eftirspurn eftir umbúðum, sem hann gæti að öllu leyti framleitt hér innanlands. Og þetta er mjög þýðingarmikið atriði.

Það er sama með hvaða hætti litið er á þetta mál. Jákvæðar hliðar blasa við, og ég leyfi mér að halda því fram, að nú geti orðið svipuð þáttaskil í hagnýtingu saltsíldar og þegar stigið var það heilladrjúga skref að hefja frystingu á þorski og ýsu og auka með því verðmæti aflans að sama skapi í landinu. Oft hefur verið þörf að fara vel með síldina, en nú er brýn nauðsyn að gera slíkt. Sjómenn okkar sönnuðu það enn einu sinni í sumar og haust, að þeir eru jafnan í fararbroddi um dugnað og hafa nú skilað yfir 60 þús. tunnum af sjósaltaðri síld að landi, þótt um óravegalengdir sé að ræða. Alls er nú söltun komin nokkuð yfir 120 þús. tunnur og er útflutningsverðmæti varla undir 350 millj., e. t. v. meira vegna verðhækkana. Þó að ekki væri nema helmingur tekinn til flökunar, mundi það þýða verðmætaaukningu upp á ekki minna en 200 millj. Stundum hefur verið fjallað um minni mál en það á hv. Alþ.

Eins og kemur fram í grg., hefur þróunin verið sú, að þátttaka báta í síldveiðum var 1965 234 skip, en í dag eru aðeins um 60 skip að veiðum og fari svo, að ekki verði eitthvað gert til að hjálpa upp á síldveiðar næsta ár, þá er það mín spá, að aðeins sárafá skip reyni að hefja síldveiðar og sennilega ekki eitt einasta muni reyna söltun til að byrja með. Þetta tel ég svo hættulega þróun, að fram hjá þeirri staðreynd eða þessu útliti er ekki hægt að ganga þegjandi. Ég vil líka benda á, að ég hef athugað verðmæti pr. kg á útflutningnum 1963, og til fróðleiks vil ég aðeins drepa á örfáar tölur, þannig að hv. þm. sjái, hve verðmætaaukningin yrði mikil með því að taka síldina til frekari vinnslu hér í landi.

Ísvarin síld beint úr íslenzkum skipum var þá seld á 5.90 kr., fryst síldarflök á 14.20 og heilfryst síld á 7 kr. pr. kg. Síðan koma ýmsar flokkanir á saltsíld, þar sem verðið var frá 11.60 kr. upp í 19 kr. eftir sérverkun, en hins vegar voru saltsíldarflök, það litla, sem þá var flutt út, seld á 43.50 kr. pr. kg, þannig að það fer ekkert á milli mála, að verðmætaaukningin er meiri en tvöföld í flestum tilfellum.

Herra forseti. Að lokinni þessari fyrri umr. vil ég leggja til, að þessari till. sé vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til síðari umr. (A. 30, n. 240, 80).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var till. aftur tekin til síðari umr.

Frsm. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, fjallar um aukna hagnýtingu á saltsíld.

Eins og öllum er kunnugt, er það útbreitt álit meðal landsmanna, að við þurfum að leggja mjög aukna áherzlu á að hagnýta hráefni það, sem berst á land hverju sinni, og sú till., sem ég drap á áðan, að hér lægi fyrir, fjallar einmitt um það, að saltsíldin sé betur hagnýtt en við höfum gert undanfarið.

Allshn. Sþ. fékk þessa till. til athugunar og sendi hana ýmsum til umsagnar, svo sem síldarútvegsnefnd, LÍÚ, fiskimálaráði, Sambandi ísl. sveitarfélaga og ASÍ. Bárust umsagnir frá þessum aðilum öllum nema þeim síðasttalda, og töldu allir þörf á aukinni athugun á hagnýtingu saltsíldar og lögðu yfirleitt til, að till. væri samþ., en Samband ísl. sveitarfélaga taldi, að starfstími nefndar þeirrar, sem till. gerir ráð fyrir, væri of stuttur og fiskimálaráð lagði til, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins væri gefinn kostur á að tilnefna mann í nefndina. Allshn. tók þessar athuganir báðar til greina og leggur til, að þáltill. verði samþ. nokkuð breytt, eins og hér liggur fyrir, en breytingarnar eru eingöngu þessar tvær, að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fái að tilnefna mann í nefndina og að skilafrestur hennar á athugun og tillögum sínum sé lengri eða til maíloka 1970. Að öðru leyti sé ég ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um málið.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla ekki að tefja tíma Sþ. mikið, en vil aðeins þakka fyrir jákvæða afstöðu og þær breytingar, sem frummælandi hefur gert grein fyrir varðandi till. Þær eru það litlar, að ég get fúslega fallizt á þær. Það er eðlilegt, að tímatakmarkið sé fært, þar sem mjög hefur dregizt, að afgreiðsla á þessu máli færi í gegnum þingið. Tilnefning aðila í nefndina er ekki meginatriði, þannig að ég fellst vel á till. eins og hún liggur fyrir og þakka fyrir jákvæðar undirtektir. Hér er aðeins stigið eitt skref í þá átt að fara betur með hráefni, sem kemur að landi, og skapa bæði vinnu og aukið verðmæti, og það er viðleitni, sem við ættum allir að vera sammála um að efla.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Brtt. 240 (ný tillgr.) samþ. með 32 shlj. atkv.

Brtt. 80 kom ekki til atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 446).

12. Læknisþjónusta í strjálbýli.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um bætta læknisþjónustu í strjálbýli** [64. mál] (A. 69).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 14., 16., 17. og 18. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. nóv., 2. og 3. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 29. fundi í Sþ., 12. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. þm. Vestf. leyft mér að flytja till. um bætta læknisþjónustu í strjálbýli, er hljóðar á þessa leið:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að athuga möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, og þá fyrst og fremst hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma læknisþjónustu í einstökum læknishéruðum hér á landi, sem nú eru læknislaus."

Ástæðan til þess, að við flm. þessarar till. höfum lagt hana hér fram, er það öngþveiti, sem ríkir í heilbrigðismálum kjördæmis okkar. En það er því miður síður en svo einsdæmi. Í sumum öðrum landshlutum er ástandið ekki miklu betra í þessum efnum. Hin læknislausu héruð á Vestfjörðum eru í dag þessi samkv. upplýsingum landlæknisskrifstofunnar: Bíldudalslæknishérað, Flateyrarlæknishérað, Suðureyrarlæknishérað, Súðavíkurlæknishérað og Reykhólalæknishérað, en það hefur þó þá þjónustu, að þangað kemur tvisvar í mánuði læknir frá Reykjavík, þegar flugveður leyfir, og hefur þar viðtalstíma. En allir sjá, hversu ófullkomin slík læknisþjónusta er.

Þegar rætt hefur verið um þetta vandamál, læknisskortinn, hér á hv. Alþ., finnst mönnum það að vonum ekki rétt geðþekkt. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur margt verið gert til þess að bæta úr læknisskortinum, en það hefur ekki tekizt. Allt situr við hið sama. Fólk í sumum héruðum er læknislaust árum saman. Hver mundi sætta sig við slíkt nema það fólk, sem þá á einskis annars úrkosti? Læknarnir vilja ekki fara í hin fámennu héruð um skemmri tíma, hvaða laun sem í boði eru. Það er dapurleg staðreynd.

Í þessari till. er, eins og áður er getið, lagt til, að reynt verði að fá erlenda lækna frá nálægum löndum til þess að firra algerum vandræðum í þessum efnum. Nokkrir erlendir læknar hafa starfað hér á landi, m. a. á Vestfjörðum. Störf þeirra hafa yfirleitt gefizt vel, í einstökum tilfellum jafnvel mjög vel. Ég geri mér ljóst, að landlæknir hefur þrátt fyrir þetta

ekki mikla trú á því, að erlendir læknar leysi þetta vandamál, og má vel vera, að hann hafi rétt fyrir sér. En ég leyfi mér að benda á, að nú munu vera um 70 íslenzkir læknar í Svíþjóð einni, og mætti ætla, að þeir hafi átt sinn þátt í því að hjálpa frændum okkar og vinum, Svíum, til þess að leysa þeirra vandamál vegna læknaskorts. Þá má einnig geta þess, að samtals eru nú um 130 íslenzkir læknar erlendis, sumpart við framhaldsnám og sumpart við læknisstörf. Að sjálfsögðu verður að vænta þess, að einhverjir þessara íslenzku lækna, sem erlendis dvelja, komi heim og einstakir þeirra kunni að fást í héruð úti á landi. Þó ríkir ekki mikil bjartsýni um það hjá heilbrigðisyfirvöldum, sem hafa sína reynslu, sína bitru og sáru reynslu í þessum efnum. En kjarni málsins er sá, að við flm. þessarar till. teljum, að einskis megi láta ófreistað til þess að tryggja fólki læknishjálp, einnig í fámennum og afskekktum héruðum. Þess vegna er þessi till. flutt.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að umr. um till. verði frestað og henni vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fram haldið einni umr. um till. (A. 69, n. 354).

Frsm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. sú, sem hér liggur fyrir á þskj. 69 um bætta læknisþjónustu í strjálbýli, er flutt af tveimur hv. þm. Vestf. og er þess efnis, að skorað verði á ríkisstj. að athuga möguleika á því að fá lækna frá nálægum löndum, og þá fyrst og fremst hinum Norðurlöndunum, til þess að gegna um lengri eða skemmri tíma læknaþjónustu í einstökum læknishéruðum, sem nú eru læknislaus. Í grg. þessarar till. segir, að þegar hún var flutt á öndverðu þingi, hafi 12 læknishéruð verið læknislaus, og á því mun ekki hafa orðið mikil breyting. Allshn. telur, að hér sé um svo alvarlegt mál að ræða, að rétt sé að gera þá tilraun, sem till. fjallar um, og leggur til, að hún verði samþ., en einn nm. var fjarstaddur, þegar málið var afgreitt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. allshn. fyrir afgreiðslu á þessari þáltill., sem er jákvæð, eins og hv. þm. hafa nú heyrt. Fyrri flm. till., Sigurður Bjarnason, er nú horfinn af þingi. Ég veit reyndar, að ég mæli fyrir munn hans líka, er ég þakka fyrir þessa afgreiðslu. Að sjálfsögðu mundu menn helzt óska þess, að ekki þyrfti til þess að koma að leita til annarra þjóða um lækna í læknislaus héruð á Íslandi. En líf og heilsa fólks í héruðum, sem eru læknislaus ár eftir ár, er meira virði en svo að okkar dómi, að það megi hika við að reyna þessi úrræði, ef þau eru tiltæk, og þess vegna var till. flutt. Erlendir læknar hafa starfað hér á Íslandi við góðan orðstír ýmsir, og get ég nefnt alveg nýtt dæmi úr mínu kjördæmi hvað þetta snertir. Í Patreksfirði í Barðastrandarsýslu hafa verið tveir læknar til þess að gegna tveimur læknishéruðum. Það eru einu læknarnir í allri Barðastrandarsýslu. En eftir að þetta mál var flutt, flutti annar læknirinn í burtu, og nú er eftir einn, og það er útlendingur, læknir frá Jórdaníu. Nú er búið að setja hann sem héraðslækni, og hann hefur starfað þarna við góðan orðstír. Þetta sýnir, að erlendir læknar geta sannarlega komið í góðar þarfir á Íslandi, þegar í nauðir rekur. Ég vil ekki orðlengja frekar um þetta mál, en endurtek þakklæti mitt til hv. n., sem hefur sýnt fullan skilning á þessari þörf.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er ekki nýtt, að hér séu til umr. till., sem fjalla um læknavandamál strjálbýlisins. Og hér hafa að undanförnu farið fram allmiklar umr. um þessi mál. En allir vitum við, að þrátt fyrir þær miklu umr., sem um þessi mál hafa orðið á þingi, hefur heldur lítið skipazt til betri vegar með útvegun á læknum í læknishéruð víða úti um land. Nú er þessi litla till. hér til afgreiðslu, og geri ég varla ráð fyrir því, að menn búist við því, að mikið geti lagazt um útvegun á læknum í læknislaus læknishéruð víða um land, þó að þessi till. verði samþ. En þó er hér auðvitað um tilraun að ræða, að reyna að fara þá leið, sem hér er lögð til, en ég held, að ekki sé hægt að afgreiða þessa till. þessa daga á Alþ. án þess að minnast nokkuð á þá atburði, sem hafa verið að koma fram að undanförnu varðandi menntun lækna í landinu og störf læknadeildar Háskólans. Alþ. ræðir sem sagt um það fund eftir fund, hvernig eigi að leysa þetta vandamál að útvega lækna í læknislaus héruð. Ýmsar till. eru samþykktar. En á sama tíma og Alþ. er að ræða þessi mál og ástandið er eins og allir vita, þá heyrum við fréttir frá læknadeild Háskólans af því tagi, sem ég efast ekki um, að allir þeir þm., sem hér eru inni, hafa veitt athygli og komið hafa fram að undanförnu. Ég hefði óskað eftir því, að sá ráðh., sem fer með þessi mál, heilbrigðismálin, hefði verið viðstaddur þessar umr. (**Gripið fram í:** Hann er kominn.) Þá er kannske rétt að ræða málið, rifja málið aðeins upp fyrir ráðh.

Hér er til umr. till. til þál. um bætta læknisþjónustu í strjálbýli. Ég efast ekki um, að hæstv. ráðh. hefur kynnt sér þessa till. og þá leið, sem þar er lagt til að farin verði til þess að bæta úr því erfiðleikaástandi, sem þeir búa við, sem ekki hafa lækni í sínu læknishéraði. Ég hafði sagt hér áður í mínu máli, að ég byggist við því, að þó að þessi till. yrði samþ., yrði ekki um miklar úrbætur í þessum efnum að ræða. Ég hafði einnig vitnað til þess, að Alþ. hefur fjallað um þessi mál æðioft að undanförnu, og mér hefur virzt alþm. vera þar allir á einu máli, að það yrði að gera allar hugsanlegar ráðstafanir til þess að útvega lækna í læknislaus héruð.

En nú, þegar þessi till. liggur fyrir til afgreiðslu á Alþ., þá er varla hægt að afgreiða

svo till., að ekki sé nokkuð rætt um þá atburði, sem hafa verið að gerast að undanförnu í læknadeild Háskólans. Nú þarf ég ekki að rifja það upp fyrir hv. þm., hvað hefur verið að gerast í læknadeildinni. En það er í aðalatriðum það, að fyrir liggur, að allmargir ungir menn, sem vilja leggja fyrir sig læknisfræði og hafa hingað til flestir verið taldir allgóðir námsmenn, komast ekki áfram og eru felldir skipti eftir skipti, þannig að í kringum 80% af þeim, sem ganga undir próf, sumir hverjir í annað eða þriðja og jafnvel upp í fjórða skipti, fá ekki tækifæri til þess að halda áfram læknanámi og verða að sveigja af fyrirhugaðri námsbraut og taka sér fyrir eitthvert annað námsefni. Og þetta gerist á sama tíma og það skortir stórkostlega lækna til þess að sinna þeim læknisstörfum, sem óhjákvæmilega þarf að annast í landinu. Ég tel fyrir mitt leyti, að Alþ. geti ekki staðið að þessum málum eins og það hefur gert, þegar svona atburðir eru að gerast eins og hér hafa gerzt í læknadeild Háskólans. Það er blátt áfram hlægilegt að standa hér á Alþ. dag eftir dag og tala um læknaskortinn í dreifbýlinu og samþykkja ýmist þessa till. eða aðra, á meðan þannig er haldið á málum í læknadeildinni sem gert er.

Mér er t. d. vel kunnugt um það, að á Austurlandi er ástandið í læknamálunum orðið mjög alvarlegt, og það dynja á okkur þm. það an að austan beiðnir um að reyna að leita úrbóta í þessum efnum. En á sama tíma og þessar beiðnir koma til okkar, tala einnig til okkar úr okkar héruðum ungir námsmenn. Ég þekki t. d. tvo frá Austurlandi af þeim, sem þreyttu próf í læknadeildinni að þessu sinni. Eftir því sem ég hef vitað bezt, var þarna um ágæta námsmenn að ræða, hina samvizkusömustu menn, sem vildu mjög leggja fyrir sig læknisstörf. En þeir komast ekki áfram.

Ég hlýddi á fyrirspurnatíma einn morguninn fyrir ekki löngu síðan, þar sem einn af prófessorum við læknadeild Háskólans var yfirheyrður og spurður um ýmsa þætti varðandi læknadeildina. Ég veitti því athygli, að sá prófessor, sem þar varð fyrir svörum, sagði alveg eins greinilega og á verður kosið, að það væri ekkert um þetta að ræða. Læknadeildin gæti ekki tekið fleiri en 25—30 nemendur á ári, eins og í haginn væri búið, og það skipti engu máli um námsgetu eða námsárangur þeirra, sem þreyttu próf. Öll kennsla deildarinnar væri byggð upp á þessum forsendum, og því væri það að hans dómi í rauninni alveg tómt mál að tala um að setja einhverja lágmarkseinkunn. Það fór því ekkert á milli mála, að það, sem þessi prófessor var að segja, var, að séð yrði um það eftir ýmsum leiðum að fella það, sem þyrfti, að fella það marga, að ekki slyppu inn fleiri en 25—30 nemendur í hvern árgang.

Það er skoðun mín, að taka þurfi störf læknadeildarinnar til sérstakrar athugunar, ef leysa á læknisvandamálin í landinu. Ef þannig á að standa að málum, að ekki geta komizt til læknanáms í landinu nema algerir úrvalsnámsmenn, aðeins örfáir úr hverjum árgangi í rauninni, og síðan er þeim ætlað að stunda hér nám í 7—8 ár í læknadeild, fara síðan nálega allir út til framhaldsnáms til þess að ná þar æðri námsgráðum, fá sinn sérfræðistimpil á sig, og þurfa til þess 3—4 ár, og hér er í rauninni aðeins um þá menn að ræða, sem eru alveg sérstakir afreksmenn í námi, — þá hef ég ákaflega litla trú á því, þegar þessir menn koma heim eftir 10—12 ára nám í læknisfræði, slíkir garpar í námi, að þeir fáist yfirleitt til þess að taka að sér héraðslæknisstörf eins og þau gerast og ganga hér á Íslandi, enda er líka raunin þessi. En þá er líka spurning, hvort við ætlumst til þess af læknadeild Háskóla Íslands, að hún ali upp hæfa lækna til þess að þjóna þeim læknishéruðum, sem eiga að vera til á Íslandi samkv. lögum. Eða erum við að gera tilraun til þess að ala upp nokkra afreksmenn í greininni, sem vel gætu verið hæfir til þess að starfa við vísindastofnanir erlendis á þessu sviði?

Ég gæti helzt látið mér til hugar koma, að þannig væri staðið að málum, — ég þekki þetta auðvitað ekki gjörla sjálfur í læknadeildinni, — að þar væri málum þannig háttað, að helzt væri stefnt að þessu, en þá er heldur ekki verið að ala upp þá lækna, sem við þurfum á að halda á Íslandi.

Nú vildi ég í tilefni af þessari litlu till., sem hér liggur fyrir og ég get út af fyrir sig greitt mitt atkv., spyrja hæstv. ráðh., sem hefur með heilbrigðismálin að gera, spyrja hann alveg sérstaklega með tilliti til þess alvarlega ástands, sem við búum við í þessum læknaskipunarmálum og með tilliti til þeirra fregna, sem nýlega hafa komið frá læknadeild Háskólans og þeirrar niðurstöðu, sem við stöndum þar frammi fyrir varðandi námsmöguleika margra ungra manna, sem hafa ætlað að leggja fyrir sig læknisfræði, — spyrja hann um þetta: Hugsar hann sér ekki að láta taka þetta mál til sérstakrar athugunar, hvernig í rauninni er háttað kennslu í læknisfræðum hér í okkar landi, eða er það virkilega meining hans að láta sem ekkert gerist í þessum málum í læknadeildinni, en standa hins vegar aðeins að því að halda áfram að samþykkja till. af þeirri gerð, sem hér liggur fyrir, till. í svipuðum anda og við þm. höfum verið að samþykkja varðandi þessi mál að undanförnu og árangur hefur nálega enginn orðið af? Ég hefði viljað vænta þess, að hæstv. ráðh. hefði talið sér skylt, eins og þessi mál liggja fyrir, að lýsa yfir því á Alþ., að hann teldi óhjákvæmilegt að láta fara fram rannsókn á því, hvernig þessum málum er í rauninni háttað í læknadeild Háskólans og hvort ekki sé ástæða til þess að veita þarna verulega stærri hluta af þeim námsmönnum, sem hafa þreytt próf til inngöngu í deildina, aðstöðu til þess að stunda læknanám hér á landi, m. a. með það í huga, að þá yrðu á eftir eitthvað meiri möguleikar til þess að fá lækna í læknislaus læknishéruð og til læknisþjónustu hér í landinu.

Ég hef heyrt, að þó nokkrir af þeim ungu mönnum, sem nú hafa verið felldir við inn-

tökupróf í læknadeildina, hafi gert ráðstafanir til þess að fara af landi brott og reyna að komast í læknisfræðinám erlendis og hafi þegar fengið fyrirheit frá ráðh. menntamála um aðstoð í þessum efnum. En ég vil ekki trúa því, að ekki sé til aðstaða, ef vilji er fyrir hendi, til þess að taka við sæmilega góðum námsmönnum í ríkara mæli en nú er gert í læknadeildinni. Það hlýtur að vera hægt að útvega bæði húsnæði og aðstöðu til þess að kenna þessum mönnum, og það hlýtur einnig að vera möguleiki á því að útvega nægilega kennslukrafta. Ég held, að fullyrðingar í þá átt, að ekki sé rétt að hleypa áfram fleiri mönnum til náms í læknisfræði en gert hefur verið, vegna þess að það séu að verða of margir læknar í landinu, eigi engan rétt á sér og séu út í hött. En það er rétt, að námið þarf tvímælalaust að miða við það, að út úr því komi menn, sem vilja annast þá læknisþjónustu, sem þarf að annast í okkar landi.

Ég vil vænta þess, að hæstv. ráðh. segi sitt álit á þessum málum, hvað hann telur fært að gera í þessum efnum, því að mér lízt þannig á, að verði niðurstaðan sú, sem helzt lítur út fyrir, samkvæmt ákvörðun þeirra, sem ráða málum í læknadeildinni, að nú verði bægt frá námi um 80% af þeim, sem sóttu um að fá að stunda læknanám, þá muni öll aðstaða til þess að útvega lækna til þjónustu í landinu fara stórum versnandi á næstu árum, þrátt fyrir allar samþykktar till. af þessari gerð, sem hér liggur fyrir.

Umr. frestað.

Á 38., 39., 42., 43., 44. og 45. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. marz, 1., 8., 10. og 15. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Þessi till. gefur út af fyrir sig ekki tilefni til mikilla umr., og það er sjálfsagt öllum ljóst, að hún er ekki hugsuð nema sem úrbót á bráðasta vanda eða gæti komið til greina sem úrbót á bráðasta vanda. En eftir að þessi till. var afgr. úr allshn., — það er nokkuð liðið síðan umr. voru hafnar um þessa till., — þá gerði hv. 4. þm. Austf. hana nokkuð að umtalsefni, og má sannarlega segja, að hún gaf tilefni til nýrrar umhugsunar um þetta vandasama mál. Þar er ég með í huga prófin frá læknadeild, þegar 19 af 24 nemendum, sem þar gengu undir próf, voru felldir. Mig langar til að minna á, að 3. marz s. l. birtist grein í Morgunblaðinu eftir lækninn á Eyrarbakka, sem hann kallaði „Mannskaðagil íslenzkrar háskólamenningar". Ég tel þessa grein svo athyglisverða, að ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana hér. Hún er stutt, en þess verð, að hún verði geymd í Alþingistíðindum. Hún er svona:

„Þau furðulegu tíðindi hafa borizt frá Háskóla Íslands, að 80% stúdenta, sem gengu undir upphafspróf í læknadeild (vefjafræði og efnafræði) í jan. s. l., 8. og 30. janúar 1970, hafi verið felldir, — 19 af 24 dæmdir óhæfir til læknisfræðináms. (Til eru mörg mannskaðagil á Íslandi, sem sagt er, að einmitt 19 manns hafi hrapað í!)

Þetta unga fólk hafði hingað til ekki setið í tossabekk, það hafði yfirleitt glæsilegan námsferil að baki, allt frá unglingaprófi, landsprófi upp í stúdentspróf, sem sé úrval og námshæfni þess margviðurkennd, það er yfirleitt útskrifað með ágætum stúdentsprófum, jafnvel dúx er í þessum hópi.

Stúdentar hafa skýrt nokkuð frá tilhögun prófanna og mótmælt þeim vinnubrögðum, sem þar voru viðhöfð, jafnt þeir, sem náðarinnar nutu og komust í gegn, og hinir, sem felldir voru. Alls skrifa 22 undir mótmælin. Sýnir það manndóm og drengskap þeirra, sem náðu prófinu, að standa með skólasystkinum sínum í þessari eldraun, en stundum hættir manni til að draga sig í hlé, þegar eigin skinni er borgið. Ekki efa ég, að mótmæli stúdentanna séu á rökum reist.

Það er alvarlegur hlutur að vera hrakinn frá námi til þess ævistarfs, sem maður hefur valið sér í fullri alvöru, eflaust að vel athuguðu máli. Flestir velja það aðeins einu sinni sjálfviljugir, enda aðeins ein ævi til ráðstöfunar. Það er andleg misþyrming að vera neyddur til að hætta við sín helgu áform, mörg dæmi eru til, að fólk bíði þess aldrei bætur. Hver ber ábyrgðina á því?

Einnig má ímynda sér undrun og vonbrigði foreldra, vina og annarra vandamanna, sem séð hafa þetta æskufólk koma til mikils þroska, styrkt það eftir mætti og treyst því, að það nyti áfram góðrar handleiðslu hjá lærimeisturunum, sem er trúað fyrir því.

Og hefur nokkur reiknað út, hvað hinn glataði námstími er búinn að kosta þetta fólk?

Þessi fallprósenta, — 80%, er svo óeðlileg og óvenjuleg, að ekki er hægt að viðurkenna hana rétta. Það er því krafa vandamanna þessara stúdenta og allra réttsýnna manna, að yfirvöld menntamála skipi nefnd óvilhallra, sérfróðra manna, sem rannsaki og dæmi um, hvort prófverkefnin hafi verið hæfilega þung miðað við þá kunnáttu, sem eðlileg er eftir þann námstíma, sem er að baki, svo og „pensúm", og í öðru lagi, hvort einkunnir hafi verið gefnar af fullri sanngirni.

Einnig ætti að afnema tímatakmarkanir við nám og í öðru lagi það ákvæði, að endurtaka þurfi próf, sem stúdentar hafa við nám áður staðizt.

Það er nú varla lengur hulið, hvað veldur læknaskorti á Íslandi. Meðan alþm. brjóta heilann um, hvernig leysa megi og bæta úr læknisleysinu víða um land, keppast prófessorar við að fella stúdenta í læknadeild.

Í aths. Steingríms Baldurssonar efnafræðiprófessors við grein læknastúdentanna 22, birtri í blöðunum 28. febr. s. l., finnst ekkert rökstutt svar, sem hnekkt geti nokkru atriði í

grein stúdentanna eða varpað geti ljósi á hina furðulegu útkomu prófanna. En það skal sá góði maður vita, að væri hann kennari við einhvern annan skóla og 80% af nemendum hans féllu þar á prófi í sérfagi hans, þá væri slíkur starfsárangur ekki talinn með felldu og mundi vissulega verða tekinn til rækilegrar athugunar af yfirvöldum skólans.

Eyrarbakka, 1. marz 1970,
Einar Th. Guðmundsson,
héraðslæknir."

Ég tel þessa grein svo merkilega og snerta þetta mál þannig, að ég vildi, að hún væri bókuð með í Alþingistíðindum.

Ég vil aðeins bæta því við, að ég hef átt tal við ungan lækni eða raunar læknastúdent, sem ekki hafði að fullu lokið námi, en gegndi um skeið héraðslæknisstörfum í héraði á landinu, og hann sagði, þegar ég ræddi læknaskortinn við hann: Framleiðið þið nóga lækna, og þá verður læknaskorturinn úr sögunni. Og það var alveg sérstaklega vegna þess, að ég lagði mikið upp úr þeim dómi, sem hann felldi um þessi mál, og einmitt vegna þess, að mér var svo minnisstæð þessi yfirlýsing hans, að ég hnaut um þetta, sem skeði í læknadeild Háskólans fyrir skömmu.

Ég vil enn fremur upplýsa, að ég hef átt tal við annan læknanema, sem var við framhaldsnám erlendis. Hann er upp runninn úr sveit, þess vegna mjög vel kunnugur. Hann þekkti af eigin reynslu þau vandamál, sem þessu fylgja, aðstöðu o. s. frv. Ég spurði hann þessarar spurningar: Hvenær varst þú á námstíma þínum þannig staddur í námi, að þú værir vel hæfur til þess, sem ég vildi nefna hjálp í viðlögum? Nú er það kannske orðinn ákaflega úreltur hugsunarháttur, að það mætti a. m. k. hafa allmikla hjálp af því, þó að læknir væri ekki fullmenntaður, ef svo mætti segja, en það, sem ég átti við með þessari spurningu, er það, að auðvitað krefst héraðslæknisstarfið í raun og veru þess, að héraðslæknarnir séu sem mest a. m. k. það, sem kallað er stundum á dönsku „altmuligmand". En hann svaraði þessari spurningu þannig: Ég var í raun og veru aldrei þannig staddur á námsbrautinni. Og þetta staðfestir það, sem sífellt hefur verið að skýrast betur, m. a. fyrir okkur alþm., að námstilhögunin í læknisfræðináminu í Háskólanum er alls ekki miðuð við það að mennta héraðslækna. Og ég segi fyrir mig, að mér finnst alls ekki við það unandi miðað við það, að þetta er eitt af þeim erfiðustu málum, sem við þurfum að fást við, það eru gerðar hvað mestar kröfur til okkar þm. með eðlilegum hætti víðs vegar um landið, að við getum ráðið bót á læknaskortinum.

Þetta vildi ég aðeins láta koma fram. Ég er einn af þeim, sem legg með því í allshn., að þessi till. sé samþ., og ég þurfti ekki af þeim ástæðum að taka hér til máls, en hitt er ljóst, að það er tæpast að vænta nema þá helzt einhverra skyndiúrbóta með samþykkt þessarar till. Hitt er aðalmálið, að við áttum okkur á því, hvað er að í læknisfræðináminu hér, sem þarf að laga, til þess að til frambúðar verði bætt úr læknaskortinum.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 37 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 657).

13. Endurskoðun heilbrigðislöggjafar.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun læknaskipunarlaga [69. mál] (A. 77).

Á 12., 14. og 16. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Þessi þáltill. var flutt af okkur þremur þm., en 1. flm. er Kristján Ingólfsson, sem hér átti sæti sem varamaður um skeið í haust, en hann er nú horfinn af þingi. Mér þykir rétt, úr því að málið er á dagskrá í dag, að fylgja því eftir vegna forfalla 1. flm.

Það kemur fram í till., að Alþ. álykti að fela heilbrmrh. að skipa nú þegar mþn., er hafi það hlutverk að endurskoða gaumgæfilega núgildandi læknaskipunarlög með það fyrir augum, að á komist meiri festa og traustari læknisþjónusta í landinu. Nefndin skal skipuð 9 mönnum, þar af skal landlæknir sjálfkjörinn og vera formaður nefndarinnar. Aðrir nm. skuli tilnefndir af eftirtöldum aðilum: Einn maður frá hverjum hinna fjögurra þingflokka, tveir af hálfu Læknafélags Íslands, og skal a. m. k. annar þeirra vera starfandi héraðslæknir, einn af stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga og loks einn af hálfu læknadeildar Háskólans.

Þetta er meginefni till. Það þarf ekki að fara um það ýkjamörgum orðum, hversu brýnt mál það er að bæta úr læknaskortinum, sem nú er og lengi hefur verið í dreifbýlinu, og við, sem stöndum að þessari till., teljum eðlilegt, að í því sambandi fari fram endurskoðun læknaskipunarlaganna. Að vísu eru læknaskipunarlögin ekki gömul, því að þau eru frá árinu 1964, en samt sem áður hefur komið í ljós, að lögin, eins og þau eru úr garði gerð, tryggja engan veginn að læknishéruð séu fullskipuð, t. d. skilst mér, að nú sé þannig ástatt, að um 10 eða 12 læknishéruð séu óskipuð af þeim 55 héruðum, sem til eru samkvæmt læknaskipunarlögunum.

Nú er það að vísu engan veginn ætlun okkar, sem að þessari till. stöndum, að farið verði út í stórfellda kollsteypu eða stórbreytingar á

læknaskipuninni. Það er ekki endilega víst, að það sé sú rétta leið, en eigi að síður kann að vera eðlilegt, að ákvæði laganna, bæði sjálf skipun læknishéraðanna og annað, sem í lögunum stendur, verði endurskoðað. Ég vil taka fram, að við, sem stöndum að þessari till., höfum enga sérstaka „patentlausn" á því, hvernig þetta skuli vera. Hins vegar teljum við, að eðlilegt sé, að þetta stóra mál verði tekið til gaumgæfilegrar skoðunar og það verði mþn., sem fjalli um þetta mál, allfjölskipuð mþn., þar sem hinir ýmsu aðilar, sem þetta mál snertir, bæði beint og óbeint, eigi aðild að. Þess vegna höfum við lagt til, að landlæknir verði sjálfkjörinn í nefndina sem helzti yfirmaður heilbrigðismálanna að undanskildum ráðh. og hann verði formaður nefndarinnar, en einnig að þá eigi sæti í þessari nefnd fulltrúar frá þingflokkunum, og með því móti erum við að tryggja Alþ. sem löggjafaraðila hlut að þessari mþn., og einnig leggjum við til, eins og ég hef sagt, að fulltrúar verði frá Læknafélagi Íslands, enda augljóst mál, að þetta snertir ekki lítið læknastéttina í landinu. Þá höfum við einnig lagt til, að fulltrúi verði í þessari nefnd frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en það er jafnframt augljóst, að sveitarfélögin eiga þarna eðlilega aðild að, þegar farið verður að endurskoða læknaskipunarlögin. Og að lokum leggjum við það til, sem mig langar að undirstrika, við leggjum til, að einn fulltrúi verði af hálfu læknadeildar Háskólans. En það eru ýmsir, sem telja, að það skipti ekki litlu máli, að læknadeild Háskólans verði aðili að slíkri endurskoðun á læknaskipunarlögunum og þarf ekki frekar að rökstyðja það, því að í læknadeildinni fá læknarnir sitt uppeldi, og það varðar ekki litlu, hvernig það uppeldi er og hvernig kennsluhættirnir eru, sem þar fara fram. Ég hygg því, að eins og þessi nefnd er hugsuð, þá sé hún á mjög breiðum grundvelli og hún sé eðlilega skipuð, og ég vænti þess, að þessi till. fái góðar undirtektir í þinginu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það, hvernig ástandið er í læknamálunum. Það er öllum hv. þm. margkunnugt og þess vegna ekki bein ástæða til þess að eyða löngu máli að þessu sinni í að ræða það sérstaklega, a. m. k. tel ég ekki þörf á því. Hins vegar tel ég það afar mikils virði, að þessi till., eins og hún er orðuð, sannarlega hógværlega orðuð, fái greiðan gang í þinginu og einkum, að hún komist til þingnefndar og fái þar eðlilega skoðun. Ég vil því leyfa mér í lok þessarar umr., herra forseti, að leggja til, að þessu máli verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég er ekki í nokkrum vafa um, að flm. þessarar till. gengur ekki nema gott til með tillöguflutningnum og er sjálfur þeirrar skoðunar, að með þeirri nefndarskipun, sem þeir leggja til, mætti einhverju áorka í sambandi við læknisþjónustuna í dreifbýli landsins og læknisþjónustuna í heild, þó að till. sé miðuð við endurskoðun á læknaskipunarlögum, því að nú er að vísu hægt að taka inn í læknaskipunarlögin víðari svið en þar eru núna, en ýmislegt, sem snertir heilbrigðisþjónustuna í dreifbýlinu, er náttúrlega utan læknaskipunarlaga. Hins vegar vil ég segja, að menn mega ekki gleyma því, sem hv. frsm. fyrir till. vék að, að læknaskipunarlög eru nýlega endurskoðuð, og það var með þeim hætti, sem ég vil leyfa mér að minna á, að landlæknir lagði til fyrri hluta árs 1964, að gerðar yrðu þá þegar ráðstafanir í samráði við læknasamtökin í landinu og nokkra aðra aðila, til að rækileg endurskoðun færi fram á læknisþjónustu dreifbýlisins. Síðan skipaði heilbrmrh. með bréfi 22. maí 1964 6 manna nefnd, sem falið var það verkefni að framkvæma endurskoðun á læknaskipunarlögum nr. 16 19. apríl 1955 og læknisþjónustu dreifbýlisins almennt, í því skyni að finna lausn á hinu aðkallandi vandamáli, sem stafar af skorti á héraðslæknum, einkum í hinum fámennari og afskekktari héruðum landsins. Þessi nefnd var þannig skipuð, að einmitt landlæknir, eins og hér er lagt til, var formaður hennar. Í henni voru einnig Benedikt Tómasson skólayfirlæknir, Óskar Þórðarson yfirlæknir, þáv. formaður Læknafélags Íslands, Hjálmar Vilhjálmsson ráðuneytisstj. í félmrn., sem hefur sveitarstjórnarmálin með höndum, Jón Thors fulltrúi í dóms- og kirkjumálarn., deildarstjóri heilbrigðismála þar, og svo fulltrúi frá Háskóla Íslands, einmitt læknadeildinni, eins og einnig er vikið að í þessari till. Hér var því um mjög svipaða nefndarskipun sérfræðinga að ræða og þeirra manna, sem fjalla um þessi mál eða eru mest við þau riðnir, bæði frá læknastétt, sveitarstjórnum og kennslunni, Háskólanum, þeim, sem hafa með læknakennsluna að gera. Þessi nefnd skilaði mjög ítarlegri álitsgerð og brtt. um læknaskipunarlögin og mörgum hliðartill., sem ekki voru í frv., en snertu læknisþjónustuna í dreifbýlinu. Frv. var svo lagt fyrir þingið af hálfu ríkisstj. og afgreitt sem lög á þinginu 1964—1965, á síðari hluta þingsins.

Nú er það alveg rétt, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði, að ekki hafa þessi nýju læknaskipunarlög leyst úr þeim vanda, svo að viðunandi sé. Það er mér fullkunnugt um og það er kannske ekki öðrum kunnugra nema þeim, sem á brennur sjálfum, eðlilega, en það má segja í raun og veru, að verið hafi áframhaldandi stanzlaus endurskoðun á þessu vandamáli, frá því að þessi lög voru sett, þó að ekki hafi verið unnið að því í sérstakri nefnd eftir að lögin voru sett. Það hefur verið sífellt unnið að þessu í dómsmrn., sem fer með heilbrigðismálin, og í sívaxandi mæli höfð samvinna við læknasamtökin og aðra aðila, sem heilbrigðisþjónustan í dreifbýlinu snertir. Læknasamtökin hafa haldið tvær, ef ekki þrjár ráðstefnur um heilbrigðismál, þar sem þessi vandamál hafa verið tekin til meðferðar og sérstaklega sá þáttur læknisþjónustunnar, sem er í þessum lögum og snertir læknamiðstöðvar í dreifbýlinu. Og á síðasta þingi voru einmitt samþykktar við-

tækar breytingar á læknaskipunarlögunum, er sett voru ákvæði um læknamiðstöðvarnar. Það tók nokkurn tíma í þinginu, en um það varð ágætis samkomulag áður en lauk, og allir voru einhuga um að reyna að skapa þann ramma í löggjöfinni, sem gerði mögulegt að koma upp læknamiðstöðvum, sem gætu að einhverju leyti, þar sem þeim yrði við komið, leyst úr þessu vandamáli. Ég vil ekki láta misskilja mitt mál þannig, að ég sé út af fyrir sig á móti till. eins og þessari, en ég vek athygli á því, að ég held, að eins og sakir standa nú, sé í raun og veru ekki mikið verkefni fyrir hana, þar sem að þessum málum hefur verið svo mikið unnið, en ég mun að sjálfsögðu standa með því, að þessi till. fái sína þinglegu meðferð og verði afgreidd sem fyrst til nefndar, og nefndin getur svo, eins og venjulegar þn. gera, kynnt sér, hvort þetta sé vænlegt eða ástæða til eða þörf á að efna til slíkrar nefndarskipunar, í viðræðum við heilbrigðisyfirvöldin, landlækni og aðra aðila, sem þarna um fjalla.

Það er rétt, að það eru 10—12 læknislaus héruð eða héruð, þar sem læknisþjónustunni er gegnt úr öðrum læknishéruðum aðliggjandi. Við blasir þessi stóri vandi, að í helmingnum af þessum héruðum eru sennilega innan við 500 manns og í sumum innan við 100. Og það er eiginlega ekkert þeirra með 1000 íbúa, — jaðra við að vera það, þau fjölmennustu. Nú er talið í nágrannalöndum okkar, að það sé hæfilegt verksvið fyrir lækni að gegna 2 500—10 000 íbúa héraði. Það eru að vísu nokkuð mismunandi skoðanir á þessu, en síðustu tölur, sem landlæknir benti mér á, voru þessar, 2 500—10 000 manns. Við eigum þarna við ákaflega mikla erfiðleika að glíma. Sennilega geta læknamiðstöðvarnar bætt úr sums staðar. Sums staðar er ekki hægt að koma þeim við. En varðandi atriði, sem ekki eru beinlínis í læknaskipunarlögunum, vil ég sérstaklega nefna kennsluna. Heilbrigðisstjórnin hefur átt um það ítrekaðar viðræður og látið frá sér fara ábendingar til Háskólans um að endurskoða kennslufyrirkomulagið í Háskólanum, einmitt með hliðsjón af því, að kennslufyrirkomulagið miðaðist a. m. k. í einhverjum greinum sínum meira við að útskrifa, ef svo má segja, verðandi héraðslækna. Og nú eru í burðarliðnum nýjar reglur, sem stefna að þessu og vonandi geta orðið til góðs, og miða m. a. að því að gera heimilislækningar og slíkar lækningar, sem víða eru stundaðar af héraðslæknum, að sérgrein, því að mikið kapp er lagt á, að þeir séu sérfræðingar á einhverju sviði. Þetta er eitt af því, sem haft hefur verið til athugunar. Einnig hefur verið athugaður möguleiki til þess að bæta úr læknisþjónustunni í sambandi við flugið, og þar komum við aftur að þeim miklu erfiðleikum að búa í landi, þar sem er langur vetur og veðrasamur, þannig að það verður kannske til einskis gagns, þó að öll fullkomnustu tæki á því sviði væru fyrir hendi, þegar mest á ríður.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég vildi aðeins minna á þessi vandkvæði, sem hér er um að ræða, og ég vil meina, að það sé rétt, að í raun og veru hafi verið stanzlaus endurskoðun á þessu vandamáli þessi fáu ár, sem liðin eru, síðan nýju lögin um læknaskipun landsins voru sett, og loks vil ég svo minna á, að á s. l. þingi voru sett lög um Stjórnarráð Íslands, sem gera ráð fyrir því, að sérstakt rn. fari með heilbrigðismál, þ. e. að heilbrigðis- og tryggingamál tilheyri sérstöku rn. Yfirstjórn heilbrigðismálanna hefur verið í endurskoðun í rn. mínu, og það er búið að vinna töluvert mikið að því verki. Það var hins vegar lagt til hliðar í vor sem leið, eftir að sýnt var, að myndað yrði nýtt rn. heilbrigðismála, og taldi ég ekki ástæðu til að halda því lengur áfram, meðan maður ekki vissi, hver mundi með þau mál fara að þeirri breytingu lokinni. En hvað sem því líður ætti það auðvitað að styrkja aðstöðuna í þessum málum, að sjálfstætt rn., sérstakt rn. heilbrigðismála og tryggingamála — og ákaflega mikill hluti tryggingamálanna er beinlínis bundinn við heilbrigðismálin — taki til starfa.

Ég mun að sjálfsögðu fylgja því, að þessi till. fari til nefndar, er framkvæmi sem ítarlegasta skoðun á því, hvort rétt sé að skipa umræddа nefnd eða gera einhverjar aðrar ráðstafanir, eða leggja til einhverja breytingu á orðalagi till., ef henni sýndist, að það gæti verið til bóta.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í framhaldi af ummælum hæstv. ráðh.

Hann greindi frá því, hve mörg læknishéruð væru óskipuð hér á landi. Ég vefengi ekki hans tölur, þó að ég raunar hefði haldið, að þau væru nokkru fleiri. En ég vil láta það koma fram hér, að tala þeirra gefur ekki rétta mynd af ástandinu. Það, sem við, sem búum við öryggisleysi í þessum málum, erum ekki síður hrædd við, er það, hve ótryggt ástandið er í mörgum þeim læknishéruðum, sem nú er þó læknir í. Mér er alveg sérstaklega í huga ástandið á Austfjörðunum eins og það er nú. Læknislaust er á Djúpavogi, héraðslæknir er ekki heldur í Neskaupstað, en að öðru leyti hygg ég, að læknishéruðin séu setin eins og er. En ef skyggnzt er aðeins dýpra í málið, kemur margt í ljós. Héraðslækninum á Höfn í Hornafirði er nú gert að þjóna, auk allrar Austur-Skaftafellssýslu, svæðinu austur að Berufirði. Þetta er slíkt álag á einn mann, að engu tali tekur. Ég er ekki persónulega kunnugur þarna syðra, en ég hef heyrt ýmsa segja, að það sé aðeins tímaspursmál, hvað sá ágæti læknir endist lengi til þess að þjóna undir þessum gífurlega erfiðu kringumstæðum, því að víðáttan þarna minnir á ástandið, sem var á dögum Sveins Pálssonar.

Á Djúpavogi er enginn læknir, það er sem sagt enginn læknir á svæðinu frá Hornafirði til Fáskrúðsfjarðar. Ef við lítum svo á ástandið á Fáskrúðsfirði, þá er það þannig, að þar situr nú aldraður maður, sem áður en

langt um líður hættir vegna aldurs. Það blasir í fyrsta lagi við þar, að ef ekki tekst að koma upp nýjum læknisbústað í tæka tíð, þá verður héraðið læknislaust. Það fer ekki nýr læknir í þann bústað, sem þar er. En þar fyrir utan, eins og þróunin hefur verið í þessum málum, þá virðist fullkomin óvissa um, hvað þar taki við.

Eskifjarðarhérað er setið núna, en ég held, að það sé ekki gengið út frá því, að sá læknir verði þar til frambúðar. Og í sjálfum Neskaupstað, sem er stærsti þéttbýliskjarninn á Austurlandi, hefur ekki fengizt héraðslæknir lengi. Að vísu hefur tekizt svo vel til, að ráðizt hefur fastur læknir að sjúkrahúsinu, en þar hafði áður verið óskaplegt óvissuástand.

Á Egilsstöðum sitja tveir læknar núna, og ég skal ekki ræða um það.

Á Seyðisfirði er settur héraðslæknir, læknir, sem fyrst og fremst stundar tannlækningar og var búinn að koma sér upp lækningaaðstöðu á Egilsstöðum og ætlaði að flytja þangað sína bækistöð sem tannlæknir. En þegar Seyðisfjarðarhérað varð laust fyrir nokkrum misserum síðan, gerði hann það fyrir þrábeiðni íbúa læknishéraðsins, og sjálfsagt hefur verið lagt að honum líka frá hærri stöðum, að taka þetta hérað að sér. Hvenær þessi maður svo hverfur að sínu aðalstarfi, er óvíst með öllu. En svona er það til komið, að þetta hérað er setið núna.

Og þá er ég kominn að nyrzta læknissetri á Austurlandi, Vopnafirði. Þar er þetta þannig, líkt og á Hornafirði, að sá læknir hefur þjónað mjög stóru og mjög erfiðu svæði. Og maður heyrir það æ ofan í æ, að það sé undir hælinn lagt, hversu lengi sá maður endist til að þjóna við þessi geipilega erfiðu skilyrði.

Ég vildi leggja áherzlu á það, að það er ekki sízt þessi gífurlega óvissa um fjölmörg þau læknishéruð, sem núna eru skipuð, sem skýtur þeim skelk í bringu, sem eiga búsetu á þessum slóðum.

Ég ætla ekki að fara að tala fyrir hönd flm. þessarar till., þó að 1. flm. sæti á þingi í forföllum mínum á dögunum. Og ég hygg, að flm., alveg eins og ég, séu fúsir að viðurkenna, að á hærri stöðum er mjög verið að íhuga þessi mál og að hver og einn, sem um þessi mál fjallar, geri það, sem í hans valdi stendur. En ástandið er svona uggvænlegt eins og ég var að segja. Og þess vegna er það nú, að menn fara af stað með mál eins og þetta á hv. Alþ. til þess að undirstrika og árétta, hve gífurleg þörf er á skjótum aðgerðum.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 77, n. 565).

Frsm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Þessi mál öll hafa mikið verið rædd á hv. Alþ. áður, og það er ástæðulaust að flytja langa framsögu, eins og nú er komið tíma þingsins. Allshn. varð sammála um, að hér væri mikið alvörumál á ferðinni og leggur til, að þessi till. verði samþ., en þó með tveimur meginbreytingum. Annars vegar þeirri að fækka í nefndinni. Í upphaflegu till. er gert ráð fyrir níu manna nefnd, en í brtt. allshn. er gert ráð fyrir, að nefndin verði skipuð fimm mönnum. Að hinu leytinu að færa út verksvið þessarar nefndar, þannig að hún, auk þess að taka til athugunar læknaskipunina, athugi einnig sérstaklega skipulag sjúkrahúsanna. En nál. og till. allshn. um breytingu liggur hér fyrir á þskj. 565, og vil ég að öðru leyti láta nægja að vísa til þskj.

ATKVGR.

Brtt. 565,1 (ný tillgr.) samþ. með 40 shlj. atkv.

Brtt. 565,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis með fyrirsögninni: **Þál. um endurskoðun á ýmsum þáttum heilbrigðislöggjafar** (A. 658).

---

14. Samvinna yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.: **Till. til þál. um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps** [86. mál] (A. 96).

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. og 18. fundi í Sþ., 19. nóv. og 3. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég leyfði mér í upphafi þings að leggja fram till. til þál. um samvinnu yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps. Þar sem nokkuð er langt síðan þessi till. var lögð fram, ætla ég að leyfa mér að rifja upp efni hennar. Það er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að láta sem fyrst fara fram athuganir á því, með

hverju móti unnt væri að koma á samvinnu yfirstiórnar fræðslumála og sjónvarpsins með sérstöku tilliti til þess að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum."

Frá því að þessi þáltill. var lögð fram, hafa farið fram hér á hv. Alþ. miklar umr. um námsaðstöðu nemenda, og jafnframt um starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum, og það er ánægjulegt til þess að vita, að þessar umr. hafa orðið til þess, að í fjárlögum fyrir árið 1970 er að finna heimild til að greiða kostnað til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms, allt að 10 millj. kr. Þetta er í framfaraátt, þó að þessi upphæð hefði þurft að vera hærri, því að eins og fram kom í þessum umr., er hér um miklar fjárfúlgur að ræða hjá barnmörgum heimilum, og það er bláköld staðreynd, að vegna vaxandi kostnaðar við að senda börn í framhaldsskóla fiarri heimilum, hafa unglingar í dag orðið að sitia heima. Og það er hart á því herrans ári 1970.

Sjónvarpið hefur nú, eins og við vitum, starfað um briggja ára skeið, og ég held, að það sé mál flestra, að það hafi tekizt vel til með bessi byrjunarár.

Um áramótin síðustu urðu þau þáttaskil í sögu sjónvarpsins, að það nær nú til 90% af landsmönnum. Er það mikið fagnaðarefni, og þá vaknar sú spurning, hvort ekki sé tímabært, að sjónvarpið hefji starfsemi á nýjum sviðum, þar sem það gæti orðið enn frekari lyftistöng menningu og menntun í landinu.

Í framhaldi af umr. um menntamál hér á Alþ. og sjónvarpsmál var samþykkt ný upphæð á fjárlögum, þar sem heimilað var að greiða 250 hús. kr. í kostnað við tilraunakennslu í sjónvarpi. Þetta miðar líka í framfaraátt. Hér er þó sömu sögu að segja og um 10 milli., sem ég minntist á áðan, upphæðin er of lág.

Ég sé ekki ástæðu til að fiölyrða frekar um bessa báltill. Hún skýrir sig að miklu leyti sjálf og sú grg., sem henni fylgir, og leyfi ég mér því, herra forseti, að leggia til, að umr. verði frestað og till. fari til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 96, n. 528).

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Allshn. hefur athugað bessa till. frá hv. 5. þm. Norðurl. v. um samvinnu yfirstiórnar fræðslumála og sjónvarps og einnig báltill. frá mér um skólasjónvarp. Ég vildi aðeins láta þess getið í þessu sambandi, að ástæðan til þess, að hér eru tvær till. á ferðinni um raunverulega sama mál, er sú, að þann dag, sem till. frá hv. 5. þm. Norðurl. v. var útbýtt, að morgni þess sama dags lagði ég fram þessa till. mína, sem ég flutti einnig í fyrra, og úr því sem komið var, var ekki hægt að stöðva hana. En n. hefur sem sagt athugað till. báðar og orðið sammála um það að afgreiða þær í einu lagi, orðið sammála um að afgreiða þær þannig, að n. mælir með samþykkt fyrrnefndu till., þó með nokkurri breytingu, eins og segir á þskj. 528. Breytingin er á þá leið, að í brtt. er tekið tillit til upplýsinga, sem fram koma í bréfi frá útvarpsráði, sem fékk báðar till. til athugunar, en þar kemur fram, að þegar er hafinn undirbúningur að skólasjónvarpi, og þess vegna er orðalagi breytt í samræmi við það í brtt. n., sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að efld verði sú samvinna yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps, sem þegar er hafin, og að þar verði lögð rík áherzla á að jafna námsaðstöðu nemenda og starfsaðstöðu kennara í hinum ýmsu landshlutum."

Þessi samvinna yfirstjórnar fræðslumála og sjónvarps, sem þarna er rætt um að sé þegar hafin, er á þá leið, eftir því sem segir í bréfi frá útvarpsráði, að gerð verður tilraun nú á þessu ári með skólasjónvarp í eðlisfræði, enda hafa verið veittar til þessarar tilraunar 250 þús. kr. á fjárl. Nú er þetta enginn obbi, slík fjárveiting til jafnviðtækrar starfsemi og skólasjónvarp hlýtur að vera, skóla- og fræðslusjónvarp, en byrjun er þetta þó engu að síður, og ber að fagna því. Ég vildi aðeins beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. í þessu sambandi, í hverju þessi tilraun er fólgin og hvenær bess megi vænta, að hún hefiist í sjónvarpinu. Ég vona, að þessi sakleysislega fsp. mín verði ekki til þess að hleypa af stað skriðu upp í ræðustólinn. Nóg er nú að gert á þessum síðustu dögum þingsins með langar umr.

Ég vildi svo aðeins sem flm. annarrar þessarar till. þakka afgreiðslu hennar og vænti þess, að menntmrh. veiti svör við fsp. minni. Ég sá nú, að hann gekk úr salnum. Eflaust hefur hann ætlað að afla einhverra upplýsinga um þetta.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég kem í ræðustól aðeins til að lýsa bakklæti mínu til allshn. Sþ. fyrir málsmeðferðina á till., sem ég flutti á þskj. 96. og lýsi mig fyllilega samþykkan bessari breytingu, sem er hér að finna á þskj. 528. og ég vona, að hv. alþm. muni samþykkja hana nú á þessum fundi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég bið afsökunar á því, að ég var kallaður í símann, en það tók sem betur fer ekki lengri tíma en svo, að ég get svarað fsp., sem ég hevrði, áður en ég fór í símann.

Hv. fyrirspyrjandi spurðist fyrir um það, hvað væri fyrirhugað á vegum sjónvarpsins til þess að þjóna skólum, þ. e. hvers konar framkvæmdir væru fyrirhugaðar hjá skólasjónvarpi. Ég get sagt, að almennt hefur verið

hafinn að því nokkur undirbúningur að nýta sjónvarpið í þágu skólastarfsins. Ekki hefur þó verið tekin endanleg ákvörðun um nema eitt atriði í þessu sambandi.

Eins og hv. þm. er e. t. v. kunnugt, hefur staðið yfir undirbúningur að allvíðtækri endurbót á kennslu í eðlisfræði á skyldunámsstiginu. Fram að þessu hefur eðlisfræðikennsla ekki hafizt fyrr en í 2. bekk gagnfræðaskólanna. Tvö undanfarin ár hefur verið unnið að því á vegum skólarannsókna og af hálfu námsstjórans í eðlisfræði, Arnar Helgasonar, með aðstoð sérstakrar nefndar, að undirbúa gagngera breytingu á eðlisfræðikennslunni. Öllum undirbúningi undir þetta er lokið, og hið nýja námsefni og hin nýja námsaðferð í eðlisfræðikennslunni mun verða reynt næsta haust. Það „prógramm" í eðlisfræðikennslunni, sem undirbúið hefur verið, er þannig, að þegar á næsta hausti mun verða byrjað að kenna 11 ára nemendum eðlisfræði og síðan fram haldið og á næsta vetri 12 ára nemendum og 14 ára nemendum. Þar er bæði um gerbreytt námsefni að ræða, eins og eðlilegt er, þar sem um allt annað aldursskeið er að ræða og auk þess nýjar kennsluaðferðir með nýjum tækjum. En einmitt í sambandi við þennan undirbúning hefur verið ráð fyrir því gert, að sjónvarpið væri notað, og það hafa verið undirbúnir 10—12 sjónvarpsþættir, sem sjónvarpið sýnir frá og með næsta hausti til stuðnings og eflingar þessari kennslu. Efni þáttanna er þannig, að það er ekki bráðnauðsynlegt fyrir nemendur að fylgjast með þeim. Það námsefni, sem þeir munu fá í hendurnar og sú kennsla, sem þeim mun verða búin, mun nægja til þess að gera þeim kleift að tileinka sér það efni, sem ætlazt er til, að þeir tileinki sér og standast síðan prófkröfur. En þessi sjónvarpskennsla á að auðvelda nemendunum að tileinka sér námsefni í eðlisfræðinni í sem ríkustum mæli. Hér verður m. ö. o. um mjög athyglisverða tilraun að ræða og eftir því, hvernig hún tekst, má mikið læra um áframhald á notkun sjónvarpsins í þágu skólastarfsins. Fleiri atriði eru þarna til athugunar og undirbúnings, en þetta er það eina, sem endanleg ákvörðun hefur verið tekin um.

Frsm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör við fsp. minni, og ég vænti þess, að þessi byrjun á skólasjónvarpi takist vel og það verði eflt sem frekast er kostur til bættrar aðstöðu fyrir dreifbýlið, skólana í dreifbýlinu, nemendur þar og kennara.

ATKVGR.
Brtt. 528 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 659).

15. Endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms [111. mál] (A. 134).

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 36., 37., 38., 39. og 42. fundi í Sþ., 28. jan., 2., 4., 11. og 18. marz og 1. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Auður Auðuns): Herra forseti. Þessi þáltill. um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms, sem við stöndum að þm. úr fjórum þingflokkum, er flutt að tilhlutan stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er reyndar ekki óeðlilegt, að samtök sveitarfélaganna láti þetta mál til sín taka, þar sem eignarnám mun hvað tíðast fara fram einmitt í þágu sveitarfélaganna. Um eignarnám segir í 67. gr. stjórnarskrárinnar, að enginn verði skyldaður til að láta af hendi eign sína, nema almenningsþörf krefji, enda sé lagaheimild til slíks eignarnáms og fullt verð komi fyrir.

Eignarnámsheimildir er víða að finna í íslenzkum lögum. Það er ýmist í sérstökum lögum um einstök eignarnám eða ákvæði almenns eðlis, eins og t. d. í skipulagslögum og hafnalögum, sem vikið er að í grg. með þáltill.

Um framkvæmd eignarnáms gilda lög nr. 61 frá 1917. Þau lög eru nú orðin meira en hálfrar aldar gömul og þegar af þeirri ástæðu sýnist ærin ástæða til endurskoðunar þeirra, þegar höfð er í huga sú gerbreyting, sem síðan er orðin á aðstæðum í þjóðfélaginu. En það, sem gerir slíka endurskoðun aðkallandi öðru fremur, eru þau býsna ófullkomnu ákvæði, sem lögin hafa að geyma um sjálft eignarnámsmatið og matsgerðir.

Eina verðviðmiðun eignarnámslaganna frá 1917 er í 10. gr. þeirra, þar sem segir, að matsverð eignar skuli miðað við það gangverð, sem hún mundi hafa í kaupum og sölum. Þess er ekki krafizt, að rökstuðningur sé í matsgerð fyrir ákvörðun matsverðs, enda mun í flestum matsgerðum rökstuðningur lítill eða enginn vera og tíðast látið nægja það „klassiska" orðalag: Með hliðsjón af öllum atvikum þykir matsverð hæfilega ákveðið svo og svo margar kr. Hins vegar fjalla matsgerðirnar stundum — og það jafnvel í löngu máli, t. d. í fskj., — um atriði, sem ekki verður séð, satt að segja, að komi hlutverki matsmanna við, svo sem um eignarumráð og sögu matsandlagsins langt aftur í aldir. Það er t. d. ekki langt síðan, að í fskj. með einni matsgerð, sem töluvert hefur

orðið umrædd, var farið allt aftur á 12. öld og m. a. tíundaður músagangur á þeirri eign, sem um var að ræða í þessu tilfelli.

Þess eru líka dæmi í matsgerðum, að þar sé byggt á ímynduðum eða óvissum verðhækkunum einhvern tíma í fjarlægri framtíð, sem alger óvissa ríkir um, þó að eignarnámslögin segi ótvírætt, að miða skuli við gangverð.

Þá virðist oft ekkert tillit tekið til þess við ákvörðun matsverðs, þegar t. d. sveitarfélög verða að leggja í stórkostleg útgjöld til að gera nýtanleg og arðbær landsvæði, sem án þess væru óarðbær og verðlaus eða verðlítil fyrir eigendur. Tekjur sveitarfélags af slíkum eignum hrökkva þá sjaldnast fyrir nema hluta af vöxtum af því fé, sem varið hefur verið til nauðsynlegrar framkvæmdar, hvað þá heldur að það hrökkvi fyrir vöxtum af sjálfu matsverðinu.

Þessi ófullkomnu ákvæði eignarnámslaganna hafa, sem kannske ofur eðlilegt er, oft leitt til handahófskenndrar ákvörðunar matsverðsins, sem sýnir sig m. a. í miklu misræmi í einingarverði landa og einnig í stórfelldum breytingum, sem matsverðið getur tekið frá undirmati til yfirmats. Og í því sambandi má vitna til tiltölulega nýlegs yfirmats, þar sem matsverð var lækkað úr tæpum 10 millj. niður í rúmar 5 millj. kr. eða um allt að því helming.

Þá er það þóknun fyrir störf matsmanna. Samkv. eignarnámslögum eiga matsmenn sjálfir að ákveða þóknun sér til handa, en stjórnarráðið sker úr, ef ágreiningur verður. Í lögunum er ekki að finna neinar leiðbeiningar um það, við hvað þóknunin skuli miðuð, og reyndin hefur líka orðið sú, að matsþóknanir hafa oft þótt lítt við nögl skornar. Það virðist full þörf á að setja reglur um ákvörðun matsþóknunar.

Þegar nauðsyn knýr sveitarfélög til, segjum t. d. að ná eignarhaldi á lendum, sem getur verið nauðsynlegt af margvíslegum ástæðum, t. d. til að framkvæma skipulag vegna hafnargerðar o. s. frv., þá er að vísu, sem auðvitað er líka æskilegast, yfirleitt reynt að fara samningaleiðina, og ég hugsa, að margir hafi þá sögu að segja, sem nálægt þeim málum koma, að reynt sé að teygja sig eins langt og unnt er, og mætti kannske í sumum tilfellum segja lengra jafnvel en eðlilegt er í að ganga til móts við verðkröfur landeigenda, til þess að þurfa ekki að fara hina leiðina, að krefjast eignarnáms, vegna þeirrar reynslu, sem af því hefur orðið, bæði varðandi matsverðið og einnig þá óeðlilega háu þóknun, sem oft er gert að greiða í þessu sambandi. Til þess líka að draga úr því mikla misræmi, sem ég áður vék að og sem nú tíðkast oft í matsgerðum, bæði hvað form og niðurstöður snertir, þá væri æskilegt, að matsmenn ættu aðgang að öllum eignarnámsmatsgerðum á einum og sama stað, t. d. eins og í grg. mun vera bent á, í dómsmrn. eða Hagstofunni. Það mundi að sjálfsögðu auðvelda matsmönnum störf þeirra, og það dregur þá úr líkum fyrir því, að aðilum kunni að verða mismunað, eins og nú er algengt.

Þegar haft er í huga, hve miklir hagsmunir eru oft í húfi fyrir aðila eignarnáms, jafnvel svo að skiptir tugum millj., eins og dæmi eru mörg til, þá er það sannast að segja alveg óviðunandi, að þessum málum sé ekki skipað með svo ítarlegri löggjöf sem tök eru talin á og fært þykir. Það er alveg ljóst, að samning slíkrar löggjafar er vandasamt verk, en vafalaust mætti hafa þar til hliðsjónar löggjöf um þessi efni hjá nágrannaþjóðum okkar á Norðurlöndum, sem sett hafa um þau ítarleg lög.

Það eru auðvitað mörg atriði, sem koma til greina í sambandi við setningu nýrrar löggjafar um framkvæmd eignarnáms, og ég mætti e. t. v. nefna hér nokkur atriði, sem sýnist auðsætt eða eðlilegt, mjög eðlilegt, að m. a. yrðu höfð í huga. Vil ég þá nefna fyrst skipun matsmannanna, annað réttarfar í matsmálum og í þriðja lagi frágang matsgerðanna, og má segja, að það sé kannske aðalatriði þessa máls, að í frágangi matsgerða eða ákvæðum um hann yrði matsmönnum m. a. skylt að taka beina afstöðu til ákveðinna atriða, eins og t. d. gangverðs, afnotaverðs, kostnaðar, ytri aðstæðna, skipulags o. s. frv. og að rökstyðja niðurstöður sínar að öðru leyti. Það þyrftu að sjálfsögðu einnig að vera ákvæði um hugsanleg réttindi annarra í hlutaðeigandi eign, ákvæði um greiðsluskilmála, þóknun til matsmanna, hvernig hún skuli ákveðin, og um skilaskyldu matsgerða til ákveðinnar stofnunar, t. d. eins og ég áðan nefndi, annaðhvort til dómsmrn. eða Hagstofunnar og að matsmenn skuli eiga aðgang að þessu safni matsgerða, sem yrðu þá í vörzlu þeirrar stofnunar, sem ákveðið yrði.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um till., en vísa að öðru leyti til þeirrar grg., sem henni fylgir.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn. Ég vona, að þetta mál liggi það ljóst fyrir, nauðsyn á endurskoðun þessarar löggjafar, að í þeim efnum geti vart verið um ágreining að ræða og vænti þess því, þó að áliðið sé orðið þinghaldsins, að hv. allshn. sjái sér fært að skila nál. um málið, áður en þingi lýkur.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 134, n. 523).

Frsm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um endurskoðun laga um framkvæmd eignarnáms, sem borin var fram á þskj. 134. Allshn. er sammála um að leggja til, að till. verði samþykkt.

Auður Auðuns: Herra forseti. Ég vildi ekki láta hjá líða að þakka allshn. fyrir skjóta og jákvæða afgreiðslu á þessari till. Ég veit, að annríki er mikið hjá þingnefndum um þessar mundir, en ég ætla, að það hafi legið svo í augum uppi, hvílíkt nauðsynjamál og sanngirnismál hér var um að ræða, að hv. nm. hafi

ekki lengi þurft að skoða hug sinn til þess að mæla með samþykkt till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 660).

16. Rækjuveiðar.

Á deildafundum 12. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um að auka rækjuveiðar [180. mál] **(A. 413).**

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 40. fundi í Sþ., 19. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Þorsteinn Gíslason): Herra forseti. Fram er komin till. um, að ríkisstj. beiti sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju og þá sérstaklega eins og slíkt gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði.

Hér á landi hófust rækjuveiðar á Ísafjarðardjúpi árið 1936 og hafa einkum verið stundaðar við Vestfjarðakjálkann eða í Arnarfirði, Ísafjarðardjúpi og á Hrútafirði. Við leit á undanförnum árum hefur rækja fundizt á mörgum stöðum við landið, allt frá grynnstu miðum og út í landgrunnskantinn. Og er menn tóku að stunda grálúðuveiðar s. l. sumar á djúpmiðum út af Norður- og Austurlandi, urðu þeir varir við rækju. Er leitarskip fóru í könnunarleiðangur á þessa staði s. l. haust, virtist vera þarna um mikið magn að ræða. Þá fundust í þessum leiðangri góð rækjumið nær landi eða í námunda við Kolbeinsey. Einnig er vitað, að Norðmenn fundu nýlega líkleg mið við Jan Mayen, og var það mjög stór rækja, sem veiddist þar. Þar sem sáralítið hefur verið leitað á dýpri miðum, má ætla af þessari byrjunarreynslu, að þarna geti víða verið góð veiðisvæði, og er þarna ærið verkefni handa leitarskipunum fram undan, verkefni, sem við höfum engin efni á að láta bíða.

Markaður fyrir rækju er stór. Þetta er dýr vara og eftirspurn mikil. Hlutur okkar Íslendinga er lítill. Á seinustu árum hefur ársaflinn komizt upp í 2–300 lestir, þegar heimsframleiðslan er 8–9000 lestir. Og þótt við gætum aukið verulega framleiðslu á þessum afurðum, er talið, að það ætti engin áhrif að hafa á sölumöguleika okkar. Í þessu sambandi má nefna, að á seinustu árum hefur sala á rækju aukizt mikið frá Bandaríkjunum til Svíþjóðar og frá Kanada til Englands.

Meðal þeirra þjóða, sem mest veiða, hefur ýmislegt nýtt komið fram í gerð rækjubáta. Þróunin hefur verið sú, að bátarnir hafa stækkað og gerðir breytzt vegna fenginnar reynslu. Þessir bátar eru einfaldir í byggingu og þess vegna tiltölulega ódýrir. Þá hefur gerð veiðarfæra breytzt og ýmsar nýjungar komið fram. Hafa þær hentað vel við breyttar aðstæður. Hér á Íslandi var t. d. tekin í notkun árið 1967 mun stærri varpa en áður hafði verið notuð, og við það óx aflinn stórlega. Í notkun er komin ný gerð dýptarmæla, sem hefur reynzt mjög vel við leit og rækjuveiðar í Asíu og Ameríku. Enn þá hefur ekkert íslenzkt skip fengið slíkt tæki.

Aðferðir við geymslu hafa breytzt. Á heitari hafsvæðum eru bátar upp í 12 daga í veiðiferð. Í Noregi hafa menn t. d. víða þann hátt á, að þegar afla hefur verið landað, er hann fluttur í hylkjum til staða, þar sem hann er svo unninn.

Hér hefur verið drepið á fáein atriði af mörgum, sem við gætum e. t. v. lært af reynslu þeirra, sem af henni eru ríkari. Okkar fámenna þjóðfélag hefur engin efni á því að stunda rannsóknir á vinnubrögðum í stórum stíl eða eyða mörgum og dýrmætum árum í vangaveltur um gerð og útbúnað skipa, á meðan aðrir ausa upp fiski við nefið á okkur á sínum fullkomnu togveiðiskipum.

Rækjuvinnsla krefst ekki mikils útbúnaðar, hvorki frystingar né niðursuðu, en hún þarf mikið vinnuafl. Dragist bolfiskveiðar saman á grunnmiðum, eins og margir ætla, gæti þarna orðið verkefni fyrir marga af minni vélbátum okkar, en það hefur sýnt sig, að þeir geta stundað rækjuveiðar á dýpri miðum, a. m. k. yfir sumarmánuðina. Víða hefur skapazt slæmt ástand með sumaratvinnu. Sérstaklega hefur þetta bitnað á skólafólkinu og jafnvel gert því ókleift að ljúka námi eða sækja skóla fjarri heimilum sínum. Þess vegna megum við ekkert tækifæri láta ónotað til þess að auka þennan atvinnuveg, sem gæti stóraukið möguleikana á sumaratvinnu fyrir æskufólkið.

Því miður er það óskhyggja — og verður um næstu framtíð — að álíta, að við getum haldið áfram að lifa hér í landi við þá lífsháttu, sem við höfum tamið okkur, fyrst og fremst af því, sem okkur tekst að draga úr sjónum, en við verðum að dreifa sókninni sem mest á veiðanlegan sjávarafla og kosta kapps um að auka veiði og iðnað á dýrustu tegundunum, og með meiri fjölbreytni er síður hætta á, að ofsókn myndist í þær tegundir, sem auðveiðanlegastar eru hverju sinni. Við þurfum að byggja og láta byggja fleiri skip, einföld, dugleg og þróttmikil veiðiskip af ýmsum gerðum, sem henta þeim verkefnum, sem þeim eru ætluð. Okkur vantar verðug verkefni handa þeim starfsfúsu höndum, sem neyðzt hafa til þess að þiggja atvinnuleysisstyrk. Og væri þá ekki hægt að nota

styrkinn sem skapandi atvinnufé? En það er napurt, ef ekki verður hægt að skapa nýjum skipum eðlilegan rekstrargrundvöll, skipum, sem mörg skila þjóðarbúinu árlega í útflutningsverðmæti upphaflegu kaupverði sínu. Takist okkur að endurnýja fiskiskip okkar á eðlilegan hátt ásamt mögulegri og vitlegri iðnvæðingu, þurfum við ekki að kvíða framtíðinni né óttast, að stór liður útflutnings okkar verði í umframframleiðslu mennta- og hæfileikamanna.

Herra forseti. Flm. þessarar till., sem hér er til umr., vona, að hún fái sem fljótlegasta afgreiðslu, því að áhugi á þessu málefni er víða í hinum ýmsu útgerðarstöðum landsins.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 41 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 413, n. 619).

Frsm. (Matthías Bjarnason): Herra forseti. Allshn. hefur leitað umsagnar um þessa till. hjá Hafrannsóknastofnuninni og Fiskifélagi Íslands, og að fengnum þeim upplýsingum leggur n. til að gera nokkra breytingu á till. á þann veg, að Alþ. ályktí að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að ráðinn verði til reynslu á vegum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar vel hæfur erindreki, sem ferðist um landið til að glæða áhuga og kynna mönnum nýjungar við leit, útbúnað báta, veiðar og vinnslu á rækju, og þá sérstaklega eins og það gerist meðal þeirra þjóða, sem lengst eru komnar á þessu sviði. N. er sammála um að mæla með þessari till. og telur, að hér sé hreyft athyglisverðu máli og það beri að nýta sem bezt rækjumið vórs vegar um landið og efla þessa atvinnugrein á sviði sjávarútvegs.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hv. n. fyrir góða og tiltölulega fljóta afgreiðslu á þessari till. 1. flm. hennar, Þorsteinn Gíslason, hv. 1. þm. Reykv. þáv., er ekki á þingi nú. Tala ég því væntanlega fyrir okkur báða, er ég lýsi ánægju með þessa afgreiðslu.

Eina breytingin, sem n. hefur gert á till., er sú, að þessi ráðstöfun um erindreka verði á vegum Fiskifélags Íslands og Hafrannsóknastofnunarinnar. Og ég verð að telja það mjög eðlilega breytingu og hef síður en svo neitt við hana að athuga. Ég vona, að þetta geti orðið til þess að auka þessa atvinnugrein og efla hana, að þetta verði gert í tilraunaskyni, enda trúi ég því, að rækjuveiðar megi stunda vórs vegar allt í kringum landið, og þær eru þess eðlis, að þær skapa mikla atvinnu í landi jafnframt, ég vil segja óvenjulega mikla atvinnu miðað við það aflamagn, sem venjulegt er. Ég er þakklátur hv. n. fyrir þessa afgreiðslu á málinu.

ATKVGR.

Brtt. 619 (ný tillgr.) samþ. með 33 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 661).

17. Vandamál atvinnurekstrar úti á landsbyggðinni vegna kostnaðar við vöruflutninga.

Á 18. fundi í Ed., 25. nóv., var útbýtt:

Till. til þál. um rannsókn á vandamálum landsbyggðarinnar vegna kostnaðar við vöruflutninga [99. mál] (A. 117).

Á 20. fundi í Ed., 2. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 21. fundi í Ed., 4. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Ed., 10. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Björn Jónsson): Herra forseti. Ég hef kosið að hreyfa hér máli, sem ég tel vera mjög mikilvægt fyrir hagsmuni allra landsmanna, a. m. k. þeirra, sem ekki eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, málefni, sem varðar mjög bæði með beinum og óbeinum hætti afkomu þessa fólks og raunar lífskjör. Vegna þess vanda, sem er í sambandi við vöruflutninga, eru raunveruleg lífskjör manna lakari víða um landsbyggðina, vöruverð verulega miklu hærra og launin þess vegna raunverulega miklu minni, og hins vegar er svo vandi atvinnurekstrarins, sem af sömu sökum stafar.

Viðfangsefni þessarar þáltill. eru þessi vandamál og hvernig úr þeim megi bæta, eða öllu heldur um rannsóknir á því, hvernig úr þessu megi bæta. Ég dreg það mjög í efa, að hv. alþm. hafi yfirleitt gert sér fulla grein fyrir því, að hér er um stóra hluti að ræða og það jafnvel svo stóra, að ég tel, að hér sé um eitt allra mesta hagsmunamál landsbyggðarinnar að ræða, og þó er mönnum gjarnt að hlaupa yfir þennan þátt málsins, þegar verið er að ræða um jafnvægi í byggð landsins. Hér er um svo stórt mál að ræða að mínu áliti, að það getur verið alveg afgerandi fyrir byggð í landinu. Það ástand, sem nú er ríkjandi í þessum efnum, hlýtur að þrýsta landsmönnum jafnvel enn meir en orðið er til þess að velja sér búsetu á suðvesturhorni landsins.

Ég er heldur ekki viss um, að löggjafarvaldið

hafi gert sér grein fyrir því, hvernig þessi mál standa og hvað hefur verið að gerast síðustu árin, því að þróunin hefur öll verið á hinn verri veg. Til þess að skýra þetta örlítið nánar vil ég nefna nokkur dæmi þess, hvernig flutningskostnaður orkar á vöruverð úti um land og hvernig menn eru beinlínis skattlagðir aukalega af skattheimtukerfi ríkisins, vegna þess að þeir verða að borga flutningskostnað. Við skulum taka eina vörutegund, sem er ekki óalgengt að sé í notkun núna um jólaleytið, þ. e. hveiti, og við skulum segja, að flytja þurfi það til Ísafjarðar. Hér í Reykjavík er leyfð smásöluálagning á hveiti 24%, en þegar flutningskostnaðurinn hefur verið lagður á til Ísafjarðar, t. d. með skipi, sem er allra ódýrasta aðferð til þess að flytja vöruna þangað, þá er álagningin miðað við heildsöluverð í Reykjavík orðin 41.5%, þ. e. kostnaðaraukinn við vöruna, verðhækkunin, er orðinn 16.7%. 60 kg af rúgmjöli mundu hækka sem nemur 23%, kartöflumjölið í 60 kg sekkjum 15%, strásykur í 15 kg sekkjum um 31%, þ. e. álagningin miðað við smásöluverð í Reykjavík er orðin 55% í stað 24%. Ég veit ekki, hvort ég á að telja þetta upp lengur. Ég gæti það vel, en ég held, að þetta sé glöggt dæmi um það, hve ýmsar lífsnauðsynjar eru stórkostlega miklu dýrari úti á landsbyggðinni en hér á Reykjavíkursvæðinu, og er þó þetta dæmi, sem ég nefndi frá Ísafirði, alls ekki það versta, því að t. d. Austfirðingar búa við enn þá lakari hlut og aftur Akureyri lítillega betri. En skoðum þetta dæmi um hveitið í réttu ljósi svolitið betur. Ef það þyrfti nú að flytja þetta með bifreið, þá væri álagningin orðin miklu hærri en þetta, því að flutningskostnaður með bifreiðum er allmiklu hærri. Og ekki nóg með það, heldur er það svo, að smásalinn á Ísafirði má ekki leggja nema á heildsöluverðið — hann leggur ekki á flutningskostnaðinn. Ríkið leggur hins vegar á hann. Það er lagður söluskattur á flutningskostnaðinn, þannig að í þessu tilfelli er um að ræða 2.7% hærri söluskatt á Ísafirði af sama vörumagni en hér í Reykjavík, þ. e. kaupandinn mundi raunverulega borga 9.5% í söluskatt í stað 7.5. Ef við tökum nú sykurinn líka, sem blandast gjarnan hveitinu, þá getur farið svo, ef hann er fluttur með bifreið, sem er dýrasta flutningsaðferð, sem hugsanleg er, að álagningin verði u. þ. b. 80% miðað við heildsöluverð í Reykjavík á móti 24% álagningu hér í höfuðborginni. Og svo kemur söluskatturinn, sem allir, sem við þetta búa, verða að greiða. Ég man varla eftir því, að minnzt hafi verið á það hér á Alþ., að söluskatturinn verkaði þannig, að hann kæmi ekki nokkurn veginn jafnt niður á alla, og sjálfur verð ég að viðurkenna, að ég tók ekki eftir þessu fyrr en ég fór að hugsa málið, og ég efast um, að neytendur geri það almennt. Það er verið að tala um allt að 2% hækkun á söluskatti í sambandi við inngönguna í EFTA og þykir jafnvel mikið. En ég vil segja, að það er alveg eins mikið fyrir okkur, sem úti á landinu búum, að greiða þennan skatt með þessum hætti og þeim mun lakara, sem óréttlætið blasir við, að við verðum að borga þennan skatt hærri en aðrir.

Hér er aðeins um dæmi að ræða, sem sýnir, hvernig þetta getur orðið í sambandi við almennar neyzluvörur, en þegar kemur að ýmiss konar atvinnurekstri, eru dæmin sízt betri. Ég hef ekki fyrir framan mig nákvæmlega útfært dæmi úr raunveruleikanum um þetta efni, en vil þó aðeins nefna eitt. Atvinnurekandi úti á landi þarf að kaupa smávarning fyrir 16 þús. krónur. Hann borgar í flutningsgjald með bifreið 3712 kr., eða varan hækkar um 23%. Í sömu ferðinni þurfti hann að kaupa aðra vöru, sem kannske var hægt að flytja samkvæmt þungataxta, og þar þurfti hann að borga 6 þús. kr. fyrir þá vöru, 2250 kr. eða 37% hærra en það hefði kostað í Reykjavík, og menn ættu því að geta gert sér í hugarlund, hvaða erfiðleika það skapar í atvinnurekstrinum. En það mun næsta algengt, t. d. í húsgagnaiðnaði, að menn verði að kaupa hráefni allt að 30% dýrara en hér tíðkast. Þetta kemur auðvitað ákaflega misjafnt niður á atvinnugreinunum, eftir því hvernig þeim er varið, en a. m. k. er hér um mjög stórt mál að ræða fyrir landsbyggðina.

Nú komum við auðvitað að þeirri spurningu, hvort nokkuð er hægt að gera í þessum málum. Ég tel, að sitthvað sé hægt að gera, þó að ég sé ekki með nein lausnarorð á takteinum. Ég tel, að það mætti bæta samgöngurnar í landinu miklu meira og skipuleggja þær miklu betur, bæði á sjó, landi og í lofti, og gera þær ódýrari en þær eru nú. En í sambandi við þetta kemur auðvitað fram samvizkuspurning, sem sé, hver stefna okkar eigi að vera í þessum málum. Á þjóðfélagið í heild að bera ábyrgð á því að jafna aðstöðu manna hvar sem þeir búa í landinu, eða á að refsa mönnum fyrir það, hvar þeir hafa valið sér búsetu? Ég held, að ekki verði komizt hjá því, að þetta sé hin viðurkennda stefna varðandi samgöngurnar, ef það er á annað borð viðurkennt, að það sé mál allrar þjóðarinnar, en ekki bara einkamál þeirra, sem þurfa að komast um landið og flytja vörur sínar frá þessari einu eða a. m. k. aðalinnflutningshöfn landsins, Reykjavík. Auðvitað væri það mjög veruleg lausn þessara mála og mundi breyta þeim stórlega, ef innflutningshafnir kæmu annars staðar á landinu á heppilegum stöðum, a. m. k. ein í hverjum landsfjórðungi. Á Akureyri er verið að gera verulegt átak í þessum málum, og þess er auðvitað að vænta, að í kjölfar þess átaks geti innflutningsverzlun dafnað þar og þurfi ekki að skipa vörum í eins miklum mæli upp hér í Reykjavík eða láta þær fara hér í gegn eins og nú. En aðstaða ýmissa íbúa annars staðar verður litlu betri fyrir það, og ég held, að það þurfi alveg sérstakrar athugunar við, á hvaða stöðum í landinu á að koma upp einhverjum þeim höfnum og efla innflutningsverzlun. Mér dettur t. d. í þessu sambandi í hug höfn eins og Reyðarfjörður fyrir Austfirði og Ísafjörður fyrir Vestfirði.

Ég sagði áðan, að þessi vandamál hefðu farið

vaxandi, og þau hafa sérstaklega farið vaxandi eftir að verðlagsákvæði á flutningsgjöldum voru gefin frjáls. Áður var Eimskipafélaginu gert það að skyldu að taka ekki meira fyrir flutninga vöru til landsins, þó að hún færi ekki í gegnum Reykjavík. Það var sama flutningsgjaldið til hverrar uppskipunarhafnar og til Reykjavíkur. Um leið og verðlagsákvæði voru gefin frjáls, var tekinn upp annar háttur á þessu og Eimskipafélagið lagði á þessar svo kölluðu framhaldsfraktir, sem áður voru ýmist lágar eða engar. Þetta hefur gerbreytt málinu, og nú er svo komið, að það er minnst á mununum oft og tíðum, hvað það kostar að flytja vörurnar frá meginlandinu og til Reykjavíkur og að koma þeim þaðan aftur til staða úti á landi. Það munar alveg sáralitlu í ýmsum tilvikum og gæti ég nefnt tölur um það, en tel þó ekki ástæðu til. En því slæ ég föstu, að það sé nærri lagi að ætla, að þessi aðstöðumunur geti oft munað því, að flutningskostnaður, sem íbúar landsbyggðarinnar vestur, norður og austur á landi verða að greiða, sé u. þ. b. tvöfaldur við það, sem íbúar höfuðborgarsvæðisins búa við.

Ég álít, að það sé mikil nauðsyn, að þessi mál öll séu skoðuð niður í kjölinn og allar staðreyndir varðandi þetta séu dregnar fram í dagsljósið. Ég er viss um, að í sumum tilfellum stafar hinn hái flutningskostnaður af því, að um hrein okurgjöld er að ræða, og á ég þá sérstaklega við meðhöndlun á vörum, sem fluttar eru með skipum, þó að ég fari ekki frekar út í það. En bætt skipulag á flutningunum, meiri nýting á flutningatækjunum, t. d. strandferðaskipunum, sem oft og tíðum sigla hálftóm, í stað 20 tonna bíla, sem plægja vegina og eyðileggja þá fyrir kannske tugi eða hundruð millj. Þessu þarf að breyta og koma eitthvað meira samræmi hér á milli.

Þá er í öðru lagi athugandi, hvaða áhrif fjölgun innflutningshafna hefði og efling innflutningsverzlunar á öðrum stöðum en í Reykjavík, og svo í þriðja lagi, hver aðstoð væri þá nauðsynleg að loknum þeim aðgerðum, sem tiltækar þættu, hver aðstoð væri þá nauðsynleg af opinberri hálfu til þess að jafna þann mismun, sem þá væri eftir. Ég álít þess vegna, að rannsókn á þessum málum í svipuðum tilgangi og í þál. greinir sé brýn nauðsyn og raunverulega ekki hægt að hugsa sér, að þetta mál sé leyst með farsælum hætti öðruvísi en athugun fari fram.

Eins og ég sagði áðan, er oft talað mikið og fagurlega um jafnvægi í byggð landsins, en hlutirnir eins og þeir eru eru kannske ekki alltaf skoðaðir eins rækilega og vera bæri, og tel ég mig hafa bent á einn þátt þess í þessari stuttu ræðu.

Ég hef ekki um þetta fleiri orð. Ég læt aðeins í ljós þá von mína, að hv. þdm. fallist á, að hér sé mál, sem sé þess virði, að það sé skoðað með sérfræðilegum hætti og veiti till. gengi í hv. d. Ég hef valið þann kost að flytja þessa þál. í d., vegna þess að reynslan hefur sannað mér, að það er nær tilgangslaust að flytja svona till. í Sþ. Till., sem við höfum stundum lagt fram í okt., eru ekki teknar til umr. fyrr en nokkrir dagar eru eftir af þingi, og þá er eftir öll athugun á þeim. En ég tel ekki allan mun á, hvort þál. þessi er samþ. í hv. þd. eða í Sþ. Hún er áskorun á ríkisstj. um að láta vinna þarna verk, og ég er viss um, að það verður ekki tekið tillit til þess, að ályktunin kemur frá þessari hv. þd., en ekki Sþ.

Ég legg til, herra forseti, að þessari till. sé vísað til hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 11 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 77. fundi í Ed., 24. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 117, n. 650).

Frsm. (Jón Þorsteinsson): Herra forseti. Till. þessi til þál., sem hér er til umr., er flutt af hv. 4. þm. Norðurl. e. og fjallar um rannsókn á vandamálum landsbyggðarinnar vegna kostnaðar við vöruflutninga. Meginefni þessarar till. má skipta í tvo þætti: Annars vegar, að upplýst verði að fullu, hver áhrif flutningavandamálið hefur til hækkunar á almennan framfærslukostnað miðað við neyzluvöruverð á höfuðborgarsvæðinu, og að hinu leytinu, að upplýst verði, hvern kostnaðarauka einstakar atvinnugreinar kunna að bera vegna kostnaðar við vöruflutninga til byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins og hvern aðstöðumun hann skapar. Í þriðja lagi fjallar till. um ábendingar um úrræði og athuganir á úrræðum, sem kæmu til greina í sambandi við hina tvo meginþætti, sem ég greindi frá.

Þessi till. var send allshn. til athugunar, og fékk allshn. um hana umsögn hagstofustjóra. Þessi umsögn er fremur stutt, og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hana upp, en hún hljóðar þannig:

„Óskað hefur verið eftir því, að ég léti í té umsögn um þáltill. um rannsókn á vandamálum landsbyggðarinnar vegna kostnaðar við völuflutninga. Í þál. þessari er í fyrsta lagi lagt til, að upplýst verði að fullu, hver áhrif flutningavandamálið hefur til hækkunar á almennan framfærslukostnað miðað við neyzluvöruverð á höfuðborgarsvæðinu.

Ef slík rannsókn ætti að hafa nokkurn tilgang, yrði hún að taka til allra neyzlutgjalda íbúa í þeim byggðarlögum, sem fjarlæg eru höfuðborgarsvæðinu. Það yrði m. ö. o. tilgangslaust og óraunhæft að rannsaka hækkunaráhrif flutningskostnaðar á þessum svæðum, án þess að jafnframt færi fram könnun á öllum útgjöldum fólks til neyzluvöru og þjónustu, þ. á m. þýðingu þess, að sum framfærsluútgjöld eru lægri úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Vitað er, að útsöluverð á sekkjavöru og annarri þungri matvöru er víða úti á landi verulega hærra en á höfuðborgarsvæð-

inu, og á ýmsum öðrum vörum, svo sem fatnaði og heimilisbúnaði, er það eitthvað hærra en á höfuðborgarsvæðinu. Á hinn bóginn má telja víst, að húsnæðiskostnaður sé almennt lægri utan höfuðborgarsvæðis og það þótt verð og aðflutt byggingarefni sé þar hærra. Enn fremur má nefna fargjaldaútgjöld á staðnum, sem eru tiltölulega hár útgjaldaliður á höfuðborgarsvæðinu, en lítill eða enginn annars staðar á landinu.

Ljóst er, að útgjöld vegna þjónustu, sem menn verða, þegar svo ber undir, að sækja til höfuðborgarsvæðis, svo sem læknis- og sjúkrahúsþjónustu, felur í sér aðstöðumun milli íbúa á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, en erfitt mun vera að komast að raun um, hverju hann nemur í fjárútlátum.

Augljóst er, að ef upplýsa ætti þessi mál að fullu, mundi þurfa til þess nokkra sérfræðinga með tilheyrandi aðstoðarliði, og mundi kostnaður við það áreiðanlega nema millj. kr. Af þessu leiðir, að ekki er ráðlegt að stofna til slíkrar rannsóknar, nema hér sé um að ræða vanda, sem skiptir miklu máli. Það er skoðun mín, að jafnvel þótt tekinn sé með í reikninginn aðstöðumunur vegna læknisþjónustu og þess háttar, sé það engan veginn víst, að framfærslukostnaður úti á landsbyggðinni sé hærri en á höfuðborgarsvæðinu, og þótt hann kunni e. t. v. að öllu meðtöldu að vera hærri, sé munurinn það óverulegur, að ekki geti verið ástæða til að stofna til fjárfrekrar rannsóknar á þessum málum. Rétt er að taka fram, að að dómi Hagstofunnar er eðlilegt að telja menntunarkostnað barna á skyldunámsaldri til framfærslukostnaðar fjölskyldu. Hann mun yfirleitt vera hærri úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, en ég tel það ekki skipta miklu máli við þann samanburð framfærslukostnaðar, sem hér er um að ræða. Að því er varðar menntunarkostnað barna ofan skyldunámsaldurs, vill Hagstofan ekki telja hann til framfærslukostnaðar fjölskyldna í þessu sambandi, enda þótt hann sé að sjálfsögðu í reynd mikill umframbaggi á mörgum fjölskyldum utan höfuðborgarsvæðis. En nú mun hins vegar hafa verið ákveðið að draga úr þessum aðstöðumun með sérstökum aðgerðum ríkisvaldsins.

Í þáltill. þessari er einnig lagt til, að upplýst verði, hvern kostnaðarauka einstakar atvinnugreinar bera vegna kostnaðar við vöruflutninga til byggðarlaga utan höfuðborgarsvæðisins og hvern aðstöðumun hann skapar. Ég tel þetta vera vandamál, sem ávinningur gæti orðið af að kanna, enda ætti að vera unnt að gera það án mikilla fjárútláta. Ef af þessu yrði, teldi ég eðlilegt, að verkefnið yrði falið aðila, sem fæst við landshlutaáætlanagerð."

Þetta var umsögn hagstofustjóra um þáltill., sem ég las hér.

Í sambandi við þessa þáltill., sem liggur fyrir Ed., er rétt að víkja að því, að fyrir Sþ. liggur einnig þáltill., sem snertir þetta mál, en það er till. frá hv. 6. þm. Sunnl. o. fl. þm. um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig. Og að því er varðar framfærslukostnað, almennan framfærslukostnað íbúa úti á landsbyggðinni þorið saman við framfærslukostnað þeirra, sem búa á höfuðborgarsvæðinu, þá má segja, ef eigi að fara út í rannsóknir og samanburð og athugun á þessu, þá sé eðlilegast, að það sé sem víðtækast, þannig að það sé ekki einvörðungu gerður upp sá mismunur, sem kemur fram í því, að það er sérstakt flutningavandamál úti á landsbyggðinni og eingöngu rekja þann kostnaðarauka vegna framfærslukostnaðar, sem stafar af þessu eina vandamáli, heldur sé þá rétt að taka allt inn í dæmið, eins og kemur reyndar fram í umsögn hagstofustjóra, þannig að það séu teknir allir liðir, bæði þeir, sem eru hagfelldari fyrir fólkið úti á landi, og eins hinir, sem óhagfelldari eru, þannig að samanburður geti orðið sem fullkomnastur og víðtækastur. Það yrði væntanlega gert bezt með því að reikna þá út sérstaka vísitölu fyrir landsbyggðina eða fyrir einstaka staði þar. Vísitölurnar, sem farið hefur verið eftir hér, bæði framfærsluvísitala og neyzluvöruvísitala, sem eru auðvitað nátengdar, hafa yfirleitt verið miðaðar við framfærslukostnað í Reykjavík. Að vísu tel ég, að það væri í anzi mikið ráðizt að fara að reikna út og birta framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins, en ég teldi, að það væri samt athugandi að stíga spor í þessa átt og t. d. láta reikna út framfærsluvísitölu fyrir einn kaupstað í hverjum landsfjórðungi. En það er sjálfsagt rétt, sem hagstofustjóri segir, að til þess að leysa þetta verk vel og skilmerkilega af hendi, þannig að fullt gagn sé að, tekur það alllangan tíma og kann að verða mjög kostnaðarsamt, og það getur auðvitað enginn fullyrt um það fyrir fram, hver útkoman yrði, þó að hagstofustjóri spái því reyndar, að þarna muni ekki vera um neinn verulegan mismun að ræða.

Niðurstaðan varð sú í allshn. að fella þau atriði niður úr till., sem snertu rannsókn á neyzluvöruverði utan höfuðborgarsvæðisins og þann þátt, sem flutningavandamálið á í því, vegna þess að þar færi betur á, ef þetta yrði allt saman rannsakað, — það yrði þá gert á vísitölugrundvelli, þar sem allt dæmið væri leyst í einu, — en töldum hins vegar rétt að halda við þau atriði í þessari þál., sem sérstaklega snúa að atvinnurekstrinum í landinu, og það væri fróðlegt að láta þá rannsókn fara fram á þeim aðstöðumismun atvinnurekstrarins, sem flutningavandamálið kann að skapa, eins og þessi till. stefnir að. Og reyndar má segja, að ef sú rannsókn á þessum kostnaðarmun atvinnurekstrarins vegna mismunandi flutningsaðstöðu færi fram, þá væri hún miklu kostnaðarminni og umfangsminni en hinn þátturinn, og sú rannsókn gæti líka gefið vísbendingu um mismunandi framfærslukostnað á þessum landssvæðum og annars vegar Reykjavík, — aðallega lítur maður á þetta sem Reykjavíkursvæðið og landsbyggðina, — en auðvitað er öllum ljóst, að þó að maður taki landsbyggðina eina út af fyrir sig, þá eru aðstæður þar innbyrðis ærið misjafnar.

Allshn. var því sammála um að stytta þessa till. og breyta henni og leggja til, eins og kemur fram í nál. á þskj. 650, að tillgr. hljóði þannig:

„Efri deild Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta hið fyrsta fara fram sérfræðilega rannsókn á þeim vanda, sem kostnaður vegna vöruflutninga skapar atvinnurekstri utan höfuðborgarsvæðisins, og hvernig helzt megi draga úr þeim vanda eða leysa hann.“ Og í samræmi við þetta gerum við till. um að breyta fyrirsögn þáltill.

En nú er rétt að undirstrika, að þó að þessi rannsókn á þessu vöruflutningavandamáli sé hin þarfasta, og eins, að það sé athugað, hvernig draga megi úr þeim vanda eða leysa hann sem bezt, þá er það auðvitað ljóst, að ýmiss konar aðstöðumunur hjá atvinnurekstri annars vegar á milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar og hins vegar innbyrðis hjá landsbyggðinni á rót sína að rekja til annarra orsaka en flutningaaðstöðunnar eða flutningavandamálsins, og þar má t. d. nefna hluti eins og mismunandi raforkuverð, það má eins nefna mismunandi lóðarleigu, og jafnvel skattalega séð er mismunur, þar sem aðstöðugjöld í hinum ýmsu kaupstöðum og sveitarfélögum landsins geta verið ærið misjöfn á atvinnurekstrinum o. s. frv., en hér er sem sagt þessi eini þáttur tekinn fyrir, sem er auðvitað ærið veigamikill og væri fróðlegt að fá að þekkja betur, hvern aðstöðumun hann skapar og hvernig hann mætti helzt leysa.

Það var því að öllu þessu athuguðu niðurstaða n. að leggja til, að þessi þáltill. yrði samþ. með þessari breyt., þ. e. hún er ærið mikið stytt, og sá þáttur hennar, sem snertir framfærslukostnað einstaklinga, er felldur niður, þar sem talið er, að hann yrði betur leystur, ef út í hann á að fara, á grundvelli þeirrar till., sem fram hefur komið í Sþ. og ég vísaði til.

Björn Jónsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. allshn. og formanni hennar fyrir að hafa lagt vinnu í að athuga þetta mál og greiða fyrir því, að þáltill. fengi þinglega afgreiðslu.

Það er auðsætt af afgreiðslu n., að hún leggur til, að tveir síðari liðir þáltill. minnar, eins og ég lagði hana upphaflega fram, fái fullnægjandi og jákvæða afgreiðslu, en hins vegar er 1. liðnum sleppt. Þetta álít ég að vísu miður farið og vil ekki samsinna öllum þeim röksemdum, sem gegn því hafa komið, að sá liður yrði einnig samþ., en eftir atvikum uni ég þó þessari afgreiðslu, sérstaklega vegna þess að þessi þáttur þáltill. er í meðferð þingsins í annarri till., sem hv. þm. Karl Guðjónsson og tveir aðrir þm. flytja, þó með nokkuð öðrum hætti sé. Að vísu geri ég ekki ráð fyrir, að sú till. nái samþykki á þessu þingi, en það mál verður þá vafalaust tekið upp með einhverjum hætti aftur.

Varðandi skoðun hagstofustjóra á því, að hér sé um að ræða milljóna kostnað, vil ég segja, að ég ber meiri virðingu fyrir hagstofustjóra en flestum öðrum okkar embættismönnum. Hann er þar áreiðanlega í fremstu röð að öllu leyti, en ég dreg þó í efa, að hann hafi þarna fullkomlega á réttu að standa, þó að ég hins vegar skilji vel, að hann vilji ógjarnan bæta slíkum verkefnum sem þessum á sína stofnun. Hann er bæði sparsamur á fé hennar og býr við að mörgu leyti ónóga starfsaðstöðu, og að því leyti skil ég hans afstöðu til þessa máls. Hins vegar bendi ég á, að við höfum mörg tæki í gangi, sem vel mætti nota til þess að framkvæma slíka athugun. Við höfum t. d. verðlagseftirlit í öllum landsfjórðungum, sem gefur nokkrum sinnum á ári út skýrslur um neyzluvöruverðlag, hver í sínu umdæmi, og sýnist mér því, að meginhlutinn af þeirri athugun, sem þarna er rædd, gæti farið fram á vegum þessara stofnana, án þess að af því hlytist kostnaður. Hitt get ég svo alveg játað, að þarna er kannske ekki eingöngu um hækkunaratriði að ræða, eins og það er orðað í minni till., heldur koma þar einnig til álita önnur atriði, sem gætu dregið úr og verið til lækkunar, en ég held, að þau séu sárafá og mundi ekki verða ofviða þeim stofnunum, sem við höfum fyrir í landinu, án mikils tilkostnaðar að rannsaka t. d., hver húsnæðiskostnaður er. Um skatta og námskostnað er það að segja, að þeir hlutir koma alls ekki inn í okkar almennu framfærsluvísitölu, og það var ekki meiningin með minni till., að það yrði tekið til sérstakrar meðferðar í þessu sambandi.

En sem sagt, hvað sem þessum ágreiningi líður, þá fagna ég því, að till. hefur þó að svo miklu leyti hlotið jákvæða afgreiðslu og uni því eftir atvikum.

ATKVGR.

Brtt. 650,a samþ. með 14 shlj. atkv.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 15 shlj. atkv.

Brtt. 650,b (ný fyrirsögn) samþ. með 14 shlj. atkv.

Till. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 712), með fyrirsögninni:

Þál. um rannsókn á vandamálum atvinnurekstrar úti á landsbyggðinni vegna kostnaðar við vöruflutninga.

18. Heyverkunaraðferðir.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um nýjar heyverkunaraðferðir [84. mál] (A. 93).

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég verð að byrja á því að gera þá játningu, að samkvæmt upplýsingum, sem ég hef fengið síðan þessi till. okkar hv. 4. þm. Austf. var lögð fram, má segja, að till. sé óþörf sem slík, þ. e. einföld fsp. hefði komið að sömu notum. Mér hefur sem sé verið bent á það, að fyrir 11 árum flutti hv. 2. þm. Sunnl. ásamt 6 öðrum framsóknarmönnum till. um þetta sama mál og um þetta sama efni, og þessi till. var samþ. 20. febr. 1959 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta vinna að því í samráði við Búnaðarfélag Íslands, tilraunaráð búfjárræktar, verkfæranefnd ríkisins og rannsóknaráð ríkisins, að tilraunir með votheysgerð og votheysfóðrun verði auknar svo og leiðbeiningarstarfsemi á þessu sviði; enn fremur að stuðla, eftir því sem við verður komið, að útbreiðslu annarra heyverkunaraðferða, er að gagni mega koma í óþurrkum."

Eðlilegast hefði sem sé verið að spyrja einfaldlega viðkomandi hæstv. ráðh., landbrh., hvað liði framkvæmd þessa máls, sem samþ. var á hinu háa Alþ. fyrir 11 árum. Málið er, að megininntakið er hið sama og felst í þessari till. okkar hv. 4. þm. Austf., þó segja megi kannske, að hv. 2. þm. Sunnl. og félögum hans sé meira í hug sérstaklega votheysverkun heldur en okkur flm. þessarar till.

Það skal enn fremur játað, að till. þeirra félaganna var miklu betur í stakkinn búin, hvað grg. snertir, heldur en þessi till. okkar hv. 4. þm. Austf. Henni fylgdi ítarleg grg. byggð á mikilli þekkingu og mikilli reynslu, enda voru flestir flm. till. bændur sjálfir, svo að í hversdagsstörfum sínum höfðu þeir að sjálfsögðu verið knúðir til meiri umþenkinga um þetta mál heldur en við flm. þessarar till.

Þetta vildi ég sem sé taka fram til þess að fyrirbyggja hugsanlegan misskilning. Þeir flm. till. frá því fyrir 11 árum mega alls ekki halda, að við flm. þessarar till. höfum ætlað að ræna þá verðskulduðum heiðri fyrir áhuga þeirra og forgöngu á þessum vettvangi. Eins og ég sagði, þá olli því aðeins ókunnugleiki hjá mér og sennilega gleymska hjá hv. 4. þm. Austf., sem átti sæti hér, þegar till. þeirra framsóknarmanna var samþ. fyrir 11 árum, að við flytjum málið í þessu formi í stað þess að byggja á hinni samþykktu till. þeirra félaga.

En hvað um það, vandinn er enn hinn sami, munurinn er aðeins sá, að í sumar blésu votir vindar úr öfugri átt við það, sem þeir gerðu fyrir 11 árum, þegar óþurrkar léku bændur á norðan- og austanverðu landinu grátt, svona álíka grátt og þeir hafa leikið bændur á Suður- og Vesturlandinu núna. Vandinn er enn hinn sami, og þörfin á lausn hans er sízt minni núna heldur en þá, og það eitt út af fyrir sig ætti að nægja til að réttlæta, að flutt sé till. eins og þessi.

Ég ætla svo ekki að fjölyrða frekar um málið, enda margir hér á þingi til þess miklu hæfari heldur en ég, svo að ég geri nú enn eina játningu.

Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt, að svona máli sé hreyft á hv. Alþ., og það var gott, að hv. flm. rifjaði upp samþykkt þeirrar till., sem hér var gerð fyrir nokkrum árum um svipað efni. Nú mætti kannske virðast út frá þessu, að þetta mál lægi mjög í láginni, en mig langar aðeins til þess að koma því að við þessa umr., að það er sífellt í gangi starfsemi einmitt um rannsóknir á heyverkunaraðferðum. Það er vafalaust með það eins og ýmsar aðrar rannsóknir, að mörgum finnst þeim miða of hægt og þær skili of seint árangri, og um það má náttúrlega deila. En ég vil þó láta það koma fram, að við Rannsóknastofnun landbúnaðarins starfar svonefnd bútæknideild, sem hefur aðsetur að Hvanneyri, og hún hefur m. a. sérstaklega haft með höndum rannsóknir á heyverkunaraðferðum. Það er líka vitað, að nýjar aðferðir hafa komið fram, það eru að vísu allmörg ár síðan, en ég vil þar sérstaklega nefna súgþurrkunina, sem nú er orðin mikilvirkasta bjargráðið um allt land gegn óþurrkunum og mikilvirkasta hjálpin.

Það var núna fyrir örfáum dögum til umr. frv. út af svo nefndum hagræðingarsjóði, þar sem ég man, að hv. frsm., 5. þm. Norðurl. e., minntist einmitt á súgþurrkunina og taldi, að það væri enn þannig ástatt, að menn kynnu naumast að nota hana. Ég held, að þetta sé misskilningur. Hins vegar er enginn vafi á því, að með súgþurrkun, eins og flest bjargráð og fyrirbæri þarf nokkra þekkingu og skilning hvers einasta bónda, — ef maður talar um það, sem þá snertir, — til þess að hagnýta það þannig, að það komi að sem beztu gagni. En súgþurrkunin sjálf er árangur af tilraunum og rannsóknum, sem tvímælalaust er búin að gera íslenzkum landbúnaði stórkostlegt gagn, enda hefur verið stutt sérstaklega að útbreiðslu þeirrar aðferðar með ríflegum stuðningi af hálfu hins opinbera við það t. d. að koma upp súgþurrkunarkerfum. Það er enn fremur um votheysverkunina að segja, að sífellt eru í gangi rannsóknir í þeim efnum, og nægir að benda á það, að í seinni tíð er orðið mjög útbreitt að nota maurasýru til verkunarinnar, sem að vísu að minni hyggju er alls ekki nauðsynlegt í mörgum tilfellum, en með því er þó hægt að tryggja verkun og gera að sæmilegu fóðri hey, sem ella væri ekki hægt að gera að fóðri í votheyi. Mér þykir rétt að þetta komi fram út af þessari þáltill., að það eru sífellt í gangi ýmsar rannsóknir á eldri og nýrri aðferðum með heyverkun, vegna þess að öllum er ljóst, að þetta er meginundirstaða, í raun og veru meginundirstaða í íslenzkum landbúnaði,

sem byggist á búfjárrækt, og búfjárræktin byggist á heyfóðrinu. Ég ætla ekki á neinn hátt að andmæla því, að þessi till. sé komin fram, og það er sjálfsagt að hún fái eðlilega athugun í n. Ég vil aðeins, að það liggi ljóst fyrir, að það eru sífellt í gangi tilraunir með ýmist endurbætur á eldri heyverkunaraðferðum eða með nýjar aðferðir.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 93, n. 692).

Frsm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi till. til þál., sem hér er til framhaldsumr., var flutt af þeim hv. 4. landsk. þm. og 4. þm. Austf. Hún hefur legið fyrir allshn., sem sendi hana til umsagnar bæði Búnaðarfélagi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins. Umsagnir bárust frá báðum þessum aðilum og mæltu báðar með, að till. eða till. í þessa átt yrðu samþ. Í umsögn Búnaðarfélagsins er þó jafnframt minnt á, að það eru þegar miklar rannsóknir í gangi. Umsögn Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er frá bútæknideild, sem er innan stofnunarinnar, og gerð af forstöðumanni hennar. Mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, að lesa hér örstuttan kafla úr þeirri umsögn til upplýsinga:

„Til geymslu og hagnýtingar grasa til vetrarfóðurs er einkum um tvær leiðir að velja, heyþurrkun og votheysgerð. Um 80% af þunga grass er vatn. Úr hverju tonni af grasi þarf því að þurrka 700–800 kg af vatni til þess að fá geymsluhæft þurrhey. Nýtízku vélþurrkun á heyi, hraðþurrkun, er öruggasta leiðin til þess að útiloka áhrif veðráttu á heyverkunina, en um leið er hér um kostnaðarsama aðferð að ræða. Eigi að nota olíu sem orkugjafa við slíka þurrkun, má gera ráð fyrir því, að einn lítri af olíu eimi um 10 lítra af vatni. Miðað við núverandi heyframleiðslu bænda mundi því mega áætla olíuþörf alls um 100 þús. tonn á ári, ef hraðþurrka ætti alla grasframleiðsluna. Í þessu sambandi má geta þess, að á góðum þurrviðrisdegi er vatnsuppgufun úr heyflekk á einum hektara lands miðað við nýslegið hey sambærileg við það magn, sem 700–1000 lítrar af olíu myndu eima úr heyi í góðu hraðþurrkunarkerfi.“

Ég finn ástæðu til þess að benda á þetta, til þess að menn geri sér betur grein fyrir því, að það er ósköp eðlilegt, að í búskap hér á landi hafi verið leitazt við að nota þá orku, sólarorkuna, sem fæst, þegar hún gefst án endurgjalds, þegar á það er litið, hversu geysilega verðmæt hún er til þurrkunar á heyinu. En s. l. sumar og reyndar mörg önnur færði okkur heim sanninn um það, að þetta dugar ekki alltaf, og þá þarf að finna önnur úrræði.

Eins og ég sagði áðan, bera báðar þessar umsagnir einnig með sér, að það eru þegar í gangi miklar rannsóknir á því, hvernig á að snúast við vandanum, þegar veðráttan er slík sem hún var s. l. sumar. Þetta mál var mikið rætt í n., og menn voru einhuga um það, að hér væri um svo þýðingarmikið mál að ræða, að það væri með öllu eðlilegt og raunar sjálfsagt, að Alþ. léti frá sér fara viljayfirlýsingu í þessu máli. Og þess vegna er n. sammála um að mæla með samþykkt till. með þeirri breytingu, sem birt er á þskj. 692.

ATKVGR.

Brtt. 692 (ný tillgr.) samþ. með 36 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 783).

---

19. Hafnargerð í Þjórsárósi.

Á 59. fundi í Ed., 19. marz, var útbýtt:

Till. til þál. um hafnargerð í Þjórsárósi [186. mál] (A. 445).

Á 64. fundi í Ed., 2. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 66. fundi í Sþ., 7. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Þessi till., sem hér var til umr., gerir ráð fyrir, að þessi hv. þd. skori á ríkisstj. að láta fram fara rannsókn á því, hverjir möguleikar séu til hafnargerðar í Þjórsá eða Þjórsárósi og þá jafnframt, að sérfræðingar þeir, sem rannsóknina væntanlega framkvæma, setji fram kostnaðaráætlun fyrir nefnda höfn. Alveg sérstaklega gerir till. ráð fyrir því, að rannsóknin beinist að því, hverja nýja möguleika það mundi skapa til hafnargerðar, ef veitt yrði miklu viðbótarvatnsmagni í ána, eins og hugmyndir og ráðagerðir eru nú uppi um.

Eins og kunnugt er, hefur stærsta orkuver landsins verið reist í Þjórsá. Aðalverkefni þeirrar virkjunar er álbræðslan, sem staðsett er í Straumsvík við Hafnarfjörð, og hefur þar þegar verið byggð sérstök höfn vegna þeirrar framleiðslu eingöngu. Nú blasir það við, að áfram verður haldið orkuframkvæmdum í Þjórsá. Þar verða gerð mannvirki til jöfnunar á vatnsrennsli og einnig er líklegt, að vatnsmagn fljótsins verði aukið stórlega með því að veita öðrum straumvötnum í farveg þess inni á öræfum landsins, og hafa þar m. a. verið

nefndar til skagfirzku jökulárnar og Skaftá. En niðri í byggð er einnig talað um nýja virkjun við Urriðafoss, sem er neðarlega í Þjórsá, og þá einnig, að Hvítá í Árnessýslu verði veitt frá Hestfjalli yfir Skeiðin í Þjórsárfarveginn og bæði fljótin virkjuð þar sameiginlega. Ef til þessa kæmi, væri Þjórsá orðin miklum mun meira vatnsmagn, stærra fljót en nokkru sinni hefur verið til á Íslandi áður. Vatnsmagn fljótsins væri þá orðið sambærilegt við stórfljót, t. d. úti í Evrópu, að magni til og mundi þá væntanlega hafa til að bera ýmsa þá eiginleika, sem vel gætu komið sér við hafnargerð, en sem ekki eru fyrir hendi nú, nema í of litlum mæli, til þess að það nýtist.

Suðurströnd landsins hefur lengi þótt ófýsileg til hafnargerðar. Þó hefur verið brotizt í hafnargerðir þar á nokkrum stöðum, enda knýr þörfin mjög á um, að einskis sé látið ófreistað í þeim efnum. En því er ekki að neita, að þar eru hafnir nú fáar, en smáar og ófullkomnar þær, sem eru. Engin höfn er til miðsvæðis á Suðurlandsundirlendinu. Um aldir hafa íbúar sunnlenzkra sveita sótt kaupstað um óravegu, oftast til Eyrarbakka eða til Reykjavíkur, og hafa kaupstaðarleiðirnar engan veginn stytzt á hinum síðari árum, nema síður sé. Úti fyrir suðurströnd landsins eru hin ríkustu fiskimið, sem þekkt eru. Um skipaleiðir þessa hafsvæðis sigla farskip öll, sem flytja varning Sunnlendinga út til Evrópulanda, og innflutning þaðan fara þau með fram hjá suðurbyggðunum til Reykjavíkur. Könnun möguleika til hafnargerðar á suðurströndinni er þegar af þessum tveimur ástæðum a. m. k. jafnbrýn nú og alltaf áður. En það, sem nú er komið til sögu og hrópar margfalt hærra á, að athugaðir séu möguleikar á gerð sunnlenzkrar stórhafnar, er það, að orka straumvatnanna, einkum Þjórsár, er nú þegar og mun í vaxandi mæli verða grundvöllur að stórbrotnu atvinnulífi, sem óhjákvæmilega verður að fá aðstöðu fyrir mikla flutningsmöguleika á sjó yfir úthöfin. Það hefur að vísu þegar verið stigið fyrsta skrefið í því að flytja orku Þjórsár með ærnum kostnaði um óravegu, m. a. s. um fjöll og óbyggðir, til að byggja á henni útflutningsiðnað. Og ný höfn hefur verið gerð við Faxaflóa vegna þessa iðnaðar, enda kallar hann á mikla hafnarþjónustu. En telja má víst, að orkuvinnslan við Þjórsá eigi enn eftir að aukast og skapa stórmikla flutningaþörf á sjó.

Eðlilegast væri að flytja orku Þjórsár ekki lengra en þörf er á, og alveg sérstaklega ber að líta á það, hvort samhliða hafnarþörf vegna nýrrar framleiðslu væri ekki einnig hægt að leysa það gamla, íslenzka þjóðfélagsvandamál, sem hafnleysi suðurstrandarinnar er.

Ekki er kunnugt um, að nokkru sinni hafi farið fram rannsókn á Þjórsárósnum með tilliti til hafnargerðar þar, nema hvað grjótgarðahugmyndirnar, sem ríkis- eða hafnamálastjórnin hefur eitthvað velt fyrir sér sem hafnargerð í Þykkvabænum, hafa allt eins verið taldar geta átt við um Þjórsárós. Sjálfsagt hafa menn talið víst, að Þjórsárhraunið svo nefnda væri svo samtengt ánni og ármynninu, að þar mundi vonlaust að fá nauðsynlegt dýpi til hafnargerðar. En þegar nánar er svipazt um, virðist þessu hreint ekki vera þann veg farið. Þvert á móti er líklegt, að fremsti hluti árinnar og ósinn liggi austan við hraunbrúnina með miklu dýpi niður á fast. Benda nýjustu íslenzku sjókortin eindregið til þessa. Eftir standa þá þau gömlu tormerki sunnlenzkrar hafnargerðar, sem felast í óbrotinni úthafsöldu og miklum sandflutningi brimróts og strauma á ströndinni. Auðvitað eru þetta stór vandamál og illviðráðanleg, ef menn geta ekki hugsað sér annars konar hafnargerð en ramgerða grjót- eða stálgarða byggða fram í úthafið svo langt, að höfnin verði pollur í úthafinu innan þeirra. En til eru hafnargerðir með allt öðrum hætti. Flestar stórhafnir heimsbyggðarinnar eru raunar í árósum eða við vatnsmikil fljót. Vesturströnd Evrópu svipar í ýmsu til suðurstrandar Íslands. T. d. er hún lág og sendin og stór hluti hennar liggur að opnu úthafi. Samt fer því fjarri, að hún sé hafnlaus. Þvert á móti eru þar miklar hafnir og ágætar. En þær eru ekki byggðar út í hafið. Gott dæmi um þetta er höfnin í Rotterdam, sem nú er stærsta höfn heimsins, þegar miðað er við árlegt flutningsmagn. Hún er við mynni Maasfljótsins á sendinni strönd Hollands. Höfnin þar var hart leikin í síðasta stríði og þarfnaðist endurbyggingar eftir stríðið. Ekki var meira grjót notað til þeirrar hafnargerðar en svo, að það efnismagn, sem sótt var til Belgíu og Svíþjóðar, varð að duga. Hinir miklu hafnarbakkar liggja uppi í landinu og eru skipaleiðirnar að þeim og á milli þeirra að mestu leyti grafnar með vélgröfum eða með sand- og jarðvegsdælum. En bryggjuþilin eru úr stáli. Fljótið er sem sagt aðalgrundvöllur fyrir hafnargerðinni. Hérlendis er lítið um stórfljót með sæmilega jöfnu rennsli, og mun það vera helzta orsök þess, að gerð hafnarmannvirkja hér hefur til þessa lítið beinzt að árósum, þótt Höfn í Hornafirði sé þar undantekning. Verði vatnsmagn Þjórsár jafnað og aukið með því að bæta í hana ám, sem nú renna til sjávar á öðrum stöðum, jafnvel í öðrum landsfjórðungum, mundi hér verða stór breyting á.

Ef til þeirra framkvæmda kemur, sem hér hefur verið rætt um, munu ekki einasta skapast nýir atvinnumöguleikar í landinu vegna raforkuframleiðslunnar, heldur er og líklegt, að við það sköpuðust möguleikar fyrir stórri höfn á suðurströnd landsins, möguleikar, sem aldrei hafa áður verið til á Íslandi. En í grennd þeirrar hafnar hlyti auðvitað að rísa upp bær eða borg, sem þá hefði beztu aðstöðu til atvinnulífs, hún væri í nálægð blómlegustu landbúnaðarhéraðanna, gjöfulustu fiskimiðanna og við stærstu orkulindirnar, en í viðskiptum væri þar möguleiki til að bæta úr aldagamalli þörf íbúa heils landsfjórðungs, og er þá ótalið, að fátt er hugsanlegt, sem bætt gæti almenna hagsæld og atvinnuöryggi í landinu í ríkari mæli en framkvæmd af því tagi, sem hér er lagt til, að rannsakaðir verði möguleikar á.

Í till. er gert ráð fyrir, að rannsóknir beinist að hafnargerð og að gerð verði kostnaðaráætlun. Um kostnaðaráætlunina er það sérstaklega að segja, að þar er að vísu nokkuð erfitt að gera áætlun, því ekki liggur fyrir að svo komnu máli, hversu stór höfnin ætti að vera. En hér skal sérstaklega vakin athygli á því, að í þessari till. er lagt til, að rannsakaðir verði möguleikar og kostnaður á annars konar hafnargerð en spáð hefur verið í á svipuðum slóðum áður. Þetta er ekki till. um höfn í úthafinu. Stærð hennar þarf ekki að ákveðast með byggingu garða í úthafið. Stærð hafnarinnar mótast af allt öðru. Það mundi þurfa í upphafi að fullgera innsiglingarmannvirkin, en höfnina mætti grafa út og stækka eftir hendinni, svo að það þyrfti í upphafi að áætla gerð innsiglingarmannvirkjanna og viðlegukanta af einhverri skaplegri stærð. Sú stærð þyrfti ekki að vera mjög mikil í upphafi, en það væri að sjálfsögðu verkefni sérfræðinga að finna út, hvað væri hagkvæm stærð hafnarbakka í fyrsta áfanga. En hvað sem líður áætlunum um stóriðju, en saman við þær áætlanir hlýtur auðvitað hafnargerð við Þjórsá að verulegu leyti að ganga, þá má gera þessar áætlanir, sem ég hef þegar minnzt á, með sæmilega traustum hætti, þannig að fyrsti áfangi hafnar í Þjórsá gæti legið fyrir í hugmyndum og áætlunum. En umfram allt er hafnargerð í Þjórsá svo stór möguleiki til bættra atvinnuhátta og hagsældar fyrir þjóðina, að það væri óverjandi að láta undan dragast að rannsaka það af einurð og kostgæfni, hvort hinir breyttu hættir eru ekki einmitt að skapa mikilvæg hafnarskilyrði, sem sízt mega ónotuð.

Herra forseti. Hv. d. hefur ákveðið þessari till. eina umr., og legg ég til, að á einhverju stigi umr. verði henni frestað og málinu vísað til samgmn.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Ég á von á því, að fyrri flm. þessarar þáltill., hv. 6. þm. Sunnl., og ég getum verið sammála um það, sem hann sagði allra síðast, að stórkostleg höfn á suðurströndinni mundi hafa geysilega þýðingu fyrir allt atvinnulíf í nágrenni sínu. Ég verð að segja það, að um till. eins og þessa má á sama hátt segja mörg orð almenns eðlis, sem undirstrika það, að nauðsyn sé á hafnargerðum, þar sem þær eru mögulegar og meðfærilegar. Þá má og ræða ýmsa hluti, eins og flm. gerði hér í framsöguræðu sinni, m. a. mikla tilflutninga á stórfljótum sunnanlands og í öðrum landsfjórðungum, sem mundu væntanlega hafa áhrif á það, hversu með skyldi fara hafnargerð eða áætlaða hafnargerð við Þjórsárós. Um þetta má tala mörg orð, og mér sýnist þó, að á þessu stigi hafi þau orð ótrúlega litla þýðingu. Það fyrsta, sem hefur þýðingu í þessu efni, er að kanna möguleika á því, hvort þarna sé möguleiki á hafnargerð. Ef sá möguleiki er fyrir hendi, þá getum við farið að bollaleggja um það, hverjar breytingar þyrfti á henni að gera, ef um stórfelldan flutning á stórfljótum yrði að ræða, og hver skyldi vera stærð hafnarmannvirkja. Hins vegar vil ég minna á við þessa umr., að fyrr í vetur eða 5. marz s. l. svaraði hafnamálaráðh. fsp. varðandi hafnamálefni, þar sem spurzt var fyrir um, hvað liði rannsóknum á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ og við Dyrhólaey. Ég vil minna á það, að í svari ráðh. kom það fram í þessari hv. d., að hann hefði lagt það fyrir vita- og hafnamálastjóra að láta rannsókn fara fram á hafnarskilyrðum við Þjórsárós. Ég vil minna á, að það höfuðefni, sem þessi þáltill. fjallar um, hefur þegar verið falið vita- og hafnamálastjóra að láta athuga. Ég tel því þessa till. óþarfa á þessu stigi og minni enn á þá yfirlýsingu, sem hafnamálaráðh. gaf um þetta efni 5. marz s. l.

Flm. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Í sambandi við ræðu hv. síðasta ræðumanns, 5. þm. Sunnl., vildi ég aðeins mega gera eina aths. Hún er sú, að þótt hafnamálaráðh. hafi vikið að því í svari við fsp. um annað mál eða önnur mál, að hann mundi biðja hafnamálastjórnina um að líta eftir því í leiðinni, hvort ekki sé hafnarmöguleiki við Þjórsá, um leið og þeir margfölduðu eitthvað betur út tölurnar sínar varðandi hafnargerð í Þykkvabænum, þá vildi ég vekja athygli þessa hv. ræðumanns á því, að hér er um allt annað mál að ræða. Það er mikill misskilningur og grundvallarmisskilningur, að hér sé um framhaldið af sama málinu að ræða, og jafnvel þótt hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson, sem nú fer með hafnamál í landinu, láti að því liggja, að hann muni biðja einhverja stofnun um að líta eftir þessu, þá finnst mér það nokkur lítilþægni og meiri en svo, að ég geti sætt mig við það sem afgreiðslu á stórmáli, að þar með sé afgreitt það mál, sem varðar alla Sunnlendinga og alla Íslendinga jafnmiklu eins og það, hvort möguleiki, sem aldrei hefur verið til áður, er að skapast á næstunni til hafnargerðar á Suðurlandi með allt öðrum hætti en hafnir á Íslandi hafa yfirleitt verið byggðar áður og á ekkert skylt við þær hafnir, sem talað hefur verið um að byggja með því að dengja grjóti, mér liggur við að segja heilum, niðurmuldum fjöllum fram í hafið, því að þetta er alls ekki till. um þess háttar hafnargerð. Þetta er till. um það, hvort ekki sé hægt að nota fljót, sem flestar líkur benda til, að sé að verða stórfljót, til þess að byggja við höfn svipaðs eðlis og byggðar hafa verið hinar stærstu hafnir úti í heimsbyggðinni, ekki út í sjóinn, heldur inn í landið. Þetta mál kann að eiga langt í land, en gjarnan vildi ég samt, að það ætti einhverja aðra möguleika til að verða að raunveruleika heldur en oftrú á hugmyndir manna, sem hreint ekki taka málið alvarlega.

Að svo mæltu vildi ég enn ítreka það, að málið verði afgreitt og ekki bara lagt til hliðar eins og einhver hégómi. Það er mín sannfæring, og ég trúi ekki öðru en það verði sannfæring fleiri þm., þegar þeir hafa hugsað sig ögn betur um, að hér sé á ferðinni þess háttar mál, að Íslendingar, og allra frekast íbúar suð-

urbyggða landsins, hafi engin efni á því að láta það sem vind um eyrun þjóta eða taka það ekki alvarlega.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Hv. 6. þm. Sunnl. sagðist ætla að gera smávegis aths. við þau fáu orð, sem ég viðhafði um þetta málefni rétt áðan, en ég verð að segja það, að ég á dálítið erfitt með að átta mig á því, hvað hann hafði við mitt mál að athuga eða hvað hann vildi leiðrétta. Það, sem ég þykist sjá nú, sem ég ekki vissi áður, er það, að hv. 6. þm. Sunnl. virðist hafa ákveðið það sjálfur, áður en rannsókn fer fram, hvað út úr rannsókninni á að koma, því að hann segir, að þarna eigi að *starfa á allt annan hátt en venja hefur verið* um hafnargerðir áður. Mér skildist, að till. væri um það að rannsaka, með hverjum hætti ætti að gera höfn í Þjórsárósi, en ekki um það, hvort ein ákveðin leið væri fær og önnur ekki. Þá sagði hv. þm., að þetta mál hefði borið hér á góma fyrr í vetur í umr. um allt annað málefni, að þeim tilmælum hefði verið beint til einhverrar stofnunar, að hún liti á mál þetta í leiðinni. Ég veit ekki betur en um þetta hafi verið hreinar yfirlýsingar af hendi ráðh., að hann hefði *lagt fyrir vita- og hafnamálastjóra* að láta þessar rannsóknir fara fram. Ég sé því ekki betur en að sú aths., sem hv. þm. ætlaði að gera við mitt mál, hafi verið algerlega út í hött.

ATKVGR.

Till. vísað til samgmn. með 13 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 85. fundi í Ed., 29. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 445, n. 724).

Frsm. meiri hl. (Karl Guðjónsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, eins og hv. d. er kunnugt, að d. skori á ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á möguleikum til hafnargerðar í Þjórsárósi með sérstöku tilliti til þess, hverja aukna möguleika það kunni að gefa til hafnargerðar, ef aukið verði vatnsmagn í ánni og vatnsmagn hennar jafnað.

Samgmn. *hefur fjallað um þessa till. og sýnist* meiri hl., að það sé þess vert, að þetta verði gaumgæfilega athugað, eins og segir í nál., en n. varð ekki sammála um þetta. Minni hl. n. hefur gefið út sérálit og telur, að engin þörf sé að samþykkja þessa till., vegna þess að það hafi komið fram í svari hæstv. samgmrh. Ingólfs Jónssonar, að hann hafi óskað eftir því við hafnamálastjórnina, að hún athugi hafnarstæði í Þjórsá um leið og hún heldur áfram athugunum sínum á hafnargerð í Þykkvabæ. Ég tel, að í þessu gæti mikils misskilnings. Hér er alls ekki um sama málið að ræða. Það er að vísu rétt, að Þjórsá rennur til hafs við Þykkvabæ og vera má, að höfn, sem gerð yrði í Þjórsárósi, yrði grafin inn í Þykkvabæ. En athugunin, sem hæstv. ráðh. greindi frá í svari sínu, var greinilega miðuð við það, að byggð yrði úthöfn, þ. e. að byggðir yrðu grjótgarðar fram í hafið og höfnin mótaðist af þeim görðum. Þessi till. er aftur á móti, eins og fram kemur í grg. hennar, miðuð við hitt, að höfnin verði grafin inn í landið og meginuppistaða hafnarinnar verði áin sjálf. Ég tel þess vegna, að þarna gæti misskilnings. Hér getur ekki verið um það að ræða, að framhaldsrannsókn á hafnargerð eins og hafnamálastjórnin hefur hugsað sér hana í Þykkvabænum, geti nægt sem rannsókn á því, sem hér er farið fram á, að rannsókn sé gerð á.

Annars sé ég ekki ástæðu til þess að orðlengja um það, nema sérstakt tilefni gefist, en sem sagt, meiri hl., sem við skipum, hv. 5. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, hv. 1. þm. Vesturl., Ásgeir Bjarnason, og hv. 2. þm. Austf., Páll Þorsteinsson, leggur til, að till. verði samþ. og fram fari gaumgæfileg rannsókn einmitt á þeim grundvelli, sem till. gerir ráð fyrir.

Steinþór Gestsson: Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu frsm. meiri hl. samgmn., gat samgmn. ekki staðið að einu nál. um þá þáltill., sem hér liggur fyrir.

Eins og ég gat um fyrr við þessa umr. um þáltill., minnti ég á, hverjar yfirlýsingar hefðu verið gefnar í þessari hv. d. af samgmrh., þegar svarað var fsp. um hafnargerðir. Enn fremur var það vitanlegt, að fyrir lá bréf, sem samgmrh. hafði skrifað hafnamálastjóra varðandi þetta efni, þar sem það er lagt fyrir hafnamálastjóra að láta gera athugun á möguleikum til hafnargerðar við Þjórsárósa. Nokkru eftir að þetta bréf var skrifað, var þessi till. til þál. lögð fram í þessari hv. d. Ég hélt því fram þá, fyrr við þessa umr., að till. þessi væri óþörf, því að þegar hefðu verið gerðar ráðstafanir til að framkvæma þá hluti, sem till. gerði ráð fyrir. Frsm. meiri hl. vildi leggja á það áherzlu, að hér væri um misskilning að ræða. Aðeins væri ráðgert að athuga eina ákveðna gerð hafna við Þjórsárós. Ég vil leggja á það áherzlu, að um það liggur ekkert fyrir og hefur alls ekki verið tekið fram í þeim fyrirmælum, sem ráðh. hefur gefið, að rannsókn skyldi vera hafin á einn eða annan hátt, heldur einungis, að rannsókn skyldi gerð, og rannsókn er ekki gerð, nema fleiri möguleikar séu athugaðir. Því er það niðurstaða okkar, sem stöndum að minni hl. samgmn., að þessi þáltill. sé með öllu óþörf og samþykkt hennar hafi engin áhrif á framgang þessa máls, og við sjáum ekki ástæðu til þess að standa sérstaklega að samþykkt hennar. Hins vegar vil ég taka það fram um mig, að ég mun ekki greiða atkv. Ég sé ekki, að það sé málinu til framdráttar á neinn hátt að samþykkja till. Hins vegar er það vitaskuld vilji minn, að þessi rannsókn fari fram, enda er búið að ákveða, að svo muni verða gert.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 87. fundi í Ed., 30. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 10:3 atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 12 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun efri deildar Alþingis (A. 825).

20. Bygging þjóðarbókhlöðu.

Á deildafundum 20. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um byggingu þjóðarbókhlöðu [221. mál] (A. 601).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Árið 1957 samþykkti Alþ. till. um, að sameina skyldi Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Síðan hafa farið fram viðræður um það milli menntmrn., Landsbókasafns og Háskólabókasafns, með hverjum hætti söfnin yrðu með skynsamlegustu móti sameinuð. Ákvæði hefur verið tekið í nýsamþykkt lög um Landsbókasafn varðandi þetta efni. En í þeim húsakynnum, sem söfnin hafa nú yfir að ráða, er augljóst, að sameining safnanna er ekki framkvæmanleg. Hins vegar hefur í framhaldi af þeim viðræðum, sem fram hafa farið milli rn. og forstöðumanna safnanna, átt sér stað nokkur undirbúningur að byggingu þjóðarbókhlöðu og frumáætlanir hafa verið gerðar. Var á sínum tíma leitað til Menningar- og vísindastofnunar Sameinuðu þjóðanna um það, hvort á vegum þeirrar stofnunar væri völ á sérfræðingum, sem gætu veitt aðstoð, tæknilega og fræðilega aðstoð við undirbúning málsins, en bygging þjóðarbókhlöðu er mjög vandasamt og viðamikið fyrirtæki. Var þetta gert í framhaldi af því, að Alþ. veitti fyrir nokkrum árum nokkrar bvrjunarfjárveitingar til byggingar þjóðarbókhlöðu. Eru þær frumáætlanir til, og er gert ráð fyrir því, að þeir tveir sérfræðingar, Breti og Norðmaður, sem hingað komu á s. l. ári til viðræðu um málið, komi aftur í vor.

Árið 1966 kaus Alþ. nefnd til þess að gera till. um. með hverjum hætti ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar 1974 skyldi minnzt. Ein af till. beirrar nefndar er sú, að þessa merka afmælis í sögu Íslendinga skuli minnzt með beim hætti að reisa þjóðarbókhlöðu. Sú till. fékk mjög góðar undirtektir, bæði innan þings og utan, og hika ég ekki við að fullyrða, að henni hefur stöðugt vaxið fylgi síðan hún kom fram. Raunar hafði hugmyndin um bygging þjóðarbókhlöðu í sambandi við ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar komið fram áður, en hún var sett formlega fram af hálfu afmælisnefndarinnar, og ég hef ekki orðið annars var en að hvarvetna, þar sem hennar hefur verið getið á annað borð, hafi hún hlotið góðar undirtektir.

Í framhaldi af því, sem ég hef nú lýst, hefur ríkisstj. flutt till. þá til þál. um byggingu þjóðarbókhlöðu, sem hér er flutt. Ég vona, að þessi till. nái samhljóða samþykki á hinu háa Alþ. Ef svo verður, mun ríkisstj. beita sér fyrir fjárframlögum í því skyni að hrinda efni till. í framkvæmd. Ekki er við því að búast, að byggingunni geti orðið lokið 1974, enda verður hér um mjög vandaða og dýra byggingu að ræða, sem undirbúa þarf mjög vel. Engu að síður á bygging þjóðarbókhlöðunnar að vera tengd þessum merkisatburði í sögu Íslendinga.

Ég leyfi mér að leggja til, herra forseti, að þessari umr. verði frestað og till. vísað til hv. allshn.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil lýsa alveg sérstakri ánægju yfir þessari till. og tel það mjög vel til fallið, að við minnumst ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar með því að reisa þjóðarbókhlöðu.

Eins og kom fram í ræðu hæstv. ráðh., var ákveðið strax á Alþ. 1957 að sameina Landsbókasafn og Háskólabókasafn, en ekki hefur orðið úr framkvæmdum. Ég hef nokkrum sinnum borið fram á Alþ. fsp. um það, hvað framkvæmdum liði í þessum efnum, en því miður ekki fengið önnur svör en þau, að málið væri í athugun, og af þeim ástæðum fagna ég nú sérstaklega, að þessi till. er fram komin. Annars var það ekki megintilgangur minn með því að kveðja mér hljóðs í sambandi við þessa umr. að ræða um till. sjálfa, heldur bera fram fsp. til hæstv. ráðh. varðandi eitt af aðalsöfnum landsins, sem ekki er nefnt í þessari till. En það er Þjóðskjalasafn Íslands. Þjóðskjalasafn Íslands býr nú við mjög þröngan kost. Geymslurými þess er alveg fullskipað og raunar meira en það. En þó þarf safnið á næstu mánuðum, og ætti raunar að vera búið að því, að taka á móti miklu af skjölum, sem þar eiga heima. Það mun t. d. vera þannig ástatt um velflest opinber embætti, eins og sýslumannsembætti og embætti rn., að þar er mikið af skjölum, sem eiga heima í Þjóðskjalasafninu og ættu að vera komin þangað. Sama gildir um fjölmargar ríkisstofnanir, sem eiga að láta sín embættisskjöl ganga til safnsins eftir tilskilinn tíma, að bær hafa enn ekki getað gert það vegna húsnæðisleysis safnsins. Þar má t. d. minna á ríkisútvarpið, skólana og fræðslustofnanir, begar aðeins Lærði skólinn og fræðslumálaskrifstofan eru undan skilin. Þá hafa bankarnir heldur ekki skilað neinu af skjölum, sem raunverulega ættu þar heima, og má í því sambandi minna á, að það sé kominn tími til, að t. d. skjalasafn banka eins og Íslandsbanka væri komið á þennan stað. Það má enn fremur

minna á það, að skjalasöfn sjúkrahúsa eru enn þá ókomin inn á safnið með örfáum undantekningum, og sama gildir um skjalasöfn tryggingafélaga og ýmiss konar samtaka, sem ekki eru rekin af ríkinu, en hafa þó að geyma merkilegar heimildir. Má í því sambandi nefna samvinnuhreyfinguna, verkalýðssamtökin, Eimskipafélag Íslands og mörg önnur slík samtök. En fyrir þá, sem vilja vinna að sögu Íslands síðar, og vegna margvíslegra heimilda, sem þurfa að geymast, þá er eðlilegt, að skjöl slíkra samtaka og stofnana gangi til geymslu á Þjóðskjalasafnið eftir tilskilinn tíma. Þá má enn fremur nefna stjórnmálaflokkana í þessu sambandi. Það er eðlilegt, að fundargerðabækur þeirra og ýmis skjöl, sem þá snerta, verði látin til geymslu á Þjóðskjalasafnið, þegar fram líða stundir. En þetta sýnir, að safnið býr þegar við mikið húsnæðisleysi og þarf á mjög mikilli aukningu húsrýmis að halda á næstunni, ef það á að geta fullnægt því hlutverki, sem því er ætlað. Upphaflega mun hafa verið gert ráð fyrir því, að Landsbókasafnið og Þjóðskjalasafnið væru ein og sama stofnun, þó að það atvikaðist þannig í framkvæmd, að svo yrði ekki. En ég teldi á margan hátt eðlilegt, að í þessari nýju og veglegu safnbyggingu yrði Þjóðskjalasafninu séð fyrir húsplássi og það gengi jafnvel inn í þessa sameiningu safnanna, sem hér er um að ræða.

Ég skal svo ekki ræða frekar um þetta mál að sinni, en ég vil sem sagt beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvaða fyrirætlanir séu í sambandi við húsnæðismál Þjóðskjalasafnsins, hvort það sé ætlunin, að það fylgi hinum söfnunum og verði með í þessari nýju byggingu, eða hvort það sé ætlunin að leysa húsnæðismál þess á einhvern annan veg.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Mig langaði aðeins að lýsa með örfáum orðum stuðningi mínum og sérstakri ánægju með þessa þáltill. um byggingu þjóðarbókhlöðu. Ég hef nokkrum sinnum á þessu þingi og tveimur undanförnum þingum vakið máls á því, hvílík grundvallarnauðsyn það sé að koma upp nýju húsi yfir hin vísindalegu bókasöfn þjóðarinnar og framkvæma þá stefnu, sem Alþ. hafði áður markað, að sameina þau. Það gerðist ekki fyrr en með fjárl. ársins 1968, að tekin var upp fjárveiting til þessara þarfa, og var það raunar nýtt skref í málinu, vegna þess að þar var verið að taka grundvallarákvörðun um framkvæmdir. Hins vegar var sú fjárhæð lítil, en allir vissu, að til þessarar byggingar mundi þurfa mjög mikið fjármagn. Ég bar fram fsp. um þetta mál fyrr í vetur og hæstv. menntmrh. svaraði þá á þann hátt, að hæstv. ríkisstj. væri að athuga málið enn, en hefði jákvæða afstöðu til þess, og nú hefur þessi athugun leitt til þessarar jákvæðu niðurstöðu.

Ég er þeirrar skoðunar, að samþykkt þessarar þáltill. muni á ókomnum árum þykja merkisatburður. Ég mundi jafnvel vilja taka svo djúpt í árinni, að svo kunni að fara síðar meir, að þessa þinghalds okkar hér í vetur kunni sérstaklega að verða minnzt fyrir þessa ákvörðun, vegna þess að sú stofnun, sem þarna er um að ræða, mun verða í mjög nánum tengslum við vísindastarfsemi og fræði á Íslandi á ókomnum áratugum. Ég vil sem sé aðeins lýsa yfir sérstakri ánægju minni og stuðningi við þessa till.

Gils Guðmundsson: Herra forseti. Ég fagna því eindregið, að þessi þáltill. er fram komin frá hæstv. ríkisstj., og vonir standa til, að hún geti fengið afgreiðslu áður en þingi lýkur, enda þótt hún sé seint fram komin.

Þegar nefnd sú, sem á að gera till. um það, hvernig minnast skal ellefu alda Íslandsbyggðar 1974, fór að ræða um það, hvert ætti að vera hið sameiginlega átak íslenzku þjóðarinnar allrar, eins konar afmælisgjöf hennar til sjálfrar sín, þá komu óneitanlega ýmsar hugmyndir fram, og fleira en eitt kom mjög til greina. Töluvert var í þeirri nefnd rætt um nýtt alþingishús og ýmsir litu svo á, að það væri að sjálfsögðu mjög verðugt verkefni fyrir þjóðina að reisa það í tilefni af ellefu alda afmælinu. Niðurstaðan varð samt sú, að það mál, bygging nýs alþingishúss, væri svo sérstakt viðfangsefni Alþ. sjálfs, ef svo mætti segja, að það væri eðlilegast, að það glímdi við það verkefni og tæki ákvarðanir þar um. Og fljótlega eftir að sú niðurstaða var fengin, varð algert samkomulag í nefndinni um að leggja til, að þjóðargjöfin eða gjöfin, sem þjóðin gæfi sjálfri sér, yrði það safnahús yfir aðalbókasöfn landsins, sem þessi þáltill. fjallar um. Og eins og bæði hæstv. menntmrh. sagði í ræðu sinni hér áðan og þegar er fram komið í ræðum tveggja alþm., þá virðist þessi hugmynd njóta mjög mikils stuðnings, og ég tel, að það sé vel. Það er enginn efi á því, að undirbúningur að byggingu þjóðarbókhlöðu er mjög vandasamur, og þetta verður tvímælalaust eitthvert hið allra vandasamasta verk, einhver hin vandasamasta bygging, sem ráðizt er í um þessar mundir, og kemur margt til. Hér þurfa vafalaust að vinna saman hinir færustu arkitektar og þeir menn, sem þekkja vel til starfa bókasafna og vita, hvað þar hentar bezt.

Ég hef ekki gert mér grein fyrir því, hvort um það gæti verið að ræða að efna til samkeppni um teikningu að slíkri þjóðarbókhlöðu, en sé það talið fært tæknilega séð, þá teldi ég það mjög koma til greina og ætti að athuga sérstaklega, því að ég legg á það áherzlu, að það ber að vanda mjög allan undirbúning þessa verks og gera þennan hlut sem myndarlegastan og veglegastan og þó fyrst og fremst á þann veg, að hann þjóni á sem beztan hátt sínum tilgangi, sem er vitanlega sá að hýsa hin vísindalegu bókasöfn þjóðarinnar um ókominn aldur.

Ég vænti þess og treysti því, að að þessu máli verði unnið á myndarlegan hátt og það komist farsællega í höfn, enda þótt ég geri mér ljóst, að verkið er stærra en svo, að þjóðarbókhlaðan verði fullbúin 1974, en ef vel er að málum unnið, ætti þó ákveðinn og myndarlegur áfangi að hafa náðst á því ári.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrir hönd ríkisstj. vil ég þakka þeim þremur málsvörum stjórnarandstöðuflokka, sem tekið hafa til máls, fyrir jákvæðar undirtektir þeirra við till. þessa og fyrirheit um stuðning við samþykkt hennar nú þegar á þessu þingi. Ég fagna því, og ég er viss um, að þjóðin öll mun fagna því, að jafnvel í kosningamánuði skuli stjórn og stjórnarandstaða sameinast og vilja sameinast til sameiginlegs átaks, þegar um mikilvægt nauðsynjamál er að ræða.

Varðandi fsp. hv. 4. þm. Reykv. um það, hvort Þjóðskjalasafni muni verða ætlaður staður í væntanlegri þjóðarbókhlöðu er þetta að segja: Það mál hefur verið rætt mjög ítarlega, en er ekki útrætt. Um það hafa komið fram ólíkar skoðanir. Sumir eru þeirrar skoðunar, að rétt sé að ætla Þjóðskjalasafni húsnæði í hinni nýju þjóðarbókhlöðu og hafa hana þá þeim mun stærri en hún mundi vera, ef henni væri aðeins ætlað að hýsa Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Aðrir eru þeirrar skoðunar, að Þjóðskjalasafn eigi að fá allt núverandi landsbókasafnshús til umráða, þegar Landsbókasafn getur flutt þaðan. Þetta mál mun verða athugað áfram mjög gaumgæfilega, og endanleg ákvörðun ekki verða tekin fyrr en mjög ítarlegar athuganir og viðræður um málið hafa farið fram.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið einni umr. um till. (A. 601, n. 800).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 45 shlj. atkv.

Frsm. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um byggingu þjóðarbókhlöðu á þskj. 601. Till. er flutt af ríkisstj. og er svofelld:

„Alþingi ályktar, að í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn."

N. varð sammála um að mæla með því, að till. þessi hljóti samþykki Alþ.

Íslenzka þjóðin er meðal hinna fámennustu í samfélagi þjóðanna. Það gefur henni sérstöðu í því samfélagi, að hún er tengd bókmenntum og varðveizlu fornrar menningar. Þetta leggur þjóðinni ríka skyldu á herðar að sýna þessari arfleifð sérstaka ræktarsemi. Fer vel á því, að landsmenn minnist þessara merku tímamóta í sögu sinni með því að sýna þessa ræktarsemi í verki, þótt í litlu sé miðað við þann arf, sem kynslóð vorri hefur áskotnazt frá forfeðrum sínum. Við mundum leggja mikið upp úr því, að Alþ. teldi sér fært að afgreiða þessa þál. samhljóða.

ATKVGR.
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Till. samþ. með 51 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (A. 834).

Þingsályktunartillaga felld.

Rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar.

Á 5. fundi í Nd., 23. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar [45. mál] (A. 46).

Á 7. og 8. fundi í Nd., 28. og 30. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 9. fundi í Nd., 3. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Við 1. umr. fjárlaga vakti ég máls á kostnaðinum við Búrfellsvirkjun, rakti, hver hann væri orðinn og hver hann mundi verða, þegar Búrfellsstöðin yrði fullgerð, og benti á, að framleiðslukostnaður á raforku frá Búrfellsvirkjun væri nú um það bil tvöfalt meiri en verð það, sem álbræðslan greiðir, og endanlegur framleiðslukostnaður, eftir að Búrfellsvirkjun væri tekin til starfa með fullum afköstum, yrði um 4 aurum hærri á kwst. en greiðsla bræðslunnar. Þannig væri nú þegar sýnt, að við værum skuldbundnir til þess með samningi að selja bræðslunni orku undir kostnaðarverði, og yrði árleg meðgjöf okkar fyrstu árin yfir 100 millj. kr., en síðar um 45 millj. kr. á ári. Þessar frásagnir vöktu mjög almenna athygli, og þeir menn, sem bera ábyrgð á samningunum við svissneska álhringinn, töldu sig að vonum komna í vanda. Hæstv. raforkumrh. reis upp á þingi daginn eftir fjárlagaumr. og kvaðst þurfa að koma á framfæri leiðréttingu, en því miður tókst ekki betur til en svo, að hann varð að viðurkenna í miðjum umr., að hann hefði ekki lesið frásögn mína, og því gat hann að vonum ekki heldur gert grein fyrir svo kallaðri leiðréttingu sinni. Síðar um daginn fengu öll fjölmiðlunartæki senda aths. frá Jóhannesi Nordal seðlabankastjóra, stjórnarformanni Landsvirkjunar, og Eiríki Briem verkfræðingi, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar, þar sem á ýmsan hátt var reynt að bera brigður á þær tölur, sem ég hafði birt, og mun ég ræða efni þeirrar aths. á eftir. Síðan hafa tekið við hin venjulegu blaðaskrif. Vísir sagði á forsíðu, að ég hefði reynzt uppvís að hrikalegri reikningsskekkju, en í forustugrein Morgunblaðsins hefur verið sagt, að tölur þær, sem ég greindi frá, hafi verið vísvitandi ósannindi og blekkingar.

Í einni af ræðum þeim, sem hæstv. raforkumálaráðh. flutti, spurði hann, hvar ég hefði fengið þá vitneskju, sem ég greindi frá um kostnað við Búrfellsvirkjun. Alþýðublaðið virtist telja þetta mjög athyglisvert sjónarmið, því að það spurði á forsíðu, hvaðan mér væri kominn þessi fróðleikur, og stjórnmálaritstjóri Alþýðublaðsins hefur fylgt þessu sjónarmiði eftir síðan í sérstakri grein. Í þessu viðhorfi virðist það felast, að kostnaður við Búrfellsvirkjun sé eitthvert leyndarmál, að ég hafi verið að stunda eins konar njósnir með því að hnýsast í plögg sérfræðinga og ráðh. Þetta er að sjálfsögðu fráleitt sjónarmið, sem verður að kveða niður. Það er ekki aðeins réttur alþm. að afla sér vitneskju um opinber mál, sem varða alla þjóðina, heldur tvímælalaus skylda þeirra. Og mér er að sjálfsögðu engin launung á því, hvaðan ég hef vitneskju mína. Hún er að langmestu leyti sótt í þessa bók. Þetta er ein af skýrslum þeim, sem bandarísk verkfræðifirmað Harza, sem hannaði Búrfellsvirkjun og hefur fylgzt með öllum framkvæmdum þar, gefur út. Slíkar skýrslur eru gefnar út ársfjórðungslega, og sú bók, sem ég er hér með í höndum, er nýjasta skýrslan, gefin út í júlímánuði í sumar, og hún nær fram til 30. júní. Ég veit, að hæstv. raforkumálaráðh. kannast við þessar skýrslur. Hann hlýtur að hafa þessa bók á skrifborðinu hjá sér og er vafalaust búinn að kynna sér hana gaumgæfilega. En þangað er sótt sú vitneskja, sem ég greindi frá.

Í þessari bók er að finna skýrslur, töflur og línurit um alla þætti verksins. Á töflu nr. 30 er fjallað um það málefni, sem skiptir mestu máli í sambandi við þessar umr., þ. e. a. s. um kostnaðinn við fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar. Þar er fyrst tafla, sem ber yfirskriftina Original estimated costs, þ. e. a. s. Upphafleg kostnaðaráætlun. Niðurstöðutölur hennar eru þær, að í upphafi hafi verið áætlað, að kostnaður í gjaldeyri yrði 19 millj. 500 þús. dollarar, kostnaður í íslenzkri mynt 6 millj. 354 þús. dollarar, eða heildarkostnaður 25 millj. 854 þús. dollarar. Síðar í þessari töflu er svo kostnaðurinn eins og hann er metinn miðað við 30. júní í sumar. Þá er kostnaðurinn í gjaldeyri metinn 24 millj. 28 þús. dollarar, kostnaður í íslenzkri mynt 8 millj. 544 þús. dollarar og heildarkostnaður 32 millj. 572 þús. dollarar. Hér er sem sé um að ræða hækkun frá upphaflegri áætlun úr 25.8 millj. dollara í 32.6 millj. eða um 26%, rúman fjórðung. Þetta voru þær

tölur, sem ég gerði grein fyrir í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga. Sé einhver hrikaleg reikningsskekkja í þessum tölum, er hún komin frá bandarísku verkfræðifirmanu Harza, en ekki frá mér. Séu þessar tölur vísvitandi uppspuni og blekkingar, eins og sagt var í forustugrein Morgunblaðsins, er það verkfræðifirmað Harza, sem hefur ástundað svo fráleita iðju.

Tala sú, sem Harza gaf upp í sumar um endanlegan heildarkostnað við fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar, er engan veginn tæmandi. Á töflu þeirri, sem ég vitnaði til, töflu 30, eru taldir upp neðanmáls kostnaðarliðir, sem ekki eru meðreiknaðir, á þessa leið: Water rights, Interest during construction, Commitment fees, Custom duties, Taxes, Financing cost and devaluation loss on local cost component not included, þ. e. a. s. þarna eru ekki meðreiknaðir liðirnir greiðsla fyrir vatnsréttindi og ýmis réttindi önnur, vextir á byggingartímanum, tollar, skattar og gengistap á innlendum kostnaði. Og hér er að sjálfsögðu um verulegar fjárhæðir að ræða, sem unnt er að meta með sæmilegri nákvæmni.

Tökum fyrst liðinn gengistap á innlendum kostnaði. Í aths. þeirra Eiríks Briem og Jóhannesar Nordal er öldungis ekki reiknað með þessum lið. Þeir segja ofur einfaldlega, að heildarkostnaður verði 3760 millj. kr., deila í þá upphæð með 88 og fá þannig dollarakostnað, sem nemur 42.7 millj. dollara. En málið er ekki svona einfalt. Þetta verk hefur verið unnið á þreföldu gengi. Fyrst var dollarinn 43 kr., síðan 57 kr. og loks 88 kr. Gengistapið kemur fram í því, að erlend lán hafa verið tekin fyrir svo til öllum kostnaðinum. Auðvelt er að skýra þetta mál út með dæmi fyrir þá, sem ekki hafa hugsað þessa hlið málsins. Meðan gengi dollarans var 43 kr., var innlendur kostnaður af framkvæmdunum ca. 215 millj. kr. eða 5 millj. dollara. Þessi tala, 215 millj. kr., er látin standa óbreytt í útreikningum þeirra Eiríks Briem og Jóhannesar Nordal. En þegar kemur að því að endurgreiða 5 millj. dollara, sem teknir voru að láni til þess að standa undir þessum kostnaði, er andvirði þeirra orðið 440 millj. kr. vegna gengislækkananna. Þarna kemur fram gengistap, sem nemur 225 millj. kr., og það verður Búrfellsvirkjun að greiða með þeim tekjum, sem hún fær frá viðskiptavinum sínum. Það gengistap, sem þannig kemur fram á árunum fram að gengislækkuninni haustið 1968, mun nema um 290 millj. kr., eða sem svarar 3 millj. 280 þús. dollurum. Þegar þessi kostnaður er meðtalinn, verður heildarkostnaður samkv. áætlun Harza 35 millj. 852 þús. dollarar. Þá eru ótaldir vextir á byggingartímanum, sem væntanlega nema um 10% eða 3.6 millj. dollara. Einnig vantar í þessa tölu, eins og getið er um í skýrslu Harza, lánskostnað, sem trúlega hefur verið um 1%, greiðslu fyrir vatnsréttindi, eftirgjöf á tollum frá ríkinu, þann hluta tolla, sem Landsvirkjun hefur orðið samkv. samningi að greiða vegna verktaka, og skatta fyrir starfsmenn bandarísku verkfræðifirmans. Erfitt er að meta þessa liði af fullri nákvæmni, en kunnugustu menn telja, að þeir verði ekki undir 2.5 millj. dollara. Ætti þá fyrri áfangi Búrfells að kosta um 42 millj. dollara eða um 3700 millj. kr. Þá er enn óreiknuð gasaflsstöðin, sem mun kosta hátt á þriðja hundrað millj. kr. Sé hún meðtalin, verður kostnaðurinn um 4000 millj. kr. og orkuverð á kwst. yfir 45 aurar á sama tíma og svissneska álbræðslan greiðir 22 aura.

Í þessum útreikningum er algerlega sleppt kostnaðarliðum, sem enn kunna að bætast við. T. d. stendur nú yfir deila milli verktakanna og Landsvirkjunar, og mun hún snúast um hvorki meira né minna en 700—800 millj. kr., sem verktakarnir vilja fá í viðbót við þær greiðslur, sem áður hefur verið samið um.

Þetta er sá kostnaður, sem telst til fyrri áfanga. Erfiðara er að meta áframhaldið með nokkurri nákvæmni, viðbótarvélbúnað og miðlunarmannvirki, en í fyrra var lagt fram á þingi frv. til l. um breytingu á lögum um Landsvirkjun. Frv. fól í sér lántökuheimild vegna virkjunarframkvæmdanna, og þar var greint frá þeirri áætlun Landsvirkjunarstjórnar, að stofnkostnaður seinni áfanga Búrfellsvirkjunar yrði 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara. Sé miðað við þessar tölur, sem hvorki Landsvirkjunarstjórn né hæstv. ráðh. geta gagnrýnt, verður heildarkostnaður yfir 50 millj. dollara eða um 4500 millj. kr. Kostnaður á kwst. með þeirri útreikningsaðferð, sem Jóhannes Nordal og Eiríkur Briem nota í aths. sinni, verður þá um 26 aurar á kwst. Greiðsla álbræðslunnar verður hins vegar aðeins 22 aurar á kwst. Það jafngildir því, að árleg greiðsla álbræðslunnar verði til frambúðar um 45 millj. kr. undir kostnaðarverði, eins og ég rakti í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga.

Raunverulega verður þessi munur þó nokkru meiri. Þegar Jóhannes Nordal og Eiríkur Briem tala um, að virkjunin við Búrfell gefi 1720 millj. kwst. á ári, reikna þeir með óraunsæjum nýtingartíma. Álverið á sem kunnugt er að fá 140 mw., og þar verður væntanlega um að ræða 8500 stunda nýtingartíma á ári eða um 1100 gwst. Afgangurinn, 70 mw., sem ætlaður verður íslenzkum viðskiptavinum, nýtist aldrei svona vel. T. d. er nýtingartími Sogsvirkjunar um 5000 stundir á ári. Þótt alltaf væri nóg vatn handa Búrfellsvirkjun, fæst aldrei miklu meiri nýting en um 7000 stundir á ári. Með því móti fást út úr virkjuninni tæpar 1600 gwst., og er slíkur reikningur raunsærri en tala þeirra félaga, 1720 gwst. En þá yrði kostnaðarverð á kwst. raunar 28 aurar.

Mig langar að minnast á enn eitt atriði úr aths. þeirra Jóhannesar Nordal og Eiríks Briem, sem sýnir, hversu langt þeir seilast til röksemdanna. Þótt ekki sé búið að fullprófa aflvélarnar þrjár við Búrfellsvirkjun og þrjár séu ekki einu sinni komnar til landsins, segjast þeir gera sér vonir um, að þær muni skila allt að 15% meiri afköstum en reiknað hefur verið með í áætlunum, og á grundvelli þessarar vonar lækka þeir raforkuverðið um 3 aura á kwst. í áætlunum sínum. Að sjálfsögðu er fráleitt að

fullyrða nokkuð um afköst aflvéla, sem engin reynsla er fengin af. Auk þess er það engin nýjung, að aflvélar geti skilað meiri orku en áætlanir sýna, en slík afköst eru hagnýtt í sérstökum toppum, en ekki að staðaldri.

En í sambandi við Búrfellsvirkjun er um ýmsa aðra óvissu að ræða, t. d. áhrif hugsanlegra isamyndana, sem geta orðið mjög afdrifarík. Vonandi gengur allt eins vel og hugurinn girnist, en við áætlanir verður að miða við staðreyndir, ekki við vonir.

Í heild verð ég að segja, að málflutningur þeirra Eiríks Briem og Jóhannesar Nordal hefur valdið mér miklum vonbrigðum. Þeir eru einhverjir æðstu trúnaðarmenn þjóðarinnar, annar þeirra sjálfur aðalbankastjóri Seðlabankans, og það er skylda slíkra manna að leggja fyrir okkur alþm. staðreyndirnar eins og þær eru og draga ekkert undan, hvort sem mönnum fellur betur eða verr við þá málavexti. Þess í stað hafa þeir í aths. sinni reynt að fela staðreyndir með almennum áróðri. Mér finnst ástæða til þess að víta á Alþ. slíka framkomu opinberra trúnaðarmanna.

Ég hef nú gert grein fyrir því, hvernig útreikningar mínir eru fengnir. Undirstaðan er áætlun, sem bandarísk verkfræðifyrirtækið Harza gerði fyrir þrem mánuðum. Við þá áætlun hef ég bætt kostnaðarliðum, sem Harza viðurkennir, að voru ekki meðtaldir, og kostnað seinni áfanga met ég eins og hann var áætlaður í fyrra af Landsvirkjunarstjórn þegar frv. um lántökuheimild var lagt fyrir Alþ. Ég hef þannig lagt fram öll gögn fyrir þá, sem hafa hug á að vefengja útreikninga mína. En þá verða menn að gera það með fullum rökum, ekki með almennum staðhæfingum og pólitískum skammaryrðum í forustugreinum blaða.

Það mál, sem ég hef hér vakið athygli á, er stórmál, og ég tel það skyldu allra alþm. að gera sér fulla grein fyrir því. Þetta er ekki aðeins stórmál vegna þess, að í því felst mat á fortíðinni, samningum þeim um raforkusölu, sem gerðir voru við álbræðsluna. Við andstæðingar þeirra samninga vöruðum við því, að svona mundi fara, en okkur er að sjálfsögðu fjarri skapi að hælast um, þótt reynslan hafi staðfest aðvaranir okkar. Stjórnarflokkarnir og sérfræðingar þeirra töldu sig auðvitað vera að gera rétt, og það er ekkert ánægjuefni, að hugmyndir þeirra hafa reynzt tálsýnir. Það, sem skiptir meginmáli, er hins vegar að hagnýta þessa reynslu til þess að leggja á ráðin um framtíðina. Við höfum nú um langt skeið hevrt órökstuddan áróður þess efnis, að framtíð Íslendinga eigi að vera í því fólgin að gera nýjar stórvirkjanir, þ. á m. einhverja mestu vatnsaflsvirkjun heims á Austfjörðum, til þess að selja erlendum auðhringum orkuna með svipuðum kjörum og álbræðslan nýtur. Um það verður naumast deilt, að það getur aldrei fært okkur blómlega framtíð að selja raforku undir kostnaðarverði og verða að skattleggja íslenzkan almenning og íslenzka atvinnuvegi til þess að greiða með raforkunni til útlendinganna. Nú þegar er svo ástatt, að heildsöluverð frá Landsvirkjun til rafveitna á Suðurlandi er 48 aurar á kwst. á sama tíma og álbræðslan greiðir 22 aura. Áformað er, að þetta verð hækki um a. m. k. 15% alveg á næstunni. En þótt verðið á raforku til Íslendinga haldi áfram að hækka, helzt það óbreytt handa álbræðslunni. Við verðum að greiða sífhækkandi verð til þess að standa undir hallanum af viðskiptunum við útlendinga. Ég bið alla alþm., sem mál mitt heyra, að hugleiða þessar staðreyndir af fullri alvöru og af fullu raunsæi.

Þetta eru ástæðurnar fyrir því, að ég hef ásamt hv. þm. Þórarni Þórarinssyni flutt till. um rannsóknarnefnd. Við höfum engan hug á því að ná okkur niðri á hæstv. raforkumálaráðh. eða sérfræðingum hans. Þetta mál er miklu stærra en svo, að venjulegar pólitískar skylmingar eigi rétt á sér í sambandi við það. Hér er um að ræða óhjákvæmilegt rannsóknarefni, þar sem allar staðreyndir verða að koma fram í dagsljósið. Ég tel það skyldu hvers einasta alþm. að kynna sér þessar staðreyndir persónulega, vegna þess að á okkur hvílir sú skylda að taka ákvarðanir um framtíðina.

Ég vil svo, herra forseti, leggja til, að málinu verði að lokinni 1. umr. vísað til hv. allshn., og ég vil mjög eindregið beina því til n., að hún hraði meðferð þessarar till. Hér er um þannig mál að ræða, að ástæðulaust er að senda það til umsagnar. Hér er aðeins um það spurt, hvort alþm. vilja láta framkvæma þessa rannsókn eða ekki, og menn eiga að geta tekið þá ákvörðun á tiltölulega skömmum tíma.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. minnti enn á það, að hann hefði vakið máls á því, hvað stofnkostnaður Landsvirkjunar yrði hár, í útvarpsumr. hér fyrir nokkrum vikum, og hv. þm. heldur sig við þessa tölu enn í dag, enda þótt það liggi alveg fyrir, að sú tala er röng. Þetta leiðist mér. Ég hafði búizt við, að hv. þm. væri feginn því að hafa fengið leiðréttingu á talnavillunni. En þar sem hann heldur því fram, að það hafi verið rétt, sem hann lagði út af í nefndum útvarpsumr., heldur hann málflutningi sínum áfram í sama dúr og leggur út af skökkum forsendum nú eins og fyrr.

Ég vil leyfa mér að minna á, að 1. okt. s. l. hófst samningsbundin afhending raforku frá Búrfellsvirkjun til álverksmiðjunnar í Straumsvík. Höfðu þrjár fyrstu aflvélar verið teknar í notkun skömmu áður, og var þá svo að segja fullokið við öll mannvirki á staðnum, ef frá er talinn ýmis frágangur og niðursetning þriggja aflvéla til viðbótar, en fyrirhugað er að byrja á því verki á næsta ári. Það er því alls ekki rétt, sem hv. þm. sagði áðan, að ekki væri búið að prófa þessar þrjár aflvélar. Raforka hefur verið seld frá Búrfelli síðan 1. okt., og þessar aflvélar hafa ýmist gengið tvær eða allar síðan. Reynslan af því er fengin. Vegna ákvarðana um hraðari uppbyggingu orkuversins var ákveðið að ljúka öllum mannvirkjum við Búrfell í fyrri áfanga að þessum þrem

síðari aflvélum undanskildum. Hefur þetta valdið breytingum á kostnaðarskiptingu milli áfanga, frá því sem áður var áætlað. Samkvæmt bókun og uppgjöri eftirlitsmanna Landsvirkjunar nemur áfallinn stofnkostnaður hinn 1. okt. 3 325 millj. kr. Þetta er samkvæmt bókun Landsvirkjunar og bókhaldi, og nær þessi tala til alls byggingarkostnaðar, að meðtöldum vöxtum á byggingartíma, undirbúningskostnaði og rannsóknum, en án vatnsvirkjunar. En hv. þm. sagði áðan og vitnaði í Harza-áætlun, að það væru ekki meðtaldir vextir á byggingartíma, ekki rannsóknarkostnaður og ekki kostnaður vegna ísrennslis og annað fleira. Hv. þm. vitnaði í Harza og sagði, að þar væri áætlunin aðeins 25 millj. dollarar, en svo bara vantaði þetta og þetta, þannig að ef hann hefði lagt allt saman, hefði hann komizt upp í 42.7 millj. dollara, eins og áætlunin var á þessari virkjun áður en ráðizt var í framkvæmdirnar. En það veit þessi hv. þm., að það voru ýmsar áætlanagerðir uppi. Það var mörg ár verið að vinna að þessum framkvæmdum og áætlanir breyttust, eftir því sem breyting varð á fyrirkomulaginu, en endanleg áætlun var 42.8 millj. dollarar.

Samkvæmt áætlun Landsvirkjunar nemur ógreiddur kostnaður að viðbættum kostnaði við kaup og uppsetningu þeirra þriggja aflvéla, sem eftir eru, samtals 305 millj. kr. Þessi kostnaður kemur til gjalda að mestu leyti á næsta ári. Sé enn fremur bætt við þetta kostnaði við þá miðlun, sem upphaflega var ráðgert að byggja í Þórisvatni, en hann nemur á núverandi verðlagi 130 millj. kr., verður heildarstofnkostnaður Búrfellsvirkjunar 3 760 millj. ísl. kr. Samsvarar það 42.7 millj. Bandaríkjadollara, en áætlunin var, áður en byrjað var á verkinu, 42.8 millj. dollarar.

Á sama hátt var reiknuð hin upphaflega áætlun um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar 1 840 millj. kr. að meðtöldum vöxtum á byggingartíma, en það samsvaraði 42.8 millj. dollara. Það má því segja, að byggingarkostnaður virkjunarinnar reiknaður í dollurum muni reynast svo að segja alveg hinn sami og upphaflega var áætlað, enda þótt stofnkostnaðurinn í krónum hafi að sjálfsögðu hækkað. Það er hins vegar samanburðurinn reiknaður í erlendum gjaldeyri, sem hér skiptir fyrst og fremst máli, en þó alveg sérstaklega, þegar um stofnkostnaðinn er rætt með tilliti til orkusölusamnings við álbræðsluna, en þar er verðið ákveðið í dollurum. Tekjurnar af orkusölunni hækka í íslenzkum kr. í samræmi við hækkun stofnkostnaðar í íslenzkum kr., af því að orkusalan er reiknuð í dollurum til álbræðslunnar. Með þessum staðreyndum er í raun og veru nægilega hrakin sú fullyrðing, að forsendur orkusölusamningsins séu brostnar vegna stórhækkaðs stofnkostnaðar Búrfellsvirkjunar. Það er hins vegar ástæða til þess að rekja fleiri staðreyndir til þess að sýna, hver fjarstæða það er, að bygging Búrfellsvirkjunar og álbræðslunnar hafi verið fjárhagslega óhagstæð fyrir Íslendinga.

Verður þá fyrst vikið nánar að raforkuverðinu. Um það er vissulega ekki deilt, að raforkuverðið frá Landsvirkjun til ISALs er álbræðslunni hagstætt, enda er hagstætt orkuverð eina ástæðan til þess, að áhugi var fyrir byggingu álbræðslu á Íslandi. Hitt er fjarstæða, að raforkan sé seld undir kostnaðarverði, hvað þá að raforkusamningurinn sé Landsvirkjun óhagstæður, og er auðvelt að sýna fram á þetta með tölum. Samkv. upphaflegri áætlun hefur verið gert ráð fyrir því, að 210 mw. virkjun við Búrfell gefi 1720 millj. kwst. á ári. Sé framleiðslukostnaður orkunnar miðaður við 7% vexti og 40 ára afskrift með jöfnum ársgreiðslum, – en 40 ár eru sízt talin of langur afskriftatími fyrir mannvirki af þessari tegund, – verður framleiðsluverð hverrar kwst. aðeins 18.6 aurar. Umsamið raforkuverð til ISALs er hins vegar 26.4 aurar á kwst. fyrstu 6 árin, en síðan 22 aurar á kwst. En þegar orkuverðið lækkar, hækkar skatturinn af framleiðslunni hjá álverksmiðjunni, sem gengur að mestu í Atvinnujöfnunarsjóð.

Nú er hins vegar ástæða til að endurskoða þessa reikninga, þar sem telja má fullvíst eftir reynsluna af fyrstu þremur aflvélum í Búrfellsvirkjun, að virkjunin muni skila allt að 15% meiri afköstum en reiknað hafði verið með í fyrri fjárhagsáætlunum. Þetta þýðir, að afl virkjunarinnar mun verða 240 mw. í stað inn fyrir 210 mw., en orkuframleiðslan nær 2000 millj. kwst. á ári í stað 1720 millj. Þegar hægt verður að fullnýta þetta afl, mun það lækka framleiðslukostnað í Búrfellsvirkjun sjálfri ofan í 16 aura á kwst.

Hér er hins vegar rétt að hafa í huga, að svo mikil ársframleiðsla fæst ekki nema með mun meiri miðlunarmannvirkjum en upphaflega var gert ráð fyrir. Hefur reyndar þegar verið ákveðið að ráðast í miklu stærri miðlanir, bæði vegna frekari stækkunar Búrfellsvirkjunar og fyrirhugaðra virkjana í Tungnaá. Sé um 500 millj. kr. varið til viðbótar í slíkar miðlanir, mundi það aðeins hækka framleiðsluverð raforku frá Búrfellsvirkjun úr 16 aurum í rúma 18 aura á kwst. Hins vegar væri réttara að reikna a. m. k. helminginn af kostnaði þessara stóru miðlana sem hluta af stofnkostnaði hinna fyrirhuguðu virkjana í Tungnaá, en þær verða við Sigöldu og Hrauneyjarfoss.

Rétt er að benda á, að utan við þessa útreikninga er stofnkostnaður gasaflsstöðvarinnar. Gasaflsstöðin var ekki í upphaflegu áætluninni, sem var 42.8 millj. dollara, og er ekki heldur í þessum útreikningum, 3 760 millj. Þess vegna er rétt að bæta kostnaði við gasstöðina við, þegar við erum að finna út kostnaðinn á hverri kwst. Það er rétt að benda á, að utan við þessa útreikninga er stofnkostnaður gasaflsstöðvarinnar, sem Landsvirkjun hefur látið reisa nálægt Straumsvík, en hún er hugsuð sem varastöð fyrst í stað og síðan sem toppstöð fyrir allt raforkukerfi Landsvirkjunar. Sé kostnaður vegna hennar tekinn inn í þessa orkuversreikninga til fulls, hækkar það kostnaðarverð á framleidda kwst. um 1½ eyri. Þrátt

fyrir það er framleiðslukostnaðurinn aðeins 19.5 aurar á kwst., en í orkusölusamningnum við ISAL er söluverðið eins og áður segir 26.4 aurar fyrstu 6 árin, en síðan 22 aurar á kwst. Er því fjarri öllu lagi, að hér sé verið að selja undir kostnaðarverði.

Á hinn bóginn er rétt að leggja á það áherzlu, að það var alltaf ljóst og viðurkennt, að söluverð raforku til álbræðslunnar væri ekki langt fyrir ofan kostnaðarverð. Jafnframt var á það bent, að Landsvirkjun og viðskiptamenn hennar hefðu einnig stórfelldan, óbeinan hag af orkusölusamningnum, þar sem hann væri grundvöllur þess, að hægt væri að ráðast í svo stóra og hagkvæma virkjun sem Búrfellsvirkjun er. Án sölu mikils hluta raforkunnar til stóriðju var óhugsandi að ráðast í stórvirkjun, þar sem það mundi hafa haft í för með sér stórkostlega hækkun innlends raforkuverðs fyrstu árin. Íslendingar hefðu því verið dæmdir til þess að afla sér raforku með byggingu smárra orkuvera, en horfa enn í árarraðir á jökulfljótin byltast óbeizluð til sjávar.

Annar mikilvægur kostur raforkusamningsins við ISAL er sá, að hann tryggir Landsvirkjun tekjur í erlendum gjaldeyri á móti þeim erlendu lánum, sem taka þarf til virkjunarinnar. Erlend lán, sem samið hefur verið um til Búrfellsvirkjunar, nema nú 34 millj. dollara eða nær 3000 millj. kr. Hins vegar munu tekjur Landsvirkjunar af orkusölu til álbræðslunnar nema að meðaltali tæplega 3 millj. dollara á ári næstu 25 árin, en þær tekjur nægja til þess að greiða 35 millj. dollara lán á þessu tímabili með 7% vöxtum. Þegar þetta er athugað, þarf anzi mikið þrek til þess að halda því fram, að þetta sé óhagstætt fyrir Íslendinga.

Þótt enn sé eftir að taka 1.5 millj. dollara að láni til þess að ljúka síðari áfanga virkjunarinnar auk lána vegna miðlunarmannvirkja, er augljóst, að orkusölusamningurinn stendur undir meginhlutanum af erlendum skuldbindingum virkjunarinnar, enda þótt álbræðslan muni aðeins nota 60% af raforku Búrfellsvirkjunar fullnýttrar.

Hér hefur hingað til eingöngu verið fjallað um orkusölusamninginn við ISAL og áhrif hans á Landsvirkjun, en ekki um álsamningana í heild. Sannleikurinn er hins vegar sá, að hér er um samningaheild að ræða, sem nauðsynlegt er að skoða í samhengi, ef rétt mynd á að fást. Raforkusamningur Landsvirkjunar við ISAL er vissulega grundvöllur þess, að álbræðslan var byggð, en hinn þjóðhagslegi ávinningur þess fellur ekki eingöngu Landsvirkjun í skaut, heldur að miklu leyti öðrum hlutum þjóðarbúsins. Það er þess vegna, sem við fáum miklar tekjur í Atvinnujöfnunarsjóð árlega til þess að byggja upp atvinnufyrirtæki víðs vegar um landið. Hér er fyrst og fremst á það að benda, að skattgreiðsla ISALs er að flestu leyti sambærileg við raforkuverðið. Hér er um beinar tekjur að ræða, sem eru langt umfram þá þjónustu, sem opinberir aðilar láta ISAL í té. Skattgjaldið er ákveðið þannig, að það er ákveðin fjárhæð á tonn af áli, sem framleitt er, en fer þó ört hækkandi, ef verð á áli fer yfir ákveðið mark, eins og núna gerðist í haust. Fór álverðið yfir þetta mark nú á s. l. mánuði, en það veldur því, að framleiðslugjaldið hækkar um 3½ dollara á tonn. Eru yfirleitt taldar líkur á því, að álverð fari enn hækkandi á næstu árum. En þótt álverðið lækki, er greitt sama skattgjald af framleiðslunni jafnt fyrir það. Sé miðað við núverandi verð, má reikna með því, að skatttekjur af álbræðslunni næstu 25 árin muni nema 50 millj. dollara, eða 4 400 millj. kr., en tekjur af raforkusölu um 74 millj. dollara, eða 6 512 millj. kr. Munu hinar beinu gjaldeyristekjur, sem fást af sölu raforku og skattlagningu álbræðslunnar, nægja til þess að endurgreiða öll lán vegna virkjunarinnar með 7% vöxtum á 15 árum. Ég er hræddur um, að hv. 6. þm. Reykv. hafi ekki athugað þessa niðurstöðu, og hafi hann gert það, en eigi að síður flutt þá ræðu, sem hann flutti áðan, þá er hann harðgerðari en ég hefði haldið, að hann væri.

Vegna ákvæðanna um hækkun framleiðslugjaldsins í samræmi við hækkanir á markaðsverði á áli er mjög líklegt, að tekjurnar verði í raun og veru mun meiri en þetta. Ef verð á áli hækkar um 1 cent, sem er 3.5% hækkun frá því, sem nú er, jafngildir það 11% hækkun á samanlögðu orkuverði og skattgjaldi. Og þegar við erum að tala um orkuverð og skattgjald, er rétt að upplýsa það, að orkuverð og skattgjald samanlagt jafngilda því, að orkuverðið væri 4.1 mill. En orkuverð í Noregi til álbræðslanna þar er 3.1–3.2 mill. En þar er skattur miklu lægri og í allt öðru formi en hér. Þar er skatturinn ekki af hverju framleiddu tonni, heldur af nettótekjum, en afskriftareglurnar eru mjög rúmar, og nettótekjur álbræðslunnar eru þess vegna ekki reikningslega miklar. Þess vegna er orkusamningurinn íslenzki sennilega hagstæðari en norsku samningarnir, þegar tillit er tekið til þess, hvað skattgjaldið er hátt.

Enn er þó ótalið það, sem e. t. v. skiptir allra mestu máli, en það er sú atvinna og atvinnutekjur, sem virkjunarframkvæmdir og álbræðslan skapa. Það er reyndar óþarfi að fjölyrða um þetta. Svo vel er það öllum almenningi kunnugt. Framkvæmdirnar við Búrfell og í Straumsvík hafa undanfarin tvö ár tryggt hundruðum manna atvinnu, og rekstur álbræðslunnar í framtíðinni ásamt frekari framkvæmdum til þess að nýta raforku Íslands og byggja upp stóriðju mun hafa ómetanlega þýðingu fyrir alla afkomu þjóðarbúsins. Og það er þessi vissa og þessi skilningur, sem nú er að verða almennari, sem hefur ráðið því, að nú þegar er farið að undirbúa stærri miðlun við Þórisvatn en áður var fyrirhugað og að hefja undirbúning að virkjun við Sigöldu og Hrauneyjarfoss. Það er sá skilningur, að með því að beizla íslenzk fallvötn getum við skapað hér meira atvinnuöryggi og betri lífskjör þjóðinni til handa, sem er uppistaðan í því, að nú þegar er ákveðið að halda áfram að virkja og halda

áfram að selja raforku, ekki undir kostnaðarverði, heldur fyllilega á kostnaðarverði, og gera það mögulegt, að Íslendingar fái ódýrari orku en ef haldið væri áfram að virkja smátt.

Hv. 6. þm. Reykv. fullyrti áðan, að það væri útilokað annað en álverksmiðjan fengi orkuna undir kostnaðarverði, og að með þessari ráðstöfun væru landsmenn látnir borga orkuna hærra en annars hefði orðið. Það er þó vitað mál, og ég hélt, að það væri satt að segja enginn hv. alþm., sem vildi rengja það, að ef við hefðum virkjað litla virkjun í Þjórsá eða annars staðar, hefði sennilega verið byrjað með 35 þús. kw., og þá hefði orkan frá þessari litlu virkjun orðið yfir 50% dýrari en hún verður frá virkjuninni við Búrfell. Þetta liggur tölulega fyrir, og þess vegna er engin forsenda fyrir þeim fullyrðingum hv. 6. þm. Reykv., sem hann viðhafði hér áðan.

Skatttekjurnar af álverksmiðjunni eru, eins og oft hefur verið drepið á, í fyrstu aðeins tugir millj. árlega, en fara stöðugt hækkandi, þannig að þegar líður á tímabilið, komast þær upp í 237 millj. kr. á ári. Þetta er vitanlega mjög þýðingarmikið. Þá fær þjóðin og gjaldeyristekjur fyrir þá vinnu, sem seld er í verksmiðjunni, í fyrstu 300 millj., en fer svo hækkandi, eftir því sem fólki fjölgar í verksmiðjunni og afköstin verða aukin, sennilega upp í 500 millj. kr. á ári.

Ég held, að með þessu, sem hér hefur verið sagt, sé það hrakið, sem hv. þm. fullyrti áðan. Það var þetta, sem hann var að tala um, að lántökuheimild, sem farið var fram á hér í fyrra, 7.5 millj. dollara, átti að vera til rökstuðnings fyrir því, að virkjunin hefði farið fram úr áætlun. Sannleikurinn er sá, að það er ekki búið að nota nema hluta af þessu láni, og hluti af þessu láni hefur farið í kostnað við undirbúning annars áfanga virkjunar við Búrfell. Fullyrðingin, sem hv. þm. hafði um tvo ágæta embættismenn, Jóhannes Nordal seðlabankastjóra og Eirík Briem, framkvæmdastjóra Landsvirkjunar, var náttúrlega mjög leiðinleg, þar sem hv. þm. fullyrti, að þeir hefðu falsað ýmislegt í sambandi við þær upplýsingar, sem hér voru gefnar. Þetta eru stór orð og alls ekki viðeigandi. Þær upplýsingar, sem hafðar eru eftir þessum mönnum, eru teknar beint úr bókhaldi verksmiðjunnar og bókhaldi Landsvirkjunar. Þetta hafa þeir fullyrt við mig, og dettur mér ekki í hug að vefengja, að þar sé rétt sagt frá.

Nú vill svo til, að allir stjórnmálaflokkarnir eiga fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar. Allir flokkar eiga aðgang að þessu fyrirtæki og ættu að geta fengið réttar upplýsingar þar. Ég spurði að því um daginn, þegar við vorum að ræða þetta, hvort hv. þm. hefði fengið upplýsingar hjá fulltrúa Alþb. í Landsvirkjunarstjórn. Það kom fram áðan, að svo var ekki. Hv. þm. segist hafa þessar upplýsingar úr skýrslu, sem Harza hafi gefið út, en ekki frá stjórn Landsvirkjunar. (Gripið fram í.) Ekki bókhaldi Landsvirkjunar, en þessi skýrsla, sem hv. þm. er að veifa, gæti, eftir því sem hann sagði áðan, verið í samræmi við þær tölur, sem ég hef nefnt, – ég hef séð þessa bók, ég er ekki með hana með mér hérna núna, – vegna þess að þarna er sagt frá hinum einstöku atriðum, sem hafa verið að breytast frá ári til árs, og þegar hv. þm. sagði áðan og vitnar þá í skýrslu Harza, að þar hafi kostnaðurinn verið áætlaður upphaflega 25 millj., þá byrjar hann á því að telja upp: Það er reyndar ekki með þarna, þetta og þetta, ísinn er ekki þarna með og ýmislegt fleira, vextir á byggingartíma eru ekki þarna með, rannsóknarkostnaður er ekki þarna með, verkfræðikostnaður er ekki þarna með, en þegar hann er búinn að leggja þetta allt saman við 25 millj. og fleira, sem er ótalið, er hann kominn upp í 42.7 millj. dollara. Er þetta ekki aðeins tilraun, veik tilraun hjá hv. þm. til þess að reyna að finna orðum sínum stað? Ef hv. þm. hefði sagt: Ja, ég hef fengið þessar upplýsingar hjá fulltrúa Alþb. í Landsvirkjunarstjórn, – þá gat málið verið alvarlegra, því að það verður að ætla, að fulltrúi Alþb. eins og annarra stjórnmálaflokka hefði ekki gefið rangar upplýsingar, heldur beðið um upplýsingar samkvæmt bókhaldi fyrirtækisins. Því hefði maður miklu frekar trúað. Nú hef ég heyrt, að það hafi verið stjórnarfundur í Landsvirkjun síðan skýrsla Jóhannesar Nordal og Eiríks Briem var gefin fyrir nokkrum dögum. Og ég hef heyrt, að það hafi enginn í Landvirkjunarstjórn gert aths. við þessa skýrslu. Mér finnst það renna stoðum undir það, að Landsvirkjunarstjórn hafi kynnt sér málið og hafi sannfærzt um það, að sú skýrsla, sem áður var gefin, hafi verið rétt.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að svo stöddu að segja meira um þetta. Ef málið fer í n., þá náttúrlega getur n. spurt þá, sem gerst þekkja, stjórn Landsvirkjunar, framkvæmdastjóra, stjórnarformann og fleiri, og sannfært sig þá enn betur um það, hvort þær tölur, sem hér hafa verið nefndar, eru réttar eða rangar.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Sú skýrsla, sem ég sagði frá áðan, er gefin út af Landsvirkjun, þótt hún sé samin af Harza. Auðvitað hef ég fengið hana hjá fulltrúa Alþb. í stjórn Landsvirkjunar. Það hafa allir fulltrúar í Landsvirkjunarstjórn fengið þessar skýrslur og hæstv. ráðh. einnig, og þetta eru frumheimildir, þetta eru þau gögn, sem menn hafa til að vinna með. En mér virtist hæstv. ráðh. gera sér harla litla grein fyrir því, sem ég var að rekja áðan. Ég skýrði frá því, að í töflu 30 væri rakin annars vegar upphafleg kostnaðaráætlun og hins vegar kostnaðaráætlun eins og hún er nú, og ég fór með þær tölur eins og þær eru. Ef hæstv. ráðh. vill fylgjast með, er það náttúrlega velkomið, ef hann trúir því ekki, að ég fari rétt með þær tölur, sem eru á blaðinu hér fyrir framan mig. Þær eru þannig, að hliðstæður kostnaður, sem upphaflega var áætlaður 25.8 millj. dollarar, er núna 32.6 millj. dollarar. Þetta er meira en fjórðungs hækkun. Ég hef ekki bætt neinu við. Þetta eru tölur Harza, en ekki mínar. Síðan tekur

Harza fram, að í þessar tölur vanti ýmsa kostnaðarliði, eins og ég gerði grein fyrir áðan, og þegar við viljum gera okkur grein fyrir því, hvað endanlegur kostnaður muni verða, verðum við að bæta þeim kostnaðarliðum við. Ég skýrði frá því, hvernig ég hefði reiknað þá lið fyrir lið alveg nákvæmlega. Það var ákaflega auðvelt fyrir hæstv. ráðh. að gera aths. við það, ef hann hefði getað, en hann gat það ekki. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu. Harza semur þetta fyrir Landsvirkjunarstjórn ársfjórðungslega. Þetta er skýrsla nr. 12, nýjasta skýrslan.

Hæstv. ráðh. las hér upp plagg, sem hann eða einhverjir aðrir voru búnir að semja áður. Þar voru mörg atriði, sem ég var raunar búinn að hrekja í ræðu minni áðan, en hæstv. ráðh. gerði enga tilraun til þess að ræða þann ágreining, heldur flutti aðeins þennan upphaflega texta sinn án tillits til þess, sem ég hafði sagt. Þetta eru að sjálfsögðu ákaflega vandræðaleg vinnubrögð, m. a. reiknaði hann áfram með 1720 millj. kwst., enda þótt ég færði rök að því áðan, að það væri gersamlega óraunsætt að ímynda sér svo mikla nýtingu. Ég hygg, að hver maður, sem hefur einhverja vitneskju um starfsemi orkustöðva, viti, að það er ekki hægt að reikna með toppafköstum sem meðalnýtingu. Þetta er fjarstæða, og útreikningar, sem eru byggðir á slíku, eru ekki raunsæir.

Hæstv. ráðh. sagði einnig, að verð það, sem álbræðslan greiddi, væri 26.4 aurar á kwst. Ég veit ósköp vel, að þessari tölu er flíkað út á við gagnvart almenningi, en ég skil ekki í því, að hún geti gengið í nokkurn alþm., því að alþm. eiga að vita deili á þessum málum. Verðið, hið raunverulega verð, er sem kunnugt er aðeins 22 aurar, en vegna þess að vitað var, að afkoma Búrfellsvirkjunar yrði erfiðust fyrstu árin, áður en afköstin yrðu orðin full, var ákveðið að lækka skattgjaldið til ríkisins og nota þann mismun til þess að hækka raforkuverðið. Þarna er aðeins um að ræða meðgjöf frá íslenzka ríkinu til þess að jafna þessi met í nokkur ár. Þetta eru ekki aukin útgjöld frá álbræðslunni, alls ekki. Þarna er um að ræða tilfærslu frá ríkissjóði til Búrfellsvirkjunar, og þetta kemur ekkert við samningum okkar við álhringinn, þannig að ég held, að menn eigi að spara sér blekkingar af þessu tagi.

Hæstv. ráðh. endurtók einnig hina furðulegu reikninga um það, að vonin um aukin afköst aflvélanna ætti að leiða til þess, að lækkuð væri áætlun um raforkuverð. Ég minntist á það áðan, að þetta væri hrein fjarstæða. Í fyrsta lagi er ekki hægt að fullyrða neitt um slíkt, fyrr en búið er að prófa vélarnar. Hæstv. ráðh. staðhæfði raunar, að það væri búið að prófa nokkrar þeirra nú þegar, en hið gagnstæða stóð raunar í aths. þeirra Jóhannesar Nordal og Eiríks Briem, því að þeir segja sjálfir í sinni eigin aths.: „Þótt enn sé ekki búið að fullprófa fyrstu þrjár aflvélarnar í Búrfelli, er þó rétt að skýra frá því, að allar líkur benda til þess“, o. s. frv. Þeir viðurkenna sjálfir, að það er ekki búið að fullprófa þetta einu sinni. En á þessari tilraun, sem nær til helmingsins af vélunum og ekki er lokið, og í voninni um vélar, sem eru ókomnar til landsins, á að byggja lækkun á raforkuverði um 3 aura á kwst. Þetta er auðvitað hrein fjarstæða.

Ein viðurkenning kom loksins frá hæstv. ráðh. Hann viðurkenndi, að í þeim tölum, sem hann var með, væri ekki meðreiknuð gasaflsstöðin, sem kostar, eins og ég sagði áðan, hátt á þriðja hundrað millj. kr. Ég reiknaði með gasaflsstöðinni í útreikningum mínum, en ég gerði það raunar þannig, að ég deildi kostnaðinum við hana í alla raforkuframleiðsluna, einnig þann hluta, sem rennur til Íslendinga. Í rauninni ætti að reikna þessa gasaflsstöð einvörðungu á viðskipti við álbræðsluna, því að hún er byggð fyrir álbræðsluna. Það var skilyrði frá álbræðslunni, að þessi stöð yrði byggð, og hún er byggð í hennar þágu, þannig að sá kostnaður ætti í rauninni að reiknast sérstaklega á viðskipti til álbræðslunnar. Hins vegar gerði ég það ekki. Ég skipti þessum kostnaði niður á framleiðsluna alla. En auk þess, að það vantar kostnað af gasaflsstöð í tölur hæstv. ráðh., vantar þar einnig gengistap af innlendum kostnaði, eins og ég rakti áðan. Þetta vantar í tölur þær, sem hæstv. ráðh. var með, og það er upphæð, sem er næstum því 300 millj. kr. Einnig vantar lántökukostnaðinn, sem er um 1%, það vantar greiðslu fyrir vatnsréttindi, það vantar eftirgjöf á tollum frá ríkinu, sem er há upphæð, það vantar tolla þá, sem Landsvirkjun hefur orðið að greiða samkvæmt samningum fyrir verktakana, og það vantar skattana, sem Landsvirkjun hefur orðið að greiða í ríkissjóð fyrir hina erlendu sérfræðinga. Þessar tölur var ég allar með, en þessar tölur var hæstv. ráðh. ekki með, og það er þetta, sem gerir muninn.

Hins vegar vil ég endurtaka það, sem ég sagði hér, þegar við ræddum þetta seinast, að það er í sjálfu sér ákaflega tilgangslaust, að við hæstv. ráðh. komum hér til skiptis og þyljum tölur hvor framan í annan. Þetta er mál, sem verður að rannsaka, og það er skylda allra alþm. að framkvæma slíka rannsókn. Það er ekkert vandaverk að komast að staðreyndunum um þetta. Meginhluti staðreyndanna liggur óumdeilanlega fyrir, nokkrar tölur þarf að meta, en það er á færi allra alþm. að komast að hinu sanna í þessu efni. Ég fer ekki fram á neitt annað en menn geri þetta, að menn taki ekki trúanlegar tölur hæstv. ráðh. og ekki heldur tölur mínar, heldur gangi sjálfir úr skugga um, hvað er satt og rétt í þessu máli.

Raunar virtist mér af síðari hlutanum í ræðu hæstv. ráðh., að hann gerði sér ljóst, hvernig málum væri komið, því að hann fór að færa rök að því, að hvað sem sagt yrði um samninginn um orkusölu, þá skyldu menn minnast þess, að það væri ákaflega hagkvæm stefna fyrir Íslendinga að hafa fengið álbræðsluna til landsins. Sá ávinningur væri svo mikill, að

þjóðhagslega gæti það meira að segja svarað kostnaði að selja þessa raforku jafnvel undir kostnaðarverði, því að við fengjum svo margt annað í staðinn. Hæstv. ráðh. fór meira að segja að leggja saman og með því að leggja allan ávinninginn, sem hann taldi vera, saman í eitt, komst hann upp í raforkuverð, sem var 4.1 mill, ef ég man rétt, með því að reikna allt sem greiðslu fyrir raforku.

Þessi röksemdafærsla hæstv. ráðh. er auðvitað vitnisburður um það, að hann veit, að reynslan á eftir að sanna það, sem ég hef haldið hér fram, að orkusöluviðskipti út af fyrir sig verða Íslendingum óhagkvæm. Sú staðreynd er ljós og það mál hef ég rætt bæði við fulltrúa okkar í Landsvirkjunarstjórn og marga sérfræðinga, sem allir segja, að þessar niðurstöður séu óvefengjanlega réttar. En hitt atriðið, hvort það sé Íslendingum hagkvæmt að fá erlend fyrirtæki inn í landið upp á þessi býti, er að sjálfsögðu viðtækt umræðuefni. Við höfum rætt það margsinnis, og við eigum eftir að ræða það. Ég ætla ekki að þessu sinni að halda mikla ræðu um það efni. Hins vegar skulum við minnast eins, að þegar við tökum erlent lánsfé, eins og við tökum til þess að virkja við Búrfell, erum við þar að ákveða, hvernig við nýtum fjármagn og vinnuafl. Þegar við höfum fjármagn og vinnuafl, höfum við alltaf valkosti. Við verðum að gera upp við okkur, hvernig er skynsamlegast að hagnýta hvort tveggja. Og áður en við tökum ákvarðanir, verðum við að gera okkur grein fyrir því, hvort þetta sé skynsamleg ákvörðun, sem við tökum, eða eru aðrir kostir, sem geta e. t. v. fært þjóðinni meiri ávinning?

Ég hef oft fært rök að því, að Íslendingar geta aldrei byggt framtíð sína á því að opna landið í vaxandi mæli fyrir erlendum auðfélögum, sem eru einvörðungu hingað komin til þess að fá ódýra raforku og til þess að hagnýta, eins og nú standa sakir, eitt ódýrasta vinnuafl í Vestur-Evrópu. Tilgangur þeirra er aðeins sá að hagnast á orku okkar og vinnuafli og flytja meginhluta hagnaðarins úr landi. Verkefni okkar sem þjóðar er að nýta orku landsins og að nýta orku fossa og hvera til þess að koma upp framleiðslu, sem skilur arðinn eftir í landinu sjálfu. Þetta er algert grundvallaratriði, ef við viljum vera þjóð til frambúðar. Þetta eina fyrirtæki, sem komið er upp á Íslandi, álbræðslan, er eftir okkar aðstæðum risavaxið fyrirtæki, það gnæfir yfir öll fyrirtæki landsmanna. Einvörðungu fjárfestingin í þetta eina fyrirtæki slagar hátt upp í alla okkar eigin fjárfestingu í okkar eigin iðnaði. Hvernig halda menn, að verði umhorfs á Íslandi, ef á næsta áratug eiga að bætast við 6 eða 7 hliðstæð fyrirtæki í eign útlendinga? Það gefur auga leið, að yfirráðin yfir atvinnukerfinu eru þá komin út úr landinu. Menn geta gert sér hinar beztu hugmyndir um samskiptin við þessi erlendu auðfélög, menn geta talið, að forráðamenn þeirra vilji allt gott fyrir okkur gera, en hitt er óumdeilanlegt, að völdin væru komin í hendur þessara manna, en ekki okkar sjálfra. Við hefðum þá eftirlátið útlendingum það fjöregg, sem er fólgið í atvinnukerfi þjóðarinnar.

Mér þótti satt að segja heldur leiðinlegt að heyra hjá hæstv. ráðh. áðan þann auðmýktartón, sem maður er farinn að heyra æ oftar, þegar ráðh. tala um þessi mál. Hæstv. ráðh. sagði, að það skipti mestu í sambandi við þessa samninga við álbræðsluna, að hún hefði skapað svo mikla atvinnu. Það virðist vera orðin afstaða þessa hæstv. ráðh., að við Íslendingar séum ekki menn til þess að tryggja þjóðinni atvinnu. Ef við ætlum að koma í veg fyrir atvinnuleysi á Íslandi, verðum við að fá erlenda atvinnurekendur til að stofna hér fyrirtæki. Þessi hæstv. ráðh. virðist vera uppgefinn á því verkefni, sem á að vera meginverkefni hverrar ríkisstj., að halda hér uppi svo þróttmiklu og öflugu atvinnulífi, að hver maður hafi verk að vinna. Það er þessi uppgjöf, þessi andlega uppgjöf, sem er kannske enn þá háskalegri en öll áþreifanleg ákvæði þeirra samninga, sem gerðir hafa verið, og því miður virðist þessi uppgjöf eiga að halda áfram, því að hæstv. ráðh. sagði áðan: Nú þegar er ákveðið að halda áfram að selja erlendum aðilum raforku á þennan hátt. Hæstv. ráðh. sagði: Nú þegar er ákveðið að gera þetta. Ég veit ekki til þess, að þetta vandamál hafi verið borið undir Alþ., sem tekur ákvarðanir um slík mál. Það getur vel verið, að þetta hafi verið ákveðið af hæstv. ríkisstj., um það veit ég ekki. En ákvörðunarvaldið er í höndum Alþ., og ástæðan til þess, að ég hef vakið athygli á staðreyndunum um viðskiptin við álbræðsluna, er einmitt sú, að þessi reynsla okkar verður að hafa áhrif á ákvarðanir manna um áframhaldið. Ef alþm. komast að þeirri niðurstöðu við sjálfstæða könnun hvers einasta manns, að þær staðreyndir, sem ég hef rakið, séu réttar, komast þeir ekki hjá því að endurskoða áframhald á þessari stefnu. Ég held, að það sé háskaleg firra, ef hæstv. ríkisstj. ætlar að halda fast við fyrri hugmyndir um áframhaldandi viðskipti við erlend auðfélög á þennan hátt eftir þá reynslu, sem nú blasir við.

Þessi till. okkar hv. þm. Þórarins Þórarinssonar fjallar um það eitt, að þessi mál verði rannsökuð. Ég veitti því athygli, að hæstv. ráðh. tók ekki neina afstöðu til þessa í ræðu sinni. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvernig eigi að skilja þessa þögn. Er hæstv. ráðh. sammála mér um það, að Alþ. eigi að eigin frumkvæði að rannsaka, hvað er satt og rétt í þessu máli? Er hæstv. ráðh. sammála því, eða er hann e. t. v. andvígur því? Ef hæstv. ráðh. er andvígur því, á hvaða forsendum getur það verið? Af hverju getur slíkt stafað? Ég vil vara mjög alvarlega við því, að farin sé sú leið, sem stundum er farin hér á Alþ., að vísa þessari till. til n. í þeim tilgangi að svæfa hana þar og láta hana aldrei framar koma hér inn í þingsalinn. Það væri ekki aðeins röng aðferð, hún væri algerlega ósæmandi gagnvart þjóðinni. Ef hæstv. ráðh. hefur sjálfur einhverja trú á málstað sínum, ef hæstv. ráðh. telur, að

hann hafi farið með rétt mál í því, sem hann sagði áðan, ætti hann ekki að óttast, að slík rannsókn yrði framkvæmd.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ég hefði ekki getið um það, hver afstaða mín væri til rannsóknarnefndarinnar, og það væri ekki ljóst, hvort ég vildi, að Alþ. fengi allar nauðsynlegar upplýsingar í þessu máli. Ég tel alveg sjálfsagt, að hv. alþm. fái allar upplýsingar. Ég sagði: Ef málið fer til nefndar, þá reynir á það, hvort hún getur fengið þær upplýsingar, sem hv. 6. þm. Reykv. telur sig vanta og kannske fleiri hv. þm., og er ekki rétt að reyna á það, hvað hv. þm. telja sig vanta af upplýsingum, eftir að þeir hafa fengið tækifæri til þess að spyrja alla, sem bezt ættu að þekkja til þessa máls? En að sjálfsögðu eiga alþm. að fá allar nauðsynlegar upplýsingar. Hér getur ekki verið neitt, sem á að dylja fyrir hv. Alþ. eða landsmönnum öðrum.

Hv. 6. þm. Reykv. talaði hér áðan um Harzaskýrsluna, sem er vitanlega á borði Landsvirkjunarstjórnar, hefur komið á mitt borð, og ég hygg, að það stangist ekkert á í Harzaskýrslunni við það, sem ég hef hér sagt í dag, og við það, sem framkvæmdastjóri og stjórnarformaður Landsvirkjunar létu frá sér fara um daginn. Hv. 6. þm. Reykv. les upp úr skýrslunni og túlkar hana á ýmsa vegu, en þegar málin eru lögð saman og grundvölluð á sama stigi, hygg ég, að þar beri ekkert á milli. En þegar hv. þm. er að tala um áætlun og það, sem vantar á áætlunina, hafa framkvæmdastjórinn og stjórnarformaðurinn talað um áætlunina í heild, og það er ekki rétt, sem hv. 6. þm. sagði áðan, að það vantaði til viðbótar við þessar 42.7 millj. dollara svo margt, sem hann taldi upp. Það, sem vantar, eru vatnsréttindin, og gasstöðin var aldrei með í þessari upphæð, hvorki í byrjun né nú. Að gasstöðin eigi að reiknast álbræðslunni einni til kostnaðar, það er nú það. Það mætti náttúrlega gera. En álbræðslan notar ekki nema 60% af orkunni, og þessi stöð á að vera toppstöð og varastöð fyrir allt Landsvirkjunarkerfið. Og hvernig væri það, ef línan frá Búrfelli slitnaði einn góðan veðurdag? Ætli það kæmi ekki við hinn almenna notanda eins og álverksmiðjuna, en hv. 6. þm. var svo sanngjarn, að hann reiknaði kostnaðinn, að hann sagði, á alla heildina. Og það var held ég of mikil sanngirni frá hans hendi, miðað við málflutning hans í heild.

Hv. þm. talar enn um það, að rafmagnið verði selt undir kostnaðarverði til álverksmiðjunnar þrátt fyrir alla þá útreikninga, tölur og rök, sem ég hef fært fram fyrir hinu gagnstæða. Hv. þm. segir, að það sé rangt, að rafmagnið sé selt á 26.4 aura kwst., þótt það sé staðreynd, sem segir í samningnum. Hann segir, að álverksmiðjan borgi bara lægri skatta fyrstu árin. En skattarnir af álverksmiðjunni hækka ekki bara fyrstu árin. Þeir eru að smáhækka, stighækka, og af hverju er það? Þeir, sem sömdu fyrir álverksmiðjuna, báru það fyrir sig, að fyrstu árin væru erfiðust, meðan væri verið að koma þessu á fót og afskrifa fyrirtækið, og þess vegna gætu þeir ekki borgað eins háan skatt í byrjun eins og seinna. En rökin fyrir því, að álverksmiðjan greiddi hærra orkuverð fyrstu árin en seinni árin, eru þau, að afkoma Landsvirkjunar er miklu lakari fyrstu árin, á meðan verið er að fullnýta þá orku, sem framleidd er, og komast yfir byrjunarörðugleikana. Þetta voru gagnkvæm rök, sem tekin voru til greina, þegar samið var um orkuverð og skattgjald. Og þetta eru náttúrlega tölur, sem við þurfum ekki að vera að deila um, hv. 6. þm. Reykv. og ég, af því að þær eru skjalfastar í samningnum.

Hv. þm. gerir lítið úr því, að vélarnar framleiði þessa orku, sem verkfræðingar Landsvirkjunar telja sig hafa sannfært sig um, að þær geti gert. Það er búið að prófa þessar þrjár vélar, sem búið er að setja upp. Það er búið að prófa þær betur núna en var fyrir viku eða hálfum mánuði, þegar við töluðum síðast saman, og þetta virðist lofa mjög góðu og von er á, að vélar, sem ekki eru komnar til landsins, skili meiru en áætlað var. Þá er rétt að upplýsa, að það eru alveg sams konar vélar frá sama fyrirtæki og smíðaðar á sama hátt. En ég tók fram áðan, að það væri ekki unnt að fá þessa afkastaaukningu nema með miklu meiri miðlunum en fyrirhuguð var, og það er gert ráð fyrir, að þær þurfi að kosta 500 millj. kr. til þess að auka öryggið, til þess að auka vatnsmagnið, til þess að hægt sé að fá þessa aukningu. En þetta hefur bara farið fram hjá hv. 6. þm. Reykv., vegna þess að hann þurfti að halda dauðahaldi í þessa hugsun sína, að þetta væri aðeins veik von, sem Landsvirkjun gæti ekki byggt á. En það er áreiðanlegt, að verkfræðingar Landsvirkjunar hafa gert sér alveg fulla grein fyrir því, að til þess að geta fengið þessa afkastaaukningu upp í 2 þús. millj. kwst., þarf að leggja 500 millj. í nýjan kostnað til þess að auka vatnsmagnið og miðlunina. Þetta er þess vegna ekki fullyrt út í bláinn.

Hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að það vantaði að reikna gengistap af innlendum kostnaði í stofnkostnaði. Ég tek það fram aftur, að það, sem vantar í kostnaðinn, eru vatnsréttindin og það er gastúrbínustöðin.

Hv. þm. fullyrti, að orkusöluviðskiptin væru óhagkvæm fyrir Íslendinga, og af hverju voru þau óhagkvæm? Vegna þess, eins og hann sagði, að orkan er seld undir kostnaðarverði til álverksmiðjunnar, og af því ætti þá að leiða samkv. hans hugsanaflutningi, samkv. hans rökhyggju, að Íslendingar keyptu dýrara rafmagn, vegna þess að álverksmiðjan er til staðar. En hvað segja verkfræðingar Landsvirkjunar? Hvað segir orkumálastjóri? Hvað segja aðrir þeir verkfræðingar, sem starfa hér að orkumálum? Þeir fullyrða, eftir að hafa reiknað þetta dæmi til enda, að rafmagn úr smávirkjun væri yfir 50% dýrara en landsmenn fá frá Landsvirkjun. Og svo segir hv. 6. þm.

Reykv., að þessi viðskipti við álverksmiðjuna séu Íslendingum óhagkvæm. Skyldu ekki allir alþm. hafa gert sér grein fyrir því, að ef við ætlum að virkja stórt og meira en fyrir hinn venjulega orkumarkað, verður að fá orkufrekan kaupanda, því að það er ekki hægt að virkja stórt og láta svo aflið vera ónotað? Við hefðum ekki getað virkjað í Þjórsá, eins og gert hefur verið, ef við hefðum ekki fengið álverksmiðjuna eða einhvern annan notanda. Við hefðum orðið að sætta okkur við 50% hærra orkuverð til heimilisnota og innlendrar notkunar, ef við hefðum ekki virkjað svona stórt og fengið þennan orkufreka notanda. Ég hefði haldið, að alþm. væru sammála um þetta, þótt einstöku sinnum komi hv. þm. í ræðustólinn og vilji láta svo sem þeir hafi ekki gert sér grein fyrir þessum staðreyndum. Og við tölum oft um fallvötnin á Íslandi. Þau eru falleg, og þau geta verið þjóðinni dýrmæt og mikils virði. En fossarnir okkar og fallvötnin eru okkur ekki beinlínis mikils virði, nema við getum notað orkuna, sem í fallvötnunum er. Og við getum ekki virkjað orkuna að neinu magni, nema við bindum saman orkuvinnslu og orkusölu. Og þegar hv. 6. þm. Reykv. var að tala um stórvirkjun á Austurlandi, þá vita hv. alþm., að ekki verður gerð stórvirkjun á Austurlandi nema einhver orkufrekur kaupandi fáist. Það er kannske langglæsilegasta virkjunin þar, ef hægt væri að virkja 500—600 þús. kw. í einu, það kostar það. En hver getur notað þessa orku? Eigum við að reyna að fá útlendinga til þess að setja hér upp stóriðju og semja við þá og virkja Jökulsá á Dal? Eigum við að reyna að fá fyrirtæki til þess að setjast hér að og kaupa orku frá Sigölduvirkjun og Hrauneyjarfossvirkjun? Hv. þm. hneykslaðist á því, að ég hefði sagt áðan, að það væri ákveðið að halda áfram að virkja. Að sjálfsögðu verður það gert að því tilskildu, að Alþ. fallist á það. En þeir, sem með orkumálin fara, verkfræðingar, rn. og stjórn Landsvirkjunar, verða að mynda sér einhverja stefnu, sem að sjálfsögðu kemst ekki til framkvæmda nema Alþ. samþykki hana. Og þessir aðilar hafa ákveðið þessa stefnu, að leggja hana fyrir, af því að ljóst er, að það skapar íslenzku atvinnulífi aukið öryggi og getur orðið undirstaða að betri lífskjörum fyrir Íslendinga.

Hv. 6. þm. Reykv. var áðan að tala um uppgjafartón í mér og auðmýktartón, sem væri tilkominn vegna þess, að ég og fleiri ráðh. hefðum raunverulega gefizt upp á því að efla íslenzka atvinnuvegi og auka atvinnu í landinu. Það eru náttúrlega ýmiss konar öfugmæli, sem koma frá munni þessa hv. þm., og þess vegna er engin ástæða til að láta sér bregða, þótt svona fullyrðing sé viðhöfð. En núv. ríkisstj. hefur gert sér fulla grein fyrir því, að það er skylt að fá meiri fjölbreytni í íslenzkt atvinnulíf en verið hefur, jafnframt því sem skylt er að efla þá atvinnuvegi, sem þjóðin hefur fram til þessa stuðzt við, sem eru landbúnaður og sjávarútvegur og iðnaður í landinu. En okkur er skylt að skapa trausta undirstöðu, setja fleiri stoðir en verið hafa undir atvinnulífið. Og þegar hv. þm. er að brigzla núv. ríkisstj. fyrir aðgerðaleysi og auðmýktarskap í þessum málum, þá segi ég, að hann ætti að líta sjálfum sér nær, því að sú stefna, sem hefur verið opnuð í virkjunar- og iðnaðarmálum, er sú stefna, sem þessi þjóð hlýtur að halda sig að, jafnvel þótt breytt væri um ríkisstj. Því að við skulum vona, að á Íslandi verði alltaf ábyrgir menn í ríkisstj.

Hv. þm. talar um, að við höfum fjármagn og við höfum vinnuafl. Við höfum vinnuafl og stundum of litla vinnu fyrir þetta vinnuafl, en okkur hefur vantað fjármagn. Og hvernig á annað að vera en okkur vanti fjármagn? Við erum ekki það margir í þessu landi, og það er ekki svo langt síðan við fórum að byggja upp þetta land eða fjármagnsmyndun að eiga sér stað í landi okkar. Það er ekki langt síðan fjármagnsmyndunin og hagnaðurinn af okkar fábreytta atvinnurekstri var fluttur út úr landi. En sem betur fer hefur arðurinn af atvinnurekstrinum stöðvazt í landinu, og þess vegna hefur mikil uppbygging getað átt sér stað. Og þessi uppbygging verður að halda áfram. En hvernig stendur á því, að hv. 6. þm. Reykv. vill halda því fram, að það geti verið einhver skaðsemi fyrir Ísland, fyrir Íslendinga að flytja inn að vissu marki erlent fjármagn til uppbyggingar í landinu? Hvernig er það með nágrannaþjóðir okkar? Hvernig er það með þær þjóðir, sem skapa þegnum sínum bezt lífskjör? Hafa þær ekki keppzt við að koma sem mestri fjölbreytni á í atvinnulífinu? Hvernig er það með Norðmenn, sem eru fámennir, þótt þeir séu fjölmennari en við? Hvernig væri þeirra hagur, ef þeir hefðu ekki flutt inn erlent fjármagn til landsins? Það er langt síðan Norðmenn gerðu sér grein fyrir því, að þá vantaði fjármagn. Það er langt síðan þeir gerðu Trygve Lie út til þess að fá erlenda aðila til að flytja fjármagn til Noregs og leggja þar í fyrirtæki. Þetta vita menn, en vitanlega ber hverju sinni að haga samningagerð þannig, að okkar réttur sé tryggður og okkar öryggi sé ekki á neinn hátt sett í hættu, hvorki fyrir nútíðina né framtíðina. Við Íslendingar höfum sýnt, að við erum færir um að gera samninga við erlendar þjóðir, þótt þær séu fjölmennar. Og sem betur fer er ekki réttur þjóða í alþjóðamæli ákveðinn eða ákvarðaður eftir því, hve þjóðin er fjölmenn, heldur eftir menningu hennar, eftir þroska hennar og eftir getu hennar til þess að sýna, hvað í henni býr. Og þótt við Íslendingar séum fámennastir flestra þjóða, höfum við setzt á bekk með hinum fjölmennu þjóðum og notið þar sama réttar. Ég held, að hv. 6. þm. Reykv. ætti að endurskoða afstöðu sína, því að ekki dettur mér í hug að efast um, að þessi hv. þm. vill, að Íslendingar geti búið við atvinnuöryggi. Hann vill, að Íslendingar búi við góðan efnahag og góð lífskjör. En þá verður hann, um leið og

hann vill þetta sem góður Íslendingur, að endurskoða sinn hug og ganga í lið með okkur, sem viljum leggja okkur fram um að tryggja atvinnu fyrir alla í landinu og reka atvinnuleysisvofuna á dyr.

Við höfum lengst af lifað á því að veiða fisk og við höfum lifað á landbúnaði. Við ætlum að halda áfram að stunda sjávarútveg og landbúnað. En eru líkur til þess, að við getum aukið það aflamagn, sem við veiðum úr sjónum, næstu árin? Eru líkur til þess, að sjávarútvegurinn geti tekið við þeirri fólksfjölgun, sem áætlað er, að verði hér á næstu árum? Það er áætlað, að Íslendingar verði 250 þús. árið 1980, eftir 11 ár. Þessum 50 þús. þarf að veita atvinnu. Það er áætlað, að Íslendingar verði 300 þús. árið 1990 og 350 þús. um aldamót. Eru líkur til, að okkar góðu atvinnuvegir, sjávarútvegur og landbúnaður, geti tekið við þessari fólksfjölgun? Eru líkur til, að við getum skaffað þessum fólksfjölda atvinnu, nema við virkjum fallvötnin og fáum þá orku, sem þar er að hafa, og nýtum hana til atvinnuaukningar fyrir allan þann fjölda, sem mun koma á vinnumarkaðinn á næstu árum? Og eru nokkrir möguleikar til þess, að við getum virkjað án þess að fá stóriðju ásamt öðrum iðnaði til þess að taka við fólksfjölguninni? Ég held, að svarið við þessu sé alveg augljóst og allir hv. alþm. séu í huga sínum sammála um þetta atriði. Því er sú stefna að halda áfram að virkja og selja þá orku, sem beizluð er, nauðsyn, hún er grundvöllur að fjölbreyttu atvinnulífi. Hún er grundvöllur að því, að Íslendingar hafi nægilega atvinnu og geti búið við afkomuöryggi. Og sá samningur, sem gerður var við álbræðsluna og gerði það mögulegt að byrja á fyrstu stórvirkjun á Íslandi, verður íslenzku þjóðinni til blessunar. Það er ekki nokkur vafi þar á. Menn geta deilt um þetta og sagt: Það átti að gera samningana öðruvísi. Þeir áttu að vera hagstæðari. En þegar á allt er litið, sjáum við, að þessir samningar eru mjög hagstæðir. Þeir gerðu það mögulegt, alveg öfugt við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, að Íslendingar fái ódýrari raforku en þeir annars hefðu fengið. Og þeir gera það mögulegt, að við fáum árlega miklar gjaldeyristekjur af álverksmiðjunni vegna orkusölunnar. Þeir gera það mögulegt, að álverksmiðjan greiði á 15 árum allar erlendar skuldir, sem hvíla á Búrfellsvirkjun, þannig að gjaldeyrislega séð er þetta enginn baggi á Íslendingum. Og eftir 25 ár eiga Íslendingar orkuverið. Þá hefur álbræðslan borgað það að fullu. En hv. 6. þm. Reykv. segir, að þetta sé óhagstætt. Hann segir, að þetta sé næstum því glæpsamlegt. Eru aðrir hv. þm. honum sammála? Gæti það verið? Ég held ekki. Og ég held, að hv. 6. þm. Reykv. sé það skynsamur, að hann hætti þessum fullyrðingum og staðhæfingum, sem hann hefur viðhaft og ekki hafa við neitt að styðjast.

Umr. frestað.

Á 10. fundi í Nd., 4. nóv., var fram haldið fyrri umr. um till.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég mun ekki blanda mér mikið í þær talnadeilur, sem hér hafa farið fram á milli hv. 6. þm. Reykv. og hæstv. raforkumrh., enda sýnist mér, að nú sé svo komið, að það séu í raun og veru ekki lengur þeir, sem deila, heldur sé deilan komin á miklu alvarlegra stig en það, að hún sé á milli þessara hv. tveggja þm. Mér sýnist, að deilan sé komin á það stig nú, að hún sé annars vegar á milli ameríska fyrirtækisins Harza, sem sér um bókhald fyrir Búrfellsvirkjun, og hins vegar framkvæmdastjóra og formanns Landsvirkjunar, Jóhannesar Nordal og Eiríks Briem, því að þær upplýsingar, sem hv. 6. þm. Reykv. flytur hér, byggir hann eingöngu á því, sem kemur fram í opinberum plöggum frá félaginu Harza, sem fer með eftirlit, eins konar fjármálalegt eftirlit með Búrfellsvirkjun, sennilega að einhverju leyti á vegum Alþjóðabankans eða til að láta hann fylgjast með því, hvernig verkið gengur, og það á þess vegna að vera ábyrgur aðili. Hins vegar byggir hæstv. raforkumrh. þær upplýsingar, sem hann gefur hér, á því, sem þessir tveir æðstu valdamenn Búrfellsvirkjunar segja, Jóhannes Nordal og Eiríkur Briem. Það, sem ber raunverulega á milli, er það, sem kemur fram hjá Harza annars vegar og hjá Jóhannesi Nordal og Eiríki Briem hins vegar.

Það er orðið mjög alvarlegt, þegar þeim aðilum, sem gerst eiga um þessi mál að vita og eiga að vera trúnaðarmenn bæði Alþ. og ríkisstj., kemur jafnilla saman og þeim virðist koma saman, Harza annars vegar og Jóhannesi og Eiríki hins vegar, samkv. þeim upplýsingum, sem hér liggja fyrir. Og þó ekki væri nema það eitt, hve mismunandi upplýsingar liggja fyrir frá þessum tveimur aðilum, þá væri það ærin ástæða til þess, að Alþ. kynnti sér málið rækilega, en fleira kemur þar einnig að sjálfsögðu til.

Það, sem deilan stendur hér aðallega um, er það, hver hafi orðið stofnkostnaður 1. áfanga Búrfellsvirkjunar, sem er í reyndinni aðalverkið. Deilan stendur m. a. um það, hvort tekizt hafi að standa við þá áætlun, sem upphaflega var gerð, eða hvort verkið hafi farið mjög verulega fram úr áætlun. Það er mikilsvert að kynna sér þetta atriði til að gera sér grein fyrir því, hvort raunverulega muni fást kostnaðarverð fyrir raforkuna eða ekki.

Þegar samningurinn um raforkuverðið til álbræðslunnar var lagður fyrir Alþ. til samþykktar, fylgdi honum að sjálfsögðu áætlun um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar. Þá áætlun er að finna í þingtíðindum frá 1965. Samkv. því, sem þar kemur fram, er kostnaður við fyrri hluta Búrfellsvirkjunar áætlaður í íslenzkum krónum kr. 1354 millj. eða um 31.5 millj. dollara með þágildandi skráningu. Hér hefur verið vitnað í ýmsar aðrar áætlanir, að því er mér virðist, sem hafa verið gerðar um Búrfellsvirkjun, sennilega á síðari stigum, en þetta er sú áætlun um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar, sem máli skiptir, vegna þess að á þessari áætlun var sú ákvörðun Alþ. byggð að

selja raforkuna á því verði, sem raforkusamningurinn segir til um. Það fer þess vegna mjög mikið eftir því, hvort þessi áætlun stenzt eða ekki, hvort kostnaðarverð fæst fyrir raforkuna eða ekki. Eins og ég áðan sagði, var okkur sagt hér, að stofnkostnaður fyrri hluta Búrfellsvirkjunar yrði tæpar 32 millj. dollara. En samkv. þeirri skýrslu, sem Harza hefur gefið á þessu ári og hv. 6. þm. Reykv. vitnaði til, er þessi kostnaður, þegar allt er til talið, kominn upp í 42 millj. dollara. Ef þessar upplýsingar Harza eru réttar, virðist sem verkið hafi farið fram úr áætlun sem nemur hvorki meira né minna en 10 millj. dollara miðað við þá áætlun, sem Alþ. var gefin um þennan kostnað á sínum tíma. Upplýsingar þeirra Jóhannesar Nordal og Eiríks Briem eru hins vegar á þá leið, að verkið hafi ekki neitt farið fram úr áætlun, áætlun hafi staðizt. Það skakkar hvorki meira né minna en 10 millj. dollara á þessum upplýsingum, sem má lesa út úr skýrslu Harza, og því, sem þeir Jóhannes og Eiríkur halda fram. Það er ekki lítil ástæða til þess að kynna sér það, í hverju þessi munur liggur.

Hvað síðari hluti virkjunarinnar muni kosta, er náttúrlega ákaflega erfitt að fullyrða um á þessu stigi. Þó að þar sé að miklu leyti um vélakaup að ræða, er augljóst mál að áliti sérfræðinga, að eigi sú orka að nást, sem stefnt er að, þurfi að fara fram mikil mannvirkjagerð í sambandi við vatnsmiðlun, og því er erfitt að gera sér grein fyrir því, hvað verkið muni kosta í heild, Búrfellsvirkjun fullgerð. En það, sem liggur alveg óumdeilanlega fyrir, er það, hvað fyrri hluti verksins muni kosta eða það, sem var kallað fyrri helmingur á sínum tíma og var að vísu aðalhluti verksins. En samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja hjá Harza, virðist sú framkvæmd hafa farið 10 millj. dollara fram úr áætlun, og er þá lögð til grundvallar sú áætlun, sem Alþ. var kunngerð á sínum tíma, þegar raforkusamningurinn var til meðferðar.

Ég ætla svo ekki að ræða frekar um þetta atriði. En ég vil benda á eitt, sem er eiginlega grundvallaratriðið í skýrslu þeirra Jóhannesar og Eiríks, þegar þeir eru að reikna út, hvert kostnaðarverð raforkunnar sé. Þeir byggja þá jafnan á þeim grundvelli, að raforkuverðið verði 19 aurar eða það, sem þeir tala um, ef vextirnir séu 7% og kostnaðurinn afskrifaður á 40 árum. Það er náttúrlega mjög þægilegt að fá út sæmilega útkomu hjá hvaða fyrirtæki sem er, þegar hægt er að dreifa afskriftunum eða endurgreiðslunum á 40 ár. Og ef því væri að heilsa hjá Búrfellsvirkjun, að hún hefði lán, sem væru með þessum kjörum, þá væri kannske talsvert til í þessu. En nú er því miður því ekki til að dreifa, að Búrfellsvirkjun hafi lán, sem séu með 7% vöxtum og séu til 40 ára. Samkv. þeim upplýsingum, sem ég hef fengið um þau lán, sem Búrfellsvirkjun hefur tekið, hefur Alþjóðabankinn lánað 18 millj. dollara. Á því láni eru hagstæðir vextir, eða 6%, en það lán er hins vegar ekki nema til 25 ára. Þá hefur verið samið um amerískt lán, 6 millj. dollara. Á því eru 7% vextir og það á að greiðast á 18 árum. Þá hefur verið samið um þýzkt lán, sem mun vera 4–5 millj. dollarar. Á því eru 7% vextir og það á að greiðast á 12 árum. Önnur lán, sem Búrfellsvirkjun hefur tekið fram að þessu, munu vera bráðabirgðalán, sem á að breyta í hagstæð lán, þegar tækifæri gefst. En mér sýnist samkv. þessu, að þau lán, sem hvíla á virkjuninni, eigi að greiðast á 10–25 árum. Þegar verið er að finna út, hver rekstrarkostnaður fyrirtækisins verður og hvað virkjunin þarf raunverulega að fá fyrir orkuna, til þess að hún beri sig, þá verður að sjálfsögðu að miða við hinar raunverulegu afborganir, sem virkjunin verður að standa skil á, og þá litur dæmið ekki þannig út, að það sé hægt að borga virkjunina upp á 40 árum, heldur verður að greiða hana á 12–25 árum, og það leiðir af sjálfu sér, að rekstrarkostnaður hlýtur að hækka í samræmi við það. Þess vegna virðist mér það vera algerlega rangt, þegar í skýrslu þeirra Jóhannesar og Eiríks er verið að miða við afskriftir eða afborganir á 40 árum, þegar þetta horfir allt öðruvísi um þau lán, sem raunverulega hvíla á virkjuninni.

Annars voru það ekki þessi atriði fyrst og fremst, sem réðu því, að ég kvaddi mér hljóðs, heldur fyrst og fremst það, sem hæstv. ráðh. sagði um skattamál verksmiðjunnar. Hann vildi halda því fram og nota það til réttlætingar á lágu rafmagnsverði, að framleiðslugjaldið, sem álbræðslan greiðir, sé eins konar uppbót á raforkuverðið og hafi verið hugsað þannig. Þetta er mikill misskilningur hjá ráðh., að framleiðslugjaldið hafi verið hugsað sem uppbót á raforkuverðið. Framleiðslugjaldið hefur frá upphafi verið hugsað sem endurgreiðsla fyrir það, að álbræðslan er laus við svo að segja allar aðrar skattgreiðslur. Hún þarf ekki að greiða tekjuskatt, hún þarf ekki að greiða útsvar, hún þarf ekki að greiða eignarskatt, hún þarf ekki að greiða fasteignagjöld o. s. frv. og ekki aðstöðugjald. Það er til endurgjalds fyrir þessi gjöld, sem framleiðslugjaldið er fyrst og fremst, en ekki til þess að bæta upp raforkuverðið. Og ef hæstv. ráðh. lítur í þau plögg, sem fylgdu þessu máli á sínum tíma, þegar um það var fjallað á Alþ., getur hann fengið glöggar upplýsingar um þetta. Ég vil t. d. rifja það upp, ef ráðh. man ekki eftir því, að um þetta atriði var fjallað allítarlega í skýrslu frá stóriðjunefnd, sem var dags. 14. nóv. 1964 og var þá lögð fram á Alþ. og er að finna í þingtíðindum frá 1964 að ég hygg. En þar segir svo m. a. um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Swiss Aluminium taldi sig í upphafi viðræðnanna þurfa á að halda ívilnunum í sköttum, a. m. k. fyrstu árin, ef þeir ættu að treysta sér til að reisa verksmiðju hér á landi. Þeim var þegar bent á, að þetta myndi sérstaklega erfitt atriði. Jafnframt var þeim bent á, að samanburður á skattlagningu fyrirtækja hér

og erlendis sýndi, að skattlagning hér væri mjög sambærileg við það, sem gengur og gerist í öðrum löndum sem hér skipta máli.

Á hinn bóginn er ljóst, að það muni valda erfiðleikum í samningum, að reglur um skattlagningu fyrirtækja hér á landi eru mjög margbrotnar og því erfitt að gera sér grein fyrir skattabyrði langt fram í tímann. Swiss Aluminium hefur því lagt til, að samið yrði um einn fastan skatt, sem miðaðist við útreiknaða skattabyrði samkv. gildandi lögum, en greiddist sem ákveðin fjárhæð á hvert tonn af útfluttum málmi. ...

Í upplýsingum, sem Swiss Aluminium hefur gefið um arðsemi aluminiumverksmiðju hér á landi, hafa þeir reiknað með, að skattgreiðsla verksmiðju, sem staðsett væri í Straumsvík, yrði að meðaltali um 570 þús. dollarar eða 25 millj. ísl. kr. á ári næstu 15 árin, en á því tímabili yrði stofnkostnaður verksmiðjunnar afskrifaður. Eftir þetta mundi skattgreiðslan hækka í um 1.2 millj. dollara á ári."

Þetta sýnir, að þessi skattur eða framleiðslugjaldið var á sínum tíma fundið þannig út, að það var lögð til grundvallar rekstraráætlun, sem álverksmiðjan hafði gert fram í tímann og sýndi þetta mikinn hagnað, og samkv. þeim hagnaði var reiknað út, hve mikið hún þyrfti að greiða, ef hún ætti að greiða skatta og skyldur af þessu samkv. íslenzkum lögum. Og þá komu þessar upphæðir út, sem ég nefndi og var mjög tilsvarandi því, sem verksmiðjan á að greiða nú og í framtíðinni, því að þótt þessar tölur séu aðeins lægri en framleiðslugjaldið verður, stafar það af því, að í áætluninni nú er reiknað með álbræðslu, sem á að framleiða 77 þús. smálestir, en í framangreindri áætlun var aðeins reiknað með álbræðslu, sem framleiðir 60 þús. smálestir. Auk þess hefur orðið stórkostleg hækkun á álverði síðan, sem hefði að sjálfsögðu hækkað mjög tekjur verksmiðjunnar. Þegar svo álbræðslusamningurinn var lagður fyrir Alþ., kemur fram í grg. mjög ljóslega, að eingöngu var miðað við framleiðslugjaldið sem endurgjald fyrir skatta, sem félagið þyrfti ekki að borga að öðru leyti. Segir m. a. á þessa leið í grg. fyrir álbræðslufrv. eða samningnum, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikilvægur þáttur í tekjum Íslendinga af rekstri álbræðslunnar eru skattar þeir, sem hún mun greiða. Um skattafyrirkomulagið hefur verið samið sérstaklega í aðalsamningnum, en meginatriðið í því er, að í stað venjulegra skatta, sem íslenzk fyrirtæki greiða, verði skattlagning álbræðslunnar í formi sérstaks framleiðslugjalds, er lagt verði á hvert tonn, er bræðslan framleiðir.

Framleiðslugjaldið hefur verið við það miðað, að skattlagning álbræðslunnar verði ekki lægri en hún mundi vera samkv. hæstu skattaálagningarreglum, er í gildi eru hér á landi. Samkv. þeim mundi skattlagning slíks fyrirtækis nema nálægt ⅓ af ágóða, áður en frá er dreginn útgreiddur arður eða varasjóðstillög."

Sem sagt, framleiðslugjaldið var eingöngu miðað við það, að það kæmi sem endurgjald í staðinn fyrir þá skatta, sem íslenzk fyrirtæki greiða, en álbræðslan er undanþegin. Það var lagt á til þess að reyna að tryggja, að svo miklu leyti sem samningsmennirnir treystu sér til, að álbræðslan greiddi nokkuð hliðstæða skatta og íslenzk fyrirtæki og hliðstætt því, sem hún mundi greiða, ef hún væri undir íslenzkum skattalögum. Það var ekki hugsað sem neitt endurgjald eða uppbót á lágt rafmagnsverð.

Hæstv. ráðh. var að tala um það, að skattar á svona fyrirtækjum mundu vera miklu lægri í Noregi. Ég held, satt að segja, að hæstv. ráðh. viti ákaflega lítið um það og hann hafi alls ekki við höndina þau skattalög, sem gilda um slík fyrirtæki í Noregi. En þau skattalög, sem gilda um svona fyrirtæki í Noregi, eru þau sömu og gilda um öll önnur fyrirtæki þar. En það mun rétt vera, að norsk skattalög eru þannig, að fyrirtæki geta haft miklu meiri afskriftir fyrstu árin en hér, og þar af leiðandi verða skattar á stórfyrirtækjum, hvort heldur það er álbræðsla eða einhver önnur fyrirtæki, lægri fyrstu árin í Noregi en þeir mundu verða hér, en aftur á móti hærri, þegar afskriftunum er lokið að mestu eða öllu leyti, svo að það mundi jafna sig upp á lengri tíma.

Því hefur margsinnis verið haldið fram, t. d. af hæstv. núv. fjmrh., þegar hann hefur verið að verja álögur sínar, að skattar, meira að segja af fyrirtækjum, væru sízt hærri hér en í Noregi eða í nágrannalöndum, heldur jafnvel hærri þar. Og ég get vel trúað því, að þegar allt kemur til alls og þetta dæmi er jafnað út, séu skattar af fyrirtækjum sennilega hærri í Noregi en hér, og þegar álbræðslurnar þar hafa lokið sínum afskriftum, muni hvíla á þeim miklu hærri skattar en sem svarar til þess framleiðslugjalds, sem álbræðslan á að greiða hér. Hverjum dettur líka í hug, að forstöðumenn svissnesku álbræðslunnar hefðu annars óskað sérstaklega eftir því að fá að greiða skattana í formi framleiðslugjalds? En eins og ég las upp og kom fram í skýrslu stóriðjunefndar frá 1964, þá eru það Svisslendingarnir, sem áttu frumkvæði að því, að framleiðslugjaldið var tekið upp, en ekki Íslendingar. Og halda menn, að Svisslendingar hafi óskað eftir framleiðslugjaldinu, til þess að þeir borguðu hærri skatta en t. d. í Noregi? Þó að þetta séu vafalaust mestu ágætismenn, hef ég þá grunaða um það, að þeir hafi frekar gert það til þess að borga lægri skatta hér en hærri. Hæstv. raforkumrh. á því ekki að vera að blanda sköttunum eða framleiðslugjaldinu neitt inn í þetta mál eða ræða um það í sambandi við raforkuverðið, vegna þess að það er algert sérmál og á ekkert skylt við uppbót á lágu raforkuverði. Það er til að reyna að tryggja, að álbræðslan borgi þó einhverja skatta til samræmis við það, sem íslenzk fyrirtæki greiða, þótt þeir verði vafalaust miklu lægri í reynd. Eða hvaða íslenzkur skattgreiðandi mundi t. d. ekki kjósa það, ef hann ætti kost á, að semja um það við ríkisvaldið að borga ákveðið fram-

leiðslugjald af vöru sinni og sleppa svo í staðinn við alla aðra skatta og fá þannig alveg öryggi fyrir því um langan tíma, hverjir skattar hans mundu verða?

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þetta mál að sinni, og satt að segja held ég, að þetta mál sé komið hér á það stig, að það græðist ekki mikið á löngum umr., úr því sem komið er. Það, sem skiptir mestu máli nú, er að fá hið rétta í ljós í þessu máli, svo að ekki þurfi frekar að vera að deila um það, hvert raunverulegt kostnaðarverð Búrfellsorkunnar er og það komi í ljós, hvort það er tap, eins og ég og fleiri álíta, á þessum samningi við álbræðsluna eða hagnaður, eins og hæstv. raforkumrh. heldur fram. Og sérstaklega er mikilsvert að fá það ljóst, hverjir það eru af þessum þýðingarmiklu trúnaðarmönnum okkar, fyrirtækið Harza eða framkvæmdastjóri og formaður Landsvirkjunar, sem hafa rétt fyrir sér í þeim upplýsingum, sem hér hafa verið lagðar fram. Það eitt út af fyrir sig, þó að maður sleppi raforkuverðinu sjálfu, er ákaflega alvarlegt mál, ef svo reynist, að þær upplýsingar, sem eru byggðar á skýrslum Harza, séu rangar. Þá sýnir það, að ekki er gott fyrir okkur að njóta þjónustu þessa fyrirtækis. En ef Harza reynist hafa rétt fyrir sér, kemur það líka í ljós, að formaður stjórnar Landsvirkjunar og framkvæmdastjóri hafa ekki gefið réttar upplýsingar og látið hæstv. raforkumrh. segja rangt frá á Alþ., og það er líka alvarlegt, ef slíkt kemur í ljós. En þegar því sleppir, þá er að sjálfsögðu höfuðatriði þessa máls, að það upplýsist, hvert raforkuverðið er, m. a. vegna þess, að að því getur komið, að við þurfum að gera fleiri slíka samninga við erlend fyrirtæki. Ég tel ekkert óeðlilegt, að til þess geti komið, en þá þurfum við að hafa sem bezta vitneskju um það, hvernig þeir samningar eru, sem við erum búnir að gera, hvað við getum af þeim lært og hvað það er, sem við þurfum þá að varast í nýrri samningagerð um þessi mál, svo að þau slys, sem kunna að hafa átt sér stað hér, endurtaki sig ekki.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Venjulegum ræðutíma mínum er lokið, svo að ég mun ekki hafa mörg orð að þessu sinni, því að ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þær röksemdir, sem ég flutti í gær um kostnað við Búrfellsframkvæmdir og framleiðslukostnað á raforku í því sambandi. Ég held, að þau mál hafi verið lögð það ljóslega fyrir, að um röksemdir mínar í því efni þurfi menn ekki að vera í neinum vafa. Hins vegar held ég, að það hafi einnig komið mjög glöggt fram í umr. í gær, að hæstv. raforkumrh. hafði ekki vald á því verkefni, sem hann hafði tekið að sér. Hann las fyrir okkur skýrslur, sem auðsjáanlega höfðu verið samdar fyrir hann af embættismönnum fyrir fram, og hæstv. ráðh. tókst ekki að tengja þessar skýrslur við umr. sjálfar. Ég segi þetta ekki til þess að áfellast hæstv. ráðh. Allir vita, að ráðh. geta ekki persónulega sinnt öllum þeim verkefnum, sem undir þá heyra formlega. Þeir verða að hafa sérfræðinga í þjónustu sinni og bera til þeirra traust. Engu að síður er nauðsynlegt fyrir ráðh. að kanna viss verkefni gaumgæfilega, og þar á ég við verkefni, sem eru þess eðlis, að þau marka stefnu. Ég hef litið svo til, að hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson hafi unnið þannig kannske öðrum ráðh. fremur í þessari ríkisstj. Ég hef veitt því athygli, að á sumum sviðum, sérstaklega í landbúnaðarmálum, sem hann er afar kunnugur, hefur hann einatt farið sínar eigin götur og tekið ákvarðanir út frá sinni eigin dómgreind. Það er t. d. afar athyglisvert, að landbúnaðurinn hefur að nokkru leyti verið undanþeginn hinni almennu viðreisnarstefnu í þjóðfélaginu s. l. 10 ár, og það hygg ég, að séu persónuleg áhrif frá þessum ráðh. En ég held, að hæstv. ráðh. ætti að fara á svipaðan hátt ofan í orkumálin. Þau eru vissulega flókin, og það er mikil vinna að kynna sér þau, en ég er viss um, að hæstv. ráðh. mundi komast þar að sjálfstæðri niðurstöðu, ef hann gæfi sér tíma til þess að vinna þetta verk, og þetta er það mikilvægt málefni, að ég held, að hæstv. ráðh. ætti ekki að treysta blindandi á skýrslur sérfræðinga í þessu efni. Hann á að kanna þetta mál sjálfur.

Þetta mál er þess eðlis, eins og ég rakti í gær, að það sker úr um framtíðarstefnu Íslendinga á afar mikilvægu sviði. Hæstv. ráðh. kom raunar inn á þau atriði í ræðu sinni í gær, einkanlega í síðari ræðu sinni, og vék að því, hver atvinnuþróunin þyrfti að vera á Íslandi á næstunni, ef vel ætti að vera. Hann benti á, að vandi Íslendinga væri sá, að þjóðinni mundi fjölga mikið á næstu árum og það væri augljóst, að frumatvinnuvegir okkar, fiskveiðar og landbúnaður, gætu ekki tekið við þeirri fjölgun. Því væri óhjákvæmileg nauðsyn fyrir Íslendinga að iðnvæðast. Ég er algerlega sammála hæstv. ráðh. um þetta viðhorf. En hitt er mikil firra, sem þessi hæstv. ráðh. og aðrir hæstv. ráðh. hafa sagt, að samningurinn við álbræðsluna sé íslenzk iðnvæðing. Hún er dæmi um hið gagnstæða. Vandinn í þjóðarbúskap okkar er sá, að við höfum mestmegnis verið hráefnisframleiðendur, við ráðum yfir mikilli tækni og kunnáttu við fiskveiðar og erum þar afkastameiri en nokkur önnur þjóð í heimi. En meiri hluta þessa afla flytjum við út sem hráefni til fullvinnslu fyrir aðra. Það, sem nú er verið að gera í raforkumálum, er að taka upp sama hátt, að virkja vatnsföll okkar til þess að selja síðan orkuna sem hráefni handa öðrum til þess að nýta, til þess að þeir geti hirt arðinn af orkunni og flutt hana að mestu úr landi. Þetta er ekki iðnvæðingarstefna, þetta er andstæða iðnvæðingarstefnu. Þetta er áframhald á því, að við séum einvörðungu í frumframleiðslu, sem er, eins og allir vita bæði hér og annars staðar, sá háttur framleiðslunnar, sem nú er verst borgaður í heiminum. Og þetta er ekki leiðin til þess að iðnvæða Ísland, að við tökum að okkur að framleiða raforku á sem lægstu verði, en eftirlátum erlendum aðilum að nýta orkuna. Þetta

væri ekki einu sinni rétta leiðin, þótt við fengjum kostnaðarverð fyrir orkuna. En við fáum það ekki einu sinni, svo sem hér hefur verið rakið, við verðum hreinlega að borga með henni. Sama máli gegnir um vinnuafl það, sem fær störf í álbræðslunni eða öðrum hliðstæðum fyrirtækjum, sem upp kunna að rísa síðar. Þessi fyrirtæki kaupa af okkur vinnuafllið á því verði, sem er gefið upp í kauptöxtum, og ekkert meira. Þegar verkamenn okkar vinna við íslenzka framleiðslu, kemur þar fram verðmætisauki, sem greiddur er af erlendum kaupanda vörunnar, og sá verðmætisauki verður eftir í landinu, vegna þess að fyrirtækin eru íslenzk, en þarna kaupa útlendingarnir aðeins vinnuafllið á lágmarksverði. Einnig þarna erum við að halda áfram á þessari sömu braut, að vera aðeins í frumframleiðslu, og fyrst farið er að bollaleggja um framtíðarþróun í þessu sambandi, lít ég á þetta sem algert undirstöðuatriði.

Hæstv. ráðh. talaði í gær um það, að við Íslendingar þyrftum ekki að óttast þessi mál, við gætum litið til Norðmanna, þar væri fordæmi, Norðmenn teldu sér ákaflega hagkvæmt að flytja inn erlent fjármagn og hafa erlend fyrirtæki starfandi í landi sínu. Staðreyndin er hins vegar sú, að fordæmi að fjárfestingu eins og þeirri, sem talað er um á Íslandi, er hvergi að finna nema í nýlendum og hálfnýlendum. Erlend fjárfesting í Noregi er innan við 10% af heildarfjárfestingu Norðmanna í iðnaði þeirra. Fjárfesting af því tagi væri eitthvað svipuð því, ef útlendingar ættu hér eitthvað 2—3 togara og eitt hraðfrystihús. Í því þyrfti ekki að vera fólgin nein stórfelld hætta, en ekki neinn sérstakur ávinningur heldur. En fjárfesting eins og sú, sem nú er komin á Íslandi, og það, sem á að bætast við, ef menn eiga að trúa áróðri Morgunblaðsins, 6 eða 7 slík fyrirtæki á næstunni, leiðir til þess, að megnið af iðnaðarframleiðslu Íslendinga er komið á erlendar hendur. Ég þekki ekkert sjálfstætt þjóðfélag í víðri veröld, sem hefur farið inn á slíka braut. Fordæmin eru aðeins, eins og ég sagði áðan, í nýlendum og hálfnýlendum, og ég þarf ekki að fjölyrða um reynsluna þaðan.

Ég spurði hæstv. ráðh. í gær, hver væri afstaða hans til till. um rannsóknarnefnd, hvort hæstv. ráðh. vildi ekki á það fallast, að slík nefnd yrði skipuð. Það kom því miður í ljós, að hæstv. ráðh. vildi ekki á þetta fallast. Hann lét sér nægja að vera með almennar yfirlýsingar um það, að hann skyldi að sjálfsögðu sjá til þess, að alþm. gætu fengið alla þá vitneskju, sem þeir vildu fá. Hans hugmynd virðist vera sú, að alþm. fái í hendur matreiddar skýrslur frá þeim sérfræðingum, sem hæstv. ráðh. hefur verið að vitna til. En það er ekki þetta, sem ég hef verið að fara fram á. Við verðum að minnast þess ævinlega, að Alþ. er æðsti aðili í málefnum þjóðarinnar, og Alþ. er æðri aðili en hæstv. ríkisstj. og hæstv. ráðh. Ef upp koma stórmál, þar sem vafi leikur á, að hæstv. ríkisstj. hafi haldið rétt á málum, er það skylda Alþ. að hafa frumkvæði að því að rannsaka slík mál. Þannig er unnið að þessum málum í flestum nágrannalöndum, þar sem ég þekki til, og á sumum þjóðþingum, t. d. í Bandaríkjunum, eru einmitt slíkar rannsóknir ákaflega veigamikill þáttur. Þingnefndir eru settar og þingnefndir kalla fyrir sig ráðh. og sérfræðinga, yfirheyra þá til þess að komast gersamlega að niðurstöðu um málavexti. Hér á Íslandi er ákaflega mikil hræðsla við vinnubrögð sem þessi, og það tel ég mjög illa farið. Gert er ráð fyrir slíkum rannsóknarnefndum í sjálfri stjórnarskránni, þannig að þessi starfstilhögun hefur verið talin mjög mikilvæg, og ég held, að Alþ. eigi að hafa það mikla sómatilfinningu, að það eigi að beita þessari aðferð, þegar þörf er á. Þeir menn, sem hafa hreina samvizku, þeir menn, sem hafa gert sitt bezta, þurfa ekki að óttast niðurstöður slíkrar rannsóknar. Og ég held, að einmitt þessi rannsókn sé þeim mun brýnni núna, sem það er vitað, að fljótlega verður lagt fyrir Alþ. frv. um viðbótarsamning við álbræðsluna í Straumsvík. Það er þegar búið að undirrita samkomulag við álbræðsluna, hæstv. iðnmrh. gerði það ásamt ýmsum embættismönnum fyrir skömmu með þeim fyrirvara, að Alþ. samþ. gerðina síðan. Í þessum samningi er gert ráð fyrir því, að álbræðslan fái viðbótarorkumagn fyrir sama verð og það, sem við erum að ræða um hér, fyrir verð, sem er að því er allir viðurkenna langt undir kostnaðarverði, eins og framleiðslunni er nú háttað. Áður en Alþ. fellst á að gera slíkan samning aftur, tel ég það skyldu alþm. að ganga úr skugga um, hvað er rétt í sambandi við þessar tölur um kostnað við orkuvinnslu. Þetta verða alþm. að vita, áður en þeir fallast á þann samning, sem hæstv. iðnmrh. undirritaði með fyrirvara fyrir skömmu. Það er ekki sæmandi fyrir alþm. að fjalla um það mál, ef þeir hafa ekki rannsakað það til hlítar áður.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég get út af fyrir sig fallizt á þá skoðun hv. 6. þm. Reykv., að það sé ekki mikið unnið við langar umr. um þetta mál í þessari hv. d. En ég tel samt rétt að gera nokkrar aths. við það, sem fram hefur komið, þó að ég skuli reyna að draga ekki þessar umr. mikið á langinn.

Ég lít þannig á, að hafi einhver verið í vafa um það, áður en þessar umr. hófust, hvort rétt væri að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, þá geti enginn vafi leikið á því lengur. Málflutningur hæstv. ráðh. hefur verið mjög sannfærandi, mjög sannfærandi um nauðsyn þess, að þetta mál sé athugað frekar. Það er ekki nóg í þessu máli, eins og hæstv. ráðh. reyndi í gær að láta liggja að, að þetta fyrirtæki, Harza, væri einhver óviðkomandi aðili, sem væri með slettirekuskap, og ráðh. byggði sínar upplýsingar á bókhaldi Landsvirkjunar. Svo auðveldlega er ekki hægt að komast frá þessu máli. Það nægir ekki einu sinni að láta Morgunblaðið skrifa Harza með tveimur essum, eins og þetta sé einhver algerlega ókunnugur aðili. Sannleikurinn er sá, að fyrirtækið Harza, sem

hefur gefið út þá skýrslu, sem hér var vitnað til í gær, er aðalráðunautur og eftirlitsverkfræðifirma, sem Landsvirkjun hefur fengið sér sem æðsta trúnaðarmann sinn eftir ábendingu Alþjóðabankans, sem á sínum tíma gerði kröfu til þess, að fyrirtæki, sem nyti alþjóðlegrar viðurkenningar, væri fengið til þess hlutverks. Þetta fyrirtæki, Harza, gerir þær skýrslur, sem hv. 6. þm. Reykv. ræddi um í gær, að gerðar væru á þriggja mánaða fresti og auðvitað gefa miklu fyllri lýsingu á stöðu verksins og þeim kostnaði, sem á það er fallinn, heldur en bókhaldið, sem þarf einmitt skýrslur frá Harza sem færslugögn til þess að geta gengið frá bókhaldinu. Það skorti hins vegar algerlega á það hjá hæstv. ráðh. í gær, að hann reyndi að gera nokkra tilraun til þess að skýra þann mismun, sem kom fram hjá verkfræðifirmanu annars vegar og hjá forustumönnum Landsvirkjunar hins vegar. En báðir þessir aðilar eru trúnaðarmenn hæstv. ráðh. á þann hátt, að ég get ekki séð, hvernig hann getur látið það afskiptalaust og látið eins og ekkert sé, þegar þeim ber á milli svo mörgum millj. dollara skiptir um atriði, sem auðvitað er hægt að ganga úr skugga um á tiltölulega einfaldan hátt, hvað er satt og hvað er rétt.

Hv. 6. þm. Reykv. reyndi að koma með nokkrar skýringar og að því er virtist ærið fullnægjandi skýringar á þessum mismun, hann benti á gengistap á innlendum kostnaði, gastúrbínustöðina o. fl., en hæstv. ráðh. lét það algerlega fram hjá sér fara að gera það nokkuð að umræðuefni. Því miður virðist mjög erfitt að verjast þeirri hugsun, að talsvert skorti á, að hæstv. ráðh. skilji fyllilega þau gögn, sem hann hefur fyrir framan sig í þessu máli. Hann hélt því á hinn bóginn fram, að það væri þegar fullreynt, að afköst þeirra véla, sem komið hafði verið fyrir við Búrfell, væru 15% meiri en fram að þessu hefur verið reiknað með. Í yfirlýsingu sinni taka þó framkvæmdastjóri Landsvirkjunar og formaður Landsvirkjunarstjórnar skýrt fram, að vélarnar séu enn ekki fullreyndar. En með aðferðum af þessu tagi tekst ráðh. að komast að þeirri niðurstöðu, að framleiðslukostnaður rafmagnsins í Búrfellsvirkjun sé 16 aurar á kwst., og þá er ekki amalegt að hafa raforkuverð, sem er 26.4 aurar, eins og hæstv. ráðh. hélt fram af miklum krafti, að raforkuverðið raunverulega væri. Þarna er hvorki meira né minna en á annan auratug, sem meira fæst fyrir raforkuna en það kostar að framleiða hana eftir staðhæfingu hæstv. ráðh. En var hann kannske ekki sannfærður um það sjálfur, að þetta væri rétt? Svo mikið er víst, að skömmu síðar í ræðu sinni lét ráðh. sér um munn fara þá setningu, að alltaf hafi verið vitað, að raforkuverðið væri ekki langt fyrir ofan framleiðsluverðið. Hvað langt fyrir ofan framleiðsluverðið þarf að hafa það, ef 26.4 aurar duga ekki fyrir raforku, sem kostar 16 aura að framleiða? Þó að raforkuverðið væri nú ekki nema 22 aurar, eins og sannleikur málsins auðvitað er, sýnist manni, að það þurfi ekki að vera með nein afsökunarorð um það að selja orku, sem kostar 16 aura að framleiða, á 22 aura. Sannleikurinn er auðvitað sá, að það kostar miklu meira en 16 aura að framleiða þessa orku, og rök fyrir því hafa verið lögð fram bæði núna og raunar fyrir löngu. Um það hafa legið fyrir gögn í allmörg ár, að það kostar miklu meira en 16 aura að framleiða þessa raforku. Hins vegar gat hæstv. ráðh. ekki setið á sér að fara með blekkingar í sambandi við það verð, sem fæst fyrir raforkuna frá hinum erlenda kaupanda, því að hæstv. ráðh. var í gær með algerlega nýjar skýringar á því, af hverju raforkuverðið hafði að nafninu til hækkað úr 2½ mill upp í þrjú mill. Hann sagði, hæstv. ráðh., að fyrir því hefðu legið gagnkvæm rök og það hefði verið algerlega óháð því, að ISAL hefði samið um lægri skatta, sem það hefði farið fram á, meðan það ætti í byrjunarörðugleikum, en hins vegar hefði Landsvirkjun komið vel að fá hærra raforkuverð, á meðan virkjunin var ekki fullnýtt. Sannleikurinn er auðvitað sá, sem allir hv. alþm. vita, að það var hálft mill, 4.4 aurar, sem var flutt á milli raforkuverðsins og skattanna eftir ósk eða kröfu Alþjóðabankans, sem taldi nauðsynlegt, að ríkið léti Landsvirkjun eftir þessa fjármuni. Þetta atriði var ekkert verið að spinna neinar sögur um eða draga neina dul á, meðan hreinskilnari ráðh. fjallaði um þetta mál. Í skýrslu, sem hæstv. iðnmrh. lagði fyrir Alþ. skömmu eftir að lög um Landsvirkjun voru til meðferðar og birt er í A-deild Alþingistíðinda á þskj. 635 frá 1964, segir um þetta:

„Af hálfu Alþjóðabankans hefur verið lögð áherzla á nauðsyn þess, að raforkuverðið verði hærra en 2.5 mill á kwst. á fyrstu starfsárum virkjunarinnar, meðan vinnslugeta hennar er ekki fullnýtt. Eru fulltrúar Swiss Aluminium reiðubúnir til þess að fallast á það fyrir sitt leyti, að slík tilhögun verði viðhöfð, enda verði þá í sköttum verksmiðjunnar fullt tillit tekið til þeirrar hækkunar á rekstrarkostnaði, sem þessi hækkun á raforkuverðinu hefði í för með sér."

Þetta er auðvitað sannleikurinn í málinu, hvaða sögur sem hæstv. ráðh. vill spinna um það núna fjórum árum síðar.

En það er á fleiri sviðum en þessu, sem núna þykir hæfa að vera að búa til nýjar forsendur fyrir þessu máli, þegar hinar fyrri upprunalegu forsendur þykja ekki lengur duga. Nú er lagður til grundvallar 40 ára afskriftatími, sem ráðh. stendur hér og segir okkur, að varla geti neinum þótt mikið, en núna þykir það hæfilegt til þess að reyna að ná saman endum, þótt áður hafi alltaf verið talað um 25 ár. Það er nærri því skoplegt að verða var við það, hvað langt hæstv. raforkumrh. á eftir til þess að átta sig á þessum nýju forsendum sjálfur, vegna þess að síðar í ræðu sinni, eftir að hann var búinn að tala um eðlilega fyrningu á 40 árum, sagði hann frá því, að við ættum algerlega þessa rafstöð eftir 25 ár, þá væri álfyrirtækið búið að borga hana að fullu, hvernig sem hann ætlar nú að fara að því að

láta það borga hana að fullu á 25 árum, þegar hann þarf 40 ára fyrningartíma til þess að láta dæmi sitt ganga upp.

Undir lok ræðu sinnar brá ráðh. sér upp á ljóðræna planið, þar sem hann kann svo vel við sig, og lét hv. þingheim heyra það, að hann hefði litinn hug á því að láta jökulfljótin renna óbeizluð til sjávar enn um langa hríð og höfðaði til annarra þm., að þeir hjálpuðu honum til þess að koma í veg fyrir slíka óhæfu. En til þess að það væri hægt, þá yrðum við, sagði hæstv. ráðh., að selja útlendingum orku, og hann spurði þingheim: Eigum við ekki að selja útlendingum orku? Ja, hví skyldum við ekki selja útlendingum orku? En það er bara ein spurning í sambandi við það. Fyrir hvað eigum við að selja þeim hana? Hvað á hún að kosta? Og það er einmitt mergurinn málsins, og það er það, sem er til umr. Það þarf að ganga úr skugga um það, áður en lengra er haldið á þessari braut, hvað raforkan á að kosta, og sú till., sem hér er til umr., miðar einmitt að því að ganga úr skugga um það. Hæstv. ráðh. hefur að vísu svolítið önnur viðhorf í þessu máli og raunar mikið önnur viðhorf í þessu máli, sem birtust gleggst, þegar hann ræddi um það, hversu litlar líkur væru til þess og raunar engar, eftir því sem hann sagði, að við gætum skaffað öllum þeim fjölda, sem bætist í hóp Íslendinga á næstu árum, vinnu, nema við virkjuðum og virkjuðum stórt.

Þarna er komið að þeim kjarna málsins, sem var í ræðu hæstv. ráðh. Hann andmælti í sjálfu sér ekki í neinni alvöru því, sem fram kom hjá Harza, og því, sem hv. 6. þm. Reykv. vísaði til skýrslu þeirra um. Hann andmælti því raunar ekki, en hann sagði sem svo: Álfélagið og raforkusalan skaffar atvinnu í landinu, þeir greiða skatta, og við græðum svo og svo mikið á þeim á öðrum sviðum. M. ö. o., málflutningur hæstv. ráðh. gekk út á það að réttlæta, að við fengjum ekki nægilegt verð fyrir raforkuna, og það er út af fyrir sig sjónarmið, sem hægt er að ræða, en það er ekki kjarni þess máls, sem hér liggur fyrir, því að hér er um það að ræða að finna út, hvað sé rétt og sanngjarnt raforkuverð.

Ég tók líka þannig eftir málflutningi hæstv. ráðh., að hann legði ekki til, að þessi till. yrði felld eða vísað frá. Ég tók ekki eftir því, að hæstv. ráðh. andmælti því í sjálfu sér, að slík nefnd yrði skipuð, og það var skynsamleg afstaða hjá hæstv. ráðh. Það var skynsamleg afstaða hjá hæstv. ráðh., vegna þess að það er nauðsynlegt fyrir okkur að ganga úr skugga um þessa hluti, áður en lengra er haldið, og eins vegna ráðh. sjálfs. Ráðh. sjálfur á vissulega kröfu á því, að gengið sé úr skugga um, hvernig þessum hlutum öllum er varið. Almannarómur segir, að þegar nýju stjórnarráðslögin ganga í gildi um næstu áramót, eigi að nota tækifærið til þess að skipta um mann í embætti raforkumrh., eða færa það starfssvið yfir í hendur annars manns. Ég held, að það væri skynsamlegt fyrir hæstv. ráðh. að skilja ekki þannig við þetta mál, að það sé full ástæða til tortryggni í hans garð og þeirra sérfræðinga, sem hann hefur stuðzt við í þessu máli, heldur verði gert fyllilega hreint í málinu og það verði bezt gert með því að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir, og láta þessa rannsókn, sem þar er farið fram á, fara fram.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Þá hefur þingheimur hlýtt á ræður þriggja manna um þetta mál, sem rætt var í gær og menn eru ekki á einu máli um. Hv. 2. þm. Sunnl. talaði síðast af þessum mönnum, og það er öruggt, að ýmsir hv. þm. munu spyrja: Ja, hvernig hefði þessu máli reitt af, ef sú ræða hefði ekki verið haldin, sem hv. 2. þm. Sunnl. flutti áðan? Ég býst við, að sumum hafi fundizt, að þm. hafi komið með ýmislegt nýtt í málinu, sem mætti verða til gagns og fróðleiks, þegar það verður gegnumlýst. En látum það vera. Það er sjálfsagt, að menn líti misjöfnum augum á það, og ég býst við því, að þótt ég hafi ekki haft mikið gagn af þeirri ræðu, geti aðrir litið svo á, að ræðan hafi bara verið góð.

Hv. 2. þm. Sunnl. minntist á Harza og fann réttilega að því, að það var prentað með tveimur essum í Morgunblaðinu í staðinn fyrir að nota setuna eins og vera ber. En flestir hafa skilið, við hvað var átt, svo oft hefur verkfræðifirmað Harza verið nefnt, bæði í þingsölunum og utan þeirra. En það er dálítið merkilegt, að allir þessir þrír ágætu hv. þm. leggja út af áliti Harza og því, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í gær um það. Ég hafði ekki þessa skýrslu á mínu borði í gær, eins og ég upplýsti, enda þótt ég hefði séð hana. En í dag er ég ekki með eina skýrslu frá Harza, heldur tvær. Og hv. 2. þm. Sunnl. þarf ekkert að vera undrandi á því, þótt ég hafi ekki andmælt kröftuglega því, sem hv. 6. þm. Revkv. sagði hér í gær um Harza, vegna þess að Harza og formanni Landsvirkjunarstjórnar og framkvæmdastjóra Landsvirkjunar ber í rauninni ekki neitt á milli. Það kemur sama lokatalan hjá þeim báðum, þegar dæmið er sett upp á sama veg. Það, sem ágreiningurinn er um, og það, sem ég minntist á í gær, var það, að Harza reiknaði ekki með öllum kostnaði. En Harza hafði gert tvær áætlanir, og ég vil upplýsa það, að það var 1966, sem Harza gerði áætlun upp á 31.5 millj. dollara, en við gengisbreytinguna og hækkun dollarans lækkar þessi áætlun hjá þeim vegna þess, að þeir gera ekki ráð fyrir því, að hækkunin í íslenzkum krónum komi fram eins og hún hlaut að gera, þegar unnið er að mestu leyti fyrir útlent fé. Og ég held, að rétt sé að upplýsa alveg greinilega, að það er ekkert misræmi á milli talna Harza um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar miðað við 30. júní s. l. og talna Landsvirkjunar. Tala Harza er 29.8 millj. dollara eða 2 622 millj. kr. Hins vegar er talan í bókhaldi Landsvirkjunar 3 125 millj. kr., enda eru þar meðtaldir vextir á byggingartíma o. fl., eins og sést á eftirfarandi töflu. En nú sagði hv. 2. þm. Sunnl. áðan, að miklu frekar bæri að fara eftir skýrslu Harza en bókhaldi Lands-

virkjunar. En við skulum koma okkur saman um að nota hvort tveggja, því að það leiðir til sömu tölu í lokin. Og þá skulum við lesa þetta upp, hvernig þessu er varið, og á þann veg, að allir skilji, sem vilja heyra:

Kostnaður við framkvæmdir 2 622 millj. kr. Vextir á byggingartíma 226 millj. kr. Tollar og opinber gjöld 32 millj. kr. Gengistap vegna vaxta og innlends kostnaðar, sem greiddur hefur verið með erlendum lánum 245 millj. kr. Kostnaður eftir bókhaldi Landsvirkjunar pr. 30. júní 1969 3 125 millj. kr.

Ég hygg, að við séum allir það reikningsglöggir, að við sjáum, hvað hér er um að ræða, að skýrsla Harza er ekki röng og þær tölur, sem hafðar eru eftir bókhaldi Landsvirkjunar, eru einnig réttar. Í skýrslu Harza eru ekki taldir vextir á byggingartíma, ekki tollar, ekki gengistap vegna vaxta og innlends kostnaðar, en þegar þetta er talið með og lagt við áætlun Harza, kemur út rétt útkoma. Þurfum við nú að deila lengur um þetta? Og er nú ekki hv. 6. þm. Reykv. alveg ljóst, að allt, sem hann sagði hér í gær, allt, sem hann byggði málflutning sinn á, var á sandi byggt og er hér með hrakið að fullu og öllu, því að ræða hans er á því byggð, að skýrsla Harza hafi verið röng og það hafi verið djúpstæður ágreiningur á milli Harza og bókhalds Landsvirkjunar? (Gripið fram í.) Skýrsla Harza er rétt, þegar búið er að bæta við því, sem í hana vantar, eins og ég las áðan. Það er þess vegna allt komið með nema vatnsréttindin, og þess vegna er það, sem ég sagði í gær og færði rök fyrir, á réttu byggt, en það, sem hv. 6. þm. Reykv. hafði uppi, var á skökkum forsendum sagt. Það er rangfærsla eða misskilningur Magnúsar Kjartanssonar, hv. 6. þm. Reykv., og hún felst í því, að hann áttar sig ekki á, að Harza hefur í þessari töflu umreiknað upphaflegu kostnaðaráætlunina á núverandi gengi og þannig lækkað hana úr 31.5 millj. dollurum í 25.8 millj. dollara. Þessi lækkun er hins vegar ekki raunhæf, bæði vegna gengistaps, þar sem mikill innlendur kostnaður hefur verið greiddur með erlendum lánum, auk þess sem innlent verðlag hefur hækkað og allmiklar framkvæmdir verið fluttar úr síðari áfanga í fyrri áfanga. Og það er alveg ljóst, að það hafa orðið kauphækkanir og ýmiss konar kostnaður innanlands, en meginhluti þess fjármagns, sem notaður hefur verið, er erlendur og þess vegna breytist þetta í íslenzkum krónum, þegar það er umreiknað eftir gengisbreytinguna. Eini raunhæfi samanburðurinn, sem nú skiptir máli, er því samanburður á upphaflegri áætlun Harza og núv. áætlun hvort tveggja reiknað í dollurum. Upphafleg áætlun Harza var 31.5 millj., og það er hún, sem hér kemur til samanburðar.

Ég hef hér fyrstu framkvæmdaskýrslu Harza, eins og ég var að lýsa áðan. Hún er frá 1966 og þar er reiknað með 31.5 millj. dollara. Síðasta áætlun Harza, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur vitnað til, áætlar hins vegar kostnað 32.6 millj. dollara. Hækkunin er því aðeins 1.1 millj. dollara og hún stafar öll af því, að nú hefur verið framkvæmt meira í þessum fyrri áfanga en hin upphaflega áætlun Harza gerði ráð fyrir, og þetta held ég, að hv. 6. þm. Reykv. ætti að vera ljóst, að þessi 1.1 millj. dollara, sem búið er að eyða umfram áætlun Harza, liggur í því, að það er búið að vinna í öðrum áfanga fyrir þessa upphæð. Við áætlun Harza um fyrsta áfanga, sem var 31.5 millj. dollara, þarf svo að bæta áætlun þeirra um annan áfanga, miðlun í Þórisvatni og vexti á byggingartíma. Að öllu þessu meðtöldu var hin upphaflega áætlun, sem stuðzt var við í álsamningnum, 42.8 millj. dollarar. Sú tala hefur oft verið nefnd hér í þessari hv. d., en núgildandi áætlun er sem hér segir:

I. áfangi 32.6 millj. dollara, II. áfangi og miðlun 4.1 millj. dollara, vextir, gengistap, tollar o. fl. 6 millj. dollara, samtals 42.7 millj. dollara eða aðeins minna en upphaflega var áætlað.

Ég held því, að það sé alveg útilokað, að haldið verði áfram að deila um þetta atriði, þegar það er alveg upplýst og forsendan, sem deilan var upphaflega byggð á, er algerlega hrunin. En allir þeir þrír hv. alþm., sem töluðu áðan, vitnuðu í Harza-skýrsluna og sögðu, að hér væri ekki í rauninni um annað að deila en það, að Landsvirkjunarstjórn og ráðgefandi fyrirtæki Landsvirkjunar bæri ekki saman.

Ég vænti þess, að það, sem ég hef sagt um þetta atriði, liggi ljóst fyrir og menn geri sér grein fyrir, í hverju mismunurinn liggur, og segja má, að það sé heiðarlegt og eðlilegt, að menn geti byggt málflutning sinn á misskilningi, en það er ekki eðlilegt, ef menn vilja halda fast við skakkan málflutning og misskilninginn, eftir að hann hefur verið leiðréttur.

Hér hefur verið talað um það, bæði af hv. 4. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Sunnl., að orkuverðið væri fengið með því að reikna afskriftatíma orkuversins 40 ár og þetta væri óeðlilegt. Og hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að það hefði alltaf verið reiknað með afskrift á 25 árum. Nú vitum við, að vatnsorkuver eru ekki afskrifuð á 25 árum og þykir ekki eðlilegt. Það þykir eðlilegt, að þau endist a. m. k. í 50 ár, og elzta vatnsorkuver við Sog er síðan 1937. Það er orðið 32 ára gamalt. Og ég hef fyrir stuttu talað við verkfræðing um það, hvað hann haldi að þessi stöð endist lengi. Það sagðist hann ekki vilja fullyrða, en það væri nokkurn veginn öruggt a. m. k. 30 ár í viðbót, 40 ár í viðbót. Og þessu hlýtur hv. 2. þm. Sunnl. að hafa gert sér einhverja grein fyrir, þar sem hann er verkfræðingur.

En þá eru það lánskjörin og lánstíminn, sem talað var um áðan. Ef það væri þannig, sagði hv. 4. þm. Reykv., að afskriftatíminn væri eðlilegur og lánskjörin væru eitthvað svipuð því, sem talað hefur verið um, þá mætti ætla sem svo, að orkuverðið, sem ég hef talað um, væri ekki fjarri lagi, og þetta var skynsamlega ályktað hjá hv. þm. Það var mjög skynsamlega ályktað. En lánskjörin, sem um er að

ræða, eða lánin, sem tekin hafa verið, eru að stærstum hluta á 6% vöxtum, stærsti hlutinn á 6% vöxtum. Skuldabréfalán er til 25 ára, skuldabréfalán til 15 ára á 7% vöxtum, þýzkt lán til 15 ára á 7½% vöxtum og bankalán í New York á 7½%, það eru 528 þús. dollarar. En lánin öll, sem tekin hafa verið, eru 3 297 dollarar. Mikill meiri hluti þeirra er á 6% vöxtum, en þau eru ekki til 40 ára. Það eru þau ekki. En eru ekki líkur til þess, ef ekki verður búið að greiða virkjunina fyrr en að 40 árum liðnum, ekki á 25 árum eða 20 árum, að hægt sé að framlengja þessi lán með svipuðum kjörum og fengizt hafa? Ég geri alveg ráð fyrir því.

Hv. 2. þm. Sunnl. vitnaði í það, sem ég hafði sagt í gær, að álbræðslan borgaði útlendu lánin á 25 árum. Það er rétt. (Gripið fram í.) Ég sagði 25 árum í gær. Álbræðslan borgar það á 25 árum. Og það er alveg rétt, að þær tekjur, sem orkuverið fær frá álverksmiðjunni, nægja til þess að borga erlendu lánin upp. Ég biðst nú afsökunar. Það er rétt, sem hv. 2. þm. Sunnl. sagði áðan, það er á 15 árum. Mér urðu á mismæli. En þetta eru raunhæfir útreikningar, og ég efast ekkert um, að hv. 2. þm. Sunnl. getur sannprófað það, hvort þetta er rétt reiknað. Spurningin er nú um það, hvort það, sem hér hefur verið sagt um orkuverðið, er nægilegt til þess að sannfæra þá, sem hafa verið að andmæla því, um að þeir hafi ekki farið með rétt mál. Þegar forsendan, sem þeir hafa byggt málflutning sinn á, er algerlega hrunin, þá ætti svo að vera. Það má þó vel vera, að reynt verði að klóra í bakkann og halda hinu gagnstæða fram, halda því t. d. fram enn þá, að orkuverðið sé undir kostnaðarverði, þrátt fyrir þær tölur, sem fyrir liggja, og rök, sem færð hafa verið fram í þessu máli. Ég geri þó síðar ráð fyrir því. Það er vitað mál, að þessir hv. þm., sem hér hafa tekið til máls, voru upphaflega á móti álsamningnum, og þeir voru þar af leiðandi á móti því að virkja stórt í Þjórsá, vegna þess að stórvirkjun í Þjórsá var ekki möguleg, nema orkufrekur kaupandi fengist. Og það er dálítið eftirtektarvert, að þegar hv. 2. þm. Sunnl. ræðir um orkumál og stóriðju, er eins og honum ósjálfrátt renni í skap. Það er vitað mál, að hv. 2. þm. Sunnl. virtist hafa áhuga fyrir því að koma álverksmiðjunni upp og stórvirkjun í Þjórsá. En við atkvgr. í Alþ. var hann á móti þessu, og það voru aðeins tveir framsóknarmenn, sem sátu hjá, en enginn hv. framsóknarmaður léði málinu stuðning. Ég er alveg sannfærður um það, að hv. 2. þm. Sunnl. óskar eftir því í dag, að hann hefði verið fylgismaður þessa máls. Og ég er sannfærður um það, að þessi hv. þm. getur bætt fyrir fyrri afstöðu sína með því að vera jákvæðari næst, þegar talað verður um stórvirkjun og stóriðju. Það er eftirtektarvert af málflutningi hv. 6. þm. Reykv., þegar hann talar um orkuverðið, að hann miðar alltaf við það, að þessi mikla orkustöð, sem þarna hefur verið reist, sé keyrð, eins og það er kallað, með litlum afköstum, ⅓ eða helmingi, og þá fær hann með þeim forsendum þetta háa orkuverð, sem hann ræðir um. En hann miðar ekki við það, að þessi virkjun verði fullnýtt innan tiltölulega stutts tíma, og með því fæst þetta lága orkuverð, sem ég hef verið að tala um. Það hlaut að vera þannig, og það var alltaf reiknað með því frá byrjun, að fyrst í stað, á meðan stöðin væri ekki nema að litlu leyti notuð, þá væri hvert kw., sem framleitt er þar, á tiltölulega háu verði. Það hefur alltaf verið með því reiknað. Það er búið að leggja í tiltölulega mikinn kostnað, næstum því allan kostnaðinn af fullnaðarvirkjun, en aðeins lítill hluti orkunnar er notaður fyrstu mánuðina, fyrsta árið, og þetta er ekki raunhæfari málflutningur en að byggja á hluta af þeirri áætlun, sem Harza hefur gert, eins og þessi hv. þm. gerði í gær.

Herra forseti. Það var rætt um það áðan, hver afstaða mín væri til þessarar till., og það var einnig gert í gær. Mín afstaða til þessa máls hlýtur að vera þannig, að það verði allar upplýsingar gefnar í þessu máli, þannig að sannleikurinn komi fyllilega í ljós. Og hafi hv. þm. ekki nú þegar fengið það, sem þeir telja nauðsynlegt, hljóta þeir að eiga kost á því. Og það er vitanlega aðalatriðið, að allar eðlilegar og sjálfsagðar upplýsingar verði gefnar í þessu máli, en ekki með hvaða hætti að því er farið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get vel skilið, að sumum hv. þm. finnist sjálfum, að þeir séu nokkuð í sárum og það megi þess vegna ráða nokkuð í, hvers vegna þeir fara að brydda upp á málflutningi sem þessum og hvernig þeir lýsa afstöðu sinni til hans. Þeir voru flestir, sem hér hafa talað, þó að þeir hafi ekki allir átt sæti á Alþ. a. m. k. allan tímann, á móti álbræðslunni og þeirri stórvirkjun við Búrfell, sem nú er verið að framkvæma. (**Gripið fram í:** Landsvirkjun var samþ. einróma.) Hv. þm. segir, að Landsvirkjun hafi verið samþ. einróma, en eins og hæstv. raforkumrh. sagði, var það aðeins heimild um virkjun við Búrfell, og þá heimild var ekki hægt að nota í þeirri mynd, sem hér er um að ræða, stórvirkjun, nema með byggingu orkufreks iðnaðar. Þeir voru þess vegna á móti þeirri Búrfellsvirkjun, sem almenningur þekkir nú hér á landi og veit, hvernig er í skörpun.

Sannast að segja er það líka svo, að þeir hv. þm., — fyrir utan þennan, sem gekk út úr salnum núna og hirðir lítið um, hvort hann segir satt eða logið, — þá hefur lítið komið fram í ræðum þeirra hv. þm. annarra, sem hér hafa talað, sáralítið, og þó alveg sérstaklega í ræðu hv. 4. þm. Reykv., sem er meðflm. þessarar till. Hann var mjög mildur í tali, og ég er ekkert viss um, að honum sé sérstaklega kært að hanga barna aftan í hv. 6. þm. Reykv. í þessum tillöguflutningi, þegar á allt reynir. Hann vék aðallega að því, að það skakkaði á áætlunum um Búrfellsvirkjun, annars vegar hjá Harza og hins vegar hjá fyrirsvarsmönnum Landsvirkjunar. Þetta hefur hæstv. raforkumrh. algerlega leiðrétt og sýnt fram á, að hér er

ekkert, sem munar. Það var löngu vitað áður og er margsinnis búið að taka fram, a. m. k. þannig, að ekki hefur getað farið fram hjá þm., að virkjunarframkvæmdastigum hefur verið breytt og tekið meira á hið fyrra stig en hið síðara, sem breytir að því leyti áætlunum, sem gerðar voru árin 1964 og 1965 og gerð var grein fyrir þá. En eins og hæstv. raforkumrh. gerði grein fyrir áðan, eru mjög sterkar líkur fyrir því, að það muni sáralitlu ef nokkru skakka á endanlegum kostnaði við Búrfellsvirkjun og þeim áætlunum, sem áður voru lagðar fram.

Að öðru leyti hneig ræða hv. 4. þm. Reykv. að framleiðslugjaldi. Hún átti í raun og veru ekkert erindi hingað, sú ræða, því að hún byrjaði á því að gera hæstv. raforkumrh. það upp, að hann hefði sagt, að framleiðslugjaldið ætti að vera uppbót á rafmagnið. Þetta var alger mistúlkun á ræðu ráðh. í gær, fullkomin mistúlkun. Og eins og hv. 2. þm. Sunnl. sagði, hefur það aldrei verið neitt launungarmál, að það hærra verð fyrir orkuna, sem greitt er fyrstu árin, til 1975, er miðað við annað gjald, annað verð fyrir hvert tonn af áli, sem framleitt er. En það er auðvitað hægt að byrja á því að segja, að menn hafi sagt þetta og þetta og þetta sé allt saman rangt og þetta sé misskilningur o. s. frv. Hæstv. raforkumrh. vék aðeins að því, að raforkuverðið væri nokkru hærra, ½ milli fyrsta tímann, eins og eldri samningarnir voru og gert er ráð fyrir í þeim viðbótarsamningum, sem væntanlega verða lagðir fyrir þingið innan fárra daga.

Hv. 4. þm. Reykv. sagði, að Svisslendingarnir hefðu átt frumkvæði að þessari aðferð að leggja á framleiðslugjald, þ. e. að af hverju tonni framleiddu af áli skyldi greiða svo og svo mikið gjald. Og þá var byrjað að gera því skóna, að þetta væru slyngir fjármálamenn, sem þeir eru, og þeir mundu áreiðanlega hafa verið að óska eftir þessu til þess að borga minna en eftir venjulegum skattalögum. En sannleikurinn er sá, að þeir sérfræðingar, sem kostur var á, færastir á þessu sviði hér, umreiknuðu þetta gjald miðað við þær áætlanir, sem við höfum bezt getað gert okkur grein fyrir í þeirri veru, eins og lesið var upp úr fyrri skýrslum um þetta mál, að hér væri um sambærilega skattlagningu að ræða, en hins vegar mundi á ýmsan hátt vera æskilegra og talið einnig hagkvæmara eða þægilegra, skulum við segja, fyrir Svisslendingana að vita í þessu efni, að hverju þeir gengu, vegna margháttaðrar fjölbreytni í skattakerfi okkar. En um þetta atriði fjölluðu ekki bara íslenzkir sérfræðingar og Svisslendingar og við, sem stóðum að álsamningunum, heldur gerði ég mér sérstaklega það erindi í ferð til Norðurlanda að ræða þetta atriði við Norðmenn, sem höfðu revnslu af þessu máli, bæði nýlega revnslu af byggingunni við Husnes og einnig frá eldri tíma. Og þeir, sem ég átti þar tal við og voru þessum málum mjög kunnugir og reyndir í álframleiðslu, ráðlögðu okkur eindregið, að við skyldum heldur hafa þennan hátt á og sennilega mundi hann reynast okkur drýgri. Nú er ekki hægt að sanna neitt um það, hvort hann reynist okkur í reyndinni drýgri eða ekki. En þetta hefur í sjálfu sér þýðingu með framleiðslugjaldið að því leyti til, að við getum borið okkur saman við Norðmenn, ef við viljum, hvað þar er raunverulega greitt fyrir millið af samanlögðu orkuverði og framleiðslugjaldi, þar samanlögðu orkuverði og sköttum á millið og hjá okkur í samanlögðu orkuverði og framleiðslugjaldi. Og þá getum við að nokkru leyti séð, hvað er hagkvæmara, en ég segi þetta vegna þess, að það hefur sí og æ fyrr og síðar verið talað um, að Norðmenn fengju meira fyrir raforkuna en við og það sýndi það, hvað við hefðum gert lélega samninga. Við drógum enga dul á það, að til þess að fá álbræðsluna hingað urðum við að geta boðið lægra orkuverð en á þeim stöðum, sem liggja nær mörkuðunum. Þetta var aldrei farið í felur með.

Ég man eftir því 1968, þegar Rostoft iðnmrh. var hér í heimsókn, þá barst það í tal við hans ráðherraritara, hvað Husnesverksmiðjan, álverksmiðjan í Husnesi, sem var þá af sömu stærð, – ég held, að þar hafi verið um 60 þús. tonna álframleiðsla, – hvað hún hafi greitt mikið í skatta, í opinber gjöld, sem svaraði til þess, sem við köllum framleiðslugjald hjá okkur. Hann var náttúrlega að hælast yfir því, eins og oft vill verða, að þeir fengju meira fyrir rafmagnið en við, og hann sagði þá, að „praktiskt" talað hefðu þeir ekki fengið neitt. Nú get ég ekki staðfest neitt um, hvort þetta sé rétt, en það getur haft þýðingu að athuga þetta og kanna þetta, þegar menn eru að bera saman þetta atriði, sem snertir ekki þessa till. hér, og ég segi þetta ekki í því sambandi, en það getur haft þýðingu að öðru leyti, þegar verið er að meta heildargildi samninganna. En ég er alveg sammála um það, að það snertir ekki þessa till. Þess vegna sagði ég, að ræðan hefði í raun og veru eða talið um þetta af hálfu 4. þm. Reykv. verið óviðkomandi því, sem hér væri verið að ræða um, því að það er annað mál. En það er hægt að gera sér grein fyrir hagkvæmni samninga, sem gerðir hafa verið, með mismunandi hætti, t. d. með því að reikna öll opinber gjöld, sem sveitarfélög og bæjarfélög og aðrir staðir fá af rekstri slíkra verksmiðja, og jafna orkuverðinu og slíkum gjöldum á hverja einingu í orkunni, sem seld er.

Ég get ekki séð, að það væri meira öryggi fyrir íslenzka framleiðendur að greiða fast framleiðslugjald en skatta. Ég efast um, að t. d. hv. 3. þm. Norðurl. v. geti verið hv. 4. þm. Reykv. sammála um það, að hann hefði staðið betur að vígi, ef hann hefði alltaf átt að greiða ákveðið gjald á hvert tonn af fiski, sem hann framleiddi. Og þannig mundi margur í útgerðinni líka mæla, að hann vildi frekar búa við þau skattalög, sem við höfum, heldur en þurfa að borga ákveðið gjald af hverju framleiddu tonni.

Hv. 2. þm. Sunnl. sagði, að hæstv. raforkum-

rh. hefði ekki andmælt því í gær, að sú rannsóknarnefnd, sem hér er stungið upp á, væri skipuð. Það er rétt. Ráðh. andmælti því ekki í gær, en það gerði hv. 2. þm. Sunnl. í dag. Hann sagði alveg berum orðum, að það væri hægt að ganga úr skugga um það, sem hér væri verið að deila um, á mjög einfaldan hátt, og þetta er ég honum sammála um. Það er hægt að ganga úr skugga um það á mjög einfaldan hátt. Og ég er líka sammála um, að það er erfitt að vera að deila um það í ræðustól, hvort þetta og þetta verð sé á orkueiningu. En það getur auðvitað þingnefnd hæglega kannað og það á mjög einfaldan hátt, og það er sambærilegt við það, sem hv. 6. þm. Reykv. var að tala um, að gerðist erlendis, að þingnefndir rannsökuðu mál. Auðvitað er það verkefni þingnefnda að rannsaka mál, en það er afbrigðileg meðferð mála hér í þingi að skipa rannsóknarnefnd samkv. sérstakri grein stjórnarskrárinnar, og hún held ég að hafi verið í ákaflega fáum tilfellum notuð. En hún er frá Dönum komin, sú afbrigðilega heimild. Við erfðum hana í stjórnarskránni, og hvort á að halda henni áfram í nýrri stjórnarskrá eða gefa venjulegum þingnefndum almennt, eins og t. d. í Bandaríkjunum, meira rannsóknarvald en þær hafa, það er svo annað mál. En eins og hv. 2. þm. Sunnl. talaði, ætti auðvitað slík rannsóknarnefnd að vera gersamlega óþörf, þegar það er svona einfalt mál að ganga úr skugga um það, sem hér hefur verið deilt um, raunverulegt framleiðslukostnaðarverð á rafmagninu. Ég tel hins vegar rétt, að þessi till. fái þá þinglegu meðferð, að henni verði vísað til nefndar, eins og ég held, að hv. flm. hafi lagt til, að henni yrði vísað til allshn. og við fáum svo meira af henni að heyra, þegar n. hefur haft aðstöðu til þess að kanna málin betur. En ég verð að segja það, að bæði hef ég kunnað illa við það í dag og í gær, og ég held, að aldrei hafi þótt fara vel hér í þingsölunum sá menntahroki, sem fram kom í ræðum hv. 6. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Sunnl. Þeir telja sig, — annar sem verkfræðingur, hinn er held ég ekki með háskólapróf, en mun hafa fengið háa einkunn í reikningi á stúdentsprófi, — geta knésett iðnmrh. og sagt okkur, að hann skilji ekki nokkurn skapaðan hlut í því, sem hann sé að fara með í sambandi við þetta mál. Um það ætla ég ekki að fara fleiri orðum, en ég hygg, að þeir bæti ekkert málstað sinn með því að vera að senda hæstv. ráðh. kveðjur eins og þessar og gera því svo skóna, sennilega af því að hann viti ekkert, hvað hann sé að segja um þetta, að til standi að taka orkumálin úr hans höndum um áramót, en það var samþ. á þinginu í fyrra að breyta lögum um stjórnarráð, og af þeim leiðir óhjákvæmilega nokkrar breytingar. Efnislega breytingin er mest sú að sameina alls staðar í hverju rn. öll þau mál, sem undir það heyra, en skilja þau ekki í sundur og raða þeim þar niður, sem þau eðli málsins samkv. eigi helzt heima, og verður samin um þetta reglugerð, áður en lögin taka gildi, en mig minnir, að gildistaka laganna hafi verið 1. janúar 1970.

Ég var að reyna að rifja upp fyrir mér gamlan húsgang frá barnæsku, sem ég mundi eftir að byrjaði svona:

„Skrattinn fór að skapa mann,
skinnlaus köttur varð úr því."

Svo man ég ekki alveg endinn, en það voru einhverjir, sem komu og hjálpuðu til við sköpunarverkið, en hér hefur ekki átt að skapa mann, heldur reyna að skapa í hugum almennings, að þeim, sem stóðu að því að reisa hér álbræðsluna og stórvirkjunina við Búrfell, hafi orðið á eitthvert glapræði. Og það er þetta sköpunarverk um það, að öðrum hafi orðið á glapræði, sem ég held, að þessum ágætu mönnum mistakist ekkert síður en þeim gamla á sínum tíma. Og það er næsta furðulegt að heyra það enn, að verkfræðingar og reikningsglöggir menn tali um það og haldi því blákalt fram hér, — það hefur að vísu ekki hv. 2. þm. Sunnl. gert, en hv. 6. þm. Reykv. gerði það, — að Íslendingar yrðu að borga stórum meira verð fyrir rafmagnið vegna álsamningsins. Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að það hefði legið fyrir fyrir löngu, að kostnaðurinn væri meiri á rafmagninu en gert væri ráð fyrir í áætlunum. Þetta lá fyrir á þinginu 1964—1965 í grg. með frv. um Landsvirkjun. Ekki man ég þá eftir því, að vefengdir hafi verið þeir útreikningar, sem fylgdu því frv. og voru efnislega í þá átt, að það væri verulega miklu hagkvæmara fyrir Íslendinga varðandi raforkuverð að gera samninga við álbræðslu og geta virkjað stórt en virkja smátt. Og þá var gengið út frá þessari verðeiningu, 2.5 mill, á raforkunni, eins og aðalsamningurinn gerir ráð fyrir, að lengst af verði á tíma raforkusamningsins við álbræðsluna. Þá voru í þeirri grg. samanburðartölur, sem sýndu, hvað munurinn var mikill. Allar þær tölur eru auðvitað aðrar í krónum núna, og ýmislegt hefur breytzt síðan. En þetta var ekki vefengt þá. Það segir m. a. í grg. frá sérfræðingum raforkumálastjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Til ársloka 1975 spara notendur þannig um 100 millj. kr., ef ráðizt er í Búrfellsvirkjun með 60 þús. tonna aluminíumbræðslu í stað smávirkjana eða að meðaltali rúmar 14 millj. kr. á ári, en það er t. d. um 19% af áætluðum gjöldum Sogsvirkjunar 1965." Og þegar menn hafa það í huga, var þetta ekki lítið, að um væri að ræða sparnað á upphæð, sem svarar til 19% af áætluðum gjöldum Sogsvirkjunar 1965, og þetta er ekki haft eftir sérfræðingum Landsvirkjunar, því að hún var þá ekki til, heldur sérfræðingum raforkumálastjórnarinnar. Og áfram segir: „Á árunum 1976—1983 eru árleg útgjöld 22.5 Mkr. hærri í kosti B 1. Við þann mun ber að bæta verðmæti þeirra 170 + 60 = 230 Gwh, sem Búrfell hefur umfram smávirkjanirnar í árslok 1975, sbr. töflu 4 og 5." Og síðan er dregin af þessu niðurstaða, hversu miklu hagfelldara það verði að virkja Búrfellsvirkjun stærra og með álbræðslu, og þar af leiðandi, hversu allur al-

menningur í landinu muni fá raforkuna ódýrari en ella.

Svo berja menn höfðinu við steininn enn í dag, — eins og hæstv. ráðh. sagði áðan, — þó að áætlanir þær, sem gerðar voru og lagðar voru til grundvallar Búrfellsvirkjun, muni að lokum algerlega standast. Það skakkar þá aðeins um nokkurn tíma til eða frá, ef lagður hefur verið meiri kostnaður í bili við fyrri áfanga og þar af leiðandi meiri orka afgangs, sem ekki er notuð. En undir þann leka hefur líka verið sett og er sett með þeim viðbótarsamningum, sem gerðir hafa verið, að selja til viðbótar 20 mw. í álbræðslustækkun, sem byrjað er á og á að vera lokið í júlímánuði 1970 og gerir afkomu Landsvirkjunar einmitt hagkvæmari vegna þess, að í fyrri áföngunum var ráðizt í meira en áður hafði verið áætlað. Þessir samningar eru gerðir, eins og sagt hefur verið, með fyrirvara og áskildu samþykki Alþ., og það reynir auðvitað á, hvernig hetjurnar standa sig í atkvgr., þegar þar að kemur, um þann samning, en í þessum gömlu áætlunum úr grg. eða fskj., réttara sagt Landsvirkjunarfrv. frá 1964—65, segir einnig orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Einnig er þess að gæta, að ætla má, að sá hluti Búrfellsvirkjunar, sem aluminiumbræðslan nýtir, verði orðin skuldlaus eign eftir 25 ár, og að samningur um raforkusölu til 60 þús. tonna aluminiumbræðslu mundi standa undir nær öllum þeim erlendu lánum, sem líklegt er, að taka þurfi til Búrfellsvirkjunarinnar allrar."

Já, það er satt, að sérfræðingar í þessum málum, bæði innlendir og erlendir, hafa fyrir löngu vakið athygli á því, hve miklu meiri hagkvæmni væri í því að virkja stórt, en það væri hins vegar óframkvæmanlegt öðruvísi en með samningum við orkufrekan iðnað, og þegar þeir segja þessi orð, sem hér er um að ræða, er lagt til grundvallar það verð, sem samið er um fyrir rafmagnið. Samkv. þessum gömlu plöggum og einnig síðar með breyttum tölum, var það útreiknað, og ég gerði grein fyrir því í umr. um álbræðsluna á sínum tíma árið 1966, og það er í samræmi við það, sem hæstv. raforkumrh. sagði í gær, að útreikningar sérfræðinga sýndu þá, að ef ekki er ráðizt í álbræðsluna, þarf heildsöluverðið á viðbótaraflinu, þ. e. aflinu frá hinum nýju virkjunum, sem ella yrðu byggðar án álbræðslu, að vera að meðaltali 54% hærra á árunum 1969—1972, um 66% hærra á árunum 1973—1976 og um 7% hærra á árunum 1977—1985.

Hér hefur verið veifað skýrslu ameríska fyrirtækisins Harza, sem var fengið eftir kröfum Alþjóðabankans til þess að vera ráðgefandi aðili í málefnum þeirra fyrirtækja, sem hér er um að ræða. En það var ekki heldur gerður neinn samningur um Búrfellsvirkjun eða um álbræðsluna né raforkusölusamningur frá Búrfellsvirkjun til álbræðslunnar nema með samþykki Alþjóðabankans, sem fékk Harza til þess að ganga úr skugga um, að hér væri verið að gera rétt.

Mér er alveg ljóst, að þegar borin hefur verið fram till. eins og þessi, eins og reyndar hefur komið oft fyrir áður og ég held oftast, þegar till. hafa verið fluttar um rannsóknarnefndir samkv. stjórnarskránni, þá hefur verið einhver sýndarmennska í því. Þó er það ekki alltaf, og veit ég um undantekningar, og skal ég ekki út í það fara. En tilgangurinn er að mínum dómi fyrst og fremst að kasta ryki í augu fólks og reyna að láta líta svo út, að hér sé eitthvert ógurlegt glapræði á ferðinni og því megi ekki minna vera en skipa slíka rannsóknarnefnd sem þessa.

Ég fagna því, að þessi till. hefur verið fram borin. Mér finnst alveg mátulegt fyrir þessa menn, sem hafa flutt hana, og aðra, sem vilja taka undir hana, að standa í fyrirsvari fyrir hana, og ég vona, að almenningur í landinu taki vel eftir málflutningi þeirra og eftir þeim deilum, sem hér verða um þessa till. Og ég tel alveg sjálfsagt, að hún fái venjulega þinglega meðferð og verði að lokinni fyrri umr. hér, eins og lagt hefur verið til af hv. flm., vísað til allshn.

Umr. frestað.

Á 12. fundi í Nd., 10. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er nokkuð langt liðið síðan þetta mál var seinast til meðferðar. Maður er kannske farinn að gleyma einhverju, sem þá kom fram og ástæða hefði verið til þess að víkja að. En nokkur atriði eru samt þannig löguð varðandi það, sem þá var sagt af hæstv. ráðh., að ekki verður komizt hjá því að víkja að þeim nokkrum orðum.

Ég verð þá fyrst að lýsa undrun minni yfir því, hvernig hæstv. tveir ráðh., hæstv. raforkumrh. og hæstv. iðnmrh. hafa tekið í þessa till. Ég held, að margir flokksbræður þeirra hafi búizt við því, þegar þessi till. var flutt, að henni yrði tekið fagnandi af hæstv. ráðh., því að nú væri þeim gefið tækifæri til þess að ná sér niðri á tveimur andstæðingum sínum, sem þeir hafa átt talsvert sökótt við. Nú ætti að taka þá á orðinu og láta þessa rannsókn fara fram og sýna þannig svart á hvítu, að það, sem þeir höfðu haldið fram um þetta efni, væri algerlega rangt. En það er síður en svo, að hæstv. ráðh. hafi tekið þessari rannsóknartill. á þennan veg. Þeir hafa báðir andmælt henni mjög ákveðið, sérstaklega þó hæstv. iðnmrh., og talið, að hún væri flutt til þess að reyna að sanna á þá eitthvert ódæði að því er manni helzt skildist í hans seinustu ræðu. Ég held, að ef ráðh. heldur þetta, og þessar ásakanir væru með öllu rangar, ætti hann að grípa tækifærið til að sýna, að hann hafi ekki framið neitt ódæði, heldur gert rétt og gott verk. En þessar undirtektir hæstv. ráðh. sýna betur en nokkuð annað, að þeir treysta ekki á þann málstað, sem þeir halda fram.

Hæstv. raforkumrh. hélt því fram, og iðnmrh. tók undir það líka, að Búrfellsvirkjun hefði

verið óframkvæmanleg nema í tengslum við álbræðsluna. Hæstv. raforkumrh. er ekki gamall maður, og maður getur ekki þess vegna haldið, að hann sé farinn að tapa minni. En þessi ummæli hans sýna eigi að síður, að hann er búinn að gleyma því, sem hann sjálfur sagði á Alþ., þegar hann mælti fyrir frv. um Búrfellsvirkjun. Hæstv. ráðh. lagði þá ríka áherzlu á það, að virkjunin væri vel framkvæmanleg án álbræðslunnar, þó að það sé rétt að viðurkenna, að hann hélt því fram, að hún yrði ódýrari með þeim hætti. En hann marglagði áherzlu á það, að virkjunin væri vel framkvæmanleg og það væri sjálfsagt að ráðast í hana, þó að álbræðslan fylgdi ekki, og í þskj. eða grg., sem fylgdi frv. um Búrfellsvirkjun, er skýrt tekið fram, að það, að ráðast í Búrfellsvirkjun án álbræðslu, sé ekki örðugra verkefni en það hefði verið á sínum tíma að ráðast í fyrstu virkjun Sogsins, miðað við aðstæður á þessum tveimur tímabilum. Það er þess vegna mjög furðulegt að heyra hæstv. ráðh. halda því fram nú, að Búrfellsvirkjun hefði verið óframkvæmanleg, nema álbræðslan hefði verið byggð í tengslum við hana. Það stangast fullkomlega á við það, sem hæstv. ráðh. sagði sjálfur fyrir fjórum eða fimm árum, þegar frv. til l. um Búrfellsvirkjun eða Landsvirkjun voru til meðferðar.

Ég held, að hæstv. ráðh. hafi haft rétt fyrir sér þá, því að þá talaði hann ekki með neinum hita og þurfti ekki neitt að verja hendur sínar eins og núna, heldur lagði málið fyrir Alþ. eins og hann taldi að væri rétt og eðlilegt.

Ég ætla svo ekki að ræða frekar um þetta atriði, en ég held, að það sé rétt, úr því að málið hefur komizt á þetta stig, að hæstv. ráðh. hafa efnt til svona langra umr. um það, að reynt sé að rifja það upp, eins glöggt og unnt er, hvort Búrfellsvirkjun fær greitt kostnaðarverð fyrir þá raforku, sem hún selur álbræðslunni, og ég held, að það sé einna auðveldast að gera sér grein fyrir þessu með því að leggja til grundvallar þá áætlun um Búrfellsvirkjun, stofnkostnað og rekstraráætlun Búrfellsvirkjunar, sem var lögð fyrir Alþ. þegar raforkusamningurinn við álbræðsluna var til meðferðar, en á þessari áætlun var raforkusamningurinn byggður.

Þessi áætlun var á þá leið, að gert var ráð fyrir því, að stofnkostnaður við fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar yrði 1354 millj. kr., eða 31.5 millj. dollara miðað við þáverandi gengi. Hins vegar var áætlað, að síðari hluti verksins kostaði 310 millj. kr., og allur kostnaðurinn við virkjunina yrði þess vegna um 1660 millj. kr. Varðandi rekstrarkostnaðinn var tekið fram, að hann væri áætlaður 9.2% af stofnkostnaði og þá reiknað með 6% vöxtum og lánum, sem eru greidd á 25 árum með jöfnum afborgunum, og í öllum þeim áætlunum, bæði um Búrfellsvirkjun og aðrar virkjanir til samanburðar, sem þá voru lagðar fyrir Alþ., var gert ráð fyrir, að þær væru borgaðar upp á 25 árum með 6% vöxtum. Það er alveg nýtilfundið, sem farið er að tala um núna, að áætla með 7% vöxtum á 42 árum. Allar áætlanir á þessum tíma voru byggðar á 6% vöxtum og 25 ára lánum. Samkvæmt þessu var það upplýst sem og þeim tölum, sem ég hef rakið, að kostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun yrði 21.1 eyrir á kwst., þegar búið er að umreikna þetta á núverandi gengi, en samið var við álbræðsluna um 22 aura. Samkvæmt þessari áætlun átti því hagnaðurinn að vera um 0.9 aurar á kwst. En þess ber að gæta, að inni í þessari áætlun var ekki gasaflsstöðin, hvorki stofnkostnaður né rekstrarkostnaður hennar, en reiknað var með því, að þessir 0.9 aurar ættu að vera þarna afgangs, nægðu til þess að standa undir rekstrarkostnaði gasaflsstöðvarinnar. Nú er hins vegar upplýst af hæstv. ráðh., að rekstrarkostnaður gasaflsstöðvarinnar er 1.6 eyrir á kwst., og ef áætlunin hefur líka verið svipuð því 1965, þá er auðséð, að samkvæmt þeim áætlunum, sem þá lágu fyrir, hefði söluverðið til álbræðslunnar ekki nægt til að standa undir kostnaðarverðinu, því að það hefði þá orðið í fyrsta lagi 21.1 eyrir, sem var kostnaðarverð orkunnar frá Búrfelli, og til viðbótar 1.5 eyrir, sem var framleiðslukostnaðurinn við gasaflsstöðina, að því er nú er reiknað. Þetta gerir samanlagt 22.6 aura, en samið var um 22.

Nú skulum við athuga nokkru nánar, hvernig tekizt hefur að fylgja þessari áætlun um stofn- og rekstrarkostnað Búrfellsvirkjunar, sem var lögð fyrir Alþ. 1965 og raforkusamningurinn við álbræðsluna var byggður á. Eins og ég áðan sagði var gert ráð fyrir því í áætluninni 1965, að stofnkostnaður I. áfanga Búrfellsvirkjunar yrði 31.5 millj. dollara, miðað við þáverandi gengi. Samkvæmt þeirri kostnaðaráætlun, sem Harza gerði og miðaði við 1. júlí þessa árs, áætlar Harza, að kostnaður við I. áfanga verði 32.6 millj. dollara. Það er m. ö. o. einni millj. dollara hærra en gert var ráð fyrir í áætluninni 1965. En Harza tekur jafnframt fram, að inn í þessa áætlun vanti ýmsa kostnaðarliði, s. s. gengistap, vexti, sem greiddir hafa verið á byggingartímanum, greiðslu fyrir ýmis réttindi, lántökukostnað o. s. frv. Hæstv. raforkumrh. upplýsti á þriðjudaginn, að nokkra af þessum kostnaðarliðum væri að finna í reikningum Landsvirkjunar, og nefndi m. a. þrjá þeirra og gerði grein fyrir þeim. Þessir liðir voru: Gengistap 245 millj. kr., vextir á byggingartímanum 226 millj. kr., tollar og opinber gjöld 32 millj. kr. Samtals gerir þetta 503 millj. kr., eða 5½ millj. dollara. Þessari upphæð er rétt að bæta við þá kostnaðartölu, sem er nefnd hjá Harza, 32.6 millj. dollara, og þá er heildarkostnaðurinn við I. áfanga Búrfellsvirkjunar orðinn 38 millj. dollara í stað þess, að áætlað var upphaflega, í þeirri áætlun, sem var lögð fyrir Alþ. 1965, að þessi kostnaður yrði ekki nema 31.5 millj. dollara. M. ö. o.: Samkvæmt þessum upplýsingum, sem er að finna í skýrslu Harza, og þeim viðbótarupplýsingum, sem hæstv. raforkumrh. hefur gefið, kostar I. áfangi Búrfellsvirkjunar nú 6.5 millj. dollara meira en gert var ráð fyrir í þeirri

áætlun, sem var lögð fyrir Alþ. 1965 og raforkusamningurinn við Búrfellsvirkjun byggðist á. Hæstv. ráðh. var að gefa í skyn, að þennan halla megi jafna með því, að síðari hluti virkjunarinnar verði miklu ódýrari en gert hafði verið ráð fyrir. Það liggur ekkert fyrir um það, að svo muni verða, og ekki er hægt að fullyrða neitt um það á þessu stigi, vegna þess að það er ekki enn þá farið að ráðast í þennan áfanga. Og a. m. k. þegar farið var fram á viðbótarábyrgð á láni vegna Búrfellsvirkjunar í fyrra, var ekki gert ráð fyrir því, að þessi síðari áfangi yrði jafnódýr og hæstv. raforkumrh. vill nú halda fram.

Það, sem ég hef rakið hér, sýnir alveg ótvírætt, að stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar er orðinn verulega miklu meiri en gert var ráð fyrir samkvæmt þeirri áætlun, sem Alþ. byggði raforkusamninginn á. En þá er að athuga hinn þáttinn, hvort tekizt hafi að uppfylla þann hluta áætlunarinnar, að vextir á þeim lánum, sem Búrfellsvirkjun fengi, yrðu ekki nema 6% og lánin yrðu til 25 ára. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef aflað mér um þetta og reyndar komu líka fram í þeirri ræðu, sem hæstv. raforkumrh. flutti á þriðjudaginn, hvíla nú um 33 millj. dollara lán á Búrfellsvirkjun. Stærsta lánið er við Alþjóðabankann, 18 millj. dollara með 6% vöxtum til 25 ára, og það fullnægir alveg þeirri áætlun, sem lögð var fyrir Alþ. um þetta 1965. Sama verður ekki uppi, þegar athugað er með hin lánin. Til viðbótar þessu er dollara-lán til 15 ára að því er ég held, og á því eru 7% vextir. Þá er þýzkt lán, sem er um 4 millj. dollara. Það er til 15 ára, að því er hæstv. ráðh. sagði á dögunum, og á því eru 7½% vextir. Og loks er bráðabirgðalán til 5 ára, 5 millj. dollara, sem á eru 7.5% vextir. Þetta sýnir, að þeir vextir, sem Búrfellsvirkjun verður að greiða, nálgast það að verða 7%, þó að það sé ekki alveg fullkomlega það, eins og nú er, en nálgast það að verða 7% í staðinn fyrir, að gert var ráð fyrir 6% vöxtum. Og í stað þess, að gert var ráð fyrir, að hægt yrði að borga lánin upp á 25 árum, er meira en helmingur lánanna, sem virkjunin hefur tekið nú og hvíla á henni, til 15 ára og jafnvel 5 ára. Það er aðeins helmingurinn, Alþjóðabankalánið, sem er til 25 ára. Á þessu sést, að þær vaxtagreiðslur og þær afborganagreiðslur, sem Búrfellsvirkjun þarf að standa undir, verða miklu hærri en sú áætlun, sem lögð var fyrir Alþ. 1965 og verðið til álbræðslunnar var byggt á. Og samkvæmt þessu hlýtur að vera alveg augljóst, að kostnaðarverðið á orkunni frá Búrfelli verður miklu meira en 21.1 eyrir, eins og gert var ráð fyrir í áætluninni 1965. Það munar áreiðanlega nokkrum aurum á því, miðað við kwst. Ég treysti mér ekki alveg fullkomlega til að segja hve mörgum, það fer dálítið eftir því, hvað menn meta nýtinguna, en það skakkar áreiðanlega orðið nokkrum aurum, hvað kostnaðarverð orkunnar frá Búrfelli verði í reynd miklu meira en gert var ráð fyrir 1965, og þar af leiðandi kemur fram halli, hliðstæður halli á samningum við álbræðsluna. Það kemur svo þarna til viðbótar, að í áætluninni frá 1965 um Búrfellsvirkjun var gasaflsstöðin ekki með, hún var ekki heldur með í þessum áætlunum Harza. En eins og hæstv. ráðh. hefur upplýst hér, að ef kostnaði hennar er dreift á orkuna frá Búrfelli, — sem er tæpast rétt, því að það ætti ekki að koma nema á þann hluta orkunnar, sem álbræðslan kaupir, — en þó að rekstrarkostnaði gasaflsstöðvarinnar sé dreift á alla orkuna frá Búrfelli, þá er það 1.5 eyrir á kwst., og hljóta því allir að sjá, þegar það kemur líka til viðbótar, að raforkan frá Búrfelli að þessu viðbættu kostar orðið miklu meira en það, sem fæst hjá álbræðslunni.

Það er fróðlegt að rifja upp í þessu sambandi, hvað það er mikið, sem Búrfellsvirkjun hefur fengið eftirgefið af tollum og söluskatti. Það kom öllum saman um, líka meðhaldsmönnum raforkusamningsins við álbræðsluna, að það væri engin von til þess að fá kostnaðarverðið greitt frá álbræðslunni, ef Búrfellsvirkjun ætti að borga tolla og söluskatt, eins og aðrar virkjanir höfðu gert og hafa gert að undanförnu. Þess vegna var það sett í lög um Landsvirkjun, að Búrfellsvirkjun skyldi undanþegin bæði tollum og söluskatti. En hvað halda menn, að sú upphæð sé orðin mikil, sem ríkið hefur þannig látið Búrfellsvirkjun eftir og er raunverulega ekki annað en styrkur til virkjunarinnar til að koma framleiðsluverðinu niður? Samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Hagstofu Íslands, — en innflutningurinn til Búrfellsvirkjunar er færður alveg sérstaklega á hagskýrslur, — samkvæmt þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá Hagstofunni, var innflutningsverðmæti efnis og véla til Búrfellsvirkjunar orðið rúmlega 10 hundruð millj. kr. á miðju þessu ári, og hefur bætzt við síðan, rúmlega 1 milljarður króna. Það er innflutningur á efni og vélum til Búrfellsvirkjunar fram á mitt þetta ár. Kunnugir menn halda því fram, að til jafnaðar séu tollar á þessu efni og vélum í kringum 35%. T. d. á stærsta hluta innflutningsins, sem eru túrbínurnar, eru tollarnir 35%. Ofan á innkaupsverð og tolla leggst svo söluskattur hjá sérhverjum innflytjanda, sem flytur inn beint til sín. Sérhver innflytjandi, sem flytur beint til sín, verður að borga söluskatt ofan á innkaupsverðið og tollinn, og það er mat kunnugra manna, að þegar tollar og söluskattur eru reiknaðir þarna saman, nemi það um 35% á innflutninginn til Búrfellsvirkjunar. Og séu þessar tölur réttar, er Búrfellsvirkjun þarna búin að fá eftirgefið hjá ríkinu í tollum, sköttum og söluskatti sem nemur um 450 millj. kr., og þessi tala á enn eftir að hækka, því að frá því á miðju þessu ári hefur átt sér stað verulegur innflutningur til Búrfellsvirkjunar og er að sjálfsögðu ekki lokið enn, þar sem t. d. allur II. áfanginn er eftir, sem er að langsamlega mestu innflutningur eða vélar. Það skiptir þannig mörgum hundruðum millj., sem Búrfellsvirkjun fær eftirgefið, miðað við aðrar virkjanir hjá ríkinu. Ef þessi tala væri tekin með og rafmagns-

verðið reiknað út frá því, sjáum við, að það muni vanta meira en lítið á það, að virkjuninni sé fullgreitt með því raforkuverði, sem fæst hjá álbræðslunni. Þessar upplýsingar, sem ég hef komið með og þær upplýsingar, sem hafa komið fram í ræðu hv. 6. þm. Reykv., sýna alveg ótvírætt, að mikið vantar á, marga aura á það, að álbræðslan borgi kostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun. Hversu marga skal ég ekki fullyrða, en ég er alveg sannfærður um, að það skiptir orðið mörgum aurum á kwst. Ef hæstv. ráðh. treysta sér til þess að mótmæla þessu og halda því fram, að hér sé farið með fleipur eitt og staðlausa stafi, er ekkert auðveldara fyrir þá en að sanna það á þann veg að láta fara fram hlutlausa rannsókn á þeim tölum, sem við höfum flutt, ég og hv. 6. þm. Reykv., og svo þeim tölum, sem þeir hafa flutt af hálfu forstöðumanna Landsvirkjunar, láta hlutlausa athugun fara fram á þessu og leiða þannig í ljós, hvað er rétt í þessum efnum. Þetta er ekki aðeins mikilvægt til þess að kveða niður allar óþarfa deilur um þetta atriði, heldur líka mjög mikilvægt vegna þeirra raforkusamninga, sem við eigum eftir að gera við fyrirtæki á borð við álbræðsluna. Bráðum kemur fyrir Alþ. samningur um aukna orkusölu til álbræðslunnar. Áður en Alþ. tekur afstöðu til hans, þarf það að fá hið sanna upplýst í þessum efnum. Ég tala nú ekki um, ef að því kemur að gera fleiri slíka samninga, þá þurfum við að átta okkur vel á því, hvernig til hefur tekizt í þessum efnum. Ég vil vænta þess í lengstu lög, að málstaður hæstv. ráðh. sé ekki lakari en svo, að þeir treysti sér til þess að láta þessa rannsókn fara fram.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Þegar þetta mál var til umr. síðast, urðu smávægileg mistök að því leyti til, að ég mun sem 1. flm. þessarar till. eiga rétt á að flytja þrjár ræður samkv. þingsköpum. Hæstv. forseti gaf mér þá færi á að flytja stutta aths., þannig að ég tel mig eiga öllu meiri ræðutíma inni en örstutta aths. að þessu sinni, en ég skal ekki hafa mál mitt mjög langt þrátt fyrir það.

S. l. mánudag gerði ég grein fyrir þeim útreikningum, sem ég hafði byggt á staðhæfingar minar um kostnað við Búrfellsvirkjun og framleiðslukostnað á raforku. Ég rakti, hvaðan heimildir mínar væru fengnar, og ég gerði grein fyrir því lið fyrir lið, hvernig ég áætlaði kostnaðarliði, sem ekki liggja fyrir enn sem komið er. Ég rakti þetta allt saman í einstökum atriðum og gaf þannig öðrum tækifæri á að gagnrýna þessa útreikninga mína. Ég vil vekja athygli á því, að slík gagnrýni hefur ekki komið fram. Það hefur ekki verið tekið út úr útreikningum mínum eitt einasta atriði og bent á með rökum, að það standist ekki. Þessi staðreynd talar sínu skýra máli.

Í stað slíkrar málefnalegrar gagnrýni hafa komið almennar staðhæfingar, sem bera vott um það, að hæstv. ráðh., sem hér hafa talað, hafa ekki nægileg rök í höndum til þess að gagnrýna þær tölur, sem ég hef flutt ásamt hv. 4. þm. Reykv.

S. l. þriðjudag gerði hæstv. raforkumrh. að sérstöku umtalsefni þá frásögn mína, að virkjunarkostnaður hefði við fyrri áfanga farið 26% fram úr áætlun, úr 25.8 millj. dollara í 32.6 millj. dollara. Að vísu viðurkenndi hæstv. ráðh., að ég færi rétt með tölur mínar samkv. nýjustu skýrslu Harza. En hann gaf þá skýringu, að Harza hafi áður verið búið að gera áætlun, sem nam 31.5 millj. dollara, en hafi endurskoðað hana vegna gengislækkananna og þannig fengið kostnaðaráætlunina 25.8 millj. dollara. Svo bætti hæstv. ráðh. því við, að þessi endurskoðaða áætlun hjá Harza hefði ekki reynzt raunhæf. Það er vissulega rétt, að Harza breytti áætlunum sínum um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, þegar gengi krónunnar var lækkað tvívegis. Það væri undarlegur áætlunarsmiður, sem ekki tæki tillit til jafnstórfelldra umskipta og tveggja gengislækkana við áætlun um mannvirkjagerð. En Harza telur þessa endurskoðuðu áætlun sína ekki óraunhæfa. Það er ekki ég, sem hef valið töluna 25.8 millj. dollara til marks um upphaflegan byggingarkostnað, heldur Harza. Og þetta er ekki gamalt og úrelt sjónarmið hjá Harza, heldur birtir hið bandaríska verkfræðifirma þessa tölu í nýjustu skýrslu sinni frá því í júní í sumar. Það er ekki ég, heldur Harza, sem telur þennan samanburðargrundvöll eðlilegan, og Harza gerir það samkv. þeirri skuldbindingu sinni að gefa Landsvirkjun, íslenzkum stjórnarvöldum og Alþjóðabankanum í Washington rétta grein fyrir kostnaði við virkjunina. Það er hvorki á valdi mínu né hæstv. raforkumrh. að velja úr áætlunartölur, sem okkur henta. Við verðum að fara eftir skjalfestum heimildum þess fyrirtækis, sem sér um allt bókhald Búrfellsvirkjunar, en það er bandaríska verkfræðifirmað Harza. Auðvitað hefði verið hægt að ganga út frá tölunni 31.5 millj. dollara, sem hæstv. ráðh. nefndi. En þá hefði sú tala einnig orðið að hafa áhrif á allt bókhaldið eftir það. Hitt er alger fásinna sem hæstv. ráðh. gerði sig sekan um, að breyta fyrri tölu Harza um upphaflegan byggingarkostnað, en láta áætlunina frá 30. júní í sumar halda sér. Ef miðað væri við áætlunina 31.5 millj., yrði einnig að breyta tölunni frá því í sumar, vegna þess að þá yrði að taka inn ýmsa aðra og breytta liði, þ. á m. gengistap af innlendum kostnaði. Þetta dæmi er að sjálfsögðu hægt að reikna, og hv. 4. þm. Reykv. benti á ýmis atriði í því sambandi áðan. Ég hef einnig lítið á þetta dæmi með aðstoð reikningsglöggra manna, og það kemur í ljós, að það skakkar ekki ýkja miklu á þessari aðferð og hinni aðferðinni, sem Harza notar. Engu að síður er það staðreynd, að virkjunarkostnaður hefur farið mjög verulega fram úr áætlun. Hvort það mundi standa í 26% með þessari aðferð, veit ég ekki, en það skakkar ekki ýkja miklu. En slíkar reikningskúnstir sem þessar hafa aðeins fræðilegt gildi. Meginstaðreyndin er hin, sem ekki verður umflúin, að Harza telur sambærilegan kostnað hafa

hækkað um fjórðung, og vilji menn vefengja þessa niðurstöðu, stoðar ekki að beina ákúrum sínum til mín, heldur verður að færa rök að því, að Harza sé ekki starfi sínu vaxið og gefi íslenzkum stjórnarvöldum og Alþjóðabankanum upp rangar og villandi tölur. Þetta veit hæstv. ráðh. jafn vel og ég, vegna þess að hann hefur, eins og hann sagði á þriðjudaginn, þá skýrslu í höndum, sem ég hef vitnað til. En séu einhverjir hv. alþm. enn þá í vafa um þessar grundvallarstaðreyndir, bið ég þá að líta á þessa skýrslu hjá mér á eftir, því að hér stendur þetta allt svart á hvítu.

Annað atriði, sem hæstv. ráðh. notaði til þess að vefengja þennan samanburð, var það, að gert hefði verið meira í sambandi við Búrfellsvirkjun en upphaflega hefði verið áformað. Mér þætti fróðlegt, að hæstv. ráðh. gerði frekari grein fyrir þessu sjónarmiði. Ég þekki ekki þær aðferðir í bókhaldi, að bornar séu saman tölur, ef inni í síðari tölunni eru verkefni, sem ekki var gert ráð fyrir í upphafi. En í samanburði Harza er ekki minnzt á eitt einasta slíkt atriði. Harza ber saman kostnaðarliði nú og upphaflega kostnaðaráætlun og tekur ekki fram, að það sé neins staðar um verkefni að ræða, sem ekki hafi verið gert ráð fyrir í upphafi, enda hef ég engar spurnir af því, að þannig hafi verið að verki staðið. Ég vil í því sambandi minna á frv. um álsamninginn, sem lagt var fyrir Alþ. á sínum tíma. Þar segir svo um framkvæmdir, hvernig þeim verði hagað, á bls. 225, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikill hluti Búrfellsvirkjunar verður í I. áfanga byggður nægilega stór fyrir 6 vélasamstæður. Stöðvarhúsi, svo og uppsetningu véla, búnaðar og tækja verður einnig fullokið að þremur vélasamstæðum undanskildum, en þeim verður bætt við einni á hverju virkjunarstigi, eins og áður segir."

Hér er gert ráð fyrir því, hvernig byggingarframkvæmdum verður hagað, og ég veit ekki betur en þær hafi verið nákvæmlega í samræmi við þetta.

Það er glöggt dæmi um það, hve hæstv. ráðh. telja málstað sinn erfiðan orðinn, að þeir eru farnir að grípa til alls konar spádóma um framtíðina, eins og áður hefur verið vikið að, m. a. þeirra, að aflvélarnar muni skila 15% meiri orku en reiknað hafði verið með. Nú skulum við vissulega vona, að svo verði. En við skulum einnig athuga það, að eigi að hagnýta þvílíka getu, þarf ýmislegt til. Það er hægt að fá 15% aukningu og tiltölulega auðvelt, þegar ein vél er í gangi. En eigi að fá 15% aukningu út úr 6 aflvélum í senn, þá verður m. a. að koma 15% meira vatnsmagni í gegnum vatnsvegina, og þá kemur upp erfitt verkfræðilegt vandamál, því að þá fer að tapast afl af þeim sökum. Allir vita einnig, að eins og nú er ástatt, er vatnið í Þjórsá ekki nægilegt að staðaldri. Ef nýta á allar vélarnar í hámarki, verður að framkvæma mjög stórfellda vatnsmiðlun. Hæstv. ráðh. lét þess getið, að hann teldi, að slík miðlun mundi kosta 500 millj. kr. aukalega. En þann tilkostnað verður þá einnig að reikna inn í framleiðslukostnaðinn, og þessi tilkostnaður nemur hvorki meira né minna en 2 aurum á kwst. Það er fráleit reikningsaðferð, sem hæstv. ráðh. beitti, að reikna aðeins með því, að þarna fáist 15% aukning, en gera ekki grein fyrir þeim tilkostnaði, sem óhjákvæmilegur er til að fá aukninguna.

Annað atriði, sem hv. 4. þm. Reykv. minntist einnig á áðan, er sú nýja aðferð, sem nú er beitt, að reikna með 40 ára fyrningartíma á þessum mannvirkjum öllum. Það er vissulega rétt, að 40 ára fyrningartími getur átt við um stíflur og önnur slík mannvirki, en ekki um vélar. Fyrningartími slíkra véla í sambandi við vatnsvirkjanir er venjulega áætlaður 25 ár. Og í þessu sambandi er vert að minnast þess, að vélarnar í gasaflsstöðinni mun þurfa að endurnýja trúlega á 10 ára fresti. Ég held, að það sé ekki eðlilegt að beita neinni annarri reikningsaðferð, þegar reiknaður er út rekstrarkostnaður, en þeirri, sem notuð er við allar aðrar virkjanir á Íslandi, að telja rekstrarkostnaðinn 10% af stofnkostnaði. Þannig hefur verið að þessu staðið til skamms tíma. Ég vil minna á það, að í frv. til l. um Landsvirkjun var þannig greint frá rekstrargjöldum á bls. 18, með leyfi hæstv. forseta:

„Með rekstrargjöldum er hér átt við stjórn, eftirlit, viðhald, gæzlu og vexti og afborganir lána. Opinberum gjöldum og gjöldum fyrir lands- og vatnsréttindi er þannig sleppt, svo og þeim hagnaði, sem Landsvirkjun er nauðsynlegur. Fyrrgreind rekstrargjöld eru áætluð 9.2% af stofnkostnaði vatnsvirkjana og þá miðað við 25 ára annuitetslán með 6% vöxtum."

Þarna er reiknað með 9.2% af stofnkostnaði, án þess að meðreiknuð séu opinber gjöld og gjöld fyrir lands- og vatnsréttindi og sá hagnaður, sem Landsvirkjun er nauðsynlegur, eins og komizt er að orði. Ég held, að þessi staðreynd sýni einkar ljóslega, að það er sízt ofmælt að reikna með 10% af stofnkostnaði sem árlegum rekstrarkostnaði, og allt annað er gersamlega óraunhæft.

Það mætti æra óstöðugan að fara að minnast á öll þau atriði, sem fram hafa komið, t. a. m. í dagblöðum. Þó held ég, að ég komist ekki hjá því að minnast á eina staðhæfingu, sem birtist í forustugrein í Vísi fyrir nokkrum dögum, en þar var því haldið fram, að ég reiknaði með 10% vöxtum af lánum til Búrfellsvirkjunar. Þetta er náttúrlega alger fásinna. Þetta hef ég aldrei sagt. Það, sem ég sagði, var það, að ég reiknaði vaxtakostnað á byggingartímanum 10%. Byggingartíminn er sem kunnugt er ein 3 ár, og vextir af lánum eru um 7%, eins og menn vita. Fyrsta árið koma 7% vextir á svo sem þriðjung af upphæðinni og svo hærri annað árið og svo fullt síðasta árið. Þetta jafnar sig áreiðanlega upp með ekki lægri upphæð en 10%. Það var þessi tala, sem ég notaði einvörðungu í sambandi við vexti á byggingartímanum, en í dagblöðum ríkisstj. er farið að nota þessa tölu til almenns

útúrsnúnings og hártogana, og raunar hefur það mótað skrif stjórnarblaðanna þriggja um þessi efni í vaxandi mæli að undanförnu. Þau eru hætt að ræða um málsatriði og tekin að birta almenna sleggjudóma, staðhæfingar og fullyrðingar, sem ekki eiga neina stoð í veruleikanum.

En í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, er eitt atriði, sem mestu máli skiptir og lærdómsríkast er. Hæstv. raforkumrh. hefur dag frá degi flutt sig nær þeim tölum, sem ég gerði grein fyrir í upphafi. Í ræðu þeirri, sem hæstv. ráðh. flutti s. l. þriðjudag, gerði hann grein fyrir mati sínu á heildarkostnaði við Búrfellsvirkjun á þessa leið:

„I. áfangi 32.6 millj. dollarar, II. áfangi og miðlun 4.1 millj. dollarar, vextir, gengistap, tollar o. fl. 6 millj. dollarar."

Ég bið hv. alþm. að veita þessum tölum hæstv. ráðh. sérstaka athygli. Hæstv. ráðh. viðurkennir, að við kostnaðinn, eins og hann er gefinn upp hjá Harza, verði að bæta vöxtum á byggingartímanum, gengistapi, tollum o. fl., og hann metur þá upphæð á 6 millj. dollara. Þá er kostnaðurinn við fyrri áfanga kominn upp í 32.6 plús 6 millj. dollara, þ. e. 38.6 millj. dollara. Hæstv. ráðh. viðurkennir einnig, að gasaflsstöðin sé ekki með í þessum útreikningum, en kostnaður við hana er um 3 millj. dollara. Þá er heildarkostnaður við fyrri áfanga orðinn 41.6 millj. dollara. Ég vek athygli á því, að þetta eru tölur hæstv. ráðh., en ekki tölur mínar. Og þessi dollaraupphæð jafngildir 3660 millj. kr. En hvaða tölu notaði ég í ræðu þeirri, sem ég flutti við 1. umr. fjárlaga? Hún var 3770 millj. kr. Það munar aðeins 110 millj. kr. á þeirri tölu, sem hæstv. raforkumrh. viðurkenndi s. l. þriðjudag, og þeirri tölu, sem ég notaði, þegar ég gerði þetta mál fyrst að umtalsefni. Og hvora töluna, sem menn vilja nota, er niðurstaðan sú, að miðað við þær 840 millj. kwst., sem nú eru framleiddar við Búrfell, er kostnaður á kwst. um 45 aurar, tvöfalt meiri en álbræðslan greiðir. Nú er það að vísu ekki deilumál, að viðskiptin við álbræðsluna voru mjög óhagkvæm í upphafi. Það viðurkennir hæstv. ráðh. En mér þætti afar fróðlegt, að hann greindi frá því í tölum, hver framleiðslukostnaðurinn er að hans eigin mati og hvert árlegt tap er á þessum viðskiptum núna. Ég veit, að þetta ástand stendur aðeins í takmarkaðan árafjölda, en engu að síður verður að reikna með þessu tapi. Það er hægt að deila því á lengra árabil, en með þessu tapi verður maður að reikna.

Sem sagt, hæstv. ráðh. var kominn upp í 41.6 millj. dollara sjálfur. Og þar með var hann kominn ákaflega nálægt þeim tölum, sem ég notaði hér í upphafi. Um hvað snýst þá deila okkar? Og hvað svo um áframhaldið? Hæstv. ráðh. segir, að síðari áfangi Búrfellsvirkjunar, vélar og miðlun, muni kosta 4.1 millj. dollara. Á þeirri tölu vil ég fá skýringu hjá hæstv. ráðh., og ég tel, að allir hv. þm. eigi heimtingu á að fá slíka skýringu. Ástæðan er sú, að í vor var lagt fyrir Alþ. frv. til l. um breyt. á l. um Landsvirkjun, og það frv. var samþ. sem lög 28. apríl s. l., fyrir ½ ári. Í grg. fyrir þessu frv. var komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í des. 1965 var stofnkostnaður seinni áfanga Búrfellsvirkjunar áætlaður 305.5 millj. kr. á þáv. gengi að vöxtum á byggingartíma frátöldum, eða um 520 millj. kr. á núverandi gengi. Að vöxtum og verðhækkunum meðtöldum áætlast þessi kostnaður nú 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara."

Og síðar er þetta enn endurtekið í grg.:

„Með frv. þessu er lagt til, að umrædd heimild verði hækkuð um 661 millj. kr. eða 7.5 millj. dollara vegna lána, sem nauðsynlegt er að taka samkvæmt framangreindu vegna seinni áfanga Búrfellsvirkjunar."

Mér er ekki kunnugt um, að þessi áætlun hafi verið lækkuð um 3.4 millj. dollara á þessu hálfa ári, sem síðan er liðið eða hvernig unnt ætti að vera að framkvæma slíka lækkun. Ef við höldum okkur hins vegar við þá tölu, sem lögð var fyrir Alþ. í vor og Alþ. staðfesti með því að samþykkja frv. sem lög, þá bætast 7.5 millj. dollara við þær 41.6 millj. dollara, sem hæstv. ráðh. var kominn upp í með fyrri áfanga Búrfellsvirkjunar. Þá verður heildarkostnaður af virkjuninni 49.1 millj. dollara, eða 4 320 millj. kr. En hvaða tölur notaði ég í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga? Ég notaði töluna 4 370 millj. kr. Munurinn á þessum tveimur tölum er 50 millj. kr. og haggar ekki vitund þeirri niðurstöðu, að kostnaður við að framleiða 1680 millj. kwst. á ári verður um 26 aurar á kwst., 4 aurum hærra verð en álbræðslan greiðir. Þegar magnið, sem hún fær, kemst upp í 1120 millj. kwst., verður heildarmeðgjöfin á ári um 45 millj. kr.

Þegar ég hef kannað þetta mál betur, hef ég komizt að þeirri niðurstöðu, að áætlanir mínar, sem ég gerði grein fyrir við 1. umr. fjárlaga, hafa verið of lágar. Ég hygg, að reynslan eigi eftir að leiða í ljós, að þessi kostnaður verði nokkru meiri en ég gerði ráð fyrir þá. Engu að síður tel ég, að það sé ákaflega athyglisverð staðreynd, að þær tölur, sem hæstv. ráðh. er kominn upp í smátt og smátt í þessum umr. á þingi, nálgist mjög þær tölur, sem ég nefndi í upphafi. Þetta eru sem sé staðreyndirnar, ýmist játaðar af hæstv. ráðh. eða lagðar fyrir Alþ. fyrir hálfu ári. Og nú spyr ég: Hver fer hér með blekkingar og falsanir, eins og komizt hefur verið að orði?

Sú staðreynd er óhrekjanleg, að samningarnir við álbræðsluna eru svo óhagkvæmir, að Íslendingar verða að greiða með orkunni. Og ég býst við, að mörgum verði forvitni á að vita, hvað fyrsta útflutningsuppbótin á að vera há. Mér er kunnugt um, að til stendur, að Landsvirkjun ákveði mjög verulega hækkun á raforkuverði alveg á næstunni, og mér er kunnugt um, að Alþjóðabankinn hefur þrýst á um, að slíka hækkun verði að ákveða, vegna þess að rekstrarafkoma Búrfellsvirkjunar sé háskaleg. Ég vil spyrja hæstv. ráðh., hvað hann áætlar, að verðið til Íslendinga muni verða

látið hækka um næstu áramót. Hæstv. ráðh. hlýtur að geta dregið upp almenna mynd af því.

Í umr. s. l. þriðjudag tók hæstv. iðnmrh. einnig til máls, og eins og menn muna, var hæstv. ráðh. í nokkru uppnámi í upphafi ræðu sinnar. Mér þóttu þessi viðbrögð hæstv. ráðh. bæði skiljanleg og einkar mannleg. Það er alkunna, að enda þótt við höfum hér einkum átt orðastað við hæstv. raforkumrh., þá er það hæstv. iðnmrh., sem er hinn raunverulegi sakborningur í þessu máli. Þetta verkefni skiptist á milli þessara tveggja hæstv. ráðh., hæstv. raforkumrh. sér um byggingu orkuversins, en það var hæstv. iðnmrh., sem annaðist samninginn við álbræðsluna. Og ég skil það ákaflega vel, að hæstv. ráðh. sé í uppnámi, þegar þær staðreyndir eru nú að skýrast æ betur, að samningar þeir, sem hann hefur gert og samningar þeir, sem hann hefur reynt að gylla mikið í opinberum umr., reynast baggi fyrir þjóðfélagið, þeir munu ekki lyfta efnahag Íslendinga, heldur draga hann niður. Mér þykir vænt um, að það er viðkvæmur blettur hið innra með hæstv. ráðh., mér þykir vænt um, að hann kveinkar sér, og ég vona bæði fyrir hans hönd og fyrir hönd landsmanna, að sú viðkvæmni haldi áfram hjá hæstv. ráðh.

Því miður varð þess þó ekki vart í ræðu hans, að hann væri farinn að læra af reynslunni. Hann hélt áfram að tala um, að orkusölusamningurinn við álbræðsluna væri ákaflega hagkvæmur og viðbótarsamningur sá, sem hann hefur nú þegar undirritað að Alþ. fornspurðu, væri mikil hagsbót. Mig langar að minna á það í þessu sambandi, að einmitt þessi sami hæstv. ráðh. hefur áður gert grein fyrir þveröfugu sjónarmiði á Alþ. Einmitt þessi hæstv. ráðh. hefur sagt okkur það, að fyrsti orkusölusamningurinn til álbræðslunnar væri óhagkvæmur og við mættum ekki gera jafnóhagkvæman samning aftur. Í skýrslu, sem þessi hæstv. ráðh. lagði fyrir Alþ. nokkru áður en samningarnir við álbræðsluna voru gerðir, var vikið að þessu atriði margsinnis, og ég vil leyfa mér að minna á nokkur dæmi, með leyfi hæstv. forseta. Á bls. 24 í þessari skýrslu var komizt svo að orði:

„Í fyrsta lagi hugsar Swiss Aluminium sér að byggja hér á landi minnstu stærð aluminiumverksmiðju, sem til greina er talin koma, þ. e. a. s. 30 þús. tonna ársframleiðslu. Hefur það greinilega komið fram af hálfu fyrirtækisins, að það treystir sér ekki til þess að taka meiri áhættu hér á landi, þar sem engin erlend fyrirtæki hafa reynslu af sambærilegri starfsemi hér. Svo lítil verksmiðja er hins vegar ekki eins arðbær og stærri verksmiðja og þarf því á hagstæðari kjörum að halda."

Og neðar á sömu síðu segir svo:

„Að lokum er rétt að benda á, að líklegt er, að Swiss Aluminium mundi vilja teygja sig lengra, ef það fengi um leið fyrirheit um möguleika til stækkunar verksmiðjunnar með sæmilega hagstæðum kjörum. Það hefur hins vegar verið skoðun nefndarinnar, sem Alþjóðabankinn hefur einnig lagt áherzlu á, að Íslendingar ættu ekki að binda sig í þessu efni nema sem allra minnst. Vegna þess, að fyrsti áfanginn í stórvirkjunarmálum er sérstaklega erfiður hjalli fyrir Íslendinga, mundu þeir samningar, sem nú virðast mögulegir, geta orðið Íslendingum mjög hagstæðir. Á hinn bóginn er engin ástæða til þess að jafngóð kjör yrðu í boði, ef til stækkunar kæmi, enda yrðu þá viðhorfin í virkjunarmálum allt önnur en nú. Ef allt gengur vel í þessum efnum, svo að Íslendingar teldu sér hag í frekari stækkun aluminiumverksmiðjunnar í framtíðinni, ættu Íslendingar að geta fengið svo að segja sömu kjör og Norðmenn þá bjóða."

Þetta var í skýrslu frá hæstv. iðnmrh., og að þessu atriði er vikið aftur og aftur. Á bls. 28 segir svo, með leyfi hæstv. forseta, um afstöðu Alþjóðabankans til þessa vandamáls:

„Alþjóðabankinn hefur lagt áherzlu á, að þau kjör, sem nú hefur verið rætt um að bjóða aluminiumbræðslunni, væru réttlætanleg vegna þeirrar þýðingar, sem aluminiumbræðslan hefur fyrir fjárhagslega afkomu fyrsta áfanga Búrfellsvirkjunar. Verði aluminiumbræðslan stækkuð í framtíðinni, telur bankinn hins vegar ekki rök fyrir því að bjóða jafnhagkvæm kjör. Hann leggur því áherzlu á, að samningar við Swiss Aluminium nú innihaldi ekki óeðlilega hagstæð skilyrði fyrir stækkun bræðslunnar í framtíðinni."

Þannig voru fyrirvarar þeir, sem hæstv. ráðh. var með í upphafi, á meðan hann og aðrir hafa vafalaust gert sér vonir um, að áætlanir um Búrfellsvirkjun mundu standast. Þeir lögðu áherzlu á, að við mættum ekki semja nema aðeins um þann takmarkaða skammt, sem þá var gengið frá. En ef hið erlenda auðfyrirtæki vildi fá meira magn, yrði að hækka verðið og þar var fordæmi Norðmanna sérstaklega tekið til viðmiðunar. En Norðmenn fá sem kunnugt er meira en 25% hærra verð fyrir raforku sína en við. Engu að síður hafa þau tíðindi nú gerzt, að hæstv. ráðh. er búinn að semja að Alþ. fornspurðu við alúmínbræðsluna um viðbótarsölu á raforku á sama verði, óbreyttu verði, og það þótt hæstv. ráðh. viti, að framkvæmdir við Búrfellsvirkjun hafa tekizt svo til, að við framleiðum raforkuna á hærra verði en álbræðslan greiðir. Þessi vinnubrögð eru að sjálfsögðu algerlega fráleit, hrein fjarstæða. Og ég verð að segja, að þessi reynsla varð ekki til þess, að mér þættu það nein gleðitíðindi, sem ég las í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, að hæstv. iðnmrh. ætlaði að taka við raforkumálunum af hæstv. núv. raforkumrh. Ég hef þá trú, að hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson hefði staðið ögn betur að samningum við erlenda aðila en hæstv. iðnmrh., sem virðist vera orðinn býsna taminn við það að láta undan hinum erlendu sjónarmiðum.

Nú er lokið þeim ræðum, sem ég mun halda við 1. umr. þessa máls. Ég vil benda á það í lokin, að með till. um rannsókn erum við einnig að leggja til, að rannsakaðar séu þær tölur, sem við höfum lagt fram. Ef slík rannsókn

verður framkvæmd, sem við leggjum til, mundi að sjálfsögðu verða farið ofan í allar þær tölur, sem ég hef gert grein fyrir. Ég tel það alveg sjálfsagt. Ég hef reynt, eftir því sem ég er maður til, að gera mér grein fyrir því, hvort þær tölur, sem ég hef farið með, eru réttar eða ekki. Og ég held, að þær séu réttar. Komi hins vegar í ljós, að mér hafi missýnzt um einhver atriði, mun ég að sjálfsögðu taka því mjög vel að hafa það heldur, sem sannara reynist. Þannig tel ég, að menn eigi að standa að öllum málum, og þannig held ég, að hæstv. ríkisstj. væri sæmst að standa að þessu máli.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Mér þykir vænt um það, að hv. 6. þm. Reykv. virðist vera í nokkurri framför, þar sem hann endaði með að segja það, að hann héldi, að þessar tölur væru réttar, sem hann hefur farið hér með. En það sagði hann ekki í fyrri ræðum sínum. Þá var enginn efi í hans huga um það, að þær væru réttar. Þá fullyrti hann og þá staðhæfði hann. En nú segir hann sig halda þær réttar, og það var líka auðheyrt á hans framsögu hér áðan, að hann er farinn að efast, því að hann er farinn að snúa út úr því, sem ég sagði, og segir, að ég sé farinn að nálgast þær tölur, sem hann nefndi í upphafi. Það vita þó allir, að þær tölur, sem hann nefndi í upphafi, voru allt aðrar en þær, sem hann var að tala um nú. Í upphafi talaði hann um það, að það væri búið að eyða 3 770 millj. í virkjunina. En heildaráætlun er 3 760 millj., þegar búið er að ljúka virkjuninni. Þetta er vitanlega reginmunur. En það er eðlilegt, að menn spyrji, um hvað er deilt. Hv. 6. þm. Reykv. ber alltaf fyrir sig verkfræðifirmað Harza. Það er hans biblía. Og hann birtir í Þjóðviljanum mynd, kápumynd af þessu plaggi. Og vegna þess að hann hefur líklega ekki haft nema aðra áætlunina, ég hef tvær, þá er þessi till. til orðin, og hann fékk sessunaut sinn, hv. 4. þm. Reykv., til þess að flytja þessa till. með sér á þeim forsendum, að fyrirtækið Harza væri með allt aðrar tölur og allt aðra áætlun en þá, sem unnið var eftir, eða þá, sem kæmi fram í bókhaldi Landsvirkjunar. Og þess vegna fullyrti hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv. líka, að þetta hlyti allt að vera miklu dýrara en það var áætlað. Þeir fundu út, hvað álverksmiðjan fengi rafmagnið keypt langt undir kostnaðarverði, þetta væri baggi á íslenzka ríkinu, þjóðin yrði að borga á innlendum markaði miklu hærra verð fyrir orkuna en hún annars hefði gert, vegna þess að álverksmiðjan fær rafmagnið svo ódýrt. Þannig er málflutningurinn. Þetta eru forsendurnar fyrir tillöguflutningnum. Og það er náttúrlega raunalegt, að tveir hv. ágætir þm. hafa eytt löngum tíma þingsins í að ræða mál á alröngum forsendum. Þegar forsendurnar eru alveg rangar, hlýtur það, sem út af þeim er lagt, að vera það einnig. Af því að hv. 6. þm. Reykv. var að reyna að snúa út úr því áðan, sem ég hafði sagt s. l. þriðjudag, held ég, að rétt sé, að ég rifji nokkuð upp af því í örstuttu máli, en það var, hvaða misræmi væri í áætlunum Harza og því, sem kemur fram í bókhaldi Landsvirkjunar. Ég tel rétt að rifja það aftur upp vegna þess, sem ég mun síðar minnast á í þessari ræðu. Ég sagði:

Ekkert misræmi er á milli talna Harza um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar miðað við 30. júní s. l. og talna Landsvirkjunar. Tala Harza er 29.8 millj. dollara eða 2 622 millj. kr. Hins vegar er talan í bókhaldi Landsvirkjunar 3 125 millj. kr., enda eru þar meðtaldir vextir á byggingartíma o. fl., eins og sést á eftirfarandi töflu. Kostnaður við framkvæmdir 2 622 millj., vextir á byggingartíma 226 millj., tollar og opinber gjöld 32 millj. Gengistap vegna vaxta og innlends kostnaðar, sem greiddur hefur verið með erlendum lánum, 245 millj. Kostnaður eftir bókhaldi Landsvirkjunar pr. 30. júní 1969 3 125 millj. Að undanskildum vatnsréttindum hefur því allt verið tekið hér með, þ. á m. allt gengistap. Rangfærslur eða misskilningur hv. 6. þm. Reykv. felst í því, að hann áttar sig ekki á, að Harza hefur í þessari töflu umreiknað upphaflegu kostnaðaráætlunina á núverandi gengi og þannig lækkað hana úr 31.5 millj. dollurum í 25.8 millj. dollara. Þessi lækkun er hins vegar ekki raunhæf, bæði vegna gengistaps, þar sem mikill innlendur kostnaður hefur verið greiddur með erlendum lánum, auk þess sem innlent verðlag hefur hækkað og allmiklar framkvæmdir verið fluttar úr síðari áfanga í fyrri áfanga. Og það er það, sem hv. 6. þm. Reykv. á afar erfitt með að skilja, að það skuli vera búið að vinna talsvert núna í II. áfanga, á meðan I. áfanga er ekki að fullu lokið. Eini raunhæfi samanburðurinn, sem nú skiptir máli, er samanburður á upphaflegri áætlun og núv. áætlun, hvort tveggja reiknað í dollurum.

Ég hef hér fyrstu framkvæmdaskýrslu Harza frá október 1966. Þar er áætlaður kostnaður 31.5 millj. dollarar, og er það sú sama áætlun, sem byggt var á, þegar álsamningarnir voru gerðir. Síðasta áætlun Harza, sem hv. 6. þm. Reykv. hefur vitnað til, gefur hins vegar áætlaðan kostnað 32.6 millj. dollara. Hækkunin er því aðeins 1.1 millj. dollara, og hún stafar öll af því, að nú hefur verið framkvæmt meira í þessum fyrri áfanga en hin upphaflega áætlun Harza gerði ráð fyrir. Við áætlun Harza um fyrri áfanga, sem var 31.5 millj. dollara, þarf svo að bæta áætlun þeirra um seinni áfanga, miðlun í Þórisvatni og vexti á byggingartíma. Að öllu þessu meðtöldu var hin upphaflega áætlun, sem stuðzt var við í álsamningnum, 42.8 millj. dollarar. Núgildandi áætlun er sem hér segir: I. áfangi 32.6 millj. dollara, II. áfangi og miðlun 4.1 millj. dollara, vextir, gengistap, tollar o. fl. 6 millj. dollara eða samtals 42.7 millj. dollara, 100 þús. dollurum lægra en upphaflega var áætlað.

Þetta er það, sem ég sagði í aðalatriðum s. l. þriðjudag, og ég rifja það upp, vegna þess að hv. 6. þm. Reykv. var að leggja skakkt út af því áðan. Og nú vil ég í framhaldi af þessu

upplýsa það, hvað Harza hefur um þetta að segja, — hvort álit Harza-fyrirtækisins stangast á við það, sem ég sagði s. l. þriðjudag. Og þá sést, hvort hv. 6. þm. Reykv. hefur lagt rétt út af Harza-skýrslunni, sem hann hefur byggt alla sína málfærslu á. Ég hef, með leyfi hæstv. forseta, bréf í höndum frá yfirverkfræðingi Harza, og fyrir milligöngu Landsvirkjunar hef ég fengið þetta bréf. Það er í lauslegri þýðingu, en ég mun láta hv. 6. þm. Reykv. fá það á ensku, því að sannarlega veitir honum ekki af að átta sig betur á þessu, eftir að hann er ákveðinn í því að vilja hafa það, sem sannara reynist, eins og hann sagði áðan. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa þetta bréf:

„Fyrir milligöngu Landsvirkjunar hafið þér farið fram á, að við létum yður í té hina upprunalegu og núv. kostnaðaráætlun okkar fyrir Búrfellsvirkjun fullgerða ásamt áætlun okkar um kostnaðarverð á orkueiningu frá virkjuninni.

Stofnkostnaður. Búrfellsvirkjun fullgerð tekur til aflstöðvar við Búrfell með sex 35 mw. vélasamstæðum, 220 kw. aðalorkuveitu frá Búrfelli um Írafoss að Geithálsi og Straumsvík og byrjun á miðlun um 500 millj. teningsmetra úr Þórisvatni. Hér á eftir fer samanburður á núverandi áætlun okkar um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar við áætlun okkar í Definite Import frá apríl 1965 og þá áætlun, eins og hún var eftir endurskoðun í febr. 1966.

Verkþættir: I. áfangi, 3 vélasamstæður, apríl 1965, 28.37 millj. dollara, febr. 1966 31.5 millj. dollara, nóv. 1969 32.6 millj. dollara.

Framtíðarverk: Viðbót 3 vélasamstæður, 6.88 millj. apríl 1965, 5.1 millj. febr. 1966, 2.6 millj. í nóv. 1969. Byrjunarmiðlun við Þórisvatn, apríl 1965 2 millj., febr. 1966 2 millj., nóv. 1969 1.5 millj. dollara. Niðurstaðan verður þá þessi: Kostnaður miðað við áætlun í apríl 1965 37.25 millj. dollara, febrúar 1966 38.6 millj., nóv. 1969 36.7 millj. dollara.

Stofnkostnaðaráætlun okkar felur ekki í sér vexti á byggingartíma, vatnsréttindi, lántökukostnað, gengistöp eða flutningsgjöld og skatta. Núverandi áætlun felur hins vegar í sér fjárhæð, sem við teljum vera sæmilega ríflega til þess að mæta kröfum frá verktökum, og er þá byggt á fyrri reynslu okkar af sams konar verkum annars staðar í heiminum.

Í framkvæmd hafa verið gerðar ýmsar smávægilegar breytingar, viðbætur og niðurfellingar á heildarverkinu, og er tekið tillit til þessa í áætlunum. Slíkar breytingar eru eðlilegar í þróun verksins frá upphaflegum áætlunum til verkloka. Það er athyglisvert, að stofnkostnaður verksins í heild, sem í dag er þekktur með góðri nákvæmni, kemur mjög vel heim við þá áætlun, sem gerð var fyrir næstum 4 árum og lögð var til grundvallar við ákvörðunina um að ráðast í framkvæmdir við Búrfellsvirkjun og ákvörðunina á rafmagnsverði við álbræðsluna. Okkur er það ánægjuefni að skýra frá því, að ísskolunarmannvirkin í Þórsá hafa skilað hlutverki sínu næstum fullkomlega í nokkrum meiri háttar ísruðningum, sem átt hafa sér stað þegar á þessum vetri. Það lítur því út fyrir, að þetta vandamál þurfi ekki lengur að valda alvarlegum áhyggjum.

Einingarverð orkunnar. Hinn mikilvægi kostnaður vatnsaflsvirkjunar er framleiðsluverð orkunnar á einingu, sem svo aftur er megingrundvöllur söluverðsins. Þetta einingarverð er áætlað sem hlutfall árlegs kostnaðar og árlegrar orkuframleiðslu. Landsvirkjun hefur látið okkur í té áætlun upp á 6.3 millj. Bandaríkjadollara fyrir þá kostnaðarliði að vatnsréttindum undanskildum, sem vísað er til að framan og ekki eru meðtaldir í stofnkostnaðaráætlun okkar, að fjárhæð 36.7 millj. Bandaríkjadollarar." — Með þessari viðbót áætlast heildarvirkjunarkostnaðurinn 43 millj. Bandaríkjadollara, — þ. e. 300 þús. dollurum meira heldur en þær tölur, sem ég var með s. l. þriðjudag, og er það vegna þess, að hann tekur þarna inn í nokkrar tölur, sem ekki voru með í þeirri upphæð, enda segir hann, að þetta sé ríflegt, og hann bendir á, að það sé ríflega áætlað fyrir þeim samningum, sem standa á milli verktakanna og Landsvirkjunar. Hv. 6. þm. Reykv. nefndi 700 millj. kr. um daginn, en sannleikurinn er sá, að það er talið, að þarna sé kannske um nokkra tugi millj. kr. að ræða. Það er ekki vitað, hvað það er. Sambærileg tala í hinni upprunalegu áætlun var 42.8 millj. Bandaríkjadollara, þannig að það munar 200 þús. dollurum frá upphaflegri áætlun.

„Árlegur kostnaður af vatnsaflsstöðvum að frátöldum tryggingum og sköttum, ef einhverjar eru, felur í sér afskriftir og vexti, rekstur, viðhald, stjórnun og almenn útgjöld. Síðarnefndu liðirnir eru venjulega um einn af hundraði af heildarstofnkostnaði. Afskriftir og vexti má áætla á annuitetsgrundvelli. Tímalengd annuitets fyrir vatnsaflsstöð er aldrei minni en 40 ár." — Vélarnar við fyrstu Sogsvirkjunina eru orðnar 32 ára. Og eins og ég upplýsti s. l. þriðjudag, sagði verkfræðingurinn mér, að þær væru alveg óruggar næstu 30 árin eða 60 ár. — „6.5% ársvextir, miðað við 40 ára annuitet, samsvara 7.07% á ári í greiðslu, miðað við 7.5% ársvexti eða prósentan 7.94%. Þannig verða árleg útgjöld Búrfellsvirkjunar 3.47 millj. Bandaríkjadollara miðað við 6.5% vexti og 3.85 millj. Bandaríkjadollara miðað við 7.5% vexti. Við höfum áætlað afhenta ársorku Búrfellsvirkjunar í heild 1720 millj. kwst. Þannig verður orkukostnaðurinn á kwst. 2.02 mill miðað við 6.5% vexti og 2.23 mill miðað við 7.5% vexti, en orkusalan er fyrstu árin 3 mill, en síðar 2.5 mill til álverksmiðjunnar. Á genginu 1 dollar = 88 kr. samsvarar þetta 17.8 og 19.6 aurum. Nýlegar prófanir á vélum Búrfellsvirkjunar hafa leitt í ljós, að unnt er að reka þær að staðaldri með 15% meira afli en málraun segir til um og miðað er við að framan í áætlun um orkuframleiðsluna. Þetta varaafl kerfisins, alls 30 mw., getur mætt auknu álagi. Hins vegar er einnig unnt að nota það með viðbótarvatni frá framtíðarmiðlun ofar í ánni til að framleiða orku, sem áætlast um 250 millj.

kwst. á ári. Miðað við söluverð 2.5 mill á kwst. yrðu árlegar tekjur 625 þús. dollarar. Gæti þetta nægt til þess að fjármagna fulla Þórisvatnsmiðlun, sem er 2000 millj. teningsmetra.“ – En áðan var talað aðeins um 500 millj. teningsmetra, vegna núverandi Búrfellsvirkjunar.

„Í orkukerfi Landsvirkjunar á Suðvesturlandi er gasaflsstöð, sem fyrst og fremst er reist sem varastöð. Heildarstofnkostnaður hennar er 3.2 millj. Bandaríkjadollara. Slík stöð hefur tiltölulega styttri endingartíma en vatnsaflsstöð, en þennan endingartíma má framlengja verulega vegna lítillar notkunar, samanborið við venjulega toppstöð. Venjulegur rekstur og viðhaldskostnaður er hverfandi. Hin nær fullkomna hegðun í ísskolunarmannvirkjunum við Búrfell til þessa bendir til þess, að ekki verði þörf á að nota gasaflsstöðina nema mjög lítið með miklum olíukostnaði á kwst. Árlegur heildarkostnaður, sem nemur 10%, eða 320 þús. Bandaríkjadollurum, virðist hæfilegur. Ef þessi árlegi kostnaður yrði lagður á Búrfellsvirkjun eina, miðað við 1720 millj. kwst. orkuframleiðslu á ári, mundi einingarverðið hækka um 0.19 mill, sem jafngildir 1.7 aurum. Við þetta mundi einingarverðið hækka í 19.5 aura miðað við 6.5% vexti og 21.3 aura miðað við 7.5% vexti. En þess ber að geta, að hér er miðað við 1720 millj. kwst., en ekki 2000 millj. kwst., eins og hugsanlegt er að fá, miðað við það, að vélarnar afkasta 15% meira en áætlað var. Í sambandi við framangreinda útreikninga á einingarverði verður að gæta þess að nota ekki í samanburði hinn upphaflega áætlaða stofnkostnað, sem sýndur er í framvinduskýrslum í Búrfellsvirkjun eftir tvær síðustu gengisbreytingar. Innlendu kostnaðarliðirnir hafa þar verið lækkaðir í þeim tilgangi að endurspegla þessar gengisbreytingar með umreikningi þeirra til jafngildis í Bandaríkjadollurum. Þess vegna eru þeir ekki lengur upphafleg áætlun í réttum skilningi. Breytingar þær, sem gerðar eru með því að beita áhrifum gengisbreytinganna, sýna kostnaðarlækkun, sem að sjálfsögðu er ekki raunhæf. Framangreindar breytingar í síðustu framvinduskýrslum sýna lækkun úr 12 millj. Bandaríkjadollara í 5.86 millj. eða lækkun um jafngildi 6.14 millj. Bandaríkjadollara að öllu leyti á innlendum kostnaðarliðum. Þetta hefði verið upphafleg áætlun, ef núverandi gengi hefði gilt í febr. 1966 og ekkert annað breytzt síðan þá. Efnahagsleg atriði, tengd gengisbreytingunum, sem hækkuðu innlendu kostnaðarliðina, að meðtöldu tapi á erlendum lánum hafa verið notuð til greiðslu á innlendum stofnkostnaði. Sú staðreynd, að framangreindur samanburður á okkar fyrstu og síðustu verkáætlunum sýnir svo litlar breytingar, endurspeglar þá staðreynd, að kostnaðarbreytingarnar, er voru tengdar gengisbreytingum, hafa haft tilhneigingu til að jafnast út.

Virðingarfyllst,
Harza Engineering Company international,
C. K. Willey, director.“

Ég minntist á það hér, að ég vildi láta hv. 6. þm. Reykv. fá þetta bréf á ensku, til þess að hann fari ekki að gefa það út, að það sé ekki rétt þýtt, og ég vil gjarnan, að hv. þm. komi og sæki þetta plagg. Það er ekki til of mikils ætlazt, þó að hann láti í té þá fyrirhöfn. (**Gripið fram í:** Það er sjálfsagt. Ég var búinn að hafa fréttir af því, að Harza hefði staðið í útreikningum fyrir hæstv. ráðh.) Mér þykir vænt um að geta haft góð áhrif á hv. þm. Góð áhrif, segi ég, vegna þess að hann sagði áðan, að hann vildi hafa það, sem sannara reyndist, og hann héldi, að það væri rétt, sem hann var að segja, í stað þess að viðhafa þau orð, sem hann áður hafði haft, að fullyrða, að hann stæði með báða fætur fasta á jörðinni. Þá er nú maðurinn öðruvísi en maður hefur látið sér detta í hug, að hann gæti orðið.

Það er ljóst af því, sem hér hefur verið sagt, að það er fleipur eitt, sem hv. flm. till. hafa fram borið. Og ég er alveg sannfærður um það, að hvað sem hv. 6. þm. Reykv. líður, mun hv. 4. þm. Reykv. átta sig á þessum staðreyndum, og ég held, að þrátt fyrir það, að hv. 4. þm. Reykv. sé sessunautur hv. 6. þm. Reykv. og geti þar af leiðandi verið í hættu með að truflast, þá geri ég mér vonir um það, að hann átti sig á því, að það, sem hann hefur sagt í þessu máli, hefur ekki við rök að styðjast. En tillöguna hafa þeir flutt og mörg orð hafa verið viðhöfð í þessu máli, sögð algerlega að óþörfu. Báðir þessir hv. þm. hafa fullyrt, að við hæstv. dómsmrh. vildum ekki, að þeir fengju allar upplýsingar í þessu máli. Hvorugur okkar hefur sagt það. Við viljum báðir, að málið sé upplýst, og ég ætla, að málið sé upplýst. Hins vegar mun það fara til n., og ef n. vill spyrja og fá fleiri svör og sannfærast enn þá betur, hlýtur það að vera mögulegt.

Ég tel ekki þörf á því að fara mörgum orðum um þetta að þessu sinni, en ég vil aðeins í tilefni af því, sem þessir tveir hv. þm. sögðu áðan, biðja t. d. hv. 4. þm. Reykv. að minnast þess, að þegar frv. um Landsvirkjun var lagt fram 1965, lá það alltaf fyrir, að rafmagn frá lítilli virkjun yrði mun dýrara en frá stórri virkjun. Það er alveg rétt, að ég sagði um það leyti, að það væri mögulegt að virkja Þjórsá í smærri stíl. Það var mögulegt, en það var alltaf ljóst, að það yrði miklu dýrara, og í fskj. með nefndu frv. eru margar fróðlegar töflur, sem sýna þetta alveg svart á hvítu. Það er t. d. talað um virkjun á Þjórsársvæðinu, Búrfell, fyrsta áfanga, og þá er gert ráð fyrir, að kwst. kosti 10.3 aura, með stóriðju og almennri notkun. En með fyrsta áfanga, ef bara er um almenna notkun að ræða, en ekki stóriðju, þá er verðið miðað við 70 mw. 12.9 aurar. Nú er það vitað, að ekki hefði verið byrjað að virkja með 70 megavöttum, heldur aðeins 35, og þá hefði kwst. kostað minnst 15 aura, ef hún kostaði með áli 10.3 aura. Þetta lá alveg fyrir. Og ef við tökum aðrar smávirkjanir til samanburðar, þá verður samanburðurinn enn óhagstæðari. Þess vegna ættum við ekki að þurfa að eyða löngum tíma í að fullyrða, að íbúar

á Landsvirkjunarsvæðinu þurfi að borga hærra verð fyrir orkuna, vegna þess að álverksmiðjan kaupir orku frá Búrfellsvirkjun. Það liggur alveg í augum uppi, að ef álverksmiðjan væri ekki, væri rafmagn til hinnar almennu notkunar miklu dýrara en það er nú. (Gripið fram í.) Nú er spurt að því, hvort hækkun verði um næstu áramót. Það má vel vera. Það hefur verið rætt um það, en hversu mikil hún á að vera hefur ekki verið ákveðið, en einn þátturinn í því, hvort hækkun verður um næstu áramót og kannske sá stærsti, er sá, að ef við flýtum viðbótarvirkjun, er eðlilegt, að eignaraðilar leggi fram fé eða virkjunin sjálf, því að við framhaldsvirkjun við Búrfell verður ekki tekið 100% lán fyrir kostnaðinum. Það hlýtur að verða að leggja fram eitthvert fjármagn hér heima, annaðhvort beint framlag frá eignaraðilum eða þá að vinna eitthvað upp í framlög með hækkuðu orkuverði. Um þetta hefur ekki verið tekin ákvörðun enn þá. En ég geri ráð fyrir því, að eðlilegt sé, sérstaklega ef virkjuninni verður flýtt, að hækka orkuverðið eitthvað.

Þá var hv. 4. þm. Reykv. að tala um tolleftirgjöfina, sem þessi virkjun hefur fengið. Það gildir alveg það sama um þessa virkjun og aðrar vatnsvirkjanir, t. d. Sogið, þegar frá er tekin fyrsta virkjunin. Það hefur ekki þótt fært að taka tolla af þessum virkjunum, og þess vegna er ekki um neina sérstöðu að ræða í sambandi við virkjunina við Búrfell.

Það er ekki ástæða til að fara fleiri orðum um það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, því að bæði er það, að ljóst er, að allur hans málflutningur er á sandi byggður og svo er hans ræðutími búinn í þessari umferð, og er því rétt að láta staðar numið, hvað hann snertir. En ég vil að lokum aðeins minna á, að það, sem komið hefur fram við þessar umr., er það, að málatilbúnaðurinn er á skökkum forsendum byggður. Það hefur verið hrakið, sem hv. flm. nefndrar till. hafa haft fram að bera. Notendur á svæði Landsvirkjunar fá rafmagnið á mun lægra verði, vegna þess að álbræðslan er með og virkjað var stórt á Suðurlandsundirlendinu. Álbræðslan stendur undir öllum erlendum lánum vegna virkjunarinnar, og er það vitanlega mikið atriði og mikið hagsmunamál fyrir þjóðarheildina. Álbræðslan veitir fjölda manna atvinnu, og er það einnig mikils virði. Álbræðslan veitir þjóðarbúinu mikinn erlendan gjaldeyri og því meiri, sem frá líður, en það er líka mikils virði. Og álbræðslan borgar ríflega kostnaðinn, ríflega kostnaðarverð fyrir orkuna, sem er alveg öfugt við það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði áðan, því að þrátt fyrir alla viðleitni hans til þess að leita sannleikans, þá fullyrti hann áðan, að álbræðslan fengi rafmagnið langt undir kostnaðarverði. Hv. þm. þarf þess vegna að lesa betur. Álbræðslan borgar ríflegan skatt fyrir hvert tonn, sem er framleitt, og fer skatturinn hækkandi eftir 6 ár og hækkar strax, ef álverð hækkar á heimsmarkaðinum, eins og gerðist í haust. Tekjur vegna skatta álbræðslunnar eru því miklar, og þegar skattar og orkuverð er lagt saman, svarar það til, að rafmagnsverðið væri 4.1 mill. En í Noregi borga álverksmiðjurnar 3.1—3.2 mill fyrir orkuna og skattana í allt öðru formi, og hefur verið fullyrt, að það form sé miklu óhagstæðara fyrir Norðmenn en að hafa ákveðinn skatt af hverju framleiddu tonni eins og er hér. Og það, sem skiptir máli, er, að með þessum skatti getum við byggt upp sterkan sjóð, sem nefnist atvinnujöfnunarsjóður. Meginhluti af þessum skatti rennur í þennan sjóð, og þessi sjóður er og verður notaður til þess að byggja upp margs konar atvinnurekstur um land allt. Þetta er mikið atriði, og þessi sjóður hefði vaxið seinna og orðið síður gildandi í atvinnulífinu, ef við hefðum ekki fengið þennan tekjustofn fyrir sjóðinn. Þess vegna segi ég, að hlutur þeirra, sem voru á móti álbræðslunni, sem voru á móti því að virkja stórt í Þjórsá og fá þessar tekjur, hlutur þeirra verður verri með því að halda áfram að berja höfðinu við steininn í stað þess að viðurkenna staðreyndir og viðurkenna sannleikann, viðurkenna, að Íslendingar hafa gott af álsamningnum og það er eitt mesta framfaraspor, sem við höfum stigið, að byrja stórvirkjun í Þjórsá, og það er nauðsynlegt fyrir okkur að halda áfram virkjunum í fallvötnum landsins. Það urðu mér vonbrigði, þegar tiltölulega góðir menn vilja ekki taka staðreyndum og halda áfram að vinna gegn góðum málum, sem þjóðinni eru nauðsynleg.

Herra forseti. Ég tel, að með því, sem fram hefur komið í þessu máli, hafi það verið hrakið, sem hv. flm. hafa sagt, og sé því ekki ástæða til að fara fleiri orðum um málið við þessa umr.

Umr. frestað.

Á 13. fundi í Nd., 11. nóv., var enn fram haldið fyrri umr. um till.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég þarf ekki langan tíma til að segja það, sem mér finnst nauðsynlegt vegna þeirra umr., sem fóru fram í gær. Hæstv. raforkumrh. virtist ekki hafa neitt við þær tölur að athuga, sem ég nefndi, og er þar með fengin staðfesting hans á því, að þær séu réttar, a. m. k. frá hans sjónarmiði. Um það deiluatriði þarf ég ekki að ræða frekar.

En það var aðeins tvennt, sem ég vildi leiðrétta af því, sem kom fram hjá hæstv. raforkumrh. og vafalaust hefur stafað af því, að hann hefur munað rangt, en ekki viljað fara rangt með. Það fyrra var það, að hann hélt því fram, að ríkið hefði ekki innheimt tolla af rafvirkjunum hér, toll eða söluskatt nema fyrstu Sogsvirkjuninni. Þetta er algert rangminni hjá hæstv. ráðh. Ég hef hér með höndum ríkisreikninginn frá 1959, þar sem er sérstakur liður um skatta og tolla innheimta vegna Sogsvirkjunar, og það var seinasta Sogsvirkjunin, og á því ári hafa tollar og skattar, sem þessi virkjun hefur greitt, numið um 15 millj. kr. En það er að vísu ekki nema hluti af þeim skött-

um og tollum, sem greiddir hafa verið vegna þeirrar virkjunar, vegna þess að innflutningurinn til hennar dreifðist á fleiri ár. En þetta sýnir, að á þeim tíma hafa verið innheimtir tollar af efni og vélum til virkjana samkv. gildandi lögum, en engar undanþágur veittar. Um söluskatt hefur sennilega ekki verið að ræða þá, vegna þess að hann var ekki til þá í þeirri mynd, sem hann er nú, og hafa þess vegna tollar og skattar sennilega verið samanlagt eitthvað lægri þá en nú, en ekki vegna þess, að um neina undanþágu hafi verið að ræða, heldur vegna þess, hvernig tolla- og skattalögin voru á þeim tíma.

Hitt rangminnið hjá hæstv. ráðh. var það, að hann var að tala um, að einhverjir menn á Alþ. og utan Alþ. hefðu verið á móti stórri virkjun við Búrfell. Ég kannast ekki við þessa menn. Ef hæstv. ráðh. rifjar það upp, sem gerðist á Alþ. á sínum tíma, þá var stórvirkjun við Búrfell samþ. með shlj. atkv. í báðum þd. Og hér var alger samstaða um það, að virkjað skyldi stórt við Búrfell. Hitt má segja, að sé rétt, að þessi stóra virkjun við Búrfell hefði farið fram í mismunandi stórum áföngum, ef álbræðslan hefði ekki verið reist samhliða. En það skiptir engu máli í sambandi við þetta rangminni hæstv. ráðh. Það voru allir þm. sammála um að virkja stórt við Búrfell, og ég minnist þess ekki, eftir að menn voru búnir að athuga allar upplýsingar, sem komu fram í því sambandi, að það væri nokkur andstaða heldur utan þings gegn stórri virkjun við Búrfell.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða meira um þetta mál. En ég vil enn einu sinni minna á, að það hefur komið fram í blöðum hæstv. ríkisstj., sérstaklega Morgunblaðinu, að ríkisstj. virðist ekki hafa neitt sérstakt álit á þeim mönnum, sem flytja þessa till., ekki halda neitt sérstaklega upp á hana, nema síður sé. Og ef hún lítur nú þannig á, að málstaður hennar sé slíkur, að þarna sé tækifæri til þess að klekkja á þessum mönnum og sýna, hvernig málflutningur þeirra er, ætti hún að taka því fegins hendi að samþykkja þessa till. Ef hæstv. ráðh. gerir þetta ekki, held ég, að það verði miklu fleiri en ég, sem taki það sem merki þess, að þeir treysti ekki á þann málflutning, sem hæstv. raforkumrh. og hæstv. iðnmrh. hafa haldið uppi í sambandi við þetta mál.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég sé enga ástæðu til þess að deila meira en þegar er orðið um raforkuverðið frá Búrfellsvirkjun og væntanlegt verð á Búrfellsvirkjun. Hæstv. raforkumrh. hefur lagt fram óvggiandi grg. um það mál. Það hefur verið túlkað mismunandi, — mismunandi áætlanir á ólíkum tímum, — en ég hygg, að einmitt þær umr., sem fram hafa farið, sanni, að þær áætlanir, sem lagðar voru til grundvallar, hafi staðizt, og það er það, sem mestu máli skiptir í sambandi við álsamninganna og það verð, sem samið var um í þeim. Það liggur ljóst fyrir og um það er engin deila, hvorki milli Harza, Landsvirkjunar né neinna þeirra, sem vilja lesa rétt úr tölum, að þar fer ekkert á milli mála. En þetta er mál, sem er auðvitað miklu eðlilegra, að gengið sé alveg úr skugga um í þeirri þn., sem fær málið til meðferðar, og ef henni finnst það ekki vera ljóst, kemst hún væntanlega að þeirri niðurstöðu, að það þurfi nefnd með meira rannsóknarvald en venjulega þn. til þess að komast að niðurstöðu í því máli, og þýða því lítið orðaskipti fram yfir það, sem orðið er á milli þm. um það.

En það, sem gaf mér ástæðu til þess að kveðja mér hljóðs, er þessi eilífa mistúlkun. Ég hef sagt, að það væru ósannindi. Það má kannske segja þetta með kurteisari orðum, að það sé að ganga á snið við sannleikann eða eitthvað svoleiðis, ef menn kjósa heldur að hafa það, að segja, að enginn ágreiningur hafi verið um Búrfellsvirkjun og hún hafi verið samþ. einróma, stórvirkjun við Búrfell. Þetta hefur aldrei legið fyrir á Alþ. í öðru formi en því, að þeim, sem voru á móti álbræðslunni, hlaut að vera ljóst og öllum, sem nokkuð þekktu til mála, að með því móti varð ekki virkjað stórt við Búrfell, ekki nema á miklu lengri tíma, og þá er ég alveg efins um það, sérstaklega þegar maður hefur hliðsjón af þeim áföllum, sem þjóðarbúskapurinn hefur orðið fyrir einmitt eftir þetta, eftir 1966, að það hefði ekki getað dregizt miklu lengur en ráðgert var eða áætlað var, að það kynni að gerast. Það, sem menn voru sammála um, var frv. til l. um Landsvirkjun, sem lagt var fyrir þingið 1965, og þar var heimild til Búrfellsvirkjunar, allt að 210 mw. raforkuveri í Þjórsá. En í grg. og fskj., sem því fylgdu, var beinlínis gerð grein fyrir því, að Búrfellsvirkjun án álbræðslu mundi sennilega verða virkjuð í sex áföngum, sex 35 mw. virkjunum. Það getur vel verið, að þessir þm. láti sér nægja að kalla þetta stórvirkjun, 35 mw. virkjunina. En slík 35 mw. virkjun var tiltölulega miklu dýrari, því að það liggur einnig fyrir í skýrslunum um Landsvirkjun og fskj., að við hana yrði svo mikill kostnaður, þó að allt væri skorið við nögl, að áætlað var, að hún færi upp í um 55% af kostnaðarverði fullvirkjunar með 6 vélasamstæðum, en þessi 35 mw. virkjun er þá áætluð með einni vélasamstæðu. Það er svo rétt, sem hæstv. raforkumrh. upplýsti, að það var einnig talað um að freista þess möguleika að taka 70 mw. virkjun við Búrfell, sem engu að síður var miklu dýrari en Búrfellsvirkjun með álbræðslunni, en sjálfur raforkumrh. lagði áherzlu á það, þegar hann gerði grein fyrir þessu frv., að ef ætti að reyna það, þá sagði hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Þess vegna er nauðsynlegt og væri sérstaklega nauðsynlegt, ef ekki væri gerður alúmíníumsamningur, að byggja upp markaði fyrir orkukaupin, áður en ráðizt er í virkjunina, — í virkjun af þessari stærð".

Honum var það auðvitað ljóst, að það þýddi ekki að ráðast í þessa virkjun, fyrr en búið var að byggja upp einhvern markað fyrir orkuna. Undir henni varð ekki öðruvísi risið.

Þessar áætlanir, sem liggja fyrir í þessum plöggum, sýna það, að slíkar smávirkjanir voru svo gríðarlega miklu dýrari, að ef miða ætti við útreikninga, sem hér hafa verið notaðir, 10% af kostnaðarverði þeirra, var ekkert ósennilegt, að kostnaðurinn á kwst. yrði eitthvað um 66 aurar eða þrefalt það, sem nú er talað um, þó að mönnum beri ekki saman um, hvort það séu 17, 19, 22 eða 26 aurar, sem ég skal láta liggja á milli hluta.

Ég vil líka leiðrétta annan misskilning, sem kom fram áðan. Það var ekki fyrr en um það bil, sem álsamningurinn var gerður, sem segja má, að nokkurn veginn hafi fengizt samstaða um það hjá sérfræðingum hér á landi að hverfa frá smávirkjunarleiðinni. Og þá á ég ekki við þessar smávirkjanir við Búrfell, heldur margar aðrar smávirkjanir, sem getið var sem valkosta í þeim grg. og fskj., sem fylgdu Landsvirkjunarfrv. Menn voru mjög tortryggnir, enda held ég, að varla fari á milli mála, að þm. muni eftir því, að menn töldu Búrfellsvirkjun yfir höfuð svo tvísýna, þó að ekki væri nema vegna ísreks, að vafasamt væri að nokkurt vit væri í að leggja í hana. Þessi misskilningur hefur gengið eins og rauður þráður í gegnum málflutning í blöðum og oft notaður af þeim mönnum, sem voru á móti álbræðslunni, til þess að réttlæta afstöðu þeirra gegn stórvirkjun við Búrfell í Þjórsá, sem á eftir að verða okkur mjög mikils virði. Ég hef hérna Þjóðviljann frá því í apríl 1968, og þar stendur í leiðara, að það sé staðreynd, að ákvörðun um Búrfellsvirkjun hafi verið tekin einróma á Alþ. og samningur við alúmíníumhringinn sé á engan hátt tengdur þeirri ákvörðun. Ef menn geta haldið því fram, að samningurinn við álbræðsluna hafi á engan hátt verið tengdur þeirri ákvörðun, er það þó staðreynd, að heimildin til að byggja Búrfellsvirkjunina í þeirri veru, sem núna er verið að byggja hana, var þó ekki notuð fyrr en eftir að álsamningarnir voru gerðir.

Ég skal ekki fara lengra út í þetta, en því miður hefur þessi skoðun oft komið fram hjá fleiri þm., sem ég skal þó ekki rekja. T. d. þegar þm. fóru að skoða Búrfellsvirkjun, þá var eftir þeim haft í blöðum, sumum þeirra, að mikilfenglegust hefðu þeim þótt hin miklu göng við Búrfellsvirkjunina og stærðargráðan á þessari virkjun o. s. frv., og allt þetta væri auðvitað þakkarvert, en þetta væri allt annað en álbræðslan og kæmi henni ekkert við. Slík ummæli eru ekki annað en sögulegar falsanir á staðreyndum. Þessi virkjun, sem nú er vel á veg komin, hefði auðvitað ekki verið byggð nema með því að koma hér samtímis upp raforkumarkaði. Og það er líka vert að minna á þá staðreynd, þegar menn eru að tala um, að þessi framkvæmd, álbræðsla með stórvirkjun við Búrfell, sé óhagkvæm fyrir okkur Íslendinga og reyna að vera með hártoganir í því efni, bera saman raforkuverð erlendis og hér, að á þessu hafa orðið geysilegar breytingar einmitt á þessum tíma, eftir að við gerðum þessa samninga, og stórveldi, ef nefna mætti það svo, stórríki, a. m. k. eins og Bretland, hafa hreinlega veitt ríkisstyrk frá 30—40% af kostnaðarverði til slíkra framkvæmda, að vísu af byggðaástæðum, til þess að reyna að skapa atvinnu á stöðum, þar sem atvinnurekstur eins og kolanámur og aðrar atvinnugreinar höfðu dregizt saman. Svo mikið þótti þeim við liggja. Ég get auðvitað vel skilið það, að einhverjum þm. hérna hefði þótt það mikið, ef við hefðum ætlað að gefa Svisslendingunum 30—40% af kostnaðarverði álbræðslunnar. (**Gripið fram í:** Hvert er raforkuverðið í Bretlandi?) Ja, raforkuverðið verður náttúrlega lægra, þegar menn fá gefins slíkar summur sem þessar, því að eins og hv. fyrirspyrjandi veit, fer kostnaðarverð slíkra verksmiðja dálítið eftir því, hvort menn fá ríkisstyrk til þess að reisa orkuverin eða ekki.

Helgi Bergs: Herra forseti. Það var ekki ætlun mín að lengja þessar umr. að þessu sinni, en mér finnst þó ekki, að alveg sé hægt að láta ómótmælt þeim staðhæfingum, sem hæstv. iðnmrh. kemur hér fram með núna í lok þessara umr., þegar báðir flm. þeirrar till., sem hér er til umr., hafa lokið ræðutíma sínum. Ég skal þó láta nægja að minna á, að á Alþ. voríð 1965, þegar lög um Landsvirkjun voru til meðferðar, var lagt fram á Alþ. frv. að þeim lögum á þskj. 589, og það er tiltölulega auðvelt fyrir menn að ganga úr skugga um það enn þann dag í dag, hvað í því þskj. stendur. Ég er með það hér fyrir framan mig. Þar eru mjög ítarlegar áætlanir og upplýsingar um ýmsa möguleika, sem þá voru fyrir hendi í virkjunarmálum og í sambandi við virkjun Búrfells, sem lögin fela í sér sérstaka heimild til og er tilefni þess, að lögin eru sett. Þar eru einkum bornir saman tveir kostir, annar, sem miðast við það að fullvirkja nokkuð hratt og selja orkuna til álbræðslunnar, og hinn að virkja hægar og nota orkuna á innanlandsmarkaðinum. Ég skal aðeins minna á í þessu sambandi, að heildarkostnaðurinn við virkjunina var í báðum tilfellum mjög líkur, þó aðeins lægri við hægfara leiðina. Það er svo vitað og vissuleg rétt, sem hæstv. iðnmrh. reyndi að gera að aðalatriði síns máls, að það, sem mestu máli skiptir, það, sem mest áhrif hefur á raforkuverðið sjálft, er auðvitað, hversu vel og hversu fljótt mannvirkin fullnýtast. Þó kemur fleira til. Það kemur þá ekki sízt til greina, að það, sem okkur skiptir mestu máli hér, er auðvitað, þegar verið er að tala um raforkuverð, sem virkjanirnar skaffi, hvaða raforkuverð íslenzkir notendur þurfa að borga. Greinilega hefur verið sýnt fram á það og þarf ekki að fara um það mörgum orðum, að svo ódýrt er hægt að selja orkuna til erlendra notenda, að stórvirkjun verði okkur Íslendingum sjálfum dýrari en minni virkjun. Og það er einmitt þetta, sem er mergur þess máls, sem hér er til umr., og þess vegna vildi ég ekki láta hjá líða að vekja athygli á því, að þessar síðustu staðhæfingar hæstv. iðnmrh. segja aðeins hálfan sannleikann og raunar tæplega það.

Ég skal neita mér um það að fara að halda hér lengri ræðu, þó að þær ræður, sem tveir hæstv. ráðh. fluttu, eftir að ég tók til máls fyrr við þessar umr., hefðu svo sem getað gefið tilefni til þess. En það var ekki ætlun mín að lengja meira þessar umr. að öðru leyti en því, að ég vildi ekki láta ómótmælt þessum seinustu staðhæfingum hæstv. iðnmrh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það verður ekki mikið, sem ég hef að segja. En það vildi svo til, að ég var með fyrir framan mig sams konar þskj. og hv. 2. þm. Sunnl. og gæti lesið upp úr því líka, og ef ég geri það, stangast það á við það, sem þessi hv. þm. fullyrti áðan. Það er nefnilega þannig, að í þessu þskj., sem er langt og ítarlegt, og í þeim töflum, sem fylgja því, kemur greinilega fram, að ef virkjað er án álverksmiðju, verður hvert virkjað kw. svo miklu dýrara. Á bls. 1366 er t. d. tafla um virkjunarkostnaðinn með áli og án áls. Og þetta þekkir hv. 2. þm. Sunnl. áreiðanlega og allir hv. þm. og þarf þess vegna ekki að vera að lesa það upp. Við þurfum ekki út af fyrir sig að deila um þetta, vegna þess að það er skjalfest og liggur í augum uppi og reikningsleg niðurstaða af því fengin, sem ekki er hægt að vefengja. Við hljótum að vera sammála um, að hvert kw. frá smávirkjun er miklu dýrara en frá stórvirkjun. Og það hefur einnig verið reiknað út og liggur alveg í augum uppi og hv. 2. þm. Sunnl. ætti ekki að vera að deila um það, að ef við hefðum ekki virkjað svona stórt og haft álverksmiðjuna, væri orkan til innanlandsnotkunar miklu dýrari en hún er, af því að við höfum álverksmiðjuna og virkjuðum stórt. Þessar tölur eru allar fyrir hendi, og við skulum ekki vera að eyða tíma í að deila um þetta. Hélt ég, satt að segja, að það væri alveg úr sögunni að deila um staðreyndir, sem liggja skjalfastar fyrir framan okkur. Ég geri ráð fyrir, að flestir séu orðnir ánægðir með þessar umr. í bili og því ekki ástæða til þess að fara að fitja upp á því, sem gæfi verulegt tilefni til framhalds á þeim.

Hv. 4. þm. Reykv. er búinn með sinn ræðutíma, en hann vildi halda því fram, að ég væri nú í lokin alveg sammála honum um allar þær tölur, sem hann hefði talað um og félagi hans, flm. þessarar till. Mér þykir vænt um að heyra það, að hv. 4. þm. Reykv. telur, að það beri í rauninni ekkert á milli, eftir að hann hefur fengið allar upplýsingar frá mér. Þá er það ekki ég, sem hef nálgazt þeirra tölur, þeirra félaga, heldur eru það þeir, sem eru komnir að þeirri niðurstöðu, að það sé rétt, sem ég hef haldið fram, og þeir hafa hopað úr einu víginu í annað, vegna þess að þeir hafa ekki treyst sér til þess að halda við það, sem þeir byrjuðu með í fyrstu og var tilefni þessa tillöguflutnings. Hv. þm. talaði um það, að ég hefði farið rangt með í gær, þegar ég talaði um það, að aðrar virkjanir hefðu fengið eftirgjöf á tollum. Ég bið afsökunar á því, ef það er ekki rétt hjá mér, að síðasta virkjun Sogsins hafi fengið eftirgjöf á tollum. En ég stóð í þeirri meiningu, og víst er það, að Laxárvirkjun, — það er beinlínis ákveðið í lögum, — er undanþegin slíku og ég ætla fleiri vatnsvirkjanir. En ég minnist þess, þegar farið er að rifja þetta upp, að sá fjmrh., sem sat að völdum, þegar verið var að virkja a. m. k. 1. og 2. stig Sogsins, var erfiður í þessum tollamálum og urðu umræður og skrif um þau.

Í sambandi við þennan tillöguflutning er ekkert meira að segja. Till. fer til þn., og ef ekki er talið nægilegt það, sem komið hefur fram af minni hálfu og hæstv. iðnmrh. í þessu máli, er enginn vafi á því, að þn. getur spurt ýmsa fleiri og leitað þeirra upplýsinga, sem hún telur ástæðu til. En eftir að hv. flm. virðast vera orðnir sammála mér, getur varla verið svo mikið, sem ber á milli.

Helgi Bergs: Herra forseti. Ég skal lofa því, að þetta skal vera stutt aths. Hæstv. raforkumrh. fullyrti enn á ný, að stórvirkjun hlyti að gefa ódýrara rafmagn en lítil, en hann gerði enga tilraun til þess að gera okkur grein fyrir því, sem máli skiptir í þessu sambandi, sem auðvitað er það, hvað hluti innlenda markaðarins kostar, þegar búið er að selja meginhluta eða mikinn hluta orkunnar á 2.5 mill til útlendinga. Ég gat þess aðeins áðan, að það, sem máli skiptir í sambandi við það að gera smærri virkjanir dýrari heldur en stærri, væri fyrst og fremst það, hvað lengi eða hve mikið væri ónotað af fjárfestingu, sem ráðizt hefði verið í. Hæstv. iðnmrh. gat þess í ræðu sinni um daginn, að það hefði orðið að flytja allmiklar framkvæmdir frá síðara stigi til fyrra framkvæmdastigs, og sjá menn þá greinilega, hvað það þýðir. M. ö. o. liggur ljóst fyrir, að fullyrðingar um það, að hlutur Íslendinga, hlutur innlenda markaðarins af þessari virkjun, hljóti að vera ódýrari, af því að virkjunin sé stór, þær fullyrðingar eru algerlega órökstuddar.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég er alveg sannfærður um það, að hv. síðasti ræðumaður, sem er verkfræðingur, á eftir að sjá eftir þessum fullyrðingum sínum í lok sinnar ræðu, að það liggi ljóst fyrir og sé sannað, að fyrir Íslendinga sé orkan dýrari með álbræðslunni en án hennar. Hann segir, að raforkumrh. hafi ekki sýnt fram á eða sannað, að raforkan væri seld álbræðslunni við hagkvæmu verði. Hæstv. raforkumrh. sýndi fram á, að það væri yfir 50% lægra verð, sem Íslendingar þyrftu að greiða miðað við þær áætlanir, sem gerðar voru. Samið var við álbræðsluna og þessar áætlanir hafa staðizt, að það væri yfir 50% lægra verðið, sem Íslendingar þyrftu að borga heldur en án álversins. Og þetta var sýnt fram á í umr. á sínum tíma 1966. Þetta er margsýnt fram á í Landsvirkjunarfrv. 1965 og aldrei vefengt þá. En það mun vera svo, þegar þær áætlanir eru lagðar til grundvallar, sem staðfestar voru af hæstv. raforkumrh. í gær og gefur að líta í Morgunblaðinu í dag úr ræðu hans eða skýrslu Harza réttara sagt, þá mundi viðbótaraflið án álsamn-

ingsins vera 54% dýrara fyrir Íslendinga í heildsölu á árunum 1969–1972, 66% dýrara á árunum 1973–1976 og 7% dýrara á árunum 1977–1985. Það er svo rétt hjá hv. síðasta ræðumanni, að hér skakkar auðvitað nokkru frá þessum útreikningum, sem eru frá árinu 1966, þar eð tilfærslur hafa orðið á virkjunarframkvæmdunum, sem leiðir til þess, að afgangsorka er meiri í bili en ella hefði orðið. Þess vegna reiknar t. d. hv. 6. þm. Reykv. út, að orkan sé svo og svo miklu dýrari í ár, án þess að reikna hana fram í tímann. En m. a. til þess að bæta úr þessu hefur verið gert ráð fyrir að leggja fyrir Alþ. viðbótarsamning um stækkun álversins, sem ekki var gert ráð fyrir í fyrri áætluninni, þannig að afköstin aukist um 10–11 þús. tonn strax í júlí 1970 og í staðinn fyrir að verða fullbyggð með 60 þús. tonna afköstum 1975, eins og gert var ráð fyrir í samningum, þá náist sú fullbygging 1972. Þetta mál kemur síðar til athugunar, og skal ég ekki hafa um það fleiri orð.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 26 shlj. atkv. og til fjhn. með 27 shlj. atkv.

Á 54. fundi í Nd., 3. marz, var till. tekin til síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 63. fundi í Nd., 20. marz, var till. aftur tekin til síðari umr. (A. 46, n. 365 og 402, 448).

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Mér þykir rétt í upphafi máls míns sem frsm. meiri hl. fjhn. um till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar á þskj. 46 að gera í upphafi örlitla grein fyrir aðdraganda þessa máls.

Við 1. umr. fjárl. á s. l. hausti flutti hv. 6. þm. Reykv. ræðu, og hann kom þar í ræðu sinni að því málefni, sem hefur áður verið á dagskrá í hinu háa Alþ., þ. e. Búrfellsvirkjun, og ýmsu í sambandi við það mikla mannvirki. Í þessari ræðu sinni fullyrti hv. 6. þm. Reykv. ýmsa hluti, sem urðu síðan að sjálfsögðu aðdragandinn að þeirri till., sem hann hefur flutt ásamt hv. 4. þm. Reykv. Fullyrðingar hv. þm. í nefndri ræðu voru m. a. á þá lund, að kostnaður við Búrfellsvirkjun hefði farið stórkostlega fram úr áætlun. Í öðru lagi hélt hann því fram í þessari ræðu sinni, að framleiðslukostnaður á kwst. væri, eins og hann orðaði það, 45 aurar. Hann fullyrti enn fremur, hver stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar væri þá orðinn, og í lok ræðu sinnar gat hann þess, að það væri sín skoðun, að sú samningsgerð, sem átt hefði sér stað við ISAL, þ. e. um sölu á rafmagni til ISALs, væri eitt stórfelldasta stjórnmála- og fjármálahneyksli, sem gerzt hefði hér á landi. Þessar fullyrðingar hv. þm. hafa að sjálfsögðu leitt til þess, að hann ásamt hv. 4. þm. Reykv. hefur flutt þá till., sem ég nefndi áðan, á þskj. 46. Í þeirri till. er gert ráð fyrir, að d. álykti að skipa nefnd samkv. 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka allar staðreyndir um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, rekstrarkostnað nú og síðar og samninga virkjunarinnar um orkusölu. Segir svo í till., að nm. skuli vera einn frá hverjum þingflokki. Nefndin skuli hafa rétt til að heimta skýrslur, munnlegar og bréflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum og að loknum störfum skuli hún gefa Nd. skýrslu um niðurstöður sínar. Allur þessi aðdragandi hlaut að hafa töluverð áhrif á það, með hvaða hætti fjhn. þessarar hv. d. athugaði þetta mál. Hér er um að ræða fullyrðingar, sem, ef sannar væru, gæfu tilefni til slíkrar athugunar, og það hlaut því að verða meginstarf fjhn. í sambandi við þessa till. að gera athuganir á þeim hlutum, sem hér var fram haldið, svo og bera þær upplýsingar og þær skýrslur, sem hægt væri og n. gat fengið, saman við þær upplýsingar, sem þeir tveir hæstv. ráðh., sem tóku þátt í 1. umr. um þessa till., létu í té, bera saman þær upplýsingar og athuga, hvort hér hefði ekki verið farið með staðlausa stafi af hálfu 1. flm. og hvort þær upplýsingar, sem þegar væru komnar fram á Alþ., væru ekki með þeim hætti, að þar væri að finna skýringar og þau sannindi, sem eiga að vera fyrir hendi í þessu máli.

Af nál. meiri hl. fjhn. má sjá, með hvaða hætti n. hefur unnið að þessu máli. Á fundi n. voru kvaddir þeir dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri, sem er formaður Landsvirkjunarstjórnar, og Eiríkur Briem verkfræðingur, framkvæmdastjóri Landsvirkjunar. Nm. lögðu fram þær spurningar, sem þeir óskuðu eftir, að þeir fengju upplýstar, og þeir tveir, formaður og framkvæmdastjóri Landsvirkjunar, lögðu fram skýrslu þá, sem þeir höfðu vegna þessa máls lagt fram í stjórn Landsvirkjunar. Skýrsla þeirra er fskj. 1 með nál. meiri hl., þar sem þeir rekja mál þetta og hrekja þær fullyrðingar, sem fram komu hjá hv. 6. þm. Reykv. í nefndri ræðu við 1. umr. fjárlaga. Þá er enn fremur fskj. 2, bréf það, sem verkfræðifyrirtækið Harza sendi raforkumrn. vegna þessara fullyrðinga, og síðan eru fskj. 3–15, sem hafa að geyma upplýsingar, sem nm. óskuðu eftir, og eru þau prentuð til glöggvunar fyrir hv. þdm., til þess að þeim geti verið ljóst, hvernig farið hefur verið með tölur í sambandi við þetta mál.

Eftir að fjhn. hafði afgr. þetta mál og nm. höfðu ekki óskað fleiri upplýsinga né heldur óskað eftir öðrum mönnum til viðræðna, barst n. í hendur bréf frá Landsvirkjunarstjórn, þar sem fram kemur bókun eins af stjórnarmeðlimum Landsvirkjunarstjórnar svo og aths. framkvæmdastjóra Landsvirkjunar. Meiri hl. birtir því framhaldsnál. á þskj. 448, til þess að koma þessum skjölum á framfæri í sambandi við þá umr., sem nú fer fram.

Meiri hl. n. taldi, eins og ég gat um áðan, eðlileg vinnubrögð undir slíkum kringumstæðum að afla sér upplýsinga og bera þær saman við það, sem þeir tveir hæstv. ráðh. höfðu

haldið fram í þessu máli, og byggja á því svör sín við fullyrðingum hv. þm. Meiri hl. n. var þeirrar skoðunar strax í öndverðu.

Að þessum athugunum loknum reyndust þær upplýsingar, sem hér höfðu fram komið, réttar, og væri síður en svo ástæða til, að slík nefnd, sem till. fjallar um, væri sett á laggirnar, og þess vegna leggur meiri hl. fjhn. til að athuguðu máli, að till. verði felld.

Uppistaðan í fullyrðingum hv. 6. þm. Reykv. er sú, að heildarkostnaður Búrfellsvirkjunar hafi farið um 25% fram úr áætlun, eins og hann sagði í ræðu sinni. Formaður og framkvæmdastjóri Landsvirkjunar gera í skýrslu sinni mjög glögga grein fyrir, hvernig þessum málum er nú þegar komið og gera þar samanburð á upprunalegri áætlun miðað við það gengi, sem þá var á Bandaríkjadollar, svo og núverandi áætlun, miðað við það gengi, sem nú er á Bandaríkjadollar. Verður niðurstaðan sú, að upprunalega áætlunin hafi verið 42.8 millj. dollara, en sé í dag, miðað við það gengi, sem nú er, 43 millj. dollara. Hér er um að ræða áætlanir, upprunalega áætlun og þá áætlun, sem gerð er í dag og byggð er á þeim framkvæmdum, sem þegar hafa verið gerðar, og þá kemur í ljós, að núverandi áætlun og hin upprunalega áætlun eru nokkurn veginn nákvæmlega þær sömu.

Minni hl. fjhn. getur ekki komizt að sömu niðurstöðu og dregur fram á bls. 2 í nál. sínu þær tölur, sem honum finnst passa, til þess að hann geti komið út með mismun og bent á, hversu núverandi áætlun sé óhagstæð, miðað við þá upprunalegu. Þar segir minni hl. í sínum útreikningi, að vextir og lántökukostnaður sé 4 millj. dollara, 4.09, eins og þar stendur, en í upprunalegu áætluninni gerir minni hl. ekki ráð fyrir nokkrum vaxta- né lántökukostnaði í sínum útreikningi. Það sér hver heilvita maður, hvers konar reikningsaðferðum hér er beitt. Það stendur skýrt í því þskj., sem lagt var fram, þegar samningurinn milli ríkisstj. Íslands og Swiss Aluminium um álbræðslu í Straumsvík var samþ., hver áætlunin er, sem þá er gert ráð fyrir. Og sú tala kemur enn fremur fram í skýrslu Landsvirkjunarstjórnar, en þar stendur á bls. 226, með leyfi forseta: „Taflan", – þ. e. sundurliðaður, áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar – „sýnir nokkra sundurliðun á áætluðum stofnkostnaði án vaxta á byggingartímanum".

Það dettur sjálfsagt engum í hug, sem kann að lesa, að hér hafi verið gert ráð fyrir því, að lán fengjust vaxtalaus. Sú tala, sem kemur fram og lögð er til grundvallar í dag, er 1660 millj., og hún kemur enn fremur fram í því frv., sem lagt var fram fyrir Alþ. á sínum tíma. En útreikningar, sem þá eru gerðir og birtast á bls. 109, um meðalverð á rafmagni, gera einmitt ráð fyrir því, að vaxtakostnaður og lántökukostnaður verði 4.2 millj. dollara. Það sér hver heilvita maður, að í annarri áætluninni er ekki hægt að reikna vexti og lántökukostnað, en sleppa því í hinni. Bara þetta eina dæmi er nægjanlegt til að sýna, með hvaða hætti hér hefur verið reiknað allt frá upphafi, og sjálfsagt væri hægt að gera samanburðinn enn þá óhagstæðari, ef einhverjir aðrir stórir þættir í heildardæminu væru teknir út.

Samkv. þessari töflu, sem birt er á bls. 3, kemur fram, eins og ég sagði áðan, að áætlaður stofnkostnaður er 42.8 millj. dollara í upprunalegu áætluninni, en í núverandi áætluninni 43 millj. Ég held, að þessar tölur og þær skýringar, sem fylgja, séu með þeim hætti, að þær verði ekki hægt að vefengja, en ég hef nú þegar bent á, að þær útreikningsaðferðir, sem minni hl. notar í sínu nál., fái ekki staðizt. A. m. k. mundu þeir aðilar, sem slíkar reikningsaðferðir notuðu á prófi, ekki ná því prófi, sem þar væri um að ræða.

Þá er því haldið fram af 1. flm. þessarar till., að kostnaður á kwst. af framleiddri raforku sé mun hærri en gert var ráð fyrir. Á bls. 18 í nál. meiri hl. er gerð grein fyrir þeim tölum, og þar kemur glögglega fram, hvert er áætlað kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar á orkueiningu. Þær tölur, sem hv. flm. hefur slegið fram, eru svo fjarri lagi, að það er nánast fjarstæða, að slíkur útreikningur skuli vera borinn á borð fyrir aðila, sem reikna má með, að með einhverju móti reyni að gera sér grein fyrir því, hvernig þessum hlutum er varið. Og í sambandi við útreikninginn á áætluðu kostnaðarverði á orkueiningu er því haldið fram, að mjög óhagstæðir samningar hafi verið gerðir við álverksmiðjuna og að hún borgi í dag raforkuverð langt undir sannvirði. Það var strax í öndverðu vitað, að fyrstu árin mundi raforkuverð til álversins verða óhagstæðara eða lægra en kostnaðarverð á orkueiningu. Hins vegar var vitað, að innan örfárra ára mundi kostnaðarverðið lækka og þá kæmi fram sá hagur, sem um var að ræða í upphafi málsins af að gera slíkan orkusamning við álverksmiðjuna. Meginkjarni þessa máls er, hvort við með þessum samningi fáum hagkvæmara raforkuverð fyrir landsmenn eða ekki, og á sömu bls. er einmitt slík tafla, sem sýnir, hversu margfalt hærra raforkuverðið hefði orðið að vera, ef ekki hefði verið fyrir hendi samningur um sölu raforkunnar í svo stórum stíl sem orkusölusamningurinn við álverksmiðjuna er.

Ef Búrfellsvirkjun hefði verið byggð eingöngu fyrir innanlandsmarkað, hefði kostnaðarverð á selda kwst. fyrsta rekstrarárið numið 224 aurum. Það hefði lækkað smám saman ofan í 77.8 aura á 5. rekstrarári. Með sölu til ISALs er kostnaðarverð á selda kwst. hins vegar 47.4 aurar fyrsta árið, en 22.7 aurar 5. árið, og með sölu til ISALs fæst full nýting á 6.–7. ári, og þá er kostnaðarverðið komið niður í 20.1 eyri á kwst. Söluverð kwst. til álversins er í dag 26.4 aurar, en ekki 22 aurar, eins og kemur fram í nál. minni hl., og stendur það verð til ársins 1976, lækkar þá ofan í 22 aura. Enn er reynt að blekkja í málinu, og ég segi, að þar sem vitað er í dag, hvert orkusöluverðið er til ISALs, er hér vísvitandi farið með rangar tölur.

Ég held, að engum blandist hugur um, að sá samningur, sem gerður var við ISAL, er mjög hagstæður fyrir okkur, því að við getum framleitt orkuna á miklu lægra verði fyrir það, að við höfum svo stóran samning um orkusölu. Hefði, eins og ég gat um áðan, ekki verið fyrir hendi slíkur orkusölusamningur, væri stórkostlega mikill munur á kostnaðarverðinu á orkueiningunni frá Búrfellsvirkjun, og ætti það eitt að nægja til þess, að menn gerðu sér grein fyrir því, að hér er um að ræða hagstæða samninga, og því hefur að sjálfsögðu ætíð verið haldið fram, að viðsemjendur okkar væru ekki að gefa okkur neitt, þeir teldu sig hagnast að sjálfsögðu fyrir sína parta, um leið og við teljum, að samningur við þá sé mjög mikill hagur fyrir okkur hins vegar.

Þá er því haldið fram, að kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar í dag sé orðið 3 708 millj. kr. Bókfærður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar, — hér er um að ræða tölur miðað við 30. sept., — var hins vegar 3 331 millj. kr., og kemur þetta fram á bls. 4 í nál. meiri hl., þ. e. neðsta talan, 3 331.1 millj. kr. Hins vegar lætur minni hl. í veðri vaka, að stofnkostnaðurinn sé kominn í 3 428 millj., en hér er enn fremur um að ræða talnaleik, þar sem tekin er inn í tala, sem er vegna skatta, gengistaps, vaxta og kostnaðar, sem er áætluð tala vegna verksins í heild og því ekki áfallinn kostnaður nema fyrir þann hluta verksins, sem nú þegar hefur verið framkvæmdur.

Þá er eitt atriði, sem kemur fram í nál. minni hl., þar sem gert er ráð fyrir framleiðslu kwst. við Búrfellsvirkjun og það gefið í skyn, að í dag séu aðrar tölur teknar til viðmiðunar en var, þegar frv. um lagagildi samningsins var lagt fyrir Alþ. Á bls. 225 er hægt að sjá, hvaða tölu þar er gengið út frá, og þeir, sem geta lesið, lesa 1 720 millj. kwst. sem framleiðslumöguleika Búrfellsvirkjunar. Og þegar reiknaður er út kostnaður á orkueiningu verður að sjálfsögðu að taka inn það, sem til er kostað, svo og þá fullnýtingu, sem gert hefur verið ráð fyrir frá upphafi, en ekki tölu, sem á fyrri stigum málsins var slegið fram, þ. e. 1 635 millj. kwst., en þegar við framlagningu málsins á Alþ. er gert ráð fyrir framleiðslu á 1 720 millj. kwst.

Þetta eru í stórum dráttum gagnrök við þær fullyrðingar, sem hv. 6. þm. Reykv., 1. flm. þessarar till., viðhafði við fjárlagaumr. í haust, og ég held, að það verði ekki um að villast, að þær tölur, sem ég hef nú nefnt, sýna og sanna, að þar hefur verið rangt með farið, hv. þm. hefur e. t. v. misskilið hlutina, og hann verður þá og hefur vonandi verið leiddur í allan sannleika um þær tölur, sem hér er um að ræða. Hins vegar orðaði hann það svo í lok sinnar ræðu, að hér væri um að ræða eitt mesta fjármálahneyksli, sem átt hefði sér stað í landinu. Ég furðaði mig á því, þegar þessi hv. þm. viðhafði þessi orð. Það vill svo til, að við höfum báðir verið aldir upp í því byggðarlagi, þar sem þetta iðjuver, þ. e. álverksmiðjan, hefur nú verið reist, og ég geri mér fullkomlega grein fyrir því, hvaða áhrif þetta hefur haft á hag þess fólks, sem þar á heima. Ég geri mér mjög vel grein fyrir því, að eftir að álverksmiðjan var reist í Hafnarfirði, munu sveiflur, sem við getum ætíð átt von á í efnahagslífi okkar, vegna þess hversu einhæft atvinnulíf okkar er, þá munu þær sveiflur hafa minni áhrif í Hafnarfirði en þær hafa oft haft, þ. e. þegar sjávarafli bregzt og þegar verðfall verður á sjávarafurðum. Hv. 6. þm. Reykv. telur sig sjálfsagt vera á Alþ. sem fulltrúa verkalýðsins, og ég held þess vegna, að það sé ekkert óeðlilegt, að ég geti þess, sem fyrir nokkrum vikum var rætt einmitt á fundi verkalýðsfélagsins í Hafnarfirði, Hlífar, þegar félagsmenn beinlínis óska eftir því við bæjaryfirvöld og við stjórnvöld ríkisins, að áfram verði haldið á þeirri braut, sem núv. ríkisstj. hefur verið á í sambandi við uppbyggingu stóriðju í landinu, og þeir óska sérstaklega eftir því, að hægt verði að fá slíka stóriðju áfram staðsetta í sínu byggðarlagi. Það hugsar auðvitað hver um sjálfan sig, og þeir eru þegar búnir að komast í kynni við stefnu ríkisstj. í þessum málum, og þetta er að mínum dómi mjög góður vottur þess, að einmitt þessir aðilar, verkalýðsforingjarnir á staðnum, skilja nú, hvernig hér hefur verið hugsað, og óska eftir því beinlínis, að núv. ríkisstj. haldi áfram á þessari braut. Með þessari samþykkt held ég, að þessir aðilar, sem ekki hvað sízt eiga undir því að hafa blómlegt og fjölskrúðugt atvinnulíf, hafi afsannað þau stóru orð, sem hv. 6. þm. Reykv. viðhafði, þegar hann taldi þetta eitt mesta fjármálahneyksli, sem orðið hefði á Íslandi. Ég hef orðað hv. 6. þm. Reykv. kannske meir við þetta mál en hv. 4. þm. Reykv., sem er annar flm. málsins, og það stafar einfaldlega af því, að hv. 6. þm. Reykv. gerði þetta að sérstöku umtalsefni í sinni fjárlagaræðu. Að vísu tóku þeir báðir hér til máls við 1. umr. þessarar till., en á meðan ég heyri ekki hv. 4. þm. Reykv. segja það, trúi ég því ekki, að það sé hans skoðun, að hér sé um að ræða eitt mesta fjármálahneyksli, sem átt hafi sér stað á Íslandi.

Ég tel ekki ástæðu, herra forseti, til að fara fleiri orðum um álit meiri hl. fjhn., en eins og fram kemur á þskj. 365, telur meiri hl. fjhn., að þær upplýsingar, sem fram komu við 1. umr. þessa máls í ræðum hæstv. fyrrv. raforkumrh. og hæstv. núv. raforkumrh., hafi allar verið með þeim hætti, að fullyrðingar hv. 6. þm. Reykv. hafi með þeim verið hraktar. Allt, sem fram hefur komið í þessu máli af hálfu fjhn., er að dómi meiri hl. því til stuðnings, og við teljum ekki ástæðu til þess að skipa nefnd til þess að gera þá rannsókn, sem flm. fara fram á. Við teljum, að fjhn. hafi nú þegar fengið öll gögn á borðið, og hver, sem lesið geti, geti skilið, að hér er allt með felldu og allar fullyrðingar hv. þm. úr lausu lofti gripnar, og meiri hl. n. leggur til, að till. verði felld.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Hér er til umr. till. til þál. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar. Till. þessi gerir ráð fyrir því, að Nd. Alþ. skipi sérstaka rannsóknarnefnd til þess að rannsaka allar staðreyndir um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar og varðandi rekstrarkostnað virkjunarinnar og um það, að skýrsla verði síðan lögð fyrir Alþ. í samræmi við athugun n. Eins og þegar hefur komið fram í umr., þá eru tildrög þess, að þessi till. var flutt, þau, að á Alþ. urðu allmiklar umr. og mjög skiptar skoðanir um þessi efni, um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, rekstrarkostnað virkjunarinnar og um þann samning, sem gerður hefur verið um orkusölu frá raforkuverinu til álfélagsins. Upphaf málsins var það, að hv. 6. þm. Reykv. hafði í ræðu við 1. umr. fjárlaga gert þessi atriði að umtalsefni og haldið þar fram tilteknum atriðum, en nokkrir hæstv. ráðh. og ýmsir stuðningsmenn ríkisstj. töldu, að það, sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Reykv., væri ekki rétt og mótmæltu ýmsu því, sem hann hafði sagt, og gáfu svo upplýsingar, sem virtust fara allmikið í bága við það, sem hv. þm. hafði sagt varðandi þessi mál. Vegna þessara andstæðu skoðana, sem hér höfðu komið fram um þetta mikilsverða mál, og vegna þess að hér urðu allmiklar deilur um málið á Alþ. og langar umr., var þessi rannsóknartillaga flutt. Tveir hv. þm., hv. 6. þm. Reykv. og hv. 4. þm. Reykv., fluttu þá þessa þáltill., sem hér er til afgreiðslu. Þeir lögðu sem sagt til, að d. léti fara fram ítarlega rannsókn á þessu máli, hlutlæga rannsókn málsins, þar sem staðreyndirnar yrðu dregnar fram og skýrsla yrði lögð fyrir Alþ. um málið sem heild. Ég hygg, að flestum hefði í rauninni fundizt það eðlilegt um jafnmikilvægt mál og hér var á ferðinni, að þessi vinnubrögð yrðu viðhöfð. En hæstv. ríkisstj., sem hafði staðið að því að gera áætlanir um Búrfellsvirkjun og staðið að framkvæmdum eða borið ábyrgð á öllum framkvæmdum og einnig staðið að orkusölusamningi við álfélagið, virtist vera andvíg því, að slík rannsókn sem þessi yrði látin fara fram, og síðan var það staðfest í fjhn. d., sem fékk þessa till. til meðferðar, að stuðningsmenn ríkisstj. þar voru sama sinnis og ráðh. Þeir vildu ekki, að rannsóknin yrði látin fara fram. Þeir töldu, að ekki væri ástæða til þess að rannsaka málið, þrátt fyrir þær hörðu og löngu deilur, sem hér höfðu átt sér stað um þetta mál, og þeir töldu einnig, að fjhn. d. gæti í rauninni annazt þá athugun á málinu, sem eðlileg væri. Nú gefur það auga leið, að venjuleg starfsnefnd Alþ. hefur enga aðstöðu til þess að kafa í slíkt stórmál sem hér er um að ræða, taka til athugunar allar áætlanir, sem gerðar höfðu verið um virkjunarframkvæmdir, rannsaka, hvernig staðið hafði verið að framkvæmdum og hver framkvæmdakostnaður hefði í rauninni orðið, bæði sá, sem þegar var bókfærður, og sá, sem e. t. v. var ekki enn þá bókfærður, vegna þess að deilur stóðu um það, hvort reikningar, sem borizt höfðu, ættu að bókfærast, eða að kanna það, hver verða mundi heildarkostnaður framkvæmdanna, því að enn er þar ýmsu ólokið. Það gefur einnig auga leið, að venjuleg starfsnefnd Alþ. hafði enga aðstöðu til þess að kanna ítarlega, hvernig mundi verða háttað rekstrarkostnaði þessa mikla mannvirkis og hvert væri í raun og veru framleiðslukostnaðarverð orkunnar miðað við allar aðstæður. Það var ljóst, að þessi starfsnefnd Alþ., fjhn. Nd., gat í rauninni ekki gert aðra athugun á þessu máli en þá, sem hún gerði, að kalla fyrir sig formann Landsvirkjunarstjórnar og framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og hlýða á þeirra mál og spyrja þá nokkurra spurninga varðandi málið, en um frekari athuganir af hálfu n. gat varla verið að ræða. Og það var í rauninni aðeins þetta, sem n. gerði. En í sambandi við þetta vaknar sú spurning, hvernig stendur á því, að hæstv. ráðh., sem með málið hafa haft að gera, eru því andvígir, að rannsókn sem þessi sé látin fara fram, og hvernig stendur á því, að meiri hl. fjhn., stuðningsmenn ríkisstj. í n., standa gegn því, að till. sé samþ. og rannsókn sé látin fara fram. Án efa viðurkenna allir þessir aðilar, að hér sé um stórmál að ræða og það sé mjög nauðsynlegt, að þjóðin öll fái að vita hið sanna í þessu máli, hver sé raunverulega orðinn stofnkostnaður virkjunarframkvæmdanna og hver muni í rauninni verða framleiðslukostnaður orkunnar frá þessu orkuveri og hvort bygging orkuversins hefur staðizt áætlanir eða hvort hér hefur orðið um umframkostnað að ræða. Það gefur auga leið, að það er ófullnægjandi, eins og þetta mál ber að, að aðeins forstjóri Landsvirkjunar eða formaður Landsvirkjunarstjórnar segi sitt álit á þessum hlutum. Þeir eru slíkir aðilar að málinu sem heild og hafa tekið það mikinn þátt í þeim deilum, sem uppi hafa verið í rauninni frá öndverðu um bæði áætlanagerðir í þessum efnum og um ýmsa framkvæmdaþætti málsins, að þeir verða ekki teknir sem hlutlausir aðilar, þó að þeir hljóti vitanlega að koma allmikið við rannsókn málsins og vera þar beinir aðilar að. En hvernig getur þá staðið á því, að ráðh. skuli vera andvígir því, að hlutlaus athugun fari fram á málinu og hlutlaus skýrsla um rannsóknina sé síðan lögð fyrir Alþ.? Ég hef ekki getað fundið aðra skýringu en þá á þessum viðbrögðum hæstv. ráðh., að þeim finnist, að með því að samþykkja till. sem þessa séu þeir að viðurkenna fyrir fram á beinan eða óbeinan hátt, að hér hafi eitthvað misfarizt, og því sé samþykkt till. hættulegt undanlát. Einnig má vera, að þeir óttist það hreinlega, að staðreyndir málsins verði leiddar í ljós á ótvíræðan hátt. Ég tel það mjög illa farið, ef á að innleiða þann skilning á hv. Alþ. varðandi rannsóknarnefndir, að þegar lagt er til, að rannsókn fari fram á mikilvægum málum, sé þar með búið að slá því föstu, áður en rannsóknin hefur farið fram, að hér hafi verið um eitthvert misferli að ræða.

Rannsóknarnefndir eru mjög algeng fyrirbæri hjá þjóðþingum víða um heim. Slíkar rannsóknarnefndir starfa mjög oft t. d. í Banda-

ríkjunum, taka þar til sérstakrar athugunar hin ýmsu mál, sem að höndum bera, og það þykir sjálfsagt, að slík athugun fari fram, og m. a. s. á slík rannsókn sér oft stað með þeim hætti, að unnið er þar mjög fyrir opnum tjöldum. En hér á landi virðist það vera ríkjandi skoðun hjá valdamönnum í þjóðfélaginu, að ekki megi samþykkja skipun sérstakra rannsóknarnefnda til þess að yfirfara gerðir ýmissa aðila og leiða það miskunnarlaust fram í dagsljósið, sem gerzt hefur í raun og veru. Þessi afstaða valdamanna er í rauninni alveg fráleit. Og það er illa farið að mínum dómi, að meiri hl. hv. fjhn. skuli hafa fallizt á þessa afstöðu ráðh., að neita því, að eðlileg rannsókn á þessu máli fari fram. Ég vil sérstaklega undirstrika þetta vegna þess, að þetta, sem ég nú hef rætt um, er í raun og veru kjarni þess máls, sem er til umr. Hér var um það að ræða, að fyrir Alþ. lá till. um, að efnt skyldi til ákveðinnar rannsóknar á tilteknu máli. Þeir, sem standa að ríkisstj. og ráða yfir meiri hl. á Alþ., ákveða að standa saman um að neita því, að rannsókn fari fram. Þetta er fráleit afstaða, hún vekur tortryggni.

En þá stöndum við enn einu sinni frammi fyrir því deilumáli, sem hér hafði verið í þingsölunum áður, deilunni um framkvæmdirnar við Búrfell og deilunum um framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá þessari virkjun. Við höfum fengið á borðið til okkar nokkrar nýjar upplýsingar í málinu, þó að þær séu að mínum dómi fjarri því að vera allar þær upplýsingar, sem hefðu þurft að koma fram í málinu. Og ég skal víkja nokkuð að þessum ágreiningsefnum, sem málið snerist um, og lýsa því, hvernig þessi ágreiningsefni líta út frá sjónarmiði okkar, sem skipum minni hl. fjhn. og stöndum að minnihlutaálitinu.

Ég er sammála frsm. meiri hl. fjhn. um það, að það voru einkum þrjú atriði, sem deilt var um, þrjú efnisatriði, sem deilt var um á Alþ. og fram höfðu komið í fjárlagaræðu hv. 6. þm. Reykv. varðandi þetta mál. Það var í fyrsta lagi, að hann hafði haldið því fram, að stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar hefði farið mjög verulega fram úr áætlun, eða sem næmi í kringum 25%. Í öðru lagi hafði hann haldið því fram í þessari ræðu sinni, að stofnkostnaður virkjunarinnar væri orðinn með varagasaflsstöð og ýmsum tilheyrandi mannvirkjum, sem þegar höfðu verið gerð, 3 770 millj. kr. Og í þriðja lagi hafði 6. þm. Reykv. haldið því fram í þessari ræðu, að nú væri framleiðslukostnaður raforkunnar frá orkuverinu um 45 aurar á kwst., en þegar virkjunin væri fullnýtt, gerð að fullu og fullnýtt, mundi framleiðslukostnaðarverð orkunnar lækka, en verða sennilega í kringum 26 aurar á kwst. Þetta voru þau þrjú meginatriði, sem komu fram í ræðu hv. þm. og ollu allmiklum umr. á Alþ. og miklum ágreiningi á milli hans og nokkurra annarra þm. annars vegar og a. m. k. tveggja hæstv. ráðh. og stuðningsmanna þeirra hins vegar.

Mér þykir rétt að víkja nokkru nánar að þessum ágreiningsefnum og skoða þau í ljósi þeirra upplýsinga, sem liggja fyrir í málinu. Ég sný mér þá fyrst að fyrsta atriðinu, en það er spurningin um það, hvort stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar hefði farið fram úr áætlun eða ekki. Og hvað fór hann þá mikið fram úr áætlun, hafi hann farið fram úr áætlun? Ég tel, að miðað við þau gögn, sem nú liggja fyrir og m. a. bárust fjhn. d. frá Landsvirkjun, fari ekkert á milli mála, að stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur farið mjög verulega fram úr áætlun. Það er að vísu rétt, að það er nokkuð erfitt að segja til um það með fullri nákvæmni, hvað umframkostnaðurinn er mikill, m. a. vegna þess, að á byggingartímanum hefur gengi íslenzkrar krónu tvívegis verið breytt, og vitanlega hafa þær breytingar haft sín áhrif á byggingarkostnaðinn og þar af leiðandi raunar einnig á fyrri áætlunargerð um stofnkostnaðinn. Þegar áætlun var gerð um stofnkostnað virkjunarinnar, kom skýrt fram, að stofnkostnaðinum var í meginatriðum skipt í tvo flokka, annars vegar innlendan kostnað við byggingu orkuversins og hins vegar erlendan kostnað. Nú sjá það allir menn, að um leið og gengi íslenzkrar krónu gerbreytist, hlýtur hið áætlaða kostnaðarverð hins innlenda kostnaðar vitanlega að eiga að lækka í dollurum, aðeins vegna gengisbreytingarinnar. Þegar forsvarsmenn Landsvirkjunar voru um þetta spurðir á fjhn.-fundi, hvað upphafleg áætlun hefði í raun og veru átt að lækka mikið vegna gengisbreytingarinnar, svöruðu þeir því, eins og kemur einnig fram í fskj. því, sem prentað er með áliti meiri hl. og er að finna á bls. 19 í áliti meiri hl., að vegna gengisbreytinganna hefði upphafleg áætlun um stofnkostnað Búrfellsvirkjunar raunverulega átt að lækka um 7.4 millj. dollara af þessum ástæðum. En reynslan varð hins vegar sú að dómi Landsvirkjunar, að byggingarkostnaðurinn lækkaði ekki um þessar 7.4 millj. dollara, heldur beinlínis hækkaði byggingarkostnaðurinn nokkuð í dollurum talið. Í svari Landsvirkjunar segir, að raunverulega hafi byggingarkostnaðurinn af þessum ástæðum farið 678 millj. kr. fram yfir áætlaðan upphaflegan kostnað, og Landsvirkjun gerir grein fyrir því, í hverju þessi umframkostnaður liggi. Landsvirkjun segir, að þessi umframkostnaður liggi m. a. í gengistöpum á lánum fyrir innlendum kostnaði, sem nemur 154 millj. kr. Það fór sem sagt þannig í reyndinni, að tekin voru erlend lán fyrir innlenda kostnaðinum, af því að þar brugðust áætlanir, og þar kom því fram beint gengistap við gengisbreytingar. Landsvirkjun segir enn fremur, að aðflutningsgjöld og skattar hafi hækkað umfram áætlanir um 44 millj., að aukagreiðslur fyrir erlent vinnuafl hafi numið 102 millj., að innlendar kauphækkanir umfram áætlun hafi numið 50 millj. og sérstakar bónusgreiðslur til verktaka hafi numið 186 millj. Þannig hefur Landsvirkjun útskýrt þessa umframhækkun, sem nemur 536 millj. Þá vantar skýringu á hækkun, sem nemur 142 millj., en Landsvirkjun segir, að sú hækkun stafi af „aukningu á mössum, ýmsum tækni-

legum atriðum og mismuninum á of lágt og of hátt áætluðum liðum", eins og orðrétt segir í umsögn Landsvirkjunar.

Þessar upplýsingar frá Landsvirkjun einar nægja til þess að taka af allan vafa um það, að raunverulega fóru byggingarframkvæmdir við 1. áfanga Búrfellsvirkjunar fram úr áætlun, sem nemur 678 millj. kr. Það er í rauninni þetta, sem einnig var staðfest með þeirri sérstöku áætlun, sem Harza gerði á síðara stigi málsins, sem benti til þess, að raunverulega hefði heildarbyggingarkostnaðurinn átt að vera sem þessari upphæð nemur lægri en upphaflega áætlunin gerði ráð fyrir. Þegar þessi upphæð er borin saman við heildarframkvæmdakostnaðinn, kemur í ljós, að stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar hefur raunverulega farið fram úr áætlun sem nemur fullum 25%. Það reynist því fullkomlega rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði varðandi þennan lið. Ég tel, að ekki sé hægt að þræta um það lengur, að forustumenn Landsvirkjunar hafa með umsögnum sínum, sem þeir hafa lagt fyrir Alþ. og upplýstu á nefndarfundi hjá fjhn., viðurkennt, að í reynd hefur orðið um umframkostnað sem þessu nemur að ræða. Hitt er svo allt annað mál, að vegna gengisbreytinganna verður ekki um mikla hækkun í dollurum talið að ræða, miðað við þær upplýsingar, sem þeir gefa upp.

Ég sný mér þá að öðru ágreiningsefninu. Deilt var um það, hver væri orðinn stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar nú með varaaflsstöð og tilheyrandi mannvirkjum. Hv. 6. þm. Reykv. hafði haldið því fram í sinni ræðu, að þessi kostnaður næmi nú um 3 770 millj. kr. Í umr. á Alþ. kom fram í ræðu hæstv. þáv. raforkumrh., að hann taldi, að stofnkostnaður þessara sömu framkvæmda næmi 3 660 millj. kr. eða 110 millj. kr. lægri upphæð. Í skýrslum, sem Landsvirkjun lagði fram á fundi hjá fjhn., gerir hún grein fyrir því, að þessi stofnkostnaður við Búrfellsvirkjun og við gasaflsstöðina nemi 3 708 millj. kr. Þetta kemur skýrt fram í þeim gögnum, sem liggja fyrir frá Landsvirkjun. Þó er líka ljóst, að í þessari tölu er ekki talinn allur kostnaður við miðlunarframkvæmdir, sem þegar hafa verið unnar. Málið liggur þá þannig fyrir nú, að hv. 6. þm. Reykv. hafði haldið því fram, að stofnkostnaður þessara mannvirkja væri orðinn 3 770 millj. kr. Hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson taldi kostnaðinn vera 3 660 millj. Landsvirkjun telur hann vera 3 708 millj. kr. Og eins og ég segi, þá er ljóst, að nokkur kostnaður, sem þegar hefur þó verið efnt til, er ekki talinn með í þessum tölum. Hér sjá allir, að orðið er um mjög óverulegan skakka að ræða, sem í rauninni tekur ekki á þessu stigi málsins að vera að þræta frekar um.

Ég vík þá að þriðja ágreiningsefninu, hvert væri raunverulegt framleiðslukostnaðarverð raforkunnar frá Búrfellsvirkjun. Hv. 6. þm. Reykv. hafði sagt í sinni ræðu, að nú væri framleiðslukostnaðarverðið 45 aurar á kwst. Landsvirkjun hefur hins vegar upplýst, og það kemur fram í grg. hennar, sem prentuð er í fskj. með áliti meiri hl. fjhn., að framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun sé 47.4 aurar á kwst. Landsvirkjun viðurkennir, að framleiðslukostnaður orkunnar sé nokkru hærri en hv. 6. þm. Reykv. hafði haldið fram í sinni ræðu. Í upplýsingum frá Landsvirkjun kemur skýrt fram, að hún viðurkennir í útreikningum sínum, að framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá Búrfellsvirkjun muni verða nokkru hærra fram til ársins 1975 en nemur því verði, sem orkan hefur verið seld á til álfélagsins. Hv. 6. þm. Reykv. sagði í sinni ræðu, að hann teldi, að þegar virkjunin hefði verið byggð að fullu og hún væri fullnýtt, mundi framleiðslukostnaðarverð orkunnar vera í kringum 26 aurar á kwst. En Landsvirkjun telur í sínum upplýsingum nú, að framleiðslukostnaðarverðið muni verða nokkru lægra en þetta, þegar virkjunin sé fullnýtt, eða í kringum 20.1 eyrir á kwst. Forustumenn Landsvirkjunar gera í þessum útreikningum sínum grein fyrir því, hvernig þeir komast að þessari niðurstöðu. Og það vekur athygli, þegar þessi grg. þeirra er skoðuð, að nú ganga þeir út frá allt öðrum forsendum við útreikninga á framleiðslukostnaðarverði orkunnar en þeir hafa gert áður, allt öðrum forsendum en byggt var á, þegar grg. voru lagðar fyrir Alþ. um framkvæmdirnar við Búrfell á sínum tíma. Það kemur í ljós, að forustumenn Landsvirkjunar ganga út frá því, að afskriftatími virkjunarinnar sé 40 ár. En í fyrri skýrslum var miðað við, að afskriftatíminn væri 25 ár. Nú telja þessir forustumenn Landsvirkjunar, að reikna megi með rekstrarkostnaði við virkjunina, sem nemi 8.5% af stofnkostnaði hennar á ári, en í upphaflegum áætlunum, sem komu fyrir Alþ., var reiknað með því, að þessi rekstrarkostnaður næmi 9.2% af heildarkostnaði virkjunar. Nú segir í hinum nýju forsendum Landsvirkjunar í sambandi við þessa útreikninga, að telja megi, að stjórnunarkostnaður og viðhald muni nema 1% af heildarverði virkjunarinnar á ári, en í fyrri forsendum var talið, að þessi kostnaður næmi 1.5%. Nú kemur fram í þessum nýju forsendum, að talið er, að þegar virkjunin verður fullnýtt, verði seld orka frá virkjuninni sem nemi 1 720 millj. kwst. á ári, en í fyrri áætlun, sem send var Alþ., var reiknað með því, að seljanleg orka frá orkuverinu væri 1 635 millj. kwst.

Nú ber einnig að gæta þess, að þegar talið var samkv. fyrri áætlunum, að rekstrarkostnaður virkjunarinnar næmi 9.2% af heildarkostnaði virkjunarinnar, var gengið út frá því, að vextir af lánum væru 6%. Nú liggur hins vegar fyrir, að vextirnir nema í kringum 7½%. Það er því alveg augljóst mál, að það verður að reikna með því, að rekstrarkostnaður virkjunarinnar sé a. m. k. 9.2%, eins og upphaflega var reiknað með, og þó benda allar líkur til þess, að hér þyrfti að reikna með hærri tölu, vegna þess að vextirnir hafa reynzt hærri en þá var reiknað með.

Sé gengið út frá því, að heildarstofnkostnaður virkjunarinnar, þ. e. þeirra þátta, sem

enn eru óunnir, verði eins og Landsvirkjunarstjórn reiknar með eða meiri hl. hennar, en hins vegar gengið út frá að fylgja þeim forsendum við útreikninga á framleiðslukostnaðarverði orkunnar, sem byggt var á í upphafi, þ. e. að rekstrarkostnaðurinn nemi 9.2% af heildarkostnaði og seljanleg orka sé jafnmikil og reiknað var með í upphafi, þá mundi það þýða, að verðið á raforkunni frá virkjuninni mundi kosta 21.3 aura á kwst., og ef við það verð er síðan bætt verðinu á raforkunni frá varagasaflsstöðinni og miðað við það, sem Harza telur, að sú orka muni kosta, þarf að bæta við þetta orkuverð 1.7 aurum á kwst., en það þýðir, að framleiðslukostnaðarverðið mundi þá vera 23 aurar á kwst., eða nokkru hærra en söluverðið á orkunni er til álfélagsins, en það er 22 aurar á kwst eða 2.5 mill.

Nú er alveg augljóst, að forustumenn Landsvirkjunar reikna með því, að sá hluti virkjunarinnar, sem enn er óunninn, eigi að lækka verulega í verði frá því, sem upphaflega var áætlað. Forustumenn Landsvirkjunar áætla t. d., að síðari áfangi virkjunarframkvæmdanna muni kosta 2.61 millj. dollara, en þessi sami liður var áætlaður áður 5.10 millj. dollara. Sömuleiðis er byrjunarmiðlun í Þórisvatni, sem áður var áætluð 2 millj. dollara, nú áætluð á 1.48 millj. dollara. Af fyrri reynslu hlýtur maður að taka þessar áætlanir með fyrirvara og telja það ekki verulega líklegt, að þær standist fremur en þær fyrri, heldur sé raunverulega líklegt, að heildarkostnaður mannvirkisins verði nokkru meiri en Landsvirkjun reiknar nú með. En auðvitað er ómögulegt að segja um það með nokkurri vissu, hver endanlegur byggingarkostnaður virkjunarinnar verður. Þegar það er því haft í huga, að ýmsir þættir, sem mjög verka á rekstrarkostnað virkjunarinnar, eins og vaxtagreiðslur og annað slíkt, eru mun hærri en upphaflega var reiknað með, þá sýnist mér, að enginn vafi geti leikið á því, að hið raunverulega framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá virkjuninni muni verða þó nokkuð yfir söluverðinu til álfélagsins. Þá er einnig þess að gæta, að upplýst er, að mjög háir reikningar, sem enn hafa ekki verið samþykktir, liggja fyrir frá verktökum. Í þessum reikningum gera verktakarnir kröfur um nokkur hundruð millj. kr. í viðbótargreiðslur sér til handa. Það kemur beinlínis fram í bréfi frá Harza, að félagið reiknar með því, að þessum kröfum verði að sinna að meira eða minna leyti. Mér sýnist því allt benda til þess, að stofnkostnaðurinn verði að lokum mun meiri en Landsvirkjun reiknar með og framleiðslukostnaðurinn, þegar virkjunin verður komin í fullnýtingu, verði meiri en nemur þessum 23 aurum, sem ég hef þegar bent á, að raunverulega komi út úr því dæmi, sem Landsvirkjun hefur sett upp. En hv. 6. þm. Reykv. hafði sagt í sinni ræðu, að hann teldi, að þegar virkjunin væri fullnýtt mætti búast við því, að orkuverðið væri í kringum 26 aurar á kwst. Mér sýnist allt benda til þess, að þessi áætlun hans muni ekki fara fjarri réttu lagi. Niðurstaða mín og okkar í minni hl. fjhn. er því sú, að þau ágreiningsefni, sem hér voru uppi, hafi skýrzt nokkuð frá því, sem áður var. Það hafi beinlínis komið í ljós með viðurkenningu frá forustumönnum Landsvirkjunar, að fyrsti byggingaráfangi hefur farið verulega fram úr áætlun, þó að það hafi að nokkru leyti jafnazt aftur með ávinningi í sambandi við gengisbreytingar, og staðhæfingar hv. 6. þm. Reykv. hafi verið réttar í þessum efnum. Mér sýnist einnig, að stofnkostnaður virkjunarinnar, sá sem hv. 6. þm. Reykv. hélt hér fram, að orðinn væri, sé í meginatriðum réttur, og mér sýnist sömuleiðis, að hann hafi farið með rétt mál, þegar hann taldi, að framleiðslukostnaður raforkunnar frá Búrfellsvirkjun væri nú 45 aurar á kwst., en Landsvirkjun viðurkennir raunar, að hann sé nokkuð yfir 47 aurar á kwst., og einnig sú staðhæfing hans, að líkur bentu til, að framleiðslukostnaður orkunnar frá Búrfellsvirkjun, þegar hún yrði komin í fulla nýtingu, yrði í kringum 26 aurar á kwst. Augljóst er, að framleiðslukostnaður orkunnar frá orkuverinu er a. m. k. talsvert hærri en verðið á orkunni er, sem samið hefur verið um til álfélagsins.

Þetta voru í rauninni ágreiningsefnin, sem mest var deilt um á Alþ., þegar þetta mál var rætt við fyrri umr., og skal ég svo ekki fjölyrða frekar um það. Ég tel það hins vegar illa farið, að meiri hl. n. hefur ekki viljað fallast á að efna til þeirrar rannsóknar á málinu og skýrslugerðar um málið, sem till. fjallar um, sem hér er til umr. Hitt atriðið ætla ég ekki heldur að ræða, sem nokkuð hefur dregizt inn í þessar umr., þótt með vafasömum rétti sé, hvort hagstætt sé fyrir Íslendinga, miðað við allar þessar aðstæður, að selja raforkuna frá orkuverinu áfram til álfélagsins á því verði, sem nú hefur verið samið um, eða ekki, það er auðvelt að túlka það á fleiri en einn veg. Vitanlega er auðvelt að segja, þegar efnt hefur verið til mikilla framkvæmda og búið er að stofna til hárra lána og mikils kostnaðar, að betra sé að selja orkuna, þó á undirverði sé, en láta hana ónotaða. Ekki neita ég því, að það sé nokkru betra en láta orkuna óselda. En mín afstaða er sú, að við fáum ekki fullkomið framleiðslukostnaðarverð fyrir orkuna með samningunum við álfélagið, og því hefði í rauninni ekki átt að gera þann samning um viðbótarorkusölu án þess að fá a. m. k. framleiðslukostnaðarverð. Ég veit, að hv. þm. þekkja þetta dæmi af svo óteljandi tilvikum úr lífinu. Það er t. d. sagt við launamenn stundum eða verkamenn: Auðvitað er miklu betra fyrir þig að þiggja lágt kaup, langt undir umsömdum taxta, en vera iðjulaus. Það má til sanns vegar færa, að það sé aðeins betra en að fá ekki neitt. En þetta eru ekki haldbær rök. Auðvitað þurfum við að leggja framleiðslukostnaðarverð orkunnar til grundvallar, og við eigum ekki að sætta okkur við að selja orkuna undir framleiðslukostnaðarverði. Það á að vera okkar meginsjónarmið. Ég tel fyrir mitt leyti, að það hafi verið gert í þessu tilfelli. En eins og ég

sagði, var það ekki aðalatriði þessa máls, sem hér er um að ræða, heldur hitt, ágreiningurinn um það, hvort rétt hefði verið að efna til þeirrar hlutlægu rannsóknar á þessu stóra máli, sem till. fjallar um. Ég tel, að við ættum að samþykkja þá till., sem hér liggur fyrir um rannsókn, og mér sýnist, að sjálf ágreiningsefnin hafi skýrzt nokkuð og í öllum meginatriðum hafi komið í ljós, að það, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði í þessum efnum og deilurnar spunnust út af, hafi verið rétt.

Ég skal svo ekki lengja að þessu sinni frekar en orðið er þessar umr., en minni hl. fjhn. leggur til, eins og fram kemur á þskj. 402, að fyrirliggjandi till. verði samþykkt.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Langar og þrætugjarnar umræður stjórnarandstæðinga um þetta þingmál liggja að mínum dómi algerlega utan efnis þess. Till., sem fyrir liggur, fer fram á þrennt: Í fyrsta lagi, að nefnd þm. rannsaki staðreyndir um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, eins og þar segir. Í öðru lagi, að sama nefnd þm. rannsaki rekstrarkostnað nú og síðar. Í þriðja lagi, að þessi nefnd þm. rannsaki samninga virkjunarinnar um orkusölu.

Nú spyr ég flm. þessarar tillögu: Í fyrsta lagi: Hvað er á huldu um staðreyndir varðandi byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, sem þingmannanefndinni er ætlað að rannsaka? Í öðru lagi: Er það rétt eða rangt, sem meiri hl. fjhn. upplýsir í nál. sínu, að nm. og þ. á m. annar flm. þessarar þáltill. um rannsókn Búrfellsvirkjunar hafi lýst því yfir sérstaklega aðspurðir, að frekari upplýsinga væri ekki óskað frá Landsvirkjun né heldur hafi verið óskað eftir öðrum aðilum til viðræðna við n.? Í þriðja lagi: Hvað er á huldu um rekstrarkostnað, sem þingmannanefndinni er ætlað að rannsaka? Í fjórða lagi: Hvað er á huldu um samninga um orkusölu, sem lagðir voru fram á Alþ. fyrir 4 árum, sem þingmannanefndin að þessum tíma liðnum þyrfti að rannsaka?

Þessar spurningar eru fáar, en einfaldar. Hv. þm. munu væntanlega heyra greið svör hv. flm. þessa máls. Sérhver þm. getur líka svarað þeim fyrir sig hjálparlaust. Þá metur hver þm. fyrir sig, hvort þessi till. um rannsóknarnefnd vegna Búrfellsvirkjunar sé með öllu óþörf og tilgangslaus, nema tilgangur hennar hafi verið allur annar en efni hennar segir til um. En sé svo, þá á slík till. hvergi heima nema á þeim stað, þar sem hliðstæðar till. hafna, þ. e. í pappírskörfunni.

Hv. fjhn. á þakkir skilið fyrir að hafa viðað að sér mjög greinargóðum upplýsingum um byggingarkostnað Búrfellsvirkjunar, sem eru mjög aðgengilegar fyrir þm. og fela jafnframt í sér svör við því, hver sé munur á eldri áætlunum og raunverulegum byggingarkostnaði í áföngum og í heild, en eftirstöðvar þarf enn að áætla og í hverju frávik felist, þegar því er að skipta. Meginstaðreyndin er þessi, eins og greinir í nál. meiri hl. og tekin er upp úr skýrslum Landsvirkjunar og er ekki vefengd af minni hl. fjhn., að heildarkostnaður Búrfellsvirkjunar, sem áætlaður var árið 1966 42.8 millj. dollara, er nú talinn verða 43 millj. dollara, en í áætluninni, sem eftir er, er aðeins tæpur 1/10 þess heildarkostnaðar, sem samanburður er gerður á.

Minni hl. fjhn. fer undan í flæmingi og reynir að blekkja um það, sem máli skiptir. Í nál. minni hl. segir, að afstaða stuðningsmanna ríkisstj. í fjhn. hafi verið sú, að þar sem upplýsingar um málið lægju fyrir frá stjórn Landsvirkjunar, væri ekki þörf á frekari rannsókn en þeirri, sem fjhn. gæti sjálf haft með höndum. Síðan segir, að augljóst sé, að fjhn. d. hafi enga aðstöðu til að rannsaka málið í heild, hún hafi aðeins getað rætt við forstjóra Landsvirkjunar og formann á stuttum fundum og kynnt sér tilteknar upplýsingar þeirra. Nú vil ég spyrja: Hvaða upplýsingum óskaði þessi minni hl. fjhn. eftir, sem hann ekki fékk, og hví gat hann aðeins kynnt sér tilteknar upplýsingar, eða er hér aðeins verið vísvitandi að blekkja, reyna að láta menn renna grun í, að upplýsingum hafi verið haldið fyrir þessum minni hl. n.?

Hjá n. hefur þetta mál verið frá því í nóvembermánuði, eða um 4 mánuði. Vitaskuld gat minni hl., ef hann vildi, látið fara fram sjálfstæða skoðun á málinu á þessum tíma. Hann gat fengið í lið með sér löggilta endurskoðunarskrifstofu og aðra sérfræðinga. Hann átti sína eigin pólitísku fulltrúa í stjórn Landsvirkjunar og gat leitað ásjár þeirra. Það skal heldur enginn halda, að hinir pólitísku málflytjendur minni hl. og þessa máls í heild hafi ekki leitað til sinna pólitísku sauðahúsa, þar sem jafnframt er fyrir hendi sérþekking mála, og allt hafi því verið tínt til, sem hugsazt gat til ófrægðar þeim, sem að framkvæmd Búrfellsvirkjunar og álsamningunum hafa staðið. Það gagnar ekki að afsaka sig með því, að afrakstur inn hafi ekki orðið meiri en raun ber vitni, af því að ekki hafi verið fyrir hendi aðstaða til þess að leiða allan sannleikann í ljós, eins og minni hl. fjhn. lætur sér sæma að dylgja um í áliti sínu.

Það er fjöldamargt í nál. minni hl. í sambandi við útreikninga, sem þarfnaðist þess, að gerðar væru við það aths., og því miður er margs konar samanburður þar byggður annaðhvort á misskilningi eða af einhverri vangá. Ég skal ekki elta ólar við það, en ég vil aðeins nefna t. d., að á bls. 2 er gerður samanburður á upprunalegri áætlun og núv. áætlun, og svo kemur hin upprunalega áætlun 31.5 millj. dollara og niðurstaðan 31.5 millj. dollara. Núv. áætlun er 32.5 millj. dollara, en niðurstaðan er ekki 32.5 millj. dollara, nei, niðurstaðan er viðbætur í þremur liðum, þ. e. aðflutningsgjöld og skattar 0.5 millj. dollara, gengistap á lánum fyrir innlendum kostnaði 1.75 millj. dollara og vextir og lántökukostnaður 4.09 millj. dollara. Þarna er bara strik í upphaflegu áætluninni, eins og ekkert hafi verið áætlað fyrir vöxtum og lántökukostnaði í upphaflegu áætluninni, og þessu hefur Landsvirkjunarstjórnin gert grein

fyrir og það liggur fyrir í plöggum málsins. T. d. var sá liður 4.2 millj. í eldri áætlunum. En með þessu móti, að taka þarna frá upphæð, sem nemur 5.3 millj., er fenginn samanburður, sem á að sanna það, að hækkunin á kostnaðinum nú og einhverri upprunalegri áætlun sé um 25%. Mig furðar á því, að heil þn. skuli láta fara frá sér slíkt eins og þetta.

Mig furðar líka á því á bls. 4 í nál. minni hl., að hann skuli vera að tala um það þar, að í upphaflegri áætlun hafi verið talið, og það er látið í það skína á mörgum stöðum, að þegar álsamningarnir voru gerðir, hafi seljanleg orka verið talin 1635 millj. kwst., en nú sé talað um 1720 millj. kwst. og þannig fáist miklu betri útkoma. Nú er það upplýst í gögnum málsins frá Landsvirkjun, sem minni hl. hefur haft með höndum, að þessi upphaflega áætlun um 1635 millj. var gerð í sambandi við Landsvirkjunarfrv., þegar það var lagt fyrir, og fylgdi því árið 1965, var síðan endurskoðuð og leiðrétt í 1720 millj. kwst. í plöggum, sem fylgdu málinu, þegar álsamningarnir voru gerðir. Hví er þá verið að setja í nál. hluti eins og þetta, þar sem menn hljóta að vita betur, ef þeir lesa þau gögn, sem þeir óska eftir að fá, hafa fengið og hafa með höndum? Þegar svona er að unnið, læt ég mig litlu máli skipta karp stjórnarandstæðinga um það, hvort álfélaginu sé selt rafmagnið undir eða yfir því, sem kallað er kostnaðarverð, allt eftir því, við hvað er miðað, hvaða mismunandi reikningsaðferðum er beitt. Allar reikningskúnstir stjórnarandstæðinga byggja á því, að við verðum að telja Búrfellsvirkjun ónýta eftir 25 ár eða hún á að afskrifast á 25 árum, og orkuverðið eigi því að miðast við, að stofnkostnaður greiðist á þessu tímabili. Orkuverðið til álversins hrekkur ekki til þessa. En það eitt mundi hrökkva til að greiða allan stofnkostnaðinn á 40 árum sem og rekstrarkostnað og 7% vexti reiknaða af fjármagni. Nú er það óumdeilt, að endingartíma slíkra mannvirkja má örugglega reikna helmingi lengri en 40 ár eða allt að 80 árum, og sumir segja, að vatnsaflsvirkjanir geti enzt miklu lengur.

Raforkusölusamningurinn við svissneska álfélagið er einn þáttur í margþættri samningsgerð, og því verða menn að gera sér grein fyrir, þegar um þetta mál er rætt. Hann er forsenda þess, að stóriðja gat loksins haldið innreið sína á Íslandi. Hún skapar þáttaskil í íslenzkri atvinnusögu.

Það eru nokkrar meginstaðreyndir, sem eru mergur alls þess málæðis, sem stjórnarandstæðingar hafa stritazt við að halda uppi hér í þingsölunum um nauðsyn rannsóknarnefndar þm. vegna Búrfellsvirkjunar. Nokkrar þessara staðreynda ætla ég að leyfa mér að leiða fram. Að þeim athuguðum geta menn spurt sjálfa sig og auðveldlega svarað þeim ásökunum, sem hafa verið rauði þráðurinn í málskrafi stjórnarandstæðinga, að Búrfellsvirkjun og álsamningarnir séu eitthvert stórfelldasta stjórnmála- og fjármálahneyksli, sem gerzt hafi hér á landi, eins og þeir, sem gefið hafa tóninn, kommúnistarnir, hafa orðað það.

1. Við byggingu Búrfellsvirkjunar, álbræðslunnar við Straumsvík og hafnargerðar í Straumsvík hafa um tveggja til þriggja ára skeið unnið meira en þúsund manns árlega og vinnulaun ein til Íslendinga numið um 1000 millj. kr.

2. 35 starfsmenn Íslenzka álfélagsins, ISAL, fengu þjálfun erlendis á 9 stöðum í 6 löndum. Dvalartími var frá nokkrum vikum og upp í tvö ár, en meðaltal dvalartíma um eitt ár. Ekki er kunnugt um, að væntanlegir starfsmenn nýrrar álverksmiðju hljóti svo víðtæka og alhliða þjálfun. Kostnaður ISALs af þjálfun starfsmanna mun hafa numið 15 millj. kr.

3. Samið er um rafmagnsverð til álbræðslunnar í erlendum gjaldeyri. Framleiðslugjaldið eða skattar álbræðslunnar greiðast einnig í dollurum. Eftir 6 ár munu heildargjaldeyristekjur af álbræðslunni verða orðnar jafnar öllum stofnkostnaði Búrfellsvirkjunar.

4. Tekjur af raforkusölunni til álbræðslunnar munu á næstu 25 árum nema 6500 millj. kr. eða 74 millj. dollara.

5. Skatttekjur af álbræðslunni munu á næstu 25 árum nema um 4400 millj. kr. Það er í nál. meiri hl. prentvilla, stendur þar 4000, ég vil leiðrétta það, skatttekjur af álbræðslunni munu á næstu 25 árum nema um 4400 millj. kr. eða um 50 millj. dollara.

6. Samtals munu gjaldeyristekjur af sölu rafmagns til álbræðslunnar og skattgjaldi í 25 ár nema nærri 11 000 millj. kr., eða hátt í þrisvar sinnum meira en allur stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar.

7. Gjaldeyristekjur af sölu rafmagns og skattgjald álbræðslunnar munu fyrstu 15 árin nægja til þess að endurgreiða öll lán vegna virkjunarinnar með 7% vöxtum.

8. Heildargjaldeyristekjur á ári, eftir að fullum afköstum álbræðslu er náð, sem eru um 75 þús. tonna árleg framleiðsla hrááls, hafa verið áætlaðar um 760 millj. kr. miðað við árið 1974, þar af framleiðslugjald 107 millj. kr., vinnulaun 203 millj. kr., raforka 302 millj. kr., aðrar greiðslur, svo sem farmgjöld, vextir, afborganir lána vegna Straumsvíkurhafnar, efnavörur, þjónusta o. fl. 155 millj. kr. Þessar hreinu gjaldeyristekjur munu leiða af sér margfeldisáhrif í þjóðarbúskapnum, sem stórauka þjóðartekjurnar, sennilega um fjórfalda þessa upphæð eða nálægt 3000 millj. kr. á ári.

9. Íslendingar fá raforku frá Búrfellsvirkjun margfalt ódýrari en ella vegna raforkusölu til álbræðslunnar. Ef Búrfellsvirkjun hefði verið byggð eingöngu fyrir innanlandsmarkað, hefði kostnaðarverð á selda kwst. fyrsta rekstrarárið numið 224 aurum. Þetta hefði lækkað smám saman ofan í 77.8 aura á 5. rekstrarári, en með sölu rafmagns til ISALs er kostnaðarverð á selda kwst. hins vegar 47.4 aurar fyrsta árið, 41.3 aurar næsta árið og kemst niður í 21.1 eyri við fullnýtingu á 9. ári. Þó held ég, án þess að ég hafi nokkra aðstöðu til þess að

leggja á það dóm, að Landsvirkjun hafi verið mjög sanngjörn í þessari áætlunargerð um það, hver kostnaður hefði orðið við Búrfellsvirkjun án álbræðslu. Hún gerir þá ráð fyrir og tekur inn í dæmið, að hún verði byggð allt öðruvísi upp, byrjað með eina samstæðu, 35 mw., og haldið þannig áfram, og gerir jafnvel ráð fyrir því, að stíflugerð hafi farið fram í áföngum, og dreifir þess vegna kostnaðinum, sem hún telur þó, að verkfræðilega sé hæpið, að hefði verið hægt. Þegar þetta liggur fyrir, vekur það stórkostlega furðu mína, að það skuli svo sjást í plöggum málsins hér, sem lögð eru fram hjá minni hl., og einnig í síðasta plagginu, sem afhent var frá einum stjórnarmanni Búrfellsvirkjunar, að Íslendingar þurfi að greiða margfalt hærra raforkuverð vegna sölu rafmagnsins til álbræðslunnar. Þetta er stórfurðulegt, að þm. skuli láta slíkt eftir sig liggja í þskj.

10. Ef borið er saman raforkuverð og skattgreiðslur hliðstæðrar bræðslu í Noregi, — ég hef vikið að því áður við annað tækifæri, þ. e. Sural, það er álbræðslan í Husnes, hún er nokkuð sambærileg við það, sem ætlað var, að hér væri, — þá liggja fyrir upplýsingar um það, sem ég hef beztar getað fengið fram til þessa og er reiðubúinn til að leiðrétta þær og láta rannsaka þær betur, eins og ég hef sagt, að hvort tveggja út af fyrir sig og samanlagt er hærra á Íslandi en í Noregi, rafmagnsverðið og skattarnir. Rafmagnsverðið var hærra í Noregi, þegar við vorum að afgreiða álsamninginn, eins og ég hef bent á líka, en lækkaði miðað við dollara við gengislækkunina, sem varð í Noregi fyrir nokkrum árum, þar sem samningar voru í norskum kr., en hér var samið um rafmagnsverðið í dollurum. Og það er innan við þau 3 mill, sem nú er greitt fyrir orkuna hér og verður greitt fram til 1975. Rafmagnsverðið í Noregi, hjá Sural, er 25.92 aurar á kwst., en hjá ISAL 26.4 aurar á kwst. Skattar ISALs eru meira en tvöfalt hærri en í Noregi, miðað við raunverulegar og sambærilegar skattgreiðslur þar 1968, sem liggja fyrir, þegar verksmiðjan hefur verið rekin 1967 og 1968 í Noregi. Ég hef ekki reikningana fyrir 1969, en það er meira en tvöfalt hærra en orðið hefði hér með þeim samningum, sem gerðir hafa verið, ef íslenzka álbræðslan hefði þá framleitt sama magn og álbræðslan í Noregi gerði 1968, sem mig minnir, að hafi verið 57 þús. tonn hrááls.

11. Raforkusölusamningurinn við ISAL er tímabundinn. Að því kemur, að við getum sjálfir tekið þetta rafmagn til okkar eigin nota, ef það hentar okkur betur á þeirri tíð. Hann er í erlendum gjaldeyri, dollurum, og hann er með skuldbindingu um greiðslu umsamdrar raforku, enda þótt hún yrði ekki notuð, t. d. ef dregið yrði úr afköstum eða framleiðslu áls hætt vegna breytinga á heimsmarkaði eða gerbreyttrar tækniþróunar, en hvort tveggja gæti orðið, að dregið yrði úr afköstunum hér vegna breyttra markaðsaðstæðna, og það gæti líka hugsazt, þó að það sé ekki líklegt, að álframleiðslu yrði hreinlega hætt í þessari verksmiðju vegna breyttrar tækniþróunar. En slíkt hefur orðið á öðrum sviðum, sbr. áburðarframleiðsluna í Noregi, sem menn þekkja til. En fyrir greiðslunni á umsömdu rafmagnsverði eru fullgildar tryggingar, enda þótt rafmagnið verði aldrei notað.

Það eru staðreyndir eins og þær, sem ég hef vikið að hér, og margar fleiri áþekkar, sem of langt mál yrði upp að telja, sem menn verða að hafa í huga, þegar menn eru að meta, hvort samningarnir við ISAL, samningarnir, sem voru grundvöllur fyrir Búrfellsvirkjun, eru hagstæðir eða ekki. Menn geta endalaust deilt um það, hvað eigi að leggja til grundvallar í sambandi við fyrningarafskriftir og annað, eins og ég hef áður vikið að. Ég hygg, að sú reynsla, sem við höfum þegar fengið af byggingu álbræðslunnar og rekstri þann stutta tíma, sem við höfum haft af rekstri hennar að segja, og sú þekking, sem við þegar höfum um áhrif hennar á rekstur Landsvirkjunar, hafi sýnt mönnum í vaxandi mæli fram á, hve hagstæðir samningar hér voru gerðir, sem hafa þegar haft stórkostlega bætandi áhrif á þjóðarhag okkar og eru líklegir til að hafa það í vaxandi mæli í framtíðinni. Mér var það ánægjuefni, þegar frv. um stækkun álbræðslunnar var afgreitt hér í d., að Framsfl. studdi það mál. Ég dreg ekki fjöður yfir það, að það var gerð grein fyrir því, að þar með léti sá þingflokkur liggja á milli hluta, hvort verðið á rafmagninu til ISALs væri undir framleiðsluverði, en engu að síður var að mínum dómi mikilvæg sú viðurkenning, sem í því fólst að fylgja því máli, eins og gert var með skýrum og efnislegum rökum.

Ég get kannske tæpast búizt við, að í þessu máli snúi sá þingflokkur alveg við blaði, þar sem einn af hans áhrifameiri mönnum er meðflm. þeirrar till. hér, rannsóknarnefndartillögunnar, sem meiri hl. n. leggur til að verði felld og við í ríkisstj. og stuðningsmenn ríkisstj. viljum fella. En þó er ég að gera mér nokkrar vonir um, að það kunni að vera nokkrir úr þeim hópi, sem eru ekki þess sinnis að fylgja máli eins og þessu, vegna þess að það er staðreynd, sem eftir stendur, enda þótt ég hafi í huga niðurlagsorð hv. síðasta ræðumanns, að hér hafa verið lagðar á borðið upplýsingar, sem eru þess eðlis, að ekkert, sem menn hafa óskað eftir, vantar í þessu máli. Umr. hafa í rauninni ekki snúizt, eins og ég sagði í upphafi, um efni till., heldur um það, hvort hv. 6. þm. Reykv. hafi farið með rétt mál og réttar staðhæfingar í umr. Allur meginparturinn af umr. fjallar um það mál. Hitt hafa menn síðan sinnt um að ræða, hvort þörf sé á frekari rannsókn en hér hefur verið lögð á borðið.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð. Ég lýk máli mínu með því að endurtaka það, sem ég sagði, að meginatriðið er að gera sér grein fyrir málinu í heild og meta það, hvort menn vilja hafa verið án þess, sem gerzt hefur vegna álsamninganna og vegna orkusölusamningsins á undanförnum árum, og hvort menn vilja vera án þess nú og í framtíðinni, sem leiða mun

af þessum samningi, þessari stóriðju, sem haldið hefur innreið sína, og þeirri stórvirkjun, sem henni fylgir, í Þjórsá. Þeir, sem vilja og óska þess að vera án alls þessa og hafa ekki kært sig um að hafa það og vilja ekki hafa það, fylgja auðvitað að máli þeim mönnum, sem sí og æ hafa lýst sig andvíga þessu máli. En ég hef látið mér koma í hug, að það séu fleiri og fleiri, sem muni slást í hópinn með þeim, sem á sínum tíma mátu þetta mál sem eitt af meiri háttar framfaramálum okkar Íslendinga, og fylgi við málstaðinn muni því, eins og fram til þessa, fara vaxandi í framtíðinni.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. raforkumrh. hóf mál sitt á því að spyrja, hvers vegna þessi rannsóknartillaga hefði verið flutt. Hann spurði, hvað væri á huldu um byggingarframkvæmdir Búrfellsvirkjunar, hvað væri á huldu um rekstrarkostnað og hvað væri á huldu um samningana við álbræðsluna. Heldur þótti mér þetta ófróðlega spurt hjá hæstv. ráðh. Hann var viðstaddur þann atburð, sem varð tildrög þess, að þessi till. var flutt.

Ég rakti hér í ræðu við 1. umr. fjárlaga staðreyndir, sem ég taldi mig hafa sannprófað um þessi atriði öll, og greindi frá þeim. En næsta dag reis hæstv. þáv. raforkumrh. upp á þingi og vefengdi þau atriði, sem ég hafði komið með í ræðu minni um alla þá liði, sem hæstv. ráðh. minntist á áðan. Við tókum til máls nokkrum sinnum hvor á eftir öðrum og þuldum tölur hvor framan í annan. Ég vakti þá athygli á því, að slík ræðumennska væri ákaflega tilgangslítil, og ég bauð upp á það, að í stað þess, að við værum að þræta í þessum ræðustóli, yrði þetta mál rannsakað á hlutlausan hátt, hvað væri rétt og hvað væri rangt í sambandi við þessar veigamiklu staðreyndir.

Hér var um miklu meira en það að ræða, hvort ég sem einstaklingur eða hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson sem einstaklingur hefðum farið með réttar tölur. Þetta er mál, sem snertir framtíðarþróun efnahagsmála á Íslandi, atvinnumál og efnahagsmál, eins og allir vita. Við þurfum að vita réttar staðreyndir um þetta mál til þess að geta tekið réttar ákvarðanir um framtíðina. Einmitt þess vegna var þessi rannsókn ákaflega nauðsynleg og mikilvæg. Og sú till., sem ég flutti ásamt hv. þm. Þórarni Þórarinssyni um rannsókn, var algerlega áreitnislaus. Í till., eins og hún var orðuð af okkar hálfu, fólst ekki nein skoðun um deilumálið sjálft. Þar var eingöngu lagt til, að kosin yrði rannsóknarnefnd í samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar til þess að kanna þetta mál og hún fengi völd, sem slík rannsóknarnefnd á að hafa samkv. stjórnarskránni, því að slík völd til yfirheyrslu eru algerlega nauðsynleg, ef nefndin á að komast að óyggjandi niðurstöðu.

Þessi till. um rannsóknarnefnd hefði átt að vera fagnaðarefni fyrir þá menn, sem töldu sig fara með rétt mál, og hún átti einnig að vera fagnaðarefni fyrir þá menn, sem vildu hafa það, sem sannara reyndist, jafnvel þótt þeir af einhverjum misskilningi hefðu farið með rangt mál. Það gátu engir verið á móti þessari till., nema þeir menn, sem fóru vísvitandi með rangt mál, því að þeir höfðu ástæðu til þess að óttast slíka rannsókn. Því get ég ekki betur séð en sú afstaða hæstv. ríkisstj. og meiri hl. fjhn. og þeirra sérfræðinga, sem þangað komu, að leggjast gegn rannsókn, sé viðurkenning á því, að málstaður þeirra sé rangur, að málflutningur þeirra og ákvarðanir hafi ekki staðizt. Í þeirri niðurstöðu meiri hl. n. að neita slíkri rannsókn, er falin ákaflega augljós viðurkenning. Og vissulega má ég vel una við slíka viðurkenningu. En eins og ég sagði áðan, þá er það hégómamál í sjálfu sér, hvort ég persónulega má una við þessa viðurkenningu eða ekki. Þetta mál er miklu stærra og örlagaríkara en svo. Við höfum seinustu árin verið að taka ákvarðanir um meginstefnu í efnahagsþróun, sem mun hafa gagnger áhrif á alla rás atvinnumála og efnahagsmála um næstu áratugi, þ. á m. um efnahagslegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Það er þetta málefni, sem alþm. verða að hugsa um, en ekki um það, hvort ég eða hæstv. ráðh. Ingólfur Jónsson og Jóhann Hafstein hafa farið með réttar tölur. Þm. verða að kynna sér málavexti til þess að verða færir um að taka réttar ákvarðanir. Og ég verð að segja, að mér finnst það ákaflega lítilmótleg afstaða, ef meiri hl. Alþ. verður við þeirri beiðni hæstv. ríkisstj. að hafa ekki neina rannsókn á þessu stórfellda máli. Alþ. er æðsta stofnun þjóðarinnar, og Alþ. ber að líta á sig sem sjálfstæðan aðila, þegar um slík stórmál er að ræða. Það er allt of mikið af því gert, að alþm. líti á sig sem eins konar húskarla stjórnarvalda hverju sinni, að ráðh. og jafnvel sérfræðingar geti litið á sig sem húsbændur Alþ. og skipað alþm. fyrir um það, hvernig þeir eigi að bregðast við málum. Ég vil skora á alþm. að minnast einmitt þessa atriðis, þegar þeir taka ákvörðun um þessa till. Það er verkefni Alþ. að rannsaka mál eins og þetta, og það á Alþ. að gera, hvort sem hæstv. ráðh. og einhverjum embættismönnum kemur það betur eða verr.

Í þessu sambandi er raunar ástæða til þess að minnast á vinnubrögð meiri hl. n. að öðru leyti. Eins og menn muna, voru deilur þær, sem urðu á þinginu í haust, aðeins að forminu til á milli mín, hv. þm. Þórarins Þórarinssonar og Helga Bergs annars vegar og hæstv. ráðh. Ingólfs Jónssonar aðallega hins vegar. Þær voru að forminu til, aðeins að forminu til á milli okkar. Allir vissu, að hæstv. ráðh. kom hingað dag eftir dag með nýjar skýrslur, sem samdar voru af Jóhannesi Nordal, formanni Landsvirkjunarstjórnar, og Eiríki Briem, framkvæmdastjóra hennar. Deilurnar voru milli okkar þm. og þessara tveggja embættismanna. Þeir komu með eina skýrslu af annarri, og eins og menn muna hröktust þeir úr einu vígi í annað, því að þeir neyddust dag eftir dag til að viðurkenna æ fleiri staðreyndir. En enda þótt upphaf málsins væri þetta, lætur meiri hl. n. þessa tvo embættismenn, Jóhannes Nor-

dal og Eirík Briem, sjálfa kveða upp þann dóm, að þeir hafi haft á réttu að standa. Þessir tveir embættismenn voru í rauninni sakborningar, þegar þetta mál var rætt á þinginu í haust, því að þeir eru miklu meira en embættismenn. Þetta eru menn, sem hafa lagt á ráðin um stefnu, ekki sízt Jóhannes Nordal. Hann hefur í ýmsum þáttum þessa máls verið eins konar yfirráðherra. En það eru vægast sagt veik vinnubrögð, ef menn eru bornir sökum, að kalla þá til og láta þá kveða upp sýknudóm yfir sjálfum sér. Mér finnst slík málalok vera niðurlægjandi fyrir þessa embættismenn sjálfa. Ef þeir ættu til einhvern heilbrigðan metnað, ættu þeir að fara fram á, að framkvæmd yrði heiðarleg og hlutlaus rannsókn til þess að leiða hið sanna í ljós, svo að þeir þyrftu ekki að liggja undir þessu ámæli. Og frá hálfu n. og frá hálfu Alþ. eru slík vinnubrögð algerlega ósæmileg. Þetta eru meginatriði málsins, þess máls, sem hér liggur fyrir, vegna þess að till. okkar Þórarins Þórarinssonar fjallaði um skipun rannsóknarnefndar.

Hitt er svo engu að síður mjög fróðlegt, að skýrsla sú, sem meiri hl. n. birtir og samin er af Jóhannesi Nordal og Eiríki Briem, staðfestir í öllum meginatriðum, að ég fór með rétt mál við 1. umr. fjárl., eins og hv. þm. Lúðvík Jósefsson rakti áðan í mjög rökfastri og skýrri ræðu. Ég vil leyfa mér aðítreka nokkur þau atriði, sem hann minnti þar á.

Eitt það atriði, sem reynt var að vefengja hvað mest í upphafi, var sú frásögn mín, að byggingarkostnaður við Búrfellsvirkjun í fyrsta áfanga hefði farið um fjórðung fram úr áætlun. Og meiri hl. n. segir í inngangi sínum að skýrslu utanþingsmannanna, sem semja nál. að mestu leyti, að misskilningur minn, eins og þeir orða það, stafi einfaldlega af því, að „ræðumaður hefur ekki varað sig á áhrifum tveggja gengisbreytinga á þær tölur, sem hann notaði. Þetta hefði hann þó vafalaust getað forðazt, ef hann hefði leitað skýringa á þeim tölum Harza, sem hann byggði málflutning sinn á, í stað þess að færa þær fram ómeltar, en af þeim dró hann svo margvíslegar ályktanir um hækkun raforkuverðs og tap á raforkusölu til ISALs. Allt hefur þetta komið greinilega fram í þeim upplýsingum, sem n. hefur fengið í hendur. Það er fjarri lagi, að kostnaðarverð Búrfellsvirkjunar hafi farið 25% fram úr áætlun reiknað í dollurum, eins og flutningsmenn halda fram. Samkvæmt upplýsingum Harza, sem fram hafa verið lagðar, ásamt tölum úr bókum Landsvirkjunar, er áætlaður stofnkostnaður Búrfellsvirkjunar nú talinn 43 millj. dollara, en var árið 1966 áætlaður 42.8 millj. dollara. Ekkert hefur komið fram, er gefur tilefni til að vefengja þessar tölur."

Þetta segir meiri hl. n. En misskilningurinn er hjá meiri hl. n., ekki hjá mér. Þeir vilja, að upphafleg kostnaðaráætlun sé áætlunin frá 1966. Þá var gengi dollarans 43 kr., en gengi dollarans er nú 88 kr. Auðvitað hafa þær tvær gengislækkanir, sem framkvæmdar voru, raskað öllum verkáætlunum í öllum verkum, sem unnin voru á Íslandi á þessu tímabili. Það væru algerir afglapar og flón, sem breyttu ekki áætlunum sínum, þegar framkvæmdar væru gengislækkanir, sem skertu gengi krónunnar um meira en helming. Og auðvitað datt þeim mönnum, sem báru ábyrgð á Búrfellsvirkjun, ekki í hug að hafa í frammi slíkan afglapaskap. Þegar gengið var lækkað, voru áætlanirnar að sjálfsögðu endurskoðaðar. Eftir þá endurskoðun áætlaði Harza, hið bandaríska fyrirtæki, sem sér um eftirlit og bókhald framkvæmdanna, kostnað við fyrri áfanga virkjunarinnar 25 millj. 854 þús. dollara, eins og ég sannaði við umr. í haust með beinni tilvitnun í skýrslu bandaríska verkfræðifyrirtækisins Harza. Ég kom raunar með þessa skýrslu í ræðustólinn, eftir að hæstv. þáv. raforkumrh. var búinn að vefengja, að þessar tölur mínar hefðu við nokkur rök að styðjast. Ég kom með þessa skýrslu í ræðustólinn og sýndi hæstv. ráðh. hana, og ég hygg, að ýmsir þeir þm., sem hér eru staddir, muni eftir því, hvernig andlitið hreinlega datt af þessum hæstv. ráðh. En þessi upphaflega kostnaðaráætlun hækkaði síðan upp í 32.6 millj. dollara, eða um 26%, eins og ég sagði. Þetta er viðurkennt margsinnis í þessu nál., bæði í inngangi meiri hl. og einnig í skýrslu Harza, sem þarna er. Hins vegar er komizt svo að orði, að þessi endurskoðun Harza hafi ekki verið raunhæf. Hvað felst í því orðalagi, að þessi endurskoðun hafi ekki verið raunhæf? Í því felst auðvitað það, að áætlunin stóðst ekki, nákvæmlega eins og ég sagði, þetta fór fram úr áætlun. Þess vegna var hún ekki raunhæf. Þetta fór fram úr áætlun um 26%. Hitt er svo aftur tilviljun, að áætlunin frá 1966 og kostnaðaráætlunin nú eru nærri hvor annarri. Kostnaðurinn átti að sjálfsögðu að lækka verulega vegna gengislækkananna. En sú lækkun var öll étin upp og meira en það. Ef gengið hefði ekki verið lækkað, hefði staða Búrfellsvirkjunar sannarlega verið ömurleg í dag. En í því sambandi er það fullkomið alvörumál, að hér á Íslandi eru í sífellu að rísa ný fyrirtæki, sem kalla á æ örari gengislækkanaþróun. Og má í því sambandi minna á það, að einnig í umr. um EFTA var því spáð af hinum sérstaka sérfræðingi ríkisstj. í því máli, að aukin erlend fyrirtæki á Íslandi mundu kalla á enn þá örari gengislækkanir en tíðkazt hafa að undanförnu, og þykir nú flestum nóg um þær. Í stað þess að framkvæmd eins og Búrfellsvirkjun ætti að sjálfsögðu að styrkja efnahagskerfið og efnahagslegt öryggi á Íslandi, þá kallaði þessi vandi og samningurinn við álhringinn, sem gerður var í dollurum, eins og hæstv. ráðh. minntist hér á, — hann kallaði ásamt öðru á gengisfellinguna.

Ég greindi frá því einnig í ræðu minni í haust, að þegar raforkuframleiðsla hæfist og raforkusala frá Búrfellsvirkjun, yrði framleiðsluverð á kwst. meira en tvöfalt meira en álbræðslan greiðir. Þetta er viðurkennt skilyrðislaust í þessu nál., eins og kemur fram á bls. 9, þar sem talið er upp, að fyrstu 5 árin

sé greiðsla álbræðslunnar lægri en framleiðslukostnaður. Í því sambandi er vert að minna á, að hér er enn farið með þær algeru falsanir, að álbræðslan greiði 26.4 aura á kwst. fyrstu 6 árin. Hv. frsm. n. sagði, að ég og aðrir hefðum farið með vísvitandi ósannindi um þau mál. Staðreyndin er sú, að álbræðslan greiðir ekki nema 22 aura. Munurinn, 4.4 aurar, er þannig fenginn, að ríkissjóður gefur eftir þá upphæð af þeim sköttum, sem búið var að semja um. Þarna er um að ræða meðgjöf úr ríkissjóði. Og slík tilfærsla á fjármunum, okkar eigin fjármunum innanlands, kemur ekki samningunum við álbræðsluna hið minnsta við. Við erum að ræða viðskiptin við álbræðsluna, og þegar menn taka þessa tilfærslu frá ríkissjóði til Búrfellsvirkjunar inn í það dæmi, eru það þeir, sem eru að fara með ósæmilegar blekkingar. En tapviðskipti þau, sem verða fyrstu árin, eru raunar mjög athyglisvert atriði, og ég mun síðar koma betur að þeim.

Ég hélt því einnig fram í ræðu minni í haust, að kostnaðarverð á raforku yrði til frambúðar hærra en álbræðslan greiðir. Mikið hefur verið reynt að hrekja þær röksemdir, sem ég færði fyrir þessu, og í því sambandi hafa komið fram ýmsar tölur, og í þessu nál. eru til að mynda margar tölur. Þó fann ég þar ekki töluna 16 aura á kwst., sem hæstv. fyrrv. raforkumrh. komst niður í í umr. í haust. Hins vegar ber þeim ekki saman, stjórn Landsvirkjunar, sem talar um 20.1 eyri, og Harza hins vegar, sem neðst á bls. 13 talar um, að einingarverðið geti komizt niður í 21.3 aura miðað við 7.5% vexti. Samkvæmt þessari áætlun Harza ætti því verðið að vera 0.7 aurum undir því verði, sem álbræðslan greiðir, en ekki nokkrum aurum hærra, eins og ég hafði haldið fram. En af hverju stafar þessi munur? Hann stafar af því, að ég reiknaði framleiðslukostnaðinn á ári eins og gert var í hinum upphaflegu áætlunum stjórnarvalda, í hinum upphaflegu áætlunum hæstv. ríkisstj. og þeirra Jóhannesar Nordal og Eiríks Briem. Í frv. til l. um Landsvirkjun voru rekstrargjöld Búrfellsvirkjunar skilgreind á þennan hátt á bls. 18, með leyfi hæstv. forseta:

„Með rekstrargjöldum er hér átt við: Stjórn, eftirlit, viðhald, gæzlu og vexti og afborganir lána. Opinberum gjöldum og gjöldum fyrir lands- og vatnsréttindi er þannig sleppt, svo og þeim hagnaði, sem Landsvirkjun er nauðsynlegur.

Fyrrgreind rekstrargjöld eru áætluð: 9.2% af stofnkostnaði vatnsvirkjananna og þá miðað við 25 ára annuitetslán með 6% vöxtum, 14.5% af stofnkostnaði jarðgufustöðvarinnar og þá gert ráð fyrir 15 ára annuitetsláni með 6% vöxtum, 11.3% af stofnkostnaði gastúrbínustöðvar og þá áætlað 15 ára annuitetslán með 6% vöxtum og að stöðvarnar séu nær eingöngu notaðar sem varastöðvar.“

Ég fylgdi þessari skilgreiningu og reiknaði með því, að rekstrarkostnaður væri 10% af stofnkostnaði virkjunarinnar. Ég jafnaði þá á milli vatnsaflsstöðvarinnar og gastúrbínustöðvarinnar, og ég tók það með í dæmið, að stöðin yrði að standa undir opinberum gjöldum og hún yrði að skila einhverjum lágmarkshagnaði. Þessi tala, 10%, er engin uppfinning mín, hún er komin frá hæstv. ríkisstj. sjálfri og sérfræðingum hennar, og þetta er sú tala, sem hefur verið notuð í sambandi við allar virkjanir á Íslandi og er notuð enn. Fyrir nokkrum dögum hlustaði ég á umr. í sjónvarpi um Gljúfurversvirkjun, og þar talaði framkvæmdastjóri Laxárvirkjunar um það, að árlegur rekstrarkostnaður væri reiknaður 10% af stofnkostnaði. Ég minnist þess einnig, að fyrir fáeinum vikum skrifaði einn hv. þm., Jónas Pétursson, grein í Morgunblaðið, þar sem hann fagnaði mjög því nýmæli að reikna með 40 ára afskriftum á raforkustöðvum og árlegum rekstrarkostnaði, sem er 8.5%, því að með því móti gat hann fengið mjög hagstæða útkomu úr virkjun, sem hann hafði áhuga á fyrir austan. En hv. þm. var ekki fyrr búinn að skrifa þessa grein en hann fékk snuprur fyrir, því að þetta átti sannarlega ekki við um íslenzkar vatnsaflsstöðvar. Þessi útreikningur á ekki við nema um þessa einu stöð, sem þarna er um að ræða, Búrfellsvirkjun. Samkvæmt þessum forsendum, sem ég notaði og gerði fulla grein fyrir, eru mínar tölur réttar. Það eru ráðamenn Landsvirkjunar og hæstv. ráðh., sem breyta sínum eigin forsendum. Nú er ekki reiknað með því að greiða virkjunina upp á 25 árum, eins og þá var talað um, heldur á 40 árum, og í samræmi við það er árlegur rekstrarkostnaður lækkaður í 8.5–9%. Það er auðvelt að sanna hvað sem er með því að breyta forsendum.

Á bls. 7 í skýrslunni er sagt, að endingartími vatnsvirkjana sé mjög langur, a. m. k. 60–70 ár og sennilega 70–90 ár, og hæstv. raforkumrh. virtist kominn enn lengra í ræðu sinni hér áðan. Vafalaust verða þessi mál til umr. á þingi á næstu árum einnig, og þá hefur hæstv. ríkisstj. sannarlega þó nokkurn varasjóð, hún getur fært þennan tíma upp í 70 ár eða 80 ár eða 100 ár, ef hún þarf á því að halda. en samanburður af þessu tagi er náttúrlega fjarstæðan ein. Er við berum saman, verðum við að ganga út frá þeim forsendum, sem gefnar voru á Alþ. í upphafi, það þýðir ekki að breyta forsendunum. Með því eru menn að gefa sjálfum sér ranga útkomu. Og auðvitað felst það í þessari aðferð hæstv. ríkisstj., að hún viðurkennir það, að upphaflegar áætlanir hennar hafi ekki staðizt. Það voru vissulega rök á sínum tíma að segja: Við eignumst þó þessa stöð eftir 25 ár, við eignumst þessa afkastamiklu rafvirkjun eftir 25 ár. – En nú verður hæstv. ríkisstj. að segja: Við eignumst hana ekki fyrr en eftir 40 ár. – Þetta er afar skýr viðurkenning á því, að áætlanir hæstv. ríkisstj. hafi ekki staðizt. Raunar er, eins og áður hefur verið rakið margsinnis, tal hæstv. ríkisstj. um að greiða lánin upp á 40 árum ekki í neinu samræmi við greiðslutíma lánanna sjálfra. Og það er áreiðanlega óleyst vandamál, hvernig á að koma

þeim hlutum heim og saman og mun áreiðanlega ekki auðvelda hæstv. ríkisstj. að fá þá útkomu, sem hún keppir nú að.

Umr. frestað.

Á 65. fundi í Nd., 23. marz, var fram haldið síðari umr. um till.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Í fyrri hluta ræðu minnar, sem fluttur var s. l. föstudag, minntist ég fyrst á þá niðurstöðu fjhn. að leggja til, að till. okkar hv. þm. Þórarins Þórarinssonar um rannsóknarnefnd yrði felld. Í þeirri afstöðu er fólgin ákaflega lærdómsrík viðurkenning á því máli, sem um hefur verið deilt á Alþ. Ég vék einnig að því í þessum fyrri hluta ræðu minnar, að í skýrslu þeirri, sem Jóhannes Nordal, formaður Landsvirkjunarstjórnar, og Eiríkur Briem, framkvæmdastjóri hennar, hafa birt og er meginefni í nál. meiri hl. fjhn., er viðurkennt, að ég hafi farið með rétt mál að því er varðar þau atriði, sem voru hér til umr. í haust. Í fyrsta lagi er það staðreynd, sem ekki verður vefengd, að fyrri hluti virkjunarframkvæmdanna, kostnaður við fyrri hlutann, fór fram úr áætlun um 26% miðað við þá áætlun, sem endurskoðuð var með tilliti til tveggja gengislækkana. Í annan stað er það einnig staðfest, að tapið á viðskiptunum þessi fyrstu ár er ákaflega stórfellt og raunar meira en ég hélt hér fram í haust. Hins vegar kemur fram mismunur að því er varðar endanlegt raforkuverð, eftir að búið er að fullgera Búrfellsvirkjun, og halda ráðamenn Landsvirkjunar því fram, að verðið verði nokkrum aurum lægra en ég hafði haldið fram. Ástæðan fyrir þessum mismun er sú, að ráðamenn Landsvirkjunar hafa breytt forsendum þeim, sem áður voru gefnar. Í stað þess, að upphaflega var reiknað með því, að stöðin yrði greidd niður á 25 árum, þá er nú talað um að greiða hana niður á 40 árum. En með því að breyta þannig forsendum eru menn að sjálfsögðu að fjalla um þetta mál á óheiðarlegan hátt. Eigi að vera um einhvern raunverulegan samanburð að ræða, þá verða að vera sömu forsendurnar í báði skiptin. En jafnvel þessar breyttu forsendur hrökkva ekki til. Í plaggi ráðamanna Landsvirkjunar eru margar töflur birtar, en þó vantar þar ýmsar töflur, sem fróðlegt hefði verið að sjá. Það er t. d. engin tafla þar um tapið fyrstu árin, þegar einnig stjórn Landsvirkjunar viðurkennir, að um veruleg tapviðskipti sé að ræða. Í áliti stjórnar Landsvirkjunar er engin vitneskja um það gefin, hversu mikið þetta tap er. Ég hef bætt úr þessari undarlegu vanrækslu Landsvirkjunarstjórnar með því að reikna þessi töp út. Og niðurstaðan er sem hér segir:

Á árinu í ár er kostnaðarverð á raforku 47.4 aurar á kwst., að því er stjórn Landsvirkjunar segir, en greiðslan frá álbræðslunni er aðeins 22 aurar, því að verðið 26.4 aurar er sem kunnugt er fengið með því, að ríkissjóður greiðir 4.4 aura með hverri kwst. frá Búrfellsvirkjun til álversins. Þar er um að ræða tilfærslur hér innanlands, en ekki viðskipti við álbræðsluna, greiðsla hennar er aðeins 22 aurar. Á þessu fyrsta ári, árinu í ár, er tapið af viðskiptunum 155 millj. kr. Á næsta ári, 1971, er framleiðslukostnaðarverð 41.3 aurar á kwst. og tapið á sölu á raforku til álbræðslunnar er á sama hátt 139 millj. kr. Árið 1972 er framleiðslukostnaðarverðið 31.9 aurar og tap okkar á viðskiptunum á sama hátt 91 millj. Árið 1973 er framleiðslukostnaðarverð 24.7 aurar og tap á viðskiptunum 31 millj. Árið 1974 er framleiðslukostnaðarverð 22.7 aurar og árstap á viðskiptunum 9 millj. Þessi 5 ár er sem sé um tapviðskipti að ræða, sem nema samtals 424 millj. kr. Þetta er allt saman samkvæmt tölum Landsvirkjunarstjórnar sjálfrar. Og hver á að greiða þetta tap? Um það er enga vitneskju að finna í þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir. Á það er ekki minnzt. Hins vegar er lögð áherzla á það, að í lok 25 ára tímabils verði heildargreiðslurnar frá álbræðslunni orðnar 6.5 milljarðar kr. Það er að vísu nokkuð of há tala, því að þessi meðgjöf úr ríkissjóði er þarna meðtalin, hin raunverulega tala er 6.2–6.3 milljarðar kr. En ef þetta tap, sem ég var að ræða um áðan, er einnig gert upp í lok þessa 25 ára tímabils með 7% vöxtum, þá er það orðið 877 millj. kr. Það eru um 14% af heildarupphæðinni. Til þess að rísa undir þessu tapi og ná þeirri afkomu, sem stjórn Landsvirkjunar talar um, þyrfti raforkuverðið þannig að vera 14% hærra en nú er talað um. Sé miðað við 21.3 aura á kwst., sem framleiðslukostnaðarverðið er, hið endanlega verð, þá þyrfti það að vera 14% hærra til að ná jöfnuði, ekki 21.3 aurar, heldur 24.3 aurar. En það er 2.3 aurum hærra en álbræðslan greiðir. Aðeins þetta eina atriði, tapið af þessum viðskiptum, hið óvefengjanlega tap af þessum viðskiptum fyrstu 5 árin, raskar gersamlega þeim nýja grundvelli, sem stjórn Landsvirkjunar hefur búið sér til.

En hver er ástæðan til þess, að ekki er reiknað með þessu tapi, sem þó liggur fyrir sem viðurkennd staðreynd? Ástæðan er sú, að Íslendingum er ætlað að greiða þetta tap. Við eigum að leggja þetta fram sem óendurkræft framlag. Og það á að taka þetta fé með skattlagningu á Íslendinga, sem skipta við Landsvirkjun. Við höfum reynslu af því nú síðustu árin, að það eru árvissar hækkanir á raforkuverði, og samt er því lýst yfir í skýrslunni, að þessar hækkanir hafi verið allt of litlar. Það hafi ekki verið talið fært að hækka raforkuna eins mikið og nauðsynlegt hefði verið, og ein ástæðan til þess, að það var ekki talið fært, voru raunar þær miklu umr., sem urðu á þinginu í haust. Engu að síður hafa verðhækkanirnar orðið mjög stórfelldar. 15. febr. s. l. hækkaði raforkuverð um 19% í heildsölu, og heildsöluverð að viðbættu verðjöfnunargjaldi er nú 67.7 aurar á kwst. Þetta er það verð, sem íslenzkir viðskiptavinir Landsvirkjunar verða að greiða. Það er þrefalt hærra verð en álbræðslan greiðir. Samt er hér aðeins um heildsöluverð að ræða. Þegar kemur að neytendum,

verður verðið svo aftur margfalt hærra en þetta. Greiðsla fyrir heimilisnotkun í Reykjavík er t. d. um 2 kr. á kwst., 9 sinnum hærra en álbræðslan greiðir. Og samt eru ýmsir aðilar, sem greiða hærra verð en þetta. Þessar verðhækkanir eru framkvæmdar til þess að leggja á Íslendinga óhjákvæmilegt gjald til þess að borga upp hallann af viðskiptunum við álbræðsluna.

Í skýrslum stjórnar Landsvirkjunar eða meiri hl. hennar koma fram ýmis fleiri atriði, sem vert væri að gera að umtalsefni. Ein aðferðin til þess að gera þessi viðskipti hagkvæmari í augum almennings er sú, að nú er því haldið fram, að framleiðsluafköst véla Búrfellsvirkjunar hafi reynzt 15% meiri en málmraun segir til um. Og um það hefur verið talað í blöðum eins og einhverja guðsgjöf, að þessar vélar hafi reynzt miklu afkastameiri en menn reiknuðu með. En hér er um algera fölsun að ræða. Í útboðslýsingu Landsvirkjunarstjórnar var það gert að skilyrði, að vélasamstæðurnar væru þannig gerðar. Það var reiknað með því fyrir fram, að vélarnar gætu skilað 15% meiri afköstum. Þetta var skilyrði af hálfu Landsvirkjunarstjórnar, þegar hún bauð verkið út. Samt var ekki reiknað með þessu þá, og það er engan veginn eðlilegt að reikna með því núna heldur. Raunar er það ekki ljóst, að þessi afköst náist, því að ekki er búið að setja upp nema þrjár af vélasamstæðunum og að sjálfsögðu engin reynsla fengin af þeim, sem ekki er búið að setja upp. Og það er ekki einu sinni hafin sú miðlun við Þórisvatn, sem er forsenda þess, að hin auknu afköst nýtist að fullu.

Annað atriði, sem vert er að minna á í þessu sambandi, eru ísvandamálin í Þjórsá. Því er haldið fram í einni eða tveimur setningum í skýrslunni, að þau vandamál séu nú fullleyst og ekkert vandamál sé þar eftir. En þetta er því miður fjarri sanni. Á þessum vetri hefur margsinnis komið til örðugleika við Búrfellsvirkjun vegna ísamyndana. Þar hafa orðið alvarleg ísavandamál 10—15 sinnum á þessum vetri og oft staðið í meira en sólarhring. Það hefur orðið til bjargar, að vatnsmagnið í Þjórsá hefur verið óvenju mikið í vetur. Það hefur verið um 140 rúmmetrar á sekúndu. En af þessu vatnsmagni hefur orðið að nota 30—40 rúmmetra til þess eins að fleyta ísnum fram hjá, og þetta vatnsmagn hefur að sjálfsögðu ekki nýtzt við raforkuframleiðslu. Þessi aðferð hefur því aðeins staðizt, að orkuþörfin hefur verið mjög takmörkuð, en um leið og hún eykst, stenzt þessi aðferð ekki. Truflanir eins og þær, sem orðið hafa í vetur, mundu þá verða til þess, að orkuframleiðslan raskaðist og nota yrði gasaflsstöðina, en það er ákaflega kostnaðarsamt, eins og allir þm. vita. Raunar hafa ísvandamálin valdið því, að orðið hefur að taka upp mjög kostnaðarsamt eftirlit með ísamyndunum í Þjórsá. Þar hafa fjórir menn verið á vakt allan sólarhringinn í vetur. Byggt hefur verið fyrir þá sérstakt hús, og þeir hafa ýmsa bíla til sinna nota, og þarna hafa verið ýmis fleiri tæki, sem aflað hefur verið vegna þessa vandamáls. Ef slíkur kostnaður á að haldast til frambúðar, er hætt við, að hugmyndirnar um 10% rekstrarkostnað standist ekki. Annaðhvort verður að grípa til miðlunarmannvirkja vegna þessarar ísamyndunar eða nota verður gasaflsstöðina mun meira en menn hafa gert ráð fyrir, og hvort tveggja er þetta kostnaðarsamt.

Enn eitt atriði, sem vert væri að minnast á og fá vitneskju um hjá hæstv. ráðh., er sú deila, sem Landsvirkjun á í við verktaka. Það er alkunna, að verktakar hafa farið fram á að fá verulega miklu hærri fjárhæð en um var samið vegna verksins. Ég hygg, að kröfur þeirra nemi um 7—800 millj. kr. Mér þætti afar fróðlegt að fá um það yfirlýsingu frá hæstv. ráðh., hvort hann telji það öruggt með öllu, að ekki þurfi að fallast á þessar kröfur.

Í sambandi við umr. í haust spurði ég margsinnis um það, hver yrði kostnaður við seinni áfanga virkjunarinnar. Ég benti á mjög einkennilegt misræmi, sem komið hefði fram á hinu háa Alþ. Þegar lagt var fram frv. um lántökuheimild í apríl s. l. vegna seinni áfanga virkjunarinnar, þá var farið fram á að fá að taka lán að upphæð 7.5 millj. dollara. Og í grg. í frv. var greint frá því, að þau verk, sem eftir væru, mundu kosta 7.5 millj. dollara. Nú er því haldið fram, að þessi verk muni aðeins kosta 4.1 millj. dollara, og á því hafa ekki fengizt neinar skýringar, hvernig á þessum mikla mismun standi. Að vísu er talað um, að verk hafi verið flutt á milli áfanga, frá seinni áfanga til hins fyrri. En það var ekki um neitt slíkt að ræða, eftir að frv. um lántökuheimild vegna seinni áfanga var flutt á Alþ. Þessar tilfærslur höfðu gerzt áður. Og þess vegna er mér spurn, hvort sú vitneskja, sem Alþ. var gefin, þegar þetta frv. var lagt fyrir, hafi verið röng. Vissu menn, að seinni áfangi yrði ódýrari en haldið var fram? Og var þarna verið að reyna að jafna met, sem myndazt höfðu vegna fyrri áfanga? Var verið að reyna að fela það fyrir Alþ., að fyrri áfangi hefði reynzt dýrari en menn reiknuðu með, og var verið að reyna að fá þessa upphæð með frv. vegna seinni áfanga?

Í plaggi meiri hl. Landsvirkjunarstjórnar er það mjög athyglisvert, að eftir að fjallað hefur verið allmikið um kostnað við byggingu og rekstrarkostnað, þá er tekið að ræða mjög um almenn áhrif af samningunum við álbræðsluna, og þar koma fram sjónarmið, sem ég tel rétt að vekja athygli á. Á bls. 9 í skýrslunni er komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Það, sem nú hefur verið rakið um hagkvæmni stórra orkusölusamninga, eru engin ný sannindi, og eru ótal dæmi um það í heiminum, að hagkvæmt hefur þótt að selja raforku tiltölulega ódýrt til stóriðju, oft jafnvel undir kostnaðarverði, til þess að geta ráðizt í stórar og hagkvæmar virkjunarframkvæmdir. Eitt dæmi um þetta er samningur Sogsvirkjunar um sölu afgangsorku til Áburðarverksmiðjunnar á aðeins ⅙ af verði til innlendra rafveitna."

Þarna talar stjórn Landsvirkjunar um það,

að hagkvæmt geti verið að selja raforku undir kostnaðarverði, og ég hygg, að það sé engin tilviljun, að þannig er til orða tekið. Þeir vita fullvel, hvað verið er að gera. Hitt er einnig fróðlegt, að athuga samanburðardæmið, sem þeir taka, viðskiptin við Áburðarverksmiðjuna. Það er alveg rétt, að Áburðarverksmiðjan hefur fengið raforku undir kostnaðarverði, en þar er þó um algeran eðlismismun að ræða, vegna þess að Áburðarverksmiðjan er innlent fyrirtæki. Með því að selja Áburðarverksmiðjunni raforku undir kostnaðarverði er aðeins verið að gera rekstur hennar auðveldari og tryggja það, að hún geti skilað framleiðslu sinni, áburði til bænda, á lægra verði, og lægra áburðarverð á svo að geta skilað sér aftur til almennings í lækkuðu vöruverði. Þarna er aðeins um að ræða tilfærslu á fjármunum innanlands. Ef okkur þykir það henta að færa til fjármagn frá raforkustöðvum okkar til einhverra fyrirtækja innanlands, þá getur það að sjálfsögðu verið hagkvæmt í ýmsum tilvikum, en um slíkt er ekki að ræða í viðskiptunum við álbræðsluna. Sá ábati, sem hún hefur af því að fá raforku á þessu lága verði, flyzt úr landi. Hann verður ekki eftir hér innanlands, hið erlenda fyrirtæki er að hagnýta auðlindir okkar í sína þágu og flytja ágóðann burt með sér.

Annað dæmi um þessa sérstöðu álbræðslunnar birtist á bls. 10 í skýrslunni. En þar er að finna svo hljóðandi röksemdafærslu, með leyfi hæstv. forseta:

„Hin ástæðan til þess, að nauðsynlegt er að halda tiltölulega háu rafmagnsverði til almenningsveitna næstu árin eru áætlanir Landsvirkjunar um mjög öra uppbyggingu raforkukerfisins, er geti lagt grundvöll að frekari stóriðjuframkvæmdum. Í rauninni hefði verið eðlilegast, að Landsvirkjun hefði fengið mun meiri eigin fjárframlög frá eignaraðilum, ríkinu og Reykjavíkurborg, bæði til Búrfellsvirkjunar og áframhaldandi virkjunarframkvæmda. Hefði þá verið tiltölulega auðvelt að stilla hækkun verðlags innanlands mjög í hóf. Hins vegar hefur það orðið ofan á, eins og svo oft áður, að aukning eigin fjár hefur orðið að eiga sér stað að mestu leyti með hækkuðu verði. Jafnframt þurfa menn að gera sér grein fyrir því, að með þessum verðhækkunum eru þeir að leggja fé til örari uppbyggingar raforkukerfisins og til bættrar fjárhagsstöðu Landsvirkjunar, en af hvoru tveggja munu þeir hafa stórfelldan hag, þegar til lengdar lætur."

Þarna er vakin athygli á því alkunna fyrirbæri, að þjóð getur oft lagt á sig ýmsar fjárhagslegar byrðar til þess að búa í haginn fyrir framtíðina, að bæði einstaklingar og íslenzk fyrirtæki geta þurft að greiða hærra raforkuverð en sem svarar framleiðslukostnaði til þess að búa í haginn fyrir frekari raforkuframkvæmdir til þess að tryggja hagþróun í landi sínu og til þess að búa í haginn fyrir framtíðina. En álbræðslan stendur fyrir utan þjóðfélagið að þessu leyti. Henni er ekki ætlað að standa undir þessari almennu þróun hins íslenzka þjóðfélags. Hún hefur sérstöðu, hún á ekki að leggja fram það sama og íslenzkir atvinnurekendur verða að gera og íslenzkur almenningur. Þetta er sérstaða þessa fyrirtækis, og þetta verður sérstaða annarra erlendra fyrirtækja, ef haldið verður áfram á þessari braut. Þetta verða aðskotadýr í þjóðfélagi okkar, og við ætlumst ekki til sömu verkefna af þeim og við ætlumst til af okkur sjálfum.

Eins og ég hef rakið, vita ráðamenn fullvel, að röksemdir þær, sem ég og aðrir höfum flutt á þingi um tapið af raforkuviðskiptunum við álbræðsluna, eru óvefengjanlega réttar. Þess vegna leggja þeir megináherzlu á almennar rökemdir. Að okkur sé hagur í því að hafa fengið álbræðsluna inn í landið, enda þótt ekki sé neinn reikningslegur ábati af raforkusölunni út af fyrir sig. Álbræðslan sé almenn lyftistöng fyrir þjóðfélagið, tryggi atvinnu og margháttaðar þjóðfélagslegar tekjur. Raforkuverð til Íslendinga yrði að vera margfalt hærra, ef álbræðslan keypti ekki neitt o. s. frv. Á þetta er lögð áherzla í niðurlagi skýrslunnar frá meiri hl. Landsvirkjunarstjórnar. Þetta var aðalefnið í ræðum hv. frsm. meiri hl. fjhn. og í ræðu hæstv. raforkumrh. á föstudaginn var, og þetta er orðin uppistaðan í almennum áróðri Morgunblaðsins. Í þessum flótta á nýjar vígstöðvar er einnig fólgin viðurkenning á því, að röksemdir mínar um raforkuviðskiptin eru réttar.

En það er rétt að fara einnig nokkrum orðum um þessar almennu röksemdir. Samanburðurinn um raforkuverðið er mjög glöggt dæmi um það, hvernig reynt er að hafa uppi óheiðarlegan samanburð. Annars vegar er rætt um þau viðskipti, sem nú eiga sér stað, hins vegar er gert ráð fyrir því, að engin ný iðnþróun hefði fylgt í kjölfar Búrfellsvirkjunar, ef ekki hefði verið samið við álbræðsluna. Samkvæmt þessu áttu Íslendingar þá um tvo kosti að velja: Annaðhvort að selja álbræðslunni raforku eða framleiða raforku án þess að hafa neinn kaupanda. Og auðvitað er það auðvelt reikningsdæmi, að óhagkvæmast af öllu sé að framleiða raforku til einskis gagns án þess að hafa kaupanda að henni. En auðvitað stóð það ekki til, þegar Búrfellsvirkjun var ákveðin, að framleiða raforku út í bláinn án þess að breyta henni í verðmæti. Tilgangurinn með því að ráðast í Búrfellsvirkjun var sá, að hún yrði lyftistöng fyrir almenna iðnþróun á Íslandi, að stofnuð yrðu jafnhliða fyrirtæki, sem breyttu orkunni í verðmæti. Þetta var öllum ljóst, ágreiningurinn var ekki um þetta. Hann var um hitt, hvernig ætti að fara að því að breyta orkunni í verðmæti. Hvort það ætti að vera verkefni Íslendinga eða hvort við ættum að gefast upp við þetta verkefni og eftirláta útlendingum það. Till. okkar Alþb.-manna um almenna iðnþróun á Íslandi, fyrst og fremst í sambandi við fiskiðnað, fundu engan hljómgrunn hjá stjórnarvöldum. Viðreisnarstjórnin var sannfærð um það, að Íslendingum væri um megn að nýta orku sína sjálfir. Engar áætlanir fengust gerðar um íslenzka iðnvæðingu, ekkert fjármagn fékkst til rannsókna á því

sviði, heldur var lagt einhliða kapp á að eftirláta útlendingum orkuna. Minnimáttarkenndin var svo alger, að ekki var einu sinni athugað, hvort við gætum orðið aðilar að álbræðslunni og eignazt hana smátt og smátt á tilteknu árabili. Svissneski álhringurinn, sem við höfum samið við, er aðili að fyrirtækjum víða um lönd. En hann setur engan veginn þau skilyrði, að hann sé einn eigandi að slíkum fyrirtækjum. Síðustu árin hefur þessi hringur gerzt aðili að verksmiðjum, þar sem hann hefur átt minni hl. hlutafjárins, og nú nýlega tók hann að sér að endurreisa mikla álbræðslu í Austurríki, en hún er raunar þjóðnýtt og álhringurinn er enginn aðili að rekstri hennar. Við Íslendingar höfum vafalaust átt þess kost að verða aðilar að álbræðslunni og stefna að því að eignast hana smátt og smátt á tilteknu árabili. En ekki er vitað, að íslenzk stjórnarvöld hafi neitt athugað þá hlið málsins, a. m. k. voru þeir kostir aldrei lagðir fyrir Alþ. Íslendinga. Afstaða stjórnarvaldanna var sú ein, að Íslendingar væru ekki menn til að nýta orku sína, það verkefni yrði að eftirláta útlendingum. Ágóði álbræðslunnar af hinni ódýru raforku hér á landi, ódýrustu raforku, sem hringurinn hefur komizt yfir um langt skeið, nemur vafalaust hundruðum millj. kr. á ári, og sá ágóðahlutur er fyrst og fremst fluttur úr landi. Við hreppum aðeins mola af nægtaborðinu. Á þessu sviði er stefna okkar býsna frábrugðin því, sem tíðkast í ýmsum nágrannalöndum okkar. T. d. hafa Svíar lagt á það mikið kapp að fá til samvinnu við sig erlent fjármagn, en það er almenn regla hjá þeim, að þar skuli vera um að ræða blönduð fyrirtæki, þar sem Svíar eigi sjálfir 51% í slíkum fyrirtækjum a. m. k. Ég held, að það hefði verið ákaflega nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að setja einhverjar hliðstæðar reglur um samstarf okkar við erlenda aðila. En það er á þessu sviði einmitt, sem andstæðurnar milli stjórnarflokkanna og Alþb. mætast. Eigum við að kappkosta að nýta auðlindir okkar sjálfir, eða eigum við að eftirláta útlendingum það verkefni? Hitt eru upplognar gerviandstæður, að um það tvennt hafi verið að velja, að framleiða raforku handa erlendu auðfélagi eða framleiða raforku án þess að koma henni í verð. Og útreikningar á þessum andstæðum eru algerlega út í hött og afar gagnsæjar blekkingar.

Sama máli gegnir um aðra röksemd. Í skýrslu ráðamanna Landsvirkjunar er talað um, að 3000 mannár hafi verið unnin í þágu álbræðslunnar, og raforkumrh. lagði áherzlu á hliðstæð atriði í ræðu sinni s. l. föstudag. Þarna er reynt að koma inn hjá fólki þeim samanburði, að um það tvennt hafi verið að ræða, að eftirláta útlendingum þetta vinnuafl eða Íslendingar gengju atvinnulausir þúsundum saman. Í þessu viðhorfi birtist sama uppgjöfin og sama trúleysið og ég var að fjalla um áðan: Sú fráleita afstaða, að við Íslendingar séum þess ekki megnugir að hagnýta vinnuafl okkar sjálfir til þjóðnýtra framkvæmda; ef menn eigi að fá vinnu, verði að kalla erlend fyrirtæki til. Einmitt í þessu er fólgin aðalmeinsemdin í stefnu núverandi ríkisstj. Trúleysið á getu Íslendinga til þess að efla atvinnuvegi sína og halda til jafns við aðra. Það er enginn happafengur að selja útlendingum vinnuafl, heldur hið gagnstæða. Þegar við Íslendingar framleiðum vörur og seljum þær til útlanda, fáum við ekki aðeins greiðslu fyrir hráefni, orku og vinnuafl, heldur einnig verðmætisauka, ágóða, sem flyzt inn í landið og verður þjóðfélagi okkar lyftistöng, þegar til lengdar lætur. En þegar menn vinna hjá erlendum atvinnurekanda, fáum við aðeins greiðslu fyrir vinnuaflið sem hráorku, en verðmætisaukinn lendir hjá hinum erlenda atvinnurekanda og flyzt úr landi. Það væri vissulega fróðlegt rannsóknarefni að kanna, hver þjóðhagslegur munur er á því, að verkamaður vinni að íslenzkri framleiðslu í fyrirtæki, sem er í eigu Íslendinga, eða framleiðslu í þágu erlends atvinnurekanda, sem hefur aðsetur hér á landi.

Hæstv. raforkumrh. tíundaði nákvæmlega, hverjar gjaldeyristekjur við höfum haft af því að byggja álbræðsluna í Straumi, og hverjar gjaldeyristekjur fengjust fyrir vinnuafl þeirra manna, sem starfa að framleiðslunni. Fróðlegt væri, ef hæstv. ráðh. vildi láta okkur í té aðrar tölur. Hvað hagnaðist álbræðslan mikið á þeim tveimur gengislækkunum, sem framkvæmdar voru, eftir að samningurinn var gerður við svissneska álhringinn? Þegar samningurinn var gerður, fékk hinn erlendi auðhringur aðeins 43 ísl. kr. fyrir hvern dollara til þess að greiða íslenzkt vinnuafl. Eftir gengislækkanirnar gat hann keypt vinnu tveggja manna fyrir sama dollaraverðmæti og vinnu eins manns áður. Hvað var byggingarkostnaður álbræðslunnar miklu lægri en áætlað var vegna þessara gengislækkana? Og sama máli gegnir um reksturinn. Áætlanir um reksturinn voru að sjálfsögðu miðaðar við gengið 43 kr. fyrir 1 dollara. Nú fæst tvöfalt meira fyrir dollarann og að sama skapi lægri gjaldeyristekjur fyrir þjóðarbúið. Hversu mikið hefur hinn árlegi rekstrarkostnaður álbræðslunnar lækkað af völdum þessara tveggja gengislækkana? Svissneski auðhringurinn nýtur þess nú ekki aðeins að fá hér ódýrari raforku en hann á kost á í nokkru öðru landi, heldur eru kaupgreiðslur í álbræðslunni taldar vera um 40% lægri en hliðstæðar greiðslur í grannlöndum okkar í Vestur-Evrópu. Menn geta miklazt af gjaldeyristekjunum fyrir þessa vinnu. En þær eru raunar við það miðaðar, að við séum á láglaunasvæði og að þróun þjóðfélags okkar verði í samræmi við það.

Hæstv. raforkumrh. taldi það miklu máli skipta, að samið hefði verið um raforkuverðið í erlendum gjaldeyri og í því væri fólgin verðmætistrygging, og vissulega er það skiljanleg öryggisráðstöfun í gengislækkanaþjóðfélagi eins og okkar. En hvar var verðmætistryggingin í sambandi við byggingu álbræðslunnar? Og hvar er verðmætistryggingin í sambandi við rekstur hennar? Ætli bygging álbræðslunnar muni ekki einmitt stuðla enn frekar að

sjálfvirku gengislækkanakerfi á Íslandi? Ef verkamenn í álbræðslunni koma vinnuafli sínu upp í hliðstætt verð og tíðkast nú í Vestur-Evrópu, er hætt við, að hinn erlendi auðhringur krefjist þess, að metin verði jöfnuð með nýrri gengislækkun á svipuðum forsendum og raktar voru í skýrslu þeirri frá Guðmundi Magnússyni prófessor, sem hér lá fyrir þingi í sambandi við EFTA-málið, að hægt væri að beita genginu til þess að jafna metin að því er kaupgjald snerti.

Till. okkar hv. þm. Þórarins Þórarinssonar um rannsóknarnefnd var bundin við raforkusöluna eina. En fyrst stjórnarvöldin hafa tekið upp almennar, þjóðhagslegar röksemdir, væri vissulega ástæða til að hafa þessa rannsókn víðtækari, og sízt mundi ég hafa á móti því. Ærin ástæða væri til að kanna, hver áhrif það hefur á þjóðfélagið allt, að atvinnureksturinn færist í vaxandi mæli í hendur útlendinga, eins og nú er stefnt að. Við höfum að vísu reynslu af því sjálfir, Íslendingar, hvað það er að búa í þjóðfélagi, sem lýtur efnahagslegri yfirstjórn útlendinga. En sjálfsagt er að kanna það mál að nýju miðað við breyttar aðstæður. Þá væri einnig ærin ástæða til þess að kanna, hvernig háttað hefur verið hliðstæðum samningum í grannlöndum okkar. Hæstv. raforkumrh. hefur flutt á þingi ýmsar staðhæfingar um samninga álhringsins við Norðmenn, og hafa allar þær frásagnir verið afar einhliða, röksemdir valdar úr eins og hæstv. ráðh. hentaði. Ég mundi fagna því mjög að láta rannsóknina einnig ná til þessa atriðis, og þá jafnframt til samninga, sem gerðir hafa verið í öðrum löndum Vestur-Evrópu. Mér þótti það til að mynda afar fróðlegt að sjá það í EFTA-skýrslunni, að málmiðjufyrirtæki í Vestur-Þýzkalandi og víðar í Vestur-Evrópu yrðu nú að greiða 80—90 aura fyrir kwst. af raforku, u. þ. b. ferfalt hærra en greitt er hér á Íslandi. Í Bretlandi er heildsöluverð á raforku yfir 1 kr. á kwst., og þar hafa verið settar sérstakar reglur um það, að raforkusölu til stóriðjuframkvæmda megi ekki blanda saman við aðra almenna raforkusölu, heldur verði viðskiptin við stóriðjuna að standa undir sér sjálf. Okkur alþm. verða að vera tiltækar óyggjandi staðreyndir um þessi atriði öll, og ég mundi vissulega fagna því, ef till. okkar yrði breytt á þann veg. En til þess er trúlega lítil von, fyrst valdamenn þora ekki að láta rannsaka þau atriði, sem næst okkur eru.

Má ég enn minna á það að lokum, hversu fáránlegar eru röksemdir ráðamanna gegn þessari rannsóknartillögu. Í framsöguræðu sinni s. l. föstudag sagði frsm. meiri hl. fjhn., hv. þm. Matthías Mathiesen, að í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga hefðu komið fram fullyrðingar, sem, ef sannar væru, gæfu tilefni til slíkrar athugunar. Hvers vegna aðeins, ef sannar væru? Hvers vegna mátti ekki sýna fram á það með hlutlausri rannsókn, að ég hefði farið með ósannar staðhæfingar? Hefði það ekki einmitt átt að vera sérstakt keppikefli að láta sanna það á óvefengjanlegan hátt, að ráðh. og sérfræðingar þeirra færu með rétt mál, en ég hefði gert mig sekan um misskilning eða eitthvað þaðan af verra?

Af hverju stafar þessi umhyggja fyrir mér? Hvers vegna mátti ekki rannsaka málið, án þess að ganga fyrst úr skugga um það, hvort ég færi með rétt mál? Ég biðst algerlega undan þessari umhyggju. Ég er reiðubúinn til að leggja málflutning minn undir dóm rannsóknarnefndar og taka ábyrgðinni af ummælum mínum. En rannsóknin verður þá að vera fólgin í öðru og meira en því, að sakborningarnir séu látnir sýkna sjálfa sig.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég get ekki annað sagt en ég sárvorkenni þessum hv. síðasta ræðumanni, 6. þm. Reykv., fyrir það, hversu heltekinn hann er af fordómum kommúnismans. Ræða hans nú, eftir að hafa haft betri tíma til þess að hugsa sig um en á föstudaginn, er mikið til í sama dúr og ræða hans var þá, og hann kemst ekki út úr þessum vítahring, þessi vesalings maður. Það er ástæða til þess að vorkenna honum af því tilefni.

Ég lagði áherzlu á það í mínum fáu orðum í umr. á föstudag, að umr., — og átti þá alveg sérstaklega við ræðu hv. 1. flm. þessarar till., — snerust í raun og veru að engu leyti um till., sem okkur var ætlað að samþykkja, heldur hvort hv. 6. þm. Reykv. hefði sagt þetta rétt eða rangt o. s. frv. En till. er, eins og ég vék að, um að rannsaka staðreyndir um byggingu Búrfellsvirkjunar. Nú hefur þn. fengið þær upplýsingar, allar þær upplýsingar, sem hún hefur beðið um, stofnkostnað og staðreyndir varðandi Búrfellsvirkjunina, og það er sannað og hefur ekki verið mótmælt í umr., — það á kannske einhver eftir að koma hér upp á eftir og segja það, að þeim hafi láðst að mólmæla, — en því er haldið fram og það kemur fram í nál., að ekki hafi verið beðið um fleiri upplýsingar, ekki af minni hl., ekki stjórnarandstæðingunum, þeir hafi fengið allt, sem þeir óskuðu eftir frá Landsvirkjun annars vegar og ekki óskað eftir neinum frekari upplýsingum annars staðar frá. Til hvers þá að vera að samþykkja þessa rannsókn? Slík till. á heima í pappírskörfunni, eins og ég sagði fyrir helgina. Og það á að rannsaka samningana, samninga, sem lagðir voru fyrir Alþ., raforkusamningana árið 1966, sem hafa legið fyrir allan tímann. Hvað hafa þessir menn verið að gera allan þennan tíma, sem allt í einu láta sér detta í hug, að það þurfi að rannsaka þessa samninga? Hvað er hulið við raforkusamningana? Menn geta haft sínar skoðanir á því, hvað þetta og þetta þýði í samningnum fyrir afkomu og rekstur o. s. frv., en hér er ekki neitt hulið, og hér hefur ekki verið haldið neinum upplýsingum fyrir mönnum. Þess vegna er svokölluð opinber rannsókn út í hött, sett fram til þess að blekkja og reyna að gefa í skyn, að hér sé eitthvert óhreint mjöl í pokanum, sem þessir hv. flm. vita, að er ekki.

Það hefur áður komið fram, að hv. 6. þm. Reykv. sé reikningsmaður góður og hafi hlotið

góða einkunn í reikningi á stúdentsprófi. Það er þeim mun furðulegra að hlusta á tal þessa hv. þm. hér, þegar hann er að reikna út tapið, tapið fyrir Landsvirkjun af raforkusölu frá Búrfellsvirkjun. Það er eins og kemur fram í skýrslunum, að kostnaðarverð næst ekki til að byrja með, vegna þess að virkjunin er ekki orðin fullnýtt. En það er líka gerð grein fyrir því, að ef Búrfellsvirkjun hefði verið byggð án álbræðslunnar og í litlum áföngum, þannig að fyrst hefði verið byggð 35 mw. virkjun og að öðru leyti hefðu framkvæmdir verið þannig, að hægt hefði verið að byggja stífluna í smáum áföngum, allt gert í eins litlum áföngum og hugsazt gat, enda þótt það segi í skýrslu Landsvirkjunar, að sennilega hefði þetta ekki verið framkvæmanlegt, en það er hins vegar gefið sem möguleiki og reiknað þannig út, þá hefði almenningur ekki þurft að borga 67.7 aura í heildsöluverð á kwst., heldur 2.24 kr. og í smásölu mundi það vera töluvert á sjöundu kr. Svo stendur hv. þm. hér og reiknar út tapið af Búrfellsvirkjuninni, hvað það sé mikið, sem við töpum á því að selja álbræðslunni raforku fyrstu árin, eins og alltaf hefur verið gert ráð fyrir, sem væri undir verði, meðan nýtingin væri ekki komin fram. Svo er því haldið fram, að raforkuverðið, sem greitt er, verði alltaf undir kostnaðarverði.

Í álitsgerðinni frá Landsvirkjun stendur á bls. 8:

„Sé nú stofnkostnaður reiknaður, að meðtöldum öllum stofnkostnaði gasaflsstöðvarinnar og þessum aukna miðlunarkostnaði, nemur hann samtals 4370 millj. kr. Afkastageta Búrfellsvirkjunar fullnýttrar mundi þá verða 1970 millj. kwst., en kostnaðarverð raforku á kwst. 18.9 aurar miðað við 8.5% árlegan kostnað, en 20 aurar miðað við aðferð sérfræðinga Sameinuðu þjóðanna.

Þessu til samanburðar er söluverð raforku til ISALs 26.4 aurar fyrstu 6 árin, en síðan 22 aurar. Það finnst því í þessum tölum engin stoð fyrir þeirri fullyrðingu, að raforka til ISALs sé seld undir kostnaðarverði."

Svo er bara haldið áfram að reikna og reikna og sagt, að það sé ljóst, að rafmagnið sé selt undir kostnaðarverði. Það má auðvitað segja, að það geti komið mismunandi út, og það er það eina, sem hér er raunverulega deilt um, en það er ekki till., sem þá er verið að deila um, hvort eðlilegt sé að reikna 40 ára fyrningarkostnað og með 7% vöxtum eða 25 ára fyrningartíma. Og það skilja allir, að á því verður náttúrlega munur. En hitt er staðreynd um leið, að það eru bæði sérfræðingar Sameinuðu þjóðanna, sem vitnað er til, og mjög eðlilegur háttur að miða fyrningartímann við 40 ár, þegar vitað er, að ending slíkra mannvirkja er meira en tvöfalt á við það, sem þar hefur verið um að ræða.

Svo kom hann að ísvandamálinu, þessi hv. þm., 6. þm. Reykv. Það var ekki svo lítið talað um ísvandamálið á sínum tíma, og það hafa aldrei sézt önnur eins gleðitíðindi í Þjóðviljanum, þegar hann prentaði í vetur — ja, ég held, að það hafi verið 10 dálka fyrirsögn, tvisvar sinnum fimm dálkar með stærsta letri, sem til var, — að nú væri ísstopp, nú væru truflanir í rennsli Þjórsár af ísvandræðum. Það þótti ástæða til þess að birta þessa gleðifregn að dómi þessara manna með tvöfaldri fyrirsögn á forsíðu, með stærsta letri.

Það kemur fram í skýrslu, sem hv. þm. hafa fengið, að ísvandamálið hefur ekki verið eins alvarlegt og þessir elskulegu menn vilja vera láta, en þá langar afskaplega mikið til, að verði, og hlakka yfir, jafnan er eitthvað ber þar út af. Ég hef í höndum framvinduskýrslu um rekstur veitumannvirkja Búrfellsvirkjunar veturinn 1969—1970. Þar er m. a. í niðurstöðu vikið að ísvandamálinu, og skýrslan fjallar um það, en hún er of löng til þess að lesast öll, en ég vil, með leyfi hæstv. forseta, mega vitna hér til lítils hluta úr henni, og það mun vera dr. Gunnar Sigurðsson, sem semur þessa skýrslu og hefur aðallega fjallað um ísvandamálin:

„Af þeim mörgu hlutum," segir þar, „sem gagnrýndir voru á sínum tíma í sambandi við ísinn, má m. a. nefna það, að ekkert átti að vera að marka „módel"-tilraunirnar, af því að ísinn loddi miklu betur saman en plastið."

En eins og kunnugt er, voru gerðar viðtækar „módel"-tilraunir í Þrándheimi af sérstöku vísindafyrirtæki þar.

„Undirkælt vatn átti að festast við öll mannvirki og hlaða á þau grunnstingli. Ísinn átti ekki að geta komizt niður Bjarnalækjarskurð eða Bjarnalæk, heldur hrannast þar upp, og svona mætti lengi telja. Reynslan frá því í vetur sýnir, að rennsli við veitumannvirkin er ótrúlega líkt rennslinu í „módelinu", og ísinn hagar sér í öllum aðalatriðum eins og plastið. Helzti munur er sá, að skerkraftar voru tiltölulega stærri í plastinu í „módelinu", þannig að því var hættara við ísbrúarmyndun en ísnum í Þjórsá.

M. ö. o.: Það var erfiðara að skola fram plastinu í „módelinu" en ísnum í Þjórsá. Ekkert hefur borið á grunnstingli á mannvirkjum og Bjarnalækur og Bjarnalækjarskurður hafa fleytt ísnum mjög vel fram og mun betur en a. m. k. ég hafði þorað að vona."

Reynslan frá í vetur hefur sýnt, að ísinn í Þjórsá er ekki eins mikið vandamál og reiknað hafði verið með. Ég ætla að vona, að þetta birtist á forsíðu í Þjóðviljanum með gleðibragði, að ísinn í Þjórsá er ekki eins mikið vandamál og reiknað hafði verið með, áður en virkjunin var byggð.

„Fyrirkomulag mannvirkja er gott, og þó mættu þau öll vera sterkbyggðari, sérstaklega lokurnar. En þrátt fyrir góða reynslu í vetur má það ekki gleymast, að Búrfellsvirkjun þarf að reka af fullri aðgát með tilliti til íss í 6 mánuði ársins og alvarlegar truflanir af völdum íss geta alltaf komið fyrir, eins og frá öndverðu hefur verið að vikið.

Að lokum vil ég geta þess, að Búrfellsvirkjun hefur vakið mikla athygli sérfræðinga, sem fást við ís í ám og vötnum og vandamál, sem ísinn skapar. Sérstaklega hafa mæli- og að-

vörunartækin vakið mikla athygli, enda alger nýjung. Af þessari ástæðu hefur alþjóðasamband fyrir rannsóknir í streymisfræði ákveðið að halda ráðstefnu á Íslandi næsta haust og helga alla dagskrá hennar ís og ísvandamálum. Er þetta í fyrsta skipti, sem vísindamenn í streymisfræði halda slíka sérráðstefnu um ís."

Og hér lýkur tilvitnuninni. Þetta eru mikilsverðar upplýsingar, sem mér þótti rétt, að kæmu fram, úr því að enn einu sinni var verið að gera mikið úr og hlakka yfir því, hvað íspursmálið væri mikið vandamál og þess vegna óútreiknanlegur sá skaði, sem við ættum eftir að hafa af ísvandamálinu.

Hv. 6. þm. Reykv. vildi fá útreikning á því, hvað gengisbreytingarnar hefðu verið hagkvæmar fyrir Alusuisse, byggjendur álbræðslunnar. Hann, sem er búinn að reikna jafnmikið og raun ber vitni, hefur samt sem áður ekki lagt út í að reikna það, en meginatriðið í sambandi við hinar hreinu gjaldeyristekjur verksmiðjunnar er það, að hæstu tekjurnar, bæði rafmagnssalan og skattgjaldið, er umsamið í dollurum, og það er af þeim sökum, sem við höfum í bili hærra rafmagnsverð en Husnesverksmiðjan, sem oft hefur verið vitnað til, því að miðað við dollara lækkaði verð Norðmanna á því rafmagni, sem þeir seldu verksmiðjunni, þegar gengisbreytingin varð í Noregi.

Það var af miklu alvöruleysi fullyrt hér á fyrra stigi málsins, að það, sem ég hefði verið að bera saman, þ. e. greiðslur fyrir rafmagn og svo opinber gjöld, skattar og annað slíkt í Noregi og hér á Íslandi, væri ekkert sambærilegt, og enn var hv. 6. þm. Reykv. að tönnlast á þessu. Ég hef sagt og segi það enn, að það er eftir beztu vitund, sem ég hef gefið sambærilegar tölur. Ég fór fram á það við ambassador okkar í Osló á s. l. hausti, að hann aflaði upplýsinga um það, hvert raforkuverðið væri og hvaða opinber gjöld bæði til sveitarfélaga og ríkis hefðu verið greidd þau tvö ár, sem búið er að reka Husnes-verksmiðjuna, einmitt til samanburðar við það skattgjald, sem hér er greitt. Og það er á grundvelli þessara tilmæla og bréfaskrifta, sem á milli fóru, að aflað var þessara upplýsinga, sem ég hef vitnað til, en ég hef jafnframt boðið upp á það að halda þessari rannsókn áfram, ef vera mætti, að eitthvað væri í þessu skakkt og annað sýndist réttara, og ég hef boðið hv. stjórnarandstæðingum að eiga fulla hlutdeild að þeirri rannsókn. En það er ótrúlega miklu meira, sem verksmiðjan hér greiðir, því að opinber gjöld greiðir hún meira en helmingi hærri en Husnesverksmiðjan greiddi árið 1968 af sambærilegri framleiðslu. Þá var miðað við 57 þús. tonna framleiðslu, og samanlagt skattgjald og raforkugjald í aurum á kwst. er meira hjá okkur en í Husnes-verksmiðjunni í Noregi eða hjá Sural. Og þær tölur, sem ég nefndi, voru 35.79 aurar á kwst. hjá ISAL á móti 30.55 aurum á kwst. hjá Sural fyrir rafmagn og skatta. Og ég lagði mikla áherzlu á, að ekki bæri að líta á byggingu álbræðslunnar eina út af fyrir sig né heldur greiðslu rafmagnsverðsins út af fyrir sig, heldur sem þátt í heild, sem væri þjóðhagsleg framkvæmd fyrir okkur Íslendinga. Ég gat þess ekki á föstudaginn, hvað borgað er í kr. á lest af áli fyrir rafmagn og skatta, en sé það borið saman, þá er það í Noregi 4583 kr. og hjá ISAL, eins og nú er, 5368 kr.

Það er ekki heldur rétt, — og ég hef margtekið það fram hér, — að Íslendingar hafi ekki athugað þann möguleika að vera eigendur að einhverjum hluta í álbræðslunni, og ég hef sagt það áður í þingsölunum, þó að það sé látið gleymast, þegar mönnum þykir við þurfa, að ég gerði mér sérstaklega ferð á hendur til viðræðna við norska sérfræðinga, einmitt til þess að ræða við þá um þetta fyrirkomulag, sem við erum nú með og samið var um eða um hugsanlega hlutdeild sem meðeigendur að einhverjum hluta. Þeir réðu okkur eindregið frá því. Þá höfðu þeir þegar haft sína reynslu af samsteypunni í Husnesi, og hún var mjög slæm. Álframleiðslunni er þannig háttað, að hráálsframleiðslan er aðeins þáttur í stóru kerfi. Fyrst er unnið úr báxítinu alúmínium eða súrálið, síðan er hráálið unnið og síðan er unnið úr hráálinu og það selt í mismunandi myndum á heimsmarkaðinum. Allt er þetta meira og minna samofið, og aðstaða þess aðila eins, sem að einhverju leyti er lítill þátttakandi í einni grein, er veik, og hún var að okkar dómi of veik, til þess að við höfum viljað á þessu stigi út í hana leggja. En hinu vil ég vekja athygli á, að við öðlumst náttúrlega við þessa framkvæmd stórkostlega reynslu, sem getur lagt grundvöllinn að því í framtíðinni, að við e. t. v. byggðum með einhverjum hætti eigin álbræðslur eða í samvinnu við aðra, og umr. hafa farið fram um það, en þær hafa ekki borið árangur fram að þessu. Það hafa farið fram umr., lauslegar umr. við fulltrúa frá amerísku álfyrirtæki, Amax, um það, að við byggðum álbræðslu og þeir „finanseruðu" álbræðsluna og fengju alla framleiðsluna, við ættum hana raunverulega eða að nafninu til, hvað sem menn vilja kalla það. En „finanseringin" væri greidd með allri framleiðslunni. Það getur verið, að þarna sé leið til þess að vera að einhverju leyti eigandi álbræðslu, svo kallaður eigandi álbræðslu. Þessar viðræður hafa aðeins verið á frumstigi, og þær hafa ekki leitt til árangurs. Það kemur fram í álsamningunum, að Alusuisse telur sig reiðubúið til að ræða við okkur Íslendinga um byggingu álbræðslu á Norðurlandi. Ég hef hugsað mér að hefja viðræður við Svisslendingana um, hvaða möguleikar gæti verið á samvinnu við þá um byggingu álbræðslu á Norðurlandi. En að sjálfsögðu get ég engu um það spáð, hvort af því getur orðið í reyndinni, en slíkt mál fengi auðvitað Alþ. vitneskju um, þegar ástæða þætti til, ef það kæmist á eitthvert framkvæmdastig eða hugsanlegt framkvæmdastig.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði, að við ættum að eiga blönduð fyrirtæki eins og Svíar, þ. e. eiga í fyrirtækjunum með útlendingum. Hvernig var það með kísilgúrinn? Var það ekki blandað fyrirtæki? Samt var það dauðadæmt og alger-

lega ómögulegt, af því að útlendingar voru í því, og þó sem minnihlutaaðilar. Nei, það er árátta á þessum hv. þm., að hann hefur frá öndverðu verið á móti því, að erlent áhættufjármagn væri á nokkurn hátt hagnýtt hér á landi. Það er mergurinn málsins. Hann segir, að fyrirtækið hérna, álbræðslan, fái ódýrari orku en nokkurs staðar annars staðar. Hann minnist á Bretland og segir, að þar sé raforkuverðið miklu hærra. En hvernig er fyrirkomulagið í Bretlandi? Það hefur verið upplýst hér, og það liggja fyrir grg. um það, að það opinbera hefur styrkt álbræðsluna. Hún hefur stórkostlega styrki, allt frá 35 og upp í 40% af kostnaðarverði mannvirkjanna og þá kemur tækifæri fyrir hv. þm. til að stilla upp einu reikningsdæminu enn, hvaða áhrif það hefði raunverulega á raforkuverðið, sem síðan er greitt. Það hefði þótt saga til næsta bæjar, ef við hefðum átt að gefa Svisslendingum 30—40% af kostnaðarverði álbræðslunnar.

Ágóðinn, sagði hv. 6. þm. Reykv., flyzt allur úr landi, þess vegna er það ekkert sambærilegt við Áburðarverksmiðjuna. Það hefur aldrei verið neitt sambærilegt hér, þegar verið er að reka ofan í þessa hv. þm. þær vitlausu staðhæfingar, sem þeir hafa haldið fram. Þá er alltaf hlaupið til og sagt, að það sé ekki sambærilegt við eitt og annað.

Það er ýmislegt, sem flotið hefur með álbræðslunni. Hvað er með höfnina í Straumsvík? Hafnarfjarðarbær á þessa höfn og hefur af henni stórkostlegar tekjur, og álbræðslan greiðir hana, öll lán, sem til hennar voru tekin, á 15 árum, eins og nú er endanlega búið að ganga frá samningum um. Þetta er ekki alveg ónýtt, en hvað er svo með álbræðsluna sjálfa og Búrfellsvirkjun? Eru ekki samningarnir tímabundnir? Við erum ekki skuldbundnir að selja þeim raforku nema í lengsta lagi til 45 ára. Þá getum við notað þessa orku frá Búrfellsvirkjun okkur í hag, sem komst á með hagfelldum hætti í upphaflegri samvinnu. Og hvað um álbræðsluna sjálfa eftir 45 ár? Svisslendingarnir vildu taka upp viðræður við okkur um að láta samninginn gilda eitthvað lengur, eftir 45 árin fengjum við svo og svo mikinn hluta í álbræðslunni. Ég gæti vel trúað, að við gætum fengið helminginn til ¾ hluta eða eitthvað svoleiðis eftir 45 ár. Afstaða okkar var að segja nei, við semjum ekki við ykkur núna um það, hvað verður um álbræðsluna eftir 45 ár. Þá erum það við, sem stöndum við kranann og getum skrúfað fyrir rafmagnið. Og hvað ætlið þið að gera þá? Jú, þið munduð hafa svo kallaðan frest, geta flutt í burtu það, sem þið mættuð taka burt af mannvirkjunum, en þeir vildu þá kannske taka upp samninga við okkur um aðra hagnýtingu á verksmiðjunni í samvinnu við okkur og annað raforkuverð og annað slíkt, en ég hygg, að okkar samningsaðstaða, — það var okkar mat, sem í þessum samningum stóðum, — að okkar aðstaða á þeim tíma væri sú, eftir því sem nokkuð er nú hægt að sjá með vissu, á þessu tímabili, að ákjósanlegra væri að láta það dæmi liggja á milli hluta. En ég nefni þetta til að sýna, að það eru sannanlega mjög miklir ágóðamöguleikar af slíkum fyrirtækjum, sem upphaflega eru algerlega byggð fyrir erlent áhættufé.

Eins og kunnugt er, höfum við verið að vinna að því undanfarin ár að kanna byggingu olíuhreinsunarstöðvar hér á landi. Ég veit ekki, hvernig því verður tekið, ef það kemur til kasta þingsins, ef leitað verður heimilda í þeim efnum, en við höfum verið með í huga að hagnýta erlent áhættufjármagn þannig, að við ættum helzt meiri hluta frá upphafi og eignuðumst slíkt fyrirtæki að öllu leyti á einhverjum vissum tíma. Þessir hlutir hafa verið orðaðir og eru alls ekki fjarlægir. Sumir þeirra erlendu aðila, sem við höfum rætt við, hafa tjáð sig reiðubúna til þess að byggja hér olíuhreinsunarstöð, sem við eignuðumst svo algerlega á 12—15 árum, en við þyrftum ekkert að leggja í hana og ættum ekkert að leggja í hana. Sumum finnst þetta fjarstæða og finnst það bæði metnaðarmál og eðlilegt, að við eigum meiri hlutann í þessari olíuhreinsunarstöð. Ég er ekkert feiminn að segja það, að mér finnst í raun og veru síður en svo nokkuð verra að kaupa hreinsaða olíu af olíuhreinsunarstöð, sem er eign útlendinga, en við skulum segja starfrækt hér í Geldinganesi, heldur en að kaupa hreinsaða olíu af rússneskri olíuhreinsunarstöð starfræktri við Svartahaf. Ég mundi heldur vilja kaupa af útlendri stöð hérna og þá með þeim hætti, að við mundum eignast stöðina. Ég vona, að ég fái öruggan stuðningsmann í hv. 6. þm. Reykv., ef að þessu kæmi, við slíkt blandað fyrirtæki, sem við ættum að taka okkur til fyrirmyndar. Bara að hann verði ekki búinn að gleyma blönduðu fyrirtækjunum þá og láti sér detta í hug að kalla slíka olíuhreinsunarstöð eða hvaða annað fyrirtæki, sem það væri, aðskotadýr í íslenzku þjóðfélagi, eins og hann vildi kalla álbræðsluna og þá líklega kísiliðjuna líka.

Ég skal svo, herra forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta. Ég hef vikið að ýmsu, sem liggur utan við efni sjálfrar þessarar till., að gefnu tilefni, en það er að mínum dómi gjörsamlega ástæðulaust og þarflaust að samþykkja rannsóknartillögu eins og þessa, þar sem hér hefur farið fram af þn. rannsókn með þeim hætti, sem nú liggur fyrir, og ekki verið af hálfu þn. óskað eftir frekari upplýsingum, hvorki frá Landsvirkjun eða annars staðar frá. Þess vegna á till. hv. þm. að mínum dómi að hafna í bréfakörfunni, sem hún mun gera, þegar hún verður felld.

Frsm. minni hl. (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Það hafa nú þegar farið fram langar umr. um það ágreiningsmál, sem hér hefur mest verið rætt og er tengt þeim tillöguflutningi, sem hér liggur annars fyrir til umr. Mér sýnist vafasamt að halda uppi löngum ræðuhöldum um þetta ágreiningsefni, eins og nú er komið. Það skýrist harla lítið, finnst mér, en hitt er í rauninni aðalatriði þessa máls, sem hæstv. iðnmrh. lét skiljast á sinni ræðu og ég

hef talsvert gert að umræðuefni, þegar ég talaði fyrir hönd minni hl. fjhn. fyrir því, að sú till. yrði samþ., sem hér liggur fyrir. Aðalatriðið er, hvort samþykkja eigi þá till., sem hér liggur fyrir og fer fram á það, að þetta stóra og mikla mál, sem hér um ræðir, verði rannsakað af sérstakri rannsóknarnefnd og skýrsla um málið verði lögð fyrir Alþ. Ég tek eftir því nú, að hæstv. iðnmrh. ber einkum fyrir sig eitt atriði, þegar hann reynir að rökstyðja það, að ekki sé þörf á því, að þessi rannsókn fari fram. Hann segir, að þn., sem fékk till. til athugunar, þ. e. fjhn. þessarar d., hafi ekki óskað eftir frekari upplýsingum um málið en fram komu í n., þar með taldir fulltrúar minni hl. í fjhn., þeir hafi ekki óskað eftir frekari upplýsingum um málið og því í rauninni fengið allt, sem þeir báðu um. Hæstv. iðnmrh. getur varla endurtekið þetta, eins og hann hefur gert í þessum umr., hafi hann hlustað á mál mitt, þegar ég talaði upphaflega fyrir hönd minni hl. fjhn. og vék alveg sérstaklega að þessu atriði. Við í fjhn. litum svo á, þeir sem skipuðu minni hl., að það væri öldungis ómögulegt fyrir venjulega starfsnefnd í þinginu að taka að sér þá rannsókn á þessu stóra og viðamikla máli, sem þáltill. gerir ráð fyrir, að fram fari. Við litum svo á, að við í fjhn. hefðum ekki aðstöðu til annars en að yfirheyra lauslega framkvæmdastjóra Landsvirkjunar og formann stjórnar Landsvirkjunar, sem við gerðum, og fá hjá þeim nokkrar upplýsingar um málið og taka við þeim skýrslum, sem þeir gáfu okkur varðandi málið, en auðvitað hafði þessi starfsnefnd Alþ. ekki aðstöðu til þess að framkvæma þá rannsókn, sem þáltill. gerði ráð fyrir.

Ég vék að því í framsöguræðu minni, að slík rannsókn hefði vitanlega þurft að beinast að því að kanna allar þær áætlanir, sem gerðar voru um framkvæmdir við Búrfell og bera þær áætlanir síðan nákvæmlega saman við framkvæmdakostnaðinn, sem orðinn væri. Þetta er vitanlega mikið verk og þarf í rauninni að vinnast af þar til fróðum mönnum. Hæstv. iðnmrh. komst þannig að orði, að við í minni hl. fjhn. hefðum getað fengið til liðs við okkur löggilta endurskoðendur og þannig farið í gegnum þessi atriði. Vill hæstv. ráðh. segja, að það sé sanngjarnt, að venjuleg starfsnefnd í þinginu fari að vinna slík verk? Fyrir utan það, að mér er nýtt að heyra, að það hafi verið á valdi okkar í minni hl. fjhn. að ráða til okkar slíka starfsmenn, sem án efa hefðu tekið gildar greiðslur fyrir að kafa í gegnum öll skjöl þar að lútandi. Það hefði vitanlega einnig þurft að kanna þá reikninga, sem upplýsingar liggja fyrir um, að liggja nú hjá Landsvirkjunarstjórn frá ýmsum verktökum, þar sem þeir gera kröfur um viðbótargreiðslur fyrir verk sín, og kröfur þeirra skipta mörgum hundruðum millj. kr. Það þarf vitanlega að kanna þessar kröfur til þess að gera sér grein fyrir því, hvað er líklegt um endanlegan stofnkostnað þeirra framkvæmda, sem þegar hafa verið unnar. Síðan þyrfti auðvitað að fara í gegnum það, hvað líklegt væri um þær áætlanir, sem fyrir liggja um kostnað á þeim hluta verksins, sem enn hefur ekki verið unninn, rannsaka síðan rekstrarkostnað, alla einstaka þætti þar, til þess að hægt sé að svara þeim spurningum, sem deilt hefur verið um. Hér kemur auðvitað margt fleira til greina, en ég ætla að þessi upptalning sýni öllum hv. þdm., að vitanlega er gjörsamlega út í hött að tala um, að venjuleg starfsnefnd Alþ. geti tekið að sér þessa vinnu alla og samið um hana skýrslu og lagt hana síðan fyrir Alþ. Spurningin í þessu máli hefur verið þessi og er það enn þann dag í dag: Þykir ástæða til þess, að rannsókn fari fram af sérstaklega kjörinni nefnd til þess að alþm. fái skýrslu um málið í heild? Við í minni hl. höfum lagt á það áherzlu, að við teljum eðlilegt og rétt, að þessi rannsókn fari fram, en svo undarlega bregður við, að hæstv. ráðh., sem hafa haft með áætlanagerðir að gera á beinan og óbeinan hátt ásamt forustumönnum Landsvirkjunar, — þær áætlanagerðir, sem hafa verið lagðar fyrir Alþ. upphaflega, þegar málið var lagt fyrir, og síðar, þegar leitað hefur verið til Alþ. í sambandi við málið, og þeir sem hafa í rauninni borið ábyrgð á því, hvernig að framkvæmdum hefur verið staðið og hvernig til hefur tekizt, — þeir snúast gegn því, að þessi rannsókn fari fram og allur sannleikurinn í málinu verði dreginn fram og benda aðeins á, að fyrir liggi upplýsingar frá forustumönnum Landsvirkjunar og fjhn. Nd. hafi fengið aðstöðu til þess að skoða málið. Auðvitað veit ég, að hæstv. iðnmrh. sér, að þessi röksemd hans fær ekki staðizt. Það er alveg augljóst mál, að hann virðist ekki fyrir sitt leyti vilja, að þessi rannsókn fari fram. Því styður hann þá till., sem kemur frá meiri hl. fjhn., að till., sem fyrir liggur, verði felld og neitað verði um rannsókn.

Ég ætla svo að víkja örfáum orðum að nokkrum þeim deilumálum, sem snerta virkjunarframkvæmdirnar. Ég hef veitt því athygli, að hæstv. iðnmrh. hefur ekki minnzt á þá viðurkenningu frá forustumönnum Landsvirkjunar, sem ég gerði talsvert að umtalsefni og fram kom í svörum þeirra til fjhn. um framkvæmdakostnaðinn við I. áfanga virkjunarinnar, þar sem þeir viðurkenna, að raunverulega hefðu upphaflegar áætlanir átt að lækka um sem nemur 7.4 millj. dollara vegna gengisbreytinganna, þar sem innlendir kostnaðarliðir áttu að lækka í dollurum talið um þessa upphæð. Forustumenn Landsvirkjunar viðurkenna, að þessi lækkun hafi í rauninni ekki komið fram, þessar 7.4 millj. dollara, heldur hafi framkvæmdakostnaðurinn í dollurum talið verið svipaður því, sem upphaflega var áætlað. Forustumenn Landsvirkjunar viðurkenna, að þetta nemi 768 millj. kr. miðað við núverandi gengi. Það er því alveg augljóst mál, að virkjunarframkvæmdirnar hafa orðið 768 millj. dýrari en upphaflegar áætlanir voru um. Þetta hefur auðvitað heitið hingað til á okkar máli, að áætlanir hafi ekki staðizt og framkvæmdakostnaður hafi orðið meiri en upphaflega var áætlað. Ég tel, að ekki sé hægt að deila um

þetta, vegna þess að þessi viðurkenning liggur alveg tvímælalaust fyrir í skýrslum Landsvirkjunar. Hitt er svo í rauninni allt annað mál, hvort þetta, sem tapaðist á umframkostnaði, hefur aftur jafnazt upp í dollurum talið með þeim óbeina hagnaði, sem hlaut að verða á vissum framkvæmdaliðum við tvennar gengislækkanir á þessu verki.

En það á ekki að vera að berja höfðinu við steininn í þessum efnum og neita staðreyndum, því að kostnaður við verkið hefur í reynd farið fram úr áætlun. Ég hafði í minni fyrri ræðu nokkuð vikið að því, að þegar kemur að útskýringum Landsvirkjunar á því, hver teljist vera framleiðslukostnaður raforkunnar frá orkuverinu, þá styðst Landsvirkjun við aðrar forsendur við þessa útreikninga en hún hafði sjálf gert í skýrslum til Alþ. áður. Þar á meðal reiknaði Landsvirkjun nú með því, að seljanleg orka frá orkuverinu verði 1720 millj. kwst., en hún hafði áður reiknað með því, að seljanleg orka frá orkuverinu væri 1635 millj. kwst. Á það var bent, að það er engin leið að fá út þetta orkumagn, sem nú er reiknað með, 1720 millj. kwst., sem seljanlega orku frá orkuverinu, nema á þann hátt að reikna með því, að nýtingartími virkjunarinnar – að því leyti til, sem þarf að selja orkuna til innlendra aðila, – verði mun meiri en þekkzt hefur hér á landi hingað til. Sé miðað við það, að nýtingartíminn sé svipaður og yfirleitt hefur verið reiknað með áður varðandi sölu á orku frá vatnsorkuverum til innlendra aðila, eru engar líkur til þess, að seljanleg orka frá orkuverinu fari yfir 1635 millj kwst. En nú er skyndilega farið að taka alla framleiðanlega orku úr orkuverinu og reikna með því, að hún geti öll selzt á þessu verði. Á þann hátt fara menn því enn nær því en áður að geta haldið því fram, að framleiðslukostnaðarverð orkunnar sé þó lægra en söluverð á orkunni til álfélagsins. Það er í rauninni tómt mál að tala um að halda uppi löngum umr. fram og til baka um þetta. Ég tel víst, að a. m. k. allir þeir hv. þdm., sem hér hafa hlýtt á umr., hafi áttað sig á því, hvað meiri og minni hl. ber á milli í þessum efnum. Ég tók eftir því, að í síðustu ræðu sinni vék hæstv. iðnmrh. að ýmsum í rauninni alveg óskyldum atriðum því máli, sem hér er til umr. Hann fór að minnast á ístruflanirnar í Þjórsá og las þar nokkuð upp úr nýrri skýrslu. M. a. las hann þá upp setningu, sem hljóðaði eitthvað á þessa leið: Alvarlegar truflanir í Þjórsá geta alltaf komið fyrir af völdum ísmyndunar. Það er einmitt þetta, sem við höfum ýmsir bent á, bæði upphaflega, þegar málið um Þjórsárvirkjun lá fyrir Alþ., og síðar. Auðvitað hefur okkur ekki dottið til hugar að halda því fram, að ísvandamálið í Þjórsá væri af þeirri gráðu, að þar væri ekki hægt að virkja, síður en svo. Við höfum hins vegar bent á, að það liggur fyrir frá færustu innlendum sérfræðingum, að í Þjórsá er um verulega hættu að ræða af ístruflunum, en það þýðir, að það þarf þá að reikna með því í auknum mæli að grípa til varaaflstöðvanna. En aflið frá varaaflstöðinni er miklum mun dýrara en aflið frá virkjuninni sjálfri. En þegar framleiðslukostnaðarverð orkunnar frá þessu orkuveri í heild er reiknað út, þá höfum við reiknað með því, að ístruflanavandamálið sé nálega ekkert og að lítið sem ekkert þurfi að byggja á aðkeyptu rafmagni frá varaaflstöðvunum. En einmitt í þessari skýrslu, sem hæstv. ráðh. las úr, er staðfest, að þetta vandamál er fyrir hendi, og það ber því vitanlega að reikna með því, þegar verið er að reyna að gera sér raunhæfa grein fyrir því, hvert kostnaðarverð orkunnar frá orkuverinu er.

Ég tók eftir því, að hæstv. iðnmrh. heldur enn áfram miklum samanburði á viðskiptum Norðmanna við Swiss Aluminium og viðskiptum okkar og telur enn, að við höfum fengið miklu hagstæðari kjör en þeir í Noregi, öfugt við það, sem hann sjálfur og aðrir viðurkenndu þó um það leyti, sem samningarnir við Swiss Aluminium voru gerðir á Alþ. Ég hef bent á, að ég tel, að þessi samanburður hjá hæstv. ráðh. sé mjög ónákvæmur og segi harla lítið um það efni, sem þar er deilt um. Hæstv. ráðh. hefur margendurtekið, að nú séum við að sumu leyti komin í hagstæðara verð vegna gengisbreytinga í Noregi. Ég spyr aðeins: Hvenær hafa þær gengisbreytingar í Noregi átt sér stað? Mér er ekki kunnugt um það. Á þessum síðustu árum, 1967 og 1968, þegar við felldum okkar gengi tvisvar, féll norska krónan ekki. Okkar króna er skráð gagnvart norskri krónu í svo til nákvæmlega sama hlutfalli og gagnvart Bandaríkjadollar, enda held ég, að þetta sé ekki nákvæmt hjá hæstv. ráðh., nema að því leyti til, að það geti verið um minni háttar breytingu á skráningu, svona frá degi til dags, eða tímabundna á milli norskrar krónu og Bandaríkjadollars að ræða. Útreikningar, sem hann birti fyrr, hæstv. ráðh., voru um það, að verðið á raforku í Noregi til alúmíníumverksmiðju þar væri rétt aðeins neðan við 3 mill, en áður hafði verið gefið upp, að það væri 3 mill, svo að ég held, að ekki hafi orðið sérleg breyting á í þeim efnum. En verð okkar á raforku til Swiss Aluminium er raunverulega, eins og hér hefur margsinnis komið fram, 2½ mill, svo að um það var vitanlega ekkert að ræða, að okkar raforkuverð til álfélagsins er lægra en það, sem sama félag keypti orkuna á í Noregi. Spurningin um skattana, sem tvinnast inn í þetta mál, hefur alltaf verið miklu óljósari, en þar er hins vegar býsna ólíku saman að jafna. Í Noregi borgar alúmíníumverksmiðjan skatta eftir norskum lögum eins og um norskt fyrirtæki væri að ræða. En við höfum samið um fast framleiðslugjald, en skattar eru þess eðlis, að þeir geta verið lægri eitt árið og annað árið mun hærri. Það fer auðvitað eftir afkomunni, eftir því hvað telst skattskylt, svo að hér getur margt gripið inn í.

Eins og ég benti á, er ekkert um það að villast, að okkar framleiðslugjald hefur einnig verið miðað að nokkru leyti við stórfelld fríðindi, sem verksmiðjufélagið fékk varðandi undanþágu frá tollum við byggingarframkvæmdir,

sem hins vegar voru ekki í Noregi. Það er eins og um annað, sem hefur verið rætt af þessu tagi, það er meira og minna út úr réttri línu, og er mjög vafasamt að halda uppi löngum umr. um það.

Ég vil þó gera eina aths. enn í sambandi við það, sem hæstv. ráðh. sagði. Hann minntist á afstöðuna til kísilgúrverksmiðjunnar og varðandi blönduð fyrirtæki, hvort Íslendingar ættu jafnvel í vissum tilvikum að fallast á að vera þátttakendur í atvinnurekstri í landinu með erlendum aðilum eða ekki. Ég vil benda hæstv. ráðh. á, að við Alþb.-menn greiddum ekki atkvæði á móti lögunum um kísilgúrverksmiðjuna við Mývatn einmitt á þeim grundvelli, að við Íslendingar ættum þó þar að forminu til meiri hluta hlutafjárins. Og sú afstaða okkar hefur komið skýrt fram á Alþ., að við teljum, að það geti vissulega komið til greina, að Íslendingar eigi og reki fyrirtæki með erlendum aðilum í þeim tilvikum, þegar Íslendingar eiga óumdeilanlega meiri hlutann í viðkomandi fyrirtæki og geta þannig eðli málsins samkvæmt haft tögl og hagldir í félögunum, ef slík félög lúta að öllu leyti íslenzkum lögum. En við höfum hins vegar fundið að því varðandi kísilgúrverksmiðjuna, að þar var gerður annar samningur við hinn erlenda aðila, sem á minni hlutann í rekstrarfélaginu, um að það skuli eiga meiri hluta í sérstöku sölufélagi, sem hefur með afurðasölu verksmiðjunnar að gera. Þar hefur hinn erlendi aðili meirihlutavald og hann semur um það, að hann hafi einkaumboð til þess að selja framleiðslu verksmiðjunnar og áskilur sér þar há sölulaun og mikil fríðindi. Við erum á móti slíku fyrirkomulagi. Hitt gat vel komið til mála, að Íslendingar kæmu upp fyrirtæki af þessari stærð sem kísilgúrverksmiðjan er með hlutdeildareign útlendinga. Þetta vildi ég taka fram í sambandi við hina almennu afstöðu okkar Alþb.-manna til þessara mála og til þessa máls sérstaklega.

Annars fannst mér hæstv. iðnmrh. vera ákaflega skapillur, þegar hann ræddi þessi mál, og mér kom til hugar, að að einhverju leyti stafaði þessi skapillska hjá hæstv. ráðh., þegar hann ræddi þetta mál, af því, að hann hlýtur að hafa fengið, eins og við aðrir alþm., upplýsingar um það, að það var búið að fella stjfrv. í Ed. þingsins. Það er auðvitað stórsögulegur atburður, þegar um það er að ræða, að stjfrv. um stórmál eru felld á Alþ., að ég tali nú ekki um, þegar svo vill til, að úrslitaatkv. er í höndum eins af ráðh., þá er vitanlega um stórpólitískan atburð að ræða. Hingað til hefði verið talið alveg sjálfsagt, að ríkisstj. segði af sér, þegar slíkt á sér stað, og ég hygg, að það mundi gerast á flestum þjóðþingum í V.-Evrópu. Ef stjfrv. um stórmál er fellt og það beinlínis með atkv. eins ráðh., þá á það að verða til þess, að stjórnin segi af sér. E. t. v. er þessi skapillska, sem mér fannst mjög koma fram í ræðu hæstv. iðnmrh., sem nú gegnir störfum forsrh., eitthvað tengd við þennan atburð. Þá er þetta ósköp skiljanlegt, að hann er nokkuð skapillur. En ég vil í beinu framhaldi af þessu, sem ég hef minnzt á svona í framhjáhlaupi í þessu máli, spyrjast fyrir um það, hvort hæstv. ráðh. telji ekki, að hér hafi gerzt slíkur atburður, að stjórnin hljóti að taka tillit til hans. Og þá er kannske óþarft að ræða öllu lengur eða meira um þetta mál, sem er á dagskrá, en rétt að taka fyrir næsta mál á dagskrá eða taka til óspilltra mála í sambandi við kosningar, sem hljóta þá að fylgja í kjölfar þess, að stjórnin gefst upp.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þetta mál er orðið svo mikið rætt í d., bæði við 1. umr. og þessa framhaldsumr. málsins, að ég mun ekki lengja þessar umr. mikið, úr því sem komið er. Mér finnst, að í mörgu af því, sem hæstv. ráðh. hefur sagt, kenni misskilnings á efni till. Efni till. fjallar aðeins um einn þátt hins svokallaða álmáls, þ. e. hvort það verð, sem fáist fyrir orkusöluna til álbræðslunnar, nægi til þess að standa undir rekstrarkostnaði Búrfellsvirkjunar, eins og nú er komið. Þetta er meginefni till. Hæstv. ráðh. talar hins vegar mikið um það, að ef litið er á álmálið í heild og allan þann hagnað, sem af því geti hlotizt, og þá sérstaklega framleiðslugjöldin ásamt með aukinni atvinnu og gjaldeyrisöflun, þá kunni að verða hagnaður af þessu fyrir landið í heild. Ég skal ekkert fara út í þá sálma að ræða um það hér, því að það atriði málsins er alls ekki til umr. Það, sem er til umr., er að fá fullkomlega upplýst, hver sé raunverulegur byggingarkostnaður og rekstrarkostnaður Búrfellsvirkjunar og hvort það verð, sem samið er um, nægi til þess að standa undir rekstrarkostnaðinum eins og nú er komið. Þetta er allt annað atriði en það, hvort það sé þjóðhagslegur hagnaður í heild af byggingu álbræðslunnar, en eins og hæstv. ráðh. hefur réttilega bent á, þá koma þar inn í mörg atriði önnur en orkusalan. En það, sem skiptir meginmáli fyrir Búrfellsvirkjun, er það, hvort verðið, sem hún fær, er nægilega hátt til þess að rísa undir rekstrarkostnaði verksmiðjunnar á komandi árum.

Það liggur alveg ljóst fyrir, hvað rafmagnsverðið snertir, að samið hefur verið um mun lægra verð hér en í Noregi á sama tíma. Eins má vel vera, um það skal ég ekki dæma að þessu sinni, að það fáist tiltölulega meira fyrir framleiðslugjaldið hér en Norðmenn fá fyrir skattana af slíkum fyrirtækjum, um það skal ég ekki dæma að þessu sinni, vegna þess að þær upplýsingar eru ekki fullnægjandi enn þá. En þær varða ekki það atriði, sem hér er verið að tala um, hvort raforkuverðið sé nægilega hátt, því að sá ágóði, sem kemur inn fyrir framleiðslugjaldið, rennur ekki til Landsvirkjunar, heldur fer hann í ríkissjóð, og það getur verið halli á Landsvirkjun eftir sem áður, þrátt fyrir þetta framleiðslugjald. En ef við lítum til þess, — og ég veit, að hæstv. ráðh. hefur mikinn skilning á því, — þá skiptir það ákaflega miklu máli, að það fáist nægilega hátt verð fyrir rafmagnið til þess ekki aðeins að Landsvirkjun geti staðið undir sér, heldur skil-

að nokkrum arði, því að á því veltur m. a., hve hratt við getum unnið að því að byggja upp orkukerfið í landinu. Og þess vegna var í öllum hinum upphaflegu áætlunum um virkjunina stefnt að því, að hún gerði meira en standa undir sér. Miðað var við það, að Landsvirkjun í heild gæti skilað verulegum arði, og þann arð mætti svo nota til þess að hraða uppbyggingu orkukerfisins í landinu. Ef niðurstaðan verður hins vegar sú, að það verður tap af þessum rekstri í staðinn fyrir þann gróða, sem reiknað var með, þá verður þetta til þess að draga mjög úr hraða þeirrar uppbyggingar, sem við höfum stefnt að í þessum efnum. Það, sem m. a. að mínum dómi kæmi til athugunar, ef það reyndist rétt við þessa athugun, að raforkuverðið væri ekki nægilega hátt, sem Landsvirkjun fær frá álbræðslunni, væri að bæta henni það upp með því að fá verulegan hluta af framleiðslugjaldinu, eins og reyndar er gert fyrstu árin. En spurningin er þá, hvort sú skipan ætti ekki að halda lengur áfram, ef svo horfði, að menn byggjust við öðru hverju, að rekstrarhalli yrði hjá Landsvirkjun, ellegar þá að hækka þyrfti raforkuverðið til almennings, hvort þá væri ekki hyggilegra að taka einhvern verulegan hluta af framleiðslugjaldinu og láta það renna til orkukerfisins í staðinn fyrir, að það fer beina leið til ríkissjóðs. En það, sem mér finnst vera kjarni málsins í þessu sambandi, er, hvort raforkuverðið er nægilega hátt til þess að standa undir rekstri Landsvirkjunar. Hitt er allt annað mál og snertir það ekki, hvort hagnaður kunni að vera af álbræðslunni í heild með því að taka inn í dæmið framleiðslugjaldið, atvinnu, sem tengd er við virkjunina, gjaldeyristekjur o. s. frv. Það er allt annar handleggur. Það, sem máli skiptir í þessu sambandi, er, hvort orkuverðið, verðið fyrir orkuna, er nægilega hátt til þess að Landsvirkjun geti staðið undir sér og helzt skilað nokkrum arði til uppbyggingar á orkukerfinu í framtíðinni. Og ég vænti þess, að þegar hæstv. ráðh. gerir sér grein fyrir því, að málið liggur fyrst og fremst þannig fyrir, þá fáist hann til þess að vera með þessari till., því að ég heyri það álit, að hæstv. ráðh. hafi áhuga á því, að Landsvirkjun hafi sæmilega afkomu og helzt það góða, að hún verði þess megnug að safna nokkrum arði, sem nota mætti til þess að hraða uppbyggingu orkukerfisins í landinu.

Ráðh. hélt því fram, að þetta mál hefði fengið nægilega athugun í fjhn. Það er mesti misskilningur, og það geta allir gert sér ljóst, að jafnstórt mál og þetta verður ekki rannsakað á tveimur eða þremur fundum í einni þn. Hitt skal ég viðurkenna, að þær upplýsingar, sem þar koma fram og voru okkur fúslega veittar af þeim forsvarsmönnum Landsvirkjunar, sem mættu á nefndarfundunum, þær upplýsingar urðu til þess að glöggva málið verulega, frá því sem áður var. Mér virtist það t. d. koma fram eða liggja greinilega fyrir eftir þessar upplýsingar, að engin þeirra þriggja megináætlana, sem höfðu upphaflega verið gerðar í sambandi við Búrfellsvirkjun, hefði staðizt. Þessar þrjár megináætlanir voru í fyrsta lagi áætlun um stofnkostnað, í öðru lagi áætlun um fjármögnun og í þriðja lagi áætlun um lánskjör. Það liggur alveg ómótmælanlega fyrir varðandi stofnkostnaðinn, að ef ekki hefðu t. d. orðið mjög verulegar breytingar á gengi á þessum tíma, þá hefði stofnkostnaðurinn farið fram úr áætlun, svo að mörgum hundruðum millj. kr. skipti. Þetta held ég, að sé ekki neitt deilumál, þó að gengisfellingarnar hafi hins vegar gert það að verkum, að þessi halli verður miklu minni í dollurum en ella hefði orðið, ef gengisbreytingarnar hefðu ekki komið til sögunnar. Það liggur jafnljóst fyrir, að sú áætlun, sem gerð var um fjármögnun verksmiðjunnar eða Búrfellsvirkjunar, hefur farið algerlega út um þúfur. Menn þurfa ekki annað en fletta upp á bls. 5 og 6 í nál. meiri hl. til að gera sér grein fyrir þessu. Þar kemur fram, að gert var ráð fyrir að afla fjármagns til Búrfellsvirkjunar m. a. á þann hátt, að gróði yrði á rekstri Landsvirkjunar á árunum 1966–1975. Það kemur greinilega fram í þessari upphaflegu áætlun um fjármögnunina, að gert var ráð fyrir því, að hægt væri að fá fé úr rekstri Landsvirkjunar á árunum 1966–1975, sem næmi 7 millj. dollara. Það verður sennilega ekki neitt úr því, að þetta fé fáist. Það var líka gert ráð fyrir því, að eigendur Landsvirkjunar mundu leggja fram upphæð, sem næmi rúmlega 3 millj. dollara, en þetta framlag verður a. m. k. helmingi meira. Þá er reiknað með talsvert hærra láni frá ríkissjóði en raun verður á. Þetta hefur þær afleiðingar, að í staðinn fyrir að hafa gert ráð fyrir, að ekki þyrfti að afla erlends lánsfjár nema sem næmi 30 millj. dollara, þá verður að taka erlend lán, sem nema 40 millj. dollara. Hér munar 10 millj. dollara, og sá munur er gífurlega mikill, vegna þess að ætlazt var til, að þessar 10 millj. dollara væru eigið fé Landsvirkjunar sjálfrar, sem hún gæti reiknað vexti af eins og henni þóknaðist, en í staðinn verður hún að taka þetta fé að láni og með miklu hærri vöxtum en gert var ráð fyrir, að yrðu af lánum til virkjunarinnar. Þetta, sem ég hef rakið, sýnir ljóslega, að áætlunin, sem hafði verið gerð um fjármögnun Búrfellsvirkjunar, hefur farið gersamlega út um þúfur. Og sama er að segja um þá áætlun, sem gerð var um lánskjör í sambandi við virkjunina, að hún hefur einnig gersamlega farið út um þúfur. Það hefur verið gert ráð fyrir því, að lánskjörin yrðu þau, að vextir yrðu 6% og afborganatíminn 25 ár, en af þeim lánum, sem þegar er búið að taka, er það ekki nema eitt lánið, að vísu stærsta lánið, sem fullnægir þessum skilmálum, en öll hin eru bæði með hærri vöxtum og miklu skemmri endurgreiðslutíma. Allt þetta — hvernig áætlunarfjármögnun og áætlunarlánskjör fara út um þúfur, — veldur því, að rekstrarafkoma Landsvirkjunar verður miklu örðugri næstu árin en búizt hafði verið við. Og það er sér-

stök ástæða til þess, að gerð sé athugun á því, hvort orkuverðið nægi til þess að standa undir hallalausum rekstri Landsvirkjunar. Mér virðist, að eins og dæmin standa í dag, hljóti til annars tveggja að koma næstu árin og hefði áreiðanlega komið, ef nýi álsamningurinn hefði ekki verið gerður, að orðið hefði mjög verulegur halli á Landsvirkjun, ellegar það þyrfti einu sinni enn að hækka verulega orkuverðið til landsmanna. Það bætist svo við, að ekki safnast neinn hagnaður til þess að halda áfram uppbyggingu á orkukerfinu, eins og reiknað hafði verið með. Það er af þessum ástæðum, sem ég tel mikilsvert að fá fram rannsókn á því, raunhæfa rannsókn á því, hvort núverandi orkuverð nægi til þess að tryggja hallalausan rekstur virkjunarinnar og í framhaldi af því, ef nauðsynlegt verður, að gera ráðstafanir til að styrkja aðstöðu Landsvirkjunar frá því sem nú er. Hér er um svo stóran og mikilsverðan rekstur fyrir landsmenn að ræða, bæði nú og í framtíðinni, að ég held, að þm. hljóti að hafa áhuga fyrir því að fá þetta mál upplýst til fulls og fá þá jafnframt grundvöll til að standa á varðandi það, hvort frekari eða nýjar ráðstafanir verði að gera til þess að tryggja afkomu Landsvirkjunar. Eins og nú er, þá svífur þetta mjög í lausu lofti. Það liggja að vísu fyrir rekstraráætlanir, sem sýna sæmilega afkomu, en þá er reiknað með því, að afborgunartíminn sé 40 ár, svo að eina raunhæfa áætlunin, sem mér virðist liggja fyrir, er sú, sem snertir fyrirsjáanlegar greiðslur Landsvirkjunar næstu árin, næstu 4 árin, en hana er að finna á bls. 21 í nál. meiri hl., og þar kemur ljóslega fram, að á næstu árum — þegar undan er skilið aðeins árið í ár, — þá verða afborganirnar, sem virkjunin þarf að greiða, miklu meiri en þær afskriftir, sem menn reikna með á rekstraráætluninni. Það munar svo miklu á þessu, að á árinu 1972 verða afskriftir eða afborganir 69.8 millj. kr. meiri en afskriftir eru reiknaðar á rekstraráætluninni. Þetta er sama upphæð og árið 1974, og árið 1975 er reiknað með því, að afborganir umfram afskriftir verði 106 millj. kr. Og mér skilst, að þessi mismunur muni enn þá hækka á árinu 1975, vegna þess að þá bætast við afborganir af nýjum lánum. En það var við þessa áætlun, sem við verðum fyrst og fremst að miða, og hún sýnir, að þrátt fyrir nýja álsamninginn má engu muna, að það verði ekki greiðsluhalli á Landsvirkjun á þessu tímabili. Frá mínu sjónarmiði gerir þetta nauðsynlegt, að Alþ. afli sér upplýsinga um það til fullnustu, hvernig raunverulegri rekstrarafkomu Landsvirkjunar og Búrfellsvirkjunar verði háttað á næstu árum og geri fullnægjandi ráðstafanir, ef þurfa þykir, til þess að tryggja sæmilega afkomu þessara fyrirtækja. Það verður að vísu ekki gert úr því sem komið er með því að knýja fram hækkun hjá álbræðslunni, en það gæti fullkomlega komið til athugunar í þessu sambandi finnst mér, að Landsvirkjun, til að tryggja sína afkomu, fái tiltölulega meiri hluta af framleiðslugjaldinu en hún fær nú og yfir lengra tímabil en gert er ráð fyrir. Ég vil treysta því, að þegar hæstv. ráðh. athugar þetta mál frá þessu sjónarmiði, þá fallist hann á þessa rannsókn.

Ég vil taka það fram, að stuðningur minn við þessa till. felur ekki í sér neina aðdróttun um það, að eitthvað óheiðarlegt hafi átt sér stað hjá Landsvirkjun, og þeir gallar, sem hafa orðið á áætluninni, kunni ekki að stafa af skiljanlegum ástæðum, þó að bersýnilegt sé, að þær hafa verið byggðar á allt of mikilli bjartsýni. Ég vil ekki fullyrða um neitt slíkt fyrr en þetta kemur endanlega í ljós við nánari athugun. Og frá sjónarmiði forustumanna Landsvirkjunar, ef ég væri í þeirra sporum, þá mundi ég beinlínis óska eftir slíkri rannsókn sem þessari til þess að kveða niður, að það sé nokkuð óeðlilegt, sem þar eigi sér stað.

Ég vil minna á það í þessu sambandi, að þegar fram kom ákæra á hendur mér og fleiri utanríkismálanefndarmönnum, þá bar ég fram till. um það í d., að skipuð yrði nefnd hlíðstæð þessari til þess að fá það upplýst, hvort nokkurt brot hefði átt sér stað. Á sama hátt finnst mér, að forustumenn Landsvirkjunar ættu beinlínis að vera þakklátir fyrir, að fá með ítarlegri athugun það rétta upplýst í þessum efnum, svo framarlega sem þeir telja, að þeir hafi algerlega hreint mél í pokahorninu. Og ég minni á það í þessu sambandi, að þegar annað mál var rætt hér, álsamningurinn, þá bauðst hæstv. raforkumrh. til þess að láta fara fram mjög nána athugun á því, hvort ekki væri réttur samanburður á reikningum hans um það, hvað fengist fyrir framleiðslugjaldið hér og fyrir þá skatta, sem álbræðslan borgaði í Noregi. En það væri hægt að sameina þá athugun þeirri rannsókn, sem hér er rætt um. Og það ætti að vera hæstv. ráðh. aukin hvatning til þess að fallast á þessa till.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, vegna þess að þetta mál er orðið svo fullrætt í sambandi við tölur og þess háttar, að lítið annað er hægt að ræða en endurtaka það, sem áður hefur verið sagt. Ég vil þó aðeins endurtaka það, að ég held, að ef hæstv. ríkisstj. og hennar stuðningsmenn telja, að allt sé í lagi hjá forustumönnum Landsvirkjunar, þá ættu þeir að styrkja málstað þeirra með því að samþykkja þessa till. og sýna í verki, að þeir óttast ekki, að neitt komi fram, sem þyrfti að fela.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. raforkumrh. var svolítið skapillur í svari sínu áðan. Má vel vera, að það stafi af fréttum, sem hann fékk úr Ed., eins og hv. þm. Lúðvík Jósefsson benti á, en ég hef samt tekið eftir því, að þessi hæstv. ráðh. hefur oft þennan hátt á, þegar honum finnst hann standa höllum fæti í umr. Þá reynir hann að vega upp hæpinn málstað með því að nota þeim mun stærri orð og flytja þau af þeim mun meiri þótta. Mér finnst þetta frekar viðkunnanlegt einkenni á þessum hæstv. ráðh., því að það sýnir, að hann er dálítið viðkvæmur fyrir þeim verk-

efnum, sem hann á að vinna, og gerir sér grein fyrir því, þegar honum hefur ekki tekizt að vinna þau eins og hann ætti að gera.

Ég ætla ekki að taka til umr. mörg atriði úr ræðu þessa hæstv. ráðh., það hafa aðrir þm. gert á einkar greinargóðan hátt. Ég vil hins vegar minna á það, að í ræðu minni áðan benti ég á eitt ákaflega veigamikið atriði, sem gersamlega kippir stoðunum undan málflutningi Landsvirkjunarstjórnar, og það er tapið á viðskiptunum við álbræðsluna fyrstu 5 árin. Þar fylgi ég einvörðungu tölum þeim, sem Landsvirkjunarstjórn gefur sjálf upp. Þetta tap er 424 millj. kr. á 5 árum. Eftir þann tíma heldur Landsvirkjunarstjórn því fram, að örlítill ágóði verði af viðskiptunum. Tölum ber ekki saman um það, hvað ágóðinn sé mikill. Harza heldur því fram, að hann sé aðeins 0.7 aurar á kwst., en eigi að vinna upp þetta tap, þá tekur það ákaflega langan tíma, ef munurinn er aðeins 0 7 aurar á kwst., og sé reiknað með eðlilegum vöxtum, ná þeir endar aldrei saman. Þessi staðreynd ein, tapið þessi fyrstu 5 ár, kippir þannig gersamlega stoðunum undan reikningsfærslu Landsvirkjunar.

Mér þótti ákaflega eðlilegt, að hæstv. ráðh. taldi ekki fært að ræða þetta atriði nema með því að vísa til annarra hagsbóta, sem hann taldi fylgja þessari samningsgerð, því að þetta atriði eitt saman, tapið fyrstu 5 árin, hnekkir gersamlega kenningunni um það, að raforkuviðskiptin geti verið hagkvæm okkur.

Ég minntist örlítið á ísvandamálin í ræðu minni áðan, og það varð hæstv. ráðh. tilefni til þess að halda því fram, að við á Þjóðviljanum hefðum talið það gleðitíðindi, að stöðvanir hafi orðið aftur og aftur við Búrfell vegna þess vandamáls. Ég held, að hæstv. ráðh. ætti að spara sér ummæli af þessu tagi. Það geta ekki verið gleðitíðindi fyrir neinn Íslending, að fyrirtæki eins og Búrfellsvirkiun lendi í vandræðum. Það eru hvorki gleðitíðindi fyrir okkur né aðra. Hins vegar höfum við bent á það og bentum á það í upphafi, að ekki hefði verið tekið nægilegt tillit til þessara vandamála. Þessu var svarað með háði og spotti margsinnis, en engu að síður varð árangurinn sá, að teknar voru upp ýmsar varúðarráðstafanir, sem ekki voru fyrirhugaðar í upphafi, einungis vegna þessarar gagnrýni, og slíkt hið sama hefur gerzt í allan vetur, eins og ég rakti áðan. Það hefur verið höfð miklu meiri gát á en menn ætluðu sér í upphafi, það hefur verið haldið uppi ákaflega frumstæðu eftirliti, menn hafðir á vakt allan sólarhringinn með dýrum tækjum og þetta er mjög kostnaðarsamt atriði, og þetta atriði verður að reikna inn í rekstrarkostnað, ef þetta á að standa um langa hríð. Það gefur auga leið, en það er ekki gert í skýrslu Landsvirkiunarstjórnar. Það var þetta atriði, sem ég benti á áðan og hér er um að ræða óvefengianlega staðreynd. Hér er að sjálfsögðu ekki um neitt fagnaðarefni að ræða, heldur vandamál, sem verður að leysa.

Hv. þm. Lúðvík Jósefsson svaraði mjög rækilega því, sem hæstv. ráðh. sagði um samanburðinn á samningum þeim, sem við höfum gert, og samningum, sem gerðir hafa verið á Norðurlöndum, og ég þarf ekki um það að tala frekar. Ég minntist á það, að við Alþb.-menn værum ekki andvígir samvinnu við erlenda aðila um fyrirtæki hér á landi, ef tryggt væri, að Íslendingar hefðu endanlegt vald í sínum höndum. Hér er um algert úrslitaatriði að ræða. Hitt er svo alveg rétt hjá hæstv. ráðh., að slík samvinna er ákaflega erfið í sambandi við framleiðslu áls og raunar kísilgúrs, vegna þess að markaðurinn er í höndum alþjóðlegra einokunarhringa, sem ráða öllu á markaðinum og geta sett litlum þjóðum stólinn fyrir dyrnar. Á þetta hafa Norðmenn rekið sig mjög óþyrmilega. Mjög myndarleg verksmiðja, sem Norðmenn áttu einir, lenti í slíkum vanda, að þeir neyddust til þess fyrir nokkrum árum að hleypa erlendum aðilum inn í hana vegna þessara aðstæðna á markaðinum, og við höfum einnig þessa reynslu í sambandi við kísilgúrverksmiðjuna. Við ætluðum að vera sjálfstæðir aðilar á markaðinum í Evrópu, en bandarískt auðhringurinn Johns-Manville skarst í leikinn og hefur nú tryggt sér þannig eftirlit með þessari framleiðslu, sem við eigum þó meiri hluta í, að það má mikið vera, ef við höfum mikinn hag af þeirri framleiðslu, þegar til lengdar lætur. Hingað til höfum við aðeins haft tap af henni. Það er því alveg rétt, að þarna er við mörg vandamál að etja, og er engan veginn einfalt að ráða fram úr þeim, ef hafin er framleiðsla á slíkum efnum eða vörum, sem lúta starfsemi einokunarhringa.

Ég minntist á það áðan, að verð á raforku væri margfalt hærra en á Íslandi í Vestur-Evrópulöndum, í Vestur-Þýzkalandi og Bretlandi, fjórfalt eða fimmfalt hærra. Hæstv. ráðh. bar ekki brigður á þetta, en minnti á, að í Bretlandi hefðu stjórnarvöld reynt að laða til sín fyrirtæki með því að greiða niður stofnkostnað um allt að því þriðjung eða meira en þriðjung, 35—40%. Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðh. Brezk stjórnarvöld hafa fallizt á það að greiða niður kostnað af stofnsetningu slíkra fyrirtækja gegn því, að þau fallist á að greiða þetta háa raforkuverð, og í sambandi við álframleiðslu er raforkuverðið gersamlega aðalatriðið. Það er verðið á raforku, sem hreinlega sker úr um þá framleiðslu alla, þannig að það er ákaflega fljótt að jafna sig upp, ef fyrirtæki fallast á að greiða hærra verð fyrir raforku en almennt tíðkast, og þá er mjög auðvelt að jafna metin, þó að lagt sé fram eitthvert fé til stofnkostnaðar í upphafi.

Mér þótti dálítið gaman, þegar hæstv. ráðh. stóð hér áðan og minnti á, að samningur okkar við álbræðsluna væri aðeins til 45 ára. Hann reisti sig allur upp, þegar hann sagði: Síðan stöndum við með kranann og getum skrúfað fyrir. En hæstv. ráðh. ætlaði ekki að skrúfa fyrir fyrr en eftir 45 ár. Í skýrslu, sem hann gaf Alþ. um samningagerðina við álbræðsluna, sagði hann, að 1. áfangi álbræðslunnar væri hálfgerð tilraunastarfsemi, og til þess að fá hinn erlenda aðila til þess að reisa slíka verk-

smiðju hér, þá yrðum við að fallast á ákaflega lágt raforkuverð. En ef ætti að stækka þessa verksmiðju, þá væru engin rök til þess að fallast á óbreytt raforkuverð. Þetta sagði hann margsinnis, og ég rifjaði þessi ummæli upp í vetur. Og það var ekki aðeins hæstv. ráðh., sem sagði þetta, þetta var einnig leiðbeining til okkar frá Alþjóðabankanum, að við mættum ekki semja um óbreytt raforkuverð. Ef til greina kæmi að stækka verksmiðjuna, ættum við heldur að skrúfa fyrir kranann, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan. En fyrir því er nýleg reynsla, að það stendur ekki til að skrúfa fyrir neinn krana. Hæstv. ríkisstj. og meiri hl. hv. alþm. hafa fallizt á að semja um óbreytt raforkuverð. Hæstv. ríkisstj. hefur orðið að kyngja öllum stóru orðunum, ekki eftir 45 ár, heldur núna strax, og þetta er rökstutt með því, að við höfum raforku, sem við höfum engan markað fyrir og neyðumst því til þess að selja hana á því verði, sem þessi eini aðili vill kaupa hana fyrir.

Hins vegar er ekkert tillit tekið til hins, að það er álhringnum ákaflega mikið hagsmunamál og fjárhagsatriði að fá að stækka verksmiðju sína, vegna þess að verksmiðja af þeirri stærð, sem byggð var upphaflega, er óhagkvæm. Hún verður þeim mun hagkvæmari, sem hún stækkar meira, og það er ákaflega mikill skortur á tillitssemi, að hinn erlendi aðili skyldi ekki fallast á eðlilega hækkun við þessar aðstæður. En fyrst hæstv. ráðh. fór að minnast á stöðuna eftir 45 ár, sakar kannske ekki að rifja upp, að á þeim tíma hefur ýmislegt gerzt. Þótt við séum ekki búnir að virkja nema svo sem eins og 6% af vatnsorku okkar, mun þróunin verða ákaflega ör á næstunni, ef hér verður eðlileg iðnaðarþróun. Svo verður komið laust eftir næstu aldamót, að við verðum búnir að virkja öll vatnsföll okkar. Því hefur margsinnis verið lýst yfir af sérfræðingum, að Búrfellsvirkjun sé ódýrasta virkjun, sem við getum ráðizt í. Nú munu að vísu vera hugmyndir um það, að hægt muni að finna eina eða tvær jafnódýrar virkjanir, en engu að síður er algerlega ljóst, að á þessum 45 árum munum við verða búnir að ráðast í fjölmargar virkjanir í okkar þágu, þar sem framleiðslukostnaður á raforku verður miklu hærri en af Búrfellsvirkjun. Og þessa dýru orku verðum við að nota í okkar þágu, á meðan erlendur aðili situr að ódýrustu orku, sem hér er hægt að framleiða, og fær hana raunar undir kostnaðarverði. Ef menn fara að tala um almennar afleiðingar þessara viðskipta, verður einnig að taka þessa hlið málsins með í reikninginn.

Ég vil svo að lokum taka undir það, sem hv. þm. Lúðvík Jósefsson sagði í lok ræðu sinnar. Hér hafa á þingi í dag gerzt þeir atburðir, sem gefa okkur tilefni til þess að spyrja, hvort nokkur ástæða er til að halda þessari umr. áfram. Hér hefur verið fellt stjfrv. Hér hefur verið fellt stjfrv. eftir langvinn átök. Þar er ekki um að ræða nein mistök, þetta hefur gerzt, og einn af ráðh. hæstv. ríkisstj. stóð að því að fella þetta mál. Það er full ástæða til þess að vænta þess, að hæstv. forsrh. komi hingað og gefi yfirlýsingu af þessu tilefni, og raunar er einnig ástæða til þess að vænta þess, að hæstv. viðskmrh. gefi einnig yfirlýsingu, því að þetta frv. var flutt af honum. Það, sem gerðist í Ed. í dag, er alveg sérstök vantraustsyfirlýsing á þennan hæstv. ráðh. og sérstök uppreisn í hans eigin flokki, því að það var flokksbróðir hans og félagi í ríkisstj., hæstv. sjútvmrh., sem felldi þetta frv. Í nágrannalöndum okkar, þar sem er gróið þingræðisskipulag, þykir sjálfsagt, þegar slíkir atburðir gerast, að ríkisstj. segi af sér, og ég hygg, að alþm. almennt þyki ákaflega fróðlegt að heyra, hvort þessir tveir hæstv. ráðh., hæstv. núv. forsrh. og hæstv. viðskmrh., eru ekki þeirrar skoðunar, að þessi atburður hljóti að hafa áhrif á framtíð ríkisstj.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Að gefnu þessu tilefni vil ég taka eftirfarandi fram:

Það, að frv. um verðgæzlu og samkeppnishömlur féll með jöfnum atkv. í Ed. nokkru fyrr í dag, mun engin áhrif hafa á störf ríkisstj. eða samstarf stjórnarflokkanna. Það hefur ekki verið neitt leyndarmál í marga mánuði, að innan Alþfl. hafa verið skiptar skoðanir um afstöðu til þess máls, sem hér er um að ræða. Það var undirbúið sumpart í viðskmrn. og sumpart með störfum mjög fjölmennrar nefndar, sem hafði erlendan sérfræðing sér til aðstoðar við samningu frv. Fulltrúi Alþfl. í þessari nefnd, Jón Sigurðsson, formaður Sjómannasambandsins, lagðist gegn og lýsti sig andvígan frv. og hafði áður skýrt framkvæmdastjórn Alþfl. frá því, að hann mundi lýsa sig gegn frv. í nál. Þetta mál var rætt ítarlega í þingflokki Alþfl., áður en það var flutt. Þar reyndist afstaða manna til málsins efnislega sú, að sex þm. Alþfl. voru frv. samþykkir, en þrír frv. andvígir, þ. á m. hæstv. sjútvmrh. Samstarfsflokknum var skýrt frá þessari afstöðu þingflokks Alþfl. til málsins og honum sagt, að Alþfl. mundi ekki styðja málið einhuga, en þingflokkurinn hefði ákveðið, ef frv. yrði flutt, að gera málið ekki að flokksmáli, þannig að atkv. Alþfl.-manna mundu falla þannig, að sex mundu greiða atkv. með frv., en þrír mundu greiða atkv. á móti því. Þessi afstaða þingflokks Alþfl. var staðfest af miðstjórn Alþfl., sú afstaða að gera málið ekki að flokksmáli, heldur að þm. mundu greiða atkv. eins og ég sagði frá. Þessi afstaða var staðfest með miklum meiri hl. í miðstjórn Alþfl., þannig að innan flokksins hefur verið algerlega lýðræðislega að málinu unnið, algerlega lýðræðislega með það farið.

Og þar sem samstarfsflokknum hafði verið gert þetta ljóst, áður en frv. var flutt, hefur engum þurft að koma afstaða hæstv. sjútvmrh. í dag á óvart. Það var vitað, áður en málið var flutt, að ef það yrði flutt, þá mundi hann vera einn þeirra þriggja Alþfl.-manna, sem mundu greiða atkv. á móti því.

Engu að síður varð það niðurstaða í ríkisstj. að flytja frv., og þó að það hefði ekki þann

þingmeirihluta með sér, sem stjórnin styðst við, var ástæðan til þess, að frv. var flutt, sú, að við, sem vorum og erum málinu fylgjandi, töldum okkur hafa ríka ástæðu til þess að ætla, að a. m. k. ýmsir þm. Framsfl. væru þess sinnis, að gildandi skipulag á verðgæzlumálum væri mjög ófullkomið og endurbætur í þá átt, sem frv. gerði ráð fyrir, væru til bóta og þeir mundu því ljá málinu lið. Og þessar ályktanir voru ekki dregnar út í bláinn. Það er ekki lengra síðan en í fyrra, að ítarlegar umr. fóru fram einmitt um verðlagsmál í Sþ. í framhaldi af fsp. eða þáltill., sem þá var til umr. Og þá lýstu ýmsir þm. framsóknarmanna því mjög eindregið yfir, að þeir teldu umbætur á skipulagi verðlagsmálanna vera mjög nauðsynlegar og töluðu einmitt þannig, að bæturnar ætti að gera í svipaða átt og þetta frv. gekk eða var ætlað að ganga. Það þótti því sjálfsagt að láta á það reyna, hvort frv. hefði þingfylgi með stuðningi kannske nokkurs hluta af þm. Framsfl. Á þetta hefur nú reynt. Það hefur enginn þeirra þm. í Ed. viljað ljá frv. brautargengi, og þar með er það úr sögunni og hefur hlotið algerlega lýðræðislega og eðlilega meðferð. En það er í sjálfu sér mjög fróðlegt að fá endanlega vitneskju um það, hver afstaða Framsfl. í þessu máli raunverulega er.

Það er líka rétt að láta það koma fram, fyrst til mín er beint fsp. um þetta, að fulltrúi Framsfl. í þeirri nefnd, sem undirbjó frv., var Tómas Árnason. Ég veit ekki betur, og ég endurtek það og undirstrika, ég veit ekki betur en í öllum störfum nefndarinnar hafi Tómas Árnason verið fylgjandi frv. Þetta eitt með öðru gaf ástæðu til þess að ætla, að a. m. k. væru skiptar skoðanir í liði Framsfl. um afstöðu til málsins. Svo undarlega vildi til, að Tómas Árnason var ekki á landinu, þegar nál. var undirskrifað, hann var staddur í New York, og þess vegna er hans nafn ekki undir nál. En ég er sannfærður um, þó að ég geti ekki um það fullyrt og ekki sé hægt að ætlast til þess, að ég fullyrði neitt um það, en ég segi það samkv. minni beztu samvizku, að það er skoðun mín og er skoðun formanns nefndarinnar, að ef Tómas Árnason, fulltrúi Framsfl., hefði verið á landinu, þegar nál. var undirskrifað, hefði hann mælt með frv. Og þá má náttúrlega hver sem er lá okkur í ríkisstj., þó að við höfum talið rétt, þó að vitað væri, að Alþfl. væri ekki allur fylgjandi frv., að láta á það reyna, hvort einhver hluti Framsfl. kynni að vera fylgjandi því. Það hefur komið í ljós, að svo er ekki. Við því er ekkert að segja. Við tökum því. Í þessu máli hefur góður málstaður beðið ósigur, það hefur víst gerzt fyrr í veraldarsögunni og mun engum stórtíðindum valda.

Frsm. meiri hl. (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Það voru aðeins örfá orð í sambandi við það mál, sem er á dagskrá, að mig langaði til þess að taka til máls.

Hv. 6. þm. Reykv. og reyndar 4. þm. Austf. hafa verið, eftir því sem ég bezt gat skilið, furðu lostnir yfir því, að meiri hl. fjhn. var ekki reiðubúinn til þess að mæla með því, að þessi till., sem hv. 6. þm. og 4. þm. Reykv. hafa flutt, yrði samþ. Ég get að sjálfsögðu ekkert hjálpað þeim í því að reyna að skilja það, en ég held, að það hljóti allir, sem líta á málatilbúnað þann, sem hér á sér stað, að gera sér grein fyrir því, að áður en einstakir nm. fjhn. leggja til, að slík till. sé samþ., reyni menn að ganga úr skugga um, hvað til sé í þeim staðhæfingum, sem fram hafa komið og eru tilefni þessarar þáltill. Það er skýrt tekið fram í nál. meiri hl. fjhn., að áður en meiri hl. n. taldi sig geta tekið afstöðu til till., bæri n. að afla sér upplýsinga varðandi þær fullyrðingar, sem fram komu í ræðu hv. 6. þm. Reykv. við 1. umr. fjárl. Þegar svo upplýsingar liggja fyrir og aflað hefur verið þeirra gagna, sem óskað var eftir, og þau öll birt í áliti meiri hl. sem fskj., þá verður ekki annað séð en hver heilvita maður, sem lítur á þær skýrslur, skoðar þá hluti, sem um er að ræða, sannfærist um, að það, sem hv. 6. þm. Reykv. hélt fram, eru algerlega staðlausir stafir. Engu að síður kemur hv. þm. fram og endurtekur allt, sem hann hefur sagt áður, og við bætist liðsmaður, hv. 4. þm. Austf., frsm. minni hl. fjhn.

Það eru þrjú atriði, sem mig langar til þess að undirstrika í sambandi við þeirra útreikninga. Ég benti á það í framsöguræðu minni, hæstv. iðnmrh. undirstrikaði það og ég vil undirstrika það enn einu sinni, hvílík reikningskúnst er á ferðinni, þegar á bls. 2 í nál. minni hl. er gerður samanburður á upprunalegri áætlun og núv. áætlun og í aðeins öðru tilfellinu er tekinn inn vaxta- og lántökukostnaður, hvorki meira né minna en upp á rúmar 4 millj. dollara. Þegar slíkur þáttur sem vaxta- og lántökukostnaður er tekinn inn aðeins öðrum megin og dæmið þannig reiknað út, kemur að sjálfsögðu út mismunur. Það liggur alveg í augum uppi. Hér á tvímælalaust að gera það, sem alls staðar er gert. Vaxta- og lántökukostnaður skal reiknaður í báðum tilfellum, enda um að ræða kostnað, sem greiddur verður og greiddur átti að vera og skýrt kemur fram í því þskj., sem lagt var fram fyrir Alþ., þegar ríkisstj. lagði fram samninginn milli sín og Swiss Aluminium, þar sem á bls. 226 er sagt: „Taflan sýnir nokkra sundurliðun á áætluðum stofnkostnaði án vaxta á byggingartímanum."

Hitt atriðið, sem hér hefur mjög verið gert að umræðuefni, er ársorkan, sem gert er ráð fyrir, að Búrfellsvirkjun geti skilað, og þá er komið með tölu, 1635 millj. kwst., sem ég hef ekki fundið í skjölum, sem ég hef kannað. Ef flett er upp í sama þskj., sem hér var lagt fram á sínum tíma, kemur þetta skýrt fram í kaflanum um afl og orku á bls. 225:

„Þegar fjöldi véla er orðinn 6, aflið orðið 220 mw., er örugg ársorka 1720 millj. kwst."

Og ef við förum enn lengra aftur til grg., sem lögð var fram með Landsvirkjunarfrv., stendur þar, með leyfi hæstv. forseta:

„Til þess að mæta í senn vaxandi þörf raforku til almennra nota í landinu“, og svo er haldið áfram, „við Búrfell og gera þar í nokkrum áföngum orkuver, er verði 210 mw. að afli og geti framleitt í kringum 1700 millj. kwst. á ári.“

Hér er um að ræða tölur, sem Alþ. hefur fengið í sambandi við afgreiðslu þessara mála, og þess vegna er ekki með nokkru móti frambærilegt að bera á borð tölur, sem hvergi hafa sézt í þeim skjölum, sem lögð hafa verið fyrir hv. alþm. við afgreiðslu þessara mála. Síðan, þegar komið er út í óefni, er farið að ræða um 7 millj. dollara, sem er mismunur á áætlun vegna breytts gengis, og þar var reiknað með þeirri upphæð miðað við það, að gengisbreyting hefði orðið, en gleymt að snúa við og breyta þeim, sem miðað er við.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða meir um þetta mál. Ég vildi hins vegar benda hv. þm. á það, að það er fullkomin ástæða til þess fyrir meiri hl. fjhn. að leggja til, að slík till., sem hér er flutt, verði felld. Það hefur komið svo berlega í ljós, að allt, sem fram hefur verið haldið af hálfu flm. í málinu, eru staðlausir stafir, og þar af leiðandi er engin ástæða til slíkrar rannsóknar, sem hér er farið fram á.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Það er aðallega vegna þeirrar yfirlýsingar, sem hæstv. viðskmrh. gaf áðan, sem ég hef kvatt mér hljóðs aftur. Þó að það mál, sem hann ræddi um, snerti að vísu ekki það efni, sem hér er til umr., finnst mér ástæða til þess að víkja nokkrum orðum að ræðu hans, vegna þess að hann vék þar nokkuð sérstaklega að Framsfl.

Ég verð að segja, að ræða hæstv. ráðh. kom mér mjög á óvart, og ég held, að það megi fullyrða, að slík ræða mundi hvergi hafa verið haldin á þingi nema hér. Ég held, að það sé viðtekin venja í öllum þingræðislöndum, að þegar ráðh. hefur lagt fram stjfrv. og það er fellt, segi viðkomandi ráðh. af sér. Ég held, að það sé hvergi hægt að finna dæmi um annað en þetta. En hæstv. ráðh. kom hér upp og gaf alveg gagnstæða yfirlýsingu. Á þessu þingi lagði hann fram stjfrv. í eigin nafni, sem hann lagði mikla áherzlu á, að næði fram að ganga. Nú hefur það verið fellt í Ed. og það af hans meðráðherra og flokksbróður í ríkisstj. Samt kemur ráðh. upp og segir: Þetta breytir ekki neinu um mína afstöðu, ég sit áfram í ríkisstj., eins og ekkert hafi í skorizt. Ég fullyrði, að enginn ráðh. hér eða í neinu öðru þingræðislandi láti slík ummæli sér um munn fara. Hvaða ráðh. sem er, sem þing hefði fellt stjfrv. fyrir, sem hann hefði lagt fram, hefði sagt af sér, þegar slíkur atburður hefði gerzt. Þetta sýnir, að hæstv. viðskmrh. er á margan hátt óvenjulegur maður og áreiðanlega gæti atburður eins og þessi ekki gerzt nema þar sem eru óvanalegir menn og óvenjuleg ríkisstj.

Ég verð að segja, að þessi yfirlýsing hæstv. viðskmrh. vakti jafnframt undrun mína af þeirri ástæðu, að hann virtist líka tala af hálfu Sjálfstfl. Það er kunnugt mál, að Sjálfstfl. hefur lengi lagt megináherzlu á að fá breytingu á verðlagslögum í þá átt, sem verðgæzlufrv. gekk, og talið þetta eitt af sínum höfuðmálum. Nú gerist það hins vegar, að einn af ráðh. samstarfsflokksins á sinn þátt í því, að þetta frv. er fellt, og það virðist ekki hafa minnstu áhrif á afstöðu Sjálfstfl. Hann situr jafnglaður áfram í stjórn með þessum ráðh., sem hefur fellt eitt af hans mestu áhugamálum og lætur eins og ekkert hafi í skorizt. Þetta mundi líka hvergi hafa getað gerzt nema á Íslandi. Þetta stafar af því, að núv. hæstv. ríkisstj. er ólík öllum öðrum ríkisstj., sem til þekkist í lýðræðislöndum. Slíkar stjórnir hafa yfirleitt stefnu og fylgja henni fram og standa með henni eða falla. Núv. ríkisstj. hefur enga þá stefnu, sem hún stendur eða fellur með. Henni er eiginlega nákvæmlega sama, hvernig hlutirnir veltast, hvað gerist, bara ef hún fær að hanga. Þetta mál er meiri staðfesting á því en nokkuð annað, sem áður hefur gerzt á þingi. Við höfum stefnulausa stjórn, sem er nákvæmlega sama um, hvað gerist og hvort hún kemur málum sínum fram eða ekki, aðeins ef hún fær að hanga. Þetta hefur verið betur staðfest með afgreiðslu verðgæzlufrv. í Ed. en nokkru öðru, og þjóðin ætti þess vegna að vita gerr um það eftir en áður, hvers konar ríkisstj. hún hefur.

Hæstv. viðskmrh. sagði um afstöðu Framsfl., að stjórn hans hefði treyst á það, að hann mundi koma henni til hjálpar í þessum málum, þegar annar stjórnarflokkurinn væri klofinn. (Gripið fram í.) Ég vil aðeins segja hæstv. ráðh., að þetta hlýtur að vera ástæða, sem er fundin upp eftir á. Ef ríkisstj. hefði ætlað sér í alvöru að kynna sér afstöðu Framsfl. til þessa máls, hefði hún að sjálfsögðu átt í upphafi, áður en hún lagði málið fyrir þingið, að leita eftir, hver hans afstaða var til þess og haga sér í samræmi við það. Framsfl. hafði engar þær yfirlýsingar gefið, sem ríkisstj. gat tekið þannig, að hann eða einhverjir einstakir þm. hans mundu fylgja málum hennar fram. Það er að vísu rétt, að ég og aðrir hv. þm. úr Framsfl. báru fram fsp. um það á síðasta ári, hvað liði þessu frv., en í því var ekki fólginn minnsti stuðningur við málið í því formi, sem það kæmi fram í, og engin afstaða var til þess tekin, aðeins spurt, hvað þessu máli liði.

Hið sama gildir um fulltrúa flokksins í þeirri nefnd, sem undirbjó þetta mál. Hann tók aldrei neina endanlega afstöðu til þess og var því óbundinn í afstöðu sinni til þess. Satt að segja held ég, að það sé alveg einstakt og hafi hvergi annars staðar gerzt, að stjórn leggi fram stjfrv. í trausti þess, að andstæðingarnir komi og hlaupi til að samþykkja það. Hitt er það, að ef um einhver slík vafamál getur verið að ræða, þá er sú aðferð höfð, að slík mál eru t. d. lögð fram í Þd. og þar kannað, hvort stuðningur fæst við flutning málsins. Þetta gerðist ekki nú. Og ég held, að þetta hafi eingöngu stafað af því, að stjórnin hafi nú í upp-

hafi treyst á það, að hún hefði stuðning sinna eigin manna við málið, og þess vegna hafi hún lagt það fram. Ég held líka, að það sé viðtekin regla, að það sé ekkert frv. lagt fram sem stjfrv., nema áður sé búið að tryggja a. m. k. stuðning sjálfrar ríkisstj. við það. Það er algjört einsdæmi.

Ástæðurnar til þess, að Framsfl. greiddi atkv. á móti þessu frv. tel ég ástæðulaust að rekja hér, vegna þess að það hefur verið gert af talsmanni flokksins í Ed. og kemur fram í nál., sem fulltrúar flokksins í viðkomandi n. hafa lagt þar fram, og ég vísa til þess um það, sem afstöðu Framsfl. varðar til endanlegrar afgreiðslu málsins.

En fyrst hafnar eru umr. um þetta mál af hæstv. viðskmrh., finnst mér ástæða til þess að spyrja hann um það, hvað taki við, þegar búið er að fella þetta frv. Hver verður framkvæmdin í verðgæzlumálunum í áframhaldi af þessu? Sannleikurinn er sá, að til þess að koma á þeirri framkvæmd í verðgæzlumálum, sem fólst í umræddu frv., þarf enga lagabreytingu. Hæstv. viðskmrh. hefur það sjálfur á valdi sínu samkv. gildandi lögum að framkvæma þá stefnu, sem í verðgæzlufrv. fólst. Núverandi verðlagsnefnd er þannig upp byggð, að oddamaður hennar er ráðuneytisstjórinn í viðskmrn., og það er vitað mál, að hann telur sér skylt að gera ekki annað og fara ekki eftir öðru en þeim fyrirmælum, sem hann fær frá hæstv. viðskmrh. Þess vegna þurfti hæstv. viðskmrh. raunverulega ekkert á þessu nýja frv. að halda, vegna þess að hann hefur strax í dag samkv. gildandi lögum fullt vald til þess að framkvæma verðgæzlumálin samkv. því, sem frv. gerir ráð fyrir.

Og nú vil ég spyrja hæstv. viðskmrh.: Ætti hann ekki að nota þetta vald sitt til að framkvæma þá stefnu, sem er mörkuð í þessu frv. og hann sjálfur virðist vera fylgjandi? Þetta góða mál, sem hann var að tala um, eða a. m. k., að dregið sé úr mestu vankönturnum á framkvæmd þessara mála, eins og hún er í dag og allir viðurkenna og er m. a. viðurkennt í séráliti fulltrúa verkalýðssamtakanna, sem áttu sæti í þeirri nefnd, sem undirbjó verðgæzlufrv., það, sem sérstaklega hefur verið gengið eftir af hálfu þeirra, sem við verðlagshöftin verða að búa, er það, að framkvæmd verði ákvæði 3. gr. verðlagslaga, að verðlagsákvæðin skuli miðuð við þörf þeirra fyrirtækja, er hafa vel skipulagðan og hagkvæman rekstur. Það hefur orðið misbrestur á því, að þessari stefnu eða þessum fyrirmælum hafi verið fylgt. Nú spyr ég hæstv. viðskmrh. að því, eftir að málið er komið í þetta horf, hvort hann muni nú ekki gera gangskör að því, að þessum reglum verði fylgt?

Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég vildi, vegna þess að umr. hafa hafizt um þetta mál, óska eftir svörum frá hæstv. viðskmrh. um þessi atriði, og jafnframt vildi ég óska eftir svari frá hæstv. dómsmrh. um það, hvort hann sé alveg sammála og sammála þykkur þeirri yfirlýsingu, sem hæstv. viðskmrh. gaf, að endalok verðgæzlufrv. breyti ekki neinu um samvinnu ríkisstj.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég vil fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann taki mildilega á því, að menn segi örfá orð fyrir utan það ræðuefni, sem er til umr., vegna þess hversu óvenjulegur þessi atburður er, sem hér hefur gerzt, eins og ég rakti áðan. Þetta er næsta einstætt í þingsögu okkar. Þess vegna ítrekaði ég fsp., sem hv. þm. Lúðvík Jósefsson kom með áður, og hæstv. viðskmrh. taldi rétt að svara henni undir þessum lið, og mér fannst það sjálfsagt, eins og á stóð, og vil þakka hæstv. ráðh. fyrir það. Hins vegar minntist ég þess, þegar hann kom með svar sitt áðan, að ég hafði áður í vetur spurt hann spurningar af dálítið hliðstæðu tilefni. Það var í sambandi við frv. um réttindi fyrir Kvennaskólann til að útskrifa stúdenta. Ég spurði hæstv. ráðh. þá að því, hvers vegna hann flytti það mál ekki sem stjfrv. Þá kom hann hingað og sagði, að könnun hefði leitt í ljós, að það væri ágreiningur um þetta mál innan stjórnarflokkanna, og þess vegna væri ekki hægt að flytja það sem stjfrv., og þess vegna hefði nefnd verið beðin að flytja það. Nú kemur hæstv. ráðh. og heldur fram alveg gagnstæðri kenningu, að það sé vel hægt að flytja sem stjfrv. mál, þótt um það sé ágreiningur. Ég hef fyrir satt, að hæstv. ráðh. hafi verið þeirrar skoðunar, þegar hann flutti málið, að um það væri ekki ágreiningur. Hins vegar hafi komið í ljós það alvarleg andstaða meðal óbreyttra manna í Alþfl., að flokksforustan hafi ekki þorað að fylgja þessari ákvörðun eftir skömmu fyrir kosningar, — félagar hæstv. ráðh. hafi sem sagt breytt um skoðun í meðförum málsins á þingi, þeir hafi beygt sig fyrir vaxandi óánægju óbreyttra Alþfl.-manna með stefnu ríkisstj. og með þátttöku Alþfl. í þeirri stefnu. Ég held, að það sé algert einsdæmi í þingsögu okkar, að ráðh., sem verður fyrir því, að frv. frá honum er fellt, segi ekki af sér. Ég hygg, að jafnvel ef það væri borið undir lögfróða menn, þá lægi nærri, að þetta væri skylda hæstv. ráðh., og a. m. k. lít ég svo á, að það sé siðferðileg skylda hans.

Ég vil einnig ítreka það, að það væri ákaflega mikilvægt, ef hæstv. núv. forsrh. segði nokkur orð um þetta atriði. Mér er kunnugt um það, að Sjálfstfl. hefur gefið kaupsýslumönnum ákveðin loforð um, að þetta mál skyldi ná fram að ganga í skjóli stjórnarsamvinnunnar. Nú stendur Sjálfstfl. þannig uppi, að hann getur ekki staðið við þessi loforð, og telur þessi hæstv. ráðh., að hægt sé að sitja sem fastast eftir slíka atburði?

Út af þeim orðum, sem hv. frsm. meiri hl. fjhn. sagði áðan í sambandi við till. um rannsóknarnefnd, hef ég ekki mikið að segja. Mér þótti dálítið einkennilega að orði komizt af manni, sem skipar forsetastöðu, þegar hann

sagði, að hver heilvita maður hefði sannfærzt um það, að ég hefði farið með staðlausa stafi í ræðu minni í haust. Ég veit ekki, hvaðan þessum hv. þm. koma yfirburðir til þess að kveða upp úrskurð um það, hvort aðrir menn eru heilvita eða ekki. Ég varð ekki var við það í ræðu þessa hv. þm., að hann gæti vefengt eitt einasta atriði úr ræðu þeirri, sem ég flutti í haust við 1. umr. fjárlaga, ekki eitt einasta atriði. Þær staðreyndir, sem ég kom með, hafa verið staðfestar, að því undanskildu, eins og ég hef rakið hér, að endanlegt raforkuverð er talið lægra í skýrslu stjórnar Landsvirkjunar, vegna þess að hún hefur breytt um forsendur. Ef hún héldi forsendum þeim, sem Alþ. voru gefnar á sínum tíma, kæmi það einnig í ljós, að tölur mínar um það atriði hafa staðizt fullkomlega og þessar staðreyndir verða ekki hraktar með neinum almennum fúkyrðum frá þessum hv. þm.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til þess að svara hv. síðustu tveimur ræðumönnum. Það er alger misskilningur á eðli þingræðis og starfsvenjum löggjafarþinga, að ráðh. hljóti að segja af sér, þó að frv., sem hann flytur eða styður, sé fellt. Því aðeins á hann að gera slíkt, að hann hafi áður sagt, að hann leggi starf sitt eða embætti við því, hvort frv. nái fram að ganga eða ekki. Ef ríkisstj. flytur stefnumál, stórt eða lítið, og ætlast til um leið og hún flytur það, að það nái fram að ganga með stuðningi þess þingmeirihluta, sem stjórnina styður, og bregðist sá meiri hl. með einhverjum hætti, þá hlýtur að sjálfsögðu ríkisstj. í heild eða ráðh. að segja af sér. Það er þetta, sem er að þessu leyti kjarni starfsreglna löggjafarþinga. Ef aftur á móti er um það að ræða, að ráðh. eða ríkisstj. flytur frv. og veit, þegar hún flytur það, að málið hefur ekki öruggt þingfylgi eins og við vissum um þetta frv. og ekki var dregin nokkur dul á, eins og ég tók fram í ræðu minni áðan, — við gerðum auðvitað ráð fyrir því, að svo gæti farið, að frv. félli, því að það var yfirlýst, að þrír af þeim 32 manna meiri hl., sem skipar þingið, styddu frv. ekki, — þegar þannig var háttað, þá var auðvitað fullkomin fjarstæða að telja, að það væri eðlilegt, að ríkisstj. eða ráðh. segi af sér, þó að frv. nái ekki fram að ganga. Um þetta atriði vona ég, að skynsamir menn þurfi ekki að deila. Í þessu fór ekkert öðruvísi í stjórnarliðinu en vitað var fyrir fram, áður en frv. var flutt. Það eina, sem í málinu var óvíst, var, hver afstaða einhvers hluta af stjórnarandstöðunni kynni að vera. Nú hefur komið í ljós, hver hún er, og þess vegna sætir það svolitlum tíðindum, en ekki í neinu tilliti þess konar tíðindum, að það þurfi eða eigi að hafa áhrif á störf ráðh. eða samstarf ríkisstj.

Auðvitað er það misskilningur, að frv. hafi verið flutt í trausti þess, að stjórnarandstaðan samþykkti það. Það var flutt til þess að fá úr því skorið, hvort rétt væri að einhver hluti stjórnarandstöðunnar styddi málið. Mér er engin launung á því, að fram á síðustu daga hef ég talið, að þetta mál ætti verulegt fylgi innan Framsfl. Og það þarf enginn að lá mér það, þó að ég hafi verið þeirrar skoðunar. Ég sé enga ástæðu til þess að gera opinberlega grein fyrir því, hvaða ástæður ég hafði til þess, en það voru ríkar ástæður, sem ég hafði til þess, mjög ríkar. Svo að frv. var ekki flutt af neinni léttúð eða neinu fyrirhyggjuleysi, þó að við vissum, að þrír af stjórnarliðinu fylgdu því ekki. Það var full ástæða til að halda, að þrátt fyrir það hefði þetta frv. þingfylgi. Og það er ekkert einsdæmi, að flokkar riðlist í afstöðu til máls eins og þessa. Það kemur fyrir á hverju einasta þingi, að flokkar klofna í afstöðu til mála, og oftar en einu sinni hefur það komið fyrir á undanförnum árum, að mál hafa náð fram að ganga með stuðningi þm. úr stjórnarandstöðu.

Það er líka misskilningur hjá hv. þm. Þórarni Þórarinssyni, að það hefðu verið eðlileg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstj. að leita fyrir fram til þingflokks Framsfl. um afstöðu til málsins. Það eru vinnubrögð, sem ég ekki kannast við, að beitt sé. Við töldum eðlilegt að láta frjálsan þingvilja skera úr. Hann hefur skorið úr, dómurinn er fallinn, og honum ber að sjálfsögðu að una. Og það er fjarri því að vera einsdæmi, að stjfrv. sé flutt án þess að tryggja því stuðning fyrir fram. Þvert á móti var það þannig, að við vissum, að þetta frv. hafði ekki stuðning alls stjórnarliðsins, það lá fyrir, og það var kunnugt og var ekki leyndarmál fyrir nokkrum manni.

Hv. þm. spurði, hvað nú tæki við í verðlagsmálunum. Það viðhorf, sem skapazt hefur nú í dag, er alveg sérstaks eðlis, og ég hef ekki haft tíma til að hugleiða það og ríkisstj. ekki gefizt tækifæri til þess að ræða það, en það munum við að sjálfsögðu gera nú á næstunni. Hitt er mjög alvarlegur misskilningur hjá hv. þm. að halda það, að í raun og veru hafi engar lagabreytingar þurft til að ná því markmiði, sem með frv. var stefnt að.

Frv. var tvíþætt. Annars vegar var þar um að ræða eftirlit með einokunarverðmyndun og hringum, en engin slík lagaákvæði eru í gildi núna. Þetta voru merkustu nýmæli frv., að setja átti upp fast eftirlitskerfi með einokunarverðmyndun, óeðlilegri einokunarverðmyndun og hringum. Þetta voru höfuðnýmæli frv. Að öðru leyti var frv. um verðlagsráð og heimild til þess að setja á hámarksverð og hámarksákvæði í öllum meginatriðum nákvæmlega samhljóða gildandi lögum, verðlagsnefnd eins samsett og allt hvað eina. Það var fyrri kafli frv., ákvæðin um einokunareftirlitið, sem voru nýmæli, og nú frestast auðvitað, að þeim stofnunum verði komið á fót, sem meiningin var að nota næstu ár til þess að byggja upp. Síðan átti einmitt, þegar því eftirliti hefði verið komið á fót, að reyna á það, hvort þetta einokunareftirlit, þessi nýja stofnun, hvort hún gæti smám saman komið í stað þeirrar gamaldags verðgæzlu, sem

enn er haldið uppi á Íslandi, eina landinu af öllum nálægum löndum, sem enn heldur 20–30 ára gömlu kerfi til eftirlits með gömlu verðlagi. Öll önnur nálæg lönd hafa einmitt komið á fót hjá sér stofnunum til eftirlits með óeðlilegu verðlagi, með hringum og með einokunarverðmyndun, og þær stofnanir hafa smám saman leyst hinar gömlu og úreltu verðlagsskrifstofur af hólmi. Nú frestast þetta með öðrum framfarasporum, sem meiningin var að stíga, en verða ekki stigin. Afturhaldsöflin hafa enn einu sinni, því miður, orðið ofan á á hinu háa Alþ., og um það er ekki að sakast.

Hv. þm. Magnús Kjartansson bar saman framlagningu þessa máls og kvennaskólafrv. og sagði, að ég hefði rökstutt það, að það var sent nefnd, en ekki flutt sem stjfrv., með því að ágreiningur væri um það í ríkisstj. Ég hygg, að ég hafi sagt, og veit með vissu, að ég sagði um það mál, að ágreiningur væri um það í báðum stjórnarflokkunum og raunar þingflokkunum öllum, að því er könnun hafði leitt í ljós, en hitt skal ég fúslega játa, að auðvitað hefði vel komið til greina að senda nefnd þetta mál til flutnings. Ég hefði verið alveg ófeiminn við að játa það, sem maður gerir ekki, en maður hefði átt að gera, og mér er það alveg ljóst, að í sjálfu sér hefði verið skynsamlegra og réttara, að ríkisstj. hefði sent þetta mál til flutnings í nefnd. Ég hika ekkert við að játa, að ríkisstj. hefði gert réttara í því að hafa þann háttinn á, en ástæðan fyrir því, að þetta var ekki gert, – það kom til athugunar, – var sú, að málið hafði verið undirbúið að öllu leyti sem stjfrv., eins og stjfrv. eru venjulega undirbúin, og það var talið rétt í ríkisstj., að sá ráðh., sem einkum hafði fjallað um undirbúninginn, mælti fyrir frv. Ekkert slíkt var hægt að segja um kvennaskólafrv. Það var að vísu samið í menntmrn., en samið eftir ósk Kvennaskólans sjálfs. Það var í raun og veru flutt samkvæmt ósk skólanefndar Kvennaskólans, og undir þeim kringumstæðum taldi ég og tel enn, að hefði verið algerlega óeðlilegt að flytja slíkt mál sem stjfrv. Auk þess var vitað, að um það var viðtækur ágreiningur í þinginu, sem alls ekki var bundinn við flokka. Skýringin á því, að þetta mál var engu að síður flutt sem stjfrv., er eingöngu þessi, hvernig undirbúningi málsins hafði verið hagað og talið var eðlilegt, að sá ráðh., sem hafði um þetta fjallað, mælti fyrir frv. við þingið. Segja má, að það hafi vissulega verið gerð tilraun til þess að sýna þinginu kurteisi, virðingu, að leggja málið fyrir á sama hátt og í samræmi við undirbúning þess, en hitt skal ég fúslega játa, sem er það eina, sem ég skal fallast á, að okkur hafi verið mislagðar hendur um, að það hefði verið eðlilegra, að þn. hefði flutt málið í staðinn fyrir að ríkisstj. flytti það sem heild.

Að síðustu vildi ég leiðrétta þann misskilning, sem ég vona, að sé eingöngu misskilningur hjá hv. þm. Magnúsi Kjartanssyni, að einhverjir þm. Alþfl. hafi skipt um skoðun eftir að málið kom inn í Alþ. Það er alger misskilningur. Það lá fyrir, áður en málið var flutt, og ég hafði skýrt frá því í ríkisstj., að það væri ágreiningur um málið, við gætum ekki heitið stuðningi alls þingflokksins við málið fyrr en frá því yrði skýrt, hverjir væru andstæðingar þess, þannig að áður en málið var flutt lá allt á hreinu um þetta, og það hefur farið nákvæmlega eins, enginn hefur skipt um skoðun í eina átt eða aðra, eftir að málið kom til kasta þingsins. En við vildum auðvitað skýra frá þessu áður til þess að koma hreint og beint fram við samstarfsflokkinn í þessu efni, til þess að ljóst yrði fyrir flutning málsins, að það hefði ekki öruggt þingfylgi, það hefði ekki tryggan þingmeirihluta. En ítarlegar umr. leiddu í ljós, að samt sem áður var talið rétt, að frv. væri flutt, eins og ég sagði áðan, vegna þess að ýmislegt benti til þess, að það mundi hafa stuðning úr stjórnarandstöðunni, þó að það hefði ekki stuðning annars stjórnarflokksins.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Þó að þessar umr. séu að vissu leyti óþinglegar, þær, sem fjalla um örlög frv., sem orðið hafa í Ed. í dag, þá kemst ég ekki hjá því að segja aðeins örfá orð og fyrst og fremst af því tilefni, að hv. 6. þm. Reykv. komst svo að orði, að sér væri kunnugt um, að forráðamenn Sjálfstfl. hefðu gefið kaupsýslumönnum loforð um, að þetta verðgæzlufrv., sem nú er um rætt, skyldi ná fram að ganga. Þetta er rangt. Forráðamenn Sjálfstfl. og við ráðh. Sjálfstfl. höfum alveg hreinan skjöld gagnvart fyrirsvarsmönnum kaupsýslustéttarinnar í sambandi við þetta mál. Það er rétt, að við lögðum mikla áherzlu á, að frv. yrði lagt fyrir á þessu þingi, lögðum á það mikla áherzlu. Hitt er svo rétt, sem hæstv. viðskmrh. hefur skýrt frá, að samstarfsflokkurinn í ríkisstj. skýrði okkur frá því, að málið hefði ekki fullan stuðning Alþfl. Þetta sögðum við kaupsýslumönnum. Við sögðum, að það styddu allir þm. Sjálfstfl. málið, en ekki allir þm. stjórnarflokkanna, það væri þess vegna ekki hægt að fullyrða um afdrif málsins í þinginu. Varðandi svo það, hvort hér sé um einstæðan atburð að ræða, þá er það misskilningur, að það hljóti endilega að leiða af því, að stjfrv. nær ekki fram að ganga eða er fellt, að ríkisstj. segi af sér. Það er mjög algengt í þingræðislöndum, að gefnar eru yfirlýsingar annaðhvort um að ríkisstj. muni segja af sér eða að hún geri ekki tiltekið stjfrv. að fráfararatriði. Fyrir þessu þingi, sem nú situr, liggur eitt stjfrv. um skipan prestakalla og prófastsdæma. Ég hef við flutning þess máls skýrt frá því, að hvorki ég né ríkisstj. gerðum það að fráfararatriði, þó að það frv. verði fellt, en ég hef lagt á það áherzlu við hv. þn., bæði í Ed. og Nd., að frv. hlyti afgreiðslu.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég hafði ætlað mér að svara nokkrum orðum því, sem kom fram hjá hæstv. viðskmrh., en þar sem hann er ekki staddur hér, mun ég falla frá orðinu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 66. fundi í Nd., 24. marz, var enn fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.
Tillgr. felld með 23:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GeirG, GíslG, HS, IG, JK, JónasÁ, LJós, MK, SE, SV, SP, VH, ÞÞ, ÁÞ, EystJ.
nei: GuðlG, GunnG, GÞG, IngJ, JóhH, JSk, JP, MB, PJ, PS, SI, SvJ, ÁS, BGr, BF, BK, ÞG, BGuðm, BP, BrS, EmJ, FÞ, MÁM.
2 þm. (EðS, HV) fjarstaddir.

Þingsályktunartillaga afgreidd með rökstuddri dagskrá.

Byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis.

Á deildafundum 17. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis [89. mál] (A. 101).

Á 14., 18. og 30. fundi í Sþ., 19. nóv., 3. des. og 14. jan., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þessa þáltill. ásamt fjórum flokksmönnum mínum, þeim hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, hv. 4. þm. Sunnl., Birni Fr. Björnssyni, hv. 3. þm. Vestf., Bjarna Guðbjörnssyni, og hv. 11. þm. Reykv., Einari Ágústssyni. Till. er svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að gera athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis í landinu og upplýsa, hvaða aðilar hafa náð beztum árangri hvað verð og gæði snertir. Nefndin leggi fram skýrslu um niðurstöður sínar á næsta þingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði."

Þessi ályktun var borin fram á síðasta þingi, en það seint, að hún fékk þá ekki afgreiðslu. Þá fylgdi henni eftirfarandi grg.:

„Á því leikur enginn vafi, að hraðvaxandi byggingarkostnaður hefur átt drjúgan þátt í því, hvað dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum á liðnum árum. Með það í huga er ekki seinna vænna að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, á hvern hátt er hægt að hamla á móti þessum mikla byggingarkostnaði. Virðist einsýnt, að þeir, sem byggja ódýrast miðað við gæði, eigi að sitja fyrir lóðum og fjármagni, enda er það eina sýnilega leiðin til að lækka íbúðakostnaðinn.

Þegar Breiðholtsáætlunin var gerð á sínum tíma, var að því stefnt, að sagt var, að lækka byggingarkostnaðinn með fjöldaframleiðslu íbúðarhúsnæðis. Nú er það almenn skoðun, ekki sízt meðal iðnaðarmanna, að Breiðholtsbyggingarnar hafi orðið enn dýrari en íbúðir byggðar af einstaklingum á sama tíma, og þó séu þessar Breiðholtsíbúðir meira og minna gallaðar, að sagt er.

Það er enn fremur talið, að ýmis byggingarsamvinnufélög hafi byggt fullkomlega sambærilegar íbúðir við Breiðholtsbyggingarnar fyrir allt að 33% minna verð, t. d. byggingarsamvinnufélag vélstjóra, sem hóf byggingu 12 íbúða í sept. s. l. og Leirubakka 18 og 20, og eru þessar íbúðir nú fokheldar. Byggingarkostnaður þessara íbúða fokheldra, miðað við þriggja herbergja íbúðir, 80 fermetra, auk geymslu í kjallara, er um 256 þús. kr.

Þrátt fyrir skýr fyrirmæli í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins um, að stofnunin eigi að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, þá hefur þessum málum ekki verið sinnt sem skyldi enn sem komið er.

Það ætti að vera öllum aðilum áhugamál, að það sé kannað, hvað sannast er í þessum málum, og að staðið sé að byggingu íbúðarhúsnæðis á þann hátt, að sem mest fáist fyrir það takmarkaða fé, sem þjóðin hefur efni á að setja í það á ári hverju."

Síðan þessi grg. var samin, hefur ýmislegt rekið á fjörur flm., sem gefur til kynna, að byggingar framkvæmdanefndar í Breiðholti hafi verið með þeim hætti, að full ástæða sé til þess að kryfja þá framkvæmd til mergjar. Það virðist liggja nokkuð ljóst fyrir, að byggingarkostnaðurinn hafi orðið það mikill, að nýtt met hafi verið slegið, þó að gengið sé út frá því, að gæði og frágangur sé í meðallagi, sem hann er ekki, og vantar mikið á, að hægt sé með nokkrum rökum að telja, að svo sé. Séu þær tölur réttar, sem hér verða nefndar, ættu stjórnarvöld að láta staðar numið með þessa framkvæmd, en láta þá aðila, sem sannanlega byggja ódýrast, um að leysa þessi verkefni af hendi.

Eftir því sem næst verður komizt, er söluverð þessara sambygginga 50 millj. 774 þús. kr., þ. e. sex sambygginga, sem búið er að byggja, og er þá söluverð þeirra um 304 millj. 644 þús. kr. eða 3096 kr. rúmmetrinn, séu útreikningar fasteignanefndar Reykjavíkur lagðir til grundvallar. Einbýlishúsin voru 23. Söluverð þeirra mun hafa verið 32 millj. 216 þús. kr. eða um 3940 kr. rúmmetrinn. Byggingartíminn var að mestu leyti á árunum 1967–1968, en meðalbyggingarvísitala þessara ára var 2987 kr. rúmmetrinn. Söluverð einbýlishúsanna hefur því verið 953 kr. hærra á hvern rúmmetra en byggingarvísitalan var, en söluverð sambýlishúsanna 109 kr. hærra hver rúmmetri.

En hér er ekki öll sagan sögð. Byggingar-

kostnaður allra þessara bygginga í lok júnímánaðar s. l. var 396 millj. kr. og ekki talið víst, að allir reikningar tilheyrandi þessum byggingum væru þá fram komnir. Það eru því 59 millj. kr. umfram söluverð íbúðanna, sem eftir stendur. Frá þessari upphæð dregst undirbúningskostnaður við áframhaldandi byggingar á vegum framkvæmdanefndar og hluti af skipulagsvinnu, sem talinn er vera um 4 millj. kr. samtals, og vélar og tæki, sem nú eru til. Séu þessar tölur réttar, er ljóst, að byggingarkostnaður þessara íbúða hefur orðið miklu hærri en söluverð þeirra. Ekki er því hægt að gera sér vonir um, að þessi byggingarmáti komi til með að lækka byggingarkostnaðinn í landinu, eins og ætlazt var til í upphafi, heldur hið gagnstæða.

Enginn ætti að ganga þess dulinn, að ein höfuðástæðan fyrir verðbólguþróuninni á liðnum árum hefur verið hinn mikli byggingarkostnaður íbúðarhúsnæðis. Miðað við kaupmátt launa nú er engin leið að rísa undir húsnæðiskostnaðinum óbreyttum. Það hlýtur því að vera skylda Alþ. að taka öll þessi mál til endurskoðunar og leita eftir leiðum til að lækka byggingarkostnaðinn til muna. Slíkt fálm og lausatök, sem á þessum málum hafa verið að undanförnu, geta ekki gengið lengur.

Það eru fyrst og fremst þrjú atriði, sem ég vil athuga nánar í þessu sambandi, sem renna stoðum undir, að full þörf sé að rannsaka byggingarkostnaðinn í landinu. Í fyrsta lagi að bera saman byggingarkostnað hér og t. d. á Norðurlöndum. Í öðru lagi að bera saman byggingarkostnað og frágang á byggingum framkvæmdanefndar í Breiðholti og öðrum íbúðum í fjölbýlishúsum byggðum á sama tíma, og í þriðja lagi að leiða hugann að því, hvort fjölskyldur með meðaltekjur geti staðið undir þeim byggingarkostnaði, sem nú er í landinu, að óbreyttum lögum og verðlagi, t. d. í Breiðholtsbyggingunum.

Þá kem ég að fyrsta liðnum, um samanburð á byggingarkostnaði hér og á Norðurlöndum. Í skýrslu prófessors Guðmundar Magnússonar um iðnaðinn og EFTA segir á bls. 43 um þetta efni, með leyfi forseta:

„Ef litið er á töflu 51, sem sýnir hlutfall einstakra útgjalda neytenda og heildarneyzlu þeirra árin 1965 og 1966, kemur í ljós, að við verjum hlutfallslega um helmingi meiru til húsnæðis en hinar Norðurlandaþjóðirnar (að meðaltali). Hlýtur þetta að koma niður á öðrum hlutfallstölum töflunnar fyrir Ísland: við eyðum tiltölulega minnstu í drykkjarvörur, tóbak, skemmtanir og aðra þjónustu. Aðeins Danir verja minna í mat, aðeins Finnar eyða minna í varanlega búsmuni og aðeins útgjöld Norðmanna eru minni vegna samgangna, að hlutfallstölu til. Hins vegar eyða aðeins Norðmenn meiru í fatnað og einkamuni en við: Þessi útgjaldaliður virðist fara að nokkru eftir veðurfari — eða kannske réttara sagt veðurfarsbreytingum — landanna. Athyglisvert er, að í Finnlandi og á Íslandi, þar sem húsnæðisútgjöldin eru tiltölulega hæst, eru útgjöld vegna varanlegra búsmuna (þ. e. húsgagna og heimilisáhalda) tiltölulega lægst. Þetta gæti bent til þess, að byggingarkostnaður sé tiltölulega hár í þessum löndum, því að varla býr fólk í tómum húsum."

Ég ætla þá að athuga aðeins töflu í skýrslu prófessors Guðmundar, töflu 51, og sjá, hvernig þessar tölur eru. Hann segir þar, að þessi tafla sé um einkaneyzlu á Norðurlöndum í hlutfallstölum á árunum 1965 og 1966. Og fyrri talan, sem ég las þá upp, er húsnæðisliðurinn fyrir árið 1965 og hin fyrir 1966. Þá er það fyrst Danmörk 8.3%, 8.4%, Finnland 10.9%, 11.1%, Ísland 18.7%, 19.5%, Noregur 7.9%, 7.9%, Svíþjóð 9.6%, 9.8%.

Þessar upplýsingar gefa til kynna, að byggingarkostnaðurinn hér sé óeðlilega hár miðað við fyrrnefnd lönd. Hlutfallstalan að meðaltali bæði árin er þá þessi: Danir eru með 8.3%, Finnar 11%, Íslendingar 19.1%, Norðmenn 7.9 og Svíar 9.7. Sýnist það vera einhver goðgá að athuga það, hvort ekki væri unnt að minnka þennan geigvænlega mun, sem var á byggingarkostnaðinum á árunum 1965—1966, og ekki sízt, þegar allt bendir til þess, að þessi kostnaðarmunur hafi enn aukizt á þeim árum, sem liðin eru síðan? Gefa þessar tölur ekki til kynna, að húsnæðisliðurinn sé hér miklu hærri en eðlilegt má telja? Er það þá ekki skylda Alþ. að láta fara fram rannsókn á því, hvað er að í þessari starfsemi og láta gera viðhlítandi könnun á því, hvað veldur þessum geigvænlega mun? Ég kem betur að þessu atriði síðar.

Þá er ég kominn að öðru atriðinu, um samanburð á kostnaði og frágangi á byggingum framkvæmdanefndar í Breiðholti og íbúðum í fjölbýlishúsum byggðum á sama tíma. Í áramótaþætti Flosa Ólafssonar gafst þjóðinni að sjá og heyra, hvernig þessar íbúðir eru. Þó að eitthvað hafi e. t. v. verið ýkt í þessum þætti í einstökum atriðum, er hitt eins víst, að ýmsir gallar komu ekki fram í þessum þætti, sem eru á þessum íbúðum. Það fer því ekki á milli mála, að þessar byggingar eru orðnar frægar um allt land fyrir tvennt: Í fyrsta lagi fyrir það, hvað þær urðu dýrar í byggingu. Í öðru lagi, hvað margir og miklir gallar hafa nú þegar komið fram í þessum byggingum og hve hroðvirknislega er þar frá ýmsu gengið.

Þegar um þessar byggingarframkvæmdir var samið í fyrstunni, var sagt, að höfuðtilgangurinn með þessum byggingum væri að lækka byggingarkostnaðinn til muna, frá því sem þá var, með því að byggja íbúðir í fjöldaframleiðslu. Þessar íbúðir áttu svo hinir efnaminni í þjóðfélaginu að fá keyptar með hagstæðum kjörum. Eins og áður segir, mun svo hafa til tekizt með byggingarkostnaðinn, að í staðinn fyrir að lækka hann er ekki annað að sjá en nýtt met hafi verið slegið í byggingarkostnaðinum í þessum byggingum, og séu frágangur og gallar teknir með í samanburðinum, er enginn vafi á því, að met hefur verið slegið að þessu leyti.

Við tókum okkur til, tveir af flm. þessarar

þáltill., og fórum upp í Breiðholt til þess að sjá með eigin augum þessar frægu byggingar, því að sjón er sögu ríkari. Við fengum með okkur þrautreyndan byggingarmeistara til þess að heyra hans álit á því, sem kynni að bera þar fyrir augu okkar. Ég vil taka fram, að ég var búinn að gera mér fulla grein fyrir því, að allt mundi ekki vera í sómanum með þessar byggingar. En að það væri eins slæmt og það reyndist vera eða kom mér fyrir sjónir, datt mér alls ekki í hug. Það er engin ástæða til þess, að ég fari að gefa tæmandi lýsingar á því, sem fyrir augu bar í þessari ferð. Hins vegar vil ég skora á hv. alþm. að samþykkja þessa till., sem hér er til umr. og stuðla að því, að fram fari rannsókn á þessum og öðrum byggingum, til þess að hlutlaust mat fari fram á þann hátt, og stuðla að meira aðhaldi í byggingarstarfseminni í landinu. Sú hv. n., sem fær þessa till. til athugunar, getur fengið aðstoð og leiðbeiningar hjá mér eða okkur, ef hún vill athuga þessar og aðrar byggingar, sem við skoðuðum í umræddri ferð, svo að hún hafi ekki sögusögn okkar eða annarra um þennan samanburð. En til þess að hv. alþm. fái nú þegar nokkra hugmynd um, hvernig ástandið er í þessu efni, eins og það kom mér fyrir sjónir umfram það sem kom fram í sjónvarpsþætti Flosa Ólafssonar á gamlárskvöld, vil ég nefna nokkur atriði.

Víða voru veggir sprungnir langt fram yfir það, sem ég hef séð í nokkrum byggingum. Þessar sprungur voru víða mjög gleiðar og opnar, og okkur fannst þær alveg rosalegar, t. d. hjá stigum og víðar, þannig að stigarnir virtust hanga í lausu lofti. Parketgólf eru í þessum íbúðum, en allvíða voru gólfin farin að síga, marraði og jafnvel brakaði í þeim, þegar um þau var gengið, ekki ólíkt því, sem var í gömlu baðstofugólfunum, þegar bitar og undirlög voru að láta sig og farin að púna. Í mörgum baðherbergjunum hrundu flísar jafnóðum og þær voru límdar á veggina, og sem dæmi voru okkur sýnd nokkur böð, sem búið var þrívegis að líma flísarnar á án árangurs. Skápar og innréttingar voru þannig, að engin leið er að kalla þann frágang fagvinnu og það var líka álit byggingarmeistarans. Og ég vil segja, að í mörgum tilfellum er frágangurinn þannig, að hann var engum manni bjóðandi og rýrir útlit og sölumöguleika íbúðanna til mikilla muna. Samsetningargallar sáust allvíða á gleri, og taldi byggingarmeistarinn allt gallað gler ónýtt. Það er að vísu auðvelt að bæta úr því með því að skipta um gler, en hverjum ber að borga þann kostnað, sem af þeim skiptum mundi leiða, eða hver sér um það, að réttir aðilar verði látnir greiða þann kostnað? Einangrunargallar munu vera algeng fyrirbæri. Sumt hefur verið lagað, en annað ekki enn sem komið er, hvað sem verður. Hverri íbúð fylgir geymsla í kjallara. Þessar geymslur eru þiljaðar í sundur með þunnum panel, en hurð er úr sama efni. Læsing og lamir eru þannig, að stálpaðir krakkar eiga auðvelt með að komast inn í geymslurnar, og þarf ekki nema nagla eða lítið skrúfjárn til þess. Er því ekkert til friðs í þessum geymslum og ekki auðvelt að bæta úr nema þá að taka niður þessar innréttingar og setja upp ný skilrúm í staðinn úr öðru efni.

Eitt af því furðulegasta, sem við sáum, var það, að í tveggja herbergja íbúðunum var ekkert gluggafag opnanlegt í svefnherbergjunum. Í þess stað var smárifa eða rifur með lokum fyrir undir gluggunum. Þessi loftaugu ásamt lokunum voru úr málmi, og var okkur sagt, að þegar frost væri, frysu lokarnir fastir, þannig að þá var engin leið að opna þessi loftaugu. Í heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík segir svo í 32. gr. í 5. mgr. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í hverju íbúðarherbergi og eldhúsi skal á útvegg vera nægilega stór gluggi, sem má opna.“

Ég get ekki séð betur en það sé blátt áfram brot á heilbrigðissamþykkt Reykjavíkur að hafa ekki opið fag á gluggunum. Að öðru leyti lýsti Flosi Ólafsson þessum íbúðum í þætti sínum, og sé ég ekki ástæðu til þess að fara frekar út í þá galla hér.

Í framhaldi af þessari kynnisferð í Breiðholtsbyggingarnar skoðuðum við íbúðir byggðar af byggingarsamvinnufélögum eða fólki, sem myndaði samtök til að koma yfir sig íbúðum, byggðum á sama tíma og Breiðholtsbyggingarnar. T. d. skoðuðum við fjögurra herbergja íbúðir svipaðar að stærð og fjögurra herbergja íbúðirnar í Breiðholti, sem kostuðu 1132 þús. kr. En þessar íbúðir með frágengnum lóðum kostuðu allar innan við 900 þús. kr., ögn misjafnt eftir því, hvað í þær var borið. Það var annar frágangur á þessum íbúðum, og hefði ég verið að hugsa um að kaupa mér íbúð og þessar íbúðir hefðu verið til sölu, annars vegar Breiðholtsíbúðirnar og hins vegar þær íbúðir, sem við skoðuðum annars staðar í borginni, hefði ég ekki viljað Breiðholtsíbúðirnar, þó þær væru falar fyrir 250—300 þús. kr. minna en hinar.

Þar sem verkalýðsfélögin sömdu um þessar byggingar í upphafi við ríkisstj. og þessar byggingar áttu að leysa íbúðarvandamál hinna efnaminni í þjóðfélaginu, hefði mátt vænta þess, að þessi félagasamtök tækju ekki þegjandi við þessum íbúðum, eins og verð er á þeim og frágangur allur, en því miður hefur ekki heyrzt neitt um það enn sem komið er, að þau hafi gengið í þetta mál. Margt af þessu fólki, sem íbúðirnar keypti, hefur áreiðanlega fá úrræði og munu a. m. k. sumir hika við að leita réttar síns fyrir dómstólunum, þó að þeim finnist, að þeir hafi verið hart leiknir í þessum kaupum. Stéttarfélögin sömdu um þessar byggingar við ríkisvaldið. Þessi framkvæmd getur tæpast verið í samræmi við það, sem ætlazt var til, þegar samkomulagið var gert, því er það bæði eðlilegt og sjálfsagt, að þeir aðilar, sem sömdu um þessar byggingar fyrir meðlimi sína, gangi í það að leita réttar þeirra, þegar svo herfilega hefur til tekizt, eins og að framan er rætt.

Í því sambandi má enn minna á það, að því

var mjög á loft haldið, þegar umrætt samkomulag var gert, að með þessum framkvæmdum mundi byggingarkostnaðurinn til muna lækka og þar með húsnæðiskostnaður hinna efnaminni, sem áttu samkv. samkomulaginu að sitja fyrir þessum íbúðum. Og það, að Breiðholtsbyggingarnar voru látnar sitja fyrir fjármagni frá Húsnæðismálastofnuninni, var réttlætt með því, að þar væri verið að byggja miklu ódýrari íbúðir en áður hefðu þekkzt í landinu. En þessi ráðstöfun kom mjög hart niður á öðrum húsbyggjendum í landinu og olli því í mörgum tilfellum, að ýmsir sáu enga leið til þess að hefja byggingar, ekki eingöngu hér við Faxaflóa, heldur einnig víðs vegar um land. Þessi framkvæmd hefur því valdið því, að önnur byggingarstarfsemi hefur mjög dregizt saman á þessu tímabili, en að vísu fyrir brigðmæli hæstv. ríkisstj., þar sem hún stóð ekki við að útvega fjármagn í þessar byggingar utan við það almenna veðlánakerfi, eins og ætlazt var til og um var samið.

Og þá er ég kominn að þriðja atriðinu, sem ég nefndi, hvort fjölskyldur með meðaltekjur geti staðið undir húsnæðiskostnaðinum, að honum óbreyttum, miðað við óbreyttar ráðstöfunartekjur þessara stétta. Nú hefur ríkisvaldið staðið fyrir byggingunum í Breiðholti og ber í raun og veru ábyrgð á þeirri framkvæmd og þeim kjörum, sem þeir, sem hafa keypt þær, hafa orðið að skuldbinda sig til að sæta. Við skulum því staldra við og hugleiða, hvaða líkur séu á því, að þessir aðilar muni geta staðið við þessar skuldbindingar að öllu óbreyttu.

Tveggja herbergja íbúðirnar í Breiðholti, sem eru 66 fermetrar, kostuðu 883 þús. kr. Lán til 33 ára nemur 706 þús. kr. og til 6 ára 93 166 kr. Afborganir og vextir fyrsta árið af þessum íbúðum eru rúmar 50 þús. kr., á fjórða ári tæpar 60 þús. kr. og á sjöunda ári og þar á eftir rúmar 42 þús. kr. Kaupverð þriggja herbergja íbúðanna, 78 fermetra í sambyggingu, var 1 millj. 16 þús. kr. Lán til 33 ára var 813 þús. kr. og til 6 ára rúml. 106 þús. kr. Afborgun og vextir á fyrsta ári eru 57 600 kr., á fjórða ári tæpar 69 þús. kr. og á sjöunda ári og þar á eftir 48 500 kr. Fjögurra herbergja íbúðirnar eru 90 fermetra, kaupverðið 1 millj. 132 þús. Lán til 33 ára 906 þús. kr. og til 6 ára 119 þús. kr. Afborganir og vextir fyrsta árið 64 300 kr., á fjórða ári 76 800 kr. og á sjöunda ári og þar á eftir um 54 þús. kr. Ef maður bætir svo við fasteignagjaldinu, sem mun vera á þessar íbúðir um 4 300 kr., yrði greiðslan á fjórða ári rúml. 81 þús. kr. Einbýlishúsin, sem voru 116 fermetra, kostuðu 1 millj. 489 þús. kr. Lán til 33 ára eru 1 millj. 191 þús. og til 6 ára rúmlega 158 þús. Afborganir og vextir fyrsta árið tæp 85 þús., á fjórða ári rúmlega 101 þús. og á sjöunda ári og þar á eftir tæplega 71 þús. kr. Til viðbótar fyrsta árs greiðslu þyrfti að bæta stimpilgjaldi, 2% af söluverði, og skipulagsgjaldi 3‰ af brunabótamati. Þessi gjöld má ætla, að verði af þessum íbúðum, sem hér segir: Af tveggja herbergja íbúðunum samtals 17 660 kr. Af þriggja herbergja íbúðunum rúmlega 23 000 kr. Af fjögurra herbergja íbúðunum 26 000 kr.

Að mestu leyti losna t. d. þeir, sem byggja í samvinnufélögunum, við þessar greiðslur, þannig að til samanburðar við þær íbúðir, sem ég gat um áðan á tæplega 900 þús., þá kosta þessar íbúðir, fjögurra herbergja íbúðirnar, nálægt 1160 þús. kr.

Hvernig eiga þeir, sem hafa um 150 þús. kr. árstekjur, og þó að tekjurnar væru 180 þús. kr., að standa undir slíkum greiðslum? Væri ekki viðeigandi og verðugt viðfangsefni fyrir hæstv. ráðh. að sýna okkur fram á það tölulega, að fjölskylda með slíkar tekjur geti staðið undir þessum greiðslum? En skyldi það ekki standa í þeim? Og sé þessi húsnæðiskostnaður eðlilegur að dómi hæstv. ríkisstj., þá er kaupmáttur launanna engan veginn í samræmi við þann lið og verður að skoða það til hlítar í réttu ljósi. Eins og þessi byggingarstarfsemi hefur verið á liðnum árum, hafa þær byggingar, sem orðið hafa dýrastar, setið fyrir fjármagni frá Húsnæðismálastofnuninni, og af því hefur leitt, að þeir, sem hafa sýnt meiri hagkvæmni, hafa verið stöðvaðir af þeim sökum. Svo að ég taki dæmi um byggingarkostnað í samvinnubyggingarfélögum í Reykjavík, þá veit ég, að ýmsir aðilar úti á landi hafa byggt a. m. k. eins ódýrt eins og þessi samvinnubyggingarfélög. T. d. veit ég um það á Akureyri, að byggingarkostnaðurinn var innan við þetta mark á þessum árum. Er heil brú í þessu? Og vilja hv. alþm. taka þá ábyrgð á sig að láta ekki kanna þetta mál til hlítar?

Unga fólkið mun fylgjast með því, hvernig hv. Alþ. tekur á þessu máli. Það er mér a. m. k. ljóst, því að ekki eru það svo fáir, sem hafa haft samband við mig undanfarnar vikur til þess að ræða um þessa þáltill., sem er til umr., og ástandið í þessum málum yfirleitt. Augu manna eru að opnast, ekki sízt unga fólksins, fyrir því, að þessi mál séu ekki í eins góðu lagi og hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokkar hennar hafa viljað vera láta, og það er almennt álitið, að byggingarkostnaður sé fast að því helmingi hærri hér en t. d. á Norðurlöndum.

Það er almenn skoðun, að Breiðholtsævintýrið hafi gersamlega mistekizt. Það er áþreifanleg staðreynd, að byggingarkostnaðurinn hefur verið mesti verðbólguvaldurinn á liðnum árum. Hinn mikli húsnæðiskostnaður, ekki sízt í Breiðholti, hlýtur að auka mjög kröfur um miklar kauphækkanir á næstu mánuðum. Það er alveg vonlaust fyrir hæstv. ríkisstj. og stuðningsflokka hennar að halda að sér höndum í þessum málum og staðhæfa, að öll gagnrýni á þessi mál sé af vanþekkingu og misskilningi sprottin og sé að engu hafandi. Almenningur í landinu veit betur. Og það er ætlazt til þess af okkur, sem eigum sæti á hv. Alþ., að við þorum að horfast í augu við vandann og gerum ráðstafanir til þess að reyna að afstýra honum, bæði á þessu sviði og öðrum. Til þess erum við hér, en ekki til þess að stinga höfðinu niður í sandinn og láta allt reka á reiðanum, eins og áberandi hefur verið síðasta

áratuginn hjá þeim, sem völdin hafa haft. Þetta mál er í brennipunkti. Þjóðin öll og þó sérstaklega unga fólkið fylgist vel með, hvaða afgreiðslu þessi þáltill. fær á hv. Alþ. og hvernig staðið verður að þessum málum, því að þessi mál brenna á æðimörgum þessa dagana.

Ég leyfi mér, herra forseti, að leggja til, að að lokinni þessari umr. verði málinu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 37 shlj. atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til síðari umr. (A. 101, n. 537 og 549).

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var till. aftur tekin til síðari umr.

Frsm. meiri hl. (Unnar Stefánsson): Herra forseti. Allshn. hefur fjallað um till. til þál. um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis á þskj. 101. N. sendi umrædda þáltill. ýmsum aðilum til athugunar, en varð ekki sammála um afgreiðslu. Meiri hl. n. leggur til, að henni verði vísað frá með rökstuddri dagskrá, svo sem nánar greinir á þskj. 549.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Eins og hv. frsm. meiri hl. allshn. tók fram, hefur n. haft til athugunar till. þá, sem liggur fyrir um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis. Samkomulag hefur ekki náðst um afgreiðslu till.

Í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins er gert ráð fyrir því, að Húsnæðismálastofnunin vinni að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði. Hér er um mikilsvert hlutverk að ræða og sýnist minni hl. ástæða til þess að gera sér grein fyrir því, hversu til hefur tekizt um framkvæmd þessara lagaákvæða og þá jafnframt, hverjir hafa náð beztum árangri í því að lækka byggingarkostnað, ef um slíkt er að ræða, og þá einnig, hver árangur hafi orðið af tilraunum, sem gerðar hafa verið til þess að lækka byggingarkostnað, hvort þær hafi tekizt eða ekki. Minni hl. n. telur ástæðu til þess, að gerðar væru ráðstafanir til athugunar af þessu tagi og leggur til, að till. á þskj. 101 verði samþ.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 51. fundi í Sþ., 30. apríl, var fram haldið síðari umr. um till.

ATKVGR.

Rökst. dagskrá á þskj. 549 samþ. með 33:14 atkv.

Þingsályktunartillögur, vísað til ríkisstjórnarinnar.

1. Vesturlandsáætlun.

Á 1. fundi í Sþ., 13. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um Vesturlandsáætlun [17. mál] (A. 17, 53, 74).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um Vesturlandsáætlun. Till. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun fyrir Vesturland í þeim tilgangi að bæta afkomu einstaklinga og atvinnugreina og auka byggð á svæðinu á næstu árum."

Á árinu 1963 samþykkti Alþ. þáltill. um framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Næsta ár á eftir var hafizt handa um gerð byggðaáætlunar fyrir það svæði, og var fengin aðstoð norskra sérfræðinga til þess að gera áætlunina. Var á nokkrum tíma gengið frá samgönguáætlun fyrir Vestfirði, og hefur nú þegar verið aflað mikils fjár til framkvæmda samkv. þeirri áætlun. Síðan 1966 hefur Efnahagsstofnunin unnið að byggðaáætlun fyrir Norðurland, og hefur einnig þar verið aflað fjár til framkvæmda þeirri áætlun. Loks hefur verið unnið allmikið af framkvæmdaáætlun fyrir Austurland.

Í áliti og till. um áætlanagerð, sem Efnahagsmálastofnunin sendi frá sér snemma á árinu 1968, segir m. a., að nægileg reynsla hafi þá ekki fengizt af því hér á landi, hvernig bezt sé að haga gerð byggðaáætlana og að hvaða notum slík áætlanagerð geti komið. Hins vegar taldi stjórn Efnahagsstofnunarinnar nauðsynlegt að ljúka því starfi, sem þá var hafið við gerð Norðurlandsáætlunar, og athuga jafnframt í ljósi reynslunnar, hvernig skyldi unnið að byggðaáætlunum framvegis. Ég leyfi mér að fullyrða, að Íslendingar muni halda áfram gerð byggðaáætlana, enda er reynslan af þeim góð svo langt sem hún nær. Ég hygg, að allir stjórnmálaflokkarnir hafi lýst sig fylgjandi því, að gripið verði til aukinnar áætlunargerðar, og ég vil minna á, að fyrir fáum dögum tók landsfundur Sjálfstfl. mjög eindregið undir það, að halda þyrfti áfram gerð og framkvæmd byggðaáætlana.

Ýmsar ástæður hníga að því, að ég leyfi mér að flytja þessa till. og tel, að tími sé til þess kominn að gera slíka áætlun fyrir Vesturland. Orðið Vesturland er hér notað í þeirri merkingu, að það þýði þau héruð, sem falla undir Vesturlandskjördæmi. Þó gæti farið svo, að það yrði talið rétt við áætlunargerð að bæta Austur-Barðastrandarsýslu þar við, af því að mér skilst eftir skýrslum Efnahagsstofnunarinnar, að Austur-Barðastrandarsýsla hafi ekki verið tekin með í Vestfjarðaáætlun og sérfræðingar hafi talið, að hún mundi falla betur með byggðum í norðurhluta Vesturlands og ætti að vera með því svæði, þegar áætlun fyrir þann landshluta yrði gerð.

Fyrir fáum árum ríkti sá hugsunarháttur í landinu, og byggðist hann að sjálfsögðu á aðstæðum, sem þá voru fyrir hendi, að allar opinberar ráðstafanir til eflingar á atvinnulífi skyldu miðast við landið að undanskildu suðvesturhorni þess. Voru þá gjarnan dregnar línur þannig, að Faxaflóasvæðið og Reykjanessvæðið í heilu lagi voru undanskilin, en ýmis aðstoð var veitt öðrum landshlutum. Ég hygg, að reynsla þjóðarinnar undanfarin 2–3 ár á krepputímabili hafi sýnt, að þessi hugsun stenzt ekki lengur. Það hefur komið í ljós, að héruð, sem eru á suðvesturhorni landsins, búa við mjög mikið öryggisleysi í atvinnumálum, og í dag er ástandið þannig, að atvinnuleysi er mest í þéttbýlinu í Reykjavík. Ég vil því leyfa mér að halda fram með flutningi þessarar till., að það verði að athuga vandlega efnahagsástand og aðstæður á Vesturlandi, gera áætlun um framkvæmdir þar og til þurfi að koma opinbert átak til þess að efla afkomu einstaklinga, atvinnugreina og auka byggð á þessu svæði. Erfiðleikar undanfarandi ára hafa að sjálfsögðu komið mjög illa við þjóðina, en þó ákaflega misjafnlega eftir því, hvaða atvinnustéttir er um að ræða og einnig eftir því, hvaða byggðarlög er um að ræða. Við höfum orðið fyrir því á Vesturlandi, að á okkar svæði eru byggðarlög, sem hafa orðið mjög illa úti á þessu tímabili. Hefur komið í ljós, að hinir einhæfu atvinnuvegir valda því, að fólkið býr við

ákaflega mikið öryggisleysi hvað atvinnu og afkomu snertir.

Fyrsta till., sem flutt var og samþ. á Alþ. um gerð byggðaáætlana, till. um Vestfjarðaáætlun, var rökstudd á þann hátt, að stöðva þyrfti fólksflótta frá Vestfjörðum. Ég vil leyfa mér að benda á, að íbúafjöldi Vesturlands, eins og ég hef skilgreint það, hefur aukizt mjög hægt á undanförnum áratugum og raunar miklu hægar en ástæða er til. Á árunum 1940–1960 fjölgaði á þessu svæði aðeins um 1 846 manns, en á sama tíma fjölgaði þjóðinni í heild um 54 206 manns. Á árabilinu 1960–1968 fjölgaði á Vesturlandi um 1 409 manns, en þau ár var heildarfjölgun þjóðarinnar 26 511. Ég vil beina athygli hv. þm. að því, að þetta svæði er þannig í sveit sett, að það ætti að taka við miklu stærri hluta af fólksfjölgun þjóðarinnar en raun hefur borið vitni. Ég tel því, að hér sé um aðra veigamikla ástæðu að ræða fyrir því, að nú sé kominn tími til þess að hefja gerð Vesturlandsáætlunar og framkvæmdir samkv. slíkri áætlun.

Reynslan af þeim áætlunum, sem þegar hafa verið gerðar og teknar til framkvæmda, hefur orðið sú, að greiðust leið sé að gera samgönguáætlanir fyrir viðkomandi héruð. Það mun og vera skoðun allra, sem hlut eiga að máli, að bættar samgöngur eftir slíkum áætlunum verði til þess að veita viðkomandi byggðum alhliða efnahagsstyrk. Ég tel ástæðu til að ætla, að sama muni gilda um Vesturland, og ég vil vekja athygli á því, að þar bíða einmitt á sviði samgöngumála óleyst mjög stór verkefni, sem ég tel að mundu ekki aðeins stórbæta aðstöðu veigamikilla byggðarlaga á þessu svæði, veita þar aukna atvinnu og tekjur, heldur mundu þessar sömu framkvæmdir koma öðrum landshlutum að miklu gagni, vegna þess að meginsamgönguæðar þjóðarinnar mundu batna. Ég skal ekki fara ítarlega út í að nefna þessi verkefni, en það nægir að minna t. d. á lausn Hvalfjarðarmálsins og á brú yfir Borgarfjörð, sem almennt mun hafa verið talin til skýjaborga, þegar einn af Vesturlandsþm. flutti fyrst þá hugmynd á Alþ., en öllum er nú orðið ljóst, að er mjög raunhæft og nauðsynlegt verkefni. Ég vil nefna fullgerð Heydalsvegar, sem raunar er nú á góðum vegi, veg yfir Laxárdalsheiði, sem mundi bæta samgöngur milli Norðurlands annars vegar og Vesturlands og Vestfjarða hins vegar, svo og endurnýjun á ýmsum gömlum brúm og brautum í héraðinu. Þá vil ég benda á, að Vesturland hefur enn lítið getað notað flugsamgöngur, en framkvæmdir, sem ekki þyrftu að vera stórar í sniðum, við það að stækka flugbrautir, t. d. í Stykkishólmi og á Hellissandi, mundu gera kleift að auka flugsamgöngur á þessu svæði til muna. Hafnarmál skipta miklu fyrir ýmis byggðarlög á Vesturlandi og einnig þar bíða aðkallandi verkefni. Flóabátar hafa mikla þýðingu fyrir þetta kjördæmi, bæði á Breiðafirði og Faxaflóa, og er nauðsynlegt að tryggja starfsemi þeirra og aðstöðu a. m. k. um fyrirsjáanlega framtíð.

Í beinu framhaldi af tali um hugsanlegar samgöngubætur á Vesturlandi vil ég benda á ferðamannastraum sem atvinnuveg. Augu þjóðarinnar eru að opnast fyrir því, að hvers konar starfsemi varðandi ferðamannastraum er veigamikill atvinnuvegur, sem gefur miklar tekjur, og ég tel, að Vesturland hafi sérstaka möguleika á þessu sviði, ekki sízt vegna þess, að það er í næsta nágrenni við höfuðborgarsvæðið, þar sem liðlega helmingur þjóðarinnar býr. Strax og samgöngur fyrir Hvalfjörð greiðast, þannig að leiðin til héraða norðan Hvalfjarðar styttist, hygg ég, að straumur manna muni verða af þéttbýlissvæðunum norður um. Ég vil sérstaklega benda á, að ferðamannastraumur er einn af þeim fáu nútímaatvinnuvegum, sem við Íslendingar erum að byggja upp, er getur tekið við allmiklu vinnuafli skólafólks á sumrin. Við búum nú við það, að breyttir atvinnuhættir gera okkur sífellt erfiðara að útvega unga fólkinu, sem er í skólum, sérstaklega framhaldsskólunum, sumaratvinnu. Af þeim atvinnuvegum, sem nú virðast eiga verulega framtíð í landinu, hefur ferðamannastraumurinn það fram yfir flesta aðra, sem ég hef um heyrt, að hann ætti að geta tekið við allmiklu af slíku fólki, en sumarvinna skólafólks hefur mikil áhrif á efnahag heimila þess.

Að sjálfsögðu ætti ég að nefna framleiðsluatvinnuvegina, en mér er ljóst, að það er ekki eins auðvelt að gera áætlanir og framkvæmdir á því sviði fyrir einstaka landshluta, heldur verða flest vandamál framleiðsluatvinnuveganna að leysast fyrir þjóðina sem heild. Vandamál á því sviði eru á Vesturlandi hin sömu og annars staðar í landinu. Á þessu svæði eru byggðarlög, sem hafa mjög einhæfa atvinnuvegi, byggja afkomu sína eingöngu á fiskveiðum og fiskvinnslu og hafa á undanförnum kreppuárum orðið fyrir allt að því óbærilegum áföllum sum hver. Önnur byggðarlög á þessu svæði hafa komið upp meiri eða minni iðnaði, og er öllum ljóst, hversu þýðingarmikið þróunarskref það er. Engu að síður eru þar líka mörg vandamál. Loks eru byggðir, sem byggja afkomu sína á samgöngum og þjónustu, en þær eiga líka sín vandamál við að stríða.

Það mætti nefna marga fleiri málaflokka, þar sem ég hygg, að áætlanagerð mundi geta komið að miklu gagni. Þar vil ég fyrst og fremst nefna skólamálin, en ég tel, að þau muni á komandi árum hafa miklu meiri áhrif á byggð í landinu og tilflutninga fólks en verið hefur hingað til. Ég hygg, að á komandi árum muni fleiri og fleiri fjölskyldur flytjast þangað, sem börnin geta fengið nútíma framhaldsmenntun. Af þessum ástæðum er væntanlega öllum ljóst, að það er eitt af stórmálum þjóðarinnar í dag, að sú menntunaraðstaða verði ekki öll á einum eða tveimur stöðum, heldur verði henni dreift eins mikið og með góðu móti er unnt.

Vesturland hefur að ýmsu leyti búið vel hvað skóla snertir og haft forustu um byggingu heimavistar barna- og unglingaskóla í sveitum. En það skortir enn mikið á, að ástandið í þessum efnum sé viðunandi. Ég tel, að menntaskóli

verði fljótlega að koma á þessu svæði og ýmsir aðrir sérskólar. Ég tel, að byggðirnar á þessu svæði skorti ýmsar menntastofnanir til þess að öðlast svo alhliða félagslíf, að nútímafólk geti við það unað.

Að lokum vil ég nefna þróun, sem mjög er rætt um þessi árin, þar sem er uppbygging stóriðju. Ég vil koma á framfæri því sjónarmiði, hvað sem líður öðrum deilum um stóriðju á Íslandi, að ég tel óhugsandi, að slík stóriðja verði svo að segja öll sett á höfuðborgarsvæðið. Nú er talað um byggingu olíuhreinsunarstöðvar, og ég hef það fyrir satt, að þeir, sem um það mál fjalla, hafi varla nefnt annað en tiltekinn stað við Sundin við Reykjavík. Ef menn lesa þá ágætu bók, sem út hefur komið um skipulag Reykjavíkursvæðisins á næstu áratugum, sjá þeir, að ætlunin er að koma fyrir á þessum stað íbúðarhverfum fyrir 80—100 þús. manns. Það gerist e. t. v. ekki fyrr en undir árið 2000, en þetta eru svæði, sem sérfróðir menn hafa bent á sem framtíðaríbúðarsvæði höfuðborgarinnar og nálægra sveitarfélaga. Ég tel því fráleitt að ætla sér að setja olíuhreinsunarstöð með þeirri loftmengun og þeim óhreinindum, sem slíku fyrirtæki fylgja, á mitt þetta fagra svæði, þar sem við ætlum að reisa íbúðarhverfi fyrir 100 þús. Íslendinga á næstu áratugum. Ég vil benda á, að það væri tilvalið að reisa stóriðjuver við norðanverðan Hvalfjörð. Þar er hafnaraðstaða og þar geta stærstu skip nútímans siglt inn. Þar væri hægt að koma fyrir iðjuverum, sem hefðu Vesturland, aðallega Borgarfjarðarhérað, að bakhjarli og yrðu því ekki hluti af því mikla þéttbýlissvæði, sem hér er. Þetta stóriðjusvæði mundi geta stuðzt við Akranes, sem þarf ekki að vera nema 15 mínútna akstur eða svo frá þessu svæði, og verkafólk gæti búið þar og haft þar margvíslega þjónustu. Ef menn halda því fram, sem heyrzt hefur, að olíuhreinsunarstöð verði að vera nálægt mesta markaðssvæðinu, sem er höfuðborgin, þá er lítill kostnaður við að leggja þangað olíuleiðslur. Á fáum árum mundi sá kostnaður greiðast upp og verða sáralítill.

Herra forseti. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. um þetta mál verði frestað og því verði vísað til fjvn.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Í grg., sem fylgir þessari þáltill., skýrir flm. frá ýmsu, sem gerzt hefur í byggðaáætlunarmálunum. Hann víkur að því, að á Alþ. hafi verið samþ. till. um að gera framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði, og hann drepur einnig á, að Efnahagsstofnunin hafi haft með höndum Norðurlandsáætlun. Ég sé það, að þessi þáltill. muni að sjálfsögðu fara í n. samkv. till. flm., og þess vegna dettur mér í hug að gefa nokkrar upplýsingar til viðbótar um þessi áætlunarmál, sérstaklega að því leyti, sem að Austurlandi snýr, til afnota fyrir n. og þá, sem hlýða vilja, áður en þetta mál kemur til nánari skoðunar.

Ég þykist sjá, að í sambandi við þetta verði að sjálfsögðu athugaðir ýmsir þættir þeirra mála, og upplýsingarnar, sem ég vildi gefa, eru þær í fyrsta lagi að rifja upp, að við þm. að austan höfum á undanförnum árum nokkrum sinnum rætt um það á Alþ., að við teldum brýna nauðsyn á áætlun fyrir Austurland og höfum fært fyrir því ýmis rök. Enn fremur höfum við flutt, við þær stofnanir, sem vinna að þessum áætlunargerðum, þetta sama mál, bæði Efnahagsstofnunina, ráðh. og stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs, og mér er ánægja að geta sagt frá því, að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hefur falið Efnahagsstofnuninni gerð Austurlandsáætlunar, og er þar lögð aðaláherzla á samgöngumál. Þetta vildi ég segja til þess að fylla inn í frásögnina um það, hvað gerzt hefur í þessum málum. Enn fremur höfum við þm. Austurlands ritað ríkisstj. og farið fram á, að hún leiti fyrir sér um tveggja millj. dollara lán hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til Austurlandsáætlunar, sem er alveg hliðstæð fjárhæð þeirri, sem sótt var um til Norðurlandsáætlunar. Það var sótt um lán til Norðurlandsáætlunar eiginlega um leið og byrjað var að fitja upp á áætluninni og áður en Alþ. hafði samþ. lánsheimildina, og við höfum þess vegna þegar skrifað ríkisstj. og farið fram á það við hana, að hún hafi sama háttinn á, leggi þessa beiðni fram, með því að okkur er það alveg ljóst, að það er ekki síður stuðningur hér við slíka áætlun en Norðurlandsáætlunina, og það vonum við, að hæstv. ríkisstj. sé líka ljóst.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að segja frá þessu, svo að þessi atriði lægju einnig fyrir til skoðunar, þegar málið kemur fyrir hjá fjvn. og hjá hv. Alþ.

Jónas Árnason: Herra forseti. Hér sitja á hinu háa Alþ. sex menn fyrir Vesturlandskjördæmi, fimm formlega kjörnir sem slíkir, en auk þess einn, sem lítur á sig öðru fremur sem þm. þess kjördæmis og svo hygg ég einnig vera um flesta kjósendur þar, þó að formlega teljist hann í hópi landsk. þm., nánar tiltekið nr. 4, þ. e. a. s. sá, sem hér stendur í ræðustól. Hingað í húsið eru alltaf að koma nefndir manna af Vesturlandi til þess að ræða atvinnumál þar, hið alvarlega ástand þeirra og leiðir til úrbóta. Nefndir þessar eru skipaðar mönnum af ýmsu pólitísku tagi. Þær fara þess ávallt á leit að fá að ræða við okkur alla, þessa sex þm. í einu, í fullri vissu þess, að svo bezt megi einhvers árangurs vænta, að þm. allir, þ. e. a. s. fulltrúar allra flokkanna, sameinist um þær leiðir, sem vænlegastar kunna að virðast til úrbóta á vandamálum Vesturlands. Úrbæturnar reynast aftur á móti sjaldnast auðfundnar, enda verða jafnan fyrir alvarlegir erfiðleikar, sem að dómi okkar stjórnarandstæðinga a. m. k. stafa fyrst og fremst af rangri stjórnarstefnu. Um þá hlið málanna eru menn hins vegar ekki að pexa á slíkum fundum, það verður að segja okkur sexmenningunum til hróss. Pólitískur krytur nær aldrei að spilla samstöðu okkar um átök til lausnar hinum mörgu og margvíslegu vandamálum Vesturlands.

Það eru fleiri en sérstaklega útnefndar sendinefndir, sem ræða við okkur um atvinnumál

kjördæmisins. Á ferðum okkar um kjördæmið eru mál þessi rædd hvar sem við komum, og það verður að segjast alveg eins og er, að hrifning fólks af frammistöðu okkar er ekki sérlega mikil. Til hvers er að hafa sex þm., segir þetta fólk, sem aldrei gera eiginlega neitt að gagni fyrir okkur? Og ég vil taka fram, að það eru yfirleitt ekki gerðar neinar undantekningar í þessu efni. Þessi miskunnarlausi dómur er látinn ganga jafnt yfir okkur stjórnarandstæðinga sem stjórnarsinna. Og hver okkar mundi treysta sér til þess að segja, að þessi harði dómur eigi ekki við nein rök að styðjast, byggist á helberri ósanngirni? Ekki ég a. m. k. Ég held, að við verðum að játa, að mikið vanti á, að við höfum staðið okkur eins vel og skyldi í baráttunni fyrir hagsmunum þess fólks, sem byggir Vesturlandskjördæmi, þó að við stjórnarandstæðingar þykjumst auðvitað með fullum rétti geta haldið því fram, þegar málin eru til umr. almennt, að röng stjórnarstefna og tillitslaus um hagi fólksins þarna úti í dreifbýlinu torveldi eða geri jafnvel óframkvæmanlegt með öllu flest það, sem við mundum telja, að til framfara horfi. En látum þetta sem sagt liggja á milli hluta að þessu sinni.

En einstöku sinnum berast fólki í Vesturlandskjördæmi góðar kveðjur héðan úr þingsölum ásamt fögrum fyrirheitum. Vel á minnzt, ég var á ferð núna uppi í Vesturlandskjördæmi þrjá daga í síðustu viku og um síðustu helgi og hvar sem ég kom, bæði í sveit og í kaupstað, báðu menn mig að heilsa hv. 5. þm. kjördæmisins með kærri þökk fyrir sendinguna. Sú till., sem þessi hv. þm. flytur hér, hafði sem sé borizt þessu fólki í pósti með kærri kveðju að sjálfsögðu, og margt af því bað mig að skila til hans þeim mun innilegri kveðju, sem það taldi sig hafa heyrt minna frá honum um skeið.

En ég þarf ekki að taka fram, að ég er eindreginn stuðningsmaður þessarar till. Hitt er líka víst, að kjósendur okkar allra sexmenninganna úr Vesturlandskjördæmi, kjósendur allra flokka, hefðu talið eðlilegra, að í þessu stórmáli hefði verið fylgt reglunni um samstöðu okkar, órofa samstöðu okkar allra, og hv. flm. hefði sýnt skilning sinn í því efni með því að bjóða okkur hinum að gerast meðflm. að till. Það hefði líka fyrirbyggt allar grunsemdir um, að hann hygðist nota málið sjálfum sér til framdráttar persónulega gagnvart kjósendum, grunsemdir, sem allir góðviljaðir menn, svo að maður noti nú orðalag hæstv. forsrh., allir góðviljaðir menn hljóta að sjá, að eiga ekki við nein rök að styðjast.

En hvað um það. Till. er fram komin, mætti kannske vera fullkomnari, en látum það vera. Hún er fram komin, og þetta er stórmál, sem varðar fólkið okkar í Vesturlandskjördæmi, og nú er um að gera fyrir okkur sexmenningana að standa fast saman um að knýja hana fram til samþykktar og það sem fyrst. Það má engan tíma missa. Byggð í Vesturlandskjördæmi er víða í bráðri hættu vegna ófremdarástands í efnhags- og atvinnumálum. Ég tek sem dæmi, að núna s. l. sunnudag talaði ég í Borgarnesi við nokkra forustumenn verkalýðsfélagsins þar, og þeir fullyrtu, að tala atvinnuleysingja þar mundi á vetri komanda að óbreyttum aðstæðum verða tvisvar sinnum hærri en hún var á s. l. vetri, en þá fóru skráðir atvinnuleysingjar upp í 30. Það má sem sagt búast við, að hún verði á næsta vetri 60. Og í gær komu hingað í húsið til okkar þrír menn úr Stykkishólmi að ræða við okkur þm. sína, alla í einu, og þeir töldu, að tala atvinnuleysingja þar vestra, í Stykkishólmi, mundi fljótlega að lokinni sláturtíð, — fólk hefur haft nokkra atvinnu við slátrun núna í haust, — verða 80—100 manns. Íbúar í þessum byggðarlögum hvoru um sig eru rúmlega 1000. Það stefnir sem sé allt til þess, að drjúgur hluti allra vinnufærra manna í þessum byggðarlögum verði að ganga atvinnulaus.

Áætlun sú, sem till. þessi gerir ráð fyrir, er að vísu framtíðaráætlun og lítil von til þess, að hún leysi þann bráða vanda, sem ég var að nefna, en spyrja mætti þó, af því að flm. hennar er einn mesti áhrifamaðurinn í öðrum stjórnarflokknum, hver sé vilji ríkisstj. til að leysa þann vanda. Og spyrja mætti einnig af sömu ástæðu, hver sé vilji ríkisstj. til að tryggja skjótan framgang þessarar till., sem hann hefur, hv. 5. þm. Vesturl., af svo mikilli hugulsemi dreift um Vesturlandskjördæmi með alúðarkveðju frá sjálfum sér, einum áhrifamesta manni annars stjórnarflokksins.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í innbyrðis viðræður þeirra hv. þm. Vesturl. eða þau átök, sem hér virðast vera að brjótast út þeirra á milli vegna flutnings þessarar till.

Þegar till. um Vestfjarðaáætlun var fyrst rædd á þingi, held ég, að flestir hafi gert sér ljóst, að á eftir mundu koma till. um önnur byggðasvæði og aðra landshluta. Sú hefur líka orðið raunin á. Á eftir Vestfjarðaáætluninni fylgdi Norðurlandsáætlunin, og nú liggur fyrir, að þegar er af opinberum aðilum farið að vinna að undirbúningi vissra þátta Austurlandsáætlunar. Það er því ekki eftir að ræða nema Vesturlandið og Suðurlandið. Þó að till. um Vestfjarðaáætlunina hafi upphaflega nokkuð verið rökstudd með því, eins og hv. frsm. þessarar till. réttilega benti á, að hún væri í og með gerð og flutt til þess að stöðva fólksflótta frá því landsvæði, þá hygg ég, að menn geti verið alveg sammála um, að kannske er ekkert síður ástæða til þess að gera byggðaáætlun um þau landsvæði, þar sem fólksfjölgun hefur átt sér stað, en um hin, þar sem fólki hefur fækkað. Byggðaáætlanir eru til þess að bæta aðstöðu þess fólks, sem á hinum tilteknu landsvæðum vill búa, og ráða þar oft mjög miklu um t. d. samgöngumálin og aðstaða til menntunar o. fl., sem til greina kemur og fólk í þéttbýli utan Faxaflóasvæðisins einnig telur sér til hagræðis og gerir landsvæðið byggilegra. Mér varð ljóst, eins og öðrum þm., að hugmyndin um byggðaáætlanir mundi fara yfir landið allt, og hef ég verið með hugleiðingar um að beita mér fyrir

sams konar till. um Suðurlandskjördæmi. Segja má, að það hafi að sumu leyti ekki verið eins aðkallandi, vegna þess að þar hefur atvinnuástand yfirleitt verið með betra móti en víða annars staðar. En það eru margir þættir, sem gera það sjálfsagt, að einnig það svæði verði tekið til athugunar og tekið til greina í sambandi við þær byggðaáætlanir, sem nú eru uppi. Vel má vera, að það liggi kannske nokkuð beint við, þegar ekki er um að ræða nema þau tvö landsvæði, sem ég hef minnzt á, Vesturland og Suðurland, sem ekki er þegar farið að vinna að byggðaáætlun um, að flytja brtt. við þá till., sem hér liggur fyrir, en ég vil ekki gera það nema ræða það mál frekar við hv. flm. þessarar till. Svona fljótt á litið sé ég ekki, að það geti verið neitt til trafala því máli, sem hér er flutt, heldur kannske frekar því til stuðnings, og ef ríkisvaldið telur eðlilegt, að einnig um þau svæði, sem eftir eru, verði gerðar svipaðar byggðaáætlanir og gerðar hafa verið um önnur landsvæði, þá væri það auðvitað vinnuhagræðing fyrir þá aðila og þær stofnanir, sem um þessi mál fjalla fyrir hönd ríkisvaldsins, að fá þessi landsvæði bæði samþ. á Alþ. í einni og sömu till.

Ég vildi við þetta tækifæri láta koma fram, að ég tel það enga forsendu, að það eigi endilega að ráða, að fólksfækkun eigi sér stað, til þess að byggðaáætlun verði samin, heldur sé ekki síður þörf á því margra hluta vegna, bæði í sambandi við samgöngumál o. fl., að svipaðar áætlanir séu einnig gerðar um staði utan þéttbýlisins við Faxaflóa, þar sem fólksfjölgun hefur átt sér stað á undanförnum árum og kemur þá Suðurlandskjördæmi vissulega til greina ekki síður en aðrir landshlutar og önnur kjördæmi, þegar farið er að vinna að byggðaáætlunum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég ætla mér ekki að fara að þreyta kappræður í sambandi við þessa till. til þál. á þskj. 17 og heldur ekki út af þeim vinnubrögðum, sem viðhöfð eru í sambandi við flutning á henni. Hins vegar vil ég undirstrika það, sem hv. 4. landsk. sagði áðan, að það hefur með litlum undantekningum verið þegjandi samkomulag hjá okkur Vesturlandsþm. að flytja mál sameiginlega, er okkar kjördæmi hafa varðað, og ég held, að óhætt sé að segja það, að við þm. Framsfl. og Sjálfstfl. höfum haldið þessa reglu. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga, þó að hv. þm. breyti út af þessu, því að það er þeirra mat sjálfra en ekki annarra og ekki við neinn að deila, þó að þeirra skapgerð horfi í þá átt.

Út af málinu vil ég hins vegar segja það, að hér á hv. Alþ. voru hinn 29. apríl 1966 afgreidd lög um Atvinnujöfnunarsjóð. Í 6. gr. þeirra laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn sjóðsins lætur gera áætlanir og undirbýr lánaákvarðanir með aðstoð Efnahagsstofnunarinnar. Skal láta fram fara skipulegar rannsóknir á atvinnuástandi, samgöngum og menningarmálum einstakra byggðarlaga og landshluta.“

Í samræmi við þessi lög hefur stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs beitt sér fyrir því að láta gera Norðurlandsáætlun. Áður en þessi lög urðu til hafði Vestfjarðaáætlun verið samin. Norðurlandsáætlun er svo árangur af frumkvæði stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs. Í framhaldi af því, er því verki var lokið, var ákveðið á fundi stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs í vor að gera Austurlandsáætlun. Á þeim fundi var um það rætt, að næsta áætlunargerð yrði fyrir Vesturland. Hefur verkinu verið þannig hagað, vegna þess að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs leit á það sem sitt hlutverk og lögin gerðu ráð fyrir því, að fyrst og fremst yrði starfinu beint að þeim landshlutum, þar sem byggð hafði verulega dregizt saman og atvinnuástandið var lakast. Þess vegna hafa vinnubrögð verið þessi og Vesturland hefur ekki komið fyrr í þeirri röð, þar sem þar hafði ekki verið um fækkun að ræða í byggðinni og atvinnuástandið hafði þó verið betra þar en annars staðar.

Þó vil ég geta þess í sambandi við þetta mál og það, sem hv. 4. landsk. þm. vék að áðan í sambandi við atvinnumálin á Vesturlandi, að fyrir tveimur árum var á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs gerður út leiðangur um Vesturlandskjördæmi til þess að athuga stöðu frystihúsanna þar. Staða frystihúsanna á Snæfellsnesi var mjög bágborin og allt útlit fyrir, að þau yrðu að hætta rekstri. Árangurinn af þessu var sá, að á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs voru frystihúsunum lánaðir verulegir fjármunir, sem urðu til þess að koma á betra ástandi í atvinnulífi þar vestra. Og ég vil segja það, að við þm. Vesturl. unnum að þessu máli sameiginlega við lánastofnanir, og þessi mál voru þar leyst af hendi. Þess vegna er mér fullkomlega ljóst, að betur má, ef duga skal í sambandi við atvinnumál þar vestra, en ég geng ekki inn á það, að við höfum ekkert gert til þess að styðja að þeim málum, sem til batnaðar hefur orðið. Það er ekki mitt mat á því. Ég vil líka segja í sambandi við þetta mál, að á s. l. vetri studdi Atvinnujöfnunarsjóður og greiddi verulega úr í sambandi við skipakaup í Vesturlandskjördæmi út frá athugunum, sem gerðar höfðu verið á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs. Ég veit það líka jafn vel og hinir hv. þm., að hér höfum við engu verki lokið, heldur verður að vera áframhald á því.

Ég skal ekki fara að deila um þá áætlun um tölur, sem hv. 4. landsk. nefndi um væntanlegt atvinnuleysi í Borgarnesi á næsta vetri. Samt kemur mér á óvart, ef það ætti eftir að reynast rétt. En í sambandi við það mál tel ég, að mestu skipti, að þau séu athuguð, og ég tel, að samkvæmt landslögum eigi Atvinnujöfnunarsjóður að sjá um þá framkvæmd og hann muni gera það. En út af öðrum þáttum, sem hafa verið nefndir í sambandi við þessa þáltill. og drepið er á í grg. till., vil ég víkja aðeins að samgöngumálunum. Í fyrsta lagi vil ég segja í sambandi við brúargerð yfir Borgarfjörð, sem hér

var nefnd af hv. 5. þm. Vesturl., að það mál hefur sjálft rutt sér brautina, og það var a. m. k. fyrir mig mikið ánægjuefni, er ég sá það í athugun, er gerð var á samgöngumálum hér á landi af dönskum verkfræðingum, sem ferðuðust hér á vegum Efnahagsstofnunarinnar og Vegagerðarinnar, að þar var þetta talið í hópi sex eða sjö beztu verka, er til framkvæmda kæmu í vegagerðinni hér á landi. Þess vegna hefur verið nægur tími til þess að athuga þetta mál. Það, sem hefur skort á, er, að stjórnvöld hafa verið treg til að leggja fram fé til þess. Ég vil líka minna á, að fyrir tveimur árum eða svo fluttum við allir þm. Vesturl. sameiginlega till. um athugun á samgöngumálum Vesturlands og sérstaklega Hvalfjarðar. Í þetta mál var skipuð nefnd, sem starfar síðan og hefur fjárveitingu til starfsins og er að vinna að þessu máli, svo að ég vona, að þessi atriði geti verið gott innlegg í þá áætlun, sem gerð verður um Vesturlandsmálið. Ég vil líka segja frá því, að á hv. Alþ. í fyrra vorum við Vesturlandsþm. búnir að semja frv. um breyt. á lögum um menntaskóla, þar sem við ætluðum að leggja til, að stofnaður yrði menntaskóli í Vesturlandskjördæmi. Við vorum ekki búnir að flytja það frv., þegar frv. um menntaskólana kom inn í þingið, og að athuguðu máli og með samkomulagi okkar allra var fallið frá því á því stigi að flytja frv. í fyrra, m. a. til þess að tefja ekki fyrir málinu í heild, sem við töldum að ætti þá að ná fram að ganga og töldum það til hagsbóta fyrir landsmenn yfirleitt og vildum ekki tefja fyrir því, að gott mál næði fram að ganga. Hins vegar eru möguleikar til þess að koma þessu máli fram á veg í sambandi við menntaskólafrv., fyrst það er hér enn á ferðinni og nú snemma þings, og ég efast ekki um samstöðu okkar Vesturlandsþm. til þess að koma því áfram.

Ég skal ekki orðlengja þetta frekar. Ég vildi skýra frá þessu og jafnframt því, að áætlunargerð fyrir Vesturland mun verða gerð á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs eins og lög hans segja til um, og það verður ekkert, sem tefur það verk, nema talið verði af sérfróðum mönnum, að mannafli sé ekki meiri en svo, að því verði ekki hrundið í framkvæmd á meðan unnið er að Austurlandsáætluninni, en ég vona, að það þurfi ekki að dragast lengi. Hins vegar vil ég undirstrika, að það eru ýmis vandamál í atvinnumálum þar vestanlands, sem við Vesturlandsþm. verðum að vinna að nú þegar til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þessar umr., sem hér fara fram, finnast mér býsna fróðlegar og ánægjulegar. Hér koma upp í ræðustól þm. úr öllum flokkum og lýsa yfir fylgi sínu við áætlunarvinnubrögð. Þeir leggja áherzlu á nauðsyn þess, að gerðar séu byggðaáætlanir, ekki aðeins á stöðum, þar sem þær hafa þegar verið ákveðnar, heldur einnig á Vesturlandi, Austurlandi og Suðurlandi. Þetta eru menn úr öllum flokkum. Þetta eru meira að segja menn, sem hafa tekið þátt í baráttu flokks, sem segist ekkert vilja hafa með áætlunarbúskap að gera af neinu tagi, sem telur, að málin eigi að vera í höndum einstaklinga, sem eigi að beita hinu fræga framtaki til þess að leysa öll vandamál. En hér kemur í ljós, að menn, sem hugsa um ástandið í byggðarlögum sínum, telja, að áætlunarvinnubrögð séu lausnin, og ég vil fagna þessu alveg sérstaklega.

Ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs var þó sú, að hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, sagði í ræðu sinni áðan, að hann teldi eðlilegt, að slíkar áætlanir yrðu gerðar utan þéttbýlisins. Hann virtist telja, að það væri ekki nauðsynlegt að hafa slík vinnubrögð í sambandi við Reykjavík og Reykjavíkursvæðið. Nú er að vísu rétt, að það er mikill munur á aðstæðum hér og úti á landi. Þau vandamál, sem hér brenna á fólki, eru að ýmsu leyti annars eðlis. Þau eru fyrst og fremst ástandið í atvinnumálum. En á því sviði er ástandið í Reykjavík og á Reykjavíkursvæðinu tvímælalaust alvarlegra en á nokkrum öðrum stað á landinu, þegar undan eru skildir nokkrir blettir á Norðurlandi. Hins vegar hefur mér þótt þess gæta seinustu árin, eins og raunar kom fram í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., að margir teldu, að ástandið í Reykjavík væri þannig, að fyrir Reykjavík þyrfti ekkert að gera. Og það eru meira að segja brögð að því, að eðlilegur áhugi á því að létta undir með stöðum úti á landi hefur hreinlega bitnað á Reykjavík. T. d. hefur það gerzt núna á síðustu mánuðunum, að 8 stórir bátar hafa verið seldir frá Reykjavík út á land. Þessir staðir, sem hafa fengið bátana, þurfa að sjálfsögðu á þeim að halda, en Reykjavík þurfti einnig á þeim að halda. Við skulum minnast þess, að hér í Reykjavík hefur þróunin orðið sú, að á síðustu 5 árum hefur fækkað um 10 togara. Í Hafnarfirði hefur sú þróun orðið enn þá stórfelldari, þar hefur togurunum fækkað úr 10 í 3 á undanförnum árum, og bátum í Hafnarfirði hefur fækkað úr 35 í 12. Það er þessi þróun, sem hefur leitt til þess, að í Reykjavík hefur verið að magnast atvinnuleysi, sem hefur náð saman og verið í samfellu síðan í fyrrahaust og allir dómbærir menn óttast, að muni vaxa til muna á næstunni. Þetta á ekki aðeins við um sjávarútveg og fiskiðnað. Samdráttur sá, sem verið hefur í iðnaði á undanförnum árum, hefur fyrst og fremst bitnað á Reykjavíkursvæðinu, því að hér eru öll helztu iðnaðarfyrirtækin.

Þessu hefur alls ekki verið gefinn nægilegur gaumur, ekki heldur í þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið af hálfu Alþ. og stjórnarvalda til þess að auka atvinnu í landinu. Að undanförnu hafa starfað að þeim verkefnum þrjár stofnanir, atvinnumálanefnd ríkisins, Atvinnujöfnunarsjóður og Fiskveiðasjóður. Lánveitingar úr þeim sjóðum hafa skipzt milli landshluta. En heildarlánveitingar til Reykjavíkur úr þessum þremur sjóðum voru í júlílok í sumar orðnar 80 millj. af 566 millj. í heild. Það voru aðeins 14.3%, sem runnu til Reykjavíkur, enda þótt íbúatala sé um 40% og atvinnuleysingjahópurinn í sumar væri næstum

því helmingurinn af atvinnuleysingjunum í landinu.

Þetta eru ákaflega stórfelld vandamál. Ég óttast mjög, að sjálf atvinnuundirstaðan á Reykjavíkursvæðinu sé svo veik, að hún geti hreinlega brostið. Það hefur oft verið rætt um það, að þróunin á velmegunarárunum var sú, að peningunum var varið í þjónustufyrirtæki og verzlunarfyrirtæki og slíka starfsemi, sem vissulega getur verið æskileg og þægileg fyrir þegnana, en hrynur saman um leið og framleiðsluatvinnuvegirnir skila ekki nægilegum afköstum. Þess vegna hefur samdráttur í framleiðsluatvinnuvegum margföld áhrif á stað eins og Reykjavík. Ég held einmitt, að það sé alveg sérstaklega mikil nauðsyn að gera áætlun um, hvernig haga eigi efnahagslegri undirstöðu þéttbýlissvæðisins við Faxaflóa, það sé hin mesta nauðsyn, sem nú blasir við. Hins vegar verður það verk ekki leyst á þann hátt að hólfa landið niður í sérstök hverfi og tala einvörðungu um áætlanir innan hvers búts um sig. Eins og hv. þm. Benedikt Gröndal tók réttilega fram í framsöguræðu sinni áðan, hafa þessar byggðaáætlanir reynzt þess of lítið megnugar að fjalla um atvinnumálin, atvinnuvegina. Hins vegar eru atvinnumálin, framleiðslan, undirstaða allra annarra hluta. Það þýðir ekkert að ímynda sér, að maður geti gert áætlanir um vegalagningar, skóla og annað slíkt, ef við höfum ekki efnahagslega undirstöðu til að bera þau verkefni uppi. Forsenda raunverulegra byggðaáætlana er allsherjaráætlun um uppbyggingu atvinnuveganna á Íslandi. Áætlunarbúskapur, sem leggur á ráðin um það, hvernig eigi að þróa fiskveiðar, fiskiðnað og annan iðnað og aðra atvinnuvegi okkar.

Þetta mál er í brennipunkti stjórnmálaátakanna á Íslandi eins og allir vita. Við stjórnarandstæðingar höfum haldið því fram, að það væri háskalegasta villan hjá hæstv. ríkisstj., að hún hafni því, að stjórnarvöld hafi félagslegt frumkvæði að því að byggja upp atvinnuvegina. Kórvilla hennar sé sú, að það megi enginn snerta við því verkefni nema atvinnurekendur, sem reynslan sýnir þegar, að eru þess ómegnugir, og þess vegna eru útlendingar nú að hlaupa í skarðið í vaxandi mæli. Fyrir liggur á þingi mjög ákveðin skoðun stjórnarandstöðuflokkanna beggja um stuðning við áætlunarbúskap, en þetta er einnig forn stefna Alþfl., þetta er einn aðalkjarninn í stefnuskrá Alþfl. Þannig segist hann vilja vinna að málum. Er nú ekki ráð, að Alþfl. hagnýti það lag, sem nú blasir við á þingi, þegar allir flokkar lýsa stuðningi við takmarkaðan áætlunarbúskap, þegar stjórnarandstaðan lýsir yfir fullum stuðningi við áætlunarbúskap í atvinnumálum? Er þá ekki tækifæri fyrir Alþfl. að taka þetta mál upp við samstarfsflokk sinn í ríkisstj. og hagnýta sér þá staðreynd, að það er meiri hl. á þingi fyrir áætlunarbúskap, ef þingmenn Alþfl. vilja standa við þá stefnu, sem þeir þykjast fylgja? Svona einfalt er þetta mál. Það er í höndum Alþfl. að koma þessu máli fram. Hann getur hreinlega tekið það upp við Sjálfstfl. og sagt: Við höfum þingvilja fyrir þessari breytingu á stjórnarstefnunni, og látið svo á það reyna, hvort Sjálfstfl. vill taka tillit til þessa þingvilja eða ekki. Þetta tel ég vera algert meginatriði. Ég skal síðar en svo draga úr gagnsemi takmarkaðra byggðaáætlana, þær geta gert mikið gagn og hafa gert það, og þær geta aukið vitneskju manna mjög mikið um vandamál á stöðum úti um land. En undirstaða þeirra er atvinnulífið sjálft, framleiðslan, og ef við getum ekki tryggt þá undirstöðu, verður talið um takmarkaðar áætlanir dútlið eitt.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð, sem ég vildi segja á þessu stigi málsins, sérstaklega vegna þess að ummæli sumra hv. þm. hafa fallið á þá leið, að lokið sé Vestfjarðaáætlun og nú sé röðin komin að öðrum landshlutum og þá fyrst Norðurlandsáætlun, en svo skil ég ekki enn, hvor á að verða á undan, Austurlands- eða Vesturlandsáætlun. (Gripið fram í.) Ja, það er nú svo, ég veit nú ekkert um það, hvort hún er komin í gang. Ég vil leiðrétta svolítið þennan misskilning, sem kemur fram hjá þessum hv. þm., hvað snertir Vestfjarðaáætlun, sem þeir eru að tala um, að sé nú búin. (Gripið fram í.) Það getur verið, að þessi hv. þm. hafi ekki sagt það, en ég held, að ég hafi tekið svo vel eftir, að hv. þm. Guðlaugur Gíslason hafi sagt, að Vestfjarðaáætlun væri búin, en hvort sem menn hafa sagt það eða ekki, þá ætla ég að leiðrétta þann misskilning. Það vantar mikið á, að hún sé búin, þessi Vestfjarðaáætlun, og við höfum orð hæstv. fjmrh. fyrir því frá síðasta þingi, þar sem hann skýrði alveg réttilega frá því, loksins að það fékkst, að það væri engin Vestfjarðaáætlun búin nema vegáætlun. Það er allt og sumt. Það er ekki farið að gera frumdrætti að nokkurri áætlun í menntamálum, atvinnumálunum, sem ættu nú að standa undir öllu saman, heilbrigðismálunum og rafmagnsmálunum, ég nefni bara fjögur dæmi. Það hefur aldrei borið á góma. En það er ekki nóg með það, að þetta sé allt eftir, heldur er hér um bil helmingurinn af Vestfjörðum eftir, og hv. 5. þm. Vesturl. minntist ósköp skemmtilega á það áðan í ræðu sinni, að það væri kannske rétt, að þessi Vesturlandsáætlun tæki Austur-Barðastrandarsýslu með, því að hún hefði verið skilin eftir. Ég vil segja, að þetta sé ósköp vel meint, eins og séra Oddur sagði einu sinni. Þetta er ósköp vel meint, en það var bara meira en Austur-Barðastrandarsýsla, sem var skilin eftir, það var öll Strandasýslan skilin eftir, það var allt Ísafjarðardjúpið, norðan- og sunnanvert, skilið eftir, svo að það er þó nokkuð eftir af Vestfjarðaáætluninni enn. Nú vil ég biðja hv. n., sem fær þetta mál, að muna eftir því, þegar hún fer að afgreiða till., að skjóta því einhvern veginn að, að ljúka skuli þeim áætlunum, byggðaáætlunum, sem byrjað var á og ekki er búið með. Það væri brýnt að gera það, því að vel getur verið, ef þær

eru þrjár eða fjórar í takinu, já og fimm með Suðurlandsáætlun, að þetta dragist allt svo lengi, að engin klárist. Það eru mjög óhyggileg vinnubrögð að mínum dómi. Ég vildi vekja athygli á þessu nú þegar, vegna þess að sá misskilningur virðist vera mjög ríkjandi, að Vestfjarðaáætlun sé löngu tilbúin og alveg afgreidd. Þið megið vita, að upphaf þessarar áætlunar voru ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir fólksflutninga af Vestfjörðum, en nú skilst mér, að önnur byggðarlög þurfi ekki svo mjög að kvarta undan því, nema ef það væri þá Austurland. Ég held, að fólksfækkun sé ekkert áberandi á Suðurlandi eða hérna við Faxaflóann, ekkert áberandi. Það getur verið, að í einstökum hreppum sé það svona, en fjölgunin er þá margföld annars staðar. Þar með er ég ekki að segja, að því aðeins eigi að gera byggðaáætlun, að það sé vegna fólksfækkunar, öðru nær. Það er alveg rétt, sem kom fram áðan, það þarf að gera áætlanir fyrir landið allt. En meðan verið er að tala um byggðaáætlanir, er hyggilegra að ljúka við það, sem byrjað er á, áður en farið er að fjölga þeim áætlunum. Ég hef svo sem heyrt það nefnt um Strandasýslu, að hún eigi eiginlega að heyra til Norðurlandi, en Strandasýsla tilheyrir ekkert Norðurlandi frekar fyrir það, hún tilheyrir Vestfjörðum og verður þar meðan Vestfirðir eru til, svo að þess háttar tal er algerlega út í hött, og þó að hv. þm. Benedikt Gröndal vilji kræsja í Austur-Barðastrandarsýslu, þá verður hún á Vestfjörðum áfram. Það er ekki einu sinni hægt að tengja hana, þó að við fengjum brú yfir Breiðafjörðinn, eins og þeir yfir Borgarfjörðinn. Við höfum þó undirstöðurnar undir hana.

Umr. frestað.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var fram haldið einni umr. um till.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Þegar þáltill. þessi var rædd í hv. Sþ. á síðasta fundi þess, kom ég fram með þá ábendingu, að aðeins væri um að ræða tvo landshluta, þ. e. Suðurland og Vesturland, sem eftir væri að gera byggðaáætlun fyrir. Ég gat þess þá, að ég mundi beita mér fyrir því, að þm. Sunnl. flyttu brtt. við þá þáltill., sem hér liggur fyrir, og höfum við fjórir þm. Sunnl. lagt fram till. í þessu sambandi. Hún er á þskj. 53 og er efnislega þannig, að Alþ. ályktí að láta gera till. um framkvæmdaáætlun fyrir Suðurland jafnframt því, að áætlun yrði gerð fyrir Vesturland. Ég tel, að frekari rökstuðning fyrir þessari till. þurfi varla. Þau rök, sem færð eru fyrir till. um Vesturlandsáætlun, geta að mörgu leyti einnig átt við till. fyrir Suðurlandsáætlun. Á ég bæði við samgöngumál, menningarmál o. fl. Ég benti á það í ræðu minni á síðasta fundi Sþ., að eftir að Vestfjarðaáætlun kom fram, mundu fylgja á eftir till. þm. úr öðrum kjördæmum þess efnis, að einnig yrðu samdar byggðaáætlanir fyrir fleiri landshluta. Þetta hefur nú gerzt og það alveg eðlilega, að ég tel, og er nú svo komið, eins og ég hef bent á, að aðeins Vesturland og Suðurland eru eftir.

Hv. 6. þm. Reykv. kom í ræðustól á síðasta fundi Sþ., þegar þetta mál var rætt, og lýsti ánægju sinni yfir því, að nú skyldu ég og fleiri þm. vera fylgjandi áætlunargerðum í þessu sambandi. Ég veit ekki, hvernig þessi ágæti þm. lítur á áætlunargerð. Mér skilst, að hann geri engan greinarmun á, hvort um áætlunargerðir eða áætlunarbúskap er að ræða, en ég vil undirstrika það, að ég greini þar mjög mikið á milli, og ég tel, að þar sé um næsta óskyld mál að ræða. Ég held, að hver einstaklingur, jafnvel þó að hann hafi engan atvinnurekstur, geri að vissu marki áætlun um sín fjármál, og þeir, sem atvinnurekstur hafa, þurfa auðvitað að gera ýmiss konar áætlanir í sambandi við sinn rekstur. Þetta gera sveitarfélög líka, og ég tel, að áætlunargerð í sambandi við uppbyggingu í vissum landshlutum eigi vissulega rétt á sér. Það er með okkur sem aðrar þjóðir, að það kemur í ljós, að fólk sækir meira en góðu hófi gegnir til búsetu í höfuðborg landsins. Ég tel að þetta eigi við Reykjavík, eins og það á við höfuðborgir annarra nálægra landa, bæði Norðurlanda og víðar, að talið er, að höfuðborgirnar byggist of ört upp, fólkið flytji of ört frá dreifbýlinu til þéttbýlissvæðanna, höfuðborganna og þar í grennd. Ég tel, að þær byggðaáætlanir, sem unnið er að, og þær byggðaáætlanir, sem hér er lagt til, að gerðar verði, miði að því að bæta aðstöðu fólksins í dreifbýlinu, halda því frekar kyrru þar en að það flosni upp og flytji í þéttbýlið við Faxaflóa, þar sem það telur, að sé betri aðstaða til búsetu. Ég tel, að byggðaáætlun eigi að vega þarna upp á móti og gera aðstöðu til búsetu ekki lakari, að því leyti sem hægt er, í dreifbýlinu en í þéttbýlinu hér við Faxaflóann. Þetta er ástæðan fyrir því, að ég hef fylgt þeim áætlanagerðum, sem legið hafa fyrir á hv. Alþ. um byggðaáætlanir fyrir Vestfirði og einnig um Norðurlandsáætlun, og ég er einn af flm. till. um það, að byggðaáætlun verði einnig gerð fyrir Vesturlands- og Suðurlandskjördæmi. Áætlunarbúskap lít ég allt öðrum augum. Í áætlunarbúskap, eins og við þekkjum hann t. d. frá þeim ríkjum, þar sem kommúnistar ráða, er það ríkið, sem gerir áætlun um rekstur alls þjóðarbúsins og ég tel ekki og hef aldrei getað sannfærzt um, að það skipulag hentaði okkur Íslendingum betur en það skipulag, sem við búum við, þó að við förum að vissu marki að gera áætlun um einstök atriði í sambandi við rekstur sveitarfélaga, eins og einstaklingar gera í sambandi við sinn rekstur. Þetta er það, sem ég tel, að skilji á milli áætlunargerðar og áætlunarbúskapar, eins og við þekkjum hann frá þeim löndum, sem kommúnistar ráða og reka þjóðarbúið eftir alveg fyrir fram mótaðri áætlun, þar sem ríkið ræður raunverulega öllu, bæði atvinnurekstri og má segja einstaklingunum einnig, og ef hv. 6. þm. Reykv. hefur verið að vona, að ég væri að færast nær því, sem samþingismenn hér á Alþ. kalla Þjóðviljaklíkuna, þá verð ég að valda honum miklum

vonbrigðum, því að ég held, að ég hafi aldrei verið fjær því að láta mér detta í hug, að það væri vettvangur eða skipulag, sem hentaði íslenzka þjóðfélaginu.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Af því að byggðaáætlanagerð heyrir að nokkru leyti undir mig eins og sakir standa, — því að framkvæmdaáætlanir heyra sem slíkar undir fjmrh., og auk þess vill svo til, að ég er formaður stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs, sem lögum samkvæmt hefur fengið það verkefni að athuga, að hve miklu leyti ástæða sé til slíkra áætlanagerða, — þá langar mig til þess að segja um þessa till. nokkur orð, áður en hún fer til n. og biðja hv. n. að íhuga ýmis atriði í sambandi við þetta mál, sem ég tel nauðsynlegt að hafa í huga.

Tillagan, sem hér er flutt, er fyrst og fremst um að gera framkvæmdaáætlun fyrir Vesturland, viðaukatillagan er um að gera framkvæmdaáætlun fyrir Suðurland. Mér þykir ekki ólíklegt, að einhverjum renni blóðið til skyldunnar og leggi jafnvel til að gera framkvæmdaáætlun fyrir Reykjavík og aðra fyrir Reykjaneskjördæmi, þannig að þetta fer að verða dálítið flókið mál við að fást, og kemur þá auðvitað upp á teninginn, hvort ekki eigi að snúa þessu upp í einhverja allsherjaráætlunargerð fyrir landið í heild.

Allir hv. þm. vita, hvert er upphaf þessara áætlanagerða, og það er nauðsynlegt að skilja þá hugsun, sem þar lá á bak við, til þess að geta tekið ákvarðanir um hugleiðingar sem þessar, ekki síst ef þær eru útfærðar svo langt sem hér er gert. Fyrsta hugmyndin um áætlunargerð er í sambandi við þáltill. hér á Alþ. um að gera ráðstafanir til þess að stöðva fólksflótta frá Vestfjörðum, og það er Vestfjarðaáætlunin, sem sumir hafa stundum haldið fram, að væri ekki til, að öðru leyti liggur ljóst fyrir, að framkvæmdur hefur verið hluti þeirrar áætlunar, þ. e. samgönguáætlun Vestfjarða, og rammaáætlun var gerð varðandi aðra þróun mála, um atvinnumál og ýmsa aðra þætti byggðauppbyggingar á Vestfjörðum. Þetta var gert með hliðsjón af því ástandi, sem þá var viðurkennt á hinu háa Alþ., að Vestfirðir hefðu sérstöðu um, vegna þess að þaðan væri meiri fólksflótti, eins og það var orðað, heldur en frá öðrum byggðarlögum á landinu og hætta á því, að þarna yrði óeðlilegur samdráttur byggðar.

Næsta skref áætlunargerðar er svo svo kölluð Norðurlandsáætlun, sem gerð er í sambandi við samkomulag ríkisstj., verkalýðsfélaga og vinnuveitenda á Norðurlandi, á svæðinu frá Strandasýslu til Vopnafjarðar, vorið 1965, og ég hygg, að þá hafi einnig verið viðurkennt af öllum hv. þm., að Norðurland væri í sérstakri aðstöðu vegna þeirra miklu atvinnuerfiðleika, og hins geysilega aflabrests, sem verið hafði þá á þessu svæði a. m. k. um áratugsbil, þannig að allt atvinnulíf hafði stórlega raskazt. Þetta er ástæðan til þess, að Norðurlandsáætlunargerð var hrint af stað og hefur hún skilað þeirri niðurstöðu, að fyrir liggur atvinnumálakafli þeirrar áætlunar og yfirlit um mannfjöldaþróun á Norðurlandi, sem í rauninni er *einnig mjög fróðlegt yfirlit um mannfjölda*, sem draga má af mjög fróðlegar ályktanir um mannfjöldaþróun yfirleitt í landinu og flutning til þéttbýlissvæðanna. Báðar þessar áætlanir voru ákveðnar á þann veg, eins og ég gat um, að ríkisstj. var falið að framkvæma þessa áætlanagerð, af mjög eðlilegum ástæðum, vegna þess að það var enginn aðili í landinu, sem hafði það verkefni að sjá um slíka áætlanagerð.

Eftir að ákvarðanir hafa verið teknar um þessar tvær áætlanir, hefur verið sett löggjöf um Atvinnujöfnunarsjóð, þar sem beinlínis er ákveðið, að Atvinnujöfnunarsjóður láti, eftir því sem ástæða þykir til miðað við ástandið á hverjum tíma og ef sérstök hætta er á jafnvægisröskun í byggð hér og þar á landinu, gera áætlanir, annaðhvort allsherjaráætlanir eða á takmörkuðum sviðum fyrir stærri eða smærri svæði landsins, í því skyni að vinna gegn slíkri þróun, og er þá gert ráð fyrir því, að Efnahagsstofnunin vinni fyrir sjóðinn, eftir því sem nauðsynlegt er, að gerð slíkrar áætlunar. Atvinnujöfnunarsjóður hefur ekki tekið ákvörðun um frekari áætlanagerð síðan hann var settur á laggirnar, aðra en Norðurlandsáætlun, vegna þess að á það hefur verið bent, að nauðsynlegt væri að framkvæma hana og ljúka henni til þess að sjá, hvaða erfiðleikar kæmu fram við gerð slíkrar áætlunar og draga af henni lærdóma, er að gagni kæmu við gerð annarra áætlana af svipuðu tagi, en þetta er fyrsta byggðaáætlun, sem gerð er á Íslandi af innlendum aðilum. Og það er engum efa bundið, að einmitt gerð þeirrar áætlunar, sem sumum hefur nú þótt dragast nokkuð lengi, en er nú komin þetta langt, leiddi í ljós margvíslega erfiðleika, sem hafa beint hugum manna inn á það, að rétt væri að vinna að þessari áætlunargerð að ýmsu leyti með öðrum hætti og ekki gera jafnheilsteyptar áætlanir eins og þar var gerð tilraun til að gera.

Atvinnujöfnunarsjóður hefur á þessu sumri tekið til athugunar gerð samgönguáætlunar fyrir Austurland og jafnframt hefur verið tekið til athugunar og Efnahagsstofnunin beðin að kanna, hvort ekki væri tiltækilegt að ljúka atvinnumálaþætti Vestfjarðaáætlunar. Samgöngumálaáætlun fyrir Austurland mun vera tiltölulega einfalt mál, vegna þess að inn í þær áætlanir hefur komið heildaráætlun, sem unnið hefur verið að á ýmsum sviðum, m. a. áætlun um samgöngumál fyrir landið allt, svo kölluð Kampsax-áætlun, sem er komin á lokastig, og sömuleiðis hefur verið unnið að skólabyggingaáætlunum fyrir landið allt, þannig að tiltölulega auðvelt ætti að vera að átta sig á þeim vandamálum innan tíðar, en samgönguáætlunin er það langt komin, að talið hefur verið tiltölulega mjög auðvelt á skömmum tíma að gera samgönguáætlun fyrir Austurland, og Atvinnujöfnunarsjóður hefur einmitt ákveðið að óska eftir því við Efnahagsstofn-

unina, að hún ljúki gerð slíkrar áætlunar, til að sjóðurinn geti haft hana til hliðsjónar og séð, hvaða vandamál er þar við að fást. Ýmsum köflum Norðurlandsáætlunar er heldur ekki lokið, en það er einmitt niðurstaða Efnahagsstofnunarinnar í þeim þáttum Norðurlandsáætlunar, sem lokið er, að eðlilegt sé, að að þessum málum verði unnið á vegum Atvinnujöfnunarsjóðs í framhaldi af þeirri áætlun, sem þegar er lokið um atvinnumálin og að ekki sé rétt að vinna að þessu með þeim hætti, sem gert hefur verið, nema að takmörkuðu leyti.

Ég held, að þróunin sé að færast í þá átt, að meira verði unnið að takmörkuðum áætlunargerðum fyrir einstök byggðarlög, þar eð víða hefur verið ákveðið af einstökum sveitarfélögum að gera framkvæmdaáætlanir. Austfirðingar hafa sjálfir — eða Fjórðungssamband Austfirðinga, — ráðizt í að gera framkvæmdaáætlun fyrir Austfirði, sem vafalaust verður mikilvægt gagn til þess að átta sig betur á þörfum þess landshluta. Vel má hugsa sér, að rétt sé að gera einhverja slíka könnun á vissum þáttum mála á Vesturlandi og Suðurlandi líka. Það má ekki skilja orð mín sem nein andmæli gegn því. En ég held, að eins og málum er háttað nú a. m. k., sé vert fyrir þá n., sem fær þessi mál til íhugunar, að gera sér grein fyrir, á hvaða stigi áætlunargerðin er og hvað viðhorfin hafa breytzt í þessum efnum, frá því að ákveðin var gerð Norðurlandsáætlunar og Vestfjarðaáætlunar, og það er í rauninni ekki eðlilegt, finnst mér, að ríkisstj. sé falið að framkvæma heilsteypta áætlunargerð fyrir einstök byggðasvæði úr þessu, heldur eigi það að metast af Atvinnujöfnunarsjóði, eftir því sem atvik standa til hverju sinni, hvaða landsvæði hafi mesta þörf fyrir áætlunargerð, og ekki sízt verður nauðsynlegt að gera þetta mat, ef á að stefna í þá átt að vinna nú að áætlunargerð fyrir svo að segja öll kjördæmi landsins. Og ég vek athygli á því, sem ég áðan sagði, að það verður að taka þetta í skrefum. Það er engin leið annars. Þetta er svo víðtækt vandamál, sem hér er um að ræða, að við höfum ekki nokkurn mannafla á Íslandi til þess að vinna að þessum áætlunargerðum, nema þá á löngum tíma. Og við reynum þar að velja og hafna, eftir því sem nauðsynlegast er hverju sinni.

Þetta vildi ég, herra forseti, aðeins láta koma fram til upplýsingar um það, hvernig þessi mál standa í dag, ekki til að mótmæla einu né neinu af því, sem hér hefur verið sagt, heldur til þess að reyna að gera mönnum ljóst, hvernig að þessu hefur verið unnið. Ég tel mjög æskilegt, að stefnt verði í þá átt, sem nú hefur verið gert á Norðurlandi, að stofna samtök sveitarfélaganna þar. Ég hygg, ef ég man rétt, að þeir á Vesturlandi hafi jafnvel stofnað slík samtök. Á Austurlandi munu þau vera komin, og vel má hugsa sér, að þau verði stofnuð á Vestfjörðum og Suðurlandi og síðan yrði það spurning um samvinnu milli slíkra samtaka og Atvinnujöfnunarsjóðs, að hve miklu leyti og á hvaða sviðum slíkar áætlanir yrðu gerðar og síðan reynt að vega og meta, hvar brýnust væri þörfin hverju sinni, því að ekki verður unnið að öllu í einu.

Jón Árnason: Herra forseti. Eins og fram kemur í grg. fyrir þeirri þáltill., sem hér er til umr., till. til þál. um Vesturlandsáætlun, eru rúmlega 6 ár liðin frá því að Alþ. samþykkti hliðstæða framkvæmdaáætlun fyrir Vestfirði. Með hliðsjón af þeirri þróun, sem þá hafði átt sér stað á Vestfjörðum, samdrætti í atvinnulífinu, sem leiddi af sér, að fólkinu í þessum landshluta fór stöðugt fækkandi, svo að við lá, að heil byggðarlög legðust í auðn, var öllum ljóst, að við svo búið mátti ekki standa. Óhjákvæmilegt var að gera stórátak til eflingar og viðreisnar alhliða uppbyggingu á Vestfjörðum, og það var gert. Enda þótt enn sem komið er sé þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar voru, ekki að fullu lokið, eins og hér hefur komið fram, fer það varla fram hjá íbúunum eða þeim, sem ferðast um Vestfirði í dag, að þar hafa miklar framkvæmdir átt sér stað á undanförnum árum og þá hvað mest í samgöngu- og hafnarmálum.

Eins og þegar hefur komið fram í umr. um þetta mál, er það samkv. lögum um Atvinnujöfnunarsjóð, sem samþ. voru á Alþ. vorið 1966, að stjórn þess sjóðs beri að beita sér fyrir slíkum áætlunargerðum, sem þessi þáltill. felur í sér. Fyrsta verkefni Atvinnujöfnunarsjóðs í þessum efnum var svo að fela Efnahagsstofnuninni að gera Norðurlandsáætlun. Þeirri áætlunargerð mun að verulegu leyti vera lokið eftir því sem upplýst er, og fyrir tilkomu hennar hafa þegar á þessu ári átt sér stað ýmsar framkvæmdir á Norðurlandi. Þá hefur verið upplýst í umr. um þetta mál, að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs hafi nú þegar falið Efnahagsstofnuninni að gera framkvæmdaáætlun á Austurlandi, þ. e. um það, sem snýr að samgöngumálum. Ég tel víst, að þegar því verki verður lokið og jafnvel fyrr, komi röðin að Vesturlandsáætlun, eins og þessi þáltill. felur í sér. Það er því mikið álitamál, hvort ekki hefði verið réttara, að Alþ. beindi áskorun sinni til stjórnar Atvinnujöfnunarsjóðs í stað ríkisstj., eins og tillgr. kveður á um. Með þeim tekjum, sem Atvinnujöfnunarsjóði eru tryggðar umfram það, sem lög kveða á um, að veitt skuli í fjárlögum ár hvert, en það eru tekjur af framleiðslu álversins í Straumsvík, kunna að liggja meiri möguleikar í margs konar uppbyggingu víðs vegar um landið en menn gera sér almennt grein fyrir í dag. Það er því augljóst mál, að á komandi árum verður Atvinnujöfnunarsjóður þess umkominn að efla á ýmsan hátt atvinnulífið í landinu miklu meira en átt hefur sér stað á undanförnum árum. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1970 var gert ráð fyrir, að tekjur þessar næmu um 30 millj. kr., og telja kunnugir, að sú upphæð muni vera vanáætluð og það muni vera um 37 millj. kr., sem muni vera óhætt að áætla, að komi frá álverinu til Atvinnujöfnunarsjóðs á árinu 1967, eftir að sú endurskoðun, sem átt hefur sér stað, hefur

farið fram og er í beinu sambandi við þá verðlagsbreytingu, sem átt hefur sér stað á verðlagi þessarar framleiðslu. Með auknum framleiðsluafköstum álversins, eins og nú er gert ráð fyrir, hækka verulega tekjurnar á næstu árum. Þannig er á sama hátt gert ráð fyrir því, að á árinu 1971 verði þessar tekjur sjóðsins 44 millj. kr. og á árinu 1977 verði þær komnar upp í 55 millj. Það er því augljóst mál, eins og ég áðan sagði, að á komandi árum verður Atvinnujöfnunarsjóður þess umkominn að efla á ýmsan hátt atvinnulífið í landinu miklu meira en átt hefur sér stað á undanförnum árum.

Það kom fram hjá hv. flm. í framsögu fyrir till., að um tíma hafi allar opinberar ráðstafanir, sem gerðar voru til styrktar atvinnulífinu í landinu, verið við það miðaðar, að þær næðu ekki til aðstoðar við atvinnuvegina á Suðvesturlandi. Slíka framkvæmdastefnu tel ég ranga og vona, að til þess komi ekki á ný, að landshlutum verði þannig mismunað, enda kom í ljós, að á slíkri framkvæmd voru ýmsir meinbugir, sem erfitt er að komast fram hjá. Hitt er svo annað mál og það verður alltaf svo, að erfiðleikarnir eru mismunandi miklir í hinum ýmsu landshlutum, og því er nauðsynlegt að taka sérstakt tillit til þess, þegar um opinberar ráðstafanir eða vissa aðstoð er að ræða. Ég tel, að á þessa þáltill. beri að líta sem einn lið í þeim framkvæmdaáætlunum, sem ráðgerðar hafa verið. Það er ljóst, að þegar margt kallar að, er erfitt að koma öllu í framkvæmd, og það hlýtur að taka nokkurn tíma að gera þær allsherjar framkvæmdaáætlanir, sem ætlað er, að nái yfir allt landið. Ég vil þó leyfa mér að vona, að gerð Vesturlandsáætlunar sé á næsta leiti og mun því styðja að samþykkt þessarar þáltill., a. m. k. efnislega.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Ég hef ástæðu til að þakka fyrir, hve góðar efnislegar undirtektir þessi till. mín um gerð framkvæmdaáætlunar fyrir Vesturland hefur fengið hjá hv. þm.

Á það hefur verið bent, að Atvinnujöfnunarsjóður hafi fengið það verkefni að gera slíkar áætlanir, og er það að sjálfsögðu rétt. Ég hugleiddi nokkuð, hvort þessu máli ætti að beina beint til sjóðsins, en mér fannst, að það væru eðlileg vinnubrögð, eins og algengast er, að Alþ. beindi áskorunum sínum beint til ríkisstj. sem æðsta aðila framkvæmdavalds, en ekki til einstakra undirnefnda. Það er þess vegna, sem ég stílaði till. eins og hún er. Það var ekki hugmynd mín að leggja til neins konar breytingar á þeirri skipan áætlunargerða, sem þegar er til.

Út af áminningum ýmsum, sem hæstv. fjmrh. flutti, vil ég minna á, að ég hef látið koma fram í grg. og framsögu, að ég tel, að slík áætlunargerð fyrir Vesturland eigi að sjálfsögðu að gerast í beinu framhaldi af því, sem þegar hefur verið gert og hagnýta eigi þann lærdóm, sem hægt er að fá af gerð Vestfjarða- og Norðurlandsáætlunar.

Tilgangurinn með tillöguflutningi sem þessum er að sjálfsögðu að vekja athygli á því, hvernig staðan er í minu kjördæmi. Mér hefur fundizt, að ástæða væri til þess, ekki síst af því, að það eimir hjá ýmsum enn dálítið eftir af þeim hugsunarhætti, sem hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni, að héruðin, sem eru nærri mesta þéttbýlinu, hljóti að vera svo vel á vegi stödd, að þau þurfi engrar aðstoðar við. Ég þykist hafa bent á það með flutningi þessarar till., að hin síðustu kreppuár hafa leitt í ljós, t. d. í stórum hlutum Vesturlandskjördæmis, að þar er atvinnuöryggi svo lítið og þörfin fyrir margvíslegar framkvæmdir til að styrkja atvinnulíf og afkomu svo brýn, að það er full ástæða til þess að beina athygli að þeim vandamálum. Ályktunargerð á Alþ. er að verulegu leyti til þess að vekja athygli á málum, koma þeim á framfæri, fá þau rædd og hafa þannig áhrif á þau. Og sá tilgangur var mér efst í huga, því að ég gerði mér vel ljóst, eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að svona till. yrði ekki framkvæmd á einni nóttu. Það mun þurfa að renna allmikið vatn til sjávar, áður en hún verður að veruleika og þurfa fleiri að koma þar við sögu. Þess vegna er það von mín, að till. hafi beint athygli að því vandamáli, sem fyrir mér vakir, og ég hef ekkert nema gott um það að segja, að Sunnlendingar bætist í hópinn og geri mína grg. að einhverju leyti að sinni. En ég vil vænta þess, að fjvn., sem væntanlega fær þessa till. til meðferðar, taki mál þessi til ítarlegrar athugunar og að þær umr., sem hér hafa farið fram um till. og vissulega sýna mikinn áhuga á þessum málum, verði til þess að ýta frekar á eftir því, að við reynum að nota skynsamlega nútíma áætlunargerð bæði fyrir einstök landsvæði og fyrir einstaka liði atvinnulífs, samgangna og annarra þátta á þessum svæðum og vinnum þannig frekar en hingað til skipulega að því að auka framfarir til að bæta afkomu einstaklinga og atvinnuvega og styrkja byggð í okkar landi.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Þegar þessi till. var rædd á miðvikudaginn var, lýsti ég ánægju minni yfir því, að hér kæmu upp í ræðustól menn úr öllum stjórnmálaflokkum og lýstu stuðningi sínum við áætlunarvinnubrögð. Og ég vakti sérstaka athygli á því, að þar í hópi væri hv. þm. Guðlaugur Gíslason, 3. þm. Sunnl., því að hans flokkur og forustumenn hans hafa haft allt annað uppi í almennum áróðri. Þeir hafa sagt, að það væri ekki verkefni opinberra aðila og ekki félagslegt verkefni að leggja á ráðin um þróun atvinnuveganna, heldur ættu einstaklingar að gera það með hinu fræga frumkvæði sínu.

Hv. þm. Guðlaugur Gíslason sagði áðan, að í þessum aths. mínum væri misskilningur fólginn. Ég gerði ekki greinarmun á áætlunargerð og áætlunarbúskap. Hann kvaðst vera fylgjandi áætlunargerð, en algerlega andvígur áætlunarbúskap. Þessi greinarmunur, sem hv. þm. gerir, er auðvitað barnaskapurinn einber. Því aðeins hefur áætlunargerð nokkurt gildi, að henni sé fylgt eftir með athöfnum, og at-

hafnir, sem fylgja í kjölfar áætlunargerðar, eru áætlunarbúskapur. Það stoðar lítið að safna skýrslum um atriði, láta þær hrúgast upp, ef menn nota ekki skýrslurnar, ef menn nota ekki þá vitneskju, sem í þeim er, til þess að framkvæma skynsamlegt verk. Og þróunin alls staðar í nágrannalöndum okkar hefur verið á þá leið, að áætlunarbúskapur í ýmiss konar myndum hefur verið í stöðugum vexti. Það þýðir ekkert að koma hingað og mála upp einhverja grýlu á vegg og segja, að áætlunarbúskapur sé ekkert annað en stjórnarfarið í Sovétríkjunum og öðrum austantjaldsríkjum. Auðvitað dettur engum heilvita manni í hug, að Íslendingar eigi að apa eftir stjórnarfar þessara ríkja eða nokkurra annarra. Við verðum að meta aðstæðurnar í okkar eigin landi og leggja á ráðin í samræmi við þær aðstæður.

Áætlunargerð og áætlunarbúskapur hefur verið vaxandi í löndunum allt umhverfis okkur. Þessi hagstjórnaraðferð er mjög mikið notuð í ýmsum ríkjum Vestur-Evrópu, t. d. er áætlunarbúskapur veigamikill þáttur í atvinnulífi Frakka. Og nú að undanförnu hefur verið unnið einmitt á grundvelli áætlunargerðar og áætlunarbúskapar alveg sérstaklega á landsvæði, þar sem aðstæður eru býsna líkar og þær eru hér á Íslandi, þ. e. í Norður-Noregi. Þar hefur verið unnið mjög merkilegt starf á þessu sviði, starf, sem við getum tvímælalaust lært mjög mikið af. Og ég held, að þm. verði að horfast í augu við þetta af fullu raunsæi. Það þýðir ekkert fyrir þá að gera greinarmun á milli atriða, sem ekki er hægt að skilja á milli. Ef menn vilja áætlunargerð, hlýtur ástæðan að vera sú, að þeir vilja, að athafnir fylgi, og þar með eru þeir komnir út í áætlunarbúskap, hvort sem þeir telja sig tilheyra einum flokki eða öðrum.

Hæstv. fjmrh. virtist vera örlítið uggandi áðan yfir þessum almenna áhuga á áætlunargerð og áætlunarvinnubrögðum um allt land og hann reyndi í ræðu sinni að slá dálítið á þennan áhuga. Hann sagði, að hér væru ekki aðstæður til þess að halda allt of langt á þessari braut. Okkur vantaði til þess bæði menn og fjármuni, og hann virtist vera þeirrar skoðunar, að það ætti frekar að hörfa til baka á þessu sviði og taka aðeins fyrir einstök takmörkuð landsvæði, þar sem upp væri komið raunverulegt hallærisástand og hætta væri á fólksflótta, að áætlunarvinnubrögð ættu einvörðungu að vera til þess að bjarga, þegar upp væri komið algert neyðarástand. Þetta held ég, að sé algerlega fráleit kenning. Ég held, að eins og nú er komið, verðum við einmitt að halda áfram á þeirri braut, sem menn hafa verið að marka í kjördæmunum, og stefna að áætlunarvinnubrögðum að því er varðar alla þróun atvinnuveganna á Íslandi.

Ég minntist á það á miðvikudaginn var, að það er til lítils að gera skynsamlegar áætlanir um vegagerð, um samgöngumál að öðru leyti, um skólamálin og um aðrar nytsamlegar þarfir, ef atvinnuvegirnir blómgast ekki og eru sú undirstaða, sem verður að vera í öllum slíkum þjónustustörfum. Við fáum enga skynsamlega byggðaþróun, nema atvinnuvegirnir séu svo öflugir, að þeir standi undir slíkri þróun. Og ég minnti á það seinast, að hv. Alþfl., helmingur ríkisstj., hefði vanrækt að berjast fyrir því að koma fram stefnu sinni á þessu sviði. Sú vanrækslа er þeim mun háskalegri, sem fyrir liggur, að Framsfl. telur sig í fyrsta sinn á tilveruskeiði sínu vera fylgjandi áætlunarbúskap. Hann hefur ekki verið það fyrr en nú, þegar hann er búinn að vera í stjórnarandstöðu í 10 ár. Þá er hann farinn að taka upp fjölmargar og æ fleiri hugmyndir íslenzkra sósíalista og gera þær að sínum. Þetta er ákaflega ánægjuleg þróun. En mér finnst, að Alþfl. ætti að hagnýta sér þessa aðstöðu.

Ég minnti á það seinast, að ef Alþfl. stendur með stefnu sinni á þessu sviði, er stórfelldur þingmeirihluti fyrir því, að tekin verði upp allsherjar áætlunargerð fyrir þjóðarbúskap Íslendinga. Og sérstaklega held ég, að Alþfl. mætti hugsa þetta mál, vegna þess að honum hefur verið falið að fara með mjög veigamikinn þátt í þjóðarbúskap Íslendinga, sjávarútvegsmálin. Á Alþfl. hvílir ábyrgðin á þróun sjávarútvegsins undanfarin 10 ár. Og sú þróun hefur ekki verið ánægjuleg, eins og hv. þm. vita.

Mig langar til að minna hér á þingi á nokkrar staðreyndir, sem komu fram í borgarstjórn Reykjavíkur fyrir nokkrum dögum. Guðmundur Vigfússon, borgarfulltrúi Alþb., rakti þar mjög mikilvægar staðreyndir um þróun sjávarútvegs á Íslandi undanfarinn áratug. Hann minnti þar m. a. á, að árið 1960 voru skráðir 60 botnvörpungar í landinu, samtals 36 458 brúttólestir. Af þessari tölu botnvörpunga voru 48 stærri togarar, en 12 voru þessir svo kölluðu austur-þýzku tappatogarar. En árið 1968, eftir að Alþfl. hafði farið með stjórn þessara mála í 8 ár, voru skráðir botnvörpungar aðeins 28, samtals 21 104 brúttólestir. Á þessu sama tímabili hafði togurum í Reykjavík fækkað úr 25 í 16, en raunar eru það aðeins 13 eiginlegir togarar. Og ef maður tekur önnur fiskiskip en botnvörpunga, voru þau alls árið 1960 í öllu landinu 708, og 1964 voru þau orðin 801, en 1968 hafði þeim fækkað á nýjan leik í 731, hafði fækkað um 70 skip á 4 árum. Og hlutur Reykjavíkur var þar langsamlega verstur. Árið 1960 voru bátar undir 100 lestum, sem eru mjög mikilvægir vegna frystiiðnaðarins, 634 á öllu landinu, en aðeins 520 árið 1968. Þeim hafði fækkað um 114. Og þessi fækkun hafði einnig bitnað að mestu leyti á Reykjavík.

Það er hægt að telja margar fleiri staðreyndir um þessa þróun sjávarútvegsmála. Og allir hljóta að vera sammála um það, að þessi þróun hefur veikt ákaflega mikið hina efnahagslegu undirstöðu þjóðarbúskaparins á Íslandi. En ef menn eru sammála um slíkt mat, þá leiðir af því, að það verður að gera ráðstafanir til þess að bæta úr því. Og ef einstaklingar hafa annaðhvort ekki getu eða bolmagn til þess að gera það, þá verður að koma til opinbert frumkvæði. Þá verður ríkisvaldið að

hafa forustu um að tryggja þá þróun í slíkum undirstöðuatvinnugreinum, að það sé í samræmi við óskir okkar um þróun þjóðarbúskaparins. Þess vegna held ég, að það verkefni, sem nú blasir við, sé ekki fyrst og fremst að flytja till. um fleiri byggðaáætlanir eða fara þá leið, sem hæstv. ráðh. minntist á áðan, að smækka þessar áætlanir niður í þá staði eina, þar sem neyðarástand er. Ég held, að við verðum að fara hina leiðina og byggja upp áætlunarkerfi, sem nái til allrar atvinnuþróunarinnar á Íslandi, safna þar nauðsynlegum gögnum og reyna að gera langtímaáætlanir um þróunina á því sviði, þar sem saman er fellt opinbert frumkvæði og einkafrumkvæði og frumkvæði samvinnuhreyfingarinnar. Við verðum að athuga það, að þróunin í undirstöðugreinunum er forsenda fyrir þjónustugreinum og öðrum slíkum verkefnum. Og ef við látum ekki undirstöðugreinarnar þróast, þá er það tómt mál að vera að gera áætlanir um önnur atriði.

Ég hef að undanförnu verið að undirbúa það að leggja fyrir hv. Alþ. frv. um áætlunarráð ríkisins. Slík frv. hafa oftsinnis áður verið flutt á þingi í ýmsum myndum, en þetta frv. verður dálítið breytt frá því, sem verið hefur, í samræmi við þá reynslu, sem fengizt hefur einmitt á síðustu árum víða um lönd, og ég hef reynt að hafa það einnig í samræmi við hinar sérstöku aðstæður á Íslandi. Ég hygg, að hugmyndirnar í þessu frv. séu ekki mjög frábrugðnar ýmsum þeim hugmyndum, sem fram hafa komið í yfirlýsingum, stefnuskrám og ræðum hv. forustumanna Alþfl. Ég vil því vænta þess, að þegar þetta frv. kemur fram, átti Alþfl. sig á því, að honum ber samkv. yfirlýsingum sínum að láta þetta mál vera býsna ofarlega á verkefnaskrá sinni.

Helgi Bergs: Herra forseti. Þar sem ég er mjög eindregið fylgjandi samþykkt þeirrar till., sem hér liggur fyrir, og einnig þeirrar brtt., sem er á þskj. 53, þá vona ég, að það verði ekki misskilið, þó að ég bendi hv. þm. á, að þetta mál ber að með einkennilegum hætti hér á hv. Alþ.

Það hafa verið gerðar framkvæmdaáætlanir fyrir Vestfirði og Norðurland og að því er manni er sagt stendur til að gera eina fyrir Austurland, og nú flytur einn hv. þm. Vesturl. till. um að gera framkvæmdaáætlun fyrir Vesturland í þeim tilgangi að bæta afkomu einstaklinga og atvinnugreina og auka byggð á svæðinu á næstu árum. Fjórir hv. þm. Sunnl. flytja við þetta brtt. um það, að þessi till. nái einnig til Suðurlands, og það eru að mínum dómi eðlileg og sjálfsögð viðbrögð af þeirra hálfu og ég mundi hafa óskað að vera meðflm. þeirrar till., ef frá henni hefði ekki verið gengið, áður en ég tók sæti á hv. Alþ. Einn af þm. Reykv. benti svo á það í umr., að það þurfi ekki síður að gera framkvæmdaáætlun fyrir Reykjavík. Þannig kemur hver af öðrum og leggur til, að gerðar séu framkvæmdaáætlanir fyrir sín kjördæmi. Nú kemur fram í þessu sambandi hvað eftir annað, að auðvitað eru þau svæði, sem menn um þessar mundir hafa talið hentugt að kalla kjördæmi og verða sjálfsagt ekki lengi í því formi, næsta ólíkleg til að vera endilega hentugar einingar fyrir þessar framkvæmdaáætlanir. Auk þess hlýtur það að vekja nokkra furðu, að menn skuli þurfa að flytja á hv. Alþ. till. af þessu tagi, þar sem hér ætti að vera um sjálfsagða hluti að ræða, að áætlanagerð í þjóðfélaginu væri slík, að slíkar till. þyrfti ekki að vera að flytja fyrir einstök svæði ár eftir ár, og mér virðist þess vegna, að gangur þessa máls, sem ég hef verið að rekja, varpi ákaflega skýru ljósi á vöntun, alvarlega vöntun í okkar þjóðfélagi, sem við ættum að snúa okkur að að ráða bót á, í stað þess að setja bætur á flikina með þeim hætti, sem gert hefur verið á undanförnum árum. Ég verð þó að taka undir það, sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan, að það er vissulega hægt að hafa þessar áætlanir fyrir stærri svæði en gert hefur verið, t. d. landið allt, og einnig fyrir smærri, að taka fyrir minni byggðarlög og þá væntanlega af sérstökum tilefnum. Mér virðist, að það væri æskilegt, að hv. Alþ. gæti tekizt á við þessi vandamál á breiðari grundvelli en gert hefur verið um hríð, og til þess að vekja athygli á því hef ég rakið málið með þessum hætti, sem ég hef gert.

Mig langar svo að bæta við nokkrum orðum að gefnu tilefni í þeim umr., sem hér hafa farið fram. Ég verð að segja, að þó að ég sé þakklátur hv. 3. þm. Sunnl. fyrir flutning þeirrar brtt., sem hann hefur flutt ásamt öðrum þm. kjördæmisins, þá fór því talsvert fjarri, að mér líkaði tónninn í þeirri framsöguræðu, sem hann flutti. Í þeim orðaskiptum, sem hann átti við hv. 6. þm. Reykv. um áætlunarbúskap og áætlanagerð og um stjórnarkerfið í Rússlandi og stjórnarkerfið hér, komst hann að þeirri niðurstöðu, sem mér þótti rétt og góð, að okkar kerfi væri miklu betra, en þá bætti hann við þessum orðum, sem ég skrifaði eftir honum, að það væri betra, „þó að við þurfum að vissu marki að gera áætlanir.“ Það var auðvitað galli á gjöf Njarðar, að við skyldum þurfa að gera það að vissu marki. Ég verð að segja, að þeir menn, sem nálgast áætlanavandamálið með því hugarfari, sem þessi setning bar vott um, eru ekki líklegir til þess að leysa þau mál á farsælan hátt. Þessi tónn minnir mig á viðræður, sem ég átti í þessum ræðustól fyrir allmörgum árum við nokkra flokksbræður hv. 3. þm. Sunnl., þar sem ég minnist þess, að einn hv. þm. þess flokks, sem jafnframt er hagfræðiprófessor, líkti áætlunargerð við veðurspá. Ég er hins vegar alveg sammála hv. 6. þm. Reykv. um það, að áætlanir eiga að vera annað og meira en veðurspár. Það á að gera eitthvað við þær, og þær eiga að fela í sér stefnumörkun, þær eiga að fela í sér markmið, sem unnið er að. Ég held, að það sé ákaflega óheppilegt, ef farið er með áætlanir, sem gerðar eru á þann hátt, að það getur verið deilumál meðal alþm. í mörg ár, hvort þær séu yfirleitt til eða ekki. Hæstv. fjmrh. minnti á það í ræðu sinni áðan, að það hefðu verið menn,

sem hefðu vefengt, að Vestfjarðaáætlunin hefði verið til. Maður skyldi ætla, að það væri ekki mikill vandi að koma í veg fyrir, að slíkt væri vefengt. Það er ákaflega einfalt ráð til þess og það er bara að birta áætlanirnar, og ég álít, að áætlanir af þessu tagi komi ekki að hálfu gagni, nema þær séu birtar. Þær eiga ekki bara að vera leikföng ráðh., embættismanna og sérfræðinga. Þær eiga að vera stefnumörkun fyrir þjóðina alla.

Ég skal ekki lengja þessar umr. meira, herra forseti, en mig langaði til þess við þetta tækifæri að undirstrika þessi atriði, sem ég hef oft áður gert að umtalsefni í sambandi við umr. af þessu tagi, að áætlunargerðin sjálf á að vera tæki til þess að draga fram þarfir og finna úrlausnir, marka stefnu. Það á að birta þær öllum til upplýsinga og leiðbeininga, og það á að fylgja þeim eftir í framkvæmd, þannig að þær verði annað og meira en pappírinn einn, sem þær eru festar á.

Flm. (Benedikt Gröndal): Herra forseti. Í þessum umr., sem eru orðnar alllangar, hefur hv. 6. þm. Reykv., Magnús Kjartansson, skipað sér í sérstakan flokk. Ræður hans hafa í fyrsta lagi borið þess merki, að hann hafi öllu meiri áhuga á því að nota tækifærið til að gera pólitíska árás á Alþfl. en að ræða þetta mál almennt, eins og allir aðrir þm. hafa gert. Svo er hann eini þm., sem í umr. hefur tekið afstöðu beinlínis og ótvírætt á móti till., gerði það í einni af síðustu setningunum, sem hann lét út úr sér í seinni ræðu sinni.

Hv. þm. hefur í báðum ræðunum lagt á það mikla áherzlu að ráðast á Alþfl. fyrir það, að hann hafi brugðizt hugsjón sinni um áætlunargerð og hvatt mjög til þess, að Alþfl. herti á um þessi mál, af því að Framsfl. mundi hafa skipt um skoðun síðan hann sat í ríkisstj. Ég vil minna hv. þm. á það, sem hann vafalaust veit vel, að vinstri stjórnin komst ekki ýkja langt í áætlanagerð. Það var ekki mínum flokki að kenna og ekki hans flokki að kenna, heldur Framsfl., sem nú á að hafa tekið sinnaskiptum. Þess vegna bið ég hv. þm. að afsaka það, þó að ég sé ekki allt of trúaður á, að Framsfl. muni reynast eins áhugasamur um þessa hluti, ef hann kemst aftur í ríkisstj. eða til valda, eins og hann er í stjórnarandstöðu.

Ég vil benda hv. þm. á, að í tíð núverandi ríkisstj. hafa verið stigin mörg og mikilvæg skref í áttina til að taka upp áætlanagerð á Íslandi. Í tíð þessarar ríkisstj., þar sem Alþfl. hefur verið þátttakandi, hafa verið teknar upp framkvæmdaáætlanir ríkisins, þ. e. val á milli stórverkefna og útvegun fjármagns til þeirra, sem nú eru svo fastur liður í árlegum búskap, að menn geta varla ímyndað sér, hvernig hægt var að komast af án þeirra áður fyrr. Það hafa verið gerðar umræddar landshlutaáætlanir, Vestfjarðaáætlun og Norðurlandsáætlun, eitthvað af Austurlandsáætlun. Unnið hefur verið að umfangsmikilli skólaáætlun. Komið hefur verið upp Atvinnujöfnunarsjóði, sem hefur þetta verkefni og er að koma sér upp aðstöðu til þess að vinna að því. Komið hefur verið upp efnahagsmálastofnun, þar sem eru margir sérfróðir menn, sem þegar hafa mikla reynslu í því að vinna að áætlanagerð. Sett hafa verið lagafyrirmæli um vegáætlun, sem hefur gersamlega breytt allri meðferð vegamála og ákvörðunum um framkvæmdir. Og það hafa verið sett í lög ákvæði um hafnaáætlun.

Ef litið er á þetta af nokkurri sanngirni, vil ég leyfa mér að halda fram, að það sé algert öfugmæli að tala um, að þeir stjórnarflokkar, sem verið hafa í ríkisstj. undanfarin ár, hafi brugðizt í einu eða neinu gagnvart áætlanagerð. Að sjálfsögðu hefði Alþfl. viljað ganga lengra í áætlunargerð, en það er nú einu sinni venja í samsteypuríkisstj., eins og allir íslenzkir stjórnarflokkar vita af reynslu sinni, að enginn einn flokkur fær öllum vilja sínum framgengt, heldur er þar farið bil beggja.

Ég vil að lokum leyfa mér að halda fram, að þessi ríkisstj. hafi komið upp sterkari hagstjórnartækjum en áður hafa verið til í þessu landi, hagstjórnartækjum, sem gera ríkisvaldinu kleift að hafa miklu víðtækari og meiri áhrif á efnahagslíf þjóðarinnar en áður hefur verið. Ég skal ekki flokka þau mál, sem ég hef bent á, undir neina „isma", en þetta er eins og um margar fleiri hugmyndir, sem einu sinni voru umdeildar, að þær vinna smám saman viðurkenningu. Hér hefur þokazt svo verulega í rétta átt, að það er ekki annað en áróðursofstæki í hv. þm. að flytja ræðu eftir ræðu í sambandi við þessa till. til að ráðast á Alþfl. í þessu efni. Þegar Alþb. eða fyrirrennarar þess hafa verið í ríkisstj., þá hefur ekki miðað nálægt því eins langt í áætlunargerð og gert hefur undanfarin ár.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umr. að neinu ráði, en vegna þess að mér fannst koma fram hjá hæstv. fjmrh., að hann teldi það einhvers konar gamanmál eða jafnvel fjarstæðu, að einhverjum dytti í hug, að það þyrfti að gera framkvæmdaáætlun fyrir Reykjavík, þá langar mig til þess að segja það sem mína skoðun, að eins og atvinnumálunum í Reykjavík er háttað, tel ég það síður en svo nokkra fjarstæðu, þó að Reykvíkingar álíti, að það þyrfti að líta á þeirra mál eitthvað betur en gert hefur verið undanfarin 30 eða 40 ár undir forsæti Sjálfstfl.

Það er alveg rétt, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði um atvinnuástandið við sjávarsíðuna. Það er ekki eitt einasta orð rangt í því, sem hann sagði um bátafjöldann og um togarafjöldann, og til þess að menn haldi ekki, að það sé bara vegna þess, að togurum hafi fækkað og bátum fjölgað, sem atvinnuástandið er núna eins og það er, þá ætla ég að leyfa mér að bæta þeim upplýsingum við, að árið 1958 var heildaraflamagnið á Íslandi um 580 þús. tonn, ef ég man rétt. Þá var sá hluti, sem landað var og unnið úr í Reykjavík, 20.8%, eða um 120 þús. tonn. Árið 1968 var aflamagnið á öllu landinu mjög

svipað, það var einnig þá um 580 þús. tonn, en þá var hlutur Reykjavíkur í þessu aflamagni 11.9%, eða 64 þús. tonn, svo að jafnvel þó að einhverjum kynni að detta í hug, að það skipti ekki svo miklu máli, að togaraútgerð frá Reykjavík hefði dregizt saman, vegna þess að annað hefði komið í staðinn, þá er það ekki rétt, vegna þess að þessar tölur eru sannar og réttar, og þær sýna hlut Reykjavíkur í útgerðinni og þróun þeirra mála á undanförnum 10 árum. Þessar tölur eru teknar upp úr skýrslu, sem hafnarstjórinn í Reykjavík hefur gert, og ég hef áður látið þær í té á borgarstjórnarfundi. Þeim hefur ekki verið mótmælt, og ég hygg, að þær séu örugglega réttar. Og ég vil aðeins bæta því við, að hvorugt þessara ára var nokkurt síldarmagn að ráði í Reykjavík, sem hefði náttúrlega getað skekkt myndina að talsverðum mun. En því er ekki til að dreifa.

Hins vegar er ég ekki sammála hv. 6. þm. Reykv. um það, að Alþfl. sé einum um þessa þróun að kenna. Þó að vissulega megi ýmislegt segja um stjórn hans á sjávarútvegsmálunum undanfarinn áratug, þá verðum við þó að hafa í huga, að það er ekki hann fyrst og fremst, sem ber ábyrgð á stjórn Reykjavíkur. Þar eru aðrir sekari. Og ég vil — til þess að bera nú sannleikanum vitni á hv. Alþ. — geta þess, að borgarfulltrúar Alþfl. hafa margsinnis lagt til, að Bæjarútgerðin yrði efld og henni fengin ný skip til umráða, en það hefur ekki náð fram að ganga þrátt fyrir stuðning annarra minnihlutaflokka.

Það er enn fremur mjög athyglisvert fyrir okkur Reykvíkinga, að Atvinnujöfnunarsjóður hefur á undanförnum árum lánað til þess að kaupa atvinnutæki úr Reykjavík. Ég er ekki að lá mönnum, þó að þeir vilji fá atvinnutæki í sín byggðarlög og ætla ekki að gera það að árásarefni, hvorki á einn né annan. Og ég vil líka viðurkenna það, að hér fyrr á árum, allt fram til undanfarinna kannske tveggja ára, gat það verið mjög eðlilegt að styrkja atvinnurekstur annars staðar jafnvel á kostnað okkar hér, en það er alls ekki hægt að réttlæta það lengur, eftir að atvinnuleysið er hvergi meira á landinu en í Reykjavík í tölum talið og jafnvel óvíða hlutfallslega meira en það var t. d. á s. l. vetri, og margir óttast, að svo kunni enn að fara á þessum vetri. Ég held því, að það sé síður en svo ástæða til þess að gera það að gamanmálum, að Reykvíkingum dettur í hug, að það þurfi að líta á málefni þeirra á hv. Alþ. Ég hef ekkert á móti því og skil það mjög vel, að fulltrúar annarra kjördæma fari fram á það og óski þess, að mál þeirra séu tekin til athugunar og áætlanir séu um þau gerðar. Það er eðlilegur hlutur. En mér finnst óeðlilegt, ef Reykjavík ein á að gleymast í því sambandi. Þó að ég fallist eindregið á þá skoðun, sem hv. þm. Helgi Bergs, hv. 2. þm. Sunnl., sagði áðan, að vitanlega eru núverandi kjördæmi engan veginn þannig afmörkuð, að það sé endilega víst, að framkvæmdaáætlanir eigi að miðast við þau ein, heldur eru þar alls konar atvik önnur, sem geti spilað inn í. Ég held því, að það sé fullkomlega eðlilegt, að þessar till., bæði um Vesturland og Suðurland, fái samþykki, en jafnframt vil ég minna á það, að í fleiri horn er að líta.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það er eiginlega nauðsynlegt, að hv. 6. þm. Reykv. sé viðstaddur, því að ég ætlaði að gera aths. við hans talnafræði, en sú talnafræði er farin að verða mjög þekkt á hv. Alþ. og komin upp í milljarða, ef hann fer í raforkumálin. En við hinir ófróðari talnamenn vildum halda okkur við það, sem stendur í bókum á þrykki og lesa beint upp úr þeim og fara þess vegna rétt með tölur. En hann talaði um bátaflotann og þá óheillavænlegu þróun í sjávarútvegsmálum, sem hefði orðið á undanförnum árum og vildi kenna Alþfl. um ófarnaðinn. Þó man ég það, að bátar komu svo títt til landsins á sumum tímum, að varla þótti í frásögur færandi í blöðum né útvarpi. En nú er Bleik brugðið og nú muna menn ekki eftir þeim góða flota, sem kom á árunum 1960—1966 og virkilega gaf þjóðinni mikið í aðra hönd. En þegar maður les beint úr skýrslum um bátaflotann, skal líka geta um rúmlestatölu, þ. e. heildarstærð flotans, en lesa ekki aðeins fjölda báta, því að það segir ekki nema hálfan sannleikann. Ég vil leiðrétta hv. 11. þm. Reykv. með það, að það er aðeins sagður hálfur sannleikur, þegar maður les um tölu báta. Það þarf líka að vita stærð þeirra. En hér áður hafði hv. 6. þm. Reykv. lýst yfir því, að bátaflotinn í dag væri mjög einhæfur. Ég veit ekki, hvað hann á við með orðinu einhæfur, þegar sama skip getur stundað allar veiðar. Það tel ég vera og við, sem störfum við þennan atvinnuveg, fjölhæft skip, en ekki einhæft skip, þó að það hafi verið notað fyrst og fremst undanfarin ár fyrir síldveiðar, meðan síldin var og hét, en er í dag hið ágætasta togskip, mjög gott til línuveiða, úthafsveiða og einnig netaveiða við landið, sami bátur án mikils tilkostnaðar og sumir með engum tilkostnaði í breytingar fyrir viðkomandi veiðiaðferð. Slíkt skip tel ég fjölhæft og vil leiðrétta það í eitt skipti fyrir öll á hv. Alþ. En ég ætla að lesa hér úr skipaskrá 1959, með leyfi forseta. Þar segir: „61 fiskiskip yfir 100 rúml. eru 10 316 rúml.“ Árið 1968 eru fiskiskip yfir 100 rúmlestir að stærð 203 og 42 780 rúml. Það er fjórföldun að stærð til. Þetta er léleg þróun, kallar hv. þm. Það er nú öðru nær. Togurum hefur hins vegar fækkað verulega. Togarar eru skráðir í árslok 1959 43, fjölgaði síðan og komust upp í 60, þó með talin 250 tonna skipin 12, sem sumir kalla síldveiðiskip í öðru orðinu og togara í hinu orðinu. En 1968 eru togarar taldir 28, 20 þús. rúml., svo að rúmlestatalan hefur hvergi nærri fallið niður í samræmi við tölu þeirra, sem eðlilegt er, því að við vitum það, að nýju togararnir voru 1000 tonna skip á móti hinum, er voru rúmlega 600 lesta. Engu að síður er það gleðiefni, að svo almennur áhugi er orðinn fyrir togaraútgerð í landinu, að þjóðin er við því búin að veita togurum eðlileg rekstrarskilyrði. En þeir

tímar voru á Íslandi, að talið var eðlilegt að ýta togurum út fyrir og skapa þeim verri skilyrði en mörgum öðrum fleytum.

Ég vil ekki lengja þennan umræðutíma, sem er orðinn skemmtilega langur um till. En ég vil taka undir þau orð Benedikts Gröndal, að gildi áætlunarbúskapar hér á Íslandi er og hefur farið vaxandi, og það er gleðilegt til þess að vita, að menn eru að verða æ hlynntari slíkri þróun, því að hún er nauðsynleg og eðlileg.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hv. 5. þm. Vesturl. taldi, að ég hefði markað sérstöðu í þessum umr. með því að hafa annan tón í máli mínu en aðrir hv. þm. og að ég notaði þetta tækifæri til pólitískra árása á Alþfl. Það, sem fyrir mér vakti, var að vekja athygli á því, að það er til lítils að semja áætlanir um ýmsa þróunarliði í einstökum landshlutum, ef ekki er gerð áætlun um þróun sjálfra atvinnuveganna, sjálfrar undirstöðunnar. Það er ekki rétt hjá hv. þm., að ég hafi tekið afstöðu á móti þessari till. Það gerði ég ekki. Ég hef lýst yfir því, að ég telji, að slíkar byggðaáætlanir geti verið mjög gagnlegar. Hitt sagði ég og það er skoðun mín, að ég tel, að slíkar byggðaáætlanir komi fyrir lítið, ef ekki er tryggt, að þróun atvinnuveganna verði það öflug, að hún geti risið undir þeim framkvæmdum, sem gert er ráð fyrir í einstökum byggðarlögum.

Hv. þm. rifjaði upp, að Framsfl. hefði ekki fengizt til þess að standa við fyrirheitin um áætlunargerð í vinstri stjórninni og hann sagðist ekki vera allt of trúaður á þá stefnubreytingu, sem Framsfl. hefur gert grein fyrir síðan. Við skulum láta trú okkar liggja á milli hluta. En væri ekki ráð fyrir hv. þm. og flokk hans að láta reyna á þetta? Fyrir liggja á þingi fjölmargar yfirlýsingar og till. um það, að Framsfl. sé meðmæltur áætlunarvinnubrögðum. Og er þá ekki sjálfsagt að láta reyna á það, hvort hugur fylgir máli, með því að Alþfl. noti þá aðstöðu, að hann er hreinlega tungan á vogarskálinni? Hann getur tryggt þingmeirihluta fyrir slíkri stefnu, ef Alþfl. vill, ef honum er nokkur alvara með þetta stefnumál sitt.

Mér er fullkomlega ljóst, að í tíð núv. ríkisstj. hafa verið tekin upp ýmiss konar vinnubrögð, sem tengd eru áætlunarbúskap. Efnahagsstofnun og ýmsir aðrir aðilar hafa staðið fyrir miklu nákvæmari og vandaðri skýrslugerð um alla mögulega þætti en áður var. Þetta er mér fullkomlega ljóst. En slík vinnubrögð koma fyrir lítið, ef þeim er ekki fylgt eftir með athöfnum. Ég vil minna hv. 5. þm. Vesturl. á kjörorð hins nýja forsrh. Svía, sem stundum er talinn flokksbróðir þessa hv. þm., a. m. k. í Alþýðublaðinu. Hans kjörorð er: Stjórnmál eru vilji. Þau eru ekki skýrslugerðir, heldur vilji. Allar þessar skýrslur, sem hrúgað er upp, koma fyrir lítið, ef ekki er vilji til þess að hagnýta þær til þess að breyta ástandinu á Íslandi.

Það, sem hins vegar hefur farið aftur á bak í tíð núv. stjórnar miðað við það, sem áður var, er það, að ríkisstj. aðhyllist þá kreddu, að stjórnarvöld megi ekki hafa forustu um uppbyggingu atvinnuvega á Íslandi. Þetta er nýjung í stjórnmálasögu síðasta áratugs. Þegar atvinnulíf Íslendinga var endurbyggt í stríðslok, hafði ríkisvaldið forustu um kaup á 32 togurum. Ríkisvaldið hafði forustu um að endurnýja farskipaflotann og bátaflotann og ríkisvaldið hafði forustu um uppbyggingu fiskiðnaðarins. Í þessu tóku þátt ekki aðeins Alþfl. og Sósfl., heldur einnig Sjálfstfl. Í stjórn, sem síðar var mynduð, sem Sósfl. tók ekki þátt í, hafði ríkisvaldið einnig forustu um kaup á nýjum togurum. En þetta hefur ekki mátt síðan viðreisnarstjórnin var stofnuð. Það hefur ekki mátt vera opinbert frumkvæði að því að kaupa nokkur atvinnutæki á Íslandi. Fyrir það hefur verið algerlega lokað. Og þess vegna er þarna um að ræða stórfellda afturför þrátt fyrir alla skýrslugerðina, þrátt fyrir öll þau vönduðu vinnubrögð, sem menn kunna að ástunda í ýmsum stofnunum í þjóðfélaginu. Þessi vinnubrögð verða til einskis, ef þeim er ekki fylgt eftir með athöfnum.

Ég missti því miður af mestum hluta ræðu þeirrar, sem hv. 5. landsk. þm. hélt áðan, en mér skildist, að hann væri að vefengja það, að rétt væri hjá mér, að samdráttur hefði orðið í sjávarútvegi á Íslandi að því er varðar bátaflotann a. m. k. Ég held, að það sé alveg augljós staðreynd, að bátaflotinn hefur orðið miklu einhæfari en áður var. Það getum við m. a. markað á því, þótt hv. þm. hristi höfuðið, að framleiðsla á freðfiski minnkaði um þriðjung á Íslandi á sama tíma og hún tvöfaldaðist og þrefaldaðist í nágrannalöndum okkar. Ástæðan fyrir þessu var sú, að frystihúsin skorti hráefni, vegna þess að ekki var um að ræða bátaflota, sem sinnti þörfum þeirra. Við höfðum forustu á sviði flakaframleiðslu áður. En nú erum við komnir aftur úr, ekki aðeins Norðmönnum, heldur einnig Dönum, einmitt vegna þess að þarna hefur verið um að ræða afturför í þjónustunni við fiskiðnaðinn. Og sú þróun hefur raunar einnig gerzt í tíð hæstv. núv. ríkisstj., að við höfum gert meira að því en áður var að selja afurðir okkar sem hráefni handa öðrum. Það hefur verið gert meira að því að eftirláta erlendum aðilum að vinna úr því ágæta hráefni, sem við öflum. Útflutningur okkar er í ríkara mæli hráefni en áður var. Ég var áðan með tölur um það, hvernig þróun sjávarútvegsins hefði verið. Mig langar til að minna hérna á dálítið fróðlegar tölur, sérstaklega um Reykjavík, vegna þess að hér er atvinnuástandið alvarlegast og hér er þessi skortur á áætlunarvinnubrögðum í sambandi við atvinnulífið tilfinnanlegastur og getur haft mjög háskalegar afleiðingar. Þessar tölur, sem mig langaði til þess að segja hv. þm. frá, eru um vertíðarafla í Reykjavík frá 1964 til ársloka 1968. Og þá er miðað við þann afla, sem landað er frá áramótum til 15. maí. 1964 lönduðu hér 65 bátar 32 750 lestum. 1965 lönduðu 87 bátar 31 500 lestum. 1966 lönduðu 63 bátar 22 600 lestum. Árið 1967 lönduðu 29 bátar 9 719

lestum og 1968 32 bátar 7 000 lestum. Það er komið ofan í svo til ⅛ hluta af því, sem var 1964. Og eru menn svo nokkuð undrandi á því, að verkafólk í Reykjavík er uggandi um framtíðina, og finnst hv. 5. þm. Vesturl. stætt á því lengur að láta tilviljun og gróðavonir einstaklinga ráða því, hvort hér eiga áfram að vera atvinnutæki til þess að tryggja framleiðslu?

ATKVGR.
Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 17, 53, 74, n. 729).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þáltill. um Vesturlandsáætlun hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera framkvæmdaáætlun fyrir Vesturland í þeim tilgangi að bæta afkomu einstaklinga og atvinnugreina og auka byggð á svæðinu á næstu árum."

Þessari þáltill. var á sínum tíma vísað til fjvn., sem tók málið til athugunar. N. leitaði umsagnar um málið og fékk svör frá þeim aðilum, sem leitað var til. Eftir að svör höfðu borizt var till. tekin á ný til umr. í n., og svo sem kunnugt er var gefið út nál. á þskj. 729. Eftir að þessi þáltill. hafði komið fram voru bornar fram á tveim þskj. brtt. við till., í fyrsta lagi á þskj. 53 frá hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni o. fl., og í öðru lagi á þskj. 74 frá hv. 1. þm. Austf., Eysteini Jónssyni, o. fl. Það er álit fjvn., eins og fram kemur í nál., að æskilegt sé, að slíkar byggðaáætlanir séu gerðar sem um getur í þessari þáltill. Hins vegar telur n., að miða beri þessa till. við landsvæðin almennt og hefur því tekið tillit til þess við afgreiðslu málsins að benda á það sérstaklega. Þá er það álit n., eins og fram kemur í nál., að samkvæmt lögum um Atvinnujöfnunarsjóð beri sjóðstjórninni að hafa forgöngu um gerð slíkra áætlana, og á þeim forsendum leggur fjvn. til, að þessari þáltill. verði vísað til ríkisstj.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vil þakka hv. fjvn. fyrir það, að hún hefur efnislega tekið mjög jákvæða afstöðu til málsins og virðist vera hlynnt hugmyndinni, sem þar er fram sett. Eftir atvikum er ekki svo mjög mikill munur á texta till., sem er að fela ríkisstj. eða skora á ríkisstj. að gera umrædda áætlun og því að vísa málinu til hennar, svo að ég mun eftir atvikum sætta mig við það og vænta þess, að þessi stuðningur, sem fram hefur komið hjá n., svo og stuðningur annarra þm. í umr. verði til þess að greiða málinu framgang.

ATKVGR.
Till. á þskj. 729 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 38 shlj. atkv.

2. Áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar við íþróttastarfsemina.

Á deildafundum 30. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu [62. mál] (A. 67).

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á þskj. 67 höfum við hv. 11. þm. Reykv. og 3. þm. Vestf. leyft okkur að flytja till. til þál. um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu. Eins og fram kemur í tillgr., er gert ráð fyrir því, að þetta mál verði framkvæmt með þeim hætti, að skipuð verði nefnd, sem í eigi sæti þessir aðilar: Forseti Íþróttasambands Íslands, formaður Ungmennafélags Íslands, íþróttafulltrúi ríkisins og tveir menn kosnir af Sþ. Menntmrh. á að skipa formann þessarar nefndar. Hlutverk hennar á að vera að gera fjárhagsáætlun fyrir íþróttastarfsemina í landinu, þó ekki mannvirki. Skal fyrsta áætlun gerð fyrir árið 1971, en eftir það skulu áætlanir gilda til fjögurra ára. Þó má endurskoða þær að tveim árum liðnum frá því, að þær hafa verið gerðar, ef einhverjir nm. óska þess. Við áætlunargerðina skal hafa hliðsjón af fjárframlögum annarra þjóða til íþróttastarfseminnar, t. d. Norðurlandaþjóðanna, og keppt verði að því með áætlunargerðinni, að fjárskortur hamli ekki getu íslenzkra íþróttamanna. Við gerð fjárlaga hverju sinni skal áætlun þessi lögð til grundvallar í fjárframlögum ríkissjóðs til íþróttastarfseminnar. Kostnaður við áætlunargerðina greiðist af fjárveitingu til íþróttastarfseminnar.

Eins og fram kemur í grg. þeirri, sem fylgir þessari þáltill., hafa allverulegar umr. orðið á yfirstandandi ári um getu íslenzkra íþróttamanna í keppni við erlenda íþróttamenn. Það orkar ekki tvímælis, að allt frá upphafi sögu Íslands hefur íslenzka þjóðin átt íþróttamenn, sem hafa getið sér frægðarorð meðal annarra þjóða, og svo er enn, og það er mikils virði fyrir þjóðina og æsku landsins, að svo verði áfram.

Nú hefur íslenzkum íþróttamönnum oft gengið miður í keppni við erlenda íþróttamenn heldur en óskað hefði verið eftir, og hafa margar ástæður verið færðar fram fyrir því, að svo hefur farið. Það er ekki mitt eða okkar flm. þessarar till. að dæma um, hversu haldgóðar þær röksemdir eru, er þar hafa verið greindar.

Hitt er okkur ljóst og við höfum veitt því athygli, að í umr. um þetta mál hefur það mjög komið fram, að fjárhagur íslenzkrar íþróttahreyfingar væri mjög bágborinn, og hefur þar fyrst og fremst verið til umr. fjárhagur þeirra á sviði íþróttamála. Það hefur komið fram hjá mörgum íþróttamönnum, sem um þetta hafa rætt í blöðum, að einmitt fjárhagsgeta þeirra dragi mjög úr afrekum þeirra á sviði íþrótta og horfi þar til mikilla vandræða.

Öllum er ljóst, að íþróttahreyfingin er þýðingarmikil fyrir æsku þessa lands og fyrir þjóðina í heild, og þjóðin verður að gefa þessum málum gaum, fjármálum íþróttahreyfingarinnar eins og öðrum málum, því að þetta er eitt af hennar vandamálum, sem úr verður að bæta.

Á síðari árum hefur mjög verið horfið að því að gera áætlanir um fjárframlög og uppbyggingu hinnar ýmsu starfsemi í þjóðfélaginu. Okkur flm. þessarar þáltill. finnst því ástæða til, að gerð verði áætlun um nýtingu þeirrar fjárhagsaðstoðar, sem þjóðfélagið getur látið í té hverju sinni, og til þess að gera þá áætlun verði þeir kvaddir til, sem bezta þekkingu hafa og hafa forustu í félagsmálahreyfingum æskunnar í landinu, bæði Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands og svo sá embættismaður ríkisins, sem sérstaklega fjallar um íþróttamál og hefur sýnt þeim málum mikinn áhuga og mikinn dugnað. Enn fremur leggjum við til með till. okkar, að þetta verði tengt Alþ. með því, að tveir fulltrúar verði þaðan. Það er skoðun okkar, að þessi uppbygging eða þetta form á uppbyggingu mætti verða til þess, að skilningur yrði almennari á fjárþörf til þessarar félagsstarfsemi og íþróttamenn ættu með þessum hætti betri möguleika til þess að koma málum sínum á framfæri en verið hefur.

Ljóst er, að til þess að úr þessu verði bætt, verður auðvitað aukin fjárveiting að koma til. Það er okkar skoðun, að íslenzka þjóðin vilji sinna þessum málum með þeim hætti og hér muni ekki verða um það stórfellda fjárveitingu að ræða, að það hefði nein teljandi áhrif á fjárlög íslenzka ríkisins, heldur mætti með þessum hætti nýta þetta miklu betur og byggja þetta kerfi upp og auðvitað að hvetja okkar íþróttamenn til meiri dáða og meiri afreka með því að styðja þá betur fjárhagslega. Við erum sammála um það flm., að nauðsyn beri til, að Alþ. sinni þessu máli og styðji okkar íþróttaæsku með ráðum og dáð. Þess vegna höfum við leyft okkur að flytja þessa till., sem við vonum, að verði til þess að bæta úr í þessu máli. Við treystum því, að hér á hv. Alþ. verði tekið á þessu máli með skilningi og málið megi ná fram að ganga.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en legg til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 36 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 67, n. 728).

Frsm. (Jón Árnason): Herra forseti. Till. til þál. um áætlunargerð vegna fjárhagsaðstoðar ríkisins við íþróttastarfsemina í landinu hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að skipuð verði fimm manna nefnd með þeim hætti, að í henni eigi sæti þessir aðilar: Forseti Íþróttasambands Íslands, formaður Ungmennafélags Íslands, íþróttafulltrúi ríkisins, tveir menn kosnir af Sþ. Menntmrh. skipar formann nefndarinnar. Hlutverk nefndarinnar skal vera að gera fjárhagsáætlun fyrir íþróttastarfsemina í landinu (þó ekki mannvirki). Skal fyrsta áætlun gerð fyrir árið 1971, en eftir það skulu áætlanir gilda til fjögurra ára. Þó má endurskoða áætlunina að tveim árum liðnum, ef einhver nm. óskar þess. Við áætlunargerðina skal hafa hliðsjón af fjárframlögum annarra þjóða til íþróttastarfseminnar, t. d. Norðurlandaþjóðanna. Keppt verði að því með áætlunargerðinni, að fjárskortur hamli ekki getu íslenzkra íþróttamanna."

Fjvn. tók þetta mál til umr. á fundi sínum og leitaði umsagnar um málið hjá stjórn Íþróttasambands Íslands, Ungmennafélagi Íslands og íþróttanefnd ríkisins. Í svörum tveggja fyrrgreindu aðilanna kom fram, að þeir tóku mjög undir, að slík nefnd væri sett á stofn, sem hér um ræðir, en frá íþróttafulltrúa ríkisins var álitið nokkuð á annan veg. Hann taldi, að ef um slíka nefnd væri að ræða, ætti hún fyrst og fremst að vera þingkjörin og meira tengd Alþ. en hún yrði með skipun á þann hátt, sem þáltill. gerir ráð fyrir.

Það má öllum vera ljóst, að hér er um allstórt mál að ræða og ég vil taka undir, að nauðsynlegt sé að gera sér meiri grein fyrir því en verið hefur, hver raunveruleg fjárþörf er í sambandi við íþróttastarfsemina í landinu. Hitt er svo annað mál, sem ég tel, að þurfi að athuga gaumgæfilega, á hvern hátt skuli verja því fjármagni, sem á hverjum tíma verður af opinberri hálfu varið til íþróttastarfsemi í landinu, hvort það verður veitt opinberum stofnunum sérstaklega eða til styrktar og eflingar frjálsri félagsstarfsemi íþróttafélaganna í landinu. Nú er, eins og fram kemur í þessari þáltill., ekki ætlazt til þess, að þessi nefnd taki til athugunar fjármagnsþörf í sambandi við byggingu íþróttamannvirkja út af fyrir sig, heldur er aðeins átt við íþróttaiðkunina og íþróttastarfsemina í landinu.

Fjvn. leggur til, að till. þessari verði vísað til ríkisstj. með þeim tilmælum, að forseta ÍSÍ, formanni UMFÍ og íþróttafulltrúa ríkisins verði falið að gera umræddda fjárhagsáætlun til eins árs. Skulu þessir aðilar leggja áætlun sína fyrir fjvn. við afgreiðslu fjárlagafrv. fyrir árið 1971.

Eins og fram kemur í áliti fjvn., leggur hún ekki til, að nefndin verði skipuð fleiri fulltrúum en ég hef greint frá, og á þessi stigi málsins a. m. k. telur hún, að það mundi nást nokkuð út úr því, sem ætlazt er til með till.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fjárveitingan. fyrir afgreiðslu á málinu. Þó að hún sé nokkuð á annan veg en upphaflega var lagt til, þá var algjört samkomulag um það í fjvn. að afgreiða málið á þann hátt í því trausti, að hæstv. ríkisstj. beiti sér fyrir því, sem þar er lagt til, og treysti ég því, að þessi undirtekt Alþ., sem ég vona að verði, hafi jákvæð áhrif á málið í heild, og það er mergur málsins.

ATKVGR.

Till. á þskj. 728 um að vísa málinu til ríkisstj. samþ. með 36 shlj. atkv.

Þingsályktunartillögur ekki útræddar.

1. Endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun stjórnarskrárinnar [22. mál] (A. 22).

Á 6. og 8. fundi í Sþ., 22. og 29. okt., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Undanfarin ár hefur verið um það rætt í þingsölum, að nauðsyn beri til að breyta starfsháttum Alþ. Þegar þetta ber á góma verður að hafa í huga, að stjórnarskráin mótar að miklu leyti skipan þingsins og störf. Stjórnarskrána þarf að endurskoða. Till. til þál. um slíka endurskoðun flutti Karl Kristjánsson þáv. alþm. á Alþ. 1966, en sú till. varð ekki útrædd. Þessa till. Karls Kristjánssonar leyfði ég mér að taka upp til endurflutnings á Alþ. 1967 að mestu óbreytta. Kom þá fram nokkur gagnrýni á till., en ekki gafst tækifæri til andsvara, og var 1. umr. um málið ekki lokið á því þingi.

Till. sú, sem ég hef leyft mér að flytja á þskj. 22, er með sama sniði og sú, sem ég áður nefndi, en fjallar þó um ýmis ný efnisatriði, að þau skuli taka til sérstakrar athugunar við endurskoðunina. Ég segi ný efnisatriði, af því að þau voru ekki nefnd sérstaklega í hinni fyrri till., en þau eru þó a. m. k. flest valin með hliðsjón af ýmsu, sem menn hafa lagt til mála eftir stofnun lýðveldisins, m. a. síðustu árin í sambandi við stjórnarskrána. Till. á þskj. 22 fylgir grg., sem ég leyfi mér að vísa til, en ég tel mér jafnframt skylt að geta þess, að sá hluti grg., sem fjallar um sögu stjórnarskrármálsins síðustu áratugina er að mestu tekinn upp úr hinum eldri grg. Ég leyfi mér einnig að vísa til hinnar snjöllu framsöguræðu, sem Karl Kristjánsson flutti um þetta mál á Alþ. 1966 og skráð er eða prentuð í Alþingistíðindum. En hér á þingi eiga nokkrir hv. þm. sæti, sem ekki áttu sæti, er sú ræða var flutt. Ég vil taka það fram strax, að ég stend einn að þessari till. og finni menn á henni agnúa, er við mig einan að sakast, en ekki þingflokk þann, sem ég telst til, því að till. hefur enn ekki verið rædd þar og er ekki flokksmál.

Árið 1942, þegar undirbúningur var hafinn að endurreisn lýðveldis á Íslandi, var samkv. ákvörðun Alþ. skipuð nefnd til að gera till. um breytingar á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands. Í nefndinni tóku sæti á því ári átta alþm., tveir frá hverjum þingflokki. Þetta voru allt mikilhæfir menn og mikilsvirtir, sem m. a. má ráða af því, að sex af þessum átta nefndarmönnum hafa gegnt ráðherraembættum fyrr eða síðar, einn verið alþingisforseti og einn formaður stjórnmálaflokks um áratugi, en aðeins einn þeirra á nú sæti í þessum sal. Nefndin samdi frv., sem gerði ráð fyrir þeim breytingum á stjórnarskránni, sem óhjákvæmilegar voru vegna breytingarinnar á konungsríki í lýðveldi árið 1944. En í grg. fyrir frv. kvaðst hún vinna áfram að endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sagði hún það starf, sem eftir væri, vera viðtækara en hitt, sem unnið hefði verið, og nauðsynlegt að afla gagna frá öðrum lýðræðisþjóðum. Undir þetta rituðu nefndarmenn allir nöfn sín. Alþ. ákvað svo árið 1945 að skipa skyldi tólf manna endurskoðunarnefnd til ráðuneytis eldri nefndinni. Þarna voru þá tuttugu menn að verki við að gera till. um það, sem almennt var nefnt lýðveldisstjórnarskráin og réðu þeir til utanfarar prófessor í lögfræði, þjóðkunnan mann, en hann fór víða um lönd til að safna stjórnarskrám eða draga saman fróðleik um þær. Frá tuttugu manna nefndinni komu þó ekki till., svo að mér sé kunnugt, og eftir tvö ár felldi Alþ. niður umboð hennar. En jafnframt fól þingið ríkisstj. að skipa nýja sjö manna nefnd til að endurskoða stjórnarskrána. Þetta gerðist árið 1947. Sú nefnd mun hafa starfað í nokkur ár, en skilaði aldrei nál. og er víst úr sögunni fyrir löngu. Formaður þeirrar nefndar, núv. hæstv. forsrh., hefur í bókinni Land og lýðveldi, sem kom út árið 1965, sagt frá till., sem fram hafi komið í nefndinni, en málið hlaut þar ekki neina afgreiðslu svo ég viti.

En það voru fleiri en Alþ. og nefndirnar þrjár, sem létu lýðveldisstjórnarskrármálið til sín taka fyrsta áratug lýðveldisins. Fjórðungsþing Austfirðinga og Norðlendinga tóku málið til meðferðar og gerðu um það merkilegar tillögur, sem birtar voru, og sunnanlands var stofnað stjórnarskrárfélag áhugamanna. Í blöð og tímarit var mikið um þetta mál ritað og víða var það rætt. Þegar á árinu 1944 sögðu stjórnarskrárnefndir beggja deilda Alþ. í sameiginlegu nál., 22. febr. þess árs:

„Það mun vera almenn skoðun í landinu, að

mikil þörf sé gagngerðrar endurskoðunar stjórnarskrárinnar og sú breyting ein sé ekki fullnægjandi, að lýðveldi verði stofnað í stað konungdæmis.“

Ég hef rakið þessa sögu í fáum orðum til þess að rifja það upp fyrir hv. þm., að við stofnun lýðveldisins og lengi síðan var það útbreidd skoðun í landinu og studdist við yfirlýsta stefnu leiðandi manna í stjórnmálaflokkum og sjálfs Alþ., að fara þyrfti fram vönduð endurskoðun á stjórnarskránni gömlu, að þjóðin ætti að fá lýðveldisstjórnarskrá, og tillögur um stjórnarskrárbreytingu komu fram bæði í síðustu stjórnarskrárnefndinni og frá aðilum utan Alþ., en þar var m. a. um ýmis mikilsverð nýmæli að ræða. Þó að hljóðara yrði um þessi mál síðar, verður enn víða vart gremju út af því, að stjórnarskrármálið sem slíkt hafi verið svæft og er þingflokkum kennt um. Úr því að nauðsynlegt þótti fyrir 20—25 árum að endurskoða stjórnarskrána í heild, þá er það áreiðanlega ekki síður nauðsynlegt nú. Ég held meira að segja, að 25 ára reynsla hafi leitt í ljós, að nauðsyn breytinga sé jafnvel brýnni nú en hún virtist þá vera.

Ég hef heyrt því varpað fram sem einhvers konar afsökun í þessu máli, að Bretar hafi enga stjórnarskrá, heldur láti sér nægja almenna löggjöf og hefð. Það kemur ekki þessu máli við. Hér á Íslandi er stjórnarskrá í gildi, sem er undirstaða ríkisvalds og löggjafar, og ef menn vilja afnema hana, þá er þar vissulega um róttæka breytingu að ræða, sem varla yrði gerð án mikillar athugunar. Sagt er, að þar sem festan er mest í stjórnarfari, séu stjórnarskrár búnar að gilda lengi. En hver treystir sér til að halda því fram, að hér á landi hafi verið festa í stjórnarfari síðan lýðveldið var stofnað? Það er sagt, að nýlegar stjórnarskrár hafi sums staðar dugað illa, t. d. í Þýzkalandi og Frakklandi. En nýju stjórnarskrárnar í þeim löndum urðu til eftir styrjöld eða byltingu, kannske að einhverju leyti af því að þær elztu voru búnar að vera helzt til lengi í gildi. Hér er verið að tala um að setja lýðveldisstjórnarskrá í landi, þar sem hvorki geisar ófriður né bylting, en undirstöður eru ótryggar.

Eftir reynslunni að dæma virðist það ekki gefa góða raun að fela þingflokkum einum eða fulltrúum þeirra að endurskoða stjórnarskrána. Ástæðuna læt ég liggja á milli hluta, en þess vegna er í þessari till., sem hér liggur fyrir, gert ráð fyrir að skipa stjórnarskrárnefnd þannig, að líklegt sé, að þar ráði fleira tillögum manna en flokkssjónarmið ein. Lagt er til, að níu menn verði í nefndinni, fjórir tilnefndir af þingflokkum, en fimm af hæstarétti og lögfræðideild Háskólans. Helzt hefði ég kosið, að nefndarformaðurinn og annar í viðbót væru tilnefndir af forseta Íslands án þess að framkvæmdastjórn Alþ., þ. e. ríkisstj., ætti þar hlut að máli, en mér hafa tjáð löglærðir menn, að slíkt samræmist varla stjórnarskránni eins og hún er nú, og er það, ef rétt reynist, glöggt dæmi þess, hve mjög vald hins þjóðkjörna forseta er takmarkað.

Ætla má, að nefnd, sem skipuð yrði á þann hátt, sem hér er gert ráð fyrir, ynni verkið, og líklegt er, að fulltrúar eins eða fleiri þingflokka fengju því ráðið, að málið yrði svæft í nefndinni, þó að þeir kynnu að óska þess, að eitt atriði, t. d. kjördæmaskipunin, yrði tekið til sérafgreiðslu vegna flokkshagsmuna og allt annað látið sitja á hakanum. Færi svo, að nefndin klofnaði, mundu tillögur nefndarhlutanna og rökstuðningur a. m. k. skapa umræðugrundvöll fyrir þjóð og þing. En í lengstu lög verður að vona, að nefnd sem þessi gæti náð samkomulagi um þau málsatriði, er mestu skipta, eftir að hafa brotið þau til mergjar með framtíðarheill ríkis og þjóðar fyrir augum og að tímabundin sérsjónarmið flokka eða annarra yrðu þá látin þoka fyrir því, sem meira er um vert, er til lengdar lætur.

Til þess er ætlazt, að nefndin endurskoði stjórnarskrána í heild og hafi óbundnar hendur um tillögugerð. Gert er þó ráð fyrir, að lagt verði fyrir nefndina að taka til sérstakrar athugunar allmörg nánar tilgreind efnisatriði, sem eru svo mikilsverð eða það mikið umrædd í seinni tíð, að ekki má undan falla, að um þau fáist álit nefndarinnar, hvernig sem það yrði. Þessi málsatriði, sem till. fjallar um sérstaklega, eru 20 talsins. Leyfi ég mér að vísa til þess, sem um þau er sagt í grg. En efnisatriðin eru þessi:

1. Hvort fyrirkomulag æðstu stjórnar ríkisins sé svo heppilegt sem það gæti verið, og hvaða skipan hennar mundi vera bezt við hæfi þjóðarinnar.

2. Hvort skipting Alþ. í deildir sé úrelt orðin og ein málstofa heppilegri.

3. Hvort þörf sé skýrari ákvæða um aðgreiningu löggjafarvalds, framkvæmdavalds og dómsvalds.

4. Hvort nauðsyn sé nýrra ákvæða til að marka rétt ríkisstj. og Alþ. til samninga við aðrar þjóðir.

5. Hvort setja skuli ákvæði um það, hvenær rétt sé og skylt að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu og hvað hún gildi.

6. Hvort ástæða sé til að takmarka kjörgengi meira en nú er gert í 34. gr. stjórnarskrárinnar.

7. Hvort rétt sé að breyta kjördæmaskipuninni á þá leið, að landinu öllu verði skipt í einmenningskjördæmi, þar sem aðalmenn og varamenn verði kosnir saman óhlutbundnum kosningum, en uppbótarþingmenn engir.

8. Hvort þörf sé lagasetningar um skyldur og réttindi þingflokka.

9. Hvort æskilegt sé að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum, enda leiti nefndin um þetta álits sýslunefnda, bæjarstjórna, borgarstjórnar Reykjavíkur, Sambands ísl. sveitarfélaga og sérsambanda sýslu- eða sveitarfélaga í einstökum landshlutum.

10. Hvort ástæða sé til að kveða nánar á en nú er gert um útgáfu bráðabirgðalaga og gildistíma.

11. Hvort þörf sé nýrra ákvæða um eignakaup og eignasölu ríkissjóðs og ríkisstofnana.

12. Hvort gerlegt sé og nauðsynlegt að hindra með stjórnarskrárákvæði óeðlilega verðhækkun lands og fasteigna.

13. Hvort ástæða sé til að kveða á um rétt og skyldu allra verkfærra þjóðfélagsþegna til að leysa starf af hendi.

14. Hvort kveða skuli á um, að þjóðfélaginu sé skylt að sjá svo um, að börnum og ungmennum, hvar sem þau eiga heima á landinu, skuli gert kleift að afla sér almennrar menntunar.

15. Hvort ákvæði 75. gr. stjórnarskrárinnar eigi þar heima á komandi tímum.

16. Hvort rétt sé, að í stað „15. dag febrúarmánaðar" í 35. gr. stjórnarskrárinnar komi annar tími, t. d. 1. okt.

17. Hvort rétt sé að kveða nánar á en nú er gert um frumkvæði að hækkun ríkisútgjalda.

18. Hvort bæta skuli ákvæðum úr mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna við VII. kafla stjórnarskrárinnar og breyta 70. gr. hennar með hliðsjón af nútímalöggjöf.

19. Hvort tilhlýðilegt sé og gagnlegt til leiðbeiningar á komandi tímum, að stjórnarskráin hefjist á yfirlýsingu um skyldur þjóðarinnar við landið og um nauðsyn landsbyggðar, enda jafnframt kveðið á um, að fasteignir og náttúruauðæfi hér á landi séu yfirleitt í eigu Íslendinga.

20. Hvort ráðlegt sé, að sérstaklega kjörið stjórnlagaþing fjalli um stjórnarskrána.

Hér er í rauninni um að ræða lágmarkstölu þeirra efnisatriða, sem ég tel, að stjórnarskrárnefndin verði að gefa sérstakan gaum, taka afstöðu til og gera tillögur um, ef henni sýnist svo.

Í þessari skrá um athugunarefni felast, eins og ég hef áður sagt, fyrst og fremst þau efnisatriði, er tekin voru upp í tillögu Karls Kristjánssonar á Alþ. 1966, en auk þess atriði, sem komið hafa fram hjá öðrum í meira eða minna ákveðnu tillöguformi og einnig atriði, sem nú eru nefnd í fyrsta sinn að ég hygg í þessu sambandi. Komið hefði til greina að nefna fleiri atriði og geta hv. þm. að sjálfsögðu gert till. um það við meðferð málsins og er form tillögunnar hentugt með tilliti til slíkra viðbóta.

Í grg. tillögunnar er fjallað um þessi 20 efnisatriði, sem í tillögunni eru nefnd, hvert fyrir sig, og leyfi ég mér að vísa til þess, en ég vil þó leyfa mér að fara nokkrum orðum um sum þeirra atriða, sem talin munu mestu skipta, og um stjórnarskrána almennt.

Stjórnarskrá ríkis er í eðli sínu eins konar stofnsamningur þjóðfélagsþegnanna, samningur um þjóðfélagsvaldið, meðferð þess og tilgang og jafnframt samningur um takmörkun á þjóðfélagsvaldinu gagnvart einstaklingum og um mannréttindi almennt. Ný stjórnarskrá hér á Íslandi eða ákvæði um breytingar á henni eru sett með tveimur beinum afgreiðslum þjóðarfulltrúanna á Alþ. og einni óbeinni afgreiðslu þjóðarinnar sjálfrar, þ. e. kjósenda, en við aðra löggjöf nægir ein fullnaðarafgreiðsla á Alþ.

Í mörgum löndum hefur stjórnarskráin í öndverðu verið sett á sérstöku stjórnlagaþingi þjóðarfulltrúa með eða án samþykkis ríkjandi þjóðhöfðingja. Þetta hefði átt að gerast hér á þjóðfundinum 1851, en sá fundur fór út um þúfur svo sem kunnugt er, og talið var, að konungurinn hefði síðan gefið okkur stjórnarskrána árið 1874. Þjóðin átti þar formlega engan hlut að máli, en ávann sér síðar rétt og aðstöðu til að nota þessa konungsgjöf að sínum vilja. Samkvæmt stjórnarskránni, eins og hún er nú, er Ísland lýðveldi eða „republik". Hér á að vera lýðræði eða það, sem á útlendum málum heitir „demókrati". Stjórnarskráin er grundvöllur hinnar almennu löggjafar. Stjórnarskrá frænda okkar Dana, sem okkar stjórnarskrá dregur dám af, ber beinlínis heitið grundvallarlög eða „grundlov", og stjórnlagaþing þeirra 1849 var nefnt á þeirra máli „grundlovgivende forsamling". Ef Alþ. setur lög, sem fara í bága við ákvæði í stjórnarskránni, eru þau lög ógild.

Í 2. gr. stjórnarskrárinnar er talað um þrjár greinar þjóðfélagsvalds: löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Heil þjóð, jafnvel þótt fámenn sé tiltölulega, getur yfirleitt ekki sjálf farið með þetta vald nema á óbeinan hátt. Hún kýs sér fulltrúa til að semja lög, hún kýs sér forseta til að fara með framkvæmdarvaldið, en hann á að gera það ásamt öðrum stjórnarvöldum, svo sem nánar er tilgreint í stjórnarskránni. Dómendur fara með dómsvald. Þeir eru ekki kjörnir af almenningi, enda ætlazt til, að þeir séu lærðir sérfræðingar á sínu sviði og gert ráð fyrir, að hæfni þeirra sé erfitt að meta í almennri kosningu. Þeir eru því skipaðir af framkvæmdarvaldinu, en eiga ekki að vera háðir því í dómum. Þetta mætti e. t. v. tryggja betur en nú er gert, en að öðru leyti ætla ég ekki að ræða um dómsvaldið.

En um framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið vil ég leyfa mér að fara nokkrum orðum í þessu sambandi. Milli þessara tveggja greina valdsins ætti að hafa gleggri skil en nú eru í stjórnarskránni. Forsetinn er kjörinn af þjóðinni, eins og Alþ. En hann fer ekki nema að mjög litlu leyti með framkvæmdarvaldið. Honum er hins vegar ætlað að undirskrifa lög, sem hann tekur ekki þátt í að semja. Það er venja frá fyrri tímum, að þjóðhöfðingi geri slíkt, en löggjafarþingið eða meiri hluti þess ræður framkvæmdarstjórn ríkisins. Þessi framkvæmdarstjórn hefur svo í reyndinni mjög mikil áhrif á störf þingsins, þ. e. löggjöfina. Eftir nokkuð löng kynni af Alþ. og ríkisstj. hallast ég að því, að bæði Alþ. og ríkisstj. gætu unnið verk sitt betur, ef forsetinn réði ríkisstj. og ráðherrar væru ekki alþingismenn. Þó deila megi um einstök atriði, finnst mér það leiða af eðli málsins, að þjóðkjörinn forseti eigi að fara með raunverulegt framkvæmdarvald. En í starfi sínu verður hann og stjórn hans að sjálfsögðu að fara eftir stjórnarskránni og þeim lögum, sem Alþ. setur hverju sinni. Núgildandi stjórnarskrá tryggir löggjafarvaldið og eins og nú hagar til meginhluta ríkisvaldsins stjórn-

málaflokkum, einkum þó svo nefndum þingflokkum, og stuðlar að því beinlínis, að þjóðin skiptist í sem flesta slíka. En forsetann, sameiningartákn þjóðarinnar, sviptir hún miklum hluta þess valds, sem hann eftir eðli málsins ætti að hafa. Hún áskilur þingflokkum sérstakan rétt til 11 þingsæta af 60. Sætum þessum er svo úthlutað til flokksframbjóðenda, sem ekki hafa haft nægilegt fylgi til að ná kosningu í kjördæmi og segi ég það ekki til óvirðingar hlutaðeigandi mönnum, sem margir hafa verið mætir menn. Þingmenn eru að öðru leyti kosnir hlutfallskosningu í fáum, stórum og á íslenzkan mælikvarða fjölmennum kjördæmum. Kjósandanum er ekki tryggður réttur til að kjósa þá frambjóðendur, sem hann helzt vill. Hann verður að kjósa lista, þ. e. heilan hóp manna, flokk, og það þó að honum sé kannske áhugamál að vera utan flokka. Sjálfur hef ég lengi verið í stjórnmálaflokki og er enn. Ég lít svo á, að flokkar hafi innt af hendi mikilsvert hlutverk í sögu lýðræðisþróunarinnar. En þegar ég í seinni tíð hugsa um framtíð þjóðarinnar, sem ekki verður nema um stuttan tíma mín framtíð og okkar, sem sitjum í þessum sal, þá finnst mér, að hér þurfi að breyta til. Mér finnst stundum í seinni tíð, að Alþ. sé ekki til, að þingflokkarnir fjórir, sem hér eru nú, séu í rauninni fjögur þing, og þó er það auðvitað ýkt mynd, en hún skýrir það, sem ég á við. Það er sjálfsagt gagnlegt, að stjórnmálaflokkar haldi áfram að starfa, og þeir gera það eflaust, en stjórnarskráin á ekki að vernda flokkaríki hér á landi. Hún á að vera miðuð við fólkið, sem í landinu býr, landið og landsbyggðina. Hún á svo sem unnt er að tryggja sjálfstæði ríkisins og áframhaldandi eignarrétt þjóðarinnar á landinu. Flokkar eru tímabundið fyrirbrigði í þjóðlífinu. Stjórnarskráin á að tryggja, að fólkið í landinu, hver og einn, og byggðarlögin hafi sem bezta aðstöðu til að kjósa þann fulltrúa persónulega, sem það vill öðrum fremur af þeim, sem um er að velja, og hafi sem bezta aðstöðu til að gera sér grein fyrir því, hverjum heppilegast sé að treysta. Með þetta í huga hallast ég að því nú, að einmenningskjördæmin séu það, sem koma skal. Þau munu líka að jafnaði tryggja Alþ. bezta starfskrafta, er til lengdar lætur og draga hæfilega úr því, sem nefnt er flokksræði. Þau munu skapa nánara samband milli kjósenda og þingmanna og trausta staðbundna þekkingu þingmanna. En hin staðbundna þekking er undirstaða þekkingar á þjóðarhag. Menn ættu ekki að temja sér að tala með lítilsvirðingu um hreppapólitík eða landshlutapólitík, því að hún á a. m. k. eins mikinn rétt á sér og pólitík stétta og flokka. Miklu auðveldara yrði að koma við prófkosningum eða skoðanakönnunum í einmenningskjördæmum en í núverandi kjördæmum með hlutfallskosningu.

Ég veit, að ýmsir óttast, að erfitt kunni að vera að skipta landinu í t. d. 60 einmenningskjördæmi, svo að miðað sé við núverandi þingmannatölu. Ég hef sjálfur gert tilraun til þess, og ég veit, að það er ekki auðvelt, svo að öllum líki. Ég er á sama máli og formaður stjórnarskrárnefndarinnar síðustu um það, að það sé of einstrengingsleg regla, að öll einmenningskjördæmi hafi næstum jafnmarga íbúa eða kjósendur. Það verður að taka tillit til staðhátta. Ef ég ætti að gefa ráð um þetta, mundi ég að líkindum stinga upp á því, eins og sakir standa, miðað við 60 þm., að núverandi uppbótarþingsætum yrði skipt milli þriggja fjölmennustu kjördæmanna, sem nú eru, og fengi Faxaflóasvæðið syðra meginhluta þeirra, og síðan yrði öllum kjördæmunum skipt eins og þingmannatala þeirra að viðbættum uppbótarsætum segir til um, enda þótt trúlega yrði vegna staðhátta að gera minni háttar undantekningar frá þessari reglu. Ég álít, eins og margir aðrir, þ. á m. nefndarformaðurinn, sem ég vitnaði til áðan, eðlilegt og sanngjarnt, að strjálbýlið hafi hlutfallslega fleiri þm. miðað við íbúafjölda en höfuðborgarsvæðið eða stærstu bæirnir. Um það úrval starfskrafta, sem á þingið kæmi, hygg ég, að fjölmennismismunur kjördæmanna hefði ekki mikil áhrif. Frambjóðandi, sem er þeim kostum búinn að geta fengið meiri hl. í 2 500 manna kjördæmi, gæti alveg eins fengið hann í 3 000 eða 3 500 manna kjördæmi, ef menn þekktu hann þar. En það, sem sízt má ske í þessu máli, er, að flokkarnir komist upp með að láta fyrir fram útreiknaðar áætlanir um flokkshagnað eða flokkstjón á næstunni ráða úrslitum í þessu máli, því að slíkt er hégóminn einber, þegar um langa framtíð er að ræða. Og sem betur fer eru allar áætlanir um þetta meira eða minna út í bláinn. En víst má telja, að svona róttæk breyting í skynsemdarátt mundi ýta fram á sjónarsvið stjórnmálanna mörgum mikilhæfum mönnum, sem nú eru innan flokka og utan og ekki kæmu að öðrum kosti við sögu fyrst um sinn.

Ég heyri sagt, að sumir forustumenn minni flokkanna telji sér skylt að vera á móti einmenningskjördæmum. Sé svo, vil ég biðja þá að hugleiða, hver muni vera ástæðan til þess, að flokkar þeirra hafa ekki styrkzt til muna við upptöku almennra hlutfallskosninga, að núverandi kjördæmaskipun er ekki sameinandi, heldur sundrandi afl, ef svo mætti að orði komast. Ég heyri sagt, að sumir mikli fyrir sér, að stærsti flokkurinn, sem nú er, fengi alla þm. í Reykjavíkurkjördæmunum. Heldur þykir mér það ólíklegt, að svo færi. En í mínum augum skipta svona spár engu máli. Setning stjórnarskrár fyrir framtíðina á að standa ofar stundarhagsmunum núverandi flokka, og það vona ég, að menn viðurkenni í þessum sal, því að flokkarnir og flokksforingjarnir okkar eru engan veginn eins slæmir og margir vilja vera láta.

En þó að flokkarnir eigi það ekki allt skilið, sem þeim er sagt til hnjóðs um þessar mundir, og þó að ég sé sjálfur í flokki, er ég því fylgjandi, sem vikið er að í tillögunni, að sett verði stjórnarskrárákvæði og síðan lög um réttindi og skyldur þingflokka. Í stjórnarskránni hefði slíkt ákvæði átt að standa alla tíð síðan flokk-

unum var þar áskilinn sérstakur réttur til þingsæta. Og ég held, að lög um þetta efni séu eðlileg, jafnvel þótt einmenningskjördæmafyrirkomulagið verði tekið upp. Það leynifélagssnið, sem ósjaldan hefur verið á flokkum hér og víðar og ýmissi starfsemi þeirra, er óheppilegt. Og það er hlálegt, að hægt sé að auglýsa flokk, þar sem í raun og veru enginn skipulagður félagsskapur er til staðar. Um margs konar félagsskap hafa verið sett lög í þessu landi, og sjálfsagt er hægt að setja lög um flokkana, án þess að mælt sé fyrir um það í stjórnarskránni, en ég tel, að taka beri til athugunar, að stjórnarskráin mæli fyrir um lagasetningu um þetta efni.

Ég vék að því áðan, að þjóðin, þ. e. almenningur í landinu, hefði yfirleitt ekki tök á því að fara með ríkisvaldið, heldur verði að velja til þess fulltrúa. Stundum hefur það þó verið talið framkvæmanlegt og eftir atvikum heppilegt að leita álits þjóðarinnar með því að láta fara fram almenna atkvgr. í landinu um tiltekin efni, sem eru þess eðlis, að hægt er að svara játandi eða neitandi spurningu um glögglega skilgreind undirstöðuatriði. Þjóðaratkv. fór fram um sambandslögin 1918, um stofnun lýðveldisins 1944, um áfengisbann tvisvar, þegnskylduvinnu og e. t. v. fleira, þótt ég minnist þess ekki nú. Hér er lagt til í 5. tölul. í tillögunni, að tekið verði til athugunar að setja í stjórnarskrána ákvæði um þjóðaratkvgr. og hvert gildi þær skuli hafa, og er þar gert ráð fyrir, að meira verði um þjóðaratkvgr. en verið hefur. Heyrt hef ég það haft á móti þessu, að við þjóðaratkvgr. erlendis hafi komið fram, að þjóðir reynist, þegar til slíks kemur, íhaldssamari en þingfulltrúar þeirra. Ég geri ráð fyrir, að þau rök kæmu til athugunar í nefndinni ásamt öðrum rökum þessa máls, en ekki sýnast mér þau nothæf í þessu sambandi. Einu ákvæðin, sem nú eru í stjórnarskránni um þjóðaratkvgr., eru í 79. gr. hennar varðandi kirkjuskipun, en undanfarið hefur verið svo mikið og oft um þjóðaratkvgr. rætt, að sjálfsagt er, að því efni sé sérstakur gaumur gefinn við endurskoðunina. Þess verður þá auðvitað að gæta, að ekki sé skylt að setja af stað samkv. stjórnarskránni svo margar og tíðar þjóðaratkvgr., að þær geri löggjafarþingið óvirkt.

Endurskoðunarnefndinni er í tillögunni, sem hér liggur fyrir, m. a. ætlað að taka sérstaklega til athugunar, hvort æskilegt sé að taka inn í stjórnarskrána ákvæði um skiptingu landsins í fylki eða aðrar nýjar samtakaheildir, er hafi sjálfstjórn í sérmálum. Tillaga um þetta mál hefur áður verið flutt sérstaklega á Alþ. Ég vil leyfa mér að minna á aðdraganda þess máls.

Á Alþingi hinu forna á Þingvöllum við Öxará var landinu skipt í fjórðunga árið 965, en þessi fjórðungaskipan er enn rík í meðvitund þjóðarinnar. Um svipað leyti og hið endurreista Alþ. fékk löggjafarvald á öldinni sem leið voru tekin upp ömt og amtsráð í landshlutum, en síðan afnumin, þegar höfuðstaðarvald byrjaði að verða virkt afl í þjóðfélaginu. Fáum árum eftir lýðveldisstofnunina, í tíð stjórnarskrárnefndanna, sem ég vék að áðan, gerðu fjórðungsþing Austfirðinga og Norðlendinga m. a. þá tillögu í stjórnarskrármálinu, að landinu skyldi skipt í nokkur stór umdæmi, sem sjálf önnuðust meðferð nánar tiltekinna mála á sínum svæðum og færu kjörnir fulltrúar og framkvæmdastjórar með þau mál í hverjum landshluta. Tillagan gerði ráð fyrir fleiri umdæmum en fjórum, og því var ekki hægt að kalla þau fjórðunga eins og fyrrum. Hvatamenn tillögunnar fyrir austan og norðan voru menn málvandir og þjóðlegir í hugsun. Þeir vildu gefa umdæmunum svipmikið nafn, sem væri helzt í senn fornt að uppruna og þó alkunnugt og munntamt. Þeir völdu orðið fylki, sem er norrænt og íslenzkt orð og var að fornu notað í Noregi, en kemur víða fyrir í íslenzkum ritum fornum. Fylki er eins og konungsheitið fylkir dregið af fólk. Ég kann vel við þetta nafn, en það skiptir ekki öllu máli. Í orðabók Menningarsjóðs er það talið sömu merkingar og hérað eða landshluti. Hins vegar er rangt að þýða orðið „state" í Bandaríkjunum með íslenzka orðinu fylki. „State" þýðir ríki, og það er a. m. k. ekki mín hugmynd, að Ísland verði ríkjasamband eins og Bandaríkin. Hins vegar vakir það fyrir mér o. fl., að í fylkjunum eða umdæmunum verði stjórnunarmiðstöðvar, sem hefðu meira vald en sveitarstjórnir hafa nú og tækju að sér hver á sínu svæði eitthvað af þeim verkefnum, sem nú eru á vegum ríkisins, og væri þá eðlilegt, að ríkissjóður fengi þeim sem því svarar af tekjum sínum. Margir eru þeirrar skoðunar, að þetta fyrirkomulag sé líklegt til að verða, ef til kæmi, áhrifamest þeirra úrræða, sem menn hafa komið auga á til að efla skapandi mátt innan landshlutanna og jafnræði milli þeirra. Í tímaritinu Gerpi, sem gefið var út á Seyðisfirði á sínum tíma, eru mjög athyglisverðar hugleiðingar um þetta mál. Þar er t. d. af skarpskyggni á það bent, að slíkar stjórnarmiðstöðvar mundu til þess fallnar að laða að sér menntaða hæfileikamenn, sem eru upprunnir í hlutaðeigandi landshlutum og hafa hlotið þar mikilsverða menntun, t. d. stúdentsmenntun, en nú sogast inn í höfuðborgina, af því að þeir fá hvergi annars staðar verkefni. Fyrir landshlutana er þarna um tilfinnanlega blóðtöku að ræða. Eftir sólarmerkjum að dæma verður þessari fylkjaskipun komið á fyrr eða síðar í einhverju formi og með einhverju nafni, en því fyrr, því betra. Vera má, að það sé hægt án stjórnarskrárbreytingar, en ég held, að eðlilegt sé, að undirstöðuákvæði um þetta séu í stjórnarskránni og svo nánari ákvæði í lögum, eftir því sem þörf gerist. Ég bið alla þá, sem vilja, að Ísland sé byggt, að athuga þetta mál með skilningi og án fordóma, og það veit ég, að nefndin muni gera, sem ætlazt er til, að skipuð verði samkv. þessari tillögu. Smæð þjóðarinnar er ekki frambærileg sem rök gegn þessu máli, því að þá er skammt í það að halda því fram, að Íslendingar geti ekki verið sjálfstæð þjóð vegna smæðar sinnar.

Þegar hér er komið, tel ég rétt að gera grein fyrir 19. tölul. þessarar tillögu, sem einhverjum kann að koma spánskt fyrir sjónir við fyrstu sýn. Við lestur sumra stjórnarskráa frá öðrum löndum hefur komið upp hjá mér sú hugmynd, að vel færi á því, að íslenzka stjórnarskráin hæfist á einhverri almennri yfirlýsingu um hornsteina þjóðfélags vors, en benda má á fordæmi um slíkt í öðrum stjórnarskrám. Mér er í því sambandi efst í huga, að slík yfirlýsing yrði um skyldur þjóðarinnar við landið, um nauðsyn landsbyggðar og eignarhald Íslendinga á náttúruauðæfum þess og föstum verðmætum. Tvö hundruð þúsund mönnum eru mikil örlög sköpuð með því að fá að vera sjálfstætt ríki svo lengi sem það lánast, og það er landinu að þakka. Það er því að þakka, að við eigum landið, þetta stóra, fagra og heilnæma land, og við eigum það, af því að við höfum byggt það. Við töpum því, ef landsbyggð eyðist. Á þessa staðreynd mætti 1. gr. stjórnarskrárinnar minna okkur um aldur og ævi eða svo lengi sem við Íslendingar setjum okkur sjálfir lög.

Þessi framsöguræða er að verða nokkuð löng, og um önnur athugunarefni, sem nefnd eru í tillögunni, verð ég því að vera fáorður, en bið hv. þm. að kynna sér það, sem í grg. er sagt um þau efni. Þar er lagt til, að fjallað verði um samninga við aðrar þjóðir, um kjörgengi, um bráðabirgðalög, um kaup og sölu ríkiseigna, um óeðlilega verðhækkun lands, um skiptingu Alþ. í deildir, um þingsetningartíma, um rétt og skyldur til vinnu, um jöfnun aðstöðu til almennrar menntunar, um varnarskyldu, um hækkun ríkisútgjalda, um mannréttindi og um stjórnlagaþing. Um sum þessara atriða er ég sjálfur enn í vafa, hvað ég ætti þar að leggja til mála, en tel þau öll þannig vaxin eða þannig til komin í sambandi við stjórnarskrárumræður, að um þau beri að fjalla í nefndinni. Það sýnist mér staðreynd, að hin gífurlega verðhækkun lands, lóða og fasteigna sé í þann veginn að verða þjóðarmein hér, en er þegar orðið það víða um heim. Manna á milli er oft um það rætt, að ýmis mikilsverð trúnaðarstörf utan þings séu ekki vel samrýmanleg þingmennsku eða þátttöku í stjórnmálabaráttu. Ég vek athygli á þessu tvennu hér, en vísa að öðru leyti til grg., eins og ég hef áður sagt.

Við Íslendingar erum mjög fámenn þjóð. Samt erum við gjarnir á að kveða upp dóma og koma þeim á framfæri um önnur ríki, einkum stórveldin, stjórnarfar þeirra og framferði, styrjaldir þeirra og vopnaskak. Við tökum jafnvel afstöðu með og móti erlendum stjórnmálaflokkum, og okkar flokkar telja til frændsemi við þá. En allt er þetta til lítils, því að svigurmæli okkar eða vinmæli verða fáum kunn og lítils metin, og við erum lítils megandi í samskiptum þjóða. En eitt er það, sem gæti gert Ísland að stórveldi. Þjóðfélag okkar gæti orðið fyrirmynd, sem athygli vekti um heim allan einmitt vegna fámennisins hér og að ýmsu öðru leyti hagstæðra skilyrða til slíks, sem hér verða ekki rakin. Ef íslenzka þjóðin gæti lært þá list að stjórna sér sjálf betur en aðrar þjóðir gera, yrði sannarlega eftir því tekið og um það rætt, og þá yrðu Íslendingar ekki lengur áhrifalítil þjóð. Ég vona, að endurskoðun stjórnarskrárinnar, sem fram mun fara fyrr eða síðar, verði áfangi á leiðinni að því marki.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að þessari umr. lokinni vísað til síðari umr. og hv. allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og til allshn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

2. Rannsókn sjóslysa.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um endurskoðun lagaákvæða um rannsókn sjóslysa [26. mál] (A. 26).

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 26 flyt ég ásamt hv. 5. þm. Reykn. og hv. 4. landsk. þm. svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta undirbúa og leggja fyrir Alþ. frv. til l. um breyting á lagaákvæðum um rannsókn sjóslysa á þann veg, að gert verði ráð fyrir, að sérstök rannsóknarnefnd annist sjóslysarannsóknir að öðru leyti en því, að sjó- og verzlunardómur á einstökum stöðum á landinu sjái um rannsókn hinna smávægilegri sjóslysa.

Nefnd þessi dragi saman allar þær upplýsingar, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, og miðli þeirri vitneskju jafnan til sjómanna, sjómannaskóla, útgerðarmanna og annarra aðila, sem málið varðar.“

Þessi till. var flutt í lok síðasta þings og gerð grein fyrir henni þá, og ég tel því ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um hana nú. Við flm. teljum, að með þeim hætti, sem nú er á um rannsókn sjóslysa, skorti verulega á, að þau mál séu tekin nægilega föstum tökum og úr

mætti bæta með því að breyta lögunum á þann veg, að eftirleiðis fari einn aðili með rannsókn allra sjóslysa.

Samkv. núgildandi lögum er rannsókn sjóslysa í höndum dómenda í hinum ýmsu sjó- og verzlunarþinghám í landinu. Hlutverk þessara dómstóla virðist í reynd fyrst og fremst vera að leiða í ljós, hvort um er að ræða saknæma óaðgæzlu við slys, en minna hirt um þau atriði, sem varðað gætu slysavarnir. Bersýnilegt er, að með því að dreifa rannsóknum sjóslysa á svo margar hendur fæst ekki sá árangur af samanburði milli einstakra slysa, samanburði á áhrifum mismunandi búnaðar skipa og mismunandi viðbragða skipshafna, sem unnt ætti að vera að fá fram, ef einn aðili, ein rannsóknarnefnd, rannsakaði öll sjóslys önnur en þau smávægilegustu, sem áfram gætu verið í höndum dómenda á viðkomandi stöðum. Þar á ég einkum við atvik, þegar nánast er um formsatriði að ræða, t. d. skýrslugerðir vegna greiðslu slysadagpeninga í sambandi við smávægileg óhöpp eða þess háttar. Þó ætti hin sérstaka rannsóknarnefnd jafnan að hafa rétt til að rannsaka nánar hvert hinna smærri slysa sem væri, ef hún teldi ástæðu til þess. Mér sýnist enginn vafi á, að með því að færa sjóslysarannsóknir á hendur eins og sama aðila, sem safnar allri reynslu á einn stað, hefur yfirlit og samanburð á öllum sjóslysum, ættu að aukast mjög líkur á, að árangur rannsóknanna gæti leitt til þess, að draga mætti úr hættu á slysum, sem verða af hliðstæðum orsökum og áður hafa legið til slysa, sem rannsökuð hafa verið.

Samkv. lögum um loftferðir eru ákvæði um rannsóknir vegna flugslysa mun strangari en ákvæði núgildandi laga um rannsóknir sjóslysa. Í lögum um loftferðir segir, að í skýrslu rannsóknarnefndar flugslysa skuli gerð grein fyrir orsök flugslyssins og auk þess till. um varúðarráðstafanir, sem gera má til þess að afstýra áframhaldandi slysum af sömu eða líkum orsökum. Til þess að von sé um, að unnt sé að gera nauðsynlegar till. um varúðarráðstafanir gegn slysum á sjó á grundvelli rannsókna á slysum, sem áður hafa orðið, teljum við flm. þessarar þáltill. nauðsynlegt, að ein sérstök rannsóknarnefnd annist rannsókn allra slysa á sjó, í stað þess að slíkar rannsóknir dreifast á hendur fjölmargra aðila, eins og nú á sér stað samkv. núgildandi lögum. Nefndin, sem hefði þetta hlutverk, mundi tryggja, að dregin væri saman öll vitneskja, sem unnt er að afla við rannsókn sjóslysa, og gæti síðan miðlað þeirri reynslu til allra þeirra, sem mestu varðar, að njóti hennar, til sjómanna og sjómannasamtaka, til skipasmiða og útgerðarmanna.

Afkoma þjóðarinnar hefur jafnan byggzt á harðri og óvæginni sjósókn og sú harða sjósókn hefur kostað mörg mannslíf og mikið eignatjón. Við megum því aldrei láta undir höfuð leggjast að gera hverjar þær ráðstafanir, sem unnt er, til að draga úr sjóslysum. Við flm. væntum þess, að þær breytingar, sem þessi till. okkar miðar að, að gerðar verði varðandi lagaákvæði um rannsókn sjóslysa, geti stuðlað að auknum slysavörnum. Ég vil geta þess að lokum, að hv. allshn. sendi till. þessa, eftir að hún hafði verið lögð fram í vor, ýmsum aðilum til umsagnar, og mér er kunnugt um, að umsögn hefur borizt frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, þar sem mælt er með því, að þessi till. verði samþ.

Ég legg svo til, herra forseti, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð. Ég vildi ekki láta málið fara í n. öðruvísi en lýsa samþykki mínu við þann anda, sem felst í þessari till., því að ég tel rétt, að hér sé um óháðan rannsóknardóm að ræða, er starfi í þeim anda, sem flm. gerði grein fyrir, en jafnframt vil ég benda á, að í 48. máli, frv. til l. um eftirlit með skipum, sem flutt er af hálfu ríkisstj., liggur fyrir í VIII. kafla ákvæði um siglingadóm og rannsókn sjóslysa. Ég er ekki ánægður með það fyrirkomulag, sem þar er gert ráð fyrir, og tel einmitt, að það eigi að fylgja eftir þessari þáltill., því að ef við lítum á 41. gr. þess frv., þá er þar fjallað um sjóslysin og segir svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Áður en saksóknari ákveður höfðun opinbers máls út af sjóslysum eða brotum á lögum þessum, skal hann jafnan leita umsagnar siglingamálastjóra."

Ég tel þetta nokkuð hæpið, vegna þess að í fyrrgreindu frv. er mjög mikið vald lagt undir hugsanlegan siglingamálastjóra eða Skipaskoðun ríkisins, en einmitt að leita umsagnar þeirra manna, sem eiga að tryggja öryggi um borð í bátunum, er hæpið, því að fyrstu viðbrögð þeirra hljóta að vera, — það er sú mannlega viðleitni, — að fría sjálfan sig. Þess vegna er nauðsyn á því, að dómstóllinn sé óháður. Auðvitað getur hann leitað til siglingamálastjóra eða Skipaskoðunar ríkisins, eins og hann leitar til annarra aðila, til að fá hið sanna og rétta í ljós. En grundvallaratriði er, að rannsóknin sé framkvæmd af þeim aðilum, sem eru alveg óháðir og leita að öllum atriðum, sem hafa orsakað sjóslysið. Þess vegna fagna ég því, að þetta skuli vera hér endurflutt og vænti þess, að það nái fram að ganga.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

3. Eignakönnun.

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var útbýtt:
Till. til þál. um eignakönnun [27. mál] (A. 27).

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. aftur tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég flyt hér ásamt hv. alþm. Jónasi Árnasyni, Karli Guðjónssyni og Steingrími Pálssyni till. til þál. um eignakönnun, og er tillgr. svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta semja og leggja fyrir Alþ. eins fljótt og auðið er frv. til l. um eignakönnun. Skal tilgangur frv. vera sá að afla sem gleggstrar vitneskju um eignaskiptingu hér á landi og sérstaklega um eignasöfnun af völdum verðbólgu og gengislækkana, svo að síðar sé unnt að nota þá vitneskju til þess að afla fjár til aukins atvinnuöryggis og tekjujöfnunar."

Till. samhljóða þessari var flutt á síðasta þingi og það snemma á þinginu, að nægur tími var til þess að afgreiða hana. Engu að síður urðu það örlög þeirrar till., að henni var vísað til n., hv. allshn. Sþ., og þar sofnaði hún svefninum langa. Ég fæ ekki skilið, hvernig á því stendur, að þessi till. fékk ekki afgreiðslu frá hv. n. Hér er ekki um að ræða mál, sem þarf neinnar sérstakrar könnunar við. Þetta mál þarf ekki að senda í ýmsar áttir til umsagnar. Það er einvörðungu um það að ræða, hvort menn vilja láta framkvæma eignakönnun eða ekki, og það hefði ekki átt að vera ofverk þessarar hv. n. að gera upp hug sinn um þetta atriði, koma með till. um afgreiðslu þessa máls og gera grein fyrir henni á rökstuddan hátt. Þetta vanrækti hv. n., því miður, og mér finnst það gerast allt of oft á Alþ., að nefndir ræki ekki þau störf, sem þær eiga að vinna.

Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt, er að sjálfsögðu ærin. Eins og efnahagsástandið er hér á landi, verða í sífellu ákaflega miklar breytingar á eignaskiptingu og raunar tekjuskiptingu í landinu. Hér reka kollsteypurnar hver aðra. T. d. hafa verið framkvæmdar fjórar gengislækkanir á einum og sama áratug, þar af tvær þær síðustu á einu ári. Jafnhliða þessu hefur verið mjög ör verðbólguþróun, og er það raunar aðeins önnur hlið á sama vandamálinu.

Þessar kollsteypur leiða í sífellu til þess, að fram fer stöðug tilfærsla á fjármunum í þjóðfélaginu. Færðar eru til upphæðir, sem hverju sinni nema milljörðum kr. Og það er alkunna, að tilteknir valdamiklir aðilar í þjóðfélaginu notfæra sér þessa vitneskju. Þeir hafa orðið af því langa reynslu, hvernig mál þróast í verðbólguþjóðfélagi, og þeir kunna að hagnýta sér það. Við það bættist, að síðasta gengislækkun var boðuð með löngum fyrirvara. Öll þjóðin vissi nokkrum mánuðum áður en gengið var lækkað, hvað til stóð. Það var meira að segja tilkynnt með opinberri stjórnaraðgerð, þegar lagður var á sérstakur gjaldeyrisskattur. Allir þeir, sem tök höfðu á, höguðu að sjálfsögðu málum sínum með tilliti til þessarar vitneskju. Það er ekki nokkur vafi á því, að einmitt þessi aðferð, sem þá var beitt, að gefa mönnum þennan langa aðdraganda, leiddi til þess, að ýmsir valdamiklir fjármálamenn í þjóðfélaginu gátu hagnazt um mjög verulegar upphæðir á gengislækkuninni.

Auk þessarar kollsteypuþróunar í þjóðfélaginu, sem allir þekkja, höfum við á þessum áratug lifað mestu velmegunarár í sögu þjóðarinnar. Á árabilinu 1962–1966 jukust útflutningstekjurnar ár frá ári. Þá nutum við í senn bæði metafla og metverðlags á erlendum mörkuðum. Það hefur verið reiknað út, að heildartekjur af útflutningsvörum okkar hafi á þessu árabili orðið 20 milljarðar umfram það, sem orðið hefði í meðalárum. Á þessu árabili var einnig tekið mikið af erlendum lánum, tekið fé að láni erlendis og flutt inn í þjóðfélagið. Á þessum árum varð mjög mikil aukning á þjóðarauði. Hæstv. viðskmrh. hefur vakið athygli á því margsinnis að undanförnu, að þjóðarauður Íslendinga hafi á þessu árabili aukizt um yfir 30 þús. millj. kr. og raunar 32 þús. millj., ef bílar eru meðtaldir. Þannig hefur meira fé streymt um þjóðfélagið á þessu árabili en nokkru sinni fyrr. Og það er mjög eðlileg krafa, að um það liggi fyrir full vitneskja, hvar þessir fjármunir hafa stöðvazt. Þessi krafa er að sjálfsögðu borin sérstaklega fram af launafólki, því að það hefur verið til þess ætlazt, að launafólk klipi af tekjum sínum til þess að rétta við fjárhag þjóðarbúsins. Meira að segja láglaunafólki í landinu, því fólki, sem lægst kaup hefur, hefur verið ætlað að gefa eftir af samningsbundnum tekjum sínum með því að fallast á skerðingu á vísitöluuppbótum. En á sama tíma og þannig er komið fram við láglaunafólk í landinu, eru engar ráðstafanir gerðar til þess að reyna að ná í þá miklu fjármuni, sem vitað er, að einstakir aðilar hafa getað dregið sér vegna sérstöðu sinnar í þjóðfélaginu og vegna vitneskju sinnar um gengislækkanir og verðbólguþróun.

Raunar væri einnig mjög fróðlegt að láta framkvæma könnun sem þessa, vegna þess að hún mundi leiða í ljós, hvernig eignaaukningu í landinu hefur verið háttað, og þar á meðal hvað fjármunamyndun hefur verið þjóðhagslega hagkvæm. Við heyrum oft tölur um það, fluttar af hæstv. ráðh., að eignamyndun hafi verið ör á þessu tímabili, t. d. í iðnaði og ýmsum slíkum greinum, en maður heyrir minna um það, að hve miklu þjóðhagslegu gagni þessi fjármunamyndun hafi komið. En við könnun

sem þessa mundi fást aukin vitneskja, einnig um þetta atriði.

Við minnum á það flm. í grg. okkar, að um efni þessarar till. liggur fyrir mjög skýr yfirlýsing frá hæstv. núv. forsrh. Í umr., sem urðu á þingi 12. des. 1966, komst hann svo að orði um hugsanlega gengislækkun, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks vil ég gefa þá afdráttarlausu yfirlýsingu, að núv. ríkisstj. kemur ekki til hugar að fella gengið. Það er að vísu rétt, að þannig getur staðið á í þjóðfélagi, að það sé nauðsynlegt að fella gengi, eins og dæmin sýna, bæði hér og annars staðar, og það er auðvitað alveg fásinna, ef ég ætlaði að segja, að aldrei kæmi til mála að fella gengi á Íslandi. Slíkt mundi ég aldrei segja, einfaldlega af því, að ég ræð því ekki. Og það mundi enginn maður trúa mér. Hitt segi ég og við það skal ég standa, að ég skal aldrei verða með gengislækkun framar, nema því aðeins að ráðstafanir verði gerðar til þess, að þeir, sem ætla sér að knýja fram gengislækkun til þess að græða á henni, fái að borga sinn brúsa fyllilega."

Þetta eru afar skýr ummæli, og ég vil vekja athygli á því, að hæstv. forsrh. segir: Ég mun aldrei verða með gengislækkun framar, nema þetta liggi fyrir. Honum er það ljóst, að hann hefur staðið sjálfur að gengislækkunum, sem hafa leitt til þess, að sérstakir aðilar hafa hagnazt stórlega á þeim. En hann lofaði því hátíðlega héðan úr ræðustól Alþ., að hann mundi aldrei standa að slíkum málum framar. Eftir þetta hefur hæstv. forsrh. staðið að því að lækka gengið tvívegis, en engar ráðstafanir hafa verið gerðar til þess, að þeir, sem græða á gengislækkun á ómaklegan hátt, fái „að borga sinn brúsa fyllilega." Engar slíkar ráðstafanir hafa verið gerðar. Ég hef rætt þetta atriði við hæstv. forsrh. nokkrum sinnum á þingi, og hann hefur komið með afar einkennilegar skýringar. Hann hefur sagt, að hann hafi átt við einhverja vissa aðila, sem unnu að gengislækkun á árinu 1965, og ég held, að það hafi meira að segja komið fram hjá honum, að hér hafi verið um einhverja framsóknarmenn að ræða. Nú má það vel vera, að einhverjir vondir menn úr Framsfl. hafi staðið að slíkum tilraunum á þessu árabili, en þetta vandamál er margfalt víðtækara, og ég hugsa, að þeir, sem hagnast á gengislækkunum, séu frekar í öðrum flokki. Og ég held, að það geti ekki verið neinn ágreiningur um það, að fyrir utan þá aðila, sem hæstv. ríkisstj. segist vilja aðstoða með gengislækkunum sínum, þ. e. útflutningsatvinnuvegina, hagnast aðilar, sem ekki leggja fram neina jákvæða þjóðfélagslega þjónustu. Þannig hagnast alls konar annarlegir verðbólgubraskarar og fjármálamenn. Og á þessum tímum tel ég það algerlega ósæmilegt, að ekki sé gerð gangskör að því að láta þessa aðila bera sínar byrðar fyllilega til jafns við aðra.

Ég held, að það sé ástæða til þess að spyrja hæstv. viðskmrh., fyrst hann er hér staddur einn ráðh. og allir vita, að hann er mikill áhrifamaður í núv. ríkisstj., hvort ekki megi vænta þess, að hæstv. ríkisstj. sýni lit á því, þrátt fyrir þá töf, sem orðin er, að standa við það loforð, sem hæstv. forsrh. gaf, þegar hann hét því, að þeir, sem högnuðust óeðlilega á gengislækkunum, fengju að borga sinn brúsa fyllilega. Ég held, að það ætti að vera nokkuð nærtækt fyrir hæstv. viðskmrh. að svara þessari spurningu, vegna þess að hann heyrir til flokki, sem kennir nafn sitt við íslenzka alþýðu, sem ég veit, að ætlast til þess, að þannig verði að verki staðið.

Ég vil leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til hv. allshn., og ég vil vænta þess, að hún sinni þessu máli af ögn meiri myndarskap nú en í fyrra.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 11. fundi í Sþ., 6. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 43 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndaráliti frá minni og meiri hl. allshn., á þskj. 264 og 476, var útbýtt 26. jan. og 6. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

4. Leit að bræðslufiski.

Á 4. fundi í Sþ., 20. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um leit að bræðslufiski [36. mál] (A. 36).

Á 6., 8., 10., 12., 13. og 16. fundi í Sþ., 22. og 29. okt., 5., 12., 18. og 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Flm. þessarar þáltill., sem hér er til umr., eru átta þm. Framsfl. úr öllum kjördæmum landsins. Þessi till., eða till. um sama efni, sem var flutt á síðasta þingi, seint á þinginu, komst til n., en fékk ekki afgreiðslu að öðru leyti. Hún er nú endurflutt hér með litlum breytingum, raunar aðallega að formi til. Í fyrra lögðum við til, að skipuð yrði sérstök nefnd til að annast þau atriði, sem till. fjallar um, en núna leggjum við til, að ríkisstj. sé falið að láta gera þessa athugun og eins og vikið er að í grg., þá að sjálfsögðu í samráði við Hafrannsóknastofnunina. Tillgr. er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta hefja

að loknum nauðsynlegum undirbúningi skipulega leit, rannsókn og veiðarfæratilraunir í því skyni að auka veiðar á bræðslufiski og gera þær veiðar fjölþættari. Athugun á þessu verði einkum beint að loðnu, spærlingi, sandsíli og kolmunna."

Ég sagði áðan, að þessi till. hefði ekki náð afgreiðslu á síðasta þingi, enda flutt seint á þinginu. Aftur á móti var á síðasta þingi flutt önnur till. um hliðstætt efni, en takmarkaðra, þ. e. um leit og rannsóknir varðandi loðnu. Sú till. fékk ákaflega góðar undirtektir. Hún komst að vísu nokkuð seint til n., en n. afgreiddi hana samhljóða, og hún var einnig samþ. shlj. í hv. þingi ásamt viðauka um heimild fyrir ríkisstj. að taka skip á leigu í allt að 6 mánuði umfram það, sem ákveðið hafði verið þá þegar í fjárlögum, til þess að annast þessa leit. Mér finnst þessi skjóta afgreiðsla þingsins á þessari till. sýna það, að á hv. Alþ. er mikill skilningur á þessum málum.

Ég vil fara örfáum orðum um efni þessarar till., sem hér liggur nú fyrir. Ég vil fyrst drepa á það, hversu gengið hefur til með síldveiðar Íslendinga. Það hafa komið mörg síldveiðitímabil, jafnvel á því skeiði, sem við allir munum, og hroturnar hafa oft verið ákaflega skarpar. Menn hafa brugðizt myndarlega við, eftir því sem geta var til hverju sinni. Síldarverksmiðjur hafa verið byggðar þar á landinu, sem mest barst að af síldinni þá og þá. Þetta gerðist hér sunnanlands, þetta gerðist norðanlands og í síðustu og stærstu hrotunni í mjög stórum mæli á Austfjörðum. Einnig öfluðu Íslendingar sér, og ekki sízt í síðustu hrotunni, stórra og vel búinna veiðiskipa til þess að stunda þessar veiðar og afköst þeirra voru, á meðan bezt gekk, mjög mikil. Sú hefur alltaf orðið raunin á, að síldveiði í þessum mæli, síldarmokið, hefur staðið stutt hverju sinni og sú varð einnig raunin núna síðast. Og þá blasir það við, að við eigum stóran flota skipa, sem er mjög vel til þess fallinn að veiða bræðslufisk, veiða mikið, afkasta miklu, og við eigum mjög margar síldarverksmiðjur, sem nú hafa ákaflega lítil verkefni. Síðustu upplýsingar, sem ég hef séð um það mál, gefa til kynna, að afköst síldarverksmiðjanna samtals á öllu landinu séu hvorki meira né minna en um 20 þús. lestir á sólarhring. Og það gefur bendingu um, hversu gífurleg afkastageta þetta er, að loðnuvertíðin í fyrra, sem var hin bezta, hefur gefið fyrir allt síldarverksmiðjukerfið ekki nema um 10 daga verkefni. Og þegar mest veiddist af síldinni, var það, sem fór í bræðslu, ekki nema eins til tveggja mánaða viðfangsefni fyrir síldarverksmiðjurnar í heild.

Nú er það að vísu svo, að verð á vinnsluvörum verksmiðjanna hefur verið mjög breytilegt eins og skiljanlegt er, þegar þess er gætt, hve miklar sveiflur eru í framleiðslu þessara vörutegunda, bæði hér og annars staðar. En þrátt fyrir það fer ekkert á milli mála, að síldarverksmiðjurnar hafa skilað mjög verðmætri útflutningsvöru og framlag þeirra til þjóðarbúsins hefur verið mjög þýðingarmikið. Nú virðist það næsta eðlilegt, að þegar síldveiði hefur þorrið um sinn, þá leiti menn annarra úrræða um hráefnisöflun, gefi því gætur, hvort ekki sé unnt með einhverjum hætti að nýta hina miklu afkastagetu þessara stórvirku framleiðslutækja. Á ég fyrst og fremst við verksmiðjurnar, en raunar einnig við skipaflotann, sem, eins og ég sagði áðan, er mjög vel til þess fallinn að nýta hann að hluta til þess að veiða bræðslufisk. Og þá er þess að minnast, að fróðir menn telja, að til séu í hafinu hér umhverfis landið eða nálægt landinu eigi færri en fjórir fiskistofnar aðrir en síldin, sem vel getur komið til mála að nýta sem hráefni fyrir síldarverksmiðjurnar. Ég skal ekki eyða löngu máli í að rekja skoðanir fiskifræðinga um þetta efni. En í þeim örfáu orðum, sem ég segi um það, styðst ég við grein, sem Jakob Jakobsson fiskifræðingur birti í 3. hefti Ægis á þessu ári. Hann fer ekkert dult með það, að hann telur, að við þá fjóra fiskistofna, sem hann þar nefnir, séu mjög miklar vonir bundnar, þó að hins vegar hljóti að kosta töluverðar athuganir, leit og veiðarfæratilraunir, ef auðið á að verða að nýta þá.

Fyrst skal ég nefna loðnuna. Hún hefur verið nokkuð veidd. Hún er eiginlega í sérflokki hvað þessa fjóra stofna snertir að því leyti, að hún hefur þegar verið veidd töluvert hér við land. Í fyrstu voru þær veiðar með ákaflega frumstæðum hætti og í mjög smáum stíl. Hún var þá eingöngu veidd til beitu og aðallega á Austurlandi eða við suðausturströndina. Síðan fóru þær veiðar mjög vaxandi og loðna til beitu hafði um tíma mjög mikla þýðingu fyrir línuvertíðina við Suðausturland. Hins vegar eru liðin allmörg ár síðan tekið var að veiða loðnu í stærra mæli og þá til bræðslu. Og svo að ég fari fljótt yfir sögu, þá var loðnuvertíðin í fyrra sú gjöfulasta, sem orðið hefur hér við land, en þá veiddust um 170 þús. tonn, sem gáfu, að mig minnir, eitthvað um 350 millj. kr. í erlendum gjaldeyri. Nú er það álit fiskifræðinga, að í mörgum tilfellum eigi að vera hægt að lengja loðnuvertíðina. Loðnan hefur sitt heimkynni norður í höfum og það er algengast, að hún komi upp að suðausturströnd landsins og veiðist fyrst þar, en hugsanlegt er, að með því að fylgjast með göngum hennar megi byrja að veiða hana norðar. Hún kemur stundum upp að Norðausturlandi og jafnvel þó að hún ekki kæmi alveg upp undir land, þá ætti að mega veiða hana úti fyrir. Þessi skoðun fékk byr síðast í fyrravetur, en þá var nokkuð mikið magn af loðnu úti fyrir Austfjörðum og að því er talið var í veiðanlegu ástandi og við veiðanleg skilyrði vegna veðurs á þeim tíma, sem verkfallið stóð yfir. Það er sem sagt álitið, að lengja megi veiðitímann á þennan hátt, með því að fylgjast með göngum loðnunnar að landinu, þegar hún kemur til þess að hrygna, en einnig, að hugsanlegt sé að veiða loðnuna að sumrinu fyrir norðan land og þá dýpra úti, því að þar hafa síldarleitarskip orðið vör við mikið magn af loðnu oftar en einu sinni. Í sumar var töluvert leitað að þessum fiski, en sú leit

bar minni árangur en menn höfðu vonazt eftir. Í raun og veru segir það þó ákaflega lítið um málið í heild, m. a. vegna þess, að loðnan er mjög skammlífur fiskur. Hún hrygnir aðeins einu sinni og deyr síðan og þegar þess er einnig gætt, að þroskaaldur hennar er mjög misjafn, hún getur orðið kynþroska tveggja ára og einnig fjögurra ára, og að þroskinn er háður skilyrðunum í sjónum hverju sinni, þá er það auðvitað augljóst, að búast má við mjög breytilegum árangri af loðnuveiðum hér við land og það er ekki á vísan að róa með hana og sízt að sumrinu, þó að það geti verið um svo mikla möguleika að ræða einnig þá, að skylt sé að okkar dómi, flm. þessarar till., að gefa þeim möguleikum einnig sérstakar gætur. Við álítum því, að þrátt fyrir lítinn árangur af loðnuleitinni í sumar, þurfi enn að efla rannsóknir á þeim fiskistofni og leitast við að fylgjast vel með göngum hans, ef auðið kynni að verða að einhverju leyti a. m. k. að leiðbeina við veiðar á henni líkt og gert var á sínum tíma, þegar síðasta síldveiðihrotan hófst. En enginn vafi er á því, að síldarleitin átti þar stóran hlut að.

Hinir þrír fiskistofnarnir, sem nefndir eru í grein Jakobs Jakobssonar, hafa miklu minna og sumir ekkert verið veiddir hér við land. Hann nefnir spærlinginn. Í sumar voru gerðar tilraunir. Einn bátur frá Vestmannaeyjum gerði tilraunir með slíkar veiðar, og þær gáfu góðan árangur og studdu álit fiskifræðinga um það, að þessi fiskur sé veiðanlegur hér við land. Spærlingurinn er í hlýja sjónum sunnan við landið gagnstætt loðnunni, sem er kaldsjávarfiskur. Hann leggur leið sína einkum upp að landinu sunnan- og suðvestanverðu. Ég skal ekki fara langt út í það, en hans hefur oft orðið vart hér við land. Spærlingurinn hefur verið veiddur t. d. á Norðursjávarsvæðinu í töluverðum mæli. Það er álitið, að ef spærlingsveiðar ættu að verða stundaðar að marki hér við land, þyrfti að gera töluverðar veiðarfæratilraunir. Hann hefur verið veiddur í ýmis veiðarfæri ytra, hringnót og vörpur, bæði flotvörpur og botnvörpur, og er eðlilegt, að það þurfi að reyna að átta sig á því, hvernig bezt hentar að standa að þeim veiðum hér við land, auk þess sem betur þarf að fylgjast með göngum þessa fisks.

Í þriðja lagi er svo nefnt til sandsílið. Lífnaðarhættir þess eru ólíkir háttum loðnu og spærlings að því leyti, að það er grunnsjávarfiskur og það er heldur ekki bundið við ákveðna landshluta, eins og þær fisktegundir, heldur hefur þess orðið vart víðs vegar í kringum landið. Svo til engar rannsóknir hafa verið gerðar á þeim fiskistofni, en það er álit Jakobs, að einnig það sé veiðanlegt að verulegu marki. Og hann bendir á, að það gæti gefið aukna fjölbreytni í veiðar á bræðslufiski, því að til veiða á sandsíli hentuðu smærri skip en til veiða á hinum tveimur tegundunum, sem ég nefndi áðan, og það er finnanlegt víðs vegar við landið.

Að síðustu skal svo nefndur til kolmunninn. Þetta er fremur smávaxinn fiskur. Úthafsfiskur er hann. Stærðin á honum mun vera 30—40 sm og sagt er, að hann hrygni um eða utan við landgrunnsbrúnir Norðvestur-Evrópu, og hefur til skamms tíma verið haldið, að hann héldi sig svo til eingöngu í hlýjum sjó. En hann hefur alveg afsannað þessa kenningu. Hans hefur orðið vart þráfaldlega og stundum í mjög stórum mæli á síldveiðisvæðunum fyrir austan land, og það hefur komið fyrir, að hann hefur beinlínis gengið inn í kalda sjóinn. Þessi fiskur hefur aldrei verið nýttur hér, og lífnaðarhættir hans eru lítt rannsakaðir. En það er staðreynd, að magnið er oft mikið og hugsanlegt er, að einnig hann gefi töluvert mikla möguleika.

Þessi örfáu atriði, sem ég hef hérna greint varðandi þessa fjóra fiskistofna, gefa það alveg tvímælalaust til kynna, hvað hér gæti verið um mikla og fjölbreytta möguleika að ræða. Og þegar ég segi fjölbreytta, þá á ég alveg sérstaklega við það, að líklegt er, að þessa fiskistofna megi veiða bæði á mjög mismunandi árstímum og einnig á ýmsum veiðisvæðum. Hér er þá líka, eins og af sjálfu leiðir, um mjög yfirgripsmikið verkefni að ræða, ekki einasta í fiskileit, heldur margs konar rannsóknarstarfsemi og svo veiðarfæratilraunum. Ég legg áherzlu á það, sem ég ætla, að hv. þm. sé að vísu ljóst, að leitin að loðnu í ár og þær tilraunir, sem gerðar voru með spærlingsveiðina, geta aldrei verið annað en örlítil byrjun á mjög umfangsmiklu verkefni, sem ekki verður hægt að sinna nægilega nema með töluvert miklum undirbúningi og skipulagningu.

Það er almennt viðurkennt, a. m. k. í orði, að það sé mjög nauðsynlegt fyrir okkur Íslendinga að efla raunvísindastarfsemi í þágu okkar atvinnuvega. Það var komið inn á þetta á mjög myndarlegan hátt síðast í gær í erindi, sem flutt var í Háskólanum í tilefni dagsins. Það eru vissulega víða ákaflega opin skörð í þann varnarvegg, sem þekking og tækni ættu að vera okkar atvinnuvegum og þar með fyrir okkar afkomu. Mér er ákaflega ofarlega í huga í því sambandi, þó að það sé ekki skylt mál þessu, hversu lítið er vitað um túngróður okkar, og þau gífurlegu áföll, sem bændastétt landsins hefur orðið fyrir af völdum kals í túnum. Og mér virðist, að stjórnarvöld hafi ekki verið nægilega vakandi t. d. í því máli. Það er fyrst í ár, eftir að margir bændur í stórum landshlutum hafa verið svo til graslausir árum saman, að sett er upp sérstök athugun í þessu sambandi. En þetta er allt önnur saga. En hvar sem eitthvað er af alvöru fengizt við vísindastarfsemi í þágu atvinnuveganna, eins og t. d. rannsóknir vegna sjávarútvegsins, kemur það óðar í ljós, hversu þýðingarmikil þau störf eru.

Þótt undarlegt megi virðast, þá sýnist mér vera nokkur tilhneiging til þess að draga úr vissum þáttum í starfsemi Hafrannsóknastofnunarinnar um leið og aðrir þættir starfsins eflast. Þannig virðist nú t. d. fyrirhugað að leggja leitarskipinu Hafþóri, þegar hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson kemur til nota. Ég hefði haldið, að hlutverk Bjarna Sæmundssonar væri fyrst og fremst áformað á öðru

sviði en til beinnar fiskileitar, og finnst mér því mjög misráðið að leggja Hafþóri. Það hefur töluvert verið kostað til Hafþórs, hann hefur verið útbúinn með ýmsum tækjum og búnaði, sem hentar til þess hlutverks, sem hann hefur haft, og ég held, að það sé ekki á rökum reist, að hafrannsóknaskipið Bjarni Sæmundsson geti komið inn í það hlutverk. Það hefur stungið í augu á fjárlögum síðustu tveggja ára og svo á fjárlagafrv. núna, hverjar breytingar hafa orðið á tiltekinni fjárveitingu til þessara mála, þar sem gjaldaliður heitir: Til fiskileitar og veiðarfæratilrauna. Ég held, að sú fjárhæð hafi fyrst og fremst verið ætluð til veiðarfæratilrauna. En í fjárlögum 1968 er þessi upphæð 4.3 millj., 1969 2.3 millj. og núna í fjárlagafrv. er þessi upphæð 775 þús. kr. Þegar menn hugleiða, hvert verð liggur nú í öllum veiðarfærum, þá er það augljóst mál, að eftir að fjárveiting til veiðarfæratilrauna er komin niður fyrir milljón, þá er nánast ekkert hægt að gera nýtt á því sviði. Þetta sýnist vera alveg fráleitt, og ég vil leggja áherzlu á það, að þetta er í algeru ósamræmi við þann vilja, sem fram kom hjá Alþ. í fyrra við afgreiðslu á till. um að fylgjast með loðnugöngunum, því að sú afgreiðsla var mjög afgerandi. Hún var einróma um að efla þessa leit, og í henni fólst heimild til þess að taka skip á leigu í 6 mánuði, það ætla ég að jafngildi heimild um aukin útgjöld upp á nál. 6 millj. Það er vissulega ekkert venjulegt, að samþykktar séu slíkar tillögur frá stjórnarandstöðunni. Nei, mér virðist það, sem þarna er að gerast, þó að — ég legg áherzlu á það — þó að aðrir þættir séu efldir, — ekki í samræmi við þann þingvilja, sem fram kom í vor.

Flm. þessarar till. líta svo á, að um leið og starfsemi haf- og fiskirannsókna eru efldar almennt, þá sé nauðsynlegt að fara inn á þau svið, sem þessi till. fjallar sérstaklega um, miklu meira en nú hefur verið gert. Ég vil aðeins árétta það, sem ég þegar hef tekið fram: 1) Sérfræðingar telja, að hér geti verið um mikla möguleika að ræða. 2) Við eigum mjög hentugan skipastól, sem eðlilegt væri að nýta til aukinna veiða á bræðslufiski. 3) Afkastageta síldarverksmiðjanna er gífurleg og ónotuð að mestu. 4) Vissulega hefur þjóðin næg not fyrir þann erlenda gjaldeyri, sem hún kynni að fá til viðbótar, ef menn sneru sér að þessum málum af alvöru.

Með hliðsjón af þeim ágætu viðtökum, sem till. um loðnuleitina fékk í fyrra, vildum við nú mega vænta þess, að einnig þessi till. fái góðar undirtektir hér á hv. Alþ. Till. um þetta efni mun hafa verið vísað til hv. fjvn. og ég vil, herra forseti, leggja til, að svo verði einnig gert um þessa till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og til fjvn. með 32 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

5. Lækkun tolla á vélum til iðnaðarins.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um lækkun tolla á efnum og vélum til iðnaðarins [40. mál] (A. 40).

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 12. fundi í Sþ., 5. og 12. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, að Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að láta nú þegar endurskoða tollalög með það fyrir augum, að innflutningstollar á efnum og vélum til iðnaðarins verði hinir sömu og nú eru á efnum og vélum til fiskveiða. Ríkisstj. skal strax og þessari endurskoðun er lokið leggja fyrir Alþ. frv. um breytingar á tollalögunum í samræmi við hana.

Það er óþarft að rekja í löngu máli, hvert er tilefni þessarar till. Það er kunnara en frá þurfi að segja, að allar þjóðir keppa nú að því að auka fjölbreytni atvinnuvega sinna og renna þannig fleiri stoðum undir afkomu sína, og þá er hér fyrst og fremst um að ræða aukningu á margvíslegum iðnaði eftir því sem aðstæður leyfa á hverjum stað. Hinir gömlu atvinnuvegir eins og landbúnaður og fiskveiðar, námuvinnsla og aðrar atvinnugreinar, sem byggðust aðallega á öflun hráefna, dragast nú óðum saman, vegna þess að ný tækni og ný vinnubrögð valda því, að ekki þarf eins margt starfsfólk við þessar atvinnugreinar og áður. Hins vegar fjölgar fólkinu og þess vegna verður það vandamál, að tryggja öllum næga atvinnu, ekki leyst á annan veg en þann, að nýjar atvinnugreinar komi til sögunnar. Þessi hefur orðið þróunin annars staðar, og hún er að sjálfsögðu fyrir hendi hér á landi ekki síður. Þó að sjávarútvegur og landbúnaður, okkar gömlu atvinnuvegir, starfi með eðlilegum hætti á komandi árum, þá eru ekki neinar líkur til þess, að þeir nægi til að tryggja þjóðinni næga atvinnu og sæmilega lífsafkomu. Þess vegna er okkur óhjákvæmileg nauðsyn eins og öðrum þjóðum að renna fleiri stoðum undir okkar afkomu með því að efla hér sem fjölbreyttastan iðnað. Og þó að aðstaða okkar sé að sumu leyti örðugri í þessum efnum en ýmissa annarra þjóða, getum við bætt það upp með öðrum

hætti, og iðnaður á því að geta þrifizt eigi síður hér á landi en annars staðar. Í þessari till. er vikið að einu atriði, sem áreiðanlega mundi styrkja verulega aðstöðu iðnaðarins frá því, sem nú er, ef það væri leyst á þann veg, sem gert er ráð fyrir í till.

Á efnum og vélum til iðnaðar hvíla nú allháir tollar, t. d. á vélum til fiskiðnaðarins. Á þeim er 10—15% tollur, og á vélum til annars iðnaðar er yfirleitt 25% tollur eða jafnvel hærri, og tollar á ýmsum efnum til iðnaðarins eru enn hærri en þetta, í sumum tilfellum margfalt hærri. Það liggur í augum uppi og þó sérstaklega eftir þær breytingar, sem orðið hafa á skráningu íslenzkrar krónu, að hér er um mjög tilfinnanlegan skatt að ræða fyrir iðnaðinn, einkum þær iðngreinar, sem standa í verulegri uppbyggingu. Með því að fella þessa tolla niður væri uppbygging iðnaðarins verulega styrkt og framleiðslan jafnframt gerð ódýrari með því að lækka einnig tollana á efninu.

Við, sem flytjum þessa till., teljum eðlilegt, að iðnaðurinn sitji við sama borð og fiskveiðarnar í þessum efnum, hér sé um atvinnuvegi að ræða, sem álika mikil nauðsyn sé á að styrkja og efla, og þess vegna eigi ekki að gera þarna neitt upp á milli. En í sambandi við fiskveiðarnar hagar nú þannig til, að af bátum og vélum til fiskveiða er ekki greiddur neinn tollur, en af veiðarfærum og efnum til fiskveiða er greiddur 4% tollur. Það er okkar álit, að færa eigi tollinn á efnum og vélum til iðnaðarins í þetta sama horf. Telja má nokkurn veginn víst, að ef það fengist fram, mundi það verða a. m. k. í mjög mörgum tilfellum veruleg lyftistöng fyrir iðnaðinn. Ég vil nefna í þessu sambandi, að nú er mjög rætt um það, að Ísland gerist aðili að EFTA, fríverzlunarbandalagi Evrópu, og raunar mun það vera ákveðið af hæstv. ríkisstj., að af inngöngunni verði. En ef af inngöngunni verður, er enn þá óhjákvæmilegra en ella að gera þá ráðstöfun, sem þessi till. fjallar um. Samkvæmt þeim samningi, sem ríkisstj. hefur undirbúið við Efnahagsbandalagið, er gert ráð fyrir, að iðnaðurinn fái ekki nema 10 ára aðlögunartíma, sem að mínum dómi er allt of stuttur. Það, að aðlögunartíminn er svona stuttur, gerir það enn þá meira aðkallandi en ella, að reynt sé á allan hátt að skapa þeim iðnaði, sem á hér aukna samkeppni fyrir höndum, sem bezta aðstöðu, svo að hann sé sem bezt undir það búinn að standast þá samkeppni, sem hann á fyrir höndum, bæði inn á við og út á við. Og það má m. a. gera með þeim hætti, sem þessi till. fjallar um. Ég vil benda á það í þessu sambandi, að væntanlegir keppinautar í EFTA-löndunum þurfa yfirleitt ekki að greiða slíka tolla sem hér um ræðir, tolla af hráefnum og tolla af vélum. Það má taka sem dæmi, að norskt fyrirtæki, sem kaupir vélar eða hráefni í Englandi, þarf enga tolla að greiða, og ég hygg, að sama gildi raunar um öll lönd utan við EFTA-svæðið, en eins og ástatt er hér í dag, þarf íslenzkur iðnaður að greiða 25% tolla eða meira af vélum, sem hann þarf til starfrækslu sinnar og í flestum tilfellum enn þá meira af efninu. Ég ætla ekki að ræða það hér, en ég held, að það liggi í augum uppi, að ef úr aðild að EFTA verður, er óhjákvæmilegt að gera margháttaðar ráðstafanir til að styrkja iðnaðinn í þeirri samkeppni, sem hann á fyrir höndum, og ein af þeim ráðstöfunum, sem að mínum dómi er alveg óhjákvæmileg, er sú, að þeir tollar, sem rætt er um í þessari till., verði felldir niður strax, en ekki í áföngum. Það sé það minnsta í þessum efnum, sem iðnaðurinn þurfi á að halda til að standast þá samkeppni, sem aðild að EFTA mun hafa í för með sér, bæði sá iðnaður, sem keppir á heimamarkaði, og eins sá iðnaður, sem stundar útflutning.

Ég vil vænta þess, að þetta nýja viðhorf verði til þess, að þessi till. fái nú betri undirtektir en á undanförnum þingum. Hún hefur verið flutt tvívegis áður og dagað þá uppi, þrátt fyrir það, að hún hafi í bæði skiptin hlotið mjög eindreginn stuðning frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Félagi ísl. iðnrekenda, en sú n., sem hefur fengið þetta mál til meðferðar, hefur leitað álits þessara aðila um þetta efni. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri að sinni. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og málinu vísað til allshn.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 31 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 44. og 45. fundi í Sþ., 10. og 15. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr. (A. 40, n. 398).

Forseti tók málið af dagskrá, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

6. Rekstrarlán iðnfyrirtækja.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var útbýtt:

Till. til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja [42. mál] (A. 42).

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 12. fundi í Sþ., 5. og 12. nóv., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Efni þessarar till. er, að Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum nú þegar sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Rekstrarlán til þeirra fyrirtækja, sem sett geta viðunandi tryggingu, verði veitt í samræmi við þær lágmarksreglur, sem nú skal greina:

a. Fyrirtækin fái víxlasöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra.

b. Auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum (hlaupareikningsyfirdrátt), er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis.

Að því er varðar báða ofangreinda liði, skal miðað við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár.

Í grg. till. er rakin nokkuð forsaga þessarar till. Hún er í stuttu máli sú, að haustið 1968 ákvað borgarstjórn Reykjavíkur að skipa sérstaka atvinnumálanefnd. Verkefni þessarar nefndar skyldi vera að fylgjast með atvinnumálum borgarinnar og gera tillögur um ráðstafanir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi. Nefndin hóf störf nokkru síðar og skilaði tillögum um ýmsar ráðstafanir til atvinnuaukningar nokkru fyrir síðustu áramót. Meðal þeirra mála, sem nefndin tók sérstaklega til meðferðar, voru rekstrarlán iðnaðarins og um það efni skilaði nefndin mjög ítarlegum tillögum. En meginatriði þeirrar till. til þál., sem hér liggur fyrir, er byggð á þessum tillögum atvinnumálanefndar Reykjavíkurborgar. Það kom fram í áliti nefndarinnar, að stór hluti verksmiðjuiðnaðarins ætti við mikla rekstrarfjárörðugleika að stríða, og væru horfur á, að hann drægist enn meira saman en orðið væri, ef ekki raknaði eitthvað úr um rekstrarfjármöguleika hans. Nefndin benti sérstaklega á það, að vegna gengisfellinganna hefði rekstrarlánaþörf iðnaðarins mjög aukizt og engar sérstakar ráðstafanir verið gerðar til að mæta þeirri auknu þörf. Þá lagði nefndin alveg sérstaka áherzlu á það, að iðnfyrirtækin fengju það, sem hún kallaði föst lán, þannig að þau gætu gengið nokkurn veginn að föstum kvóta hjá viðskiptabönkum sínum, eftir ákveðnum reglum, en það þýddi ekki neitt handahóf í þessum efnum. Slíkt fyrirkomulag taldi nefndin að mundi mjög draga úr þeirri óvissu, sem iðnaðurinn ætti við að stríða í þessum efnum, og mundi verða til að styrkja aðstöðu hans verulega. Það skal viðurkennt, að síðan þetta nál. birtist, hefur verið gert nokkuð í þá átt að auka rekstrarlán til iðnaðarins, en þó hefur enn verið allt of skammt gengið. Hin auknu rekstrarlán, sem iðnaðurinn hefur fengið á þessu ári, eru langflest stutt bráðabirgðalán, en tryggingu fyrir föstum rekstrarlánum hefur iðnaðurinn ekki fengið. Þess vegna er það, að við, sem stöndum að þessari till., teljum nauðsynlegt að gera þetta mál að þingmáli og leggja til grundvallar þær tillögur, sem atvinnumálanefnd Reykjavíkurborgar gerði haustið 1968. Við teljum, og það er líka mat iðnaðarmanna, sem ég hef rætt við, að með því að fá tryggingu fyrir föstum lánum eins og till. gerir ráð fyrir, sé rekstrinum skapað aukið öryggi, en það skal hins vegar tekið fram, að við flm. lítum á þetta sem algert lágmark og að gera þurfi miklu víðtækari ráðstafanir í þessum efnum og tryggja rekstrarlánamöguleika iðnaðarins enn betur en gert er ráð fyrir í till. Ég hef á undanförnum árum flutt till. hér á Alþ., sem hefur gengið í þessa átt, ásamt fleiri hv. þm., en hún hefur ekki fengið nægilegar undirtektir og þess vegna er það, sem þessi till. er flutt, þó að hún gangi skemmra, í þeirri von, að hún nái þá frekar samþykki þingmeirihluta. Síðan þessi till. var flutt hefur það gerzt, að ríkisstj. hefur gengið frá samkomulagi við EFTA og virðist staðráðin í því, að Ísland gangi í þetta bandalag. Það mun að sjálfsögðu þýða stóraukna samkeppni við erlendan iðnað, sérstaklega á innlendum vettvangi, og gerir þörf iðnaðarins fyrir föst rekstrarlán brýnni en ella. Það má telja nokkurn veginn víst, að þau erlendu auðfyrirtæki, sem munu selja hingað vörur í vaxandi mæli á næstu misserum og árum vegna aðildar Íslands að EFTA, geta veitt kaupendunum svo og svo langan lánsfrest. Ef íslenzkur iðnaður getur ekki veitt sams konar frest eða sams konar lán, þá verður það til þess, sennilega í langflestum tilfellum, að þeir kaupmenn, sem verzla með þessar vörur, kjósa erlendu vörurnar fremur, m. a. af þeirri eðlilegu ástæðu, að þeir búa við lánsfjárskort og verða þess vegna að nota sér þennan möguleika. Aðildin að EFTA, ef úr henni verður, gerir það óhjákvæmilegt, að gengið verði enn þá lengra til móts við þarfir iðnaðarins en gert er í þessari till. og á það vildi ég leggja sérstaka áherzlu við þá n., sem fær þetta mál til meðferðar.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þessa till. að sinni, en leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var enn fram haldið einni umr. um till. (A. 42, n. 371 og 406).

Frsm. meiri hl. (Bragi Sigurjónsson): Herra forseti. Till. þessi til þál. um rekstrarlán iðnfyrirtækja lá í líku formi fyrir allshn. í fyrra og síðan eins nú, og varð allshn. ekki sammála um afgreiðslu till. Meiri hl. allshn. leggur til, að till. sé afgreidd með rökst. dagskrá svo hljóðandi:

„Þar sem vitað er, að öll mál iðnaðarins, þar

á meðal lánamál hans, eru í gagngerri athugun hjá ríkisvaldinu, og vel má vera, að sú athugun leiði til hagfelldari lánafyrirgreiðslu en í till. þessari felst, telur Alþ. ekki tímabært að samþykkja bindandi úrlausnir varðandi rekstrarlán iðnfyrirtækja, og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Frsm. minni hl. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Till. í þessa stefnu hefur áður verið flutt hér á hv. Alþ. og það oftar en einu sinni. Hv. 4. þm. Reykv. hefur haft forustu um þann tillöguflutning, en með honum hafa verið flm. margir aðrir þm. Framsfl. Ég held, að í allshn. hafi í raun og veru ekki verið ágreiningur um það, að þörf væri á því að bæta úr rekstrarfjárskorti iðnaðarins. En eins og fram kemur í frávísunartill. meiri hl., leggur meiri hl. til að vísa till. frá með því fororði, að þessi mál séu öll í skoðun hjá hæstv. ríkisstj. Sannleikurinn er sá, að minni hl. allshn. er frekar tortrygginn á þá skoðun. Við erum ekki búnir að gleyma því, hvernig komið var fyrir iðnaðinum fyrir nokkrum árum, við erum ekki búnir að bíta úr nálinni með það enn. Við erum ekki búnir að gleyma því, hvernig þetta mál og önnur hliðstæð hafa verið svæfð á undanförnum þingum og þannig staðið að málefnum iðnaðarins á ýmsan hátt, að hann var kominn í hinar mestu þrengingar. Ég ætla ekki að fara að tefja neitt tíma hv. Alþ. nú með því að rifja það upp, en vissulega væri hægt að vitna í mörg ummæli skjalfest og prentuð frá forvígismönnum iðnaðarins þessari fullyrðingu minni til staðfestingar. Og satt að segja óttumst við, að brugðizt verði of seint við og á ófullnægjandi hátt um úrlausnir á þeim vanda, sem þessi till. fjallar um. Flm. taka það fram í sinni grg., og við erum alveg sammála um það, minni hl. í allshn., að hér er ekki um neinar endanlegar aðgerðir að ræða í þessu efni. En við teljum, minni hl. n., eins og flm., að ef í þær væri ráðizt, mundu þær þó greiða stórlega fyrir og alveg sérstaklega, ef þær væru framkvæmdar strax. Við teljum alveg tvímælalaust, að það sé margþætt nauðsyn á skjótum aðgerðum í þessum efnum. Það ætti að vera ástæðulaust við þetta tækifæri að minna á atvinnuleysið. Menn vita vel, hvernig það hefur þróazt hér, blossað upp á ný eftir margra ára hlé. Það er óviðunandi ástand, ekki sízt í litlu þjóðfélagi eins og á Íslandi, að hafa þar viðvarandi atvinnuleysi og líða það, liggur mér við að segja. Það er varla hægt að hugsa sér meiri sóun verðmæta heldur en það að láta svo og svo stóran hluta af vinnandi fólki ganga verkefnalaust. Og það kerfi, sem hér var komið á, atvinnuleysistryggingarnar, sýnir berlega í framkvæmd, að það er stórgallað, og það kerfi réttlætir ekki atvinnuleysið í okkar þjóðfélagi misserum saman. Ísland hefur nú gerzt aðili að EFTA, og þeir atburðir gera þá nauðsyn enn brýnni en áður, að sjá iðnaðinum fyrir viðunandi rekstraraðstöðu og nægilegu rekstrarfé. Hann bjó við erfiðleika fyrir. Væntanlega mætir hann nú á næstunni aukinni samkeppni, og það sér hver maður, sem nokkuð hugleiðir það, að það er allt önnur aðstaða og betri, sem þeir aðilar hafa fjárhagslega séð, sem munu keppa við okkar innlenda iðnað fyrr en síðar.

Ég vil aðeins rifja upp efni till. Það er á þá leið, að Alþ. feli ríkisstj. að hlutast til um, að Seðlabankinn veiti viðskiptabönkunum sérstök lán til að koma rekstraraðstöðu iðnfyrirtækja í viðunandi horf. Og síðan er mótað í tveimur mgr., hvernig rekstrarlánum til fyrirtækja, sem geta sett viðunandi tryggingu, verði fyrir komið: í fyrsta lagi, að fyrirtækin fái víxilsöluheimild (víxilkvóta) til sölu á allt að 90 daga löngum víxlum, er nemi allt að þriggja mánaða framleiðslu þeirra, og í öðru lagi, að auk þess fái fyrirtækin yfirdráttarheimild á reikningslánum, er svari til þriggja mánaða kaupgreiðslu viðkomandi fyrirtækis. Síðan er ákvæði um, að miða skuli við meðaltalsframleiðslu og meðaltalskaupgreiðslur s. l. tvö ár. Efni till. er að miklu leyti sniðið eftir niðurstöðum af athugunum, sem fram fóru hér í Reykjavík á vegum sérstakrar atvinnumálanefndar, sem borgarstjórinn í Reykjavík stofnaði til seint á árinu 1968 og mun hafa skilað áliti um þau áramót.

Það er lögð sérstök áherzla í grg., og ég vil árétta það hér fyrir hönd okkar í minni hl. allshn., á þá nauðsyn, að iðnaðurinn hafi eitthvað fast að að ganga varðandi sitt rekstrarfjármagn. Og það er einn meginþátturinn í efni þessarar till. að koma sliku á.

Ég skal svo ekki orðlengja þetta frekar, en minni hl. allshn. leggur til, að till. verði samþ. óbreytt.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Í hinni rökstuddu dagskrá frá meiri hl. allshn. er komizt svo að orði, að lánamál iðnaðarins séu nú í gagngerðri athugun hjá ríkisvaldinu. Ég hefði í tilefni af því viljað beina þeirri fsp. til hæstv. iðnmrh., hvað langt þessari athugun væri komið, og hvort vænta mætti einhverra tillagna um það á þessu þingi eða hvort ætlunin væri að leysa þessi mál, án þess að þau kæmu til kasta þingsins. Nú sé ég, að hæstv. iðnmrh. er ekki viðstaddur. Hann var að vísu viðstaddur, þegar umr. um þetta mál hófst hér í d., en er nú vikinn af fundi, og ef svo er, að hæstv. ráðh. væri kannske farinn úr húsinu og hefði þess vegna ekki aðstöðu til þess að svara þessari fsp. minni nú, þá vildi ég fara þess á leit við hæstv. forseta, að hann frestaði umr., þannig að ráðh. gæti þá gefizt kostur á því síðar að svara fsp. um þetta efni.

Umr. frestað.

Á 44. og 45. fundi í Sþ., 10. og 15. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

7. Viðskiptafulltrúar.

Á deildafundum 23. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um viðskiptafulltrúa [44. mál] (A. 44).

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 10. og 12. fundi í Sþ., 5. og 12. nóv., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um viðskiptafulltrúa á þskj. 44 og er hún svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að hlutast til um, að komið verði á fót skrifstofum viðskiptafulltrúa á Ítalíu og Spáni."

Ég flutti á síðasta þingi till. sama efnis, en hún var þá það seint fram komin, að hún náði ekki afgreiðslu hér á hv. þingi. Ástæðan fyrir því, að ég tel nauðsynlegt, að hlutazt verði til um, að komið verði á fót skrifstofum í þessum tveimur löndum, er sú, að þetta eru stór viðskiptalönd okkar, þar sem við höfum ekki sendiráð, en sendiráðið á Ítalíu er staðsett í Osló og sendiráðið í London gegnir störfum á Spáni. Ég tel, að sú þróun sé að verða á útflutningsmálum okkar, að það hljóti að koma að því, að við verðum að vinna meira að framgangi á sölu framleiðsluvöru okkar, aðallega sjávarafurða, heldur en gert hefur verið hingað til. Ég hygg, að flestum sé það ljóst, að óvarlegt er að reikna með mikilli aukningu á heildaraflamagni sjávarafurða í framtíðinni. Þá hlýtur að koma að því, að meiri gjörvinnsla þessara afurða eigi sér stað, en það leiðir að sjálfsögðu til þess, að leita verður nýrra markaða á hinum meira unnu vörum og kannske í fleiri löndum en við höfum nú viðskipti við. Þetta þýðir að mínum dómi, að leggja verður meiri áherzlu á þann þátt utanríkismála, sem viðskipti okkar heyra undir. Það hlýtur að koma að því, að settar verði á stofn skrifstofur viðskiptafulltrúa þar, sem ekki eru sendiráð, og ég tel einnig, að viðskiptafulltrúar verði staðsettir annars staðar, þó að sendiráð séu fyrir hendi til þess að gæta viðskiptahagsmuna okkar sérstaklega. Þegar ég tala um, að það hljóti að koma að því, að meiri gjörvinnsla sjávarafurða eigi sér stað í framtíðinni en nú er, þá byggist það á því, að sú staðreynd liggur fyrir, að í flestum tilfellum erum við að flytja út óunnið eða lítt unnið hráefni sjávarafurða. Aðeins um einn flokk sjávarafurða má segja, að lengra sé komið, en þar á ég við hraðfrystar afurðir. Þeir aðilar, sem hafa haft þau mál til meðferðar á undanförnum árum, hafa vissulega unnið mikið og þarft verk við útflutning þeirrar vöru. Það er orðinn verulegur hluti hraðfrystra sjávarafurða, sem nú er fluttur út í neytendaumbúðum, einnig eiga þau fyrirtæki, sem annast þennan útflutning, verksmiðjur á erlendum vettvangi, sem gjörnýta þann fisk, sem ekki er fluttur út í neytendaumbúðum, þannig að úr honum eru unnir margvíslegir réttir, sem eru til neyzlu og sölu svo að segja beint á borð neytenda. Þetta á sér því miður ekki stað, að mér sýnist, í neinni annarri grein í framleiðslu sjávarafurða. Hér liggur fyrir hv. Alþ. till. til þál. frá hv. 5. landsk. þm., Jóni Árm. Héðinssyni, um að skora á ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til að rannsaka möguleika á aukinni hagnýtingu saltsíldar til útflutnings. Vissulega er þessi þáltill. tímabær og sýnir m. a., að þarna er úrbóta þörf. Annar stærsti útflutningsliður sjávarafurða nú orðið mun vera saltsíld. Í þeirri grein hefur orðið sáralítil, ég vil segja engin, breyting síðustu hálfa öld. Við erum enn í dag að flytja út saltfisk í 50 kg strigaumbúðum, enda þótt vitað sé, að nokkur og veruleg breyting hefur átt sér stað í þeim löndum, sem kaupa þessa vöru af okkur, þannig að þar er farið að selja hana til neytenda í mun smærri umbúðum, allt niður í litlar neytendaumbúðir. Ekki þarf að eyða að því mörgum orðum, að mun hagkvæmara væri fyrir þjóðfélagsheildina, ef farið væri inn á þá braut, eins og ég held að hljóti að koma að áður en langt um líður, að gjörvinna sjávarafurðir til útflutnings, þannig að þær yrðu seldar í sem smæstum umbúðum, helzt í hinum smæstu neytendaumbúðum. Þessu verður að vísu ekki komið við í öllum greinum sjávarútvegsins, en á sumum sviðum er það án efa hægt. Enn í dag flytjum við t. d. út hrogn í 100—120 kg tunnum, söltuð hrogn eru flutt út á þann veg, þó að vitað sé, að þetta er orðin neyzluvara erlendis, sem seld er í mjög smáum umbúðum. Það mundi margfalda útflutningsverðmætið, bæði á þessari vöru og annarri, ef farið væri inn á þá braut að fullvinna hana hér á landi og flytja hana út í þeim umbúðum, sem hún er nú seld í til neytenda erlendis. Þetta er eitt dæmið um það, hvað gera má með lítið auknum tilkostnaði. Það þarf aðeins að skapa aðstöðu til að vinna vöruna á þennan hátt, og það þarf ekki síður að skapa aðstöðu til að geta selt vöruna, sem unnin væri á þennan hátt, í þeim löndum, þar sem vörunnar er neytt.

Ég vil svo aðeins benda á lítið dæmi, sem sýnir verðhækkanir í útflutningi við frekari vinnslu sjávarafurða. Við sjáum það, ef flett er upp í Hagtíðindum, sem nú eru nýkomin út, að sé þorskalýsið kaldhreinsað, virðist útflutningsverð þess vera 22 kr. á kg, en sé það flutt út á venjulegan hátt, eins og við gerum að langmestu leyti, er það aðeins tæpar 12 kr. Þarna á sér stað mjög einföld breyting, sem að vísu kostar nokkuð í stofni, en mundi vissulega skila sér í auknu útflutningsverðmæti, bæði auknum vinnulaunum og auknum gjaldeyri, sem yrði til hagræðis fyrir þjóðarheildina. Ég hygg, að það liggi beint við næstum í öllum

greinum útflutnings, að meiri gjörvinnsla hlýtur að verða á næstu árum til þess að skapa aukna atvinnu og til að auka gjaldeyristekjurnar.

Ég hef sérstaklega í þeirri till., sem ég hef hér leyft mér að flytja, bent á tvö lönd, þar sem ég tel að hafa þurfi viðskiptafulltrúa. Það er vegna þess, eins og ég gat um áðan, að við höfum þar ekki sendiráð, en við höfum veruleg viðskipti við þessi tvö lönd, þó að þar sé aðallega um að ræða eina útflutningsgrein sjávarafurða, saltfiskinn. Ég hygg, að það mundi verða mjög til hagræðis, ef í þessum löndum væri viðskiptafulltrúi, sem fylgdist þar með málum, því að það er svo með saltfisk eins og fleiri vörur okkar, að miklar sveiflur eru bæði á sölumöguleikum og verðlagi. Einnig hefur átt sér stað og er að eiga sér stað veruleg breyting á neyzluvenjum, þannig að fólk er farið að krefjast þess að fá vöruna í sem smæstum umbúðum og næstum tilbúna á borðið. Þessi þróun er að eiga sér stað í báðum þeim löndum, sem hér eru tilgreind, en við höldum enn þá uppi gömlu venjunni, að flytja saltfiskinn út í strigaumbúðunum ekki nema hálfverkaðan, sem er þó afturför frá því, sem áður var, meðan hann var fluttur úr þurrkaður, að vísu í sömu umbúðastærð, en hann var þó fullþurrkaður og meira unninn að því leyti.

Eins og ég sagði í upphafi, þá tel ég, þó að till. nái aðeins til tveggja landa, að það hljóti að koma að því fyrr en seinna, að þörf verði fyrir viðskiptafulltrúa í fleiri löndum og einnig þar, sem við höfum nú sendiráð. Á þessu þingi hefur verið lagt fram frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands. Í 11. gr. þess frv. er gert ráð fyrir, að skipaðir verði sérstakir viðskiptafulltrúar, ef þörf krefur. En ég tel, að ákvæðin í þessu frv. séu ekki nógu skýr. Þar er sagt: „Auk þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 10. gr., má skipa, þar sem þörf krefur, sérstaka viðskiptafulltrúa til takmarkaðs tíma.“ Ég tel, að þarna þurfi að kveða miklu skýrara á um og vil með þessari till., sem hér er lögð fram, leggja áherzlu á, að ég tel sérstaka nauðsyn á því, að skipaðir verði sérstakir viðskiptafulltrúar í þeim tveimur löndum, sem till. getur um.

Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að umr. verði frestað og till. vísað til fjvn.

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Mig langar til að segja nokkur orð um þessa till. Það skal ekki vera langt.

Till. gerir ráð fyrir því, að hlutazt verði til um, að komið verði á fót skrifstofum viðskiptafulltrúa á Ítalíu og Spáni og ekki annað. Í lok máls síns sagði frsm. hv., að í frv. til l. um utanríkisþjónustu Íslands, sem liggur hér fyrir Alþ. nú, væri í 11. gr. gert ráð fyrir, að skipaðir yrðu viðskiptafulltrúar, og vildi rökstyðja sína till. með því, að þessi 11. gr. væri ekki nógu skýrt orðuð. Mér finnst aftur á móti, að með þessum ákvæðum í 11. gr. frv. um utanríkisþjónustuna sé nægilega frá því gengið, að þessir viðskiptafulltrúar verði skipaðir, ef þörf þykir, og þess vegna sé þessi till. á þskj. 44 nánast óþörf, ef frv. um utanríkisþjónustuna verður samþ. Í 11. gr. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Auk þeirra starfsmanna utanríkisþjónustunnar, sem taldir eru í 10. gr., má skipa, þar sem þörf krefur, sérstaka viðskiptafulltrúa til takmarkaðs tíma. Skulu þeir vinna að markaðsleit fyrir íslenzkar afurðir og greiða á annan hátt fyrir viðskiptum við aðrar þjóðir.“

Ég tel fyrir mitt leyti, að viðskiptafulltrúar, sem skipaðir yrðu, gætu gert gagn og orðið til þess að treysta viðskiptin við þau lönd eða það svæði, sem þessir viðskiptafulltrúar hefðu. En ég sé ekki ástæðu til þess, þó að eðlilegt sé og gott að skipa þessa fulltrúa, að taka þessi tvö lönd út úr, sem þarna er gert. Það er heimild í frv. um utanríkisþjónustuna, eins og ég nefndi og eins og hann nefndi líka, sem gerir ráð fyrir því, að hægt verði að skipa þessa viðskiptafulltrúa, þar sem þörf krefur. Hitt finnst mér kannske nokkuð einhliða, að ákveða aðeins að skipa fulltrúa á Spáni og Ítalíu, en nefna ekkert önnur lönd. Það er vissulega verkefni fyrir viðskiptafulltrúa í öðrum löndum en þessum tveimur, vissulega. Og verkefni þessara viðskiptafulltrúa á í fyrsta lagi að vera að útvega nýja markaði fyrir íslenzkar vörur. Viðskiptin við Spán og Ítalíu eru svo gamalgróin, að þar ættu samböndin að vera í fullkomnu lagi, og viðskiptin við þessi lönd fara fram, að ég ætla, eins og bezt verður á kosið. Ég vildi þess vegna leyfa mér að leggja til, að sú n., sem fær þessa till. til athugunar og hv. flm. leggur til að verði fjvn., athugi, hvort ekki mætti að skaðlausu láta þau ákvæði, sem í frv. um utanríkisþjónustuna eru flutt, gilda fyrir alla viðskiptafulltrúa, þá á Spáni og Ítalíu líka, ef ástæða þætti til að setja fulltrúa þar. Hv. flm. gerði ráð fyrir, að þessari till. yrði vísað til fjvn. Ég held, að það væri nú fullt eins eðlilegt, að henni yrði vísað til utanrmn., því að þetta er vissulega utanríkismál. Þó að það sé vissulega viðskiptamál líka út af fyrir sig, þá er það ekki beint viðskiptamál ríkisins eins og fjvn. hefur mest með að gera. Ég vildi þess vegna, þó að ég geri það ekki að neinu kappsmáli, að till. yrði vísað til utanrmn. og þar yrði athugað, hvort ekki væri hægt að samræma hana því frv. til l., sem hér liggur fyrir um utanríkisþjónustu Íslands.

Flm. (Guðlaugur Gíslason): Herra forseti. Ég get vel á það fallizt, að till. verði vísað til utanrmn. í stað fjvn., eins og ég lagði til, og ég var satt að segja nokkuð efins um það, í hvora nefndina væri eðlilegt að vísa henni, þar sem bæði er hún fjárhagsatriði og snertir að sjálfsögðu einnig utanríkisþjónustuna, eins og hæstv. utanrrh. benti á. Hæstv. ráðh. taldi í sjálfu sér þessa till. óþarfa, þar sem heimild væri í 11. gr. þess frv. til laga um utanríkisþjónustu, sem nú liggur fyrir. Það má vel vera og ég dreg það í engan efa, að sú heimild mundi nægja, ef hún yrði framkvæmd. En ég hygg,

að í þeim lögum, sem nú gilda um utanríkisþjónustuna eða þeim reglum, sem um þá þjónustu gilda, sé örugglega heimild fyrir rn. til að setja niður viðskiptafulltrúa eða jafnvel koma skrifstofum viðskiptafulltrúa á fót. Þetta er og hefur verið fjárhagsatriði, en ég tel, að leggja þurfi meiri áherzlu á það nú og eftirleiðis, að slíkum fulltrúum og skrifstofum fyrir þá verði komið á fót, en gert hefur verið hingað til. Sú er ástæðan fyrir því, að ég flutti þessa till. á síðasta þingi og endurtek hana nú. Ég fellst alveg á það með hæstv. utanrrh., að það er vissulega þörf fyrir viðskiptafulltrúa víðar en á Ítalíu og á Spáni, og ætti það ekki að verða ágreiningsmál okkar á milli, því að ég hygg, að við séum um það atriði alveg sammála. En ástæðan fyrir því, að ég flutti till. í þessu formi bæði á síðasta þingi og nú aftur, er sú, að þarna er um tvö stór viðskiptalönd að ræða, þar sem sendiráðið í Osló annars vegar á að gæta hagsmuna okkar á Ítalíu og sendiráðið í London hagsmuna okkar á Spáni, bæði viðskiptahagsmuna og annarra. Ég tel, að þetta sé allt of þunglamalegt og þarna sé þörf breytinga. Af því tilgreindi ég þau tvö lönd, sem till. fjallar um. Mér er alveg ljóst, að við höfum árum og áratugum saman haft ákveðin sambönd vegna sölu á saltfiski í þessum löndum, en sú staðreynd liggur líka fyrir, að þrátt fyrir breyttar neyzluvenjur í þessum löndum, erum við enn þann dag í dag að flytja út hálfverkaðan saltfisk í 50 kg umbúðum. Ég hygg, að hægt væri að koma þessum útflutningi í eðlilegra horf, það er staðreynd, sem mér er alveg kunnugt um. Ég hef kynnt mér það, að þessa vöru okkar er þegar farið að selja í mun smærri umbúðum, eins og við gerum nú sjálfir í Bandaríkjunum. Við önnumst umbúnað þeirrar vöru hér heima á Íslandi að nokkru leyti í neytendaumbúðum, og við höfum okkar eigin verksmiðjur í Ameríku, sem framleiða fiskblokkirnar, sem eru sendar út í stærri einingum, þ. e. verksmiðjur, sem framleiða úr blokkinni vörur, sem pakkaðar eru til neyzlu svo að segja beint á borð neytenda. Ég hygg, að það gæti vel orðið til hagræðis og kannske yrði þróunin sú, að við hefðum skrifstofu fyrir viðskiptafulltrúa í þeim tveimur löndum, sem ég þarna tilgreindi, að útflytjendur og eigendur saltfisksins sæju sér hag í að setja á stofn fyrirtæki svipað því, sem Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna hefur sett á stofn erlendis. Ef neytendur á Ítalíu og Spáni eru farnir að kaupa vörurnar innpakkaðar í litlum einingum, þá hygg ég, að það væri ekki síður til hagræðis fyrir okkur að selja hluta af saltfiskinum þannig unninn beint til neytandans, eins og við gerum með hraðfrysta fiskinn, í stað þess að selja hann út í hinum stóru og gamaldags umbúðum, sem við enn gerum og höfum gert í meira en hálfa öld. Mér finnst það næsta ótrúlegt, að það sé hagkvæmt fyrir okkur nú í dag að standa að þessum málum eins og við gerum, en ég tel, að þarna þurfi að koma aðstaða opinbers aðila, sem getur veitt þær leiðbeiningar, sem nauðsynlegar eru, og aðstoðað við að koma þarna á breytingu jafnvel eins og ég talaði um, koma á fót fyrirtæki, sem annaðist dreifingu þessarar vöru okkar í smærri einingum, jafnvel beint til neytandans.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

8. Fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs.

Á *deildafundum* 30. *okt.* var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs [59. mál] (A. 64).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 12., 13., 14., 16., 17. og 18. fundi í Sþ., 12., 18., 19. og 26. nóv. og 2. og 3. des., var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Jón Skaftason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þsk. 64 till. til þál. um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs, svo hljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta gera áætlun um aukið fjármagn til rannsókna í þágu íslenzks atvinnulífs og tryggja, að á næstu 5 árum hækki fjárveitingar til rannsóknarmálefna um a. m. k. 0.2% af þjóðartekjunum á ári hverju.“

Hér á landi, eins og raunar í öllum öðrum löndum, hefur hin síðari árin mjög vaxið skilningur á mikilvægi rannsóknarstarfsemi, vísindalegri rannsóknarstarfsemi, til þess að halda uppi góðum lífskjörum í hinum einstöku ríkjum. Fjárveitingar til þessarar starfsemi hafa hjá öllum ríkjum, sem telja má til menningar-

þjóðfélaga, að ég held undantekningarlaust farið vaxandi ár frá ári. Þá sorgarsögu er að segja víða frá, að mikill hluti af því aukna fjármagni, sem veitt hefur verið til þessarar starfsemi, hefur gengið til hernaðarmálefna, sem við Íslendingar höfum verið blessunarlega lausir við allt til þessa dags, og ég vona, að framtíðin hafi enga breytingu að því leyti til í för með sér fyrir okkur Íslendinga, svo að við þurfum ekki að eyða fjármunum til þess að undirbúa framleiðslu drápstækja til hernaðar. Það er af ýmsum ástæðum, og mörgum skýranlegum og eðlilegum ástæðum, að hér á Íslandi hefur þessum málum ekki verið gefinn eins mikill gaumur, og mikilvægi þeirra hefur ekki verið almenningi jafnljóst og víða annars staðar. Þetta stafar m. a. af því, að við eigum ekki mjög langa sögu sem sjálfstæð þjóð með forsjá eigin mála. En ég held, að ég geti fullyrt það, að núna hin síðari árin og síðustu áratugina hafi Íslendingum og ráðandi mönnum orðið æ ljósara mikilvægi þessa verkefnis, enda er það staðreynd, að ýmsir vísindamenn okkar hafa unnið á undanförnum árum umtalsverð afrek í sambandi við rannsóknarstarfsemi og get ég um tvö þeirra a. m. k. í grg. minni. Það fyrra er, að dr. Björn heitinn Sigurðsson fann upp fyrir nokkrum árum bóluefni gegn garnaveiki í sauðfé, sem talið er að spari kostnað við sauðfjárhaldið, er nemi allt að 50—60 millj. kr. á ári. Enn fremur hafa nýjar niðurstöður rannsókna leitt til þess, að mönnum er ljóst, að hægt hefði verið að spara t. d. við byggingu hinnar miklu Búrfellsvirkjunar um 40 millj. kr., ef vitað hefði verið um þá þéttingu, er verður á hraunum við framburð jökulfljóta. Ég hygg því, að óþarft sé fyrir mig að fara um þetta atriði málsins mörgum orðum. Mikilvægi þeirra er ljóst. Það, sem háð hefur rannsóknarstarfseminni hér, er ekki einasta það, að til hennar hefur verið varið of litlu fjármagni, heldur líka hitt, að fyrir fram hefur ekki verið til nein áætlun til lengri tíma um, hvernig fjárveitingum til þessarar starfsemi kynni að verða háttað. Þetta er mjög bagalegt í sambandi við skipulagningu þessarar starfsemi, að vita ekki nokkurn veginn fyrir fram, að hvaða fjárveitingum ganga má í þessu skyni, og þegar af þeirri ástæðu er hér með tillöguflutningi þessum lagt til, að gerð sé 5 ára áætlun um auknar jafnar fjárveitingar til rannsóknarstarfsemi, er vísindamenn okkar og aðrir þeir, sem skipuleggja þessa starfsemi, geti miðað sínar aðgerðir við. Við eigum á Íslandi mikið verkefni óunnið í sambandi við rannsóknir á auðlindum landsins. Ég nefni bara sem dæmi, að rannsóknir á virkjanleika vatnsfalla okkar eru að mínu viti og margra fleiri því miður allt of skammt á veg komnar og vissulega þarf á næstu árum að veita milljónatugi og helzt milljónahundruð til þeirra mála, ef vel ætti að vera. Enn fremur vitum við það, að á s. l. ári og undanfarin ár hefur mikið fjármagn verið veitt til þess að kanna auðlindir okkar, sem við eigum í jarðvarma víða um land, og hygg ég, að á s. l. ári hafi verið veitt til þeirra hluta nærri því jafnmikið fjármagn og hafði samanlagt verið veitt til þessara mála allt fram til s. l. árs. En mikið verkefni er óunnið í þeim málum. Með till. þessari er ekki lagt til að rannsaka sérstaklega, hvernig skipulagi sjálfrar rannsóknarstarfseminnar verði bezt fyrir komið. Ástæðan fyrir því er sú, að um þessi mál eru í gildi tiltölulega ný lög, þ. e. lög um rannsóknir í þágu atvinnuveganna frá árinu 1965, þannig að fyrir fram mætti ætla, að skipulag þessara mála væri í nokkuð nútímalegu horfi og þyrfti ekki, að svo stöddu a. m. k., sérstakrar endurskoðunar við. En sýni reynslan, að í einhverju sé skipulagi þessu áfátt, þá er að sjálfsögðu opið að framkvæma rannsókn og endurskoðun á þeim málum hvenær sem er, þó að ekki sé gerð um það tillaga hérna. Ég hef birt í grg. minni töflu um það, hversu fimm tiltekin þjóðlönd, Ísland, Svíþjóð, Noregur, Bandaríkin og Bretland, hafa varið stórum hluta þjóðartekna sinna til þessara mála, og af þeim samanburði, sem er annars vegar miðaður við árið 1950 og hins vegar við árið 1966, sést, að við Íslendingar höfum dregizt mjög aftur úr þessum samanburðarþjóðum um fjárveitingar til rannsóknarmála. En eins og ég gat um áðan, þá gengur verulegur hluti af fjárveitingum t. d. Bandaríkjanna til þess að standa undir rannsóknum í sambandi við hernaðarmálefni þess stórveldis, sem við erum lausir við. Engu að síður hygg ég, að draga megi þá öruggu ályktun af þeim tölum, sem nefndar eru í grg., að við höfum dregizt aftur úr um fjárveitingar til rannsóknarmálefna, þó að tekið sé tillit til þess, að samanburðarlöndin öll, önnur en við, verja verulegum hluta af þessum fjárveitingum til hernaðarmálefna. Við svo búið má ekki standa. Það eru engar frambærilegar skýringar á því, að við getum ekki veitt til þessara mála svipuðum hluta þjóðartekna okkar og aðrar þjóðir gera, og það gefur auga leið, að ef svo fer fram um einhvern tíma, þá hlýtur það að koma niður á lífskjörum Íslendinga.

Ég sé svo ekki, herra forseti, ástæðu til þess að fara fleiri orðum um þáltill. þessa. Ég legg til, að umr. um hana verði frestað og till. vísað til hv. fjvn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 34 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

9. Verknáms- og þjónustuskylda ungmenna.

Á deildafundum 3. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna [65. mál] (A. 70).

Á 12., 14. og 16. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Þessi þáltill., sem hér liggur fyrir á þskj. 70, um verknáms- og þjónustuskyldu ungmenna, er með mjög líku sniði og till., sem ég hef flutt á tveimur undanförnum þingum. Á þinginu í hitteðfyrra kom þessi þáltill. svo seint fram, að þá gafst ekki tími til að taka afstöðu til hennar. Á síðasta þingi var hliðstæðri till. vísað til allshn., og hv. allshn. fjallaði um hana og skilaði áliti. En hún varð ekki sammála, og komu fram tvö nál. og málið var aldrei eftir það tekið fyrir til umr. hér í hv. Alþ. Mig langar aðeins að víkja að því, sem fram kemur í afgreiðslu n. um þetta mál á s. l. hv. Alþ. Meiri hluti allshn. lagði til, að málinu væri vísað frá með rökstuddri dagskrá, sem er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þar sem heimild er til í lögum nr. 63 27. júní 1941 fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að stofna til þegnskylduvinnu fyrir ungmenni og enginn áhugi hefur komið fram til að nota þá heimild, sér Alþ. ekki ástæðu til að efna til kostnaðar við athugun á framkvæmd skyldu-þjónustu ungmenna og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Minni hluti allshn. lagði hins vegar til, að till. yrði samþ. með þó nokkurri orðalagsbreytingu. En sem sagt, þetta mál kom aldrei á dagskrá, eftir að nál. komu fram.

Ég vil aðeins víkja að því, sem fram kemur í áliti meiri hlutans, þar sem vísað er til þeirrar heimildarlöggjafar, sem til er um þegnskylduvinnu, eins og það er þar nefnt, en þau lög eru nr. 63 frá 27. júní 1941 og heita: „Um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til þess að koma á þegnskylduvinnu." Þetta eru sem sé heimildarlög, og eins og nm. taka fram í sínu áliti, hefur hvergi komið til þess, að þessi heimild yrði notuð. En aðalatriði þessara laga eru þau, að það þarf nokkurn meiri hluta, það þarf að bera þetta undir atkvæði kosningarbærra manna í viðkomandi sveitarfélagi, ef ósk kemur um að taka þessi lög til framkvæmda, og það er áskilið, að ⅔ hlutar þeirra, sem atkvæði greiða, — enda taki þá minnst helmingur atkvæðisbærra manna þátt í atkvgr., — samþykki, að þessi heimild verði notuð. En þó þarf enn fremur staðfestingu atvmrn. Það eru þess vegna talsverðar hömlur á því í lögunum sjálfum, að þetta verði notað. Auk þess sýnist mér nokkuð augljós ástæða til þess, að það vefjist a. m. k. nokkuð fyrir mönnum í einstökum sveitarfélögum, hvort hyggilegt sé að leggja til, að slíkt sé tekið upp. Ef það væri hvergi gert annars staðar, er líklegt, að íbúum þess sveitarfélags fyndist þarna vera gengið á sinn hlut, umfram það sem almennt væri gert. Þess vegna finnst mér ósköp skiljanlegt, að þessi lög hafi ekki komið til framkvæmda. Aldursmörk eru ákveðin í þessum lögum 16—25 ára. Þar er gert ráð fyrir, að það séu a. m. k. tvær til sex vikur árlega, sem hver maður vinni samkvæmt þessum lögum, en þó alls eigi lengur en þrjú ár á þessu tímabili. Gert er ráð fyrir, að menn hafi þarna það, sem nefnt er frítt fæði eða dvalarkostnað; það er hliðstætt eða sams konar ákvæði og ég hef talað um í mínum till. Svo er enn fremur í 5. gr. laganna getið um verkefni, sem vinna ætti að. Þau eru einnig mjög hliðstæð því, sem ég hef drepið á í hugmyndum mínum um framkvæmd skyldu-þjónustunnar. Enn fremur er gert ráð fyrir viðurlögum, ef menn ekki inna af hendi þessa skyldu-þjónustu, sem eru þá fólgin í sektum til viðkomandi sveitarsjóða. Ég hef aðeins talið rétt að rifja upp höfuðatriðin, sem felast í þessum lögum. Í stuttu máli verður að segja, að það blés ekki byrlega fyrir þessari hugmynd við afgreiðslu hv. allshn. á s. l. vetri, og þess vegna má segja, að það sé nokkur dirfska að leita nú enn eftir því til Alþ., hvort það vildi fallast á að gefa þessu máli gaum, sem að vísu er ekki meira en þetta, eins og ég vænti, að öllum hv. alþm. sé ljóst, hvort ástæða er til að skipa nefnd til þess að kanna, hvort við eigum að koma slíkri löggjöf á hjá okkur. Ég er sem fyrr eindregið þeirrar skoðunar, að aðstæður í okkar þjóðfélagi séu slíkar, að við eigum að gera þetta. Eins og mikið hefur borið á í umr., ekki síst nú upp á síðkastið, þá ber skólamál ákaflega hátt. Því er ekki heldur að neita, að aukið nám á ýmsum sviðum er nauðsynlegt, til þess að þjóðfélagsþegnarnir séu færari um að inna af höndum þær skyldur, sem þjóðfélagið leggur á þá, eða réttara sagt til þess að þeir séu virkir þegnar í þjóðfélaginu. Tækniframfarirnar gera það t. d. að verkum, að þörf er sífellt meira og meira náms, sífellt meiri og meiri kunnáttu. Þrátt fyrir það verð ég að segja, að mér finnst, að e. t. v. hafi verið lögð helzt til einhliða áherzla á þennan þátt mála. Og ég hef hugsað þetta sem dálítið mótvægi í þessum efnum. Okkur er það ljóst, hversu gífurlegur kostnaður fylgir því fyrir þjóðfélagsheildina, að standa undir og geta fullnægt þeim námskröfum, sem nú eru uppi, og það þarf víst ekki að orðlengja það, að þetta er eitt af þeim erfiðustu málum, sem hv. Alþ. stendur frammi fyrir hverju sinni, t. d. í sambandi við afgreiðslu fjárlaga. Það er sagt, að menntun sé bezta fjárfestingin. Ég ætla ekki út af fyrir sig að deila um það, en það er með þessa fjárfestingu eins og marga aðra fjárfestingu, að hún þarf nokkurn tíma til þess að gefa arð, og á meðan þarf sá, sem féð leggur fram, að hafa efni á að láta það standa kannske arðlítið. Það mætti verða ofurlítill stuðn-

ingur einmitt við það, að þjóðfélagið geti innt þessa skyldu af hendi, að gera viðunandi aðstöðu í skólum og námi, að það fái nokkra endurgreiðslu, ef svo mætti segja, frá unglingunum og ungmennunum, t. d. í formi þess, sem ég hef hér nefnt verknáms- og þjónustuskyldu. Auk þess er ég þeirrar skoðunar, að það sé ekki minnst vert um þennan þátt í námi nútímaunglinga. Þetta er bein snerting við margvísleg störf í þjóðfélaginu, og því hef ég nefnt þetta verknáms- og þjónustuskyldu, að ég álít, að það eigi í mjög mörgum tilfellum að fella það beinlínis inn í skólanámið. Annars má segja, að það sé kannske ekki ástæða til að rökræða svo mjög á þessu stigi um kosti og galla þessa kerfis. Aðalatriðið er það, að Alþ. fáist til að gera það upp við sig, hvort hugmyndin er yfirleitt þess virði, að nefnd sé skipuð til þess að taka málið til athugunar. Ég verð að segja, að ég var dálítið hissa, þegar ég las þessa rökstuddu dagskrá á s. l. vetri hjá hv. meiri hluta n., þar sem segir svo: „... sér Alþ. ekki ástæðu til að efna til kostnaðar við athugun á framkvæmd skylduþjónustu ungmenna ...“ Nú neita ég því ekki, að auðvitað mun það hafa einhvern kostnað í för með sér að skipa slíka nefnd. En ég held, að uppeldismál, skólamál og menntamál séu það stór þáttur, að það sé næstum því að segja hlægilegt að vera að tala um þetta í sambandi við athugun á þessu máli.

Það væri freistandi að fara út í ýmis atriði, sem á góma ber, um margs konar þjóðfélagsvanda og ekki sízt æskumanna og skólamálanna. Ég ætla þó ekki að fjölyrða frekar um þetta mál núna, en vil aðeins enn þá beina því vinsamlegast til hv. alþm. að taka þetta mál nú til umhugsunar á ný, og ég vildi þá vænta þess, að þeir kæmust að þeirri niðurstöðu, að það væri þess virði að skipa nefnd til þess að kanna, hvort ekki sé rétt að taka upp verknáms- og þjónustuskyldu í einhverju formi. Ég vil því leyfa mér að leggja til, að máli þessu verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 43 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 564, var útbýtt 15. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

10. Sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn [71. mál] (A. 79).

Á 14. og 16. fundi í Sþ., 19. og 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Ég hef nú enn á ný freistazt til þess að bera fram till. til þál. um það mál, sem hér er á dagskrá, sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn. Þetta er kannske af meðfæddum þráa fremur en nokkur von sé til þess, að málið fái áheyrn hjá hv. Alþ., því að þrisvar hefur till. verið flutt svo til óbreytt og aldrei komizt gegnum hreinsunareld nefndanna, sem hér starfa. En efni till. er það, að skipuð verði nefnd fimm manna til þess að gera till. um stofnun sumardvalarheimila í sveitum fyrir börn úr kaupstöðum og kauptúnum. Sérstaklega skal það kannað, hvort, og þá á hvern hátt, því verði við komið að nýta skólahúsnæði í þessu skyni. Á þessum sumardvalarheimilum, sem við höfum í huga, skal stefna að því, að börnin hafi viðfangsefni, sem geti orðið þeim að sem mestum andlegum og líkamlegum þroska, þ. á m. ræktunarstörf, gæzla húsdýra og umgengni við þau. Síðan segir í till., að nefndin skuli hafa samráð við ýmsa aðila, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnir í kaupstöðum, sveitarstjórnir í kauptúnahreppum og barnaverndarráð. Svo eru að lokum hér nokkur ákvæði um það, hvernig nefndin skuli skipuð og fleira því viðkomandi.

Ástæðan til þess, að þessi till. er flutt hér enn, er sú, að það var um langan aldur venja kaupstaðarbúa að koma börnunum á sveitaheimili til sumardvalar. Þessi tilhögun þótti holl og þroskavænleg og það var mjög eftir því sótzt að koma þeim þannig fyrir og fram undir síðustu ár hefur þetta tekizt. Kaupstaðabörn, kaupstaðaungmenni, hafa fram að þessu notið góðs af sumardvöl í sveit. Nú er þetta allt saman breytt, eins og allir þekkja hér og möguleikar fólksins í sveitinni til þess að taka á móti þessum sumargestum eru nánast engir. Búsetan hefur kollsteypzt hér í þjóðfélaginu, eins og við þekkjum. Fyrir 40 árum eða 1930 bjuggu 26% þjóðarinnar í Reykjavík. Nú búa hér 40% þjóðarinnar, og í þéttbýlinu hér við Faxaflóa býr helmingur þjóðarinnar og rúmlega það. Þess vegna er það ljóst, að ekki er hægt að leysa þetta mál á þann hátt, sem gert var. Það er alveg ljóst. En það er skylt að geta þess, að ýmis félagasamtök hafa á virðingarverðan hátt leitazt við að bæta úr þessari þörf, sem hér er um að ræða. Og ég hygg, að andstaðan gegn þessari till. sé fyrst og fremst

komin af því, að það eru ýmsir, sem álíta, að þessum málum verði betur fyrir komið með því, að áhugamenn hafi umsjón þeirra. Þessu er ég algerlega andvígur. Það verður ekki hægt að leysa jafn stórkostlegt viðfangsefni eins og þetta á þann hátt, að áhugamenn einir og þeirra hópar séu látnir glíma við vandamálið án nokkurrar aðstoðar og án nokkurs eftirlits. Enda sýnir reynslan það, að þetta hefur ekki tekizt. Í vaxandi mæli eru ungmenni úr kaupstöðum þannig sett, að þau hafa enga sumardvöl. Þá er annað tveggja fyrir hendi, að leita á vinnumarkaðinn og taka þau störf, sem þar eru, sem er áreiðanlega ekki heppilegust leið, og svo þá hitt, sem er verst af öllu, að hafa ekkert við að vera. Hér í Reykjavík hafa borgaryfirvöld komið til móts við þennan vanda að nokkru leyti. Ég vil láta það koma fram. *Hér hefur á undanförnum árum verið starfrækt*ur vinnuskóli fyrir 14—15 ára gömul ungmenni, og í þeim vinnuskóla, sem starfaði á yfirstandandi ári, voru 984 nemendur. Þetta er náttúrlega mikil bót að mínu mati. En hitt er þá á að líta, að þessi vinnuskóli hefur aðeins getað starfað þannig, að ungmennin hafa haft starf hálfan daginn, fyrir hádegi annan daginn og eftir hádegi hinn daginn. Við þennan skóla unnu 48 kennarar. Nemendunum var greitt nokkurt kaup. Eldri nemendur fengu 23 kr. á unna vinnustund, en yngri nemendur 20 kr. fyrir hverja vinnustund. Verkefnin voru skógræktarstörf í Heiðmörk, alls konar lagfæringar á lóðum og útivistarsvæðum í borginni, starf við íþróttavellina, starf á Korpúlfsstöðum að lagfæringu og hreinsun, eins í Saltvík, og yfirleitt störf, sem eru við hæfi þessa aldursflokks. Ég læt þessa hér getið vegna þess, að það má gjarnan geta þess, sem vel er gert, en jafnframt er það ljóst, að þetta er engan veginn nægilegt. Yngra fólk en 14 ára hefur ekki aðgang að þessum skóla og engri starfsemi á vegum Reykjavíkurborgar. Það hefur farið í vöxt, að einkaheimili annast sumardvöl gegn greiðslu. Þetta getur verið ágætt. Það er mér kunnugt um. En annars staðar gengur þetta ekki eins vel og hygg ég, að það muni þá fyrst og fremst vera fyrir skort á leiðbeinendum. Í nýútkominni skýrslu barnaverndarnefndar Reykjavíkur er frá því skýrt, að nefndin hafi beitt sér fyrir því, að út var gefinn bæklingur með leiðbeiningum um gæzlu sumardvalarbarna. Þennan bækling samdi frú Áslaug Sigurðardóttir í Vík í Skagafirði, sem hefur margra ára reynslu í þessum málum og hefur að allra dómi leyst þau afburða vel af hendi. Þar með tel ég víst, að þessi bæklingur sé út af fyrir sig eins vel gerður og hægt er að ætlast til, en augljóst er þó, að það eitt er ekki nóg að gefa út slíkan bækling. Það verður að mínum dómi að samræma þetta starf. Það verður að tryggja það, að fleiri kaupstaðarbörn fái sumardvöl en kost eiga á því núna, og það verður að tryggja það og hafa eftirlit með því, að sú sumardvöl sé sú heppilegasta, sem völ er á.

Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu um þessa tilhögun núna, enda fáir til þess að hlýða á hana. Vísa ég til þess, sem ég hef áður sagt um þetta efni, en vil beina þeirri eindregnu áskorun til hv. alþm., að þeir gefi sér nú tíma til þess að kynna sér þetta mál og helzt að fallast á efni till. með því að samþykkja hana eða þá láta til sín taka á einhvern annan hátt, en ekki leiða þetta mál hjá sér eins og það væri vandamál, sem ekki er til.

Ég legg til, herra forseti, að till. verði vísað til síðari umr. og hv. allshn. að lokinni þessari umr.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og til allshn. með 44 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var till. tekin til síðari umr. (A. 79, n. 376 og 381, 377).

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Eins og þskj. bera með sér, varð allshn. ekki sammála um afgreiðslu þessa máls. En eins og fram kemur í nál. hv. meiri hl., felst þessi ágreiningur ekki í efnishlið málsins, heldur í því, hverjir aðilar eiga fyrst og fremst að leysa það mál, sem þarna er um að ræða. Till. gerir ráð fyrir skipun nefndar af hálfu Alþingis og ríkisstj. til þess að taka til athugunar þessi mál um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn. Meiri hl. n. telur, að þetta mál eigi að vera hér eftir sem hingað til fyrst og fremst í höndum sveitarstjórnanna, og á því byggist sú rökstudda dagskrá, sem við flytjum hér á þskj. 381, og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Þar sem málefni það, er þáltill. á þskj. 79 fjallar um, er bezt komið í höndum sveitarfélaga hér eftir sem hingað til, telur þingið ekki rétt að samþykkja till. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég vil leggja sérstaka áherzlu á það, að ég tel, að þessi málaflokkur sé þess eðlis, að hann eigi að vera í höndum sveitarfélaganna. Ég hef áður látið í ljós þá skoðun mína almennt, að ég vildi efla sveitarfélögin, ég vildi frekar auka þau verkefni, sem þau hafa með höndum og þar með þá í sumum tilfellum jafnvel draga úr því, sem lagt er í hlut ríkisins. Og þetta mál er einmitt þannig vaxið, að það hefur alltaf verið í höndum sveitarfélaganna, en með því að fara nú að skipa nefnd af hálfu Alþ. og ríkisstj. til íhlutunar í þessu, þá teljum við, sem að þessari rökstuddu dagskrá stöndum, að sú stefna horfi ekki til heilla í þessu máli.

Við leggjum sem sagt til, að málinu verði vísað frá með þessari rökstuddu dagskrá.

Frsm. minni hl. (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Till. til þál. á þskj. 79 um sumardvalarheimili fyrir kaupstaðarbörn er flutt af hv. 11. þm. Reykv., Einari Ágústssyni, hv. 1. þm. Vestf., Sigurvin Einarssyni, og hv. 3. þm. Norðurl. e., Ingvari Gíslasyni, og hefur till. sama eða svipaðs efnis áður verið flutt á Alþ. og ekki hlotið afgreiðslu, a. m. k. ekki jákvæða. Allshn. hefur haft þetta mál til umsagnar alllangan tíma, eins og sjá má af því, að það er 71. mál þingsins, og var talið rétt að leita álits hlutaðeigandi aðila um þetta mál. Það varð niðurstaða í n. að senda málið til umsagnar barnaverndarráði Íslands, fræðslumálastjóra og bæjarstjórnum fjögurra fjölmennustu kaupstaðanna í landinu, Reykjavíkur, Kópavogs, Akureyrar og Hafnarfjarðar, og tel ég þá hér upp í fjölmennisröð.

N. hafa borizt svör og umsagnir frá öllum þessum aðilum nema einum, og þessi eini aðili, sem ekki sendi umsögn, er borgarstjórnin í Reykjavík. Umsagnirnar frá kaupstöðunum þrem og barnaverndarráði eru dagsettar í desember, og umsögn fræðslumálastjórans snemma í janúarmánuði. Það er skemmst af því að segja, að þessar umsagnir eru allar jákvæðar, og má segja, að þeir aðilar, sem þarna hafa verið spurðir og svarað hafa og ætla verður, að eigi mikinn hlut að máli, séu því meðmæltir, að till. verði samþ., þótt það sé orðað á misjafnlega ákveðinn hátt. Bæjarstjórn Kópavogs segir t. d.: „Bæjarráð mælir með till." Bæjarstjórn Akureyrar sendir samþykkt bæjarráðs, þar sem segir: „Bæjarráð leggur til, að bæjarstjórn mæli með samþykkt þáltill." Og bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar sendir einnig frásögn af fundargerð bæjarráðs, þar sem segir: „Bæjarráð f. h. bæjarstjórnar lýsti því yfir, að það sé hlynnt því, að nefnd sú, sem um getur í till., verði skipuð." Fræðslumálastjóri, Helgi Elíasson, segir í lokin: „Ég er meðmæltur því, að gerð verði athugun sú, er felst í nefndri þáltill." Og barnaverndarráð Íslands sendir einnig jákvæða umsögn, en þar kemur fram ákveðin bending um skipun nefndarinnar og minni hl. allshn. gerir það að till. sinni, að till. verði breytt með hliðsjón af því, sem barnaverndarráð segir um það mál, og er brtt. minni hl. prentuð á þskj. 377. Hún er um aðra skipan nefndarinnar en gert hafði verið ráð fyrir. Að öðru leyti er till. óbreytt.

Ég skal ekki tala hér langt mál um þessa till. að öðru leyti. Það er alkunna, að skortur á möguleikum foreldra eða annarra forsjármanna til að koma börnum í sumardvöl í sveit er vaxandi vandamál í kaupstöðum og kauptúnum landsins og þá ekki síst í Reykjavík. Börnum, sem þurfa að komast í sveit, fjölgar stöðugt vegna vaxandi íbúatölu kaupstaðanna, en sveitaheimilum fækkar á sama tíma og geta þeirra til að taka á móti aðkomubörnum í annríki sumarsins er takmörkunum háð. Vegna vélvæðingarinnar á sveitabæjunum eru verkefni við hæfi barna færri þar en þau áður voru. Flestir munu vera sammála um það, að sumardvöl þéttbýlisbarna í sveit sé til þess fallin að styrkja heilsu þeirra og yfirleitt æskileg af uppeldisástæðum, enda hafa börn, sem eru komin vel á legg, yfirleitt löngun til að njóta sumarsins á þennan hátt. Og þar sem hér er í raun og veru um uppeldismál að ræða að verulegu leyti, a. m. k. að mínum dómi, þá er vitanlega ekkert óeðlilegt við það, að þjóðfélagið í heild hafi afskipti af þessu eins og skólakennslu og öðrum uppeldismálum. Í seinni tíð hafa ýmis félög innt af hendi ýmiss konar hjálparstarf á þessum sviðum og bæjarfélög hafa einnig nokkuð lagt hér hönd að verki, eins og hv. frsm. meiri hl. sagði, en hann dró af því ályktun, sem mér finnst í meira lagi hæpin. En betur má, ef duga skal, enda hér um svo víðtækt verkefni að ræða, að eðlilegt má telja, að þjóðfélagið hafi um það nokkra forustu, að kannaðir verði til hlítar þeir möguleikar, sem fyrir hendi kunna að vera eða geta orðið til að leysa sumardvalarmál barnanna, og þá auðvitað í samráði við hlutaðeigandi aðila. Ég vil alveg sérstaklega benda á það, að sumir þeir möguleikar, sem þarna er um að ræða, eru þannig vaxnir, að til þess að nýta þá þarf að koma til samstarf ríkis og sveitarfélaga og þá þeirra félaga annarra, sem láta sig þessi mál varða. Þess vegna er það í alla staði eðlilegt, að ríkið hafi hér afskipti af, og þar sem við í minni hl. lítum á þetta mál sem stórt þjóðfélagsmál, þá teljum við einnig af þeim ástæðum, að það sé alveg rétt athugað hjá flm. till., að þjóðfélagið eigi að taka hér nokkra forustu, er verða mætti að liði í þessu vandamáli.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Mér finnst ástæða til að vekja alveg sérstaka athygli á afgreiðslu hv. meiri hl. allshn. á þessu máli. Í nál. segja þeir meirihlutamenn:

„Ekki skal dregið úr mikilvægi þess málefnis, er till. fjallar um. Þvert á móti viljum við undirstrika það, en teljum, að samþykkt till. yrði sízt til bóta."

Þeir telja málið mikilsvert, og þeir vilja undirstrika það, hvað málið er mikilsvert, en niðurstaðan er, að málinu skuli vísað frá. Þegar allir, sem spurðir voru og svöruðu, leggja til, að hún verði samþ. og meiri hl. n. er þeirrar skoðunar, að hér sé um mikilvægt mál að ræða, og það er undirstrikað sérstaklega, þá komast þeir að þeirri niðurstöðu, að málinu skuli vísað frá. Þetta er eftirtektarverð afgreiðsla á máli að mínum dómi. Þeir segja í nál. sínu, rökstuddu dagskránni:

„Þar sem málefni það, er þáltill. á þskj. 79 fjallar um, er bezt komið í höndum sveitarfélaga hér eftir sem hingað til, telur þingið ekki rétt að samþykkja till. og tekur fyrir næsta mál á dagskrá."

Í till. er ekki farið fram á það, að ríkið stofni til þessarar starfsemi. Till. fer ekki fram á neitt annað en að það sé sett í þetta nefnd, sem athugi málið og geri sínar till. til Alþ. 1. mgr. till. er á þessa leið: Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að skipa fimm manna nefnd til þess að gera till. um stofnun sumarheimila í

sveitum, o. s. frv. Það stendur ekkert um það í till., að ríkið eigi að fara að stofna þessi sumarheimili. Það gat vel verið, að þessi nefnd hefði komizt að þeirri niðurstöðu, að sveitarfélögin ættu að gera það. En samt kemst meiri hl. n. að þeirri niðurstöðu, að það komi ekki til mála að samþykkja till. Ég held, að hér sé einhver sú fáránlegasta afgreiðsla á till. miðað við rökstuðninginn og dagskrána, sem ég hef heyrt í langa tíð. Að viðurkenna réttmæti málsins og undirstrika nauðsyn þess, hvað það sé mikilvægt, og komast svo að þeirri niðurstöðu, að till. skuli vísað frá. Þetta vildi ég sérstaklega undirstrika og vekja athygli hv. þm. á, af því að þetta er svo óvenjulegt. Að öðru leyti hef ég ekkert um það að segja annað en það, að auðvitað meina þeir meirihlutamenn ekkert með þessu, sem þeir eru að tala um, að málið sé mikilvægt. Þeim hefði aldrei dottið í hug að koma með till. um að vísa málinu frá, ef þeir hefðu talið það mikilvægt. Þetta er ekkert annað en yfirskin. Að vilja ekki láta nefnd athuga málið, en segja samt, að það sé mjög mikilvægt, sýnir, að engin alvara er á bak við og slíkt álit met ég ekki mikils.

Frsm. meiri hl. (Jónas Pétursson): Herra forseti. Við hugsum sjálfsagt eitthvað svolítið á *mismunandi vegu, við hv. 1. þm. Vestf. og ég.* Ég á nefnilega auðvelt með að samrýma það í minni vitund, að mál geti verið mikilvægt, þó að það geti verið betur komið í höndum annars aðila en ríkisins. Hér er alls ekki um nýtt mál að ræða. Eins og fram kemur bæði í okkar nál. og í aðaltillögunni, og eins og allir vita, er þetta eitt af þeim málum, sem eru og hafa lengi verið í framkvæmd hjá mörgum sveitarfélögum, stærri sveitarfélögum í landinu, kaupstöðunum fyrst og fremst og einnig mun það hafa verið í nokkrum þorpum, að hlutast til um að koma börnum úr þéttbýlinu til sumardvalar í sveitum. Fyrst var það kannske beint á venjuleg sveitaheimili, en í seinni tíð hafa í vaxandi mæli verið sett á stofn sérstök heimili, þar sem börnin geta dvalið. Og ég vil bara árétta það, að það dregur engan veginn úr mikilvægi þessa máls, þó að við teljum, að framkvæmd þess verði hér eftir sem hingað til bezt komin í höndum sveitarfélaganna. Það sýnir aðeins það, að við, sem skipum þennan meiri hl. n., berum í þessu efni a. m. k. eins mikið eða meira traust til sveitarfélaganna og sveitarstjórnanna til þess að sjá um framkvæmd þessa máls.

Það er oft haft á orði og ekki alveg að ástæðulausu, að nefndarskipanir í ýmsum málum hafi sízt orðið til þess að greiða fyrir lausnum. Þær hafa oft orðið til þess meira að segja að tefja fyrir framkvæmdum. Og mér er ekki alveg grunlaust um, að það kynni a. m. k. að geta haft þær afleiðingar — eða samþykkt þessarar till., — að í sumum tilfellum mundu sveitarstjórnir telja, að ríkisvaldið væri að taka þetta mál að sér, og mundu þar af leiðandi e. t. v. eitthvað draga úr því starfi, sem þær ella mundu beina að þessu efni.

Ég vil þess vegna mótmæla því alveg eindregið, að við gerum okkur ekki fulla grein fyrir mikilvægi þessa máls, og það er af fullum heilindum, fullri ábyrgð, sem því er haldið fram, sem dagskráin byggist á, að þetta mál sé bezt komið í höndum sveitarstjórnanna og sveitarfélaganna hér eftir sem hingað til.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sýndi fram á það áðan, að hér væri ekki verið að fara fram á neinar stofnanir eða fjárframlög af ríkisins hálfu að öðru leyti en því að skipa þessa einu nefnd til að undirbúa málið, og gera það í samráði við kaupstaði og kauptún í landinu. Þetta er það, sem till. fer fram á og ekkert annað. Ég kalla það þess vegna lítil heilindi að segja, að málið sé mikilvægt og undirstrika það sérstaklega og leggja svo til, að því sé vísað burt. Hv. þm. nefndi það, að það hefði oft komið fram og hann væri þeirrar skoðunar, að nefndir væru skipaðar til þess að svæfa mál og hindra, að mál komist fram. Ég vil nú biðja einhvern hv. þm. að koma þessum skilaboðum beint til ríkisstj., hvort hún kannist nokkuð við þetta. Það er stuðningsmaður hennar, sem bendir á þetta.

Ég held, að hér sé um uppeldismál að ræða, sem hefði ekki verið til of mikils mælzt, að ríkisstj. *hefði stutt að, að yrði komið á betri* grundvöll og á skipulegan hátt unnið að því í landinu, eins og hérna er lagt til, alveg án tillits til þess, hvort ríkið geri þetta eða sveitarfélögin geri það eða báðir þessir aðilar geri það í sameiningu, hvort heldur sem yrði. Þetta er svo mikið menningarmál fyrir kaupstaðarbörnin og unglingana, að ég tel það kæruleysi að vilja heldur láta þessi börn hafast við á götum kaupstaða og höfuðborgar heilu sumrin en að gera eitthvað í þá átt að koma þeim út í náttúruna til heilbrigðari viðfangsefna. Þess vegna finnst mér afgreiðsla hv. meiri hl. svo lágkúruleg, að engu tali tekur.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 44. og 45. fundi í Sþ., 10. og 15. apríl, var till. tekin til frh. síðari umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

11. Rannsóknarstofnun í áfengismálum.

Á deildafundum 6. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um rannsóknarstofnun í áfengismálum [72. mál] (A. 81).

Á 14. og 16. fundi í Sþ., 19. og 26. nóv., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Sþ., 2. des., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessi till. okkar hv. 1. þm. Vestf. hefur verið flutt áður, flutt síðla á síðasta þingi, en varð þá ekki útrædd. Ég þarf nú ekki að eyða löngum tíma í ræðuhöld vegna þessarar till., vegna þess að í fyrra, þegar ég mælti fyrir till., hafði ég um hana mjög ítarlega framsögu auk þess, sem grg. fyrir till. skýrir nákvæmlega það, sem fyrir okkur vakir. En ég vil þó til upprifjunar minna hv. þm. á það, sem helzt felst í þessari till. En það er að fela ríkisstj. að koma upp rannsóknarstofnun í áfengismálum, sem hafi það hlutverk að vinna að vísindalegum rannsóknum á áfengismálum, bæði félagslegum og læknisfræðilegum rannsóknum. Kannaðir verði í þessu sambandi möguleikar á samstarfi við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina, og höfð verði, eftir því sem ástæða þykir til, hliðsjón af áfengismálarannsóknum á Norðurlöndum. Verja skal til starfsemi þessarar og henni til undirbúnings, að svo miklu leyti, sem til hrekkur, þeim hluta af tekjum gæzluvistarsjóðs, sem ætlaður er til rannsókna á orsökum, eðli og meðferð drykkjusýki samkv. 17. gr. laga nr. 39 1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra. Að öðru leyti gerir till. ráð fyrir, að ríkissjóður kosti þessa starfsemi af ágóða sínum af einkasölu á áfengi. Eins og öllum er kunnugt, hefur ríkissjóður mjög verulegar tekjur af áfengissölu, eða að því er ég ætla um 4–500 millj. kr. á ári. Það væri því ekki of í lagt, þó að ríkissjóður léti nokkuð af hendi rakna til þess að vinna gegn því böli, sem ofneyzla áfengis óneitanlega hefur í för með sér. Eins og kemur fram í grg. með þessari till., þá er upphaf þessa máls það, að kosin var á Alþ. 1964 nefnd sjö alþm. til þess að rannsaka svo sem verða mætti ástandið í áfengismálum þjóðarinnar. Formaður í þessari nefnd var Magnús Jónsson, núverandi fjmrh., enda var hann flm. þeirrar till., sem að þessu laut. En aðrir nm. voru úr þingflokkunum. Þessi nefnd skilaði skýrslu til dómsmrh. árið 1966, eftir u. þ. b. tvö ár, allítarlegri skýrslu, og þessi skýrsla var síðan prentuð sem fylgiskjal með frv. til l. um breyt. á áfengislögum, sem lagt var fyrir Alþ. 1966. Ég ætla ekki að rekja allt efni þessarar skýrslu áfengismálanefndar, en í henni er að finna margt, sem að gagni mætti verða og til upplýsingar um ástand í áfengismálum, eins og það var, þegar nefndin var að störfum. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ástandið í áfengismálunum á Íslandi var á margan hátt mjög slæmt og að við Íslendingar byggjum við margvíslegt áfengisböl. Nefndin formaði nokkrar ábendingar og till. til úrbóta í áfengismálum og meðal þeirra tillagna, sem e. t. v. voru einna nýstárlegastar og nefndin lagði ákaflega mikla áherzlu á, var sú till., að efnt yrði til vísindalegra áfengismálarannsókna hér á landi, bæði félagslegra og læknisfræðilegra, og nefndin benti einnig á, að rétt væri að kanna möguleika á því, hvort hægt væri að hafa samvinnu við Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina í Genf um þessar rannsóknir.

Þess má geta, að áfengismálarannsóknir hafa átt sér stað á Norðurlöndum, nágrannalöndum okkar, og þar hefur verið komið upp alveg sérstökum stofnunum, sem hafa með þessi mál að gera. Þannig er það í Finnlandi, að finnska áfengiseinkasalan kostar og rekur á sínum vegum sérstaka áfengismálastofnun, og er óhætt að fullyrða, að Finnar séu fremstir í flokki þeirra þjóða, sem rannsakað hafa áfengismálin frá mjög víðtæku sjónarmiði, bæði læknisfræðilegu og félagsfræðilegu. Einkum og sér í lagi hefur finnska áfengismálastofnunin á vegum áfengiseinkasölunnar þar fengizt við að rannsaka félagslegar afleiðingar ofneyzlu áfengis. Í Svíþjóð starfa tvær merkar læknisfræðilegar stofnanir að rannsóknum á áfengismálum, Institutionen för teoretisk Alkoholforskning og Alkoholklinik í Karólinska geðsjúkrahúsinu í Stokkhólmi. Sama er að segja um Dani, þeir hafa komið upp hjá sér stofnun, sem heitir Socialforsknings Institut. Þessi stofnun hefur m. a. með að gera áfengismálarannsóknir og hefur látið framkvæma mjög víðtækar áfengismálarannsóknir í Kaupmannahöfn. Í Noregi er sömu sögu að segja, að þar er til stofnun, sem heitir Statens Institutt for Alkoholforskning og hefur þessi stofnun einnig haft með höndum allumfangsmiklar áfengismálarannsóknir í u. þ. b. 10 ár eða jafnvel lengur. Þá er þess að geta, að á vegum Norðurlandaráðs var stofnuð norræn áfengismálarannsóknarnefnd árið 1959. En af einhverjum ástæðum, sem mér eru ókunnar og ég hef ekki fengið upplýstar, voru Íslendingar ekki aðilar að þessari nefnd. En þessi norræna rannsóknarnefnd beitti sér upp úr 1960 fyrir samræmdum athugunum á drykkjuvenjum ungmenna í höfuðborgum Norðurlanda, öllum nema Reykjavík. Niðurstöður þessara rannsókna liggja fyrir í prentuðu máli, og eru e. t. v. til hér í Alþ. Í sambandi við þetta mál þykir mér rétt að geta um álit dr. Tómasar Helgasonar prófessors, sem er án efa okkar fremsti sérfræðingur í þessum efnum. Hann lét það í ljós við áfengismálanefnd Alþ. á sinni tíð, að eitt af því brýnasta, sem nú þyrfti að gera í sambandi við áfengismálin í landinu, væri frekari rannsóknir á drykkjuháttum fólks hér á landi og þá sérstaklega drykkjuháttum mismunandi aldurshópa: hvernig þeir hafa hafið drykkju, hvenær þeir drekka, hve mikið, hve lengi og ekki síst hvers vegna hver einstakur drekkur til að byrja með, eins og prófessorinn segir, og hann segir jafnframt, að þegar niðurstöður slíkra rannsókna liggi fyrir, þá fyrst sé að vænta þess, að hægt verði að koma á kerfisbundnum vörnum gegn drykkjusýkinni. Nú hefur dr. Tómas Helgason látið eitt og annað frá sér fara varðandi þetta mál, m. a. hefur hann reynt að gera sér grein fyrir því, hversu margir drykkjusjúklingar og ofdrykkjumenn séu í landinu. Hann segir raunar í skýrslu eða bréfi til áfengismálanefndar, að þetta þurfi að kanna miklu betur og fá skýrt úr því skorið, hversu margir þessir sjúklingar séu, en hann hefur með sérstökum líkindareikningi, sem ég

kann ekki að gera fullkomna grein fyrir, komizt að þeirri niðurstöðu, — þetta var fyrir u. þ. b. fimm árum, — að eiginlegir drykkjusjúklingar í landinu, eins og hann kallar það, muni vera um 1450 karlar og að auki um 140—150 konur. En ofdrykkjumenn, hann gerir hér greinarmun á þessu tvennu, drykkjusjúklingi og ofdrykkjumönnum, — telur hann alls munu vera í kringum 2300. Prófessorinn hefur uppi þá skýrgreiningu á orðinu drykkjusjúklingur, að það sé ofdrykkjumaður, sem er orðinn svo háður áfengi, að áfengið hefur valdið greinilegum skapgerðarbreytingum, eða er farið að hafa áhrif á andlegt og líkamlegt heilsufar, samskipti við aðra eða félagslega og fjárhagslega afkomu, eða sá, sem sýnir þau einkenni, að yfirvofandi sé, að áfengið hafi þessi áhrif. Prófessorinn bendir á, að ofdrykkjumenn séu 2300, en hann nefnir þessari tölu til samanburðar, að 75% örorkulífeyrisþega séu á þessum tíma, þegar athugun hans fer fram, 3500, þannig að það má hverjum vera ljóst, að hér er um verulegt heilsufarsvandamál að ræða, og á öðrum stað segir prófessor Tómas líka, að drykkjusýkin og ofdrykkjan sé geðsjúkdómur, sem þurfi að meðhöndla af sérfræðingum í geðsjúkdómum.

En sem sagt, herra forseti, ég skal ekki hafa öllu fleiri orð um þetta efni. Ég hef þegar áður talað ítarlega fyrir þessu, en ég vænti þess, að þetta mál fái greiðan gang gegnum þingið, komist til n. Ég vil geta þess, að um það bil sem ég var að fara á þennan fund, skaut því að mér vegfarandi, að hér í borginni starfaði félagsskapur ungra manna, sem ég held, að nefnist Tenglar, og hafa þeir mikinn áhuga á þessu máli. Vil ég í því sambandi minna hv. n., sem fær þetta til athugunar, á að hafa samband við þennan félagsskap, þessa ungu menn, sem af áhuga starfa að þessum málum, sem einmitt till. fjallar um. Ég vil svo að lokum leggja til, herra forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og til allshn. með 45 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

12. Framkvæmd skoðanakannana.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framkvæmd skoðanakannana [82. mál] (A. 91).

Á 14., 16., 17., 18. og 30. fundi í Sþ., 19. og 26. nóv., 2. og 3. des. og 14. jan., var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var till. enn tekin til fyrri umr.

Flm. (Ólafur Björnsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 91 að flytja svo hljóðandi þáltill., með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar, að kosin skuli 5 manna nefnd að viðhafðri hlutfallskosningu í Sþ., er framkvæmi athugun á því, hvernig skoðanakannanir verði bezt framkvæmdar með tilliti til þess, að niðurstaða þeirra leiði í ljós sem bezt má verða vilja þess hóps, er skoðanakönnunin tekur til. Skal hlutverk nefndarinnar vera tvíþætt. Í fyrsta lagi að gefa út leiðbeiningar um það, hvaða grundvallarreglum beri að fylgja við framkvæmd skoðanakannana, þannig að þær gefi sem réttasta mynd af því, hvaða skoðun sé ríkjandi meðal þess hóps, er könnunin nær til. Í öðru lagi skal nefndin athuga, hvort grundvöllur mundi vera fyrir því, að komið yrði á fót stofnun, er gegndi því hlutverki að framkvæma skoðanakannanir á hlutlausan hátt, annaðhvort að eigin frumkvæði eða fyrir aðra, er til stofnunarinnar kynnu að leita, og með hverjum hætti eðlilegt væri, að hið opinbera stuðlaði að því að koma henni á fót."

Þessari þáltill. fylgir allítarleg greinargerð og hef ég í rauninni ekki svo miklu við hana að bæta, en þar sem ég hef orðið var við, að nokkurs misskilnings hefur gætt í sambandi við þessa till., þó að það hafi að vísu komið meira fram í einkaviðtölum við áhugamenn um þessi efni en á opinberum vettvangi, þá tel ég þó rétt að bæta við þetta nokkrum orðum, ef verða mætti til þess að skýra nánar en gert er í grg. fyrir hv. þm., hvað það er, sem fyrir mér vakir. Það er þá e. t. v. rétt að byrja á því, vegna þess að því efni eru ekki beinlínis gerð skil í grg., að skilgreina það, hvað ég á við með skoðanakönnun. Eins og felst í orðinu þá er með þessu átt að mínu áliti við það, að kanna fylgi meðal almennings, annaðhvort við ákveðnar hugmyndir eða ákveðna einstaklinga. Eins og kunnugt er, þá fara öðru hverju fram skoðanakannanir í Bandaríkjunum, sem eiga að sýna vinsældir þær, sem Bandaríkjaforseti nýtur á hverjum tíma, eða kanna fylgi manna við ákveðna stjórnmálastefnu. En sú spurning vaknar þá eðlilega, hvaða munur sé á skoðanakönnunum og kosningum, því að eru kosningar ekki líka fylgiskannanir? Að mínu áliti er svarið við þessu á þann veg, að sé skoðanakönnun eða niðurstöður hennar bindandi fyrir ákvarðanir, sem teknar verða um það málefni,

sem hún nær til, þannig að vald liggur skoðanakönnuninni að baki, þá sé rétt að tala um kosningar. En sé tilgangurinn aðeins sá að fá upplýsingar um skoðanir eða vilja þess hóps, sem könnunin nær til, án þess að um skuldbindingu sé að ræða til þess að taka tillit til niðurstöðunnar, þá er um eiginlega skoðanakönnun að ræða. Oft eru þó óglögg skil þarna á milli, t. d. ef niðurstöður skoðanakönnunar eru raunverulega látnar ráða úrslitum um þær ákvarðanir, sem eru teknar, þó að ekki hafi verið gefnar fyrir fram yfirlýsingar um, að svo skuli vera. Annað atriði má líka benda á í þessu sambandi, sem leiðir af mismunandi tilgangi skoðanakannana og kosninga, en það er mismunandi afstaða til áróðursstarfsemi. Þegar um eiginlegar skoðanakannanir er að ræða, gefur það auga leið, að áróðursstarfsemi þjónar ekki neinum skynsamlegum tilgangi, og hljóta þær reglur, sem fylgt er við framkvæmd skoðanakönnunarinnar, því að miðast við að útiloka, að áróðursstarfsemi hafi áhrif á niðurstöðurnar eða a. m. k. að torvelda slíka starfsemi svo sem unnt er. Þegar um kosningar er að ræða hins vegar, þá geta menn að vísu haft mismunandi skoðanir á því, hvort áróður sé æskilegur eða ekki, en hann er þó a. m. k. að jafnaði leyfður. Nú má auðvitað segja sem svo, að ef áróðurinn takmarkast við það eitt að gefa sannar upplýsingar, þá ætti auðvitað ekkert að vera við hann að athuga, en engum mun nú vera kunnugra og ljósara heldur en okkur þm., að sannleikurinn og áróðursstarfsemin á aðeins samleið að vissu marki, en út í það fer ég nú ekki nánar, því að það liggur utan við tilgang þessarar þáltill. Mest af þeim skoðanakönnunum, sem hér á landi hafa farið fram, hafa eins og kunnugt er verið á vegum einkaaðila, svo sem blaða, tímarita, fyrirtækja og félagasamtaka. Það er engan veginn ætlun mín, eins og ég raunar tel mig hafa tekið alveg skýrt fram í grg., að stofna til þess, að hið opinbera taki upp afskipti af slíku, enda getur tilgangur slíkra skoðanakannana verið mismunandi og oft annar en hinna eiginlegu skoðanakannana, eins og þær hafa verið skilgreindar hér. Stundum er þetta gert fólki til skemmtunar. Það á við um ýmsar skoðanakannanir, sem framkvæmdar eru á vegum blaða og tímarita. Stundum er þetta gert í áróðursskyni fyrir vissar hugmyndir og skoðanir o. s. frv. Sama máli gegnir um hinar svo kölluðu prófkosningar á vegum stjórnmálaflokkanna, sem eru á mörkum þess að vera skoðanakannanir eða kosningar, eftir því hver tilgangurinn er með þeim og á hvern hátt þær eru framkvæmdar. Það hef ég ekki haft í huga við flutning till., þó að vísu muni þess dæmi í nágrannalöndunum, að um slík prófkjör hefur beinlínis verið sett löggjöf, en slíks mundi ég ekki vera hvetjandi. Annað mál er svo það, að þeir aðilar, sem nú hafa verið nefndir, gætu á ýmsan hátt haft gagn af niðurstöðum þeirrar athugunar, sem þáltill. gerir ráð fyrir að framkvæmd verði, en þeim er auðvitað í sjálfsvald sett, hvort þeir vilja notfæra sér slíkt eða ekki. Það er þó ekki slík leiðbeiningarstarfsemi, sem fyrir mér hefur fyrst og fremst vakað með flutningi þessarar till., heldur hitt, að ég tel bæði líklegt og að ýmsu leyti æskilegt, að opinberir aðilar beiti skoðanakönnunum, til þess að hafa niðurstöður þeirra til hliðsjónar við ýmsar ákvarðanir, frekar en hingað til hefur verið gert. Þá virðist og vaxandi áhugi fyrir því, að þjóðaratkvgr. verði í ríkara mæli viðhafðar en nú er, sbr. þá þáltill., sem næst er á dagskrá á eftir minni till., og mér skilst, að útséð sé nú um að verði afgr. hér á hv. Alþ. og er ég í sjálfu sér fylgjandi þessari till. En þar sem um skylt málefni er að ræða, eins og vikið skal að hér á eftir, þá hef ég einmitt einnig haft þjóðaratkvgr. í huga. Um eiginlegar skoðanakannanir á vegum opinberra aðila hefur að vísu til skamms tíma ekki verið að ræða nema að takmörkuðu leyti, en þó hafa þær um alllangt skeið verið tíðkaðar í einni eða annarri mynd á einu tilteknu sviði stjórnsýslunnar, en það eru skólamálin. Ég minnist þess t. d., að fyrir einum 16—17 árum átti ég sæti í nefnd, sem hafði það verkefni að endurskoða námsefni, einkum þó á hinum lægri skólastigum. Við efndum í tilefni af því til allítarlegra skoðanakannana meðal kennara á hinum ýmsu skólastigum. Að vísu varð árangur af þeirri skoðanakönnun kannske ekki eins mikill og við höfðum vænzt, en ég hygg, að þarna sé ekki um neinn einstæðan atburð að ræða, og hygg jafnvel, að þetta hafi að undanförnu farið í vöxt á sviði skólamálanna. M. a. hefur, eins og kunnugt er, verið komið upp sérstakri skólarannsóknastofnun, sem, að því er ég bezt veit, hefur m. a. beitt sér fyrir skoðanakönnunum um ýmsa hluti, sem varða starfssvið hennar, eins og telja má í alla staði eðlilegt. Mér er það að vísu fjarri að halda því fram, að það skeri úr um réttmæti máls, að meiri hluti sé því fylgjandi — en það getur varla verið ágreiningur um hitt, að það geti verið mikilvægur liður í lýðræðislegum stjórnarháttum, — hvernig sem maður skilgreinir nú lýðræðið að öðru leyti, sem mjög má um deila, — að kynna sér skoðanir almennings á þeim málefnum, sem til lykta skal ráða. Það má líka benda á, að aðrar leiðir, sem farnar hafa verið til þess að kynna sér skoðanir almennings, s. s. fundahöld, eru erfiðari í framkvæmd en áður vegna tilkomu sjónvarps og ýmissa annarra hluta, sem gera það erfiðara en áður að fá fundasókn.

Þá ætla ég að leyfa mér í stuttu máli að víkja aftur að þjóðaratkvgr. Eins og ég sagði áðan, þá mun ég fylgja þeirri till., sem hér hefur verið lögð fram og allshn. Sþ. hefur mælt með, en við þá athugun, sem gert er ráð fyrir að fram fari samkvæmt þessari þáltill., gæti samþykkt þeirrar till., sem ég legg hér fram, að mínu áliti komið að miklu gagni. Ég tel hins vegar ekki, og tek það skýrt fram, að till. um þjóðaratkvgr. geti komið í stað minnar till., vegna þess að henni er eðlilega markað miklu þrengra svið en minni till. En einmitt varðandi þjóðaratkvgr. er sérstök ástæða til að kryfja til mergjar það vandamál, sem vikið er að í

niðurlagi grg. minnar fyrir þáltill., þar sem rætt er um örðugleika á því, að fá fram nokkurn meirihlutavilja, þegar um fleiri en tvo kosti er að velja. Þetta mál er tiltölulega einfalt, ef kjósa á mann í tiltekna trúnaðarstöðu, því að jafnvel þó að fleiri en tveir séu þá í framboði og meiri hl. náist ekki í fyrstu umferð, er alltaf hægt að þrengja kosninguna svo, að um tvo sé kosið að lokum, sbr. ákvæði þingskapa um kosningu forseta Alþ. Þarna getur því ekki verið neinn vafi á, hvor þessara tveggja aðila á meirihlutafylgi að fagna, nema í þeim tilvikum, sem auðvitað geta komið fyrir, að atkvæði séu jöfn, en þá er hlutkesti venjulega látið ráða, eins og kunnugt er. Sama máli gegnir, þegar málin liggja svo einfaldlega fyrir, að það eru aðeins tvær skoðanir, sem eru uppi, eins og þegar við deilum um það, hvort leyfa skuli áfengan bjór eða ekki, þá er þetta annaðhvort eða. En málin liggja ekki alltaf svo einfaldlega fyrir og mér finnst einmitt nærtækt dæmi um slíkt till. sú, sem afgreidd var hér á hv. Alþ. laust fyrir jólin og mikill styr stóð þá um. Þar á ég við aðild Íslands að EFTA. Í sambandi við þá till. kom, eins og kunnugt er, fram till. um að bera það mál undir þjóðaratkv., en hefði sú leið verið farin, hefði málið orðið flóknara. Ef ekki hefði verið um annað að ræða en að menn hefðu skipzt þarna í tvo hópa, þá, sem voru með EFTA-aðild, og þá, sem voru á móti EFTA-aðild, þá var málið auðvitað einfalt, en eins og hv. þm. er kunnugt, þá kom fram þriðja skoðunin á málinu. Þeir, sem þeirri skoðun héldu fram, hv. framsóknarmenn, töldu sig í sjálfu sér hlynnta EFTA-aðild, en málið væri ekki nægilega undirbúið og bæri að slá því á frest. Nú geta menn verið með þessu eða á móti, það ræði ég hér ekki, en þetta er þó þriðja skoðunin á málinu og hefði málið verið borið undir þjóðaratkv., þá hefði ekki verið neitt rúm fyrir slíka skoðun, eins og slíkar þjóðaratkvgr. eru að jafnaði framkvæmdar. Nú er ég ekki að segja, að þarna þurfi í sjálfu sér að vera um óleysanlegt vandamál að ræða, en þetta hlýtur að verða eitt þeirra vandamála, sem kryfja verður til mergjar, þegar taka á afstöðu til þess, í hve ríkum mæli sé æskilegt að heimila þjóðaratkvgr. Í öðrum málum getur það sama komið fram, og á það hefur verið bent af einum hv. þm. fyrr á þessu þingi í sambandi við prófkosningar flokkanna. Hv. 1. þm. Norðurl. e. benti á það, að mínu áliti alveg réttilega, nú fyrir skömmu, þegar hann hafði framsögu fyrir þáltill. um endurskoðun stjórnarskrárinnar, að prófkosningar mundu verða miklu auðveldari viðfangs, ef um einmenningskjördæmi væri að ræða. Þá er alltaf auðvelt að þrengja kosninguna, svo að það sé valið um tvo menn. Um þær reglur, sem fylgja á, getur þá ekki verið neinn ágreiningur og þessi fylgiskönnun, sem um er að ræða, hlýtur þá að leiða til ákveðinnar niðurstöðu. Miklu flóknara hlýtur þetta mál að verða, ef raða á mörgum mönnum á framboðslista. Þá yrði í fyrsta lagi spurningin um, hvaða reglum á að fylgja við slíka niðurröðun og kæmu þá e. t. v. til greina 100 reglur, sem allar geta verið jafngóðar í sjálfu sér, en geta leitt til mjög mismunandi niðurstöðu, fyrir utan það, að niðurstaðan getur orðið þannig bæði í þessu efni og í öðrum skyldum, að þrátt fyrir mikla þátttöku telji allir, að heildarniðurstaðan sé óhafandi. Það er spurningin um það, hvort í þessu tilviki er hægt að tala um nokkurn meirihlutavilja, sem ljóslega hlýtur alltaf að koma fram, þegar um aðeins tvo kosti er að ræða. En eins og ég tók fram, þá hef ég ekki haft slíkar kosningar að neinu leyti í huga, þegar ég flutti þessa till., en þetta verður þó viss angi af þessu máli, og þeir aðilar, sem fyrir slíku standa, gætu að mínu áliti haft gagn af niðurstöðum þeirrar athugunar, sem ég legg hér til að framkvæmd verði.

Að síðustu vildi ég aðeins víkja að spurningunni um skipan þessarar nefndar. Þar sem ég álít, að hér sé ekki um pólitískt mál að ræða, þá hafði það vakað fyrir mér, að þessi athugun yrði á sem breiðustum grundvelli, og eins og viðhorfin voru, þegar till. var lögð fram, hefði sú skipan, sem hér er lögð til, tryggt öllum þingflokkum sæti í þessari nefnd. Nú hefur þingflokkum fjölgað um einn eins og kunnugt er, en ég læt hv. þingnefnd um það að athuga það mál. Ef hún að öðru leyti yrði því hlynnt, að þessi athugun færi fram, þá er það ekki neitt aðalatriði, hve margir eru í nefndinni eða hvernig hún er skipuð, en ég vil þó tryggja það, að það sé á sem breiðustum grundvelli. Ég vil einnig taka það fram, að þó að hér sé að vísu lagt til, að Sþ. kjósi þessa nefnd, þá hefur það síður en svo vakað fyrir mér, að ég teldi sjálfsagt, að þar væru þm., sem sæti ættu í þessari nefnd. Þvert á móti tel ég eðlilegt, að nefndin yrði að verulegu leyti skipuð öðrum en þm., og ég held, þó að það hafi allt of lítið komið fram í sambandi við þær miklu umræður, sem orðið hafa um skoðanakannanir af ýmsu tagi að undanförnu, að ef vel er leitað, þá eigum við á að skipa ýmsum ungum og efnilegum mönnum, einmitt á sviði hinna ýmsu greina þjóðfélagsvísinda, sem taka m. a. þetta mál til meðferðar, sem færir væru um að upplýsa þessi mál betur fyrir almenningi en nú er yfirleitt gert. En samþykkt þessarar till. mundi greiða fyrir slíku að mínu áliti og jafnvel vera nauðsynleg, ef á mína skoðun í þessu efni yrði að öðru leyti fallizt.

Að lokum, herra forseti, legg ég til, að þessu máli verði vísað til hv. allshn.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og til allshn. með 36 shlj. atkv.

Nefndaráliti frá meiri hl. allshn., á þskj. 522, var útbýtt 10. apríl, en till. var ekki á dagskrá tekin framar.

13. Skólasjónvarp.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var útbýtt:
Till. til þál. um skólasjónvarp [87. mál] (A. 97).

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 14., 18. og 30. fundi í Sþ., 19. nóv., 3. des. og 14. jan., var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var till. enn tekin til einnar umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 38 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

14. Þátttaka almennings í íþróttum.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um, að menntmrh. beiti sér fyrir hreyfingu til að auka þátttöku almennings í íþróttum [97. mál] (A. 115).

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 30., 32., 37., 38., 39., 44. og 46. fundi í Sþ., 14. og 28. jan., 4., 11. og 18. marz og 10. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

15. Áætlun um ferðamál.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um þriggja ára áætlun um ferðamál [98. mál] (A. 116).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

16. Nefndastörf ráðherra.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um nefndastörf ráðherra [105. mál] (A. 127).

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 37., 38., 39., 42., 43., 44., 45. og 46. fundi í Sþ., 28. jan., 4., 11. og 18. marz og 1., 8., 10., 15. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

17. Úrsögn úr Atlantshafsbandalaginu og uppsögn varnarsamnings.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var útbýtt:
Till. til þál. um úrsögn Íslands úr Atlantshafsbandalaginu og uppsögn varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna [110. mál] (A. 133).

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 32., 37., 42., 43., 44. og 45. fundi í Sþ., 28. jan., 4. marz og 1., 8., 10. og 15. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

18. Réttindi sambúðarfólks.

Á deildafundum 4. des. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um réttindi sambúðarfólks [112. mál] (A. 136).

Á 19. fundi í Sþ., 5. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 36. fundi í Sþ., 2. marz, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Einar Ágústsson): Herra forseti. Þáltill. á þskj. 136 hljóðar þannig:
„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að láta endurskoða gildandi lög um lífeyrissjóði með samræmingu við ákvæði 57. gr. almannatryggingalaga um réttindi sambúðarfólks fyrir augum, eftir því sem við getur átt."
Efni þessarar till. er í stuttu máli það, að í almannatryggingalögum, áðurnefndri grein, segir, að sama rétt til bóta og hjón hafi einnig samkvæmt þeim lögum karl og kona, sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt barn saman eða konan er þunguð af völdum hans eða sambúðin hefur varað samfellt í tvö ár, og sama gildir um bótarétt þess, sem eftir lifir, þegar hitt deyr." Þessu er hins vegar ekki svona farið um þau réttindi, sem erfast eftir lögum um lífeyrissjóði. Þau eru æðimörg og ég hef talið þau upp í grg. frv., án þess að taka þó ábyrgð á því, að sú upptalning sé algerlega tæmandi. Mér sýnist, að hér sé um ósamræmi í tryggingalöggjöfinni að ræða og það sé ekki sanngjarnt, að t. d. kona, sem missir sambýlismann sinn frá ungum börnum þeirra, standi uppi alveg réttindalaus og eigi enga kröfu til þeirra réttinda, sem maðurinn var búinn að afla með greiðslum úr sameiginlegu búi þeirra til viðkomandi lífeyrissjóðs.
Ég skal engan dóm á það leggja, hvort búskapur karls og konu í svo nefndri óvígðri sambúð mundi minnka eða aukast, þó að þessi lagabreyting yrði gerð. Ég býst við, að önnur atriði ráði þar meira um, en mér sýnist, að hér sé misræmi í tryggingalöggjöfinni. Hefur raunar verið bent á það af ýmsum og þess vegna er nú þessi þáltill. fram borin.
Hér var um tvær leiðir af tefla. Þetta er einföld breyting, ákaflega einföld, á þeim lögum, sem um ræðir. Það hefði þess vegna alveg eins komið til greina að flytja frv. til breyt. á þeim lögum. En það hefðu orðið æðimörg frv. og til þess að spara Alþ. vinnu var horfið að því ráði, að flytja þessa þáltill. til þess að kanna hug þm. til þessa máls, sjálf framkvæmdin er einföld.
Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, nema sérstakt tilefni gefist, að hafa um þessa litlu till. fleiri orð hér. Ég leyfi mér að leggja til, að umr. verði frestað í dag og till. vísað til hv. allshn.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

19. Æðarrækt.

Á 25. fundi í Sþ., 17. des., var útbýtt:
Till. til þál. um stuðning við æðarrækt [133. mál] (A. 197).

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 37., 38., 39., 42., 43., 44., 45. og 46. fundi í Sþ., 4., 11. og 18. marz og 1., 8., 10., 15. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr. (A. 197, 325).
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

20. Varnir gegn sígarettureykingum.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um varnir gegn sígarettureykingum [143. mál] (A. 228).

Á 37., 38., 42. og 43. fundi í Sþ., 4. og 11. marz og 1. og 8. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. enn tekin til fyrri umr.
Enginn tók til máls.

Umr. (atkvgr.) frestað.
Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fram haldið fyrri umr. um till.

ATKVGR.
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og til allshn. með 39 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

21. Framfærsluvísitala fyrir hvern kaupstað.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var útbýtt:
Till. til þál. um sérstakan útreikning framfærsluvísitölu fyrir hvern kaupstað landsins um sig [147. mál] (A. 244).

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 42., 43., 44., 45. og 46. fundi í Sþ., 18. marz, 1., 8., 10., 15. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

22. Varnir gegn mengun.

Á deildafundum 27. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um ráðstafanir til varnar gegn mengun [151. mál] (A. 266).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 43., 44., 45. og 46. fundi í Sþ., 18. marz, 8., 10., 15. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

23. Hagkvæmni í smásöludreifingu mjólkur.

Á deildafundum 29. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um aukna hagkvæmni í smásöludreifingu mjólkur [157. mál] (A. 296).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39., 43., 44., 45. og 46. fundi í Sþ., 18. marz, 8., 10., 15. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

24. Almannatryggingar.

Á deildafundum 30. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun laga um almannatryggingar [159. mál] (A. 303).

Á 39., 43., 44. og 45. fundi í Sþ., 18. marz, 8., 10. og 15. apríl, var till. tekin til fyrri umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

25. Flugvöllur í Siglufirði.

Á deildafundum 2. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um framhaldsframkvæmdir við flugvöll í Siglufirði [162. mál] (A. 324).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44., 45. og 46. fundi í Sþ., 10., 15. og 22. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

---

26. Strandferðir.

Á deildafundum 3. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um strandferðir [169. mál] (A. 349).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég get haft stutta framsögu fyrir þessu máli, það hefur margoft verið rætt hér á hv. Alþ. og síðast í fyrravetur. Þá flutti ég ásamt fleiri þm. till. til þál. um svipað efni, þó að

hún væri ekki nákvæmlega eins upp byggð. Í fyrri lið þessarar till., sem hér er á þskj. 349, segir svo: „Alþ. ályktar að fela ríkisstj.: 1. Að láta gera áætlanir um byggingu og rekstur strandferðaskips til farþegaflutnings.“ Í fsp.-tíma fyrr í vetur hér í hv. Sþ. kom það í ljós, að hæstv. ráðh., sem þessi mál heyra undir, hefur ekki hugsað sér að láta gera slíkar kannanir, hann telur það ekki tímabært og ekki líklegt, að farþegaskip til strandsiglinga eigi rétt á sér. Flm. þessarar till. eru á öndverðri skoðun. Farþegaflutningar á sjó drógust mikið saman á sínum tíma, sumpart af eðlilegum ástæðum, flugið tók við af gömlu skipunum. En sumpart líka, vil ég segja, af óeðlilegum ástæðum þannig skoðað, að gömlu skipin voru ekki útbúin sem raunveruleg farþegaskip. Þau höfðu mikla vöruflutninga, gátu haft viðstöðu í höfnum allt upp í 9 klst. og af því leiddi, að þau voru á engan hátt fær um að sinna sínu hlutverki sem farþegaskip, eftir að flugið kom til sögunnar. Nú er hins vegar svo komið, að farþegaþjónusta í strandsiglingum er raunverulega alveg niður fallin. Það kemur í ljós, þegar Hekla hin nýja, sem er ágætt skip og annar miklum vöruflutningum, fer að sigla með ströndinni, að hún er svo lengi í förum og tefur svo lengi í höfnum, að næstum er hægt að segja, að hún veiti farþegum enga þjónustu. Það er allt upp í 9 klst. bið í höfn og jafnvel meira. Það segir sig sjálft, að slíku er ekki hægt að una. Fyrir farþega verða ákaflega takmörkuð not af skipi, sem þannig siglir.

Við flm. þessarar till. teljum alveg rangt að farið með þessari stefnu. Við bendum á það, að vetrarsamgöngur um strandhéruð, t. d. Austfirði og Vestfirði, eru mjög ófullnægjandi, á þeim tíma a. m. k., sem vetrarríki er mest, og þær hljóta að verða svo lengi, þrátt fyrir flug, því að flugið getur ekki tengt staði á ströndinni innbyrðis, þó að það tengi héruðin við höfuðstaðinn. Í öðru lagi má benda á það, að sumarhringferðir þær, sem upp voru teknar á sínum tíma með Esju og Heklu, voru ákaflega vinsælar og mjög mikið notaðar af ferðamönnum, bæði erlendum og innlendum, og raunar ekki síst af hinum erlendu. Það er alveg tvímælalaust, að þær ferðir juku fjölbreytni þeirrar þjónustu, sem erlendir ferðamenn nutu hér á landi. Og það er í æpandi ósamræmi hvað við annað, annars vegar allt okkar tal um að margfalda ferðamannastrauminn til landsins og svo þetta, að leggja niður þessa starfsemi, hringferðirnar. Ég held óhætt sé að fullyrða það, að á sumrin þá eru og verða næg verkefni fyrir farþegaskip. Það má ætla, að nokkuð megi lengja þennan sumartíma, en sem verkefni að vetrarlagi hef ég þegar bent á þjónustuna við strandbyggðina, fyrst og fremst Austfirði og Vestfirði á þeim tíma, þegar fannalög eru mest og erfiðastar samgöngur á landi. Og ég tel það engum vafa bundið, að unnt sé að finna mörg fleiri verkefni fyrir vandað og nýtízkulegt farþegaskip, ef reynslan leiðir í ljós, að þess er ekki þörf á ströndinni á öllum árstímum. Það kom aðeins fram, að mig minnir í fsp.-tíma, fyrr í vetur hér í þinginu, hvort ekki væri hugsanlegt að nota leiguskip til hringferða að sumrinu. Farþegaskip yrði þá fengið til leigu utanlands frá. Ég held, að þetta komi varla til greina. Far er pantað svo löngu fyrir fram, að það er varla hugsanlegt að byggja upp svona þjónustu nema hafa til þess fastan farkost, sem hægt er að byggja á, þannig að enginn sé í vafa um það í fyrsta lagi, að ferðum verði haldið uppi, og í öðru lagi, með hvernig skipi, svo að ég held, að þetta sé þegar af þeim ástæðum alveg dauðadæmd hugmynd. Þar að auki álít ég, að við eigum að sýna meiri stórhug í okkar siglingamálum og kosta kapps um að hafa í eigin höndum sem allra flesta þætti þeirra. Að mínum dómi var það mjög misráðið á sínum tíma, þegar ekki var komið í veg fyrir það, að við þyrftum að selja okkar eina oliuflutningaskip. Þar með lagðist sá þáttur í okkar sjóflutningum niður. Sama gildir nú, ég álít það mjög misráðið að leggja niður farþegaflutningana á þann hátt, sem gert hefur verið.

Um annan lið till. skal ég einnig vera fáorður. Hann fjallar um það, að hlutazt verði til um, að nú þegar verði hafizt handa um nauðsynlegar úrbætur á húsakosti og aðstöðu við hafnir í Reykjavík og annars staðar, þar sem þess er þörf til þess að ný vöruflutningaskip komi að sem fyllstum notum. Ég fullyrði, að aðstöðuleysi Skipaútgerðar ríkisins hér við höfnina í Reykjavík sé a. m. k. önnur meginorsökin til erfiðrar fjárhagsafkomu hjá fyrirtækinu á undanförnum árum. Þetta hefur verið og er hreint vandræðamál, hvernig þarna er að þessari starfsemi búið, og núna, þegar nýju skipin koma til sögunnar, Hekla nú þegar og hitt skipið væntanlegt alveg á næstunni, álítum við flm. þessarar till., að þetta vandamál verði enn meira aðkallandi en nokkurn tíma áður, vegna þess að sú stórkostlega flutningageta, sem þessi skip hafa yfir að ráða, nýtist aldrei að fullu, nema bætt sé úr þessu. Tvö jafnágæt vöruflutningaskip og hér eru á ferðinni eiga að geta annað vöruflutningum á ströndina prýðilega. Þetta eru auðvitað dýr tæki, en það held ég að verði þó dýrast, ef þau eru ekki nýtt að fullu og áfram heldur það, sem ég vil kalla óeðlilega mikla flutninga eftir öðrum og margfalt dýrari leiðum. Flm. telja ástæðu til þess, að Alþ. tjái vilja sinn um þau efni, sem till. fjallar um.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

ATKVGR.

Till. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

27. Staðgreiðsla opinberra gjalda.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um undirbúning löggjafar um staðgreiðslu opinberra gjalda [175. mál] (A. 370).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var till. tekin til einnar umr.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Á árinu 1966 var lögð fram hér á hinu háa Alþ. yfirlitsskýrsla eða grg. frá fjmrn. varðandi staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Var sú skýrsla saman tekin til þess að hv. alþm. gætu gert sér til hlítar grein fyrir því, eða a. m. k. til nokkurrar hlítar, í hverju þetta kerfi væri fólgið, hver reynsla hefði af því orðið, og þá eftir atvikum markað stefnu um það, hvort rétt væri að taka upp það kerfi hér á landi eða ekki. Það hefur lengi verið á dagskrá víða, að rétt væri að stefna að því að taka upp staðgreiðslukerfi hérlendis, svo sem gert hefur verið í allmörgum löndum í vaxandi mæli, en hins vegar var það jafn ljóst, að hér er um mjög flókið mál að ræða, sem bezt sést á því, að í ýmsum löndum hefur það tekið mörg ár að koma kerfinu á, frá því að það var samþ. og stafar það fyrst og fremst af því, hversu mikilla breytinga var þörf á gildandi skattheimtukerfi og mikillar kynningar var þörf á þessu nýja kerfi. Till. sú, sem þá var lögð fram og fylgdi þeirri grg., er ég gat um af hálfu rn., var um það, að Alþ. markaði stefnu í þá átt, að rétt væri að vinna að því að innleiða slíkt kerfi, og að ríkisstj. yrði falið að vinna að frekari undirbúningi málsins. Alþ. kaus þá aðferð, sem ég að sjálfsögðu hafði ekkert á móti, að rétt væri heldur að setja í þetta mþn., og var gerð um það ályktun í aprílmánuði 1967, að kosin skyldi sjö manna nefnd, sem tæki þetta mál til frekari athugunar, kannaði efnið í einstökum atriðum og leitaði álits þeirra aðila, sem málið fyrst og fremst varðar, bæði sveitarfélaga, vinnuveitendasamtaka og verkalýðssamtaka, og síðan var í lokum þeirrar till. svo að orði komizt, að „leiði athuganir þessar og viðræður til jákvæðrar niðurstöðu og samkomulags um viðhlítandi kerfi, skal ríkisstj. undirbúa nauðsynlega löggjöf í því sambandi.“ Þessi nefnd hefur síðan starfað undir forustu Ólafs Björnssonar prófessors. Þar sem þetta var þingkjörin nefnd, taldi rn. það ekki vera á sínu valdi eða ekki vera í sínum verkahring, að leggja neinar nánari línur fyrir nefndina eða ráða neinu um starfstilhögun hennar eða vinnubrögð. Nefnd þessi skilaði áliti fyrir ekki alllöngu síðan með þeim hætti, sem eðlilegt var. Það var nú um áramótin, að skýrsla um málið var afhent forsetum Alþ. og nál. þá hér útbýtt, þannig að hv. þm. hefur gefizt kostur á því nú um alllangt skeið að kynna sér niðurstöður þessa nál. og marka sér þá væntanlega skoðanir um það, hvernig rétt væri að þessu máli að standa, og hvort afstaða þeirra þá, eftir að hafa kynnt sér þetta mál í einstökum atriðum, svo sem það liggur fyrir í skýrslunni, leiddi til jákvæðrar niðurstöðu eða ekki.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég álít, að þessi nefnd hafi unnið mjög mikið og gott verk og hún hafi kannað þetta mál til svo mikillar hlítar, að það eigi að vera hægt að gera sér fullkomlega grein fyrir því, hvort hér sé samkv. tillögum nefndarinnar farið inn á rétta braut eða ekki, og hvort kerfið muni hafa þær afleiðingar, sem menn hafa vonazt til, að staðgreiðslukerfið hefði, ef það yrði innleitt.

Nú er það að vísu svo, að ekki er algjör samstaða um þessar tillögur nefndarinnar. Þær eru ekki, eins og menn sjá, formaðar sem tillögur í frv.-formi, heldur er þar skilgreint, hvaða vandamál er við að glíma og hvernig hugsanlegt væri að mæta þeim og sums staðar bent á fleiri en eina leið til þess að taka á þeim viðfangsefnum. En ágreiningur er um nokkur veigamikil framkvæmdaratriði innan nefndarinnar. Má því segja e. t. v., að með hliðsjón af hinni fyrri þál. réttlæti það að taka málið hér aftur til meðferðar, að nefndin hafi ekki orðið sammála. Þó tel ég það ekki meginástæðuna til þess, að ég legg þetta mál hér aftur fyrir og bið um nýja viljayfirlýsingu Alþ., heldur hitt, að ég álít, að komið hafi fram í þessari síðari skýrslu svo mörg ný atriði, að æskilegt sé, að Alþ. taki aftur afstöðu til málsins. Og ég vil jafnframt taka það fram, að þáltill., þó að hún sé orðuð á þann hátt, sem hér er gert, að ríkisstj. sé falið að undirbúa fyrir næsta þing frv. um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda í meginefnum í samræmi við tillögur umræddrar nefndar, þá ber ekki að líta á það sem skilyrðislausa skoðun mína eða ríkisstj. um, að þannig skuli að málinu staðið, heldur er þetta aðeins til þess, að málið beri að þinginu með sama hætti og það lauk málinu, þegar umrædd nefnd var kjörin. Enda þótt ég geti lýst því yfir, að ég hafi ekki breytt minni skoðun um það, að í grundvallarefnum sé rétt að taka upp staðgreiðslu opinberra gjalda, leiðir þessi athugun nefndarinnar í ljós, að mál þetta er ekki eins einfalt og margir kynnu að hafa látið sér detta í hug á undanförnum árum og alls ekki jafnjákvætt á öllum sviðum né hafi í sér fólginn þann lífselexír til lækninga á skattkerfi og skattgreiðslum hér á landi, sem oft hefur verið vikið að og menn hafa gjarnan gerzt talsmenn fyrir. Þetta hygg ég, að eigi við um fleiri menn en mig, sem hafa skoðað þetta mál, og þess vegna sé það alveg nauðsynlegt, áður en lögð er í það mikil vinna, sem vitanlega þarf að leggja fram enn, þótt þetta nál. sé í sjálfu sér ítarlegt, að aftur sé mörkuð afstaða Alþ. um það, hvort þingið vill halda áfram á sömu braut, og þá tel ég að sjálfsögðu eðlilegt, að á þessu stigi sé ekki um annað að ræða en að ríkisstj. sé falið að undirbúa löggjöfina, og af þeim sök-

um hef ég lagt til, að málið kæmi hér til kasta Alþ. að nýju.

Ég sé enga ástæðu til þess að rekja nál. það, sem hér hefur verið til meðferðar hjá þm. í nokkrar vikur og þeir hafa haft grundvöll til þess að kynna sér, og ég tel ekki þörf á því, að farið sé að efna til umr. um það álit út af fyrir sig. Ég vil aðeins benda á þá meginstaðreynd, sem fólgin er í álitinu, og ég er á engan hátt að víta, það má ekki skilja orð mín svo, heldur aðeins að upplýsa, að sýnilega hefur það verið meginsjónarmið nefndarinnar að aðlaga staðgreiðslukerfið í meginefnum ríkjandi skattkerfi, sem við búum við, en ekki að umskapa skattkerfið. Þetta er nauðsynlegt, að menn hafi í huga. Það er að vísu gert ráð fyrir ýmsum viðtækum fyrirkomulagsbreytingum, sérstaklega í sambandi við útsvarsmálin, en ég held, að í meginefnum megi þó segja, að það sé rétt, að leitazt sé við að aðlaga þetta núgildandi kerfi, en ekki breyta um skattheimtuaðferðir eða tegundir skatta, og það er gert ráð fyrir því, að inn í kerfið falli 20 tegundir skatta. Nú er það auðvitað ljóst, enda kemur það greinilega fram í skýrslu nefndarinnar, að því flóknara sem skattkerfið er, sem staðgreiðslan á að taka til, því kostnaðarsamara og flóknara verður kerfið í framkvæmd. Á þessu er nauðsynlegt að vekja athygli. Og þess vegna er þar vísvitandi sett sú setning, sem er síðari setning umræddrar ályktunartillögu, að leitazt skuli við að gera skattheimtukerfið það einfalt, að staðgreiðsla opinberra gjalda auki ekki kostnað og fyrirhöfn við álagningu og innheimtu gjaldanna. Ég tel nauðsynlegt, að það komi fram til athugunar fyrir hv. nefnd, að með þessu orðalagi á ég við, að stefnt verði að því að breyta í verulegum efnum frá þeim tillögum, sem nefndin er með, ef þess reynist kostur, í þá átt að aðlaga skattheimtukerfið meira staðgreiðslukerfinu, þ. e. reyna að breyta ýmsum grundvallaratriðum skattkerfisins.

Þetta eru þau meginatriði, sem ég vildi leggja áherzlu á fyrir hv. nefnd, sem fengi þetta til meðferðar og til upplýsinga fyrir hv. þm., hvernig stendur á því, að ég tel æskilegt, að þetta komi aftur til kasta þingsins. Það er að minni hyggju ákaflega mikil nauðsyn á því, að staðgreiðslukerfið verði framkvæmt þannig, að sem allra minnst þurfi að koma til eftirreikningsins. En til þess að svo megi verða, þarf skattkerfið sjálft að vera einfalt. Það mega ekki vera á því margir stigar, jafnvel ekki nema einn stigi, ef vel ætti að vera, þannig að það væri hverjum skattgreiðanda ljóst, að þegar hann greiðir, hafi hann endanlega greitt sinn skatt, en þetta merkir að breyta þarf ýmsum frádráttarreglum, og allmörg veigamikil atriði eru þess eðlis, að þau, eins og skattkerfið er í dag, gera breytingar óumflýjanlegar. Þetta hefur auðvitað ýmis vandamál í för með sér, einkanlega fyrir sveitarfélögin, sem hafa mjög mismunandi skattstiga. Nefndin, sem málið kannaði, hefur alveg til hlítar gert sér grein fyrir því, að það eru sveitarfélögin og útsvarsmálin, sem hér eru einn erfiðasti hnúturinn vegna þess, hversu útsvör eru misjafnlega há í hinum ýmsu sveitarfélögum. Það hafa verið notaðir 30—40 skattstigar, ef svo má segja, ef við köllum í þessu tilfelli skattstiga hina mismunandi frádrætti og álag á útsvör, sem innheimt hafa verið á hinum ýmsu stöðum. Nú er það auðvitað mikil nauðsyn, að reynt verði að stefna að því, að skattborgararnir greiði sömu álögur til ríkis og sveitarfélaga, hvar sem þeir eiga heima á landinu, og það væri því æskilegra, að meira væri horfið í þá átt að nota jöfnunarsjóð til að jafna þarna á milli en að hafa mjög mismunandi álagningu á borgarana, sem hlýtur, þegar til lengdar lætur, að valda því, að viðkomandi sveitarfélög beinlínis kyrkja sjálf sig, ef svo má segja, á þann hátt, að þau hrekja burtu atvinnurekstur. Ef árum saman á að framkvæma stórfelldar álögur á útsvörin í viðkomandi sveitarfélögum, þá gefast atvinnurekendur og þeir, sem tekjuháir eru í sveitarfélaginu, að sjálfsögðu upp á því að eiga þar bólfestu og kjósa heldur að leita til þeirra staða, þar sem útsvör eru lægri. Þetta held ég, að liggi í augum uppi, enda hefur oft að þessu máli verið vikið hér á þingi. En þetta er töluvert flókið vandamál.

Kjarni málsins er sá, að til þess að staðgreiðslukerfið geti komið að fullu gagni og verkað eðlilega, á þann hátt að koma í veg fyrir skattsveiflur, sem menn hafa verið að tala um á milli ára, þá er það hin mesta nauðsyn, að sami skattstigi gildi um sem allra víðast svið teknanna. Niðurstaðan hjá nefndinni hefur orðið sú, að þetta yrðu tveir stigar í stað þess, að þeir eru þrír í dag, og hefur nefndin gert sér fulla grein fyrir áðurnefndri nauðsyn, en ég er ekki alveg viss um, að gengið sé alveg nógu langt, til þess að sá árangur náist, að ekki þurfi að koma til mikillar eftirálagningar gjalda. Eins og ég áðan sagði, þá skal ég ekki þreyta hv. þm. á löngu máli um skýrslu nefndarinnar, sem er hið skilmerkilegasta plagg og gerir fullkomlega grein fyrir vandamálunum eins og þau liggja fyrir, og ég sé ástæðu til, eins og ég áðan sagði, að þakka nefndinni fyrir hennar ágæta starf. Ég tel mikilvægt einmitt með hliðsjón af mörgum þeim nýjungum, sem nefndin hefur leitt í ljós, þeim nýju vandamálum, sem ég er ekki alveg viss um, að allir hafi gert sér grein fyrir, að í fyrsta lagi verði mörkuð stefna um það, hvort Alþ. er enn þeirrar skoðunar, að stefna beri að því með fullum hraða að taka upp staðgreiðslukerfið, og í annan stað, hvort Alþ. að öllu óbreyttu er þeirrar skoðunar, að fylgja eigi þeirri stefnu að aðlaga skattstaðgreiðslukerfið að núgildandi skattkerfi sem mest óbreyttu eða hvort eigi að stefna að því, a. m. k. kanna það til hlítar, hvort ekki séu tök á því að gera á skattkerfinu sjálfu þær breytingar, að staðgreiðslukerfið mundi leiða til jákvæðari niðurstöðu og vera kostnaðarminna og einfaldara á allan hátt en það hlýtur að verða með því að fylgja þeirri aðferð að aðlaga það því skattkerfi, sem við í meginefnum búum við.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, nema til-

efni gefist til, að hafa þessi orð mín fleiri, en legg til, að umr. verði frestað og till. vísað til hv. fjvn. Vildi ég mjög mælast til þess, að n. leitaðist við að skila áliti nú, áður en þingi lýkur, þannig að legið geti fyrir endanleg niðurstaða Alþ. um það, hvernig áfram beri að vinna að þessu máli.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vildi aðeins lýsa því yfir og undirstrika það, að ég er sama sinnis og áður um það, að ég tel, að stefna beri að því að taka upp staðgreiðslukerfi skatta. Og ég tel, að vinna eigi að því að forma tillögur um það efni, en hitt er áreiðanlega rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að það koma til mörg vandamál í sambandi við framkvæmd á þessu, þegar farið er að athuga það nánar, og það geta komið til álita í því sambandi fleiri leiðir en ein. Hefur það og sýnt sig í sambandi við þá skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram, að nm. hafa ekki að öllu leyti getað orðið sammála. Hæstv. fjmrh. sagði, að það væri sérálit í meginatriðum, ef ég man rétt. Það getur verið álitamál, hvað á að kalla meginatriði og hvað ekki. Ég held, að ég vilji nú tæpast kveða svo sterkt að orði, að um meginatriði sé þarna að tefla, sem ágreiningur er um, en samt sem áður atriði, sem að mínum dómi þarf verulega vel að hyggja að.

Auðvitað taka allir undir það, að skattkerfi þurfi að vera einfalt, og auðvitað hlýtur mörgum að sýnast einkennilegt, að það þurfi að hafa svo marga skatta að tölunni til, að ekki sé hægt að taka þá í einu eða a. m. k. í færri tilfellum en nú er gert. Og það virðist nokkuð liggja í augum uppi, að þessir mörgu skattar geri þetta allt heldur flóknara en þörf væri á. Ég tek þess vegna alveg undir það, og ég geri raunar ráð fyrir því, að það geri flestir þm., að skattkerfið þurfi að verða einfaldara en það er. Hins vegar stöndum við sjálfsagt andspænis nokkrum vanda, þegar á að fara að koma því í framkvæmd. Ég býst við, að það geti vafizt fyrir mörgum. Ég er persónulega alveg sammála því, sem kom fram hjá hæstv. fjmrh., að æskilegt sé, að skattar og útsvör séu hin sömu hvar sem er á landinu. Ég lít svo á og hef alltaf litið svo á, að það væri óeðlilegt, að menn, sem búsettir eru á þessum eða hinum staðnum, þurfi að greiða hærri álögur en menn, sem búa annars staðar. Það segir sig sjálft, að það getur orðið til þess, að þeir leiti burt af slíkum stöðum, sem sízt skyldi, þ. e. þeir, sem kannske eru færastir um að standa undir þörfum viðkomandi sveitarfélags. Ég veit, að um þetta eru skiptar skoðanir og auðvitað segja menn, að það megi ekki rýra sjálfsstjórnarrétt sveitarfélaganna, og sjálfsstjórnarréttur er það út af fyrir sig að hafa svigrúm eða frjálsræði til þess að skattleggja sjálfa sig, því verður ekki neitað. En ég tek persónulega undir það, sem fjmrh. sagði í þessu efni, að stefna eigi að því, að þessar persónulegu álögur verði hinar sömu hvar sem er, en þann mismun, sem af því kemur, verði síðan að jafna t. d. með jöfnunarsjóði eða einhverjum slíkum hætti, þannig að það verði ekki þeim sveitarfélögum sérstaklega til hnekkis, sem kynnu að þurfa að breyta eitthvað til í þessu efni frá því, sem nú er.

Það má kannske lengi deila um það, hvernig skattkerfið skuli upp byggt og hvort reynt skuli að aðlaga staðgreiðslukerfið því skattkerfi, sem fyrir er nú, að einhverju leyti eða byggja það á einhverjum alveg nýjum grundvelli. Ég er ekki við því búinn að láta í ljós álit í því efni á þessu stigi og ég held, að menn þurfi að hugsa það talsvert og athuga, og þó að þessi skýrsla hafi nú legið alllengi hér hjá okkur þm. og þó að hæstv. fjmrh. mæltist til þess, að fjvn. hraðaði heldur sínum störfum, þá vil ég vænta þess, að þm. gefist kostur á að íhuga þetta mál allt vel og hyggja að ýmsum atriðum í því sambandi. Hins vegar verður auðvitað ekki séð fyrir allt í þessu efni, fyrr en frv. hefur verið formað um það.

Í þessari þáltill. segir, ef ég man rétt, að ríkisstj. skuli falið að semja frv. í samræmi við það meginefni, sem fram kemur í áliti þessarar nefndar. Eins og ég drap á áðan, er sérálit í nefndinni og nokkur ágreiningur, og þess vegna vil ég a. m. k. áskilja mér rétt til þess að íhuga það, hvort í slíku orðalagi og slíkri samþykkt felist að einhverju leyti játun undir meirihlutaálitið í þessu efni. Ég álít, að á þessu stigi eigi að afgreiða málið þannig eða hafa till. þannig, að ekki sé beint kveðið upp úr um það efni. Mér skilst, að þau framkvæmdaatriði, sem þessi ágreiningur lýtur að, þurfi að athugast enn þá betur en gert hefur verið í þessari hv. nefnd, sem hefur haft það til meðferðar, og efast ég þó ekki um, að hún hafi lagt í það mikla og góða vinnu. En það er alveg laukrétt, og ég vil undirstrika það, sem hæstv. fjmrh. sagði, að bezt fer á því, að menn geri sér ljóst í upphafi, að það hljóta að vera ýmis vandkvæði þessu samfara og því hljóta að koma til sögunnar margvísleg vandamál. Þess vegna legg ég nú meira upp úr því, að málið sé ítarlega athugað heldur en þó hraðanum á þessari framkvæmd.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Samkv. þeirri till., sem hér er til umr., er lagt til, að Alþ. lýsi yfir því á nýjan leik, að það óski eftir því, að samið verði frv. um staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. En áður hefur Alþ. í rauninni gert samþykkt, sem felur þetta í sér. Í þessari till. sýnist mér, að mörkuð sé ákveðin stefna í sambandi við það frv., sem lagt er til að leggja fyrir Alþ., því að í till. segir, að það frv., sem semja á, skuli í meginefnum vera í samræmi við till. nefndar þeirrar, sem Alþ. kaus samkv. þál. frá 18. apríl 1967.

Ég hef nokkuð athugað þetta nál. fyrir mitt leyti og veitt því athygli, að um nokkurn ágreining var að ræða hjá nm., en ég held, að það geti ekki leikið á því neinn vafi, að uppi munu verða miklu fleiri skoðanir um ýmis mikilvæg atriði þessa máls heldur en þar koma fram, sem sagt, í þeim ágreiningi, sem er á milli meiri hl. og minni hl. nefndarinnar. Því tel ég, að

ef þess er óskað af hálfu ráðh., að Alþ. endurnýi sína fyrri samþykkt um það, að áfram skuli unnið að því að koma á staðgreiðslu opinberra gjalda, m. a. með því að semja frv. um málið og leggja það hér fyrir þingið, þá væri langeðlilegast á þessu stigi málsins að hafa þessa till. þannig, að því sé slegið föstu, að áfram verði haldið undirbúningi málsins og frv. um málið verði lagt fyrir þingið, en hitt fellt niður úr till., sem þar er slegið föstu, að frv. skuli í meginatriðum vera í samræmi við nál. Ég held líka, að ef staðið er fast á því, sé óhjákvæmilegt að taka hér til rækilegrar umr. sjálft nál. Ég fyrir mitt leyti hef margar aths. við það að gera. Þegar ég las það yfir, merkti ég þar við á ótal mörgum stöðum. Það vöknuðu hjá mér ýmsar spurningar og það var ekkert um það að ræða, að ég hafði þar talsvert aðra skoðun en kom fram hjá meiri og minni hl. þessarar nefndar. Ég held því, að engin þörf sé á því á þessu stigi málsins að fara að hefja hér almennar umr. um nál. og þetta margslungna mál. Ég held, að sjálfsagt sé að endurnýja samþykkt Alþ. um það, að unnið verði að því að koma hér á staðgreiðslukerfi opinberra gjalda. Ég get fyrir mitt leyti fallizt á, að það sé t. d. byggt á því, sem segir í till., að leitazt skuli við að gera skattheimtukerfið eins einfalt og tök eru á, eða eins og segir nánar í till. um það efni. Ég sé ekki neina þörf á að slá því föstu, að frv. skuli eiga að byggjast í meginatriðum á þeim sjónarmiðum, sem koma fram í nál. Það verður sem sagt að vera mál ríkisstj., sem lætur undirbúa frv., hvort hún kann að víkja þar frá í einstökum atriðum. Að sjálfsögðu yrði nál. þá alltaf fskj. með frv. og málið yrði þá tekið hér til afgreiðslu á sínum tíma síðar.

Ég vildi sem sagt, að sú n., sem fær málið til athugunar, tæki einnig til athugunar, hvort ekki væri rétt að standa að samþykkt till. á þann hátt, sem ég hef greint, fella þetta stefnumarkandi ákvæði út úr till., en slá hinu föstu, að frv. skuli samið um málið og lagt fyrir Alþ. og að leitazt sé við að gera skattheimtukerfið sem einfaldast og ódýrast.

Jónas Pétursson: Herra forseti. Ég skal reyna að lengja ekki þessar umr. mikið, en ég vil eiginlega láta það koma hér fram, að ég hef hina mestu vantrú á þessu máli öllu. Ég viðurkenni, að það væri ákaflega æskilegt að geta komið því í framkvæmd að taka gjöldin jafnóðum og tekjurnar myndast. En ég hef líklega eitthvað verulega afbrigðilegar skoðanir í skattamálum almennt séð. Ég hef sett fram áður nokkrar till., og í stuttu máli vildi ég gera algerar kollsteypur í skattakerfinu. Í höfuðdráttum vildi ég hverfa frá beinu sköttunum, útsvörum og tekju- og eignarskatti og aðstöðugjöldum, en sveitarfélögin öfluðu sér tekna í staðinn með háum fasteignasköttum og ríkið aflaði teknanna með óbeinum sköttum. Tryggingakerfið yrði aukið og að því leyti, sem þetta kæmi óréttlátlega niður, þessi einfaldasta aðferð, sem ég vil sérstaklega vekja athygli á, sem væri t. d. álagning fasteignaskatta, þá yrði því mætt í gegnum tryggingakerfið. Við höfum hér víðtækt og fullkomið tryggingakerfi, og það er jafnflókið og erfitt að framkvæma, þó að upphæðirnar séu eitthvað mismunandi háar, ef allt er byggt á einum og sama grunni. Ég held þess vegna, að þó að við reyndum að ná þessari hlið í gegnum tryggingakerfið, þá fælist ekki í því nokkur aukning á því starfsliði t. d., sem þyrfti til þess að koma því fram. En mér er sagt af þeim, sem bezt vita, að þessar till. minar séu nánast fjarstæða, og fyrst og fremst vegna þess, að ekki sé hægt að ná með þessum leiðum nægilegum tekjum handa ríki og sveitarfélögum. Nú skal ég játa það, að ég get ekki neitað þessu með neinum rökum. En það hafa heldur ekki verið lögð á borðið rök, a. m. k. fyrir mig, sem hafa sannfært mig um, að rétt sé, að þetta sé óframkvæmanlegt á þennan hátt. Ég tel mig alls ekki þannig gerðan, að ég geti ekki tekið rökum, og ég mundi að sjálfsögðu beygja mig fyrir því, ef slíkt lægi óvefengjanlega fyrir. En það, sem hefur fyrst og fremst skapað þessa skoðun hjá mér, eru skattsvikin í þjóðfélaginu. Þau eru svo mikið eitur í þjóðlífinu, að ég sé eiginlega ekki, hverju má ekki fórna til þess að geta komizt fram hjá þeim.

Nú er það að vísu rétt, að skattsvik geta átt sér stað t. d. í innheimtu söluskatts. En ég vil þó benda á það, að ef skatteftirlitinu, sem við höldum uppi, væri eingöngu beint að eftirliti með innheimtu söluskatts, þá mundi vera hægt að veita þar miklu meira aðhald en nú er hægt. Og þó að mörgum sé illa við söluskatta og ég veit, að þeir hafa sína galla, þá erum við komnir inn á þá leið og við hverfum ekki frá henni, og söluskattar hafa vitanlega margvíslega kosti. Þá er tekið af ráðstöfun manna á peningunum, en með því að hverfa frá beinu sköttunum er sparnaðurinn gerður skattfrjáls að fullu.

Ég ætla ekki að eyða löngu máli í að skýra þetta. Ég vildi nota þetta tækifæri til þess að vekja athygli á þessu enn, og ég vil enn fremur endurtaka það, sem ég sagði hér í gær, þegar verið var að tala um innheimtu útvarpsgjaldanna, að afskaplega þýðingarmikið er að geta haft skattheimtuna einfalda. Flókin og margbrotin skattheimta er, eins og ég sagði þá, eins konar klækjaskóli í þjóðfélaginu, og bara sá þáttur gerir það að verkum, að það er hið þýðingarmesta mál að geta gert skattheimtuna sem réttlátasta og sem einfaldasta. Og auðvitað þurfum við líka að ná þeim tekjum, sem við viljum ná, til þess að geta haldið uppi fullnægjandi samfélagsþjónustu, bæði af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Ég er ekki að bregða fæti á nokkurn hátt fyrir þetta mál, en ég vil láta þetta koma fram. Mér skilst, að ég standi a. m. k. fámennur með þessa skoðun, en hún er ákaflega rík í minum huga, og ég hef mikla vantrú á því, að við séum að fara inn á rétta leið, þó að við reynum að koma á þessu staðgreiðslukerfi.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. að neinu marki, en að gefnu tilefni í þeim ræðum, sem hér hafa verið fluttar, vildi ég aðeins segja nokkur orð til upplýsingar, en annars tek ég undir það með hæstv. fjmrh., að ég mundi telja óeðlilegt að fara að ræða nál., eins og það liggur fyrir, í einstökum atriðum. En eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh., þá veitti ég þeirri nefnd forstöðu, þannig að mér er málið skylt og vildi því til frekari áréttingar segja örfá orð um starfsemi nefndarinnar. Það er rétt, eins og hv. þm. þegar er kunnugt, eða þeim, sem litið hafa á þetta nál., að við skiluðum till. okkar ekki í frv.-formi, og ástæðan til þess, að við gerðum það ekki, var sú, að okkur fannst það skýrt tekið fram í þeirri þál., sem við störfuðum samkv., að til þess væri ekki ætlazt, að nefndinni væri einungis ætlað það hlutverk að undirbúa málið frekar, en svo, að fengnu áliti nefndarinnar, skyldi ríkisstj. undirbúa löggjöf um þetta efni. Þetta töldum við, að tæki af öll tvímæli um það, að okkur væri ekki ætlað að leggja málið fram í frv.-formi. Hins vegar var okkur vel kunnugt um það, að þetta mál hafði allengi verið í undirbúningi, um allt að 10 ára skeið, og þess vegna litum við þannig á, að ef okkar starf ætti yfirleitt að verða að einhverju gagni, þá bæri okkur að vinna að því á þeim grundvelli, að málinu væri þó þokað áleiðis.

Það var tvennt, sem nefndin taldi aðallega hlutverk sitt að vinna að í þessu sambandi; í fyrsta lagi, eins og skýrt var tekið fram í þál., að hafa samráð um þetta mál við þau mikilvægu hagsmunasamtök, sem sérstakra hagsmuna eiga að gæta í sambandi við málið og sem þar voru nefnd, en það var samband sveitarstjórnarfélaganna, launþegasamtökin og atvinnurekendasamtökin. Nefndin taldi það eðlilega hlutverk sitt, eins og raunar var tekið fram í umræddu erindisbréfi hennar, að kynna málið fyrir þessum aðilum og leitast við að ná samkomulagi við þau um málið í megindráttum, auðvitað ekki í einstökum atriðum. Þetta tók mjög langan tíma, vegna þess að hér er um viðamikil bákn að ræða, hvað snertir alla þessa aðila, en eins og kemur fram í stuttu áliti þessara aðila og nál. í heild, þá tókst betur en við höfðum gert okkur vonir um í upphafi að ná þessu samkomulagi.

Í öðru lagi töldum við það eðlilegt hlutverk nefndarinnar og beinlínis skyldu hennar, ef málinu ætti eitthvað að þoka áleiðis, að leggja fram ákveðnar till. um það, hvernig hugsanlegt væri að framkvæma þetta, þannig að þar væri fenginn grundvöllur til þess að ræða málið á. Hitt er svo annað mál, að við gerðum okkur auðvitað ljóst, að þessar till. eru ekki neinn Salómonsdómur og þeim hefur aldrei verið ætlað það, enda ágreiningur um viss atriði varðandi framkvæmdina. En það, sem áður hefur legið fyrir, hafa meira verið vangaveltur í þessu sambandi, þó hér séu í meginatriðum gerðar ákveðnar till. Ég er alveg sammála hæstv. fjmrh. og það hafa raunar fleiri, sem hér hafa talað, tekið undir, að mikilvægt er, til þess að kerfið verði auðvelt í framkvæmd, að skattakerfið í heild verði gert einfaldara í sniðum. Og þó að líka sé rétt hjá hæstv. fjmrh., að grundvallarsjónarmið okkar var það að breyta sem minnstu í þeim efnum, þá kemur það þó, álít ég, skýrt fram í okkar nál., að út frá því sjónarmiði, að kerfið verði sem auðveldast í framkvæmd, væri æskilegt að gera jafnvel allróttækar breytingar á skattakerfinu, því að eðli staðgreiðslunnar er það, að þetta verður auðveldast í framkvæmd gagnvart þeim sköttum, sem eru skattar á verðmætastrauma í þjóðfélaginu, eins og tekjur. Sama máli gegnir um söluskatt o. s. frv. Þar er tiltölulega auðvelt að framkvæma staðgreiðslukerfi og má ganga þannig frá skattstigum og öðru, að greiðslan verði endanleg, svo að ekki þurfi að koma til endurálagningar. Það er hægt, þó að við höfum raunar ekki farið út í það. Hins vegar er það þannig með skatta eins og nefskatta og eignarskatta, að miklu torveldara er að samræma kerfið þeim og verður aldrei gert þannig, að ekki hljóti að koma til meiri eða minni eftirreikninga. Ef við tökum t. d. skatta eins og almannatryggingagjöldin o. s. frv., þá er auðvitað hugsanlegt að framkvæma það þannig að ákveða þessi gjöld fyrir fram og jafna þeim svo niður í mánaðargreiðslur. En ef nú þarf að hækka almannatryggingagjöldin á tímabilinu, þá þýðir það eftirreikning og í enn ríkara mæli á þetta auðvitað við með eignarskattana. Þetta gerðum við okkur alveg ljóst. En þegar sú spurning kom svo til umr., hvort við ættum þá að leggja það til, sem vissulega hefði verið í mestu samræmi við framkvæmd kerfisins, að nefskattarnir og eignarskattarnir væru afnumdir, — en þetta hvort tveggja er nú orðinn allstór liður í tekjuöflun hins opinbera, — þá kom sú stóra spurning: Hvað á að koma í staðinn fyrir þessa skattstofna? Og það var verkefni, sem við töldum okkur ekki færa um að leysa, þannig að það yrði að leysast á öðrum vettvangi. Sama máli gegnir auðvitað um sveitarfélögin, að kerfið verður þeim mun auðveldara í framkvæmd, sem útsvarsstigar eru færri og það æskilegasta væri að hafa útsvarsstigann ekki nema einn. Okkur tókst að ná um það samkomulagi við sveitarstjórnasambandið, eða við teljum, að svo hafi verið, að útsvarsstigunum yrði fækkað úr eitthvað í kringum 40 niður í 3, en ég hygg, að forsvarsmönnum sveitarfélaganna hafi þótt, að með þessu teygðu þeir sig langt. Undir öllum kringumstæðum tókst okkur ekki að komast lengra.

Sem þriðja atriði má nefna stighækkun tekjuskattanna. Einmitt til þess að forðast eftirreikninga, væri auðveldast að hafa aðeins einn hlutfallslegan skattstiga. En við töldum, að ekki væri pólitískur grundvöllur fyrir því að leggja það til, svo að við gengum ekki lengra í því efni en nál. ber með sér að leggja til einföldun á skattstigunum. Hitt er annað mál, og á því má vekja sérstaka athygli, að í umsögn fulltrúa Alþýðusambands Íslands á bls. 96 í nál. taka þeir fulltrúar Alþýðusambandsins og ann-

arra launþegasamtaka, sem undir þetta skrifa, undir ábendingar nefndarinnar um hlutfallslegan, sameiginlegan tekjuskatt eins og það er orðað, og leggjum við áherzlu á, segja þessir fulltrúar launþegasamtakanna, að slíkur skattur verði upp tekinn um leið og staðgreiðslukerfi kemst á. Þetta kom okkur að ýmsu leyti á óvart, en þetta kom fram í áliti, sem við fengum um það bil sem við vorum að skila af okkur. En sé þetta bókstaflega tekið a. m. k., þá mundi það benda til þess, að launþegasamtökin fyrir sitt leyti legðu ekki þá áherzlu á stighækkun tekjuskattsins, sem við annars höfum talið. En þetta mundi auðvitað vera eitt af fleiru, sem til athugunar kemur við frekari meðferð málsins.

Varðandi skattaeftirlitið, sem síðasti ræðumaður benti hér á, þá vantaði ekki, að það mál var mjög rætt í nefndinni og við teljum, að staðgreiðslukerfið, svo langt sem það nær, sé spor í þá átt að gera þetta eftirlit fullkomnara. Það er nú einu sinni þannig, að ef menn greiða fyrst skattana af tekjum sínum 1½ ári eftir að teknanna er aflað, þá verða líkurnar meiri á því, að einhverju sé þar skotið undan en ef skattarnir eru innheimtir af tekjunum um leið og þær falla til. Það fer aldrei hjá því, að til ýmissa tekna, sem af óviðráðanlegum ástæðum eða öðrum mundu annars ekki verða skattlagðar, næst betur með þessu móti. Að gera allsherjar tillögur í þessu efni töldum við hins vegar utan verkahrings nefndarinnar. En ég vil þó aðeins bæta því við, úr því að þessi mál ber hér á góma, vegna þess að mönnum sést að mínu áliti mjög yfir það, að grundvallarvandamálið í þessu efni er það, að eins og okkar atvinnulíf er byggt upp, þá eru þær stéttir mjög fjölmennar í okkar þjóðfélagi, sem þannig stendur á um, að í rauninni verður alveg undir þegnskap þeirra komið, hvort þær telja tekjur sínar fram eða ekki, og þyrfti mjög gagngerðar breytingar á öllum okkar atvinnuháttum til þess að þar yrði breyting á. Þar á ég við hina mörgu smáatvinnurekendur, sem eru tiltölulega fjölmennari í okkar þjóðfélagi heldur en í öðrum. Það er þetta, sem ég álít, að liggi því til grundvallar, hvað eftirlitið hlýtur að verða hér erfitt, og því er ekki svo auðvelt að kippa í lag. Þar sem fyrirtækin eru stærri og færri, er miklu auðveldara að hafa slíkt eftirlit. Ég get ekki stillt mig um að benda á þetta, úr því að þessi mál hafa borið á góma, þó að það liggi nú í rauninni að mínu áliti í meginatriðum utan þess, sem hér er um að ræða.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja mikið þessar umr., aðeins þakka öllum þeim hv. þm., sem hafa tekið þátt í þeim, vegna þess að umr. leiða glöggt í ljós, að þess var einmitt mikil þörf að láta málið aftur koma til kasta Alþ. Enda þótt segja mætti, svo sem ég sagði í frumræðu minni, að ákvörðun um setningu löggjafar hefði þegar verið tekin með hinni fyrri þál., þá liggur það engu að síður ljóst fyrir eftir þessar umr., að eftir að nefndin lauk störfum og skýrslan liggur fyrir hafa vaknað ýmsar spurningar í hugum manna, sem gera það nauðsynlegt, að málið sé íhugað hér innan hins háa Alþ. á nýjan leik.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnaði í mín orð um ágreiningsatriði í nefndinni og sagði, að ég hefði talið þau vera um meginatriði. Til þess að það valdi ekki misskilningi, vil ég taka fram, að hafi ég komizt svo að orði, þá hefur það ekki verið nákvæmlega rétt hjá mér, vegna þess að ágreiningsatriðin eru að vísu veigamikil atriði, en þau snerta eingöngu framkvæmdahlið staðgreiðslukerfisins, en í rauninni ekki efnisatriði þess sjálfs, þannig að ég tel ekki, að þau skipti að því leyti meginmáli, þótt þau þurfi að íhuga, áður en gengið er frá þeim atriðum. Ég nefndi þetta aðeins sem dæmi um það, að segja mætti, að svo sem þál. var orðuð á sínum tíma, væri eðlilegt þegar af þessari ástæðu, að málið kæmi til kasta þingsins, af því að nefndin hefði ekki orðið sammála, en það væri þó ekki það, sem ylli því fyrst og fremst, að ég hefði valið þá leið að leggja þetta mál aftur fyrir Alþ., heldur hitt, sem umr. hafa snúizt um, að þessar upplýsingar, sem nú liggja fyrir og ýmsar eru nýjar af nálinni, ef svo má segja, eða leiða betur í ljós eðli málsins, hafa þegar vakið nýjar spurningar, sem glöggt hefur komið hér fram, að þm. telja nauðsynlegt að íhuga á nýjan leik.

Ég tel einnig nauðsynlegt að taka fram, til þess að það misskiljist ekki, að þó að ég orði þáltill. eins og hér er gert, þ. e. upphaf hennar, að löggjöf skuli vera í meginefnum í samræmi við till. nefndar þeirrar, sem Alþ. kaus og nú hefur skilað áliti, þá ber ekki, svo sem ég áðan sagði, að líta á það sem yfirlýsingu mína um það, að þetta skuli gert, heldur taldi ég eðlilegt miðað við fyrri afstöðu Alþ., að till. væri orðuð á þessa leið, og ég hef vitanlega ekkert við það að athuga, ef Alþ. þykir rétt að breyta till. í það horf, sem hv. 4. þm. Austf. vék hér að, að ríkisstj. yrði falið að semja frv. um staðgreiðslukerfið án þess að marka ákveðna stefnu um það, hvort fylgt skyldi í meginefnum þessu nál., en á hinn veginn teldi ég það þó miklu varða og vera í rauninni nauðsynlegt, að það kæmi ljóst fram í álitsgerð Alþ. eða í nál., þegar þar að kemur, hvort það er skoðun Alþ., að það eigi að halda sér í meginefnum við það skattkerfi, sem við búum við, eða hvort eigi að leita eftir því að breyta skattkerfinu. Ég er alveg sammála hv. síðasta ræðumanni, sem var formaður umræddrar nefndar, að í rauninni var ekki mikill kostur fyrir nefndina annar en að byggja á óbreyttu kerfi í meginatriðum. Það eru mörg pólitísk vandamál því bundin að breyta skattheimtunni sem slíkri, þannig að í þessu fólst ekki nein ádeila á hv. nefnd fyrir það, að hún hefði ranglega að málinu unnið. En ég held hins vegar, að nál. leiði það glöggt í ljós, að þetta kerfi kemur ekki nema að takmörkuðu gagni, ef við ekki getum gert veigamiklar breytingar á ríkjandi skattkerfi sjálfir. Og þetta mundi ég leggja mikla

áherzlu á, að kæmi skýrt fram í áliti nefndarinnar og þeirri ályktun, sem Alþ. endanlega gerir um málið.

Hitt er annað mál, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði, að það er áreiðanlega hægara sagt en gert að breyta skattkerfinu í meginefnum, en eins og ég sagði áðan, væri það þó vissulega mjög þýðingarmikið, ef menn gætu sameinazt um það varðandi beinu skattana að hafa skattstigana sem fæsta, helzt ekki í meginefnum nema einn á meginhluta skattanna. Það eru til dæmi þess annars staðar, þar sem um fleiri skatta er að ræða og staðgreiðslukerfi er, að þar eru skattstigar jafnan mjög fáir. Þá eru hinir hærri skattstigar ekki látnir taka til kerfisins nema að takmörkuðu leyti, og þá þarf ekki að reikna út eftir á nema skatta þeirra aðila.

Varðandi svo það, hvernig eigi að halda áfram vinnubrögðum í málinu og í tilefni af orðum hv. 1. þm. Norðurl. v. um það, að hann teldi meira um vert, að menn íhuguðu málið rækilega heldur en það endilega að hraða afgreiðslu þess, þá skal ég taka það fram, að ég hef að sjálfsögðu ekkert á móti þeirri málsmeðferð heldur. Ég tel mér aðeins skylt, vegna þess að þessi mál heyra efnislega undir mig, að láta ekki standa á því af hálfu rn., að unnið sé að framgangi þeirra með þeim hraða, sem kostur er á. En ég tel málið nú vera í höndum Alþ. og mun fyrir mitt leyti ekki gera neina sérstaka kröfu til þess, að það hraði afgreiðslu málsins umfram það, sem það telur nauðsynlegt. Ég vek aðeins athygli á því, að ef ætlunin væri að undirbúa málið fyrir næsta þing, þá liggur náttúrlega í augum uppi, að það þarf að fá lokaafgreiðslu frá Alþ. á þessum vetri. Telji þm. það ekki skipta öllu máli, heldur að þetta verði íhugað nánar í sumar og málið þá endanlega afgreitt í haust hér frá Alþ., þá er það atriði, sem að sjálfsögðu er á valdi þingsins sjálfs að ákveða.

ATKVGR.

Till. vísað til fjvn. með 32 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

28. Menntastofnanir og vísinda utan höfuðborgarinnar.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um dreifingu menntastofnana, áætlun um skólaþörf og eflingu Akureyrar sem miðstöðvar mennta og vísinda utan höfuðborgarinnar [184. mál] (A. 433).

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

---

29. Vetrarorlof.

Á deildafundum 24. marz var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um vetrarorlof [191. mál] (A. 460).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

---

30. Fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var útbýtt:

Till. til þál. um fiskileit og fiskirannsóknir í Húnaflóa [194. mál] (A. 472).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

---

31. Rannsóknir í þágu atvinnuveganna.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Till. til þál. um endurskoðun löggjafar um rannsóknir í þágu atvinnuveganna og könnun á fjármagnsþörf til rannsóknarstarfseminnar [199. mál] (A. 489).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til fyrri umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

32. Einkaréttur ríkisins til lyfsölu.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um einkarétt ríkisins til lyfsölu [204. mál] (A. 495).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

33. Upplýsingaskylda stjórnvalda.

Á deildafundum 9. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um upplýsingaskyldu stjórnvalda [208. mál] (A. 512).

Á 44. fundi í Sþ., 10. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

34. Stuðningur við íslenzka námsmenn.

Á deildafundum 13. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um endurskoðun gildandi ákvæða um stuðning við íslenzka námsmenn [213. mál] (A. 547).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

35. Hringbraut um landið.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um lagningu vandaðrar hringbrautar um landið [218. mál] (A. 574).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

36. Útflutningsráð.

Á deildafundum 16. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um Útflutningsráð [219. mál] (A. 578).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

37. Heimflutningur Íslendinga frá Ástralíu.

Á deildafundum 20. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um heimflutning Íslendinga frá Ástralíu [222. mál] (A. 602).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Till. var aldrei tekin til umr.

38. Hótelskóli.

Á deildafundum 28. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Till. til þál. um starfrækslu alhliða hótelskóla [234. mál] (A. 742).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

39. Endurskoðun laga um ráðstafanir í sjávarútvegi.

Á 20. fundi í Nd., 2. des., var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun laga nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu [107. mál] (A. 130).

Á 23. fundi í Nd., 11. des., var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 24. fundi í Nd., 12. des., var till. aftur tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta voru ákveðnar tvær umr.

Á 25. fundi í Nd., 15. des., var till. tekin til fyrri umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Örfáum dögum fyrir s. l. jól voru samþ. á Alþ. lög um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu. Þá hafði hæstv. ríkisstj. nýlokið við að fella gengi gjaldmiðilsins í fjórða sinn á 10 árum. Með lögum þessum var m. a. kveðið svo á, að breytt skyldi stórlega þeim hlutaskiptareglum, sem giltu í kjarasamningum sjómanna og útgerðarmanna. Eftir setningu laganna skyldu 10% aflaverðmætis tekin af óskiptu, ef landað væri í innlendri höfn, og lögð í stofnfjársjóð fiskiskipa, en þó 20% verðmætis af síld og humar. Þar til viðbótar skyldu 17% aflaverðmætis falla beint til útgerðarfyrirtækja til greiðslu almenns útgerðarkostnaðar. Við sölu afla í erlendri höfn skyldu á sama hátt 22% aflaverðs tekin af óskiptu til stofnfjársjóðs fiskiskipa.

Þannig var gildandi hlutaskiptareglum breytt með lögþvingun svo stórlega, að 27–37% verðmætis skyldu eftirleiðis tekin af afla, áður en til hlutaskipta kæmi. Með þessari lagasetningu var beinlínis efnt til ófriðar við sjómannastéttina, sem einskis var spurð í þessum efnum og mótmæli hennar að engu höfð. Afleiðingarnar urðu þær, að vélbátaflotinn var bundinn í höfn vegna verkfalls í rúmlega mánuð á síðustu vetrarvertíð og að því er varðar yfirmenn á bátaflotanum var deilan að lokum leyst með lagasetningu á Alþ., þar sem miðlunartillaga, sem útgerðarmenn höfðu samþykkt, en sjómenn felldu, var lögfest. Riftun hlutaskiptareglna, sem var orsök til algers verkfalls hjá bátaflotanum um mánaðarskeið, hafði í för með sér geysilegt verðmætatjón í töpuðum afla. En þar með er ekki bægt frá til frambúðar slíkum áhrifum þessara laga. Sjómenn una þessum lögum að sjálfsögðu ekki og sýnt er, að meðan þau eru í gildi í óbreyttri mynd a. m. k., mun ekki linna stöðvun fiskiflotans á hávertíðinni, er sjómenn heyja sína baráttu til þess að jafna með bættum kjarasamningum þá skerðingu á hlutaskiptareglunum, sem lögfest hefur verið. Fulltrúar sjómannafélaganna víðs vegar um landið héldu ráðstefnu um kjaramál í Reykjavík 11. og 12. desember s. l. Að þessari ráðstefnu lokinni barst Alþ. bréf frá Sjómannasambandi Íslands, þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 14. október 1969.

Á ráðstefnu sjómannafélaganna, sem haldin var í Reykjavík dagana 11. og 12. þ. m. að tilhlutan Sjómannasambands Íslands, var samþ. einróma það, sem hér fer á eftir:

Ráðstefnan telur, að með hliðsjón af því, sem gert var af hálfu Alþ. á s. l. ári með lögum um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna gengislækkunar íslenzkrar krónu, þegar raunverulega var gengið á hlut sjómanna, og tekin af þeim 27–37% af samningsbundnum hlut, verði ekki hjá því komizt að segja upp gildandi kjarasamningum, og skorar ráðstefnan því á öll þau félög, sem aðilar eru að bátakjarasamningum við samtök útgerðarmanna, að segja þeim samningum upp miðað við, að þeir verði úr gildi við n. k. áramót. Jafnframt skorar ráðstefnan á hið háa Alþ. að endurskoða nú þegar framangreind lög með auknar kjarabætur til sjómanna fyrir augum, þar sem fyrir atbeina laganna og góð aflabrögð á yfirstandandi ári hljóti afkoma útgerðarinnar að hafa batnað svo, að hægt væri að lagfæra lögin sjómönnum í hag. Ráðstefnan telur, að viðbrögð og afstaða sjómannafélaganna til aðgerða um áramót muni mjög mikið mótast af því, hvernig Alþ. tekur áskorun þessari, en telur hins vegar nauðsynlegt, að kölluð verði saman ráðstefna að nýju í desember n. k. til þess þá að taka afstöðu miðað við ástand mála. Þá telur ráðstefnan nauðsynlegt, að gerðir verði samningar við útvegsmenn um kaup og kjör þeirra, er færaveiðar stunda, svo og með nýjum samningum að skera úr um ágreining, sem orðið hefur um kaup og kjör þeirra manna, sem stunda grálúðuveiðar. Stjórn Sjómannasambands Íslands treystir því, að hið háa Alþ. verði við áskorun þeirri, sem í framangreindri samþykkt felst.

Virðingarfyllst,
f. h. Sjómannasambands Íslands,
Jón Sigurðsson."

Í framhaldi af samþykkt sjómannaráðstefnunnar sögðu sjómannafélögin upp kjarasamningum og ganga þeir úr gildi um n. k. áramót. Hinn 6. desember s. l. kom síðan ráðstefna sjómanna saman að nýju, en þá lá fyrir, að stjórnarvöldin höfðu í engu látið sem þau vissu um óskir sjómanna um endurskoðun þessara laga, hvað þá heldur meir. Í fréttatilkynningu Sjómannasambandsins um síðari ráðstefnuna segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Það var einróma álit allra þeirra, er ráðstefnuna sátu, að þar sem Alþ. hefði á engan hátt enn sem komið er orðið við þeim tilmælum, er fyrri ráðstefna sambandsins beindi til þess um breytingu á lögum vegna gengisfellingar íslenzkrar krónu sjómönnum í hag, yrði ekki hjá því komizt að fara nú þegar að taka upp samningaviðræður við útvegsmenn um hækkaða skiptaprósentu til áhafna skipanna, svo og um fleiri breytingar á samningum til hagsbóta fyrir bátasjómenn. Algert samkomulag varð um þær kröfur, sem gera skyldi á hendur útvegsmönnum, og munu þær lagðar fram á fyrsta viðræðufundi, er samninganefnd sjómannasamtakanna á við þá. Lögð var áherzla á það á ráðstefnunni, að viðræður gætu hafizt sem fyrst."

Kjarasamningar sjómanna og útgerðarmanna ganga úr gildi um næstu áramót, eins og ég áðan sagði, og við Alþ. og þjóðinni allri blasa nú ný átök milli þessara stétta. Hversu lengi verkfall kynni að standa að þessu sinni eftir að það á annað borð hæfist, veit að sjálfsögðu

enginn, en hitt ætti heldur enginn að þurfa að efast um, að orsökin væri ákvæði laganna um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar á gengi íslenzkrar krónu, sem afgreidd voru á Alþ. 19. desember s. l. og hafa nú þegar, þ. e. á síðustu vertíð, valdið mánaðar verkfalli á fiskiskipaflotanum. Um næstu áramót ganga kjarasamningar sjómanna og útgerðarmanna úr gildi. Ástæðan til þess, að þeim er sagt upp, eru þessi lög.

Fyrir því er margföld reynsla, að því lengur sem dregið er að taka á slíkum málum, þeim mun erfiðara er að finna á þeim lausn og þeim mun meiri hætta er á, að þau hlaupi í algerlega óleysanlegan hnút. Ekkert hefur komið fram annað en það, að hæstv. ríkisstj. ætli að hunza algerlega óskir sjómanna í þessu alvarlega máli. Hún virðist staðráðin í að svara erindi og áskorun sjómannasamtakanna um endurskoðun laganna með þögninni einni. Það er hins vegar skoðun okkar Alþb.-manna, að skylda Alþ. til athafna í því skyni að forða ófarnaði sé ótvíræð. Við höfum því, þrír þm. Alþb., þeir hv. 4. landsk. þm. og hv. 8. landsk. þm. ásamt mér, flutt um þetta mál á þskj. 130 þáltill., sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta.

„Nd. Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 79 31. des. 1968, um ráðstafanir í sjávarútvegi vegna breytingar gengis íslenzkrar krónu. Nefndin geri fyrir n. k. áramót tillögur um breytingar á lögunum á þann veg, að ákvæði þeirra verði ekki þrándur í götu samninga sjómanna og útgerðarmanna um kaup og kjör á næsta ári. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar eftirtalinna aðila: Sjómannasambands Íslands, Landssambands ísl. útvegsmanna, Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og sjávarútvegsmálaráðuneytisins."

Í till. þessari er gert ráð fyrir, að dýrmætur tími verði ekki látinn líða lengur, þannig að ekkert sé gert til þess að reyna að hindra, að ákvæði þeirra laga, sem ég hef hér rætt um, valdi stöðvun fiskiskipaflotans á næstu vertíð. Eftir áramótin hefst aðalbjargræðistími þjóðarinnar. Á miklu ríður, einkum nú, þegar atvinnuleysi ríkir víða um land, að aðgerðir eða aðgerðaleysi stjórnarvalda hindri ekki eðlileg störf í framleiðslunni á þeirri vertíð, sem fram undan er. Fátt geta valdhafar á Íslandi gert jafnfráleitt og ætla að neita sjómönnum um sjálfsagðan rétt til lífvænlegra kjara. Fátt geta íslenzk stjórnarvöld gert vanhugsaðra en að beita valdi sínu til að reyna að knýja sjómenn til að sætta sig við laun, sem þeir geta ekki við unað, laun, sem eru miklum mun lægri en stéttarbræðra þeirra í nálægum löndum. Störf sjómanna eru grundvöllur alls okkar efnahagskerfis. Á starfi þessara örfáu þúsunda landsmanna byggist afkoma allrar þjóðarinnar. Ef til ætti að vera nokkur sérréttindastétt með þjóðinni, þá væru það þessir menn. En það er öðru nær en að mulið hafi verið undir þá að undanförnu. Það er háskalegur misskilningur og furðuleg skammsýni, ef ráðamenn þjóðarinnar halda, að unnt sé að bæta hag útgerðarinnar með því að skerða eða halda niðri kjörum sjómanna. Það mun jafnan sannast fyrr en varir, að slík stefna er tilræði við útgerðina. Ef hún þarf einhvers með, verður það að koma annars staðar frá en af hlut sjómanna. Útgerðin og þjóðin öll þarf einskis fremur með en þess, að þeir menn, sem búa yfir því þreki, þeim dug og þeirri kunnáttu, sem þarf til þess að sækja sjó hér norður í höfum í svartasta skammdeginu, sækist eftir störfum á íslenzkum fiskiskipum. Til þess þarf góð launakjör og stórum betri en þau eru í dag. Þess vegna þarf löggjafinn að gæta hér hagsmuna allrar þjóðarinnar með því að stuðla að því, að komið verði til móts við óskir sjómanna í þessum efnum. Því miður virðist skilningur núverandi stjórnarflokka á kjaramálum sjómanna og raunverulegum hagsmunum útgerðarinnar í þessu efni harla takmarkaður, að ekki sé meira sagt. Till. okkar flm. þeirrar þáltill., sem hér liggur fyrir, er miðuð við þessa staðreynd og gengur því ekki lengra en svo, að von sé um að hún fáist samþ.

Ég legg svo til, herra forseti, að till. verði að lokinni þessari umr. vísað til hv. sjútvn.

ATKVGR.

Till. vísað til síðari umr. með 24 shlj. atkv. og til sjútvn. með 25 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

40. Símagjöld á Brúarlands- og Suðurnesjasvæði.

Á 67. fundi í Nd., 2. apríl, var útbýtt frá Nd.: **Till. til þál. um símagjöld á Brúarlands- og Suðurnesjasvæði** [195. mál] (A. 473).

Á 70. fundi í Nd., 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.

Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 71., 72. og 75. fundi í Nd., 13., 14. og 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 76. fundi í Nd., 16. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 473 flyt ég svohljóðandi þál.:

„Nd. Alþ. ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því, að gjöld vegna símtala milli Brúarlands- og Reykjavíkursvæðisins svo og innbyrðis á Suðurnesjasvæðinu reiknist á sama hátt og gjöld fyrir innanbæjarsamtöl."

Þessi þál. þarfnast ekki langra skýringa. Gjöldin fyrir símtöl innanbæjar í Reykjavík og milli Reykjavíkur og nágrannabyggðanna, Hafnarfjarðar, Garðahrepps og Seltjarnarneshrepps, eru reiknuð sem innanbæjarsímtöl, en hins vegar reiknast símtölin á milli þessara svæða, sem ég nefndi, og Brúarlandssvæðisins sem utanbæjarsímtöl. Þannig reiknast t. d. símtöl frá Hafnarfirði inn í Árbæjarhverfi sem innanbæjarsímtal, en símtal milli Brúarlands og Árbæjarhverfisins reiknast á dýrara gjaldi, þótt vegalengdin sé styttri. Með þál. er gert ráð fyrir, að úr þessu misrétti verði bætt á þann veg, að samtöl reiknist sem innanbæjarsímtöl milli Reykjavíkur og Brúarlandssvæðisins á sama hátt og nú er gert milli Reykjavíkur og allra byggðarlaganna í nágrenninu, annarra en Brúarlands, þ. e. að Brúarlandssvæðið verði látið heyra til öllu þessu sameiginlega gjaldsvæði, Reykjavíkur og næsta nágrennis. Þá er lagt til, að sami háttur og nú er á hafður um verðlagningu símgjalda milli Reykjavíkur og næstu nágrannabyggða verði látinn gilda um Suðurnesjasvæðið innbyrðis, en nú eru símtöl milli einstakra staða á Suðurnesjasvæðinu, t. d. milli Keflavíkur og Garðs og Keflavíkur og Njarðvíkur eða Keflavíkur og Voga, reiknuð sem utanbæjarsímtöl, þótt símtölin milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar t. d. reiknist sem innanbæjarsímtöl, en innanbæjarsímtöl eru reiknuð án tillits til tímalengdar símtals. Suðurnesjasvæðið er afmarkað og nátengt atvinnusvæði og að því leyti alveg hliðstætt Reykjavík og nágrenni og mjög eðlilegt og sanngjarnt að það búi við hliðstæð kjör að þessu leyti. Ég leyfi mér svo, herra forseti, að leggja til, að umr. verði nú frestað og till. vísað til hv. allshn.

Umr. frestað.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var fram haldið einni umr. um till.

Sverrir Júlíusson: Herra forseti. Á þskj. 473 flytur hv. 6. landsk. þm. till. til þál. um símagjöld á Brúarlands- og Suðurnesjasvæðinu, þar sem skorað er á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að gjöld vegna símtala milli Brúarlands- og Reykjavíkursvæðisins svo og innbyrðis á Suðurnesjasvæðinu reiknist sem innanbæjarsímtöl. Vissulega er hér um að tefla hagsmunaatriði fyrir það fólk, sem hér um ræðir, þ. e. símanotendur á þessum svæðum, sem við báðir, hv. 6. landsk. þm. og ég, erum fulltrúar fyrir hér á hv. Alþ. Mál þetta hefur verið til athugunar hjá hæstv. landbrh. og okkur, þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, en lausn á því hefur ekki enn þá fundizt. Það er ekki úr vegi að benda á, að fyrir nokkrum árum gengumst við, þm. Sjálfstfl. í Reykjaneskjördæmi, fyrir samkomulagi um breytt skref á gjaldflokki milli Sandgerðis og Gerðastöðvanna, sem var til hagsbóta fyrir símanotendur þar, enda var þar um alveg sérstakt mál að ræða, þar sem segja má, að þessir staðir séu nær því að vera eitt atvinnusvæði en aðrir staðir á Suðurnesjum. Ef við athugum þáltill. hv. 6. landsk. nokkru nánar, vil ég taka fram, að mér hefur lengi verið ljóst, að breytinga er þörf á símatöxtum hinna sjálfvirku símstöðva og þar eð ávallt fjölgar þeim landshlutum, sem þessarar þjónustu verða aðnjótandi, þá er brýn nauðsyn að mynda heildarreglur, er nái til allra byggðasvæða, er sjálfvirka símaþjónustan nær til. Ég hef því verið með hugleiðingar í þá átt, að settar yrðu reglur, sem ekki aðeins næðu til vissra svæða, heldur giltu fyrir allt landið. Að sjálfsögðu verður að hafa í huga, að fyrir símaþjónustuna verður að greiða, og einnig skulum við hafa í huga, að það munu vera um 15—20 ár síðan hætt var við að greiða beint úr ríkissjóði til fjárfestingarframkvæmda Landssímans, svo að rekstur hans verður að standa undir fjárfestingu og útbreiðslu símans með þeirri sjálfvirkni, sem óðum er að breiðast út um allt landið. Hv. 6. landsk. þm. virðist álíta, að þetta mál sé mjög einfalt og auðleyst, en því fer fjarri. Ég hef reynt að kynna mér þetta mál, bæði frá sjónarmiði símnotendanna og frá sjónarmiði þeirra, sem með símastofnunina hafa að gera. Ef málið er athugað til hlítar frá öllum hliðum, liggur í augum uppi, að slík breyting, sem hv. flm. till. gerir ráð fyrir, mundi leiða til stórfelldrar byltingar á gjaldskrármálum Landssímans og skynsamlegri fjármálastjórn, að því er snertir rekstur og fjárfestingar í framtíðinni. Þetta verður ljósara, þegar haft er í huga, að uppbygging símakerfisins greinist í fjóra höfuðþætti, sem nú skal bent á: 1. Stöðvarbúnaður fyrir innanbæjarval milli þeirra notenda, sem tengdir eru beint við viðkomandi stöð. 2. Innanbæjarlínukerfi, sem tengir sérhvern símnotanda við viðkomandi stöð. 3. Stöðvarbúnaður fyrir miðlun símtala milli símstöðva. 4. Landssímalínur fyrir símasambönd milli símstöðva.

Hefur hér á landi verið fylgt sömu meginreglu og í mörgum löndum, þess efnis, að símakerfið í heild sé hagkvæmt og nýting hvers þáttar eftir atvikum sem bezt miðuð við eðlilegar símtalavenjur. Í sjálfvirkum símstöðvum er þess vegna einungis gert ráð fyrir, að ákveðinn fjöldi notenda geti talað saman samtímis, og mæta menn því stöku sinnum upptekinni stöð, en þessi frávísun er byggð á reynslutölum og líkindareikningi. Hámarkslengd á innanbæjarlínum eru líka takmörk sett kostnaðarins vegna, og þar koma líka til tæknileg sjónarmið. Í stórum þéttbýliskjörnum verður því að reisa fleiri en eina stöð, sbr. Reykjavík. Hinir tveir síðastnefndu þættirnir, skiptibúnaður fyrir miðlun símtala milli símstöðva og landssímalínurnar í því sambandi, eru tiltölulega dýr búnaður. Hins vegar eru þau línusambönd ekki mörg, sem eru miðuð við afnot fyrir fjölda notenda. Verður því að teljast eðlilegt frá sjónarmiði hins almenna notanda, að fyrir not slíkra sambanda sé greitt aukalega sem næst kostnaðarverði, eins og nú á sér stað. Væri afnotagjaldið á þess háttar leiðum milli stöðva reiknað sem innanbæjargjald, er fyrirsjáanlegt, að auka verður eða margfalda þann dýra búnað, sem að framan greinir, og það leiðir til stærra húsrýmis og aukins mannafla til við-

gerða og eftirlits. Í þessu sambandi má benda á hliðstæðu, sem að vissu leyti er á milli afnota rafmagns og síma. Í báðum þessum tilvikum er um að ræða afnot af vélum og leiðslukerfum, en stærð og dýrleiki þeirra fer eftir því, hversu mikið og hversu lengi notandinn færir sér þessa þjónustu í nyt. Rafmagn er mælt og selt samkv. kw-stundafjölda og það finnst öllum sanngjarnt. Á sama hátt kæmi til greina að mæla notendastundafjölda símanotenda og borgaði þá hver og einn samkv. raunverulegri notkun. Af því, sem ég hef nú sagt, er ljóst, að till. hv. 6. landsk. þm. er ekki raunhæf til lausnar þeim almenna vanda, sem hér er fyrir hendi. Ég vil því leggja til, að gjaldskrá Landssímans fyrir sjálfvirku langlínuafgreiðslurnar verði tekin til endurskoðunar, þar sem athuguð verði m. a. eftirfarandi atriði:

1. Gjaldskipting á stuttu fjarlægðunum og þá með fjölgun á gjaldskrefum í huga. 2. Lengd innanbæjarsamtala. 3. Hvort ekki mætti koma á næturtaxta, er gæti þá sennilega verið hálfur dagtaxti eða lægri.

Ef um kvöld- og næturtaxta væri að ræða, mundi það fyrirkomulag beina einkasamtölum á þann tíma sólarhringsins, þegar lítið er að gera á línunum. Að því er mér hefur verið tjáð, hefur hliðstætt fyrirkomulag gefið góða raun bæði í Bandaríkjum Norður-Ameríku og Skandinavíu svo og í fleiri löndum Evrópu. Þær breytingar, sem ég hef hér bent á, mundu án efa, og áreiðanlega fyrst í stað, rýra tekjur Landssímans. Síðar mundi það geta leitað jafnvægis, en sá kostur er á því fyrirkomulagi, sem ég hef hér bent á, að kostnaðarverð þeirrar þjónustu, sem veitt er, er þekkt. Vissulega mætti ræða um fleiri leiðir, t. d. þá hugmynd, sem einu sinni kom fram, að gera landið að einu gjaldsvæði, án tillits til afnota. Sú hugmynd, ef hún kæmi til framkvæmda, yrði til þess að margfalda föstu afnotagjöldin og koma mjög ranglátlega niður. Hvað sem líður þeirri þáltill., sem hér er til umr., tel ég endurskoðun á gjaldtöxtum Landssímans mjög knýjandi, en við hér á hinu háa Alþ. megum ekki benda á eða samþykkja till., sem leiða til stóraukins kostnaðar, sem engir aðrir en símnotendur verða að greiða, og ekki stuðla að því, að kostnaði verði ranglega skipt á milli notendanna. Þess vegna legg ég ríka áherzlu á, að þær athuganir, sem ég hef hér bent á, verði látnar fara fram hið allra fyrsta. Ég áskil mér síðan rétt til þess að flytja brtt. við þessa þáltill. á þskj. 473, ef ég sé ástæðu til þess síðar.

Friðjón Þórðarson: Herra forseti. Hv. 6. og 10. landsk. þm. hafa nokkuð rætt efni þessarar þáltill., sem fjallar, eins og bent hefur verið á, um það, að Nd. Alþ. álykti að skora á ríkisstj. að beita sér fyrir því, að gjöld vegna símtala milli Brúarlands- og Reykjavíkursvæðisins svo og innbyrðis á Suðurnesjasvæðinu reiknist á sama hátt og gjöld fyrir innanbæjarsímtöl. Ég ætla ekki að andmæla efni þessarar till., sem bent er á í grg., að sé eðlilegt og sanngjarnt. En ég vil aðeins benda á, að ég hygg, að víða um land sé brýnt tilefni til þess að athuga þetta mál ekki síður en á umræddu svæði. Ég leyfi mér að benda á eitt svæði sérstaklega, sem kemur upp í huga minn, en það er landshöfnin í Rifi og næsta nágrenni, þ. e. þéttbýlið í sjálfu Rifi, Hellissandur, Gufuskálar og Ólafsvík. Þessir staðir eru mjög nálægir hver öðrum. Það hefur lengst af verið mjög erfitt að komast á milli þeirra, þar til allt í einu ástandið gerbreyttist, þegar vegurinn var lagður fyrir Ólafsvíkurenni. Nú stendur enn til, að það ástand batni, þegar nýr vegur verður lagður frá Rifi upp í Ólafsvíkurenni.

Það er alveg ljóst mál, að á þessu svæði, sem ég hef nú nefnt, er atvinnulíf mjög samtvinnað og nátengt á öllum þessum stöðum, og fellur því undir þann rökstuðning, sem þegar er hafður uppi í grg., að hér sé um nátengt og afmarkað atvinnusvæði að ræða. Ég vil því mælast til þess, — og ég mun gera ráðstafanir til þess, — að þetta svæði verði athugað, a. m. k. samtímis því svæði, sem umrædd till. fjallar um.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þessa till. Út af fyrir sig er ekkert óeðlilegt, þótt hv. þm. flytji till. í þessa átt og það er kannske eðlilegt, að um leið og þeir skrifa till., hafi þeir ekki sett sig inn í málið nægilega vel til þess að gera grein fyrir þeim vanda, sem því fylgir, að fylgja till. fram. Sjálfvirkur sími er nú kominn í flest kauptún á landinu, þ. e. 50 sjálfvirkar stöðvar komnar í gagnið. Og sjálfvirki síminn gefur tilefni til þess að endurskoða símataxta og svæði, sem geta verið samrýmanleg, og þess vegna er það, að þegar er hafin athugun á þessu máli. Það var í haust, sem sveitarstjórinn í Mosfellshreppi skrifaði póst- og símamálastjórninni og óskaði eftir því, að símataxtar frá Brúarlandsstöðinni yrðu athugaðir og samræmdir, eins og hann orðaði það. Þetta varð til þess, að farið var að athuga, hvort það væri sanngjarnt, sem sveitarstjórinn fór fram á, og ef það væri sanngjarnt, hvernig mætti uppfylla það. Það kom vitanlega strax í ljós, að til þess að uppfylla þessar óskir varð þegar að leggja í talsverðan kostnað í línulögn og viðbótarvélum. Þetta var vitanlega fært að gera á tiltölulega stuttum tíma, ef aðeins væri um þetta tiltekna svæði að ræða, Brúarlandssvæðið og Suðurnesin. En stjórn Landssímans hefur gert sér ljóst, að hún hefur jafnar skyldur við alla landsmenn og ef á að uppfylla kröfur vissra svæða, þá verður um leið að athuga, hvort sambærilegar kröfur geta ekki komið annars staðar frá, kröfur, sem eiga jafnan rétt á sér, og þess vegna er það, að ákveðið hefur verið að endurskoða símgjaldataxta um allt land og gera sér grein fyrir, hvar þörf er á að samræma þessa gjaldataxta. Þar eru til sambærileg svæði, eins og hv. síðasti ræðumaður var t. d. að minna á hér áðan. Hann taldi, að það væri sambærilegt við Brúarlandssvæðið.

Ég er síður en svo að mótmæla þessari till., að það verði framkvæmt, sem hún fer fram á. En ég vil aðeins vekja athygli á því, að það

eru fleiri staðir á landinu, sem geta verið sambærilegir, sem eiga jafnan rétt á því að fá samræmingu og lagfæringu á þeim töxtum, sem nú eru greiddir. Og þess vegna er það, að póst- og símamálastjórnin hefur ákveðið að fá heildarmynd af landinu öllu og gera sér grein fyrir því, hvernig má samræma taxtana og hvernig má marka í sundur hin ýmsu svæði, sem eðli sínu samkv. eiga að vera á sama gjaldtaxta. Ég er sannfærður um, að þegar hv. þm. fara að hugsa um þetta, þá gera þeir sér grein fyrir því, að hér er um að ræða vandasamt verk, sem hlýtur að taka nokkurn tíma og er ekki hægt að taka eitt svæði út af fyrir sig nema gera sér grein fyrir því, hve mörg önnur svæði eiga sama rétt. Landssíminn er stofnun, sem allir landsmenn eiga jafna kröfu á og þess vegna verður að hafa samræmi og réttlæti í þeim ákvörðunum, sem teknar eru hjá þeirri stofnun. Og ég vænti þess, að Landssíminn sé ekki vændur um það að vilja sýna hlutdrægni. Á Suðurnesjum hafa taxtar verið samræmdir. Það var fyrir tæpum tveimur árum, þá var samræmdur símgjaldataxti á milli hinna ýmsu kauptúna á Suðurnesjum. Það eru ekki ýkjamörg ár síðan Hafnarfjörður var færður inn á Reykjavíkursvæðið, eins og orða mætti það. Áður gilti allt annað símagjald, þegar talað var til Hafnarfjarðar heldur en innanbæjar í Reykjavík. En þessu var breytt fyrir nokkrum árum. Og þannig er það með gjaldtaxta Landssímans. Þeir hljóta að þurfa stöðuga endurskoðun og samræmingu, og það er sérstaklega nú, vegna sjálfvirku stöðvanna, sem eru orðnar svo margar, að sérstök þörf er á þessari endurskoðun. Þessi endurskoðun er komin í gang. Ég vil ekkert um það segja, hvort henni verður hægt að ljúka í sumar eða á þessu ári, en ég vil fullyrða, að áhugi er fyrir því hjá póst- og símamálastofnuninni og verkfræðingum Landssímans að ljúka þessu yfirliti til þess að hægt sé að horfast í augu við, hvað það kostar að samræma gjaldskrárnar og sannfæra sig um það, að þær ákvarðanir, sem gerðar verða, séu réttlætinu samkvæmar.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Það er áreiðanlega rétt, sem hér hefur komið fram, að það er víðar þörf að samræma gjöld Landssímans heldur en á því svæði, sem þessi þáltill. fjallar um. Það hefur stundum komið til tals að gera landið allt að einu gjaldsvæði, en á því eru vafalaust ýmsir annmarkar, en mér finnst, að það eigi að leggja áherzlu á það að jafna sem allra mest fjárhagslegu aðstöðuna, jafna sem allra mest aðstöðu landsmanna til að notfæra sér símakerfið. Munurinn er ákaflega mikill á milli sjálfvirka kerfisins, þar sem það er komið, og svo þess gamla. Hann hverfur smátt og smátt, eftir því sem sjálfvirka kerfið færist út, en ég held, að munurinn sé líka nokkuð mikill fjárhagslega. Ég er hræddur um, að fjarlægustu landshlutarnir, þeir landshlutar, sem lengst liggja í burtu frá höfuðborgarsvæðinu, t. d. Austurland, búi raunverulega við einna dýrasta þjónustu hvað þetta snertir. Mér þótti vænt um að heyra yfirlýsingu hæstv. ráðh. um það, að þetta mál í heild sé í skoðun hjá Landssímanum, og ég vil þá a. m. k. mega vænta þess, að þetta atriði verði alveg sérstaklega haft í huga við þá skoðun, að leitazt verði við að gera öllum landsmönnum sem allra jafnast undir höfði, einnig hvað snertir kostnaðarhliðina.

Ég skal ekki tefja hv. þd. að öðru leyti. Ég vil aðeins benda hv. þm. Reykn. á eins konar vinnuhagræðingu, sem a. m. k. þm. Austf. hafa komið á hjá sér, með því að ræða jafnan málefni kjördæmisins á sameiginlegum fundum sínum, áður en þeir bera þau fram á hv. Alþingi.

Flm. (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég geri mér að sjálfsögðu ljóst, að hliðstætt misræmi í símagjöldum og þáltill. mín fjallar um að verði leiðrétt varðandi Brúarlandssvæðið og nágrannasvæði Reykjavíkur, getur verið fyrir hendi annars staðar á landinu. Og satt að segja reiknaði ég með því, miðað við þá venju, sem verið hefur hér við störf þingsins, að till. um úrbætur á þeim stöðum kæmu fram sem brtt. frá þm. þeirra staða, þar sem kann að vera um að ræða misrétti í sams konar málum. Ef flutningur þessarar þáltill. getur orðið til þess, að þessi mál verði endurskoðuð í heild og gerðar sérstakar ráðstafanir til að samræma símagjöld um allt landið, þá mun ég vissulega fagna því. En ég legg áherzlu á það eftir sem áður, að bætt verði úr svo augljósu misrétti sem á sér stað á milli Reykjavíkursvæðisins annars vegar og Brúarlandssvæðisins hins vegar svo og á Suðurnesjasvæðinu innbyrðis í samanburði við Reykjavík og nágrannabyggðir Reykjavíkur. Og ég tel ástæðulaust að láta þá leiðréttingu bíða, sem gera þarf til að bæta úr þessu misrétti. Hæstv. ráðh. minntist á það hér áðan, að fyrir nokkrum árum hefði verið gerð leiðrétting á símagjöldum milli Reykjavíkur og Hafnarfjarðar. Það var gert, án þess að nokkur heildarendurskoðun færi fram á þessum málum og það virðist, að enn ætti að vera hægt að bæta úr augljósustu mistökum nú þegar. Sú leiðrétting, sem hér er gerð till. um, getur ekki spillt fyrir öðrum nauðsynlegum lagfæringum og samræmingu, sem gera þarf annars staðar á landinu, öðru nær. Samþykkt þessarar till. mundi að mínum dómi flýta fyrir því, að þessi mál yrðu endurskoðuð. Og mér þætti vissulega vænt um, ef flutningur þessarar þáltill. gæti orðið til þess að flýta afgreiðslu þessara mála í heild.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. flm. hefur e. t. v. ekki heyrt það, sem ég sagði áðan, að sveitarstjórinn í Mosfellshreppi hefði skrifað póst- og símamálastjórninni í vetur, snemma í vetur, og óskað eftir því, eins og hann orðaði það, að símagjöldin á Brúarlandssvæðinu yrðu lækkuð og samræmd við Reykjavík. Og það var í tilefni af því bréfi, að sú endurskoðun fer fram, sem ég áðan lýsti.

Það er út af fyrir sig alveg meinlaust að mínu áliti, þótt hv. flm. þessarar till. þakki flutningi hennar, að þessi endurskoðun er komin af stað hjá Landssímanum, en ég tel rétt að hafa það sem sannara er og endurtaka það, sem ég sagði áðan, að það er vegna bréfs hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi, að endurskoðunin var sett í gang nú í vetur.

ATKVGR.
Till. vísað til allshn. með 24 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

---

41. Rekstur Landssmiðjunnar.

Á 68. fundi í Nd., 6. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um rekstur Landssmiðjunnar [197. mál] (A. 484).

Á 70. fundi í Nd., 9. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 71., 72. og 75. fundi í Nd., 13., 14. og 16. apríl, var till. tekin til einnar umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 76. fundi í Nd., 16. apríl, var till. enn tekin til einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Nú fyrir skömmu svaraði hæstv. iðnmrh. fsp. frá mér, þar sem innt var eftir ráðagjörðum hæstv. ríkisstj. um framtíð Landssmiðjunnar. Af svarinu kom í ljós, að þær ráðagerðir svifu algjörlega í lausu lofti. Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að hann hefði lagt til innan ríkisstj. 15. jan. s. l., að rekstri Landssmiðjunnar yrði hætt á þessu ári. Sú till. hefur hins vegar ekki náð fram að ganga, vegna andstöðu Alþfl. Hins vegar væri óljóst með öllu, hvernig rekstri Landssmiðjunnar yrði haldið áfram, um það væru engar áætlanir gerðar, hvernig nýta ætti afkastagetu fyrirtækisins og endurnýja það svo, að það fullnægði nútímakröfum. Af þessum ástæðum höfum við hv. þm. Þórarinn Þórarinsson flutt hér till. til þál., sem er svo hljóðandi:

„Nd. Alþ. ályktar að skora á ríkisstj. að láta gera áætlanir um endurskipulagningu Landssmiðjunnar í þeim tilgangi, að afkastageta fyrirtækisins verði nýtt til fullnustu, t. d. í sambandi við áformin um gerð þurrkvíar í Reykjavík. Skulu áætlanir þessar lagðar fyrir næsta reglulegt Alþ. ásamt tillögum um fjáröflun til þess að koma vélakosti og rekstri Landssmiðjunnar í nútímalegt horf."

Það fær að sjálfsögðu ekki staðizt til lengdar, að ekki sé mörkuð ákveðin stefna um rekstur jafn þjóðhagslega mikilvægs fyrirtækis og Landssmiðjan er. Og þar sem ekki er samstaða um málið innan hæstv. ríkisstj., er einsætt, að Alþ. verður að taka ákvörðun um stefnuna. Full ástæða er til þess að ætla, að meiri hl. Alþ., þm. Alþb., Alþfl. og Framsfl. séu fylgjandi því, að Landssmiðjan verði starfrækt af fullum krafti og endurnýjuð svo sem nauðsynlegt er. Og þessi till. er flutt í því skyni, að vilji Alþ. geti birzt og mótað ákvarðanir hæstv. ríkisstj.

Landssmiðjan hefur sem kunnugt er starfað síðan árið 1930. Hún var lengi forustufyrirtæki í járniðnaði hérlendis og vann með góðum árangri að mikilvægum og vandasömum verkefnum. Hefur Landssmiðjan átt mikinn þátt í þróun járniðnaðar hérlendis, en sá iðnaður er ein meginundirstaða iðnþróunar á Íslandi. Hins vegar hefur þetta fyrirtæki verið á stöðugri niðurleið um alllangt árabil að undanförnu. Á stríðsárunum voru starfsmenn fyrirtækisins um 300 talsins, en eru nú aðeins um 80, og heilum deildum hefur verið lokað, rekstrinum til mikils tjóns. Ástæðan fyrir þessum samdrætti er ekki sú, að fyrirtækið hafi reynzt illa eða rekstrarform þess hafi orðið því fjötur um fót. Hér hefur fyrst og fremst verið um að ræða pólitískar kreddur valdhafanna, ekki sízt síðan viðreisnarstefnan hófst fyrir 10 árum. Vegna þess að hér var um ríkisfyrirtæki að ræða, mátti ekkert fyrir það gera. Á sama tíma og milljónatugum af almenningsfé hefur verið varið til einkafyrirtækja, til þess að forða þeim frá gjaldþroti, hefur Landssmiðjan verið svelt að fjármagni og ekkert verið til þess gert, að fyrirtækið fylgdist með tímanum. Ástæðan er, eins og ég sagði áðan, pólitískar kreddur og jafnframt þrýstingur frá einkaaðilum, sem ekki vildu þurfa að eiga í samkeppni við Landssmiðjuna um verkefni. Morgunblaðið hefur meira að segja komizt svo að orði í forustugrein, að fráleitt væri, að ríkisfyrirtæki keppi við einkaaðila um verkefni. Hvers vegna skyldi það vera fráleitara en að einkaaðilar kepptu við ríkisfyrirtæki um verkefni? Núv. hæstv. ríkisstj. hefur haldið því fram, að hún aðhyllist í verki blandað hagkerfi. Þá eiga ríkisfyrirtæki og einkafyrirtæki að keppa á jafnréttisgrundvelli. En eigi í stað slíkrar samkeppni að koma einokunaraðstaða, er hún betur komin í höndum fyrirtækja, sem eru í félagslegri eign, heldur en í höndum fyrirtækja, sem eru í einkaeign.

Í skýrslu, sem hæstv. iðnmrh. gaf hér á þingi, greindi hann frá miklum vandræðaskap, sem einkennt hefur afskipti ríkisstj. af þessu máli á undanförnum árum. Skipuð hefur verið ein nefndin af annarri til þess að gera tillögur. Þessar nefndir hafa að vísu skilað tillögum, en með þær hefur ekkert verið gert. Nefnd, sem skipuð var árið 1965, benti á þá valkosti, að Landssmiðjan yrði byggð upp að nýju sem ríkisfyrirtæki, eða hún yrði seld í einu lagi til

einkaaðila, eða stofnað yrði hlutafélag með þátttöku ríkisins um endurbyggingu smiðjunnar, en enginn þessara valkosta var valinn. Í staðinn hélt áfram sama vandræðastjórnin af hálfu hæstv. ríkisstj. Síðan var skipuð ný nefnd 1967, og sú nefnd fann upp á því snjallræði að leggja niður hluta af Landssmiðjunni, en nýta húsið í staðinn undir verknámsskóla. En eins og hæstv. ráðh. greindi frá, er þarna aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða af hálfu Iðnskólans. Hann hefur nú þegar sagt upp hluta af þessu húsnæði og virðist því ekki kæra sig um það. Afleiðingin af þessu er sú, að trésmíðadeildin hefur verið lögð niður og hefur það orðið fyrirtækinu verulegt áfall. Þriðja nefndin var skipuð 1969. Einnig hún kom með tillögur, og því hefur einnig verið lýst yfir af hálfu hæstv. ríkisstj., að hún telji, að þær tillögur standist ekki, það sé ekki hægt að starfrækja fyrirtækið í samræmi við þær. Allur þessi vandræðaskapur hefur að sjálfsögðu haft mjög skaðleg áhrif á rekstur Landssmiðjunnar á undanförnum árum. Enda fór hæstv. iðnmrh. um það allþungum orðum í skýrslu sinni hér á dögunum, að fjárhagsleg afkoma Landssmiðjunnar væri slæm. Hann sagði m. a., að á s. l. hausti hefði hallinn á rekstri Landssmiðjunnar verið orðinn 1.4 millj. Mér kom nokkuð á óvart, þegar hæstv. ráðh. sagði þetta, því það var ekki í samræmi við vitneskju, sem ég taldi mig hafa um afkomu þessa fyrirtækis. Því varð ég mér úti um reikning Landssmiðjunnar fyrir síðasta ár og hef ég hann hér. Á honum kemur það fram, að Landssmiðjan hefur engan veginn verið rekin með tapi á síðasta ári, heldur með ágóða. Eftir að afskriftum var lokið, sem námu á síðasta ári 473 þús. kr., var lagt í varasjóð 261 þús. og tekjuafgangur var um 71 þús. Það er þess vegna ekki rétt, að Landssmiðjan hafi verið rekin með halla, hún var rekin með ágóða, þrátt fyrir þær erfiðu aðstæður, sem hún hefur haft árum saman, og mér finnst það óþarfi, að hæstv. ráðh. geri ekki rétta grein fyrir atriðum eins og þessu, því að þetta skiptir að sjálfsögðu verulegu máli, þegar menn meta framtíð þessa fyrirtækis.

Hæstv. ráðh. kom að því í skýrslu sinni, að það kæmi mjög til álita, ef reynt yrði að halda áfram rekstri Landssmiðjunnar, að tengja framtíð hennar við áformin um byggingu þurrkvíar inni í sundum. Við hv. þm. Þórarinn Þórarinsson fellum þetta atriði einnig inn í tillögu okkar og ég vildi leyfa mér að gera það nokkuð að umtalsefni, vegna þess að ég lít svo á, að bygging þurrkvíar sé mikið stórmál. Það sé mikið stórmál fyrir Reykjavík og það sé mikið stórmál fyrir landið allt. Það hefur lengi verið um það rætt hér á landi, að nauðsyn væri að koma upp þurrkví fyrir Íslendinga. Athuganir á því máli hafa staðið yfir allt frá síðustu styrjöld og margsinnis hefur verið lagt í ýmiss konar rannsóknir. Hér á Alþ. var skipuð sérstök þurrkvíarnefnd árið 1951 og henni var falið að gera tæknilegar kannanir á staðsetningu og gerð þurrkvíar á nokkrum stöðum á landinu. Þessi nefnd mælti með því, að byggð yrði þurrkví fyrir 6 þús. tonna skip, er síðar mætti stækka til afnota fyrir allt að 18 þús. tonna skip, og í nál. sínu sagði þurrkvíarnefnd m. a., með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum vill nefndin leyfa sér að taka fram, að hún er einhuga um að leggja til, að hafinn verði nú þegar undirbúningur undir að hrinda þessu máli í framkvæmd. Mundi þetta verk ekki einasta skapa mjög mikla vinnu í landinu á meðan á byggingu hennar stendur, er dreifa mætti e. t. v. yfir þá tíma árs, sem hennar væri mest þörf, heldur mundi þurrkvíin skapa hér allt önnur og betri skilyrði til viðgerðar á skipastól landsmanna en nú eru fyrir hendi, þar sem þá fyrst væru möguleikar fyrir því að nota við þau verk hagkvæmari aðferðir við alla flutninga á efni til og frá en nú er gert og á þann hátt gera viðgerðir ódýrari, fljótari og öruggari og skapa jafnframt möguleika fyrir stóraukinni vinnu í landinu í þeirri iðngrein í framtíðinni. Hún telur, að með þeim siglingum, sem nú eru hingað til landsins, sé tæpast forsvaranlegt að eiga enga möguleika til að taka stærri skip á land en nú er hægt að taka í Slippinn, og úr því verði ekki bætt á neinn annan hátt betur en með byggingu þurrkvíar."

Þrátt fyrir þessar niðurstöður nefndarinnar var ekki ráðizt í neinar framkvæmdir. Hins vegar héldu áfram ýmsar kannanir á málinu, m. a. á vegum Reykjavíkurhafnar, og önnur álitsgerð var gerð 1954. Árið 1962 bar svo Gísli Jónsson alþm. fram till. á Alþ. um nýjan tekjustofn fyrir Hafnabótasjóð, 2% gjald af kostnaðarverði nýrra skipa, og skyldi helmingur þeirra tekna renna til þess að koma upp og reka þurrkví í Reykjavík. Þessi till. náði ekki fram að ganga, og lá málið síðan kyrrt um alllangt skeið. Hinn 3. febr. 1967 var hins vegar gerð samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur. Þar var samþ. tillaga, sem fulltrúar Alþb. báru fram og var svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með því að fyrsti áfangi Sundahafnar er í byggingu, telur borgarstjórn nauðsynlegt að kanna ítarlega þörf fyrir dráttarbraut eða þurrkví í tengslum við hina nýju höfn. Felur borgarstjórn því hafnarstjórn að framkvæma athugun þessa og kanna jafnframt, hverjar áætlanir eru uppi hjá þeim fyrirtækjum í borginni, sem annast skipaviðgerðir og líkleg væru til þess að hefja nýsmíði fiskiskipa, og athuga möguleika á samstarfi þeirra í þessu efni, eftir því sem henta þykir."

Síðan fól hafnarstjórn Gunnari B. Guðmundssyni hafnarstjóra, Braga Hannessyni og Guðmundi J. Guðmundssyni að framkvæma þessa athugun, sem ákveðin hafði verið. Hefur Gunnar B. Guðmundsson hafnarstjóri gert bráðabirgðaskýrslu um þessa athugun og styðst ég við hana í þessari frásögn minni. Þar koma fram ýmsar mjög athyglisverðar upplýsingar, m. a. er rætt um þær nýju dráttarbrautir, sem teknar hafa verið í notkun fyrir minni fiskiskip, en á það er bent, að auk þeirra væri mjög nauðsynlegt, að hægt væri að koma hér upp

aðstöðu fyrir stærri skip. Við skulum gæta þess, að skipafloti okkar hefur stöðugt verið að stækka á undanförnum árum, og að Íslendingar eru smátt og smátt að verða siglingaþjóð. Á þetta var raunar bent hér á síðasta þingi í till., sem flutt var af hv. þm. Guðlaugi Gíslasyni, þar sem lögð var áherzla á þessa staðreynd. Þróunin hefur verið sú, að 1955 voru íslenzk flutningaskip 24 talsins, þar af 7 stærri en 2 þús. brúttótonn og 8 undir þúsund brúttótonnum. Samsvarandi tölur nú eru 40 skip alls, þar af 13 stærri en 2 þús. brúttótonn og 17 minni en þúsund brúttótonn. Þarna er sem sé um að ræða tvöföldun síðan 1955, og það er full ástæða til að ætla, að þessi þróun muni halda áfram. Einnig er þess að gæta, að skipaferðir til Íslands og umhverfis Ísland eru mjög miklar, og það kemur oft fyrir, að erlend skip þurfa á viðgerðum að halda, sem við getum hins vegar ekki framkvæmt, af því að hér skortir til þess aðstöðu. Hafa oft borizt hingað fyrirspurnir um upptökumöguleika erlendra skipa og er ekki nokkur vafi á því, að ef þurrkví yrði komið upp hér, þá mundu erlendir aðilar hagnýta hana að nokkru leyti. Skipaviðgerðir þær, sem við verðum að ráðast í erlendis, eru mjög kostnaðarsamar. Árlegur kostnaður hefur að undanförnu numið um 120 millj. kr. Ef hér væri komið upp þurrkví, mundi verulegur hluti þeirrar upphæðar sparast. En samhliða aðstöðu til viðgerða í slíkri þurrkví þyrfti að skapa aðstöðu fyrir nýsmíði stálskipa í sambandi við hana, og það er af þeim ástæðum, sem rætt er um þá hugmynd að tengja framtíð Landssmiðjunnar við þetta fyrirtæki. Þurrkví er svo umfangsmikið fyrirtæki, að því verður naumast komið á laggirnar nema með þátttöku ríkisins, og það væri ákaflega eðlilegt, að þátttaka ríkisins yrði einmitt látin koma í gegnum Landssmiðjuna, þetta mikilvæga ríkisfyrirtæki.

Mér þykir rétt að lesa hér stuttan kafla úr skýrslu hafnarstjóra, þar sem gefin er stutt lýsing á þurrkví, með leyfi hæstv. forseta:

„Þurrkví er byggð á landi sem eins konar bás með loku í annan endann. Sjó er hleypt í kvína, og skip sigla inn, lokan sett fyrir og sjó dælt úr kvínni. Við byggingu þurrkvíar eru tvö höfuðvandamál: vatnsrennsli í kvínni á byggingartíma og vatnsþrýstingur á botn þurrkvíar við notkun. Vatnsrennsli að þurrkví er oftast leyst með því að byggja varnargarð út í sjó umhverfis byggingarstað og dæla burt lekavatni. Ef lekavatnið er of mikið, þá er nauðsynlegt að steypa neðansjávar, sem er dýrt. Vatnsþrýstingur neðan á botn þurrkvía er mótveginn ýmist með þungri botnplötu, þungum veggjum eða akkerum niðri í jörð undir kvinni. Þurrkví er oftast fyrir eitt skip, en ef hún liggur samsíða landi, má hafa lokur á báðum endum og eina milliloku. Þá er ýmist hægt að nýta kvína fyrir eitt stórt skip eða tvö lítil. Einnig er hægt að setja milliloku í kví, sem lokuð er í annan endann, og hugsa sér skip til lengri viðgerðar í innri hlutanum. Hvort tveggja bindur nokkuð notkunarmöguleikana fyrir stór skip. Viðhald á þurrkví er lítið annað en viðhald á dælum og lokum. Stór kostur umfram flotkví er, að þurrkví er hægt að byggja að mestu úr innlendum efnum, þ. e. steinsteypu."

Sú nefnd, sem um þetta hefur fjallað á vegum hafnarstjórnarinnar, hefur einnig gert kostnaðaráætlun um þetta mál, og þar er kostnaður við þurrkví áætlaður um 100 millj. kr. og í samanburði á þurrkví og skipalyftum, flotkví, kemur það í ljós, að þurrkví sé fyllilega samkeppnisfær í stofnkostnaði, auk þess sem viðhaldskostnaður hennar yrði mun minni en annarra hliðstæðra mannvirkja.

Það er mjög jákvætt í þessu sambandi, að rannsóknir, sem gerðar hafa verið á staðsetningu þurrkvíar, hafa leitt í ljós, að jarðvegurinn fyrir innan Sundahöfn við Elliðaárvog er mjög hagkvæmur til slíkra framkvæmda. Árið 1962 til 1963 kannaði dr. Þorleifur Einarsson jarðfræðingur svæðið frá Kletti að Gelgjutanga með tilliti til staðsetningar þurrkvíar, og þar kom fram, að silt- og sandsteinslag er þarna, sem virðist algjörlega vatnsþétt. Slík aðstaða mundi geta gert byggingu þurrkvíar mun ódýrari en yfirleitt er talið gerlegt, og lausleg athugun á framkvæmdum við þær aðstæður sýndi, að munað gæti svo miklu sem 30% af upphaflegum kostnaðaráætlunum. Þessar athuganir halda enn áfram. Nefndin hefur einnig gert athugun á rekstrarkostnaði slíks fyrirtækis og tekjumöguleikum, og þar kemur fram, að tekjur af viðgerð á þeim 40 farþega- og flutningaskipum, sem nú eru í eigu Íslendinga, gætu verið um 3.3 millj. kr., og að þær tekjur mundu ekki gera mikið meira en að standa undir rekstrarkostnaði. Hins vegar er í þessum tölum ekki reiknað með dokkun erlendra skipa, en eins og ég vék að áðan, þá gæti þar orðið um allverulega viðbót að ræða, auk þess sem skipastóll okkar fer vafalaust vaxandi á næstu árum. Hins vegar er full ástæða til þess að gera sér grein fyrir því af fullu raunsæi, að þarna mun þurfa að leggja fram stofnkostnað, án þess að geta reiknað með því að rekstrartekjur geti fyrstu árin staðið á eðlilegan hátt undir honum. Þarna væri verið að ráðast í framkvæmdir í þágu framtíðarinnar, og þess vegna þyrfti að finna einhverjar aðrar leiðir til fjáröflunar. Einnig um það atriði hefur nefndin borið fram hugmynd af sinni hálfu, sem ég vil leyfa mér að gera grein fyrir. Það segir svo í skýrslunni um leiðir til fjáröflunar, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt gildandi hafnalögum ætti beint framlag ríkissjóðs, ef þurrkví yrði byggð á vegum hafnarsjóðs, að nema 40% af stofnkostnaði. Þar sem um sérstakt fyrirtæki væri að ræða, sem þjónar allri siglingu til landsins, væri ekki óeðlilegt að reikna með 75% ríkisframlagi, svo sem til hafnargarða og dýpkana. Til þess að afla tekna til stofnkostnaðar fyrirtækis, sem óneitanlega leiðir til stóraukins öryggis í siglingum við landið, virðist eðlilegt, næst á eftir framlagi úr ríkissjóði, að leggja gjald á þau skip, sem leita hafna á Íslandi. Í

frv. til hafnalaga, sem lagt var fyrir Alþ. 1967, var að finna slík ákvæði til tekjuöflunar fyrir Hafnarbótasjóð, en það náði þá ekki fram að ganga. Eðlilegast virðist að leggja gjald á öll skip, stærri en 100 brúttórúmlestir, t. d. 10 krónur á brúttólest, innheimt einu sinni á ári. Gjaldið skal renna til að greiða stofnkostnað þurrkvíar. Síðar ætti það að renna að hálfu til hafnarsjóðs þeirrar hafnar, sem viðkomandi skip er skráð í, ef um íslenzkt skip er að ræða, eða leitar til hafnar í fyrst á árinu, ef um er að ræða erlend skip, en að hálfu til Hafnarbótasjóðs til frjálsrar ráðstöfunar. Og ef horfið væri að þessu ráði, þá mundi þarna vera um að ræða tekjur, sem gætu numið á ári rúmlega 9 millj. kr."

Þetta eru sem sé þær hugmyndir, sem ræddar hafa verið af þeirri nefnd, sem hafnarstjórn Reykjavíkur skipaði, og hefur skilað bráðabirgðaáliti. Eins og ég sagði áðan, tel ég hér vera um mjög mikið stórmál að ræða. Og ég hef gert grein fyrir því, að ég telji mjög eðlilegt, að það verði tengt við framtíð Landssmiðjunnar, vegna þess að starfsemi hennar mundi á mjög eðlilegan hátt geta tengzt við starfsemi þurrkvíar.

Eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar, þá tel ég það miklu máli skipta, að Alþ. marki nú þegar stefnu í því stórmáli, hvernig eigi að haga framtíðarrekstri Landssmiðjunnar, svo að það fyrirtæki svífi ekki í lausu lofti, eins og það hefur raunar gert síðustu árin, og þetta er þeim mun mikilvægara sem fyrir ríkisstj. liggur till. frá hæstv. iðnmrh. um að leggja Landssmiðjuna niður. Ég tel þess vegna, að það sé algjörlega nauðsynlegt, að Alþ. taki ákvörðun, marki afstöðu sína í þessu máli núna, áður en það verður sent heim eftir stuttan tíma. Til þess að flýta fyrir málinu, legg ég til, að till. okkar hv. þm. Þórarins Þórarinssonar verði ekki vísað til n., og vil ég í þessu sambandi benda á, að í þingsköpum er ekki gert ráð fyrir því sem neinni almennri reglu í störfum deildanna, að málum verði að vísa til n. Málefni Landssmiðjunnar hafa verið svo mikið rædd, bæði á þessu þingi og því síðasta, að allir málavextir ættu að vera þm. kunnir, og ekki þörf neinna frekari athugana, áður en tekin er ákvörðun um að undirbúa þá stefnumótun, sem um er rætt í till. Verði till. samþ. hér í deildinni, teldi ég sjálfsagt, að hún yrði síðan send Ed. í samræmi við ákvæði 29. gr. þingskapa.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Samkv. ræðu síðasta ræðumanns um þáltill. um eflingu Landssmiðjunnar kom fram, að ýmist svífur þetta fyrirtæki að hans dómi í lausu lofti eða það skilar góðum hagnaði samkvæmt ársreikningum fyrirtækisins. Hvað því við kemur, að ég sagði, að fyrirtækið hefði á þessu síðasta ári verið rekið með tapi að upphæð u. þ. b. 1.4 millj., nánar tiltekið í októbermánuði, þá er það alveg rétt. Hins vegar hefur verið stillt upp öðrum reikningum, og þeir gefa ekki til kynna neinn hreinan hagnað fyrirtækisins, miðað við það fjármagn, sem í því er bundið. Ég sé þess vegna ekki ástæðu til að ræða þetta mál hér, einkum og sér í lagi vegna þess, að ég gerði grein fyrir því hér ekki alls fyrir löngu, að ég hefði gert ráðstafanir til þess, að fjárhagur fyrirtækisins og rekstrarmöguleikar væru kannaðir af Framkvæmdasjóði Íslands, og sú athugun fer nú fram. Hins vegar hef ég fengið frestað uppboði á þessu arðvænlega fyrirtæki fram yfir lok maímánaðar, fram til 1. júní, meðan þessi athugun fer fram og athugaðir eru möguleikar á því að afla fyrirtækinu nægilegs fjármagns til rekstrar. Það er einkennileg lýsing á fyrirtæki, sem á að ganga vel og vera með góðan hagnað samkvæmt reikningum sínum, að stöðugt þurfi að vera að fresta á því uppboðum, af því það stendur ekki í skilum með opinber gjöld. Þannig hefur staðreyndin verið og er í dag. Annars var ræða hv. 6. þm. Reykv. að ákaflega litlu leyti um Landssmiðjuna, heldur upplestur á grg. um þurrkví í Reykjavík, sem áformuð hefur verið af hafnarstjórn Reykjavíkur, hafnarstjóra og öðrum mönnum, sem hann hefur kvatt til nefndarstarfa. Það hefur aldrei verið gert ráð fyrir í þessari skýrslugerð, að málmiðnaðurinn legði neitt sérstaklega af mörkum til að byggja þurrkvína, heldur að komið yrði upp einhverjum sameiginlegum verksmiðjurekstri málmiðnaðarfyrirtækjanna í sambandi við viðgerðir þurrkvíarinnar og í framtíðinni stálskipasmíði, eins og vikið var að.

Það er svo margt í þessari ræðu, sem ég tel, að þurfi að athugast, að það væri óverjandi að vísa þessu máli ekki til n., og legg ég til, að því verði vísað til fjhn.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mér kemur það mjög á óvart, þegar hæstv. iðnmrh. kemur hér og vefengir reikninga Landssmiðjunnar. Ég er hér með þessa reikninga, og ég greindi frá því áðan, hver væri niðurstaða þeirra. Þar er gerð grein fyrir því, að fyrirtækið hafi bæði lagt í varasjóð vegna fyrningar og haft tekjuafgang. Er hæstv. ráðh. að gefa í skyn, að þessir reikningar séu falsaðir? Hefur hæstv. ráðh. einhverja ástæðu til þess að vefengja það, að ráðamenn fyrirtækisins hafi gert þessa reikninga upp á eðlilegan hátt? Ég tel, að það séu ákaflega alvarlegar getsakir, sem hæstv. ráðh. kemur með, að reikningar þessa fyrirtækis séu ekki réttir. Ef hæstv. ráðh. hefur ástæðu til þess að bera slíkar getsakir á fyrirtækið, þá tel ég, að honum beri skylda til að sanna þær sakir. Og ég skil ekki í öðru en að forustumenn fyrirtækisins, þeir, sem hafa samið þessa reikninga, geri sjálfir þá kröfu, að hæstv. ráðh. standi við þau orð, sem hann mælti hér áðan um þessi vinnubrögð. Hitt er mér fullkunnugt, að þetta fyrirtæki hefur átt í margvíslegum efnahagslegum vanda, en það stafar af því, að hæstv. ríkisstj. hefur ekki sinnt því á sama hátt og hún hefur sinnt ýmsum einkafyrirtækjum á Íslandi. Það hefur t. d. ekki gerzt, að varið væri 28 millj. kr. úr Fram-

kvæmdasjóði til þess að hjálpa Landssmiðjunni út úr erfiðleikum, til þess að gera henni kleift að endurnýja aðstöðu sína til starfa. Landssmiðjan hefur ekki notið þeirrar velvildar af hálfu hæstv. ríkisstj., sem ýmsir einkaaðilar hafa notið. En þar hefur ekki staðið á fjármagni til að koma í veg fyrir, að þau fyrirtæki yrðu gjaldþrota. Þeim hefur mörgum verið bjargað á mjög annarlegum forsendum. Þar hefur vissulega verið um mikilvæg fyrirtæki að ræða, en það, sem vakað hefur fyrir hæstv. ríkisstj., hefur fyrst og fremst verið að bjarga tilteknum einstaklingum. Þessa sögu væri hægt að rekja í löngu máli, en hana þekkja allir, og mér finnst það ekki sæma hæstv. ráðh., þegar vitað er um þessi afskipti af einkafyrirtækjum, að koma hér upp í ræðustól og tala á hrokafullan hátt um það, að Landssmiðjan liggi undir uppboði, þetta mikilvæga ríkisfyrirtæki, sem hæstv. ráðh. ber skylda til að vernda sérstaklega. Mér þótti það afar fróðlegt, að hæstv. ráðh. vildi ekki fallast á þá hugmynd mína, að hv. alþm. yrði gefinn kostur á að marka stefnuna, að því er framtíðina varðar. Það liggur fyrir, að Alþfl. hefur stöðvað till. hæstv. ráðh. um að leggja Landssmiðjuna niður, og er því ljóst, að Alþfl. vill halda starfsemi Landssmiðjunnar áfram. Ég veit ekki betur en sú till., sem hér liggur fyrir, flutt annars vegar af mér og hins vegar af einum þm. Framsfl., sé í samræmi við skoðanir þessara tveggja flokka. En þá er um að ræða þingmeirihluta fyrir því að halda Landssmiðjunni áfram raunverulega, með því að leggja til það fjármagn, sem þarf til að reka fyrirtækið. Og þegar svo er ástatt, þá er það hreinlega skylda, að Alþ. fái að marka stefnuna, og að hæstv. ráðh. verði svo að framkvæma vilja Alþ. á þessu sviði. Ég held, að það væri algjörlega rangt að farið, ef senda ætti þessa till. til nefndar í því skyni að svæfa hana, eins og vafalaust er tilgangur hjá hæstv. ráðh. Mál ganga ekki það fljótt í nefndum hér, að þess sé nokkur von, að sú till. kæmi frá nefnd, áður en Alþ. er sent heim. En hér þarf snöggar ákvarðanir, vegna þess að till. ráðh. um að leggja Landssmiðjuna niður liggur fyrir hæstv. ríkisstj.

Ég vil skora á hv. alþm. að fallast á það sjónarmið, að Alþ. fái að taka afstöðu til þessa máls á þann einfalda hátt að greiða atkv. um þessa till. Till. fjallar aðeins um það að gerðar skuli áætlanir, sem lagðar verði fyrir næsta þing. Það eru ekki aðrar og alvarlegri ákvarðanir, sem þar er um að ræða, aðeins sú viljayfirlýsing, að menn vilji, að þetta fyrirtæki haldi áfram að starfa. En það er kannske sá vilji, sem ekki má koma fram í dagsljósið að mati hæstv. ráðh.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Mér finnst alveg óþarfi af hv. 6. þm. Reykv. að vera að tala um hroka hjá öðrum þm. Það var enginn hroki í þeim fáu orðum, sem ég sagði um Landssmiðjuna, og allra sízt ferst honum að vera að tala um hroka, þegar litið er til þess rembings, sem þessi hv. þm. hefur viðhaft hér í báðum ræðum sínum. Hann vill láta þm. taka ákvörðun um Landssmiðjuna, án þess að vita nokkuð um hana. Þeir mega ekki einu sinni fá að sjá reikningana. Ég hafði fulla ástæðu til þess að segja það, sem ég sagði um reikningana, og ég endurtek till. mína um, að málinu verði vísað til n. og n. skal verða gerð frekari grein fyrir þessum reikningum af rn. hálfu.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 77. fundi í Nd., 17. apríl, var till. tekin til frh. einnar umr.

Flm. (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Mig langar að fá að segja örfá orð um þingsköp í tilefni þess, að við flm. þessarar þáltill., ég og hv. þm. Þórarinn Þórarinsson, höfum lagt til, að sá háttur verði á hafður, að þessari till. verði ekki vísað til n., heldur taki deildin efnislega afstöðu til hennar, án þess að hún fari til n. Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að í 16. gr. þingskapa segir svo um störf nefnda:

„Til fastanefnda getur hvor þd. vísað þeim þingmálum, sem fyrir deildina eru lögð. ...“

Það er ekki um það að ræða, að nein skylda sé að vísa málum til n., heldur er það á valdi deildanna að ákveða það hverju sinni. Og ástæðan til þess, að við leggjum til, að þessi háttur, sem vissulega er óvenjulegur, verði á hafður, er sú, að það er algerlega nauðsynlegt, að Alþ. taki efnislega ákvörðun í þessu máli nú, vegna þess að fyrir hæstv. ríkisstj. liggur till. um að leggja Landssmiðjuna niður. Hæstv. iðnmrh. hefur lagt til, að málið fari til fjhn., en af því mundi leiða, að till. mundi ekki koma til atkv. hér á þessu þingi og vilji Alþ. kæmi ekki í ljós. Þess vegna leggjum við flm. til, að þessi till. hæstv. ráðh. verði felld, en deildin taki sjálf ákvörðun um efni till.

Forseti (MÁM): Hv. 1. flm. gerði grein fyrir skoðun sinni hér utan dagskrár, og vísaði þar til 16. gr. þingskapa, þar sem stendur:

„Til fastanefnda getur hvor þd. vísað þeim málum, sem fyrir deildina eru lögð og þörf þykir. ...“

Það er því hv. þd. að segja til um það, hvort málinu skal vísað til n., en fram er komin till. um það, að málinu sé vísað til fjhn. deildarinnar og verður sú till. borin upp.

ATKVGR.

Till. vísað til fjhn. með 21:11 atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og var till. ekki á dagskrá tekin framar.

42. Almenningsbókasöfn.

Á 75. fundi í Ed., 21. apríl, var útbýtt:
Till. til þál. um endurskoðun laga um almenningsbókasöfn [225. mál] (A. 611).

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var till. tekin til meðferðar, hvernig ræða skyldi.
Að till. forseta var ákveðin ein umr.

Á 78. fundi í Ed., 25. apríl, var till. tekin til einnar umr.

Flm. (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Enda þótt hér sé að mínum dómi um mikilvægt málefni að ræða, þá get ég heitið hv. þdm. því að vera fremur stuttorður, og tel mig að nokkru geta vísað til allítarlegrar grg., sem fylgir þessari þáltill. Ég get þó ekki látið hjá líða að bæta þar nokkrum atriðum við, sérstaklega fáeinum upplýsingum, að því er tekur til fjárhagsatriða þess máls, sem hér er um fjallað.

Það kann e. t. v. að virðast eðlilegast, að slíkt mál sem þetta — eða till. um slíkt mál sem þetta — sé fremur flutt í Sþ. en í deild, en ástæðan til þess, að ég hef kosið að flytja till. hér í hv. deild, og þá í því formi, að hún gæti orðið ályktun deildarinnar, er einfaldlega sú, sem öllum hv. þm. er kunnug, að störf — a. m. k. meðferð þáltill., — ganga afar erfiðlega í Sþ. Sem dæmi um það leyfi ég mér að nefna, að ég ásamt fleiri hv. þm. lagði fram hinn 11. nóv. s. l. þáltill. í Sþ., og hún er enn nú, hinn 25. apríl, ekki komin til umr. Hins vegar er þessi till., sem hér er lögð fram í hv. deild, tekin til umr. nú þegar í sömu viku og hún var lögð fram. Till. þessi fjallar í stuttu máli um það, að fram skuli fara endurskoðun laga um almenningsbókasöfn, þeirra laga, sem sett voru um þau efni árið 1963, og skuli sú endurskoðun miða að því, að ríkið veiti á komandi árum stóraukið fjármagn til almenningsbókasafna, og það skuli gert í því skyni að gera þeim kleift að verða sem lifrænastar menntaog tómstundastofnanir, eins og segir í till. Ég tel, að sú löggjöf, sem hér er gert ráð fyrir að verði endurskoðuð, hafi verið merk löggjöf á sinni tíð og hafi þegar gert verulegt gagn. En þó að hún sé ekki nema 7—8 ára gömul, þá tel ég, að hún þurfi allverulegrar endurskoðunar við, og eru ástæðurnar einkum tvær:

Á þeim árum, sem síðan eru liðin, hafa viðhorf að sumu leyti breytzt að því er tekur til hugmynda manna um almenningsbókasöfn og verkefni þeirra. Það hefur löngum verið litið svo á, a. m. k. hér á landi, að almenningsbókasöfnin hefðu fyrst og fremst og jafnvel eingöngu því hlutverki að gegna að vera útlánasöfn, en það væru ekki nema hin stærstu þeirra og þó aðallega vísindasöfnin, sem þyrftu að hafa lestrarsali, að ekki væri talað um aðra aðstöðu. En nú hefur sú stefna orðið ríkjandi í nálægum löndum og er þegar farin að hafa áhrif hér á landi, að almenningsbókasöfn eigi að vera miklu meira en þetta, þau eigi ekki aðeins að vera útlánasöfn, þau eigi að gegna miklu víðtækara hlutverki, þau eigi í rauninni að vera menningar- og tómstundamiðstöðvar hver í sínu héraði með býsna fjölbreytt verkefni. Þetta er önnur ástæðan til þess, að ég tel orðið tímabært, að þessi lög frá 1963 verði endurskoðuð.

Hin meginástæðan er sú, að stuðningur ríkisvaldsins við almenningsbókasöfnin, fjárhagslegi stuðningurinn, sem gert er ráð fyrir í lögunum, er orðinn allt of lítill. Það má raunar segja, að hann hafi verið það frá upphafi miðað við mikilvægi málefnisins, en þessi stuðningur hefur líka farið síminnkandi ár frá ári, vegna þess að hann var með löggjöfinni bundinn við ákveðna krónutölu, sem vitanlega er mjög óheppilegt í því verðbólguþjóðfélagi, sem við höfum búið við lengi og búum enn við.

Ég skal í stuttu máli gera grein fyrir meginatriðum laganna frá 1963, en mun þó fara mjög fljótt yfir sögu. Þar er fjallað um þrenns konar almenningsbókasöfn. Það eru í fyrsta lagi bæjar- og héraðsbókasöfn, í öðru lagi sveitabókasöfn og í þriðja lagi skólabókasöfn og önnur söfn stofnana, svo sem sjúkrahúsa og vistheimila.

Að því er hinn fyrsta lið þessara laga snertir, þann kafla, sem fjallar um bæjar- og héraðsbókasöfn, er það í stuttu máli að segja, að þar er öllu landinu skipt í bókasafnshverfi, 31 að tölu. Í lögunum segir, að í hverju þessara hverfa skuli vera eitt bæjar- eða héraðsbókasafn. Í lögunum eru ýmis góð og skynsamleg ákvæði um þessi söfn, þessi aðalalmenningsbókasöfn eða hin meiri háttar almenningsbókasöfn, sem rísa skuli í hverju bókasafnshverfi. En þó að ýmsu leyti sé margt vel að segja um þann ramma, sem löggjafinn hefur sniðið þessum almenningsbókasöfnum, og þau hafi þróazt býsna vel undir þessum lögum, þá þarf þó að mínu viti að breyta þarna ýmsu, m. a. til að gefa rúm nýjum hugmyndum um hlutverk og notkun bókasafna. En aðalgallinn er hins vegar sá að því er tekur til þessa hluta laganna eins og annarra, að stuðningur ríkisvaldsins við það að byggja upp þessi meiri háttar almenningsbókasöfn er allt of lítill, bæði að því er tekur til þess að byggja safnahúsin og einnig að því er tekur til rekstursins. Í lögunum segir, að bæir og sýslur eigi að sjá þessum söfnum, þessum svo nefndu stærri bæjar- og héraðsbókasöfnum fyrir húsnæði og eigi að vísu að njóta til þess styrks úr ríkissjóði. En lögin kveða svo á, að árleg fjárframlög til þessara safna skuli vera úr bæjar- og sveitarsjóði viðkomandi kaupstaðar, 30 kr. sem lágmark á hvern íbúa í viðkomandi kaupstað. Í þrjú þúsund manna kaupstað gerir þetta t. a. m. aðeins 90 þús. kr. Sýslusjóður á síðan að greiða til þeirra 6 kr. á íbúa í hverri sýslu.

Annar kafli laganna fjallar um sveitabókasöfn. Þar er svo kveðið á, að í hverju sveitarfélagi, þar sem héraðsbókasöfn eru ekki starfandi, skuli sveitarbókasafn rekið eða stofnsett, ef það er ekki þegar til. Reksturinn getur skv.

lögunum verið með ýmsu móti. Safnið getur verið í formi lestrarfélags, það geta önnur félagasamtök en lestrarfélög innan sveitar staðið að rekstri bókasafnsins, ellegar í þriðja lagi, að bókasafnið getur verið á vegum sveitarstjórnarinnar eða hreppsfélagsins. Sveitarsjóðir eiga að styrkja þessi söfn og ríkissjóður, eftir þeim reglum, sem nú skal greina:

Hann greiðir þessum almennu söfnum 50% á móti öðrum aðilum, en þó aldrei hærri upphæð en 30 krónur á hvern íbúa viðkomandi sveitarfélags. Ef t. a. m. er um að ræða ósköp venjulegt hreppsfélag úti í sveitum með 200 íbúa, þá er rekstrarstyrkurinn frá ríkissjóði 6 þús. kr. hámark til þess safns á ári.

Þriðji kafli laganna fjallar um skólabókasöfn og bókasöfn sjúkrahúsa og annarra vistheimila. Þessi söfn geta átt þess kost að fá árlegan styrk úr ríkissjóði, þó eingöngu skólabókasöfn, sem eru stofnuð við heimavistarskóla. Um heimangönguskóla er alls ekki að ræða í þessu sambandi, ekki er gert ráð fyrir, að lögin taki til þeirra eða að ríkið styrki þau neitt, að mér skilst. En bókasöfn heimavistarskóla og önnur söfn, sem hér falla undir, skulu fá árlegan styrk úr ríkissjóði sem nemur 20 kr. miðað við hvern nemanda og starfsmann viðkomandi skóla, þ. e. 100 manna skóli fær þá 2000 kr. á ári í rekstrarstyrk. Sjúkrahúsasöfn og t. a. m. elliheimilabókasöfn geta fengið, eða ríkið er skyldugt til að veita til þeirra, 40 kr. á rúm sjúkrahúss eða elliheimilis, þannig að ef sjúkrarúm eru 50, þá er um 2 þús. kr. árlegan styrk að ræða.

Ég held, að ég þurfi ekki að fara um það mörgum orðum, hve mikilvægt er að styðja öll þessi söfn, og þá ekki kannske sízt skólabókasöfnin, sem hafa verið býsna mikið vanrækt hér á landi, en það er greinilegt, að með þeim fjárframlögum, sem nú er lögboðið að verja til þessara safna, og ekki mun öllu meira að gert, mun seint sækjast að byggja slík söfn upp, og hér er í rauninni um algjörlega úreltar fjárhæðir að ræða.

Að því er varðar stuðning ríkisvaldsins við húsnæðismál almenningsbókasafna, stuðning þess við að koma upp sómasamlegu húsnæði, þá er þar skemmst af að segja, að stuðningurinn er nú svo óverulegur, að það er ekkert, sem dregur. Árlega skal veita úr ríkissjóði a. m. k. ½ millj. kr. til húsbóta almenningsbókasafna, segir í lögunum. Þetta er sem sagt það, sem skyldugt er að veita til þessara mála um allt land til mörg hundruð safna. Þetta er að sjálfsögðu, eins og hver maður sér, hlægilega lág upphæð, sem er ákaflega lítill stuðningur í. Hins vegar skal ég geta þess, að ýmis sveitarfélög hafa sýnt þessum málum, bókasafnsmálunum, verulegan skilning og aukið stuðning sinn við bókasöfnin, almenningsbókasöfnin, ár frá ári, en á sama tíma hafa framlög ríkisins til almenningsbókasafna verið að minnka að raungildi með hverju árinu, sem líður.

Ég fletti upp í fjárlögum yfirstandandi árs og kannaði, hvað nú á þessu ári er lagt til almenningsbókasafna um land allt. Ég skal aðeins minna á það, sem ég hef áður sagt, að þarna er um að ræða 31 héraðsbókasafn, nokkur hundruð hreppabókasöfn, allmikinn fjölda skólabókasafna við heimavistarskóla og auk þess bókasöfn sjúkrahúsa, vistheimila o. fl. Á fjárlögum þessa árs, 1970, er til allrar þessarar starfsemi, jafnt byggingarmála sem rekstrar almenningsbókasafna um land allt, varið 5 millj. 686 þús. kr., og þessi upphæð skiptist á þessa leið: Til bæjar- og héraðsbókasafna er varið 3 millj. 250 þús. kr., til sveitabókasafna og lestrarfélaga 1 millj. kr., til bókasafna í heimavistarskólum og opinberum stofnunum, svo sem sjúkrahúsum, 300 þús. kr., til húsabóta héraðsbókasafna hvarvetna um land 577 þús. kr., til Rithöfundasjóðs Íslands 455 þús. kr. vegna bókaafnota í almenningsbókasöfnum og loks til styrktar bókasöfnum og lesstofum samkv. ákvörðun menntmrn. 104 þús. kr.

Ég tel mig ekki þurfa að hafa þessa þulu, að því er til fjármálanna tekur, öllu lengri. Eins og lögð er áherzla á í þáltill. minni og grg. með henni, þá tel ég orðið bráðnauðsynlegt, að þessum lögum verði breytt. Þau verði — að því er hinn ytri ramma snertir — gerð nútímalegri, að því er tekur til þess, á hvern hátt almenningsbókasöfn skuli upp byggð. Það þarf að taka inn í þetta, að mínu viti, skólabókasöfn við aðra skóla en heimavistarskóla, bókasöfn þurfa vissulega að vera til einnig við aðra skóla, og það þarf vitanlega síðast en ekki sízt að búa þannig um hnútana, að ríkisvaldið styrki þessi söfn mjög verulega, bæði að því er tekur til þess að byggja upp sómasamlega aðstöðu, safnahús, og þá með því sniði, sem nútíminn krefst, og jafnframt þarf mjög auknar fjárveitingar til rekstursins. Það er enginn efi á því, að almennt talað eru góð bókasöfn algjörar hliðstæður við góða skóla í nútímaþjóðfélagi. Það er ekki á neinn hátt hægt að telja, að almenningsbókasöfn séu minni eða ómerkari liður í menningu nútímamannsins heldur en góðir skólar eru. Það er þess vegna orðið næsta brýnt að endurskoða þessa löggjöf og veita stóraukið fé af ríkisins hálfu til almenningsbókasafna til þess að byggja þau upp á nútímavísu og til þess að reka þau á þann hátt, að þau geti orðið það, sem þau eiga og þurfa að verða, menningar- og tómstundamiðstöðvar hvert í sínu héraði.

Það gefur auga leið, að til allra þeirra verkefna, sem gert er ráð fyrir samkv. lögum um almenningsbókasöfn, að ríkið styrki á einn eða annan hátt, þá hrökkva 5.7 millj. afskaplega skammt, og er raunar orðin hlægileg upphæð. Hér dugir ekkert minna en ríkisvaldið viðurkenni, að um er að ræða mjög mikilvæga menningarstarfsemi, sem verður að setja algjörlega hliðstæða sjálfu skólakerfinu, og ég teldi það ekki of í lagt, að nú þegar þurfi, eða a. m. k. á allra næstu árum, að tífalda þá upphæð, sem nú er varið til almenningsbókasafna, ef þess á að verða einhver von, að þróunin í þeim málum verði æskileg og eðlileg, eins og hún vissulega þarf að verða.

Sú þáltill., sem ég hef hér flutt og mælt fyrir

með þessum fáu orðum, er fyrst og fremst lögð fram til þess að leggja áherzlu á mikilvægi þessa máls og það, að hér þarf vissulega mjög skjótra og mjög verulegra úrbóta. Það mun hafa verið ákveðin ein umr. um þessa till. Ég óska þess, að á einhverju stigi umr. verði henni frestað og till. vísað til menntmn.

ATKVGR.
Till. vísað til menntmn. með 15 shlj. atkv. og umr. frestað.

Nefndarálit kom ekki, og till. var ekki á dagskrá tekin framar.

43. Neytendavernd.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt frá Ed.: **Till. til þál. um setningu laga um neytendavernd** [235. mál] (A. 845).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

44. Starfsemi stjórnmálaflokka.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt frá Ed.: **Till. til þál. um setningu laga um starfsemi stjórnmálaflokka** [236. mál] (A. 846).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

45. Orlof húsmæðra.

Á 52. fundi í Sþ., 4. maí, var útbýtt frá Ed.: **Till. til þál. um endurskoðun laga um orlof húsmæðra** [237. mál] (A. 847).

Till. var aldrei tekin á dagskrá.

Fyrirspurnir.

1. Fæðingardeild Landsspítalans.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbrmrh. um fæðingardeild Landsspítalans [20. mál, 1] (A. 20).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 37 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 26. marz í vor bar ég upp við hæstv. heilbrmrh. þá fsp., hvað liði fyrirætlunum hæstv. ríkisstj. um að stækka fæðingardeild Landsspítalans og tryggja þar húsrými fyrir kvensjúkdómadeild með fullkominni aðstöðu til geislalækninga. Ástæðan til þess, að ég bar fram þessa fsp., er alkunn. Bandalag kvenna hafði vakið athygli okkar alþm. á algeru neyðarástandi á þessari deild, þar á meðal á þeirri geigvænlegu staðreynd, að sumar tegundir legkrabba eru tvöfalt mannskæðari hér en í löndum með nútímalega læknisþjónustu á þessu sviði og sjúkrarúm fyrir kvensjúkdóma þyrftu að fimmfaldast, ef hér ætti að vera svipuð aðstaða og í ýmsum grannlöndum okkar. Af svari hæstv. heilbrmrh. kom í ljós, að hann hafði ekki fyrirætlanir um skjótar aðgerðir á þessu sviði. Hann taldi, að ekki yrði unnt að ráðast þegar í stað í framkvæmdir.

Þannig voru svör hæstv. heilbrmrh. 26. marz í vor. En að þessu sinni gerðist meira en það, að fsp. væri flutt og henni svarað, en málavextir gleymdust síðan flestum. Konur fjölmenntu á þingpallana, þegar fsp. var á dagskrá og áhugi þeirra leiddi til þess, að fjölmiðlunartæki gerðu þessu máli mun betri skil en almennt tíðkast. Og konurnar héldu áfram að fjölmenna hingað í alþingishúsið í hvert skipti, sem á dagskrá voru þáltill. fluttar af hv. þm. Einari Ágústssyni og hv. þm. Hannibal Valdimarssyni, þar sem skorað var á hæstv. ríkisstj. að hefja framkvæmdir tafarlaust. Þessi tengsl okkar alþm. við almenning utan veggja þessa húss höfðu greinilega áhrif á gang þessa máls. Undirtektir hæstv. heilbrmrh. urðu þeim mun jákvæðari, sem lengur var um málið fjallað, og þegar Alþ. var sent heim, virtust góðar líkur á því, að framkvæmdahraði af hálfu hæstv. ríkisstj. yrði mun meiri en hæstv. heilbrmrh. hafði gefið vonir um 26. marz.

En konurnar voru samt ekki á því að segja skilið við þetta baráttumál sitt. Samtök kvenna hófust handa um fjársöfnun til þess að aðstoða hæstv. ríkisstj. og ýta undir hana. Hafa margar konur unnið mjög ötullega að því verkefni, og mun söfnunarupphæðin nú vera um 4 millj. kr. Þannig má segja, að baráttan fyrir þessu máli hafi staðið óslitið frá því að málið var tekið upp hér á þingi og allt til þessa dags, og ég tel þá samvinnu, sem þarna hefur tekizt á milli Alþ. og kvennasamtaka, vera til mikillar fyrirmyndar. Á svipaðan hátt mættu fleiri samtök snúa sér til Alþ., fylgjast með störfum okkar og reyna að hafa áhrif á þau. Í rauninni ætti svo til hvert mál, sem fjallað er um hér á þingi, að vekja bergmál meðal almennings.

Vegna þess hver ferill þessa máls hefur verið þótti mér eðlilegt, að hæstv. heilbrmrh. greindi frá því í upphafi þessa þings, hvernig nú er fyrirhugað að haga framkvæmdum við stækkun fæðingardeildarinnar og skipulagningu nútímalegrar kvensjúkdómadeildar. Þm. eiga heimtingu á að fá þá vitneskju, enn fremur kvennasamtökin, sem sneru sér til okkar í vor og það fólk um land allt, sem hefur tekið þátt í hinni myndarlegu söfnun. Ég vænti þess, að hæstv. ráðh. greini frá því, hvað undirbúningi sé langt komið, hvenær hafizt verði handa um framkvæmdir og hvenær vænta megi þess, að þeim ljúki, hver heildarkostnaður muni verða og hvort hann telji, að þær 10 millj., sem gert er ráð fyrir til þessa verkefnis í fjárlagafrv. næsta árs, séu fullnægjandi fjárveiting.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fyrirspyrjandi, hv. 6. þm. Reykv., vék nokkuð í ræðu sinni hér áðan að meðferð þessa máls á s. l. þingi. Af því tilefni vil ég segja það, að þegar fsp. og þáltill. voru bornar fram um stækkun fæðingardeildarinnar, lágu þegar fyrir, eins og þá var gerð grein fyrir af minni hálfu á Alþ., ákvarðanir heilbrigðisstjórnarinnar um það, að stækkun fæðingardeildarinnar skyldi ganga fyrir öðrum þeim byggingarframkvæmdum, sem næst skyldi hafizt handa um á landsspítalalóðinni. Að frumteikningum hafði lítillega verið unnið á árinu 1968, en skipulagsmál landsspítalalóðarinnar voru til meðferðar milli heilbrigðisstjórnar og borgarstjórnar og eins og þá stóðu sakir, í byrjun ársins eða á

fyrstu mánuðum, var auðvitað engin leið til þess, eins og ég tók fram þá, að hefja byggingarframkvæmdir á þessu ári, bæði af skipulagsástæðum og einnig vegna undirbúningsskorts, sérstaklega teikninga. En ég man ekki betur en ég hafi látið orð um það falla hér á þinginu, áður en það hætti í vor, að málin horfðu þannig við, að ég teldi, að hægt ætti að vera að hefja framkvæmdir á vorinu 1970. En ég skal nú svara fsp., sem er á þá leið, hvað líði undirbúningi að stækkun fæðingar- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans.

Með bréfi dóms- og kirkjumrn. til byggingarnefndar Landsspítalans, dags. 13. maí 1969, fól heilbrmrh. byggingarnefndinni að láta hraða undirbúningi að viðbyggingu við hús fæðingardeildar Landsspítalans eða nýbyggingu. Bréfið var svo hljóðandi:

„Með vísun til viðræðna við formann byggingarnefndar Landsspítalans, dr. Sigurð Sigurðsson landlækni, er þess óskað, að nefndin láti nú þegar halda áfram vinnu við teikningar að viðbyggingu við hús fæðingardeildar Landsspítalans. Teikningar miðist við þær ráðagerðir, sem uppi hafa verið um skipulag landsspítalalóðarinnar í viðræðum milli rn. og borgarinnar og eru í samræmi við till. byggingarnefndarinnar um skipulagið. Er þess óskað, að allri undirbúningsvinnu verði hraðað og teikningar allar og önnur gögn nauðsynleg til útboðs liggi fyrir eigi síðar en í byrjun næsta árs, 1970."

Á fundi byggingarnefndar Landsspítalans 6. maí 1969 hafði hins vegar verið til umr. málefni fæðingar- og kvensjúkdómadeildar Landsspítalans, en þar gerði landlæknir, formaður byggingarnefndar, grein fyrir till., sem höfðu verið gerðar í sambandi við undirbúning að heildarskipulagi Landsspítalans. Þær till. höfðu miðazt við, að deildin yrði stækkuð upp í allt að 120 rúm. Þá sýndi Bárður Ísleifsson arkitekt og skýrði teikningar að stækkun fæðingardeildarinnar, sem húsameistaraskrifstofan hafði unnið að árið 1968. Formaður byggingarnefndar óskaði eftir því, að nefndin gerði sérstaka ályktun varðandi þessi mál, og voru eftirfarandi ályktanir gerðar:

„Nefndin ályktar, að stækkun þessarar deildar sé aðkallandi og telur hæfilegt, að sú stækkun nemi ekki minna en 50 rúmum. Með þessari stækkun verður deildin fær um að annast þá sjúklinga, sem sérstaklega eru í þörf fyrir sérhæfða meðferð í þessum greinum, og ætti að verða fullnægjandi sem kennslustofnun fyrir lækna, ljósmæður og hjúkrunarlið. Byggingarnefndin tekur fram, að stækkun á sjúkradeildum spítalans krefst aukinnar starfsemi allra þjónustudeilda spítalans, svo sem allra rannsóknadeilda, röntgen- og geislalækningadeilda, þvottahúss, eldhúss o. fl.

Þá vekur nefndin athygli á því, að nauðsynlegt er, að till. þær um heildarskipulag lóðarinnar, sem nú liggja fyrir hjá rn. og Reykjavíkurborg, fáist samþykktar hið fyrsta. Hefur ekki verið unnt að gera áætlanir um frekari byggingar á lóðinni, með því að ekki hefur verið gengið frá heildarskipulagi."

Um þetta heildarskipulag vil ég segja það til nánari glöggvunar fyrir hv. þm., að þar er um að ræða, að Landsspítalinn fái lóð fyrir sunnan Hringbrautina, sem mundi verða um það bil jafnstór og landsspítalalóðin er nú fyrir norðan Hringbraut. Samhliða því hafa verið ráðagerðir um að flytja Hringbrautina sunnar og Hringbrautin, eins og hún nú er, legðist til Landsspítalans fyrst og fremst sem bílastæði og fæli í sér verulega stækkun á landsspítalalóðinni. Uppkast að samningum milli Reykjavíkurborgar og ríkisins, — heilbrigðisstjórnarinnar, ríkisstj. skulum við segja, — lá fyrir í byrjun sept. og hefur verið til meðferðar hjá borginni og í rn., og geri ég mér vonir um, að samningar um þetta heildarskipulag, sem ákveður Landsspítalanum mjög góða aðstöðu og stóra lóð um langa framtíð, — slíkt heildarskipulag er eitt af mikilvægustu atriðunum í sambandi við heilbrigðismálin að mínum dómi í dag, — geti orðið staðfestir milli borgar og ríkisstj. fyrir áramót um þetta heildarskipulag. Jafnframt held ég, að mér sé óhætt að fullyrða, að um byggingu fæðingardeildarinnar á gömlu lóðinni við austurendann á fæðingardeildinni, sem nú er, sé ekki ágreiningur, jafnvel þó að einhver dráttur yrði á heildarskipulaginu, þ. e. um staðsetningu hennar þar. Reyndar sagði ég áður en þingi lauk, að ég teldi ekki, að neinir erfiðleikar mundu verða af skipulagsástæðum um framgang nýbyggingarinnar.

Það bréf, sem ég vitnaði áðan í frá dóms- og kirkjumrn., var síðan tekið fyrir á fundi byggingarnefndar Landsspítalans þriðjudaginn 13. maí, og þá var arkitekt spítalans, húsameistara ríkisins, falið að hefjast þegar handa um frekari teikningar að viðbyggingunni og þá við það miðað af hálfu ráðh., að teikningar, sem hægt væri að fá samþykktar í byggingarnefnd, gætu legið fyrir fyrir áramót. Þá mundu verða eftir þær sérteikningar, sem þarf að vinna að, áður en svona verk yrði boðið út. Við skulum segja, ef það yrði boðið út sérstaklega að steypa upp bygginguna, gera hana fokhelda, eins og það er kallað, þá ætti að vera hægt að gera það mjög fljótlega á næsta ári með þessum framgangi og að þessu leyti.

Á fundi byggingarnefndar þriðjudaginn 16. sept. s. l. var málið síðan tekið til meðferðar að nýju. Þar sýndi Bárður Ísleifsson arkitekt tillöguuppdrætti að stækkun fæðingar- og kvensjúkdómadeildarinnar. Þar er gert ráð fyrir viðbyggingu við austurenda núverandi byggingar að grunnmáli 982 fermetrar, sem rúmi 54 sjúkrarúm og fæðingarstofur og skurðstofur, þriggja hæða hús, eins og fæðingardeildin er nú. Rúmmál byggingarinnar er áætlað 12 000 rúmmetrar. Fund þennan sátu ásamt byggingarnefndinni læknar fæðingardeildarinnar, þeir Pétur Jakobsson prófessor og Gunnlaugur Snædal sérfræðingur. Málefni fæðingar- og kvensjúkdómadeildarinnar voru síðan tekin á ný fyrir á fundi byggingarnefndar 30. sept. s. l., og þar voru enn sýndar og skýrðar teikningar að viðbyggingu við fæðingardeildina. Þær teikningar gera ráð fyrir, að grunnflatarmálið

sé um 940 fermetrar. Byggingarnefndin fól arkitektum að vinna áfram að þeim teikningum í samráði við lækna fæðingardeildar og borgaryfirvöld að því er varðar staðsetningu. Segja má því, að vinna við undirbúning og stækkun fæðingardeildarinnar sé í fullum gangi svo sem framast má verða. Teikningar liggja fyrir í aðalatriðum, þannig að þær teikningar, sem sýndar hafa verið á byggingarnefndarfundi, hafa hlotið jákvæðar undirtektir þar, og eins munu læknar fæðingardeildar vera þeim samþykkir í aðalatriðum. Þetta þriggja hæða hús er hugsað þannig, að almenn fæðingardeild sé á annarri hæðinni, sérstök kvensjúkdómadeild á fyrstu hæð og á þriðju hæðinni skurðstofur og annað, sem tilheyrir slíkum stofnunum báðum.

Að því er fjármál nýbyggingarinnar varðar vil ég geta þess, að eins og kunnugt er eru í fjárlagafrv. áætlaðar 10 millj. til byggingarinnar, en lauslega áætlað má gera ráð fyrir, að byggingin fokheld kosti í kringum 25 millj., kannske nær 30 millj., fer það nokkuð eftir því, að hvaða marki menn stefna með orðinu fokhelt, sem getur verið nokkuð teygjanlegt hugtak. Ég lét þess getið á síðasta þingi, að ég mundi freista þess að reyna að afla nægjanlegs fjár, til þess að hægt væri að byggja fæðingardeildina upp á skömmum tíma.

Ég tel alveg nauðsynlegt að vanda vel undirbúninginn, ekki aðeins teikningar, eins og að sjálfsögðu er nauðsynlegt, heldur einnig, að séð væri fyrir endann á fjárreiðum, til þess að byggingarstarfsemin gæti gengið hindrunarlaust, er hún væri hafin. Nú treystum við okkur ekki í ríkisstj. að áætla meira en 10 millj. á fjárl. til fæðingardeildarinnar vegna ýmissa fjárhagsörðugleika og þrengsla, sem þar voru fyrir, og fyrir mér vakti þá að fá lánsfé til bráðabirgða. En ég hef áður skýrt frá því, að á þessu ári og næsta ári og eitthvað kannske fram á árið 1971 muni standa yfir byggingar, sem nú er unnið að á Landsspítalanum, en þeim mundi þá verða lokið. Það er austurálman svo kallaða, sem verið er að ljúka, og eldhús og mötuneyti og annað slíkt. Til þessara byggingarframkvæmda höfum við haft um 50 millj. kr. á ári, en þegar léttir á fjárveitingum til þeirra, ætti að mega með góðu móti greiða upp á fáum árum, skömmum tíma, lánsfé, sem yrði fengið á næsta ári til fæðingardeildarinnar. Ég hef þess vegna talfært þennan lánsmöguleika við Seðlabankann og við stærstu viðskiptabankana og hlotið þar vinsamlegar undirtektir, enda þótt engri samningsgerð um slíka lánveitingu sé lokið. En fyrir mér hefur vakað og ég hef sett fram þá hugmynd, að Seðlabankinn lánaði þetta í bili, 10 millj. kr. á móti öðrum 10 millj. sameiginlega frá viðskiptabönkunum, hinum bönkunum, þannig að með því móti, ef það næði fram að ganga, yrði séð fyrir 30 millj. kr., sem vel ættu að nægja til þess að steypa upp þessa byggingu. En auk þess hafa konur, eins og fram hefur komið, safnað um 4 millj. kr. til stækkunar fæðingardeildarinnar. Það er nú unnið að því í rn. að athuga betur, hvaða áætlun við getum lagt fram hjá peningastofnunum um endurgreiðslu á slíkum lánum, ef við fengjum þau hjá þeim, og verður rætt nánar við bankana á næstunni. Ég geri mér vonir um, að samkomulag geti náðst við þá annaðhvort með þessum hætti eða öðrum hætti, þannig að bygging fæðingardeildarinnar gæti hafizt, eins og venjulega að vori til eða eitthvað eftir tíðarfari, á árinu 1970 og þá væri hægt hindrunarlaust af fjárhagsástæðum og öðrum ástæðum að steypa upp bygginguna á næsta ári.

Ég get svo við það, sem ég nú hef sagt, aðeins bætt því, að gert var samkomulag milli fæðingardeildarinnar og handlækningadeildarinnar á Landsspítalanum um, að handlækningadeildin tæki að sér „akut" kvensjúkdóma, sem fæðingardeildin sjálf gæti ekki annað, þar sem talið var, að þar væri mjög alvarlegur biðlisti á ferðinni. Þetta gekk allt greiðlega fyrir sig, og hafa verið 6–7 rúm til að sinna þessu af hálfu handlækningadeildarinnar, hefði kannske mátt byrja á þessu fyrr og ég vil segja að frumkvæði læknanna sjálfra. Ég hygg, að það séu yfir 100 tilfelli, sem handlækningadeildin hefur þannig fjallað um síðan. Það er síðan í maí, og ég held, að mér sé óhætt að fullyrða, að á þessu sviði sé ekki um neinn umtalsverðan biðlista að ræða eða umkvörtunarverðan, þannig að alvarlegar meinsemdir, sem geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, þurfi að bíða.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og félmrh. fyrir þau svör, sem hann hefur gefið við fsp., þau voru skýr svo langt sem þau náðu, og ég vil lýsa alveg sérstakri ánægju yfir því, að undirtektir hæstv. ráðh. eru allt aðrar nú en þær voru í marz í vor. Hæstv. ráðh. vildi draga það í efa, að rétt hefði verið hermt hjá mér, að afstaða hans hefði breytzt í meðförum málsins við lok síðasta þings, en um það liggja fyrir alveg glöggar staðreyndir. Þegar hæstv. ráðh. svaraði fsp. minni, sagði hann orðrétt, að hann teldi ekki, – og nú kemur þessi orðrétti kafli: „miklar horfur á því, að unnt verði að hefja nýjar framkvæmdir fyrr en 1972". Síðar í þessum umr. komst hæstv. ráðh. þannig að orði, með leyfi hæstv. forseta: „en miðað við þau fjárráð, – og ég hef enga tilhneigingu til þess að láta málin líta betur út, þótt hér séu margir áheyrendur, – þá geri ég ekki ráð fyrir því, að það væri hægt af fjárhagsástæðum að hefja framkvæmdir fyrr en á árinu 1972."

Ég tel það mikið fagnaðarefni, að þessi afstaða hæstv. ráðh. hefur breytzt og að hann telur rétt að hefja framkvæmdir tveimur árum fyrr en hann taldi gerlegt í marz í vor. Þetta er tvímælalaust árangur af þeirri baráttu, sem háð hefur verið í þágu þessa máls utan þings og innan. Mér kom það nokkuð á óvart, þegar ég sá fjárlagafrv., hvað sú upphæð, sem þar var tiltekin til þessa verkefnis, 10 millj. kr., var lág, en nú hefur hæstv. ráðh. gefið skýringu á því máli. Hann segist vera að gera ráð-

stafanir til þess, að til viðbótar þessari upphæð komi 20 millj. kr., sem fáist að láni annars vegar í Seðlabankanum og hins vegar í viðskiptabönkunum, og vissulega má segja, að ef tryggt verður, að fjármunir verði nægilegir til þess að hægt sé að hafa þann hraða á byggingarframkvæmdum, sem mestur verður, þá sé þeirri hlið málsins borgið. Hins vegar verð ég að draga nokkuð í efa, að það sé raunsætt, sem hæstv. ráðh. sagði, að unnt mundi vera að endurgreiða þessi lán með voninni um fjárveitingar, sem ekki þurfi að nota eftir nokkur ár, til þessara mála. Ég vil minna hæstv. ráðh. á það, sem hann veit að sjálfsögðu fullvel, að á öðru sviði heilbrigðismála er einnig um að ræða mjög alvarlegt ástand og það er í sambandi við geðlækningar. Ástandið er þannig nú, að þar eru langir biðlistar manna, sem þurfa að komast í sjúkrarúm, og þarna er um að ræða fólk, sem á í mjög miklum erfiðleikum. Ég veit dæmi um fólk, sem er það sjúkt, að hreinlega verður að vera yfir því að staðaldri, en kemst samt ekki á sjúkrahús. Á þessu sviði eru óhjákvæmilegar stórfelldar framkvæmdir, það er alveg ljóst, og ég held, að hæstv. ráðh. verði að reikna með þessum framkvæmdum einnig, þrátt fyrir þessi fyrirheit, sem gefin hafa verið um skjótar framkvæmdir í sambandi við fæðingardeildina og kvensjúkdómadeildina.

Eitt atriði er það, sem mér væri forvitni á að fá nánari skýringu á hjá hæstv. ráðh. Hann greindi frá því, hvernig hin nýja viðbygging væri hugsuð og hvað hún yrði stór í aðalatriðum að rúmmáli og flatarmáli og hvernig raðað yrði niður í þessa byggingu. En hvernig verður háttað geislalækningum í sambandi við hana? Nú er það alkunna, að kóbalttækinu var komið fyrir í algeru bráðabirgðahúsnæði og það hlýtur að vera ætlunin, að það tæki og önnur hliðstæð aðstaða verði sett í samband við kvensjúkdómadeildina nýju. Mér þætti fróðlegt að heyra, hvort þetta er ekki ætlun hæstv. ráðh. og hvort nokkur hætta er á því, að þær bráðabirgðaráðstafanir, sem gerðar voru, tefji fyrir endanlegri lausn á þeirri hlið málsins.

Ég vil svo að lokum enn ítreka það, að ég lýsi ánægju yfir því, hvað tekizt hefur að þoka þessu máli áleiðis, og ég tel það vera hæstv. heilbrmrh. til sóma, að hann hefur tekið tillit til áhuga og óska manna, bæði utan þings og innan í þessum málum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er beint til mín sérstaklega fsp. um það til viðbótar því, sem hér er á þingskjalinu, hvernig hugsað sé að koma fyrir geislalækningum með kóbalttækinu í tengslum við þessa nýju fæðingardeild. Það er þannig hugsað, að áætlað er að gera neðanjarðargöng í fyrstunni yfir í Landsspítalann til þess að koma þeim sjúklingum á milli, sem þurfa að njóta þeirrar geislunar, sem af kóbalttækinu er að hafa, og einnig til þess að greiða fyrir flutningum á milli sjálfs Landsspítalans á mat og öðrum tilfæringum deildarinnar, en hins vegar yrði samgangur í framtíðinni sennilega, eins og áður hefur verið gert ráð fyrir, með byggingu geislunardeildar, geislalækningadeildar, á milli, sem tengdi saman gamla Landsspítalann og þessa nýju fæðingardeild. En á meðan það liggur ekki fyrir, er þessi háttur hafður á, þessi neðanjarðargöng, sem ég hef lýst.

Úr því að minnzt var á kóbalttækið, þá get ég sagt það líka, að lögð hefur verið mikil áherzla á að hraða byggingunni, þannig að kóbalt-geislalækningar gætu hafizt á þessu ári, og það er búið að byggja sjálfa bygginguna, sem er nú í sjálfu sér ekki meiri bráðabirgðabygging en það, að hún er, eins og ég hef áður tekið fram, — ég man ekki, hvort það var hér í þinginu eða annars staðar, — töluvert miklu stærri en t. d. samsvarandi rými undir kóbalttæki til geislalækninga hjá Norðmönnum í Osló, sem eru mjög framarlega á þessu sviði. Byggingin var boðin út og henni átti að vera lokið í sept. Það stóðst, og sennilega hafa staðizt allar áætlanir um byggingarframkvæmdir og undirbúning þess að setja tækið niður, en því miður er það svo, að þeir, sem gefa tækið, tilkynntu það á sínum tíma, — ég held, að það hafi verið í sept., — að verða mundi nokkur dráttur á afhendingu tækisins frá verksmiðjunni erlendis, sem er í Kanada. Hún mun nú hafa afhent tækið, ef ég veit rétt, annaðhvort 16. eða 17. þ. m., þannig að tækið ætti að geta komið hingað á að gizka um miðjan nóv. Ég get ekki fullyrt, hvað langan tíma tekur að tengja slíkt tæki og reyna það, en þetta er allt saman á næstu grösum, aðeins hefur orðið þessi smávegis dráttur á afhendingu sjálfs tækisins.

2. Úthaldsdagar varðskipanna.

Á deildafundum 14. okt. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til dómsmrh. um úthaldsdaga varðskipanna [20. mál, 2] (A. 20).

Á 3. fundi í Sþ., 15. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Við höfum, ég og hv. 6. landsk. þm., leyft okkur á þskj. 20 að beina til hæstv. dómsmrh. svo hljóðandi fsp.:

„Hve margir voru úthaldsdagar íslenzkra varðskipa í mánuði hverjum á s. l. ári og það sem af er þessu?"

Ég hafði hugsað mér að fylgja þessari fsp. með nokkurri ræðu, en ég held, að ég sleppi þeirri ræðu og lesi í staðinn stutta klausu, sem

mér var bent á áðan að hefði birzt í morgun í blaði hæstv. dómsmrh., Morgunblaðinu. Þessi klausa er frá Óla Þorsteinssyni á Þórshöfn, og honum farast orð á þessa leið:

„Svo virðist sem svæðið hér við Langanes og á Þistilfirði sé nú orðið aðalvettvangur landhelgisbrota og hafa nú á skömmum tíma verið staðnir að verki 6—7 landhelgisbrjótar. Þessi tala gæti þó verið 10 sinnum hærri, ef öll landhelgisbrot hér yrðu uppvís. En eftirtektarverðast er, að í öll þessi skipti er flugvél að verki. Hvar eru varðskipin? Þó flugvélin sé að mörgu leyti hentug til landhelgisgæzlu, er hún alls ónóg eingöngu. Hún getur t. d. ekki verið á lofti allan sólarhringinn í einu."

Og Óli Þorsteinsson á Þórshöfn heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Af ýmsum ástæðum getur verið réttlætanlegt að opna landhelgina á vissum svæðum, en það er allsendis óverjandi að hafa þessi svæði sama sem gæzlulaus. Það hefur ekki sézt varðskip," segir hann, „það hefur ekki sézt varðskip við Norðausturland í haust. Flugvélin kemur annað slagið, stingur sér niður og tekur einn til tvo báta og er svo farin. Þeir, sem eftir eru, geta verið vissir um, að hún kemur ekki aftur þann daginn og jafnvel ekki næstu daga." Og Óli heldur áfram: „Næturnar eru sérlega hentugur tími til landhelgisbrota, enda eru þær til þess óspart notaðar. Það má búast við því, að þessi ágangur fari vaxandi, þegar líður á haustið, og það er því skýlaus krafa okkar í þessu byggðarlagi, að varðskip verði tafarlaust sett til gæzlu við Norðausturlandið."

Þetta voru orð Óla Þorsteinssonar á Þórshöfn, og undir þetta hygg ég að tekið geti margir þeir, sem búa við þýðingarmestu fiskimiðin við strendur þessa lands, eins og t. d. við Breiðafjörð. Fólk undrast þetta ástand, og ýmsum virðist, að nú sæki í sama horf og á s. l. ári og á árunum þar á undan, þegar segja mátti, að togskip færu öllu sínu fram á svæðum, sem voru þó lögum samkvæmt friðuð fyrir þeim. Það er von okkar fyrirspyrjenda, að í svörum hæstv. dómsmrh. fáist einhverjar skýringar á þessu ástandi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ætli ég verði ekki að svara Jónasi Árnasyni, hv. 4. landsk. þm., en ekki Óla á Þórshöfn og snúa mér þá fyrst að fsp., sem þeir hafa borið fram, hann og hv. 6. landsk. þm.:

„Hve margir voru úthaldsdagar íslenzkra varðskipa í mánuði hverjum á s. l. ári og það sem af er þessu?"

Á árinu 1968 eru úthaldsdagar varðskipanna þannig samanlagt: í janúar 79 dagar og 19 stundir, í febrúar 83 dagar og 3 stundir, í marz 75 dagar og 7 stundir, í apríl 66 dagar og 11 stundir, í maí 69 dagar og 23 stundir, í júní 77 dagar, — og ég sleppi nú þessum brotum, sem litlu skipta, — í júlí 66 dagar, í sept. 72 dagar, í okt. 70 dagar, í nóvember 69 dagar, og í desember 67 dagar. Þetta verða samtals á árinu 864 úthaldsdagar varðskipanna. Þá kemur árið í ár, 1969. Þar eru úthaldsdagar sem hér segir: í janúar 69 dagar, í febrúar 64 dagar 17 stundir, í marz 88 dagar 23 stundir, í apríl 97 dagar, í maí 83 dagar, í júní 96 dagar, í júlí 61 dagur, í ágúst 68 dagar og í sept. 65 dagar. Þetta verða samtals, ¾ hluta ársins 1969, 694 dagar. Ef við tökum fjórða partinn af hinni tölunni, þá mundu á sama tíma í fyrra hafa verið heldur færri úthaldsdagar, eða eitthvað um 660, sýnist mér, á móti 694 núna, á sama tíma. Ég skal ganga svolítið út fyrir fsp., því að henni er í raun og veru svarað með þessu, en það er dálítið upplýsandi þó fyrir menn að fá samanburð svolítið aftur í tímann, hvað úthaldsdagarnir eru margir í heild. Það eru árið 1965: 879 dagar, þ. e. allt árið, og árið 1966 848 dagar, 1967 909 dagar, 1968 864 dagar og 1969, eins og ég sagði, fram að 1. okt. 694 dagar. Úthaldið á mánuði þessi ár, ef því er deilt jafnt niður á mánuðina, er: 1965 70 dagar, 1967 75 dagar, 1968 72 dagar og 1969 77 dagar, eða flestir úthaldsdagar á árinu í ár. Mér skilst hins vegar, að mönnum finnist, að gæzlunni sé eitthvað ábótavant og að hún hafi dregið eitthvað úr sinni vöku, og er ágætt, að rætt sé um það, ef mönnum finnst svo. Ég lýsti þessu, og þá kom það fram, og mér er ánægja að gefa upplýsingar um þetta, eins og Landhelgisgæzlan hefur látið mér þær í té. Ég sagði það einnig í fyrra, þegar við vorum að ákveða lög um breytingar á fiskveiðiheimildunum innan landhelginnar, að þeirri löggjöf, sem þingið gengi frá þannig, mundi verða framfylgt, og henni hefur verið framfylgt. Það kann að vera, að einhverjir misbrestir séu á einhverjum stöðum, eins og látið er að liggja í þessari Morgunblaðsgrein, sem var lesin, og það er ekki nema sjálfsagt að athuga það nánar og þær óskir, sem þar koma fram, þær er sjálfsagt að taka til greina.

Eftirlitið er töluvert mikið, eins og t. d. sést af því, sem Landhelgisgæzlan hefur látið mér í té, og það er til fróðleiks að ég get um það hér, en ekki til að svara þessari fsp., hvaða tala skipa var við strendur landsins 19. okt. 1969, núna fyrir nokkrum dögum. Það gefur til kynna, að hún hefur nokkurt yfirlit yfir þetta, einmitt með fluggæzlunni, sem síðar kannske kallar á frekari flutning á skipum, eftir því sem upplýsingarnar koma fram frá fluginu. Hv. þm. hefðu kannske gaman af að heyra þetta. Það eru 10 togbátar í hólfi á Breiðafirði, 8 erlendir togarar undan Bjargtöngum og Blakksnesi, 12 togbátar í hólfi undan Straumnesi, 4 erlendir togarar undan Straumnesi, 1 togbátur í hólfi undan Horni, 4 erlendir togarar undan Horni, 2 erlendir togarar undan Skaga, 2 togbátar í hólfi undan Mánáreyjum, 6 erlendir togarar undan Rauðanúp, 5 togbátar og einn íslenzkur togari í hólfi við Langanes, 12 erlendir togarar undan Langanesi, 2 erlendir togarar undan Digranesi, 3 erlendir togarar undan Glettinganesi, 8 erlendir togarar undan Hvalbak, 2 togbátar og einn íslenzkur togari í hólfi við Hvalbak, 10 togbátar í hólfi við Ingólfshöfða, þar af tveir innan línu, 6 erlendir togarar undan Skarðsfjöruvita, 1 togbátur í hólfi undan Skarðsfjöruvita, 5 íslenzk togskip í hólfi

undan Vík í Mýrdal, 3 íslenzk togskip í hólfi undan Krýsuvíkurbjargi, 28 íslenzk síldarskip undan Krýsuvíkurbjargi og 8 togbátar í hólfi undan Miðnessjó. Á þessum degi hefur þannig Landhelgisgæzlan með flugþjónustu sinni fengið yfirsýn yfir 142 skip samtals og hvar þau eru staðsett við landið.

Nú er það svo, — og ég veit, að menn hafa tekið eftir því, — að Óðinn hefur legið mikið hér í höfninni og Albert einnig stundum. En það hefur verið gerð áætlun um rekstur Landhelgisgæzlunnar og úthald skipanna og í fjárlögum þessa árs var gert ráð fyrir því að reyna að draga dálítið úr úthaldi gömlu skipanna. Það var skoðun Landhelgisgæzlunnar og dómsmrh., að það ætti að vera hægt með þeim flugkosti, sem við höfum, og eftir að hinn nýi Ægir var kominn til sögunnar, án þess að Landhelgisgæzlan eða varðgæzlan þyrfti að líða fyrir það. Þá voru áætlanir uppi um það, að Óðinn lægi hálft árið eða yrði ekki gerður út raunverulega nema hálft árið og Albert væri mikið til í hvíld. Þetta kynni auðvitað að breytast, ef einhverjar breyttar ástæður kæmu fram, skipin yrðu fyrir óhöppum o. s. frv., en þá var hugsunin sú, að sjálfri landhelgisgæzlunni ætti að vera hægt að sinna með því að leggja meiri áherzlu á, að hin stóru skip, Óðinn og Ægir, væru jafnan á sjó austan og vestan lands, eða einhvers staðar á því svæði, í tengslum við fluggæzluna og svo minni vélar þar fyrir utan við gæzlu, bæði þyrlan og minni vélar, sem Landhelgisgæzlan hefur leigt til þess að gæta bátanna, sem er töluvert erfitt verk, því að ekki er hægt að neita því, að nokkur er ágangur þeirra í landhelginni. Þannig var álitið að mundi vera hægt að sinna þessu, en til viðbótar kom svo það, að vitaskipið Árvakur var flutt frá vitamálastjórninni til Landhelgisgæzlunnar og er nú ekki lengur vitaskip, heldur varðskipið Árvakur, en Landhelgisgæzlan í heild tók þá jafnframt að sér það hlutverk að sjá vitamálastjórninni fyrir gæzlu vitanna, ekki endilega með Árvakri nema það væri hentara, heldur líka með öðrum skipum, sem Landhelgisgæzlan hefði í það og það skiptið á hentugum stöðum í sambandi við landhelgisgæzluna. Það má því segja, að þarna hafi skipið Árvakur bætzt við landhelgisgæzluflotann eða varðskipaflotann. Menn verða líka að hafa það í huga, að fiski- og hafrannsóknum sinnti Landhelgisgæzlan töluvert mikið hér áður, og gamli Ægir var í raun og veru, kannske hálft árið, í slíkum rannsóknum, en nú, þegar Hafrannsóknastofnunin er komin til og Árni Friðriksson — og svo náttúrlega enn þá fremur þegar Bjarni Sæmundsson kemur, — hefur Landhelgisgæzlan ekki þurft að sinna þessum verkefnum, sem eru bæði síldarleit og hafrannsóknir, eins og hún gerði áður með því að lána sín skip til þeirra. Hafrannsóknastofnunin hefur séð um það með sínum skipum og þeim skipum, sem hún hefur leigt til þess. Forstjóri Landhelgisgæzlunnar tjáir mér, að almenn aðstoð við bátaflotann hafi raunverulega minnkað, nema í verstu veðrum og á afskekktum stöðum, aðallega vegna hinnar miklu fjölgunar nýrra, stórra og vel búinna fiskiskipa, svo og tveggja aðstoðarskipa í einkaeign, Lóðsins og Goðans, sem alltaf halda sig þar, sem bátafjöldinn er mestur. Á móti hefur komið aukinn sjúkra- og læknaflutningur, svo og almennir fólksflutningar úti um land á vetrum, þegar samgönguerfiðleikar steðja að, að ótalinni hjálp vegna hafíssins, en eins og kunnugt er var töluvert álag á Landhelgisgæzlunni þá. Því er ekki að leyna, að nýja reglugerðin um veiðar íslenzkra skipa innan fiskveiðilandhelginnar hefur aukið mjög kröfurnar til gæzlunnar, ekki sízt fluggæzlunnar, og eins og ég sagði áðan, þá hafa litlar flugvélar reynzt mjög vel til þeirra þarfa yfir sumartímann og hafa því verið leigðar til þess eftir þörfum í mörg ár.

Ég hygg, að í raun og veru sé ástæðulaust fyrir mig að gefa frekari upplýsingar vegna þeirrar fsp., sem hér hefur verið borin fram, og henni sé fullsvarað. Skal ég því ljúka máli mínu og ekki hafa um þetta fleiri orð, nema sérstakt tilefni gefist.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svör, sem hann gaf okkur Óla Þorsteinssyni á Þórshöfn, svör við brennandi spurningum, sem varða hag fólks víðs vegar með ströndum þessa lands. Ég verð að játa, að fsp., þar sem hún talar um úthaldsdaga, knýr ekki beinlínis á um glögg svör, getum við sagt, vegna þess að þegar ég fór að kynna mér málið, þá kom það upp úr dúrnum á skrifstofu Landhelgisgæzlunnar, að úthaldsdagar varðskipanna teljast þeir dagar, sem líða frá því, að skipin fara úr höfn hér í Reykjavík og þangað til þau sigla aftur inn í sömu höfn. Hitt mun hins vegar rétt, að þau liggja yfirleitt ekki lengi í öðrum höfnum, þó að það komi raunar fyrir. En þau hafa, eins og hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan, ýmsum öðrum störfum að gegna varðandi vitana og fleira, og úthaldsdagar varðskipanna eru sem sagt ekki það sama og gæzludagar innan landhelginnar, eða við landhelgina.

Það kom líka fram í orðum hæstv. ráðh. hér áðan, að meginástæðan til þess, hversu slælega eru rekin trippin í landhelgismálunum, er sú, að stjórnarvöldin telja sig þurfa að spara svo á þessum vettvangi. Ég get bætt ýmsu við þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan. Eins og hann sagði, hefur eitt hinna stóru skipa Landhelgisgæzlunnar, — en þau eru eins og menn vita Ægir, Óðinn og Þór, — eitt þeirra, það síðast nefnda, Þór, — það er Þór, en ekki Óðinn, eins og hæstv. ráðh. sagði áðan. Honum hefur að sjálfsögðu orðið mismæli, — legið bundið í höfn hálft árið, og annað tveggja smærri skipanna, — en þau eru Árvakur og Albert, — annað þeirra, Albert, legið í höfn allt árið um kring. Landhelgisgæzlan fær ekki einn einasta eyri til þess að halda því skipi úti.

Ég hygg sem sé, að niðurstaðan af þessu verði óumdeilanlega sú, að landhelgisgæzlan sé allsendis ófullnægjandi. Flugvélar koma að

vísu að nokkrum notum, en aðeins meðan bjart er. Þegar haustar að og dimmir, eins og Óli Þorsteinsson sagði í sinni klausu, og landhelgisbrot færast í aukana, þá koma skipin aðeins að notum og þó því aðeins, að því er mér skilst, hvað snertir minni togskipin, togbátana a. m. k., — en veiðarfæri þeirra eru svo létt, að þau verða dregin upp í skyndi, — að skip Landhelgisgæzlunnar geti legið við svo að segja á sömu slóðum og togbátarnir eru að veiðum hverju sinni, þannig að þeir geti alltaf átt yfir sér, að varðskip sigli upp að þeim. Til þess að halda stærri togskipum, þ. e. togurum, sem við nefnum svo, utan löglegra marka, skilst mér, að nóg sé, að þeir viti af varðskipi einhvers staðar í ekki allt of miklum fjarska, því að það tekur lengri tíma þar að koma veiðarfærunum inn. Landhelgisgæzlan hefur orðið að notast allmikið við leiguflugvélar, og slíkt er að sjálfsögðu með öllu óviðunandi. Hún hefur aðeins eina þyrlu til umráða, en þyrlan er hið mesta þarfaþing við landhelgisgæzlu og einnig má hafa af henni not á ýmsum öðrum sviðum, eins og t. d. til björgunarstarfa. Ef sæmilega ætti að skipast um þessi mál, þyrfti Landhelgisgæzlan eflaust að eiga 2—3 þyrlur til viðbótar jafnframt því, sem hún þyrfti auðvitað að fá fjármagn til þess að halda úti öllum sínum skipum allt árið um kring. Smámunalegur sparnaður á þessu sviði getur reynzt býsna dýr og mun eflaust með vaxandi ágangi togskipa á friðuðum svæðum valda slíku tjóni varðandi fiskstofnana, að nema muni í beinu fjárhagslegu tilliti margfaldri þeirri upphæð, sem sparast með því að skera við nögl, eins og nú er gert, fjárframlög til landhelgisgæzlu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því, að í fyrra, á síðasta Alþ., var með miklum erfiðismunum sett ný löggjöf um togveiðar í landhelgi, hversu nota skyldi landhelgina til togveiða. Þá var henni skipt niður í hólf í þessu tilliti og fer ég ekki að rekja þá sögu. En þetta starf var unnið af mikilli nauðsyn og knýjandi nauðsyn, því að áður en þessar nýju reglur voru settar, hafði landhelgisgæzlan í raun og veru brotnað niður, eins og kunnugt var. Framkvæmd landhelgislöggjafarinnar hafði brotnað niður og er af því öllu mikil saga, sem ég ætla ekki að rifja upp, því að hún er hv. þm. svo nauðavel kunnug.

Nú er lífsnauðsyn, að ekki fari aftur á sömu lund, og því var lýst hér yfir með sterkum orðum, þegar þessi nýja skipan var á sett, að nú mundi þess verða gætt, að löggjöfin yrði í heiðri höfð, og enn fremur yrði með öruggri gæzlu stuðlað að því, að ekki yrðu á vegi fiskimanna of miklar freistingar í þessu efni. En það er stór liður í þessu máli að veita aðhald, að freistingar séu ekki mjög á vegi veiðimanna í þessu tilliti, sem sé, það þarf skynsamlegt aðhald í gæzlunni og er það áreiðanlega einnig bezt fyrir þá.

Nú óttast menn mjög, eins og hér hefur komið fram, að hætta sé á ferðum, og það kemur í ljós, að varðskip hafa verið látin liggja til þess að spara, vegna peningaskorts og vegna þess, að fjárveiting hefur verið of naumt skorin, að mér skilst, til landhelgisgæzlunnar. Það er áreiðanlega mjög slæmt og mikið tjón, að þannig hefur farið, vegna þess að vafalaust veitir ekki af öllum skipakostinum til þess að reyna að halda vel í horfi eða réttara sagt koma þessum málum í betra lag en verið hefur.

Það er augljóst, að það er miklu meiri vinna að gæta landhelginnar eftir þessa nýju skipun en áður. Og það hygg ég, að menn verði að hafa fast í huga og hafa kannske ekki til fulls áttað sig á, fyrr en þeir nú standa frammi fyrir því verkefni, sem það er, að gæta þessara hólfa, því að það er auðvitað miklu, miklu meiri vinna. Manni virðist því, að alls ekki megi draga úr því landhelgisafli, sem áður hefur verið til afnota. Ég kem því þar máli mínu, og skal ekki hafa um það langa ræðu, að ég vil skora á hæstv. ráðh. að skoða þetta mál, gera úttekt á þessu máli, úttekt á gæzlunni og ástandinu í þessum málum nú með sem mestum hraða næstu vikur, áður en gengið verður frá fjárlögum og fjárveiting til þessara mála verði endurskoðuð í samanburði við þá niðurstöðu, sem fæst af þeirri skoðun, og Alþ. fái mynd af þessu, áður en gengið verður frá fjárlögum fyrir næsta ár. Þá verði gengið í það að veita nægilegt fé, það fé, sem ráðh. þarf að fá, til þess að hann telji sig geta haldið uppi gæzlunni, því að maður skilur það, að fái ráðh. alls ekki það fé, sem þarf til þess að framkvæma gæzluna, þá er ekki von, að hann geti framkvæmt þessi mál á þann hátt, sem hann vill.

Ég vil þess vegna nota tækifærið í þessum umr. til þess að óska eftir því, að ráðh. geri sér nú grein fyrir þessu, endurskoði þessi mál næstu vikurnar, láti fjvn. og Alþ. vita, hvað hann telur sig þurfa að fá, til þess að þessi mál geti verið í góðu lagi. Það er náttúrlega alger hégómi, hvort það er 10 millj. meira eða minna, sem þarf að verja til gæzlunnar samanborið við þau stórkostlegu verðmæti, sem hér eru í húfi, því að hér er hvorki meira né minna í húfi en það, hvort við getum haldið uppi réttarreglu í þessu eða ekki, hvort við getum stjórnað því, hvernig landhelgin er nýtt eða ekki. Ef það kemur í ljós, að við teljum okkur t. d. svo fátæka, að við getum ekki haft umsjón með því, að landhelgin sé notuð eftir settum reglum, þá liggur það fyrir, að við höfum gefizt upp við það að halda uppi réttarreglu í þessu tilliti, og getum ekki horft framan í nokkurn mann og sízt þá, sem við þurfum að horfast í augu við í sambandi við landhelgismálin og fiskveiðarnar innan landhelginnar. Við verðum sem sagt að sýna, að við getum skipað þessum málum skynsamlega og séð um, að réttum reglum sé fylgt, og ég vil lýsa stuðningi mínum við ráðh. í því, að hann fái þá peninga, sem hann telur sig þurfa til þess að hafa góða skipun á landhelgisgæzlunni og fer fram á við hann, að hann gangi í að gera úttekt á þessu og láti fjvn. og Alþ. vita, hvað hann telur sig þurfa.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Ég ætla með nokkrum orðum að segja frá minni skoðun í þessu máli. Raunverulega fagna ég því, að þetta mál allt sem heild skuli koma til umr., þó að fsp. hafi verið hálfþröng. Varðandi sjálfa úthaldsdagana verð ég að lýsa undrun minni yfir því, hvað þeir eru fáir, því að venjulegur fiskibátur hefur um 280—320 úthaldsdaga og virðist manni það ekki vera ofraun svo góðum skipum, sem varðskipin eru talin, að vera með svipaða úthaldsdaga á hvert skip. En mér virðist, að það sé ekki á yfirlitinu, sem var gefið hér áðan.

Það er augljóst mál, eins og hv. síðasti ræðumaður fjallaði um og undirstrikaði mjög vel, að það er grundvallaratriði, að núgildandi reglur um nýtingu landhelginnar séu haldnar og menn fari eftir þeim í hvívetna, vegna þess að samþ. var hér á Alþ. í vor að gera ákveðna tilraun til hagnýtingar á landhelginni með auknum togveiðum. Síðan á Alþ., í árslok 1970, að framlengja þessi lög eða breyta til og verði ekki haldið rétt á málunum þennan tíma, tekur Alþ. ákvörðun, sem byggð er á rangri niðurstöðu. Þess vegna vil ég mjög undirstrika það, að hér sé staðið af fullum krafti í istaðinu, þannig að ekki verði lát á, og örfáum skipstjórum, sem hafa löngun kannske í dag til að byrja að brjóta, haldist það ekki uppi, því að ég fullyrði, eftir samtöl við marga skipstjóra, að það eru mjög fáir skipstjórar, sem kæra sig um að fara inn fyrir í dag, eða hafa til þess vilja. En hitt er svo annað mál, að haldist þeim uppi að fara inn fyrir, þá fréttist það fyrr eða síðar út og það dregur aðra á eftir sér og þar með er ógæfan skollin yfir. Það má ekki eiga sér stað. Ef fé skortir til þess að halda uppi rétti og lögum á sjónum, verður Alþ. að veita slíkt fé. Hvort það verður í formi kaupa á annarri þyrlu eða nýju skipi, minna skipi, eða öðru fyrirkomulagi, þarf að athugast, og þar um er Landhelgisgæzlan sjálf hæfust að gera tillögur, en það verður þá að koma fram. Við getum ekki látið þessi mál eins og vind um eyru þjóta, vegna þess að þau eru það mikilvæg, sérstaklega þegar haft er í huga, að síldveiðarnar eru að fjara út eða svo lítur út fyrir í dag, þá munu flestir bátar, sem voru áður á síldveiðum, sækja inn á togveiðarnar, og þar með margfaldast ásókn í togveiðarnar hér við land. Fari svo, að gæzlan sé ekki trygg og örugg og skipstjórar sjái sér ekki hag í því að halda settar reglur, þá ríkir hér fyrr eða síðar algert ófremdarástand. En almenningsálitið í dag er svo sterkt, að það er alveg á móti slíkri þróun og það mun veita Alþ. fullan stuðning og góðar undirtektir. Það er mín persónulega skoðun, að leggja beri nægilegt fjármagn fram, svo að gæzlan sé trygg og örugg. Við getum ekki annað, okkur er ekki sæmandi annað en halda þessa reglu vel og taka síðan um það ákvörðun, þegar að því kemur, hvað gera skuli við næsta skref, annars er voðinn vís. Ég fagna því, að þetta skuli koma hér til umr., vegna þess að málið er það mikilvægt, að ekki er hægt að horfa á það þegjandi.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég fagna hverri þeirri hvatningu, sem fram kemur hér í þingsölum og annars staðar í þá átt, að við getum haft nægilega vel búna og góða landhelgisgæzlu. Ég tel það mjög skynsamlegt, sem hv. 1. þm. Austf. stakk upp á hér áðan, að það væri, að gefnu tilefni vegna þessara nýju laga, sem hafa verið í framkvæmd í ár, gerð sérstök úttekt á landhelgisgæzlunni með hliðsjón af þeim, áður en fjárlög eru afgreidd, með það í huga, hvort reynslan, sem við höfum fengið þessa mánuði, gefur tilefni til þess að ályktа, að við þurfum að leggja meira í gæzluna fjárhagslega eða auka hana af þeim sökum. Kannske er nú þegar fyrir hendi vitneskja um slíkt hjá sjálfri Landhelgisgæzlunni eða forstjóra hennar, en ég mun gera sérstakar ráðstafanir til þess að slíkt komi fyrir sjónir þm. og þá væntanlega fyrst og fremst fjvn. En mér finnst svolítils misskilnings gæta hjá hv. þm., sem ályktа sem svo, að landhelgisgæzlan sé slæleg vegna þess, að spara þurfi. Nú hafa engar sannanir verið færðar fyrir því, að landhelgisgæzlan hafi reynzt slæleg og menn verða að gera greinarmun á því, hvort ákveðið er að haga landhelgisgæzlunni með tilteknum hætti til þess að fá meiri hagkvæmni í rekstur hennar, eða hvort menn eru að draga úr því, sem menn telja nauðsynlega gæzlu, vegna fjárskorts. Ég hef aldrei gengið inn á það, því að mín skoðun er sú, að eftir að við fengum Ægi og hann kom í gæzluna og eftir að Árvakur var tekinn til landhelgisgæzlu gætum við hagrætt útgerð skipanna með þeim hætti, eins og ég sagði, að leggja litla áherzlu á útgerð Þórs og Alberts nema þannig, að þau væru ævinlega til taks, ef einhver hin skipin biluðu eða náttúrlega við björgun, þegar þannig stendur á og sérstök atvik skapast af illviðrum o. s. frv. En ég hef ekki haft þá skoðun, að við værum með þessum ráðstöfunum og miðað við þann kost, sem við höfðum, og þegar við líka fengum þar tvo flugbáta til afnota á fyrsta mánuði þessa árs, að draga úr landhelgisgæzlunni, þó að þessi háttur væri viðhafður. Í raun og veru hef ég litið svo á, að það væri réttast að selja Þór, ef við gætum selt hann. En ég held, að því miður fáum við ekki það mikið fyrir hann, að ástæða sé til þess, og betra væri að reka skipið, sem nú er orðið 20 ára gamalt, sparlega, nota það til vara og eiga það áfram, eins og gert hefur verið.

Ég er ekki í neinum vafa um það, að við getum styrkt Landhelgisgæzluna og skapað okkur líka miklu betri aðstöðu til björgunar í landinu með því að auka þyrlukostinn og þá sérstaklega með því að kaupa stórar þyrlur. Þess vegna leituðum við eftir tilboðum í stóra þyrlu, á árinu 1967, held ég, að það hafi verið. Hún virtist hins vegar mjög dýr, forstjóri Landhelgisgæzlunnar og ég höfðum skoðað slíkar þyrlur í Danmörku, og við höfðum af þeim spurnir. Þetta eru svo kallaðar Sikorsky-þyrlur, sem menn kannast við af myndum, sem sýna, þegar Bandaríkjamenn eru að draga geimfara sína upp úr Kyrrahafinu. Af sögnum,

sem við höfðum af flughæfni þessara stóru þyrla, var það alveg greinilegt, að ef við hefðum ráð á því að eiga svona þyrlu, þá værum við með gífurlega mikið björgunartæki í landinu, sem er ekki fyrir hendi nú. Þá hafði ég sérstaklega í huga, þegar Skagerak, ferjan eða báturinn, sem gekk á milli Noregs og Danmerkur með eitthvað á þriðja hundrað farþega, lagðist á hliðina og fórst í ofviðri og fjöldinn allur af farþegum var í sjónum í björgunarbeltum. Þá var fárviðri og mikill vindhraði, en Sikorsky-þyrlur, 9—10 saman frá Svíþjóð, Danmörku og Noregi, björguðu öllu þessu fólki með því að draga það upp úr sjónum í því vonda veðri, sem þarna var um að ræða. Þær þyrlur eru mjög dýrar í rekstri og við gáfumst upp á að leggja til við þingið að veita fé til kaupa á þessari þyrlutegund, en það hefur einnig verið erfitt í ári og þá var farin þessi leið, sem var af okkur hugsuð til bráðabirgða, að fá lánaða Albatross-báta, sem svo eru kallaðir, flugbáta, sem eru björgunarflugbátar frá Bandaríkjunum, og brúa þarna eitthvert visst bil, sem maður veit ekki, hvað mundi verða langt, því að þannig mundi kannske skapast betri aðstaða til þess að fá þyrlur ódýrari. Tækninni fleygir fram, þyrlur eru mjög dýrar eins og er og einnig erfitt að fá þær, því sérstaklega mikil not eru vegna þessarar styrjaldar í Vietnam, sem talað er um, en ef þessi styrjöld tekur einhvern tíma enda, þá sannast að segja datt manni í hug, að það yrði e. t. v. hægt að fá þyrlur af ágætri gerð með hagkvæmari kjörum, jafnvel þó að þær væru ekki alveg nýjar. En ég tel hins vegar alveg nauðsynlegt að láta þetta ekki niður falla með þyrluna og auðvitað getur verið um að ræða eitthvað á milli litlu þyrlunnar og Sikorsky-þyrlu. Væri þá kannske viðráðanlegt fyrir okkur að fá nýja þyrlu, sem væri stærri en þessi litla þyrla, sem við höfum, þótt hún væri ekki af fullkomnustu gerð. Allt þetta er rétt að athuga.

Út af úthaldsdögunum vil ég segja það vegna talna, sem voru nefndar hér áðan af hv. 5. landsk. þm., að úthaldsdagar Óðins eru árið 1968 269 og Alberts á sama ári 274, en 204 hjá Óðni á þessu ári. Albert er þá dreginn úr úthaldinu, en samt sem áður var Albert aldrei lagt af ýmsum sökum. Það er 131 úthaldsdagur hjá honum á þessu ári og þá kemur Árvakur til sögunnar með 158 úthaldsdaga þann tíma, sem hann hefur verið í þjónustu Landhelgisgæzlunnar á þessu ári eða 7 mánuði, svo að þarna hjá þessum tveimur skipum eru nærri 300 úthaldsdagar á þessu tímabili í ár, þ. e. ¾ hluta ársins. Þess er að gæta líka, að við venjulegt úthald þarf varðskip, að því er talið er, 6—7 daga í mánuði í Reykjavík til eftirlits, viðgerða og samningsbundinna fría áhafnar í heimahöfn, eins og það er orðað. Það á sennilega nokkurn þátt í því, eins og ég sagði áðan, að skipin hafa legið hér meira, að mönnum finnst, fremur en að illa sé haldið á spöðunum. Því miður kom það óhapp fyrir Þór ofan á allt annað, eins og kunnugt er nú af fréttum, að bruni varð í skipinu og er unnið að því að lagfæra skipið, en það er ekki gert af Landhelgisgæzlunni sjálfri, og þess vegna er það ekki gert með neinum sérstökum hraða af hagkvæmnisástæðum, enda var gert ráð fyrir því, að ekki þyrfti að halda á úthaldi skipsins eins mikið og áður. Svo var nýi Ægir frá í 3 vikur, þegar hann þurfti að fara í skoðun. Hér í sumar var hann uppi í Slipp. Skoðun átti reyndar að fara fram erlendis, en fallizt var á, að hún væri framkvæmd hérna. Síðan varð Ægir fyrir því óhappi, að það brotnaði í honum stimpill, sem skemmdi ljósavél skipsins og sjóhæfni þess um leið, vegna þess hversu margt er sjálfvirkara í þessu nýja skipi heldur en eldri skipunum. Viðgerð á því hefur farið fram og mun vera annaðhvort lokið eða um það bil að ljúka núna. Þetta hefur náttúrlega haft nokkur áhrif á sjóferðir skipanna.

Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég er alveg samþykkur þeim þm., sem hér hafa lýst nauðsyn þess, að landhelgisgæzlan sé á hverjum tíma nægjanlega öflug, og ég endurtek það, sem ég sagði í þinginu í fyrra og vék að áðan, að það er höfuðnauðsyn að hafa bolmagn til þess að framkvæma þau nýju lög, sem nú eru í gildi, og það má ekki koma fyrir aftur, að á vissan hátt brotni niður möguleikinn til að framkvæma landhelgislöggjöfina á Íslandi, eins og hv. 1. þm. Austf. vék að áðan réttilega, að orðið hefði síðari árin, áður en þær breytingar voru gerðar, sem þingið í fyrra var nokkurn veginn samdóma um að gera. Ég mun leggja áherzlu á það, að þingið fái sem haldbeztar upplýsingar um það, hvað nauðsynlegt sé að veita mikið fé og leggja mikið afl í Landhelgisgæzluna til þess að þessi löggjöf verði framkvæmd, sem höfuðnauðsyn er, að á engan hátt verði dregið úr að framfylgja fullkomlega.

3. Landgræðsla.

Á deildafundum 21. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um landgræðslu [39. mál] (A. 39).

Á 6. fundi í Sþ., 22. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Gróið land og lífið í sjónum umhverfis landið hafa frá fyrstu tíð verið undirstöður mannlífs á Íslandi. Þessa verður því að gæta

sem sjáaldurs augna sinna. Fleira kemur að sjálfsögðu til í nútíma búskap, svo sem hagnýting orkulinda og hreint loft. Ómengað vatn og sérkennileg og fjölbreytileg fegurð landsins munu reynast sístækkandi þættir í þjóðarauði Íslendinga, ef skynsamlega verður á haldið og þessu dýrmæti ekki spillt fyrir andvaraleysi og handvömm. Þetta hygg ég heppilegt að rifja upp fyrir sér við sem flest góð tækifæri. Því geri ég það hér.

Vísindamenn okkar hafa komizt að raun um, að enn fýkur meira og blæs upp af landinu en grær að nýju og má því segja, að enn haldi landið áfram að fjúka undan fótum landsmanna. Nú vitum við þetta, og sérfræðingar okkar þekkja leiðir til þess að snúa vörn í stórsókn og þolir slíkt enga bið, því að sjálf undirstaðan er í húfi. Mikið hefur verið gert og mjög gott forustustarf unnið af frammámönnum okkar í þessum greinum, sem ekki er tóm að rekja hér á örfáum mínútum, og þeim hefur tekizt með stakri lagni og áhuga í samstarfi við áhugamenn að vekja áhugaöldu um landgræðsluna, sem ómetanlegt mun reynast, ef hyggilega og af framsýni er á málum haldið af öllum þeim, sem hér verða að eiga hlut að. Má í þessu sambandi minnast, hvernig áhugamenn í mörgum byggðarlögum landsins hafa nú sem sjálfboðaliðar hafizt myndarlega handa í þessu, bæði í byggð og óbyggðum og beitt í því skyni margs konar félagssamtökum.

Af öllu þessu vekur það þó mestan fögnuð, að æskufólkið tekur vaxandi ástfóstri við þetta verkefni með ungmennafélagshreyfinguna í fararbroddi, sem raunar alla tíð hefur haft ræktun landsins á oddinum. Veltur nú mjög á, að yfirvöld landsins, þing og stjórn, efli þetta starf og styðji fyrir sitt leyti sem mest má verða til hvatningar og örvunar. Er svo að sjá sem sú hlið málsins þurfi skoðunar við og því flyt ég þessa fyrirspurn. Til nánari skýringar á tilefni hennar vil ég, með leyfi hæstv. forseta, lesa nokkrar línur úr grein í síðasta hefti Skinfaxa, málgagni ungmennafélaganna, þar sem gerð er grein fyrir landgræðslustarfi þess félagsskapar, oft í samstarfi við önnur félög og áhugafólk, sem nánar greinir í ritinu. Í þessari grg. segir svo í Skinfaxa, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er um að ræða aukningu landgræðslustarfsins miðað við s. l. ár. Þó hefði þetta sjálfboðaliðsstarf ungmennafélaganna getað orðið a. m. k. tvöfalt meira, ef fé hefði verið fyrir hendi til kaupa á fræi og áburði. Landgræðsla ríkisins hefur takmarkað fé til kaupa á þessum hlutum og framboð ungmennafélaganna til landgræðslustarfsins er miklu meira en tilsvarandi fjárveiting ríkisvaldsins til efniskaupa".

Ég tel nú alveg víst, að Alþ. vilji mikið til vinna, að öll sjálfboðavinna, sem hugsanlegt er að fá til þess að græða upp örfoka land, komi að fullum notum. Alþ. þarf á hinn bóginn að vita, hvað til þarf, og því flyt ég þessa fsp., sem svo hljóðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvað telur ráðh. (landbrh.), að hækka þyrfti fjárveitinguna til landgræðslu, miðað við reynsluna s. l. sumar, til þess að þeir, sem sá vilja í sjálfboðavinnu í örfoka land, geti átt kost á að fá ókeypis fræ og áburð?"

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Til þess að geta svarað þessari fsp., sem hv. 1. þm. Austf. ber hér fram, sneri ég mér til landgræðslustjóra og fulltrúa hans, Ingva Þorsteinssonar, sem sér aðallega um gróðurverndarstarfið, og spurðist fyrir hjá þeim, hvert þeirra álit væri, því að þeir hafa á undanförnum árum gert áætlun um það, hve mikið fjármagn þyrfti til þessara hluta. Þannig var það í marzmánuði s. l., að Ingvi Þorsteinsson gerði áætlun um, hvað líklegt væri, að þyrfti að nota á sumrinu 1969. En eins og kunnugt er, var framboð af ungu fólki til þessa starfs svo miklu meira á s. l. sumri en búizt var við, miklu meira en á árinu 1968 og meira á árinu 1968 en hafði verið á árinu 1967. Til þess að geta svarað þessari fsp. þótti mér sjálfsagt að snúa mér til þessara tveggja ágætu manna, sem þessu eru kunnugastir og biðja þá um áætlun um það, hvað líklegt væri, að þyrfti til þessarar starfsemi á sumrinu 1970. Og með leyfi hæstv. forseta er hér það, sem landgræðslustjóri hefur um þessi mál að segja, og tel ég rétt að lesa það allt upp, enda þótt það sé kannske í óþarflega löngu máli:

„Samkvæmt samtali við yður, hr. landbrh., 22. þ. m. vil ég upplýsa eftirfarandi: Vegna þátttöku sjálfboðaliða við sáningu og áburðardreifingu á örfoka land s. l. sumar hef ég í þessu sambandi tekið saman ýmsar nótur og reikninga, sem Landgræðslan hefur greitt vegna þessarar starfsemi, svo sem flutning á áburði og fræi, póst og ýmsan kostnað. Þessi kostnaður er orðinn um 200 þús. kr. og var mér tjáð af Pálma Péturssyni, gjaldkera rannsóknastofnana atvinnuveganna, að ýmsir reikningar væru ókomnir til innheimtu. Þar sem liðlega 100 tonnum af fræi og áburði var dreift s. l. sumar á þennan hátt, verður beinn kostnaður Landgræðslunnar, fyrir utan áburð og fræ, ekki undir 2 þús. kr. á tonn og verður það að teljast mjög mikill kostnaður, þegar miðað er við hagkvæmari aðferðir og sér í lagi við notkun flugvéla, sem reyndist s. l. sumar um 800 kr. á tonn, þ. e. rekstur flugvélarinnar, viðhald og afskriftir. Þar, sem hagkvæmast er að bera á, t. d. í Gunnarsholti, hefur dreifingarkostnaður aðeins orðið 200–300 kr. pr. tonn. Ef flugvélin hefði dreift þessu magni í viðbót, hefði það kostað um 30 þús. kr., þar sem allir liðir flugvélarinnar, nema kaup flugmanns og benzín, hefðu orðið óbreyttir. Áburðurinn og fræið, sem dreift var af sjálfboðaliðum s. l. sumar, kostaði um 1 millj. kr. Ég tel, að auðvelt væri að fá meiri þátttöku af hendi sjálfboðaliða, þar sem þessar ferðir eru í og með byggðar upp sem skemmtiferðir," – það eru hans orð, – „en að sama skapi mundi hinn beini kostnaður Landgræðslunnar aukast, þar sem staðirnir yrðu fleiri. Ef t. d. á næsta ári ætti að tvöfalda þessa starfsemi, þyrfti að auka fjárveitingu til Landgræðslunnar um

1.2—1.4 millj. kr. frá því, sem nú er gert ráð fyrir í fjárlagafrv. fyrir árið 1970. Mestum hluta af þeim áburði og fræi, sem sjálfboðaliðarnir hafa dreift, hefur verið dreift á opnum svæðum, svo að viss sveitarfélög hafa notið góðs af til beitar. Væri því ekki úr vegi, að þessir aðilar, hrepps- og sveitarfélög, legðu eitthvað af mörkum, t. d. flutninga á áburði og fólki og annan beinan kostnað við þetta starf. Minna má á, að þar sem Landgræðslan hefur borið á gróið land með flugvél fyrir sveitarfélögin, greiða viðkomandi aðilar áburðinn, en ef sáð er í lítt gróið land, leggur Landgræðslan til sáðvörur og áburðinn að hálfu leyti. Þarna þyrfti að vera meira samræmi, svo að ekki skapist óánægja. Áranguriinn hjá þessu sjálfboðafólki hefur verið mjög misjafn, enda á byrjunarstigi. Kemur það mest til af röngum dreifingartíma og vali á landi, sem verður að breytast til hins betra. Í þessu sambandi vil ég minna á áhugasamtök, svo sem Lions-klúbbinn Baldur í Reykjavík, sem hefur tekið fyrir ákveðið uppblásturssvæði við Hvítanes í Biskupstungum. Þessir aðilar borga áburðinn, en Landgræðslan dreifir honum, enda hagkvæmt vegna þess, að það er gert á sama tíma og áburðardreifing er framkvæmd á Haukadalsheiði í Biskupstungum. Ég tel sjálfsagt að nýta og virkja þennan vinnukraft og legg þar mest upp úr almenningsálitinu að fá skilning fólksins á málefninu, sem er mjög mikils virði. Hagkvæmt væri fyrir Landgræðsluna að beina þessum vinnukrafti til að stinga niður rofabörð þar sem erfitt er að koma að vélum og sér í lagi að safna melfræi að hausti, sem verður ekki framkvæmt nema með mannshöndinni."

Þetta er það, sem landgræðslustjóri hefur um málið að segja. Hann telur, að það þurfi að hækka fjárveitinguna í þessu skyni um 1.2—1.4 millj. kr. Ingvi Þorsteinsson segir hins vegar nokkuð svipað, en þó ekki að öllu leyti. Sumarið 1963 hófst samvinna milli Landgræðslu ríkisins og Ungmennafélags Íslands um skipulagningu sjálfboðavinnu við uppgræðslu lands og heftingu gróðureyðingar. Tveim árum áður hafði slík samvinna tekizt milli Landgræðslunnar og Lions-hreyfingarinnar á Íslandi. Tilgangurinn var öðru fremur sá að vekja athygli landsmanna á hinni alvarlegu gróður- og jarðvegseyðingu, sem hér á sér stað. Enn fremur að kanna, á hvern hátt bein þátttaka kæmi að sem beztu gagni. Síðan hefur Landgræðslan, bæði í samvinnu við ungmennafélagshreyfinguna og önnur samtök, skipulagt slíkar landgræðsluferðir eftir því sem fjármagn hefur leyft. Hefur starfinu verið beint að þeim svæðum, þar sem gróðureyðingin er örust, bæði á hálendi og láglendi. Frá upphafi var áhugi fyrir þátttöku í þessu starfi mjög mikill og hefur síðan farið ört vaxandi. Sumarið 1968 var varið um 600 þús. kr. af fjármagni Landgræðslu ríkisins í þessu skyni og var þá dreift rúmlega 70 tonnum af áburði og fræi. Þá taka um 220 manns þátt í ferðunum, aðallega frá ungmennafélögum víðs vegar um landið. Á þessu ári var varið um 900 þús. kr. af fjárveitingu Landgræðslunnar til sjálfboðastarfsins, það var í samræmi við áætlun, sem ég gerði í marzmánuði s. l., og sveitarfélög og einstaklingar lögðu fram um 100 þús. kr. Var sáð 130 tonnum af áburði og fræi og varð árangur sem fyrr með ágætum, enda var ekki vætu vant. Um 600 manns tóku þátt í ferðunum í sumar, bæði frá ungmennafélagshreyfingunni og öðrum óskyldum félögum og samtökum. Greiddu þau að langmestu leyti sjálf kostnað við ferðirnar og var hlutur Landgræðslunnar í honum aðeins um 30 þús. kr. Nær öllu fjárframlaginu var því varið til áburðar- og frækaupa. Óskir almennings um þátttöku í landgræðslustarfinu fóru s. l. sumar langt fram úr því, sem gert hafði verið ráð fyrir. Hefði verið unnt að sá allt að helmingi meira magni en gert var, með þeirri aðstoð, sem bauðst, ef fjármagn hefði verið fyrir hendi. Þó var ekki eingöngu unnið að sáningu, heldur einnig öðrum nauðsynlegum störfum, svo sem uppsetningu girðinga, söfnun melfræs o. fl. Samkv. þessu er áætlað, að til þess að Landgræðsla ríkisins geti fullnýtt það sjálfboðavinnustarf, sem stendur til boða á næsta ári, þyrfti að auka fjárveitinguna í því skyni úr 900 þús. kr. í 2.5 millj. M. ö. o.: álit Ingva er, að auka þurfi framlagið um 1.6 millj., en landgræðslustjóri telur, að 1.2—1.4 millj. þurfi til þess og ber því ekki mikið á milli. Sú reynsla, sem fengizt hefur með þessu starfi, sýnir, að:

1. Almenningur hefur mikinn áhuga á beinni hlutdeild í landgræðslustarfinu.

2. Bein þátttaka er bezta leiðin til þess að vekja skilning á því, hve alvarlegt vandamál gróðureyðingin er.

3. Þrátt fyrir tækni nútímans er full þörf fyrir mannshöndina við þau mörgu verkefni, sem óunnin eru á sviði landgræðslu á Íslandi.

Þetta er það, sem fulltrúi landgræðslustjóra hefur um málið að segja og má segja, að þeir séu báðir sammála um það, að nýta beri það vinnuafl, sem þannig býðst og sem verður til þess að auka skilning almennings á þessum málum. Og ég er þeim innilega sammála um þetta.

Nú er það svo, að á fjárlögum yfirstandandi árs eru 12.9 millj. kr. til landgræðslu og gróðurverndar. Í frv., sem nú liggur fyrir Alþ. til fjárl. fyrir árið 1970, er þessi upphæð 13.6 millj., hefur verið hækkuð um 700 þús. Þar af mun vera vegna launahækkana um 200 þús., þannig að hækkun til starfseminnar er því einungis ½ millj. Nú fer það eftir því, hvort menn vilja draga þessa ½ millj. frá eða hugsa sem svo, að Landgræðslunni veiti ekkert af þeirri upphæð, en alla vega er það svo, að það sýnist vanta 1—1½ millj. kr. til þess að hægt sé að fullnægja eftirspurninni í þessu starfi á næsta sumri, og liggur það alveg ljóst fyrir. Í sambandi við það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að nú reyndi á það, hvað Alþ. vildi um þetta segja eða þeir ráðamenn, sem hafa með þetta að gera, þá vil ég taka það fram, að þetta er nýjung í starfi Landgræðslunnar og á und-

anförnum tveimur árum hefur verið farið eftir þeirri áætlun, sem gerð hefur verið af þeim mönnum, sem hafa með þessa framkvæmd að gera. En áætlunin hefur á engan hátt staðizt og eins og Ingvi Þorsteinsson segir í sínu bréfi, þá var framboðið á vinnukraftinum miklu meira, helmingi meira en reiknað var með, og þá var vitanlega ekki nægjanlegt fé til þessarar starfsemi. En jafnvel þótt fjárveitingin á þessu ári væri ekki nema 12.9 millj., þá hefði það vitanlega komið til álita, hvort ekki hefði átt að verja meiru í þessu skyni af heildarfjárhæðinni en gert var, ef það hefði legið fyrir s. l. vor í marz—aprílmánuði, þegar áætlunin var gerð, að það þyrfti svo mikið til þess að geta nýtt þennan vinnukraft. Ég segi: Það hefði verið álitamál, hvort ekki hefði verið rétt að taka meira af heildarfjárhæðinni. En það er vissulega ánægjulegt, að það eru ekki aðeins hv. alþm., sem allir eru sammála um nauðsyn þess að auka fjárveitingar til landgræðslu, heldur virðist almenningsálitið vera komið alveg að einum punkti í þessu máli, að það vilja allir eitthvað á sig leggja, eins og sagt hefur verið, til að uppfylla skyldurnar við þjóðfélagið og græða upp fósturjörðina. Vísindamönnum ber nú ekki alveg saman um það, hvort gróðureyðingin er í dag meiri en það, sem upp er grætt. Það skiptir vitanlega miklu máli, hvort svo er. Ég hef talað við vísindamenn, sem telja, að við munum vera búnir að snúa vörn í sókn og það muni gróa upp fullt eins mikið og það, sem eyðist. En jafnvel þó að við værum sannfærðir um, að við græddum meira upp árlega en það, sem eyðist, þá á það ekki að verða til þess, að við teldum ekki samt sem áður nauðsynlegt að auka þessa starfsemi. Og fjárframlög til þessarar starfsemi hafa aukizt ár frá ári, ekki aðeins í krónutölu, heldur raunverulega og þess vegna er það, að við teljum, að það hafi verið hafin sókn, ekki aðeins varnarsókn, heldur hafi miklu meira áunnizt í gróðurmálum en uppblæstri nemur. Og við skulum vona, að skoðun þeirra vísindamanna, sem það segja, sé réttari en hin, en jafnvel þótt svo væri, er vissulega nauðsynlegt að nýta alla þá orku og alla þá fjármuni, sem fáanlegir eru í þetta málefni.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, og vil svo aðeins segja, að mér finnst að menn ættu að sameinast um, að það geti ekki komið fyrir aftur, að það fólk, sem vill vinna í sjálfboðavinnu að landgræðslu, verði að hörfa frá vegna skorts á fræi og áburði. Það er nú augljóst, að þá þarf að breyta fjárlögum, ef þetta á að vera öruggt, og ég mundi vilja leggja til, að það verði farið alveg eftir till. landgræðslufulltrúans í því efni og sett sérstök fjárveiting í þessu skyni, sem ekki yrði blandað saman við annað, svo að enginn þyrfti að metast um, hvað í þetta ætti að fara. Og þessar 2½ millj., sem þarf í þetta, eru auðvitað alger hégómi samanborið við það stórkostlega menningarstarf, sem leysist úr læðingi, ef þetta er lagt fram af ríkisins hálfu, og svo allt það beina gagn, sem af þessu verður. Sennilega er það langsamlega bezta fjárfesting, sem ríkið getur lagt í, að leggja þetta fé fram. Satt að segja þykir mér slæmt, að það skyldi koma fyrir s. l. ár, að þetta var ekki lagt fram, ég verð að segja, hvað sem fjárveitingunni leið, þegar um þvílíka fjárhæð var að ræða og slíkt málefni. En sleppum því og sameinumst um að bæta úr þessu og laga fjárlögin í þessu skyni, þegar þar að kemur, og ég vona að hv. fjvn. hafi forustu í því, með góðum stuðningi hæstv. ráðh., sem hér hefur raunar verið lýst.

Jónas Árnason: Herra forseti. Fsp. sú, sem hér er á dagskrá, er vissulega tímabær, því að hún leiðir til umræðna um mjög þýðingarmikið mál. En ég held, að erfitt sé að gefa tæmandi svar við henni, þó að hæstv. ráðh. hafi að vísu nefnt hér ákveðnar tölur í því sambandi, eftir landgræðslustjóra og Ingva Þorsteinssyni. Mér virðist, af litils háttar afskiptum, sem ég hef haft af þessum landgræðslumálum, að lítil takmörk séu fyrir því, hve mikil sjálfboðavinna stæði til boða á þessum vettvangi, ef fyrir hendi væri afl þeirra hluta, sem gera skal, fjármagn af hendi hins opinbera til þess að skaffa sjálfboðaliðunum nóg af ókeypis áburði og fræi. Ég get tekið sem dæmi, að nú í sumar skipulögðum við, nokkrir félagar í Ungmennasambandi Borgarfjarðar, með ágætri aðstoð frá góðum mönnum hjá Landgræðslunni, landgræðsluferð á melana í Leirársveit, og til þátttöku í þessari ferð fengust hvorki fleiri né færri en 60—70 manns, án nokkurrar teljandi fyrirhafnar. Þessi hópur vann þarna einn sunnudag í júní, setti niður girðingarstaura umhverfis svæðið, sem er u. þ. b. 23 ha., og sáði fræi í rúman helming þessa svæðis, eitthvað u. þ. b. 13 ha. Fræ það og áburður, sem við fengum þarna til afnota að þessu sinni, nægði sem sé ekki til þess að sá í nema rúman helming þessarar girðingar. Þrem vikum seinna fórum við svo 20 saman til þess að strengja vírinn á girðinguna. Það var unnið heilt kvöld og fram á nótt. Nú er eftir að setja trérenglur á vírinn milli stauranna, en börn og unglingar í Leirárskóla munu bráðlega vinna það verk undir stjórn eldri ungmennafélaga í hreppunum þarna í grenndinni. Verk þetta hefur sem sé gengið mjög vel og verið til mikillar ánægju fyrir alla þátttakendur, og árangurinn orðið eftir því. Núna í haust veitist okkur sú ánægja að líta yfir hvanngræna breiðu á u. þ. b. 13 ha. svæði, þar sem í vor var aðeins ber og blásinn melur. En ef nægilegt fræ og áburður hefði verið fyrir hendi, þá mundi þetta svæði, þetta græna svæði, vera u. þ. b. helmingi stærra. Sjálfboðaliðar í Ungmennasambandi Borgarfjarðar hefðu auðvitað viljað ljúka alveg við verkið, þ. e. sá í allt þetta svæði í sumar. Næsta sumar eru þeir reiðubúnir að gera það, og þá stendur einnig til að fara landgræðsluferð á sandana í Hítardal, og mér kæmi ekki

á óvart, þó að fá mætti á að gizka 100 manns til þátttöku í þeirri ferð. Framboð á sjálfboðaliðum, þarna a. m. k., og svo hygg ég að sé víðast hvar á landinu, er sem sé það mikið, að þeir, sem eiga að útvega fjármagnið til þessara hluta, mega svo sannarlega taka á honum stóra sínum, ef þeir vilja ekki láta upp á sig standa í málinu.

Ég hef kvatt mér hljóðs hér í þessu sambandi til þess að leggja áherzlu á þetta. Það er mjög erfitt að áætla það, hvað þurfi mikið af fræi og áburði, en víst er, að það þarf mikið til þess að fullnægja eftirspurninni. Áhuginn fyrir þessum málum er orðinn það mikill og vilji manna til þess að vinna sjálfboðastörf á þessum vettvangi.

Ég hef kvatt mér hljóðs, líka í sambandi við mál, sem í fljótu bragði kann að virðast óskylt þessu máli, en er þó við nánari athugun nátengt því. Núna undanfarin tvö ár hafa komið hingað til lands brezkir herflokkar, 3—400 manns í hvorum herflokknum, til þess að stunda heræfingar á svæðum sérstaklega völdum til þeirra athafna. Það fer ekki á milli mála, að af þessu brölti verða margs konar spjöll á gróðri landsins, og þegar seinni herflokkurinn var hérna, — ég held, að það hafi verið í aprílmánuði s. l., — þjösnuðust ýmsir garpar úr honum á þungum hertrukkum sínum jafnvel yfir ræktað land. Bændur, sem urðu fyrir spjöllum af þessu, sendu athugasemdir í blöðin og mótmæltu harðlega. Vegagerðarmenn okkar hafa tekið upp þann góða sið, eflaust samkvæmt fyrirmælum frá hæstv. samgmrh., sem er jafnframt landbrh., þeir hafa tekið upp þann góða sið að sá grasfræi, þar sem verk þeirra valda spjöllum á gróðri. Hæstv. landbrh. hefur að vísu ekki með hernaðarmálefni að gera, en mér hefði ekki fundizt óviðeigandi, að hann hefði komið þeim tilmælum til þess ráðh., sem hefur með þau málefni að gera, að setja Bretunum þau skilyrði, að þeir fylgdu þeirri reglu, sem vegagerðarmönnum okkar er gert að fylgja, að sá grasfræi í þau svæði, þar sem þeir hafa spillt gróðri með brölti sínu. Slíku hefur því miður ekki verið að heilsa, en hitt er víst, að lítil samkvæmni er í því að hvetja okkur Íslendinga til að græða upp landið á sama tíma og útlendingum er leyft að spilla gróðri þess með hernaðarbrambolti. Það er þess vegna fróm ósk mín og vinsamleg tilmæli til hæstv. landbrh., og ég þykist þar tala fyrir munn allra þeirra, sem hafa heillazt af landgræðsluhugsjón hans og annarra góðra manna, vinsamleg tilmæli, að hann beiti áhrifum sínum í ríkisstj. til þess að herflokkar, hvort heldur brezkir eða annarra þjóða, fái ekki framar að spilla gróðri lands okkar með brölti sínu. Hernaðarþarfir annarra þjóða samrýmast ekki brýnni þörf okkar sjálfra til þess að græða upp land okkar.

4. Lán- og styrkveitingar atvinnumálanefndar ríkisins (fsp. ÞÞ og EÁ).

Á deildafundum 28. okt. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um lán- og styrkveitingar atvinnumálanefndar ríkisins [52. mál] (A. 57).

Á 8. fundi í Sþ., 29. okt., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 44 shlj. atkv.

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Í fyrsta lagi er spurt: Hve miklu fé hefur atvinnumálanefnd ríkisins ráðstafað samkv. lögum nr. 9 1969, og í öðru lagi er spurt um, hve stór hluti af því hefur farið til framkvæmda og fyrirtækja í Reykjavík. Ég tel þessar spurningar svo glöggar, að þær þarfnist ekki neinna skýringa.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Á dagskrá hins háa Alþ. í dag eru tvær fsp. um ráðstöfun atvinnumálanefndar ríkisins á fé samkv. lögum nr. 9 frá 1969. Þessum spurningum er ekki unnt að svara, svo að gagni verði, nema með nokkru heildaryfirliti, og hygg ég, að efnislega muni það svar, sem ég nú gef, eiga við báðar fsp., fram hjá því verður ekki komizt.

Á s. l. sumri var samið töluyfirlit um ráðstöfun fjárins, þegar atvinnumálanefnd ríkisins hafði lokið þeirri úthlutun, og var það yfirlit síðan sent atvinnumálanefndum kjördæmanna. Ég hef nú gert ráðstafanir til þess, að alþm. fái þetta yfirlit ásamt þeim skýringum, sem atvinnumálanefndunum var sent, og hygg ég, að því hafi nú verið útbýtt hér í þinginu. Í yfirliti þessu er að finna 7 töflur, sem gefa upplýsingar um lánaumsóknir og greiðslur atvinnumálanefndar ríkisins. Töflurnar eru miðaðar við lok júlímánaðar. Síðan hefur atvinnumálanefnd ríkisins aðeins veitt eitt lán að upphæð 1.1 millj. kr., sem vilyrði hafði áður verið gefið um, og í gær var ráðstafað til fulls litlum hluta af fé, sem áður hafði verið lagt til hliðar í ákveðnu skyni. Síðan hafa örfáar nýjar umsóknir borizt, enda hafði þá þegar verið ráðstafað því fé, sem nefndin hafði til umráða. Töflurnar sýna því ekki aðeins umsóknir og afgreiðslur eins og þær voru 31. júlí, heldur í öllu því, sem máli skiptir, hvernig mál standa nú í dag. Ég tel óhjákvæmilegt að skýra þessar töflur og þar með störf atvinnumálanefndar ríkisins nokkru nánar.

Eins og kunnugt er fékk atvinnumálanefndin upphaflega til ráðstöfunar 300 millj. kr. Þar

af voru 200 millj. kr. erlent lánsfé, sem aflað var fyrir milligöngu ríkissjóðs fyrri hluta þessa árs, og 100 millj. kr. innlent lánsfé, sem aflað var að hálfu á þessu ári, en mun að hálfu verða aflað á næsta ári. Þegar ljóst varð, að erfitt mundi vera að sinna aðkallandi verkefnum innan þessara marka, beitti ríkisstj. sér fyrir öflun 40 millj. kr. bráðabirgðaláns, er greiða ber á næsta ári og þá af þeim afborgunum, sem fást af lánveitingum nefndarinnar til opinberra framkvæmda, en lán til þeirra voru veitt til skamms tíma, þ. e. til eins til þriggja ára. Nefndin hefur því alls haft til umráða 340 millj. kr. Eins og töflurnar bera með sér, eru lánveitingar nefndarinnar og lánsvilyrði þann 31. júlí um 343 millj. kr. eða ívið hærri en ráðstöfunarféð var. Nokkur þeirra lána, sem nefndin hefur veitt, munu hins vegar ekki koma til útborgunar, þegar til á að taka, þannig að í reynd mun ráðstöfun nefndarinnar áreiðanlega reynast innan marka þeirra 340 millj. kr., sem hún hafði til umráða. Af þessari fjárhæð hafa þegar verið greiddar út rúmlega 190 millj. kr.

Af þeim 343 millj. kr., sem nefndin úthlutaði, eru 50 millj. kr. til nýsmíði fiskiskipa innanlands og 52 millj. kr. eru lánsvilyrði til eflingar fiskveiða í nokkrum kaupstöðum. Að þessum ákvörðunum nefndarinnar mun ég víkja nánar síðar. Þessar tvær upphæðir, samtals 102 millj. kr., eru ekki staðbundnar nema að nokkru leyti, og eru þær því ekki sýndar í því yfirliti á töflum 1 og 2, sem gleggsta yfirsýn gefa um lánveitingar nefndarinnar eftir landshlutum. Þar er aðeins sýnd skipting þessara 241 millj. kr. Í þessum tveim töflum eru einnig sýndar lánveitingar Atvinnujöfnunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs á tímabilinu 1. jan. 1968 til 1. júlí 1969, en óhjákvæmilegt er að taka tillit til lánveitinga þessara tveggja sjóða til að öðlast heildaryfirsýn um þessi mál. Taflan sýnir þó ekki lánveitingar Fiskveiðasjóðs vegna fiskiskipa, því að þær lánveitingar eru vegna nýsmíði skipa og meiri háttar viðgerða og þess vegna annars eðlis en þær lánveitingar atvinnumálanefndar og Atvinnujöfnunarsjóðs vegna fiskiskipa, sem hér eru taldar. Þessir tveir sjóðir hafa unnið að lausn sams konar vandamála og atvinnumálanefnd ríkisins, og hafa þeir í mörgum tilvikum tekið að sér að nokkru eða öllu leyti mál, sem um var leitað til atvinnumálanefndanna. Þá voru þessir aðilar þegar á s. l. ári eða í byrjun þessa árs oft búnir að leysa vandamál, sem ella hefðu komið til kasta atvinnumálanefndarinnar. Töflurnar bera það með sér, að í þeim kjördæmum, þar sem lán Atvinnujöfnunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs hafa verið tiltölulega mest, hafa lán atvinnumálanefndarinnar verið tiltölulega lítil.

Í sambandi við skiptingu lánveitinga á milli kjördæma ber að hafa í huga, að störf atvinnumálanefndanna hafa ekki verið við það miðuð að stuðla að byggðajafnvægi í landinu. Slíkt er verkefni Atvinnujöfnunarsjóðs. Enn síður var það verkefni nefndanna að skipta því fé, sem til umráða var, á milli kjördæma í hlutfalli við fólksfjölda. Skylda nefndanna var að vinna eftir föngum bug á því atvinnuleysi, sem varð á s. l. vetri, og beina því fé, sem til umráða var, til þeirra landshluta, fyrirtækja og framkvæmda, þar sem telja mátti, að það mundi hafa mest áhrif til að tryggja atvinnu, ekki aðeins í bráð, heldur og í lengd. Þetta hefur atvinnumálanefnd ríkisins leitazt við að gera í samráði við atvinnumálanefndir kjördæmanna. Metingur á milli einstakra kjördæma í sambandi við þessar lánveitingar byggður á mannfjölda eða nauðsyn á jafnvægi í byggð landsins á þess vegna hér ekki við.

Heildarupphæð lánveitinga atvinnumálanefndar ríkisins og þeirra tveggja sjóða, sem fyrr eru nefndir, á tímabilinu 1. jan. 1968 til 1. júlí 1969, að lánum Fiskveiðasjóðs til fiskiskipa undanteknum, nam 567 millj. kr. Lánveitingar til Reykjaness, Vestfjarða og Suðurlands hafa numið um 59 millj. kr. til hvers kjördæmis um sig, til Vesturlands 68 millj. kr., Austurlands 75 millj. kr., til Norðurlands, þ. e. bæði Norðurl. v. og Norðurl. e., 165 millj. kr., en til Reykjavíkur 81 millj. kr. Þessar tölur eru þó ekki tæmandi, vegna þess að þá er sleppt þessum rúmlega 100 millj. kr., er ég drap á áðan. En af þeim er þegar ákveðið, að Reykjavík fái a. m. k. 26 millj. kr. Samanborið við mannfjölda eru lánveitingarnar hæstar á Austurlandi, þar næst mjög svipaðar á Vestfjörðum, Vesturlandi og Norðurlandi, mun lægri á Suðurlandi og lægstar á Reykjanesi og í Reykjavík. Kemur hér í ljós, að lánveitingar atvinnumálanefndar ríkisins og þeirra tveggja sjóða, sem hér eru nefndir, hafa á þessu tímabili mjög einbeitzt að eflingu sjávarútvegs og aðlögun hans að nýjum aðstæðum eftir þau geigvænlegu áföll, sem hann hefur orðið fyrir af völdum aflabrests og verðfalls. Landshlutarnir utan Suðvesturlands hafa fyrst og fremst notið góðs af þessum aðgerðum. Á hinn bóginn hefur Reykjavík og nágrenni hennar notið tiltölulega mests góðs af þeim ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið til að örva byggingarstarfsemi, bæði á s. l. vetri og nú á þessu hausti, og til þess að stuðla að eflingu iðnaðarframleiðslunnar með auknum rekstrarlánum. Um þau efni hafa áður verið gefnar sérstakar yfirlýsingar, og skal ég því ekki rekja það frekar. Þær fjárupphæðir, sem varið var í þessu skyni, eru hins vegar ekki taldar með í þeim töflum, sem hér eru sýndar, enda ekki ráðstafað af þeim aðilum, sem hér eru taldir. Einnig munu Reykjavík og Reykjanes njóta tiltölulega meira góðs en aðrir landshlutar af þeim rúmum 100 millj. kr., sem ég hef tvídrepið á áður, svo og af nýsmíði fiskiskipa innanlands.

Þær 52 millj. kr., sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur ákveðið að verja til eflingar fiskveiða, munu ganga til þeirra kaupstaða landsins, þar sem togaraútgerð hefur verið mikilvægust og þörfin fyrir endurnýjun togara er brýnust, þ. e. til Reykjavíkur, Hafnarfjarðar, Akureyrar og Siglufjarðar. Helmingur upphæðarinnar mun ganga til Reykjavíkur, en helmingur til hinna kaupstaðanna þriggja, en

þá skiptingu er ekki búið að ákveða og þess vegna ekki hægt að telja þessar upphæðir með í því yfirliti, sem þm. hafa fengið og þar sem greint er á milli þess, hvað hefur runnið til hvers kjördæmis. Ráðstöfunin mun byggjast á tillögum frá stöðunum sjálfum, sem atvinnumálanefndin samþykkir, en slíkar tillögur liggja enn ekki fyrir nema að litlu leyti. Í gær var þó samþ. að lána hér um bil 2 millj. kr. af þessu fé til fyrirgreiðslu línubátaveiði frá Reykjavík, en það er af þeim 26 millj., sem Reykjavík hvort eð er hafði verið ætlað.

Þá ákvað atvinnumálanefnd ríkisins að verja 50 millj. kr. til nýsmíði fiskiskipa innanlands. Mun þessu fé varið í samráði við Fiskveiðasjóð til þess að veita 10% viðbótarlán umfram lán Fiskveiðasjóðs til skipa, sem bygging er hafin á eftir áramót 1968–1969 og til þess að veita skipasmíðastöðvum bráðabirgðalán upp í væntanleg framlög eigenda, ef bygging verður að hefjast áður en kaupandi er fyrir hendi, og er síðara atriðið algert nýmæli. Þessar ráðstafanir hafa stuðlað að því að glæða nýsmíði fiskiskipa, sem nú fer mjög vaxandi í skipasmíðastöðvum um allt land.

Enda þótt meginstefna atvinnumálanefndanna hafi frá upphafi verið sú að glæða atvinnurekstur í landinu og auka með þessu atvinnu til langframa, hafa nefndirnar talið nauðsynlegt að verja verulegum upphæðum til opinberra framkvæmda. 97 millj. kr. hefur verið varið í þessu skyni og þar að auki 16 millj. kr. til ýmiss konar framkvæmda til að auka atvinnu skólafólks á s. l. sumri. Þessar framkvæmdir voru undantekningarlaust mikilvæg forsenda til eflingar atvinnulífs á staðnum og oft fljótvirkasta ráðstöfunin í því skyni. Þessu fé var einkum veitt til hafnargerða, hitaveitna og vatnsveitna, en einnig til tveggja sjúkrahúsbygginga. Yfirleitt á þetta fé að endurgreiðast á næstu þremur árum af framlögum ríkis og sveitarfélaga til opinberra framkvæmda. Munu endurgreiðslurnar á næstu árum ganga til greiðslu þess bráðabirgðaláns, sem tekið var á þessu ári, en munu síðan að einhverju leyti geta gengið til nýrra lána til atvinnufyrirtækja.

Lán atvinnumálanefndar ríkisins vegna fiskiskipa eru samtals 55 að upphæð 29 millj. kr. Hafa öll þessi lán gengið til að bæta fjárhag fyrirtækja vegna erfiðleika undanfarinna ára og þá einnig til að stuðla að útbúnaði síldarskipa til þorskveiða. Öll þessi lán voru veitt á s. l. vetrarvertíð. Ásamt lánum Atvinnujöfnunarsjóðs til sömu þarfa greiddu þessi lán mjög fyrir því, að útgerð var á síðustu vetrarvertíð aukin af þeim krafti sem raun ber vitni. Vegna misskilnings, sem allmjög hefur gert vart við sig, er rétt að taka það fram, að atvinnumálanefnd ríkisins hefur ekki veitt lán í sambandi við sölu báta frá einum stað til annars eða einum landshluta til annars. Aðrir aðilar hafa þar um fjallað í þeim tilfellum, þar sem slíkt hefur verið gert, en atvinnumálanefnd á þar engan hlut að.

Lán til fiskvinnslustöðva og þá fyrst og fremst frystihúsa hafa verið 27 að upphæð 38 millj. kr. Hafa þessi lán ásamt hliðstæðum lánum Atvinnujöfnunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs miðað að tvennu: Í fyrsta lagi að því að endurbæta frystihús, þar sem frystiiðnaðinum hafði hrakað vegna síldveiðanna. Þetta átti við um Austurland allt og Siglufjörð. Í öðru lagi að því að bæta aðstöðu frystihúsa til að auka vinnslu í neytendaumbúðir, sem mjög hefur farið í vöxt á s. l. ári, svo var t. d. um allháa fjárveitingu til frystihúss Útgerðarfélags Akureyringa og raunar einnig til allmargra annarra húsa. Í þriðja lagi hafa lánveitingar til frystihúsa miðað að því að rétta við fjárhag fyrirtækja, sem illa voru stæð, ekki síst vegna taps á útgerð síldveiðibáta. Í þessu efni hefur starfsemi Atvinnujöfnunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs þó skipt meira máli en atvinnumálanefndanna, en yfirleitt hefur verið um samvinnu og samræmdar aðgerðir þessara þriggja aðila að ræða.

Lán til iðnfyrirtækja hafa verið 24 að upphæð 51 millj. kr. Hér er um að ræða nokkur hlutfallslega stór lán til stofnunar eða stækkunar fyrirtækja, einkum skinnaverksmiðjanna á Akureyri og Sauðárkróki og skóverksmiðjunnar Iðunnar. Enn fremur eru allmörg lán til eflingar lítilla fyrirtækja víða um land, en til slíkra fyrirtækja hefur Atvinnujöfnunarsjóður einnig veitt mörg lán. Þess ber að gæta, að fá iðnfyrirtæki í Reykjavík sóttu um lán til nefndarinnar, en þau hafa að sjálfsögðu hlotið verulega fyrirgreiðslu með því rekstrarfé, sem aukið var, m. a. fyrir afskipti eða atbeina atvinnumálanefndar. Til skipasmíðastöðva og dráttarbrauta veitti atvinnumálanefndin 8 millj. kr. til 6 fyrirtækja, að mestu í því skyni að fullgera mannvirki, sem verið hafa í smíðum undanfarin ár.

Allmargar umsóknir hafa legið fyrir nefndinni um lán til stækkunar niðursuðuverksmiðja á ýmsum stöðum á landinu. Nefndin hefur enn ekki séð sér fært að afgreiða þessar umsóknir að undantekinni einni frá Sigló, síldarverksmiðjunni á Siglufirði, um aðstoð við endurbætur á geymslurými. Í gær var ákveðið að meginstefnu til að verða við umsókn fyrirtækis í Kópavogi, h. f. Ora, en enn vantar upplýsingar um nokkur atriði þar, sem þurfa að liggja fyrir, áður en málið verður endanlega afgreitt. Um niðursuðuiðnaðinn er það annars að segja, að hann á við örðugleika að etja, annars vegar vegna þeirrar miklu óvissu, sem er um öflun hráefnis, sérstaklega síldar, og hins vegar vegna örðugra markaðsskilyrða. Af hálfu verksmiðjanna sjálfra er nú verið að kanna greiðari sölumöguleika og ber að vona, að góður árangur náist af því. En hér er mál, sem vissulega verður að sinna frekar bæði af aðilum sjálfum og eftir föngum að reyna að greiða fyrir af opinberum aðilum.

Nokkrar umsóknir hafa legið fyrir atvinnumálanefndunum um styrki til fiskleitar og rannsókna í sambandi við fiskiðnað. Atvinnumálanefndin hefur, eins og kunnugt er, ekki bolmagn til að veita styrki, þar sem hún hefur eingöngu lánsfé til umráða. Á hinn bóginn hef-

ur nefndin fjallað um nokkur þessara mála í samráði við rétta aðila. Nefndin hefur t. d. greitt fyrir rækjuleit á Austfjörðum og Vestfjörðum og enn fremur veitt lán, sem Fiskimálasjóður síðar mun breyta í styrk, til þess að framkvæma viðtæka rannsókn á notkun fiskikassa í fiskibátum í Vestmannaeyjum á s. l. sumri. Hraðfrystihúsin í Vestmannaeyjum unnu sameiginlega að þeirri rannsókn undir leiðsögn Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Eins og töflurnar bera með sér, hefur ekki verið hægt að verða við umsóknum 130 fyrirtækja, að upphæð 178 millj. kr. Enda þótt þessar afgreiðslur séu nefndar synjanir í töflunum, er þó oft um það að ræða, að aðrir aðilar hafa tekið við umsókninni og veitt þá fyrirgreiðslu, sem eftir var leitað, einkum Atvinnujöfnunarsjóður og Fiskveiðasjóður. Oftast hefur þetta gerzt í samráði við atvinnumálanefndina. Í öðrum tilvikum hafa þessar umsóknir þó beinzt að fyrirgreiðslu, svo sem rekstrarlánum og styrkjum, sem nefndin gat ekki látið í té. Í enn öðrum tilvikum hefur fjárhagsaðstaða fyrirtækjanna verið með þeim hætti, að lánveiting hefur ekki komið til greina eða athugun hefur bent til þess, að ekki væri hyggilegt að ráðast í þær framkvæmdir, sem um var að ræða. Þá bera töflurnar það loks með sér, að enn liggja fyrir atvinnumálanefnd ríkisins 137 umsóknir að upphæð 325 millj. kr., sem ekki hafa verið afgreiddar. Raunar má frá þessum tölum draga 10 umsóknir að upphæð 35 millj. kr., sem fjalla um nýsmíði fiskiskipa. Það mál hefur þegar verið leyst með öðrum hætti, eins og ég áður sagði. Flestar þessar óafgreiddu umsóknir hafa undanfarna mánuði verið í athugun hjá þeim aðilum, sem starfað hafa að athugunum fyrir atvinnumálanefnd ríkisins, þ. e. Atvinnujöfnunarsjóði, Fiskveiðasjóði og Framkvæmdasjóði. Þessir sjóðir hafa í allmörgum tilvikum veitt þessum fyrirtækjum fjárhagslega aðstoð, og eru líkur á, að sjóðirnir muni geta greitt úr ýmsum þessara umsókna, áður en langt er um liðið. Aðrar eru hins vegar þess eðlis, að hvorki atvinnumálanefnd ríkisins né áðurnefndir sjóðir geta sinnt þeim. Í nokkrum tilvikum er um að ræða mál, sem gera má ráð fyrir, að athuganir leiði í ljós, að séu stuðnings verð, en sjóðirnir geta ekki tekið að sér, a. m. k. ekki að svo stöddu. Þegar svo stendur á, getur orðið þörf sérstakra aðgerða og mun atvinnumálanefndin, svo fljótt sem efni standa til, fjalla um þau mál og gera um þau tillögur.

Atvinnumálanefndir kjördæmanna hafa gert ítarlegt yfirlit um atvinnuástand og horfur hver í sínu umdæmi og notið í því efni stuðnings atvinnumálanefnda einstakra staða, verkalýðsfélaga og verkalýðssambanda. Starfsmenn atvinnumálanefndar ríkisins hafa haft náið samband við einstakar atvinnumálanefndir, setið með þeim fundi og ferðazt víða um land til að kynna sér aðstæður. Atvinnumálanefnd ríkisins hefur eftir föngum stöðugt fylgzt með atvinnuástandinu og rætt um ástand og horfur atvinnumála. Allar þessar athuganir hafa ekki aðeins haft áhrif á starf atvinnumálanefndar ríkisins, heldur einnig margra annarra aðila. Nú í haust hafa atvinnumálanefndirnar gert ítarlegar grg. um atvinnuhorfur í umdæmum sínum, sem eru til umr. hjá atvinnumálanefnd ríkisins um þessar mundir. Þá hefur Efnahagsstofnunin síðari hluta sumars að beiðni atvinnumálanefndar ríkisins samið grg. um samsetningu og eðli atvinnuleysis, sem þingflokkarnir hafa fengið til athugunar, og um atvinnuástand og atvinnuhorfur með sérstöku tilliti til byggingarstarfsemi. Í nefndinni hafa farið fram umr. um margvísleg mál, sem snerta atvinnuhorfur, og ýmsar aðgerðir ríkisstj. hafa verið ræddar í nefndinni áður en þær komu til framkvæmda og framkvæmdirnar síðan gerðar í samráði við nefndina, svo sem aðgerðir til að örva byggingarstarfsemi, bæði á s. l. vetri og nú í haust. Þá hefur atvinnumálanefndin einnig rætt og fengið grg. um rekstrarfjárfyrirgreiðslu til iðnaðarins, en bæði varðandi byggingarmálin og þessa fyrirgreiðslu til iðnaðarins hefur byrðin að lokum að mestu lent á Seðlabankanum og hann veitt mjög mikilsverða fyrirgreiðslu.

Innan nefndarinnar hafa afgreiðslur farið fram, að fenginni umsögn kjördæmanefndar, eins og lögin gera ráð fyrir, og hefur engin umsókn verið samþ., ef atvinnumálanefnd héraðs hefur lagzt gegn henni. Reynt hefur verið að láta þær umsóknir ganga fyrir um afgreiðslu og samþykki, sem kjördæmanefndir lögðu mesta áherzlu á. Allar þær umsóknir, sem afgreiddar hafa verið, hafa verið kannaðar vandlega af starfsmönnum Atvinnujöfnunarsjóðs, Fiskveiðasjóðs, Framkvæmdasjóðs og í einstökum tilvikum iðnmrn. Umsóknir um opinberar framkvæmdir kannaði Efnahagsstofnunin í samráði við rn. og stofnanir, sem hlut áttu að máli. Álit þessara aðila hafa síðan legið fyrir nefndinni áður en ákvörðun var tekin. Ég hygg, að allir nm. séu sammála um, að mál hafi verið búin á þann veg í þeirra hendur, að til fyrirmyndar sé, og megi aðrar stofnanir þar af sitthvað læra. Í fyrstu var uppi uggur um, að þessi vinnubrögð mundu tefja afgreiðslu óhóflega. Reyndin hefur orðið sú, að afgreiðslu þeirra mála, er nefndin hafði tök á að sinna, var lokið í byrjun júlí eða um 5 mán. eftir að nefndin hóf starfsemi sína. Brýnustu málunum hafði þó að sjálfsögðu verið sinnt mun fyrr. Allar þessar ráðstafanir hafa átt verulegan þátt í því að draga úr böli atvinnuleysisins, og vil ég þakka öllum, sem hér hafa komið við sögu, gott samstarf. En að lokum vil ég geta þess, að atvinnumálanefnd ríkisins hefur verið sammála um allar atkvgr., svo að þar hefur aldrei komið til þess, að formleg atkvgr. yrði að fara fram, eða minni hluti yrði borinn ráðum af meiri hluta.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. forsrh. fyrir mjög greinargóð svör. Ég verð að segja það, að sú skýrsla, sem hefur verið lögð hér á borðið hjá okkur þm. um út-

hlutun lána og styrkja á vegum atvinnumálanefndar ríkisins, er til fyrirmyndar og ætti að vera öðrum sjóðum til fyrirmyndar, en mér finnst þar aðeins á vanta, — en úr því verður vafalaust hægt að bæta síðar, — að gefa ætti út skýrslu, sem alveg væri sundurliðuð í lán til einstaklinga og einstakra fyrirtækja, þannig að menn gætu fengið sem greinilegasta mynd af því, hvort hér hefði ekki allt farið fram með eðlilegum hætti. Ég vil aðeins minna á í þessu sambandi, að ég og nokkrir flokksmenn mínir höfum lagt fram frv. um Iðnlánasjóð, þar sem lagt er til, að sá háttur verði tekinn upp með starfsemi þess sjóðs, að hann birti árlega sundurliðaðar skýrslur um lánveitingar sínar og vænti ég, að það fái góðar undirtektir og þetta verði yfirleitt tekið upp í sambandi við alla opinbera sjóði, svo að hægt sé að fylgjast fullkomlega með því, hvernig þeirra starfsháttum er fyrir komið, og hvort sú úthlutun, sem þeir hafa með höndum, sé ekki fullkomlega sanngjörn og eðlileg. Að sjálfsögðu gefst ekki tækifæri til þess hér að ræða um störf atvinnumálanefndar ríkisins, sem skýrsla forsrh. gefur þó að ýmsu leyti tilefni til. En það sem ég vildi leggja sérstaka áherzlu á að þessu sinni, er það, að mér virðist mega lesa það út úr þessari skýrslu, að hlutur Reykjavíkur hafi verið mjög fyrir borð borinn í sambandi við úthlutun á styrkjum og fjárlánum þeirra þriggja sjóða, sem hér um ræðir. Samkvæmt þeirri skýrslu, sem hér liggur fyrir, þá hefur Reykjavík fengið í sinn hlut aðeins 14.3% af því fé, sem atvinnumálanefnd ríkisins, Atvinnujöfnunarsjóður og Fiskveiðasjóður hafa ráðstafað á þessu tímabili, 14.3%, en hins vegar sýna þessar skýrslur einnig, að atvinnuleysi hefur verið tiltölulega mest í Reykjavík. Þann 30. júní s. l. eru t. d. 44.7% allra atvinnuleysingja skráðir í Reykjavík, og nú fyrir nokkrum dögum eða 31. okt. 1969 eru 33.8% allra skráðra atvinnulausra hér í Reykjavík. Mér sýnist á þessum tölum, að framlag, sem Reykjavík hefði átt að fá frá umræddum sjóðum, hefði átt að vera miklu hærra en raun ber vitni, og þetta mál þarf alveg sérstaklega að taka til athugunar í sambandi við framtíðarlánveitingar og styrkveitingar úr þessum sjóðum. Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á því, að á þessum tíma, sem skýrslan nær til, veitir Atvinnujöfnunarsjóður aðeins 0.8% af lánsfé því, sem hann ráðstafar, til Reykjavíkur. Þetta er augljóslega allt of lágt, þegar tillit er til þess tekið, að atvinnuleysi hefur verið mest hér í Reykjavík og að sjálfsögðu hefði Atvinnujöfnunarsjóður átt að taka tillit til þess. Vegna þess að ræðutími er hér takmarkaður við fsp., þá skal ég ekki ræða frekar um þetta efni, aðeins leggja áherzlu á það aftur, að Reykjavík fái bætt úr því misrétti, sem hún hefur auðsjáanlega orðið fyrir, en að lokum vildi ég beina þeirri fsp. til hæstv. forsrh., hvort málefni byggingariðnaðarins hafi ekki borið neitt á góma í atvinnumálanefndinni að undanförnu, en það er augljóst, að það atvinnuleysi, sem er í landinu og sérstaklega hér í Reykjavík, stafar af því, hve mikill samdráttur hefur orðið hjá byggingariðnaðinum. Það skal viðurkennt, að gerðar hafa verið nokkrar ráðstafanir, sem atvinnumálanefnd hefur sjálf átt þátt í, til að bæta aðstöðu byggingariðnaðarins, en þær ráðstafanir hafa náð allt of skammt og þess vegna þurfa að koma hér til miklu meiri og víðtækari aðgerðir. Þess vegna vildi ég að lokum beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort þetta mál hafi ekki verið sérstaklega rætt í atvinnumálanefnd og hvort ekki megi vænta forgöngu hennar um það, að frekari ráðstafanir verði gerðar til þess að bæta aðstöðu byggingariðnaðarins.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég vil, eins og sá hv. þm., sem áðan var í ræðustól, þakka hæstv. forsrh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf okkur, og ég vil taka undir það hjá honum, út af þeirri skýrslu, sem við höfum nú í höndunum, hv. þm., að hún sýnir vinnubrögð, sem ber að lofa, og æskilegt væri að tekin yrðu upp eitthvað svipuð vinnubrögð í ýmsum hliðstæðum tilvikum eins og hér er um að ræða. Ég stend hér upp til þess að vekja athygli á því, eins og menn rennir grun í, að ég tel, að við úthlutun á fé, bæði frá atvinnumálanefnd ríkisins og þá ekki síður frá svo kölluðum Atvinnujöfnunarsjóði, þá hafi hagsmunir eins kjördæmis verið sérstaklega fyrir borð bornir, ef um leið er litið til annarrar fyrirgreiðslu af hálfu hins opinbera, sem líka hefur komið mjög misjafnt niður á hin einstöku kjördæmi. Af þeirri skýrslu, sem liggur hér frammi og er nr. 1, sést skipting á lánum úr þremur veigamiklum sjóðum í landinu, þ. e. frá atvinnumálanefnd ríkisins, frá Atvinnujöfnunarsjóði og frá Fiskveiðasjóði, sem er nú vafasamt, að mínu viti, að eigi samleið, þegar þessi samanburður er gerður við hina sjóðina tvo. En hvað um það. Af skýrslunni, sem er nr. 2 á blaði, sést, að af heildarútlánum atvinnumálanefndar ríkisins hafa aðeins komið 5.1% í hlut Reykjaneskjördæmis, og eru öll önnur kjördæmi landsins, nema Vestfirðir einir, með hærra hlutfall. Ég veit ekki eftir hvaða reglum er farið, þegar slík niðurstaða er fengin, því að upplýsingar er á þessu sama blaði að finna um, að ekki getur við þessa úthlutun verið miðað við mannfjölda og ekki getur heldur verið miðað við tölu atvinnulausra manna í kjördæmunum, þegar þessi skipting er ákveðin. Þannig hljóta aðrar reglur, sem ég þekki ekki, að hafa ráðið því, að hlutur Reykjaneskjördæmis af fjármagni því, sem atvinnumálanefnd ríkisins úthlutaði, er svo gersamlega fyrir borð borinn. Til viðbótar þessu vil ég nefna, að allt til þess að hæstv. forsrh. lýsti því yfir áðan, að ákvörðun hefði verið tekin um að lána einu fyrirtæki í Kópavogi einhverja fjárhæð af þessum peningum, þá var ástandið þannig, að í þessum stærsta kaupstað landsins hafði ekki einu einasta atvinnufyrirtæki verið ætluð ein einasta króna af þessum 241 millj., eða 300 millj. eftir því við hvora töluna menn vilja miða. Ekki ein einasta króna af þessu

mikla fjármagni hafði komið einu einasta atvinnufyrirtæki í Kópavogi til góða, og svipaða sögu má segja um hvert eitt einasta sveitarfélag í öllu Reykjaneskjördæmi. Hagsmunir þeirra við þessa skiptingu hafa verið gersamlega fyrir borð bornir. Ég vil nota tækifærið til þess að vekja sérstaka athygli á þessu, víta svona vinnubrögð og óska beinna skýringa á því, hvað hafi ráðið, að svona fór um þessa skiptingu og hvað hafi ráðið því, að hagsmunir sveitarfélaganna í Reykjaneskjördæmi voru svo mjög fyrir borð bornir. Þá tekur nú ekki betra við, ef litið er á skýrsluna um úthlutun fjár úr Atvinnujöfnunarsjóði ríkisins. Langar mig í því tilefni að spyrja formann Atvinnujöfnunarsjóðs ríkisins, sem mun vera hæstv. fjmrh., nokkurra spurninga um þær reglur, sem þeir háu herrar, sem stjórna þeim sjóði, fara eftir við úthlutun á því fjármagni, sem fer úr þeim sjóði.

1. Eftir hvaða reglum er farið um lán og styrkveitingar, sé þær að finna, úr Atvinnujöfnunarsjóði ríkisins?

2. Banna reglur sjóðsins lánveitingar, t. d. til Reykjaneskjördæmis, eða hver er skýringin á því, að ár eftir ár hefur hlutfall hans í lánveitingum og styrkveitingum úr Atvinnujöfnunarsjóði verið í núlli, eða rétt þar fyrir ofan?

3. Hvað hefur Atvinnujöfnunarsjóður ríkisins veitt oft fjárhagsaðstoð s. l. 3 ár, t. d. til þess að gera kleift að kaupa skip úr Reykjaneskjördæmi til annarra landshluta?

Ég vona, að hæstv. fjmrh. sem formaður Atvinnujöfnunarsjóðs geti svarað þessum spurningum, þó að þær séu ekki skriflega fram settar.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég sé á skýrslu þeirri, sem við höfum fengið á borð okkar í dag, að hlutur Vestfjarða er ekki ýkja hár við úthlutun þeirra 241 millj. kr., sem þar er gerð grein fyrir. Það eru 3.1% af upphæðinni, sem fallið hafa í hlut þessa landshluta. Nú vil ég ekki fara að deila neitt á atvinnumálanefnd ríkisins út af þessu, meðan ég veit ekki, eftir hvaða reglum þarna er farið. En mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. að því, ef hann hefur nokkur gögn í höndunum til að svara því núna, hvort óskum atvinnumálanefndar Vestfjarðakjördæmis hefur þá verið fullnægt hlutfallslega eins vel og óskum annarra héraða. Hvort þeir hafi fengið jafnmikinn hluta þess, er þeir óskuðu eftir, og atvinnumálanefndir annarra héraða hafa fengið. Ég geri þetta sérstaklega af því sérstaka tilefni, að þegar ég var á ferð þarna fyrir vestan í haust, var mér bent á þetta, og var talið, að þarna væri um óeðlilega lágan hlut að ræða, en ég vil ekkert fullyrða um, að þarna sé neinu ranglæti beitt, meðan ég veit ekki þessar reglur. En 3.1% af upphæðinni handa þessum landshluta, það sjá flestir, að er ekki ýkja mikið. Ég sé að vísu, að þarna eru birtar lánveitingar Atvinnujöfnunarsjóðs við hliðina á þessu og þar er hlutur Vestfjarða tiltölulega betri en sumra annarra, en mér er ekki ljóst, hvers vegna er verið að stilla þessu upp hlið við hlið. Þarf þá ekki að taka margar aðrar stofnanir, lánastofnanir í landinu, ef á að draga einhverja ályktun út frá þessu eða er eitthvert sérstakt samband á milli Atvinnujöfnunarsjóðs og atvinnumálanefndar ríkisins, þegar verið er að úthluta þessu fé? Ég held, að taka þurfi miklu víðtækara yfirlit um lánveitingar almennt til atvinnurekstrar í landinu, ef maður á að fá nokkra rétta mynd af þessu. En þegar litið er á þessa úthlutun atvinnumálanefndar einnar, þá verð ég að segja, að mér þykir þetta óskyggilega lítilfjörlegur hlutur. En vil þó ekki deila á þetta á meðan ég veit ekki reglurnar, sem farið hefur verið eftir.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Hér er á dagskrá fsp. frá okkur, mér og hv. 4. þm. Reykv., um lánveitingar atvinnumálanefndar ríkisins til fyrirtækja og stofnana hér í Reykjavík og ég mun halda mig við það. Það er mjög gott að fá í hendurnar þessa skýrslu, og ég tel, að hún sé allrar athygli verð fyrir Reykvíkinga. Skýrslan sýnir, að reykvísk fyrirtæki lögðu inn 31 umsókn um 99 millj. og 152 þús. kr. aðstoð. Þessar umsóknir hafa fengið þá afgreiðslu, að sex umsóknir hafa verið afgreiddar jákvætt og lánin samkvæmt þessum sex umsóknum eru 2½ millj. kr. Þetta er það, sem skýrslan segir. Synjað hefur verið umsóknum um 50 millj. og óafgreiddur afgangurinn, því að þótt þessar tölur komi kannske ekki alveg heim og saman, látum við það liggja á milli hluta, það munar ekki neinu verulegu. Umsóknir um aðstoð til fiskveiða eru 2 millj. og 777 þús. kr. Þar hefur verið lánað 700 þús. kr. Umsóknir til fiskvinnslu eru 3.3 millj. og þar hefur ekkert verið lánað. Umsóknir til landbúnaðarafurðavinnslu eru 15 millj., þar hefur ekkert verið lánað. Umsóknir til annars iðnrekstrar eru 78 millj. og 75 þús. kr. og þar hefur verið lánað 1800 þús. kr. Þetta er sú afgreiðsla, sem umsóknir frá reykvískum aðilum hafa fengið frá atvinnumálanefnd. Hins vegar kemur það fram af skýrslunni, að til opinberra framkvæmda hefur atvinnumálanefnd ríkisins lánað til Reykjavíkur 41.3 millj. kr. og til atvinnu vegna skólafólks 10 millj. kr. Ég tel það vera mjög alvarlegan hlut, sem Reykvíkingar verða að lesa út úr þessari skýrslu, það í fyrsta lagi, að fram kemur óeðlilega lítið af umsóknum um aðstoð við fiskvinnslu og til fiskveiða, hins vegar kemur mikið af umsóknum til iðnaðarfyrirtækja, sem ekki er sinnt. Svo er lánað til opinberra framkvæmda 51 millj. kr., og þetta staðfestir það, sem ég hef áður sagt hér og sem er mjög alvarlegur hlutur í atvinnumálum Reykvíkinga, að það er treyst á það ávallt, að opinberar framkvæmdir geti útrýmt atvinnuleysinu. Reynt er að kreista fram fjármagn til þess að vinna að opinberum framkvæmdum, en sjálfir undirstöðuatvinnuvegirnir sitja við skertan hlut. Þetta er þróun, sem átt hefur sér stað hér í höfuðborginni lengi og hún er mjög alvarleg og það er auðvitað alveg ljóst, að með þeim hætti að leggja áherzlu

eingöngu á opinberar framkvæmdir verður ekki til frambúðar hægt að standa undir atvinnulífinu hér í Reykjavík. Hæstv. forsrh. svaraði því til, þegar hann ræddi um litla aðstoð til iðnaðarfyrirtækja hér í Reykjavík, að til hefði komið fyrirgreiðsla frá Seðlabankanum, og það er vissulega rétt, að nokkurt fjármagn hefur verið útvegað til lána handa iðnaðinum. En eins og hér hefur áður verið rakið, er það með mjög óhagkvæmum kjörum, því að í bréfi Seðlabankans til bankanna frá 14. febr. s. l., þar sem þessari tilhögun er lýst, þá er það skýrt tekið fram, að lánin skuli yfirleitt aldrei vera til lengri tíma en tveggja ára og að endurgreiðslur eigi í síðasta lagi að byrja eftir 6 mánuði. Og að stefnt verði að því, að þessi lán verði greidd af auknu eigin rekstrarfé viðkomandi fyrirtækja, en svo vísað til viðskiptabankanna að því leyti sem rekstur fyrirtækjanna getur ekki staðið undir þessum lánum. Þannig tel ég, að þessi fyrirgreiðsla atvinnumálanefndar ríkisins hafi verið mjög af skornum skammti og að skýrslurnar sýni það.

Ég skal ljúka ræðu minni, herra forseti. Mér er ljóst, að svona skýrslu, sem er lögð fram núna í byrjun þingfundar, verður ekki hægt að ræða að neinu marki, en þessar eru þær niðurstöður, sem í fljótu bragði blasa við við lestur hennar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það má vel vera, að það gefi villandi mynd af þessu vandamáli öllu að stilla þessum sjóðum upp hlið við hlið, en það er eins og hæstv. forsrh. sagði, að þetta hefur gripið hvað inn í annað og náin samvinna verið þar á milli. Það er hins vegar alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir mismunandi eðli þessara sjóða, sem hér er um að ræða, og þeim mismunandi reglum, sem þeir fara eftir, til þess að skilja, hvernig stendur á þeim mismun, sem er á prósentuhlutföllum í lánveitingum þessara aðila. Ég skal hér alveg láta liggja á milli hluta að ræða um atvinnumálanefnd ríkisins, hæstv. forsrh. hefur gert því skil og mun vafalaust svara þeim aðfinnslum, sem komið hafa fram á hennar gerðum, en mér skilst samt, að meginsjónarmið hennar hafi verið byggt á því að athuga, hvert væri hlutfall atvinnuleysis í hverjum landshluta, enda má sjá, að nokkurt samræmi er á milli lánveitinga og hins skráða atvinnuleysis. Um Atvinnujöfnunarsjóð gegnir allt öðru máli. Hann hefur ekki breytt starfsemi sinni með hliðsjón af þessu ástandi, sem við vonum að sé bráðabirgðaástand, heldur hagað sínum starfsreglum í samræmi við það, sem er hans eðlilegi hlutur. En til þess að skilja það, þarf örlítið að rekja forsögu þess sjóðs. Upphaflega er hann til kominn á þann hátt, að veitt var á fjárl. fé til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, eins og kallað var, og var það upphaflega vegna atvinnuörðugleika á Siglufirði rétt um 1950, sem fjárveitingar voru teknar upp í þessu skyni. Lengi vel var fé ráðstafað af rn., en síðan var stofnaður Atvinnubótasjóður. Honum var fengið það hlutverk, sem þá var orðað að stuðla að jafnvægi í byggð landsins, hið sama og Atvinnujöfnunarsjóður, sem nú er búinn að starfa í nokkur ár, hefur. Honum er einnig markað það sama hlutverk, og þetta hlutverk hefur sjóðsstjórnin alltaf skilið svo og ekki verið um það neinn ágreiningur, að fyrst og fremst bæri að líta á það, hvernig fólksflutningaþróunin væri í landinu og að þessum sjóði væri fyrst og fremst ætlað, enda er það skýrt tekið fram í lögum sjóðsins, að veita viðbótarlán til atvinnufyrirtækja og uppbyggingar á stöðum, þar sem um óeðlilega fólksflutninga væri að ræða til annarra svæða á landinu, til þess að stuðla að því að byggðarþróunin héldist með eðlilegum hætti. Hingað til hefur það verið svo, og ég veit ekki til, að á því hafi orðið breyting enn í dag, jafnvel þótt atvinnuleysi sé hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu, að lánveitingar Atvinnujöfnunarsjóðs hafa svo að segja algerlega beinzt til annarra landshluta, og þá fyrst og fremst til Vestfjarða, Vesturlands og Norðurlandssvæðisins, og að nokkru leyti til Suðurlandssvæðisins, með þeirri undantekningu þó, að sjóðurinn hefur ekki lánað til Vestmannaeyja, vegna þess að þar hefur jafnan verið um mjög mikla atvinnu að ræða og þar er eitt mesta og bezta atvinnusvæði landsins, sem gleðilegt er. En nokkrar byggðir á Suðurlandi, þar sem hefur verið við atvinnuörðugleika að stríða í lengri tíma, hafa verið teknar með, og þess vegna er það, að hlutfallstölurnar varðandi fjárveitingar og styrki sjóðsins til Reykjavíkur og Reykjanessvæðisins eru mjög lágar, og þær reglur gilda almennt um þessi svæði, að við lánum ekki til þeirra. Undantekningarnar, sem gerðar hafa verið í þessu sambandi, eru þær, að nú hefur verið ákveðið fyrir nokkru, sem jafnframt er aðstoð við skipabyggingariðnaðinn, að enginn greinarmunur verði gerður á því varðandi lánveitingar til nýrra fiskiskipa, til hverra svæða þau fara. Aftur á móti hafa ekki verið veitt lán inn á Reykjavíkur- eða Reykjanessvæðið í sambandi við kaup á eldri skipum, eða kaup á skipum á milli héraða.

Þetta sjónarmið geta menn haft sitt að athuga við, en það hefur verið samdóma skoðun sjóðsstjórnarinnar og byggzt, eins og ég segi, á lögum um sjóðinn og forsendum þeirrar löggjafar, að honum væri ætlað fyrst og fremst að sjá til þess, að strjálbýlissvæðin úti á landi gætu vegið nokkuð á móti Stór-Reykjavíkursvæðinu og þéttbýlissvæðunum hér, þannig að spornað yrði gegn fólksflutningum inn á þessi svæði. Þetta er hlutverk sjóðsins, og ef hann færi almennt að starfa að lánveitingum, þá væri það hlutverk fyrir borð borið. Það hindraði hins vegar ekki, að hægt væri að lána inn á þessi svæði, og ég tel, að ef þróunin færi að snúast í þá átt, að óeðlilegir fólksflutningar yrðu af Reykjavíkur- og Reykjanessvæðinu norður og austur og vestur, þá gæti það verið fullkomlega eðlilegt í samræmi við þá starfshætti að hefja lánveitingar inn á þessi svæði.

En fyrr er það ekki í samræmi við starfshætti sjóðsins ... (Gripið fram í.) Það held ég ekki. Ég held, að það séu ekkert rangláti menn í sjóðsstjórninni, en þeir haga sér eftir því, sem grundvallarreglur um sjóðinn segja til um, og ég vil benda þessum hv. þm. á það, að m. a. vegna þess, að mikið stórfyrirtæki hefur aðsetur á Suðurnesjum, fóru fram um það beinar umr. á sínum tíma, að skatttekjur af því fyrirtæki gengju einmitt til lánveitinga annars staðar á landinu, en ekki í Reykjaneskjördæmi, til þess að vega upp á móti þeim mikla atvinnuauka, sem skapaður væri í því byggðarlagi. Ég er ekki að sjá eftir því, að Reykjaneskjördæmi hafi fengið þetta blómlega og ágæta fyrirtæki, sem ég veit að vísu ekki, hvað hv. fyrirspyrjandi hefur stuðlað mikið að, að þangað kæmi. Það er önnur saga. En úr því að svo varð nú, þá muna menn vafalaust umr. um ráðstöfun á skattgjaldi fyrirtækisins, að því var ætlað að vega upp á móti því, að þetta fyrirtæki hefði aðsetur í þessum þéttbýliskjarna. Það er enginn ágreiningur um þennan meginskilning, að ég hygg, innan sjóðsstjórnarinnar. Ég man ekki, hvað við höfum aðstoðað oft við að kaupa skip af Reykjanesi til annarra landshluta. Við höfum ekki fylgt neinum átthagafjötrum varðandi fiskiskip. Hitt er annað mál, að atvinnumálanefnd Reykjavíkur beindi til okkar þeim óskum fyrir nokkru, að annaðhvort veittum við sömu aðstöðu í Reykjavík, sem við töldum ekki eðli málsins samkv. eðlilegt að veita, eða þá að við veittum ekki aðstoð til kaupa á skipum frá Reykjavíkursvæðinu, ef atvinnumálanefnd Reykjavíkur legðist gegn því, og var fallizt á það af Atvinnujöfnunarsjóði að fylgja þeirri reglu. Engin slík ósk hefur borizt frá Reykjaneskjördæmi til sjóðsstjórnarinnar.

Ég held, herra forseti, að ekki sé ástæða fyrir mig að orðlengja frekar um þetta. En ég vonast til, að út frá þessu skilji menn það, sem ég hélt nú satt að segja, að öllum hv. þm. væri ljóst úr öllum kjördæmum, hvert væri hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs, og ég segi, að enn sem komið er, þrátt fyrir atvinnuörðugleika hér, hefur byggðaþróunin ekki snúizt á þann veg, að fólksflutningar hafi hafizt úr Reykjaneskjördæmi og Reykjavík til svæðanna úti á landi. En ég tek það fram, að það eru ekki nein ákvæði um það í lögunum, að ekki megi lána inn á þessi svæði, ef svo færi, að þarna færi að skapast byggðajafnvægisleysi í öfuga átt, þannig að óeðlilegir fólksflutningar ættu sér stað, vegna lífsbjargarerfiðleika, frá þessum kjördæmum til annarra kjördæma.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Hæstv. forsrh., sem jafnframt er formaður stjórnar atvinnumálanefndar ríkisins, hefur gefið munnlegt svar við fsp. og sömuleiðis látið útbýta fróðlegri skýrslu, þar sem flokkaðar eru lánveitingar atvinnumálanefndarinnar. Það er mjög gott, að þessari skýrslu skuli hafa verið útbýtt, en ég vil leyfa mér að taka undir það, sem kom fram hér frá a. m. k. einum ræðumanni, að æskilegt væri, að skýrslan væri enn ítarlegri, þannig að þar væri a. m. k. gerð grein fyrir því, til hvaða staða lánin hafa farið í kjördæminu. Flokkunin er hér eingöngu miðuð við kjördæmin. Einnig væri fróðlegt að vita um lántakendurna. Þeir eru ekki svo margir, að það hefði ekki verið vinnandi vegur að gefa skýrslu um þá, en aðallega legg ég samt áherzlu á hitt, að slíkri skýrslu hefði átt að fylgja sundurliðun á lánum hvers kjördæmis eftir stöðum. Ég vil einnig taka undir það, sem hér hefur komið fram í umr., og hafði ætlað að vekja athygli á því, ef ekki hefðu aðrir gerzt til þess, að mér sýnist ástæðulaust að blanda saman og gefa skýrslu um lánveitingar samtals frá atvinnumálanefndinni og frá Atvinnujöfnunarsjóði og Fiskveiðasjóði. Þetta eru stofnanir, sem allar starfa samkv. sérstökum lögum. Atvinnumálanefnd starfar eftir lögum um það efni til að útrýma atvinnuleysi, Fiskveiðasjóður starfar að því að veita lán eftir alveg ákveðnum reglum út á fiskiskip og fiskvinnslustöðvar og Atvinnujöfnunarsjóður starfar að því, eins og hæstv. fjmrh. tók fram, eða þannig skil ég löggjöfina um hann, að veita fjárhagslegan stuðning til þeirra landshluta, sem eiga í vök að verjast vegna fólksflutninga. Það er ekki ástæða til þess að blanda þessu saman. Ég ætla, að Fiskveiðasjóður veiti eðlileg lán hvernig sem á stendur og eftir því sem fé er til, hvort sem atvinnuleysi er eða ekki og eins er um Atvinnujöfnunarsjóð.

Aðalerindi mitt hingað var að spyrjast fyrir um tvo liði, sem eru tilgreindir hér í skýrslunum sérstaklega. Annar liðurinn nefnist atvinna skólafólks og hinn nefnist opinberar framkvæmdir. Til þessa hefur verið varið töluverðu fé. Í atvinnu handa skólafólki hefur verið varið rúmum 16 millj. og til opinberra framkvæmda nálega 97 millj. af því fé, sem atvinnumálanefndin hefur haft til meðferðar. Nú sé ég hér í einni skýrslunni, að um þetta fé, sem tilgreint er í tveim liðum, er, ef ég hef tekið rétt eftir, ekki um neinar umsóknir að ræða frá neinum aðila, hvorki um fjárveitingar til þess að skapa atvinnu handa skólafólki eða til opinberra framkvæmda. Því er ætlun mín að spyrja um það, eftir hvaða reglum þessu fé hafi verið úthlutað. Hæstv. ráðh. gat þess, að fé til opinberra framkvæmda hefði verið úthlutað í samráði við opinberar stofnanir og vil ég þá spyrja, á hvern hátt það hefur mátt verða, að slíkt yrði gert í samráði við allar þær opinberu stofnanir, sem þarna eiga hlut að máli, hvort þær hafi þá haft einhverja samstarfsnefnd, sem hafi gert sameiginlegar till. um þetta. En jafnframt vil ég svo spyrja um hitt: Eftir hvaða reglum hefur verið úthlutað fé vegna atvinnu skólafólks? Ég spyr vegna þess, að mér er kunnugt um, að á sumum stöðum, þar sem verulegt atvinnuleysi var s. l. vetur og ég hygg í sumar einnig, hefur engu slíku fé verið úthlutað vegna atvinnu til skólafólks. Þess vegna er ég að grennslast eftir þessu.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég er ekki við því búinn að ræða þá miklu skýrslu, sem hæstv. forsrh. gaf þinginu áðan. En það, sem varð til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, eru viss ummæli, sem hér hafa orðið af hálfu a. m. k. tveggja hv. þm. varðandi Atvinnujöfnunarsjóð. Að vísu hefur hæstv. fjmrh., sem er formaður sjóðsstjórnar, gert þessu nokkur skil, en ég vil nú leyfa mér, vegna þess að ég er hér með í höndum lög um Atvinnujöfnunarsjóð, að leiða athygli þessara hv. þm. einkum að 1. gr. laganna. Þar segir, að hlutverk Atvinnujöfnunarsjóðs sé að veita lán og styrki til framkvæmda í þeim landshlutum, þar sem brýn þörf er fjölbreyttrar atvinnu og athafnalífs og skilyrði eru til framkvæmda, er séu til þess fallnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og koma í veg fyrir, að bjögulegar byggðir eða byggðarlög fari í eyði. Hér í 1. gr. er sem sagt gerð grein fyrir meginhlutverki Atvinnujöfnunarsjóðs, og það getur engum dulizt, sem þessa grg. les, að það er meginhlutverk sjóðsins að stuðla að því, sem við köllum jafnvægi í byggð landsins, þ. e. koma í veg fyrir þá þróun, sem verið hefur, að byggðin þynnist og fólki fækki bæði hlutfallslega og beint eins og verið hefur í nær því öllum byggðarlögum eða byggðasvæðum nema þá á Faxaflóasvæðinu, á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanessvæðinu, þannig að þessi lög verða ekki skilin nema á einn veg. Og þannig hefur stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs eðlilega skilið þessi lög og hagað störfum sínum í samræmi við það. Ég hef átt sæti í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs frá upphafi og hef aldrei orðið var við annað en lögin væru skilin þannig af öllum sjóðsstjórnarmönnum. Og ég vil leyfa mér alveg sérstaklega vegna þeirra umr., sem hér hafa orðið, að leiða athygli hv. þm. að þessari staðreynd. Það er að vísu nokkur tilhneiging til þess og hennar hefur gætt stundum, að ef einhvers staðar vantar fé og menn vita af sjóðum eða fjármagni, þá hafa menn gjarnan gert tilraun til þess að ágirnast þessa sjóði jafnvel til annars tilgangs heldur en þess, sem sjóðurinn er stofnaður til. Ég ætla ekki að nefna nein ákveðin dæmi, en þó þekki ég dæmi þess arna og jafnvel hefur farið svo, að lögum um suma sjóði hefur verið breytt, til þess að hægt sé að koma þeim undir einhvern ákveðinn nýjan tilgang eða nýjar þarfir, sem skapazt hafa. Ég tel, að þetta sé í flestum tilfellum ákaflega óheppilegt og það sé óheppilegt að fara nú að blanda umr. um Atvinnujöfnunarsjóð og starfsemi hans saman við umr. um þá fsp., sem hér hefur verið borin fram, og það málefni, sem hér er til meðferðar, vegna þess að þetta tvennt er alveg óskylt og á ekki saman að neinu leyti. Atvinnujöfnunarsjóður hefur sínu ákveðna hlutverki að gegna og því hlutverki verður ekki breytt nema þá að breyttum lögum. Þetta vil ég alveg sérstaklega taka fram og beina til þeirra hv. þm., sem gera kröfur til þess, að Atvinnujöfnunarsjóður fari að breyta til um starfshætti sína og lána fé inn á þau svæði, þar sem uppgangur hefur verið og er mikill, ekki bara undanfarin ár, heldur undanfarna áratugi, og hefur valdið því, hvernig byggðaþróunin hefur orðið í landinu.

Matthías Bjarnason: Herra forseti. Það er auðvitað ekki hægt að ræða þessa skýrslu atvinnumálanefndar neitt að ráði með því að hafa aðeins 5 mín. til umráða, en ég get ekki látið hjá líða að láta í ljós óánægju mína með skiptingu á því lánsfé, sem atvinnumálanefnd ríkisins hefur haft yfir að ráða. Ég skal játa það fúslega, að erfitt er að skipta fé sem þessu svo að öllum líki, en það sem ég held, að atvinnumálanefndin hafi um of einblínt á, er tala atvinnulausra í byrjun ársins eins og fram kemur í einni af þessum töflum 29. febr. 1969. Þar kemur réttilega fram, að af atvinnulausum á landinu eru í Vestfjarðakjördæmi aðeins 0.8% atvinnulausir. En þá er því við að bæta og til skýringa, að það var ekkert verkfall eða neinar vinnustöðvanir í verstöðvum í þessu kjördæmi. Þar var róið og allir sjómenn í skiprúmi á sama tíma og flestir aðrir voru í verkfalli eða höfðu ekki hafið róðra, svo að þetta er ekki einhlítur mælikvarði á það, hvernig atvinnuástandið hefði verið, ef framleiðslutækin hefðu alls staðar verið í gangi eins og þau voru á Vestfjörðum. En það, sem mér finnst ósanngjarnast við úthlutunina, er það, að ekki er afgreitt frá hendi atvinnumálanefndar eitt einasta lán til iðnaðar á Vestfjörðum, en þar var verulegt atvinnuleysi, sérstaklega á hinum minni stöðum, og það harma ég mest, að atvinnumálanefndin skuli ekki hafa gert. Hitt finnst mér koma úr hörðustu átt, þegar þm. úr Reykjavík og einn þm. úr Reykjaneskjördæmi fara að væla hér um úthlutun á þessu fé — í þessum kjördæmum, þangað sem fólkið hefur flykkzt á undanförnum árum og í þessum kjördæmum, þar sem ríkisvaldið hefur haldið uppi stórfelldri fjárfestingarstarfsemi og stórfelldri atvinnu, eins og í Reykjaneskjördæmi með byggingu álverksmiðjunnar. Það er alveg rétt, að þessi hv. þm. barðist ekki gegn því. Hann setti báðar hendurnar í vasana, þegar greidd voru atkv. um álverksmiðjuna á sínum tíma, en kjördæmin nutu góðs af því samt, og mér finnst það koma úr hörðustu átt, þegar þessir menn eru að kvarta út af Atvinnujöfnunarsjóði, sem er auðvitað eina mótvægið, sem landsbyggðin hefur fengið hér við þéttbýliskjarnanum við Faxaflóa. Ég tel, að ekki sé hægt að ganga lengra en gert hefur verið í sambandi við Atvinnujöfnunarsjóð, en fyrst atvinnumálanefnd ríkisins lætur fylgja hér með sérstaka töflu nr. 1 um lánveitingar, bæði sínar eigin, sem auðvitað var um spurt og sjálfsagt var og eðlilegt að kæmi fram, og einnig sundurliðun eftir kjördæmum á lánveitingum Atvinnujöfnunarsjóðs og Fiskveiðasjóðs, þá vil ég mjög eindregið skora á atvinnumálanefndina að bæta nú við þessa töflu annarri töflu um það, hvernig húsnæðismálalánum hefur verið skipt milli kjördæma á undanförnum árum og hafa Breiðholtíð þar með, fá þar líka samanburð. Það má líka gera grein fyrir því, hvað ríkið leggur til atvinnu í hinum einstöku

kjördæmum og hvort þar er ekki misskipt. Það væri fróðlegt, ef allt þetta kæmi í dagsins ljós, fyrst verið er að nefna hér tvo sjóði.

Mér finnst auðvitað ekki eðlilegt að vera að spyrjast fyrir um hvert einasta atriði eins og hv. þm. hafa gert. Annar spyr um úthlutun til Reykjavíkur, og svo kemur hinn og lætur prenta fsp. um úthlutun í Reykjaneskjördæmi. Það hefði þá átt að halda áfram. Þetta gat allt verið ein fsp. og það hlýtur að vera áhugamál manna að fá að vita, hvernig þessum lánum var í heild úthlutað í hverju kjördæmi, en ekki fá eitt kjördæmi fyrir sig út úr dæminu. Og þá væri fróðlegt að sjá, hvar mestu fjármagni hefur verið varið til þess að halda uppi atvinnu og uppbyggingu í hinum einstöku kjördæmum.

Mér fannst mjög leiðinlegt til þess að vita, þegar einn ágætur maður, góður vinur minn, fór að kvarta í sinni ræðu hér áðan í sambandi við úthlutun Atvinnujöfnunarsjóðs, þegar hann veit, að fólkið hefur flykkzt einmitt hingað. Af hverju hefur það flykkzt hingað? Vegna þess, að það hefur talið lífsbaráttuna þægilegri og betri á þessu þéttbýlissvæði heldur en víða úti um land. Og það þarf ekki að öfundast við landsbyggðina, það ætla ég að segja bæði þessum hv. þm. og öðrum, sem er líkt ástatt fyrir andlega, það þarf ekki að öfundast við landsbyggðina í sambandi við skiptingu á fjármagni.

Jón Skaftason: Herra forseti. Ég skal ekki fara að munnhöggvast við hv. síðasta ræðumann, ágætan vin minn, eins og hann skýrði frá sjálfur. En þegar hann var að tala um álverksmiðjuna og að Reykjaneskjördæmi hefði notið einhvers sérstaklega í sambandi við staðsetningu álverksmiðjunnar, þá skaut hann algerlega fram hjá markinu að því leyti, að staðsetning álverksmiðjunnar var ekki ákveðin í Reykjaneskjördæmi vegna þess, að verið væri sérstaklega að hugsa um hagsmuni þess kjördæmis. Það var vegna þess, að talið var að viturra manna yfirsýn, sem könnuðu þessi mál, að þar væri hún bezt staðsett fyrir þjóðina alla, og ég veit ekki betur en allir landsmenn njóti þess afraksturs hennar, m. a. hans kjördæmi, sem tekjur af álverksmiðjunni, er renna í Atvinnujöfnunarsjóð, gefa á hverju ári. Svo að ég held, að við getum svona nokkurn veginn verið kvittir hvor við annan út af þessu deiluatriði. Sennilega eru kjördæmi okkar þiggjendur og gefendur að líku leyti. Ég mundi þó segja, að mitt kjördæmi væri ekki síður veitandi í þeim efnum heldur en hans kjördæmi.

Ástæðan til þess, að ég fór upp í ræðustólinn, var ekki sú, að fara að munnhöggvast við Matthías vin minn Bjarnason, heldur langaði mig til þess að koma að dálitlum upplýsingum í sambandi við þá yfirlýsingu hæstv. fjmrh., sem hann gaf hér áðan um, hvernig stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs teldi, að hún ætti að haga lánveitingum sínum, eftir hvaða reglum væri farið. Hann sagði þá, að stjórnin færi eftir því, að hún veitti helzt lán til þeirra staða, sem fólksfléttinn væri mestur frá, til þess að reyna að fyrirbyggja fólksflótta þaðan og koma upp atvinnu þar. Ég náði af því tilefni í Hagtíðindin og hef reiknað út fólksflutninga frá fjórum svæðum, þ. e. fólksflutninga frá Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi sem heild og Austurlandi, fólksflutninga frá árinu 1967 til ársins 1968. Og þá kemur í ljós, að á Vesturlandi hefur fólkinu fjölgað á þessu ári, frá 1967–1968, um 68, en hlutur Vesturlands af lánveitingum Atvinnujöfnunarsjóðs fyrir árið 1968 og til 1. júlí 1969 er, eins og skýrslan ber með sér, 16.1%. Á Vestfjörðum hefur fólkinu fækkað um 93 á þessu eina ári. Hlutur Vestfjarða af lánveitingum úr Atvinnujöfnunarsjóði er 22.5%. Á Norðurlandi hefur hins vegar fólkinu fjölgað á þessu eina ári um 122 íbúa. En hlutur Norðurlands af lánveitingum úr Atvinnujöfnunarsjóði er 36.3% eða langhæsta hlutfallið af lánveitingum Atvinnujöfnunarsjóðs á þessu tímabili, þó að fólksfjölgunin þar sé miklu meiri en á hinum stöðunum, sem ég nefndi hér áðan. Og raunar gildir það sama um Austurland, því að þar hefur fólki fækkað um 12 á einu ári, en hlutur Austurlands úr Atvinnujöfnunarsjóði er 17.5%. Ég hygg, að þessar upplýsingar séu algerlega óyggjandi. Hér er ég með það hefti Hagtíðinda, sem ber vott um, að ég segi rétt frá, þegar ég er að upplýsa um fólksflutninga á þessu eina ári, sem ég tilgreindi, og skýrsluna um hlutfall þessara landssvæða úr lánveitingum Atvinnujöfnunarsjóðs höfum við óyggjandi hér á þessu blaði, sem hæstv. forsrh. lét útbýta í upphafi fundar. Samkv. þessum upplýsingum, sem eru óyggjandi, fær sú staðhæfing hæstv. fjmrh. ekki staðizt, að stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs líti til þess fyrst og fremst við úthlutun lána úr sjóðnum, hvaðan fólksfléttinn er mestur. Þar virðist eitthvað annað ráða og það væri gott, að hæstv. ráðh. upplýsti, hvað það annað er.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Hv. 2. þm. Reykn. hefur lagt á sig mikla vinnu, sem ber að þakka, að kynna sér Hagtíðindi og ýmsar tölur í því sambandi, en ég held, að hann ætti að reikna svolítið betur og reikna þetta dæmi á dálítið annan veg. Hann sleppti að vísu alveg einum landshlutanum, ég veit ekki, hvers Austurland átti að gjalda. (Gripið fram í.) Nei, Austurland var aldrei nefnt. Var það? Þá bið ég afsökunar á því. Hverjar voru þær tölur? Má ég biðja þm. bara að ...? (Gripið fram í.) Hækkun um 12 og 17%? Þá er þetta fullkomnað. Mér skilst, að tilgangurinn með göngu hv. þm. upp í ræðustólinn hafi e. t. v. einkanlega verið sá að sanna hlutdrægni sjóðsstjórnarformanns og annarra Norðlendinga í sambandi við úthlutun úr Atvinnujöfnunarsjóði á þessu tiltekna tímabili, því að öðru leyti gat ganga hans ekki þjónað neinu hlutverki, vegna þess að allar þær tölur, sem hann nefndi, voru í þá átt, að þær staðfestu ótví-

rætt, að hér hefði átt sér stað samdráttur í byggð miðað við fjölgunina í landinu yfirleitt. En það, sem honum láðist að reikna út og ég saknaði í þessum tölum hans, voru prósentutölur, því að það skiptir auðvitað mjög miklu máli, hvort talað er um fjölgun eða fækkun miðað við fjölgun af 5 þús. manns eða fjölgun af 15 þús. manns. Það hefur, held ég, æði mikið að segja, þegar á að draga ályktanir af því, hvað er eðlilegt og hvað ekki eðlilegt í þessu sambandi. Og ég efast stórkostlega um, að þó að þessi smávægilega fjölgun hafi átt sér stað í báðum Norðurlandskjördæmunum miðað við þá íbúatölu, sem þar er, komi það hlutfallslega út þannig, að sýnd hafi verið einhver sérstök mismunun varðandi fjárveitingar til þessa svæðis, og ég held, að hv. þm. ætti að vita það. Það ber að vísu að fagna því, að ekki skuli hafa verið verr að staðið á þessu svæði en hann gat um. Ég held, að hv. þm. hljóti að vera það kunnugur ýmsum stöðum á Norðurlandi og vita það mikið um atvinnuástand í norðlenzkum byggðum á undanförnum árum, að honum sé kunnugt um, að þar hefur verið hvað mest atvinnuleysi á Íslandi ár eftir ár. Að fara að öfundast yfir því, að hér muni hafa verið beitt einhverri hlutdrægni af hálfu sjóðsstjórnarinnar í þágu þessa kjördæmis, það held ég að verði hv. þm. ekki til neins sóma eða til að rétta hlut hans í þessum málflutningi öllum. Hann staðfesti það ótvírætt, að þessi svæði eiga öll mjög í vök að verjast og miðað við fólksfjölgun í landinu á þessu tímabili sjáum við af þessum tölum, sem hann nefndi, hversu stórkostleg aukning hefur orðið einmitt hér á þéttbýlissvæðunum á kostnað þessara fjögurra kjördæma úti á landi eða þessa stóra hluta landsins, sem við köllum strjálbýlissvæðin, og höfum einbeitt starfsemi okkar að. Þetta sannaði hv. þm., en hvort það hefur haft áhrif, að um 10, 20 eða 30 manns hefur fækkað eða fjölgað á tugþúsundasvæði, það get ég ekki skilið að segi mikið, því að ég held, að ákaflega erfitt væri að deila þessu fé þannig niður, að við gætum fyrir fram í Atvinnujöfnunarsjóði ákveðið það og ráðið því, þó að það væri allur vilji okkar, að það gæti ekki orkað í þá átt, að á einu svæðinu kannske fækkaði um 20—30 eða kannske 60—80 manns og á öðru svæðinu kannske 200—300 manns á sama tímabili. Það kann að vera, að hv. þm. sé slíkur meistari og Ali Baba í sínum aðgerðum, að hann gæti fundið þetta nákvæmlega út, en sem sagt, ég held, að hv. þm. hafi slegið vindhögg og að hann hafi staðfest ótvírætt það, sem er kjarni málsins, að þörf hafi verið á því að halda lánunum einmitt til þessara svæða allra saman og hann hefur sannað það með sínum tölulestri öllum, að einmitt þessi svæði hafa farið algerlega varhluta af fólksfjölguninni í landinu á því tímabili, sem um ræðir. Annars sé ég ekki ástæðu til þess að fara að eyða frekari orðum að útreikningum hv. þm., en tek aðeins undir það, sem hv. 3. þm. Norðurl. e. réttilega gat um og er ótvírætt, að það er hlutverk sjóðsstjórnarinnar að stuðla að jafnvægi í byggð landsins með þeim hætti, sem ég gat um í minni frumræðu og meðan það er í lögum, mun sjóðsstjórnin framfylgja þessu ákvæði og enginn ágreiningur hefur verið innan hennar um það, að þetta sjónarmið ætti að ráða.

Axel Jónsson: Herra forseti. Ég vil eins og aðrir hv. ræðumenn þakka þá skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram og er mjög fróðleg og ítarleg. Ýmsir hv. þm. hafa tekið til máls um lánveitingar til sinna kjördæma og þótt þeirra hlutur of lítill án þess þó, að nokkur hafi eðlilega tekið það fram, að aðrir hafi fengið of mikið. Það er kannske ekki nema mannlegt, að hverjum og einum finnist hans hlutur ekki nógu stór, þegar skipta á tilteknum upphæðum.

Ég ætla ekki að blanda mér inn í þann samanburð. Aðeins vil ég segja það, vegna þess að álverksmiðjuna hefur borið hér á góma, að vissulega lítum við Reyknesingar á þá framkvæmd sem mjög þýðingarmikla til atvinnuaukningar fyrir okkar kjördæmi og hefur hún verið eitt af okkar stærstu hagsmunamálum. Og ég segi það í fullri hreinskilni, að ég vorkenni alltaf samþm. mínum, hv. 2. þm. Reykn., fyrir hans afstöðu á sínum tíma í því máli.

Ég vil aðeins vekja athygli á nokkuð broslegu atviki, sem komið hefur fram í sambandi við þessar umr. og umr., sem urðu hér fyrir nokkru síðan. Hv. 11. þm. Reykv. vakti athygli á því, að stór hluti af lánveitingafjármagni til Reykjavíkur væri til opinberra framkvæmda og gagnrýndi þessa ráðstöfun frekar. Fyrir skömmu átaldi 1. þm. Norðurl. v., formaður Framsfl., ríkisstj. fyrir að hafa ekki, nú á þessum tímum, einmitt ráðizt í byggingu alþingishúss og stjórnarráðshúss, þannig að það er nokkuð ljóst, þegar litið er á afstöðu varaformanns og formanns Framsfl., að þá greinir nokkuð á um gildi þess, hvort verja skal meira eða minna af fjármagni til opinberra framkvæmda.

Jón Árm. Héðinsson: Herra forseti. Mig langar til að leggja nokkur orð í belg, þó að umr. séu orðnar langar, og þá fyrst og fremst verð ég að segja það, að umsóknir til atvinnumálanefndar ríkisins úr Reykjaneskjördæmi hafa fengið vægast sagt lítinn hljómgrunn. En þó er þess að geta, eins og hæstv. forsrh. drap á áðan, að það hafa orðið undirtektir núna við umsókn eins stórs og góðs fyrirtækis í Kópavogi, sem vissulega fellur inn í þann ramma, sem úthlutun atvinnumálanefndar ríkisins átti að fjalla um, en það var til gjaldeyrisskapandi framkvæmda og atvinnuskapandi. Þess er að vænta, að þessi niðursuðuverksmiðja fái nú skjóta og góða afgreiðslu. Að öðru leyti verð ég að segja, að sem heild er hlutur þessa svæðis nokkuð rýr vegna þess, að sú staða er komin upp vegna sveiflna í afla, að vandræðaástand blasir við. Það er ekki hægt að líta fram hjá því. Það er engum sérstökum að kenna. En í annarri þál., sem ég var með hér áður, kom fram í grg., að afli var hér suðvestanlands á síld t. d. fyrir 4 árum 187 þús. tonn, en var í

fyrra 16 þús. tonn. Það er ekki einu sinni tíundi hluti þess, sem var, og auk þess var mjög mikil síldarsöltun og önnur starfsemi við sjávarútveginn hér. Þessi þáttur hefur nú fallið niður í algert lágmark. Þá hafa mörg iðnaðarfyrirtæki sótt um fyrirgreiðslu, úr Kópavogi, úr Hafnarfirði og af Suðurnesjum, en fengið litla áheyrn. Þó ber það að þakka, sem hæstv. forsrh. gat um, að þeir munu vera mjög til hjálpar með sínar 50 millj. í skipasmíðastöðvar og þar mun Reykjaneskjördæmi njóta góðs af og er það vissulega stórt spor. Að öðru leyti vil ég taka undir orð hæstv. fjmrh. varðandi Atvinnujöfnunarsjóð. Hann hefur allt öðru hlutverki að gegna og sú var raunin í mörg, mörg ár, að Reykjanes fékk þar ekki krónu undir neinum kringumstæðum og ekki önnur svæði í kjördæminu. Þó hefur það gerzt nú, að stjórnin hefur litið með betri augum á það ástand, sem þar er að skapast og hjálpar jafnvel til við bátakaup. Þá vil ég líka vekja athygli á því, svo að það komist til hæstv. fjmrh., sem er formaður sjóðsins, að það er engin lausn að taka bát úr Reykjavík eða Reykjaneskjördæmi til atvinnujöfnunar út um land með aðstoð sjóðsins og veita til þess mun stærri upphæð en viðkomandi eigandi hefði þurft til að reka hann á þessu svæði, en skilja eftir atvinnuleysi á þessu svæði. Það er engin lausn í sjálfu sér, ekki nokkur, til þess þarf önnur úrræði. Það var megintilgangur minn með því að standa upp að vekja athygli á því, að það er engin heildarlausn að færa atvinnutækin þannig á milli, þó að staðirnir fyrir norðan og austan þurfi sannarlega á atvinnutækjum að halda. Lausnin verður að vera þannig, að það skapist ekki vandræði við tilflutninga og skapist ekki atvinnuleysi á þeim stað, sem atvinnutækin eru flutt frá, og þar á ég sérstaklega við bátakaupin. Norðurlandið er ekki öfundsvert af þeim peningum eða Austfirðingarnir af þeirri hjálp, sem þeir hafa fengið núna, þegar síldin er á bak og burt. Nei, sannarlega þarf að hjálpa fólkinu, sem þar býr, en það má ekki vera á kostnað þess fólks, sem hér býr, að það sé atvinnulaust á eftir. Lausnin er ekki fólgin í slíku.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessar umr. neitt. Það er eðlilegt, að sitt sýnist hverjum, þegar takmörkuðu og of litlu fjármagni er úthlutað. Þegar of lítið er til ráðstöfunar, þá verða deilur um það, hver fær hvað. En enda þótt ég telji nú, að tæpast sé líklegt, að nokkur maður hafi misskilið mig áðan nema hv. 4. þm. Reykn., en hann vildi telja, að ég hefði amazt við því, að lán til opinberra framkvæmda í Reykjavík hefðu verið veitt, þá tel ég rétt að taka fram, a. m. k. hans vegna og kannske þá einhverra annarra, ef fleiri væru, sem ég efast nú reyndar um, að ég var alls ekki að amast við því. Það er öðru nær. Og t. d. ráðstöfun á hluta af þessu fjármagni, 26 millj. kr., sem veittar voru Hitaveitu Reykjavíkur til nýlagningar hitaveitu hér, var ákveðin samkv. tilmælum atvinnumálanefndar Reykjavíkur og samþ. af öllum borgarfulltrúum í Reykjavík sem sú framkvæmd, sem einna mest mundi auka atvinnu af þeim, sem þá voru til taks. En það, sem ég vakti athygli á hér og hef áhyggjur af og hef raunar gert áður, er það, að mér virðist, að það sé stefna þeirra, sem ráða, að leysa úr atvinnuleysinu fyrst og fremst með því að auka opinberar framkvæmdir. Það kann að vera, að einkaframtaksmaður eins og sá hv. þm., sem ég var að ávarpa, hafi engar áhyggjur af þessu, honum finnist vel fyrir öllu séð með því, að opinberar framkvæmdir veiti fólkinu atvinnu. En ég hef þessar áhyggjur og hef haft nokkuð lengi, hvað snertir okkur hér í Reykjavík, áhyggjur af því, að undirstöðuatvinnuvegirnir eru að dragast saman hér. Það er sáralítil útgerð úr Reykjavík. Togurunum hefur fækkað hér niður í mjög fá skip. Það er sáralítill bátaútvegur úr Reykjavík. Fiskvinnslustöðvarnar eru margar lokaðar. Þetta er það, sem ég hef áhyggjur af, og þetta er það, sem mér fannst, að skýrsla sú, sem hér hefur verið lögð fram, sýni enn fremur, að ekki sé ástæðulaust, þar sem ég benti á það, að af 99 millj. kr. umsóknum til atvinnurekstrar einstaklinga hefði verið lánað 2.5 millj. kr. Ég gat þess um leið, að það hefði verið veitt opinber aðstoð til opinberra framkvæmda, 50 millj., ekki til þess að vanþakka það, heldur til að sýna, hvert stefndi.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Ég vildi aðeins gera örstutta aths. til að mótmæla því, hvernig hv. 2. þm. Reykn. notar tölur um íbúafjölda í ýmsum héruðum hér á landi. Hann sagði t. d. svo frá, að það hefði fjölgað um nokkra tugi á Vesturlandi. Af því átti að draga þá ályktun, að þar hefði orðið íbúafjölgun, ekki fækkun. Þar sé því engin ástæða til aðstoðar við atvinnuvegi. Ég vil benda á, að því aðeins er hægt að draga ályktanir af svona tölum, að menn beri þær saman við þá heildarfjölgun, sem verður í landinu, og þá prósentufjölgun, sem er yfirleitt með þjóðinni. Ég hef ekki handbærar tölur um þetta, en mér skilst, að íbúafjölgun Íslendinga sé eitthvað nálægt 2% á ári. Það þýðir, að í Vesturlandskjördæmi hefur á einu ári orðið eðlileg fjölgun um 260 manns og þó að fjölgun íbúa í kjördæminu eftir hagskýrslum eftir árið sé 50–60 manns, þá hafa um 200 manns flutt í burtu. Við skulum taka Norðurland. Þar eru 1. des. 1968 31 832 íbúar. 2% af 31 700 íbúum eru 634. Norðlendingar hafa sjálfir séð fyrir fjölgun, með 2% meðaltali, upp á 634. Þó að skýrslur sýni eftir árið íbúafjölgun, við skulum segja 150, þá hafa þeir samt tapað 500 manns. Hvar hefur hin raunverulega fjölgun lent? Ég vil vara við því, að menn dragi svona einfaldar og alrangar ályktanir með því að líta fljótlega á tölur. Það verður að skoða þetta í samhengi og athuga heildarfjölgun þjóðarinnar, hvar sú fjölgun verður til og hvar fólkið sezt að. Með því að líta fljótlega á þetta mál sýnist mér, að jafnvel í Vesturlandskjördæmi, sem er við bæjardyr þéttbýlisins í kringum Reykjavík og er mjög

byggilegt land, sjálfsagt að mörgu leyti byggilegra heldur en ýmis þau fjarlægari héruð, sem landsmenn berjast harðri baráttu við að halda í byggð, sé útkoman ekki betri en þetta. Við vitum, að það er stöðugt útstreymi af fólki frá Vesturlandi hingað suður eftir, miklu meira en tölurnar sýna, því að bæði flyzt þangað fólk úr fjarlægari héruðum, svo að brottflutningurinn frá Vesturlandi, sem er nálega allur hingað suður yfir Faxaflóa, er enn þá meiri en tölurnar sýna.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það er aðeins örstutt aths. út af ummælum síðasta hv. ræðumanns. Ég vil út af fyrir sig ekki mótmæla því, að það sé rétt, sem hann sagði, en það haggar í engu því, sem ég sagði. Ég gaf upplýsingar um það, hvernig íbúatala fjögurra kjördæma hefur breytzt á einu ári. Annars vegar gaf ég óyggjandi upplýsingar um það og hins vegar, hvernig fjármagni úr Atvinnujöfnunarsjóði hefur verið ráðstafað á sama tíma til þessara sömu svæða. Þó að ég geti tekið undir allt, sem hv. ræðumaður sagði áðan, þá hrekur það ekki neitt þá staðhæfingu mína, að um skiptingu atvinnubótafjárins til þessa svæðis hefur reglan um tilflutning fólksins ekki ráðið.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég vil þakka fyrir þá skýrslu, sem hér hefur verið lögð fram. Ég tel það góðra gjalda vert að gera Alþ. grein fyrir því, hvernig háttað hefur verið starfi og úthlutun hjá atvinnumálanefnd. En ég held, að það geti orkað tvímælis, hvort rétt hafi verið að gefa samtímis skýrslu yfir þá sjóði, sem þarna eru látnir fylgja með. Það hefur komið fram, að Atvinnujöfnunarsjóður er talinn gegna að nokkru leyti öðru hlutverki en gert var ráð fyrir með atvinnumálanefndunum. Um Fiskveiðasjóð er það vitað mál, að hann gegnir allt öðru hlutverki, og það er sýnilegt, að þessar umr. hafa einmitt sérstaklega dregizt á langinn af þeim sökum og það hefur gefið tilefni til viss misskilnings, að þessu hefur verið blandað saman. Ég tek undir það, að ef á að fara að gefa einhverja heildarmynd um útlánastarfsemi til framkvæmda, þá er auðvitað ástæða til þess að draga fleiri sjóði inn í þetta mál. En ég vil leyfa mér að taka undir það, sem komið hefur fram hér hjá öðrum hv. þm. og leggja áherzlu á það, að einmitt séu gefnar út og prentaðar skýrslur um starfsemi atvinnumálanefndar og ýmissa annarra sjóða, því að allur almenningur á heimtingu á því að fylgjast með í þessum efnum, og þó að ekki þyki góð latína að gefa út skýrslu um lán banka til einstakra manna, þá gegnir auðvitað allt öðru máli um þær fyrirgreiðslur, sem hér er um að tefla. Það er auðvitað sjálfsögð regla, að sýnt sé, hvert þessi lán fara, og ég held, að þetta megi að mörgu leyti setja á bekk með fjárveitingum og að ekki sé verið að draga neina dul á það, til hvers hver og ein einstök fjárveiting fer.

Annars vil ég segja það, að þessar umr. og þetta, að þessum sjóðum er hér blandað saman, vekur nokkra athygli á því, sem ég hef hér hreyft áður, hvort ekki sé ástæða til að sameina eitthvað þessar stofnanir og beita þeirri hagræðingu, sem svo mjög er í tízku í þessum efnum um þær, ef talið er, að þær eigi eitthvað sameiginlegt.

Og svo vil ég segja það, að ég álít, að það sé misskilningur að fara út í einhvern meting á milli einstakra kjördæma í þessu sambandi. Það er kannske svarið, sem gefur tilefni til þess, en ég álít satt að segja, að það sé ekki rétt að byggja svona skýrslu upp þannig að vera að gera upp á milli kjördæma. Þessar fyrirgreiðslur verða auðvitað að fara til þeirra staða, þar sem þörfin er og það skiptir ekki máli, hvort það er í þessu kjördæmi eða hinu. Auðvitað eru aðstæður innan hvers kjördæmis ákaflega mismunandi, en það á að sjást hreinlega, til hvaða staða þetta fer. Og svo vil ég svona í leiðinni minna á það, að á Norðurlandi eru tvö kjördæmi. Úr því að verið er að greina hér á milli kjördæma, þá kynni ég nú betur við, að nöfnin á þeim væru látin haldast.

Svo var Axel Jónsson, hv. 4. þm. Reykn., eitthvað að senda mér skeyti hér áðan, að ég hefði gert kröfu um það, að fé væri sérstaklega lagt til byggingar alþingishúss og stjórnarráðshúss. Ég vil minna þann góða og hv. þm. á það, að ég var að tala um nauðsyn á atvinnuaukningu og alveg sérstaklega í byggingariðnaði og benti á það, að bygging íbúðarhúsa væri þar ekki einhlít. Það þyrftu að koma til stórar framkvæmdir. Ég nefndi að vísu alþingishús og stjórnarráðshús, en ég nefndi einnig skólabyggingar og sjúkrahús. Þessum hv. þm. hefur af einhverjum ástæðum þótt rétt að gleyma þeim dæmum.

Ég skal svo endurtaka það, að ég vil leggja áherzlu á, eins og ég reyndar þegar hef gert, að útbýtt verði prentuðum skýrslum um þetta. Það á ekki að vera nein hula yfir þessum efnum og það á að sjást ljóst, hvert þessar fyrirgreiðslur fara, og það á ekkert að vera að greina á milli kjördæma eða miða við þau.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Ég stend enn upp vegna þeirra ummæla, sem fallið hafa frá mínum ágæta vini, sessunaut og samflokksmanni, hv. 2. þm. Reykn., því að satt að segja stórfurða ég mig á málflutningi hans, ekki sízt núna í síðari eða næstsíðustu ræðu. Það er söguleg staðreynd, sem hv. þm. þekkir alveg jafn vel og við aðrir, hver byggðaþróunin hefur verið á Íslandi, það sem af er þessari öld. Ég skal játa, að ég er ekki allra manna minnugastur á tölur og raða þeim ekki upp í kollinum á mér og get ekki rutt þeim úr mér, hvenær sem á þarf að halda, og ég les Hagtíðindin illa. Hins vegar hef ég hér fyrir framan mig frv., sem við framsóknarmenn stöndum að. Að vísu er hv. 2. þm. Reykn. ekki aðili að þessu frv., en það eru margir framsóknarmenn flm. þessa frv., og þetta frv. hefur lengi verið flutt og því fylgir mjög ítarleg grg. Þetta frv. fjallar einmitt um sérstakar ráðstafanir til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og í grg.

er gerð mjög ítarleg og skilmerkileg grein fyrir því, hvernig byggðaþróunin og mannfjöldaþróunin hefur verið í 30 ár, á árabilinu frá 1938–1968. Þar kemur í ljós samkv. því, sem í grg. segir, að árið 1938 var mannfjöldinn á öllu landinu 118 888. En 1. des. 1968, þ. e. síðast, þegar manntal var tekið, eru íbúar taldir vera 202 195, þannig að fjölgunin á 30 árum er 83 303 eða rétt um 70% á landinu öllu. Þá er jafnframt af hálfu flm. gerð grein fyrir því, hvernig þetta skiptist á landssvæði. Þessi landssvæði eru kölluð Kjalarnesþing, en ég hygg, að það sé svæðið frá Hvalfjarðarbotni og út á Reykjanestá, þ. e. a. s. það er það svæði, sem er vestan Hellisheiðar; síðan er Vesturland sunnan Gilsfjarðar; Vestfirðir; Norðurland; Austurland og Suðurland austan fjalls. Það er fróðlegt að athuga, hvernig þessar tölur eru og hvernig þróunin hefur verið í fólksfjöldanum á þessum tíma. Eins og ég sagði, hefur þjóðinni fjölgað um 70% á þessum 30 árum. Og þá kemur í ljós, að í Kjalarnesþingi vestan fjalls voru árið 1938 46 047 íbúar, en voru árið 1968 117 929. Ef þarna hefði aðeins verið um eðlilega fólksfjölgun að ræða, þ. e. 70%, þá skilst mér, að á þessu svæði ættu að vera 78 280. Ef við tökum svo aftur Vesturland sunnan Gilsfjarðar, þá eru þar árið 1938 9 683 manneskjur, en eru árið 1968 13 191, en hefðu átt að vera, ef þetta svæði hefði notið fólksfjölgunarinnar 70%, 16 461. Á Vestfjörðum eru árið 1938 12 991 íbúi, en árið 1968 aðeins 10 263, en hefðu átt að vera 22 085. Ég gæti lesið áfram, en ég veit ekki, hvort tími er til þess. Ég hygg, að þessar tölur sýni og sanni, að það, sem hv. þm. var hér að fara með, er auðvitað hrein blekking og algerlega röng meðferð á tölum.

Halldór E. Sigurðsson: Herra forseti. Það er að vísu ástæðulaust að fara að bætast í hóp þeirra manna, sem tekið hafa þátt í þessum umr., og ég verð að segja það, að ég á afskaplega erfitt með það og það er fjarlægt mínu skapi að taka þátt í umr. um meting á milli héraða. Ég held, að allar slíkar umr. séu afskaplega óheppilegar og leiðinlegar í alla staði. En ástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, var fyrst og fremst sú, að ég vildi sem stjórnarnefndarmaður í Atvinnujöfnunarsjóði taka það fram, að ég tel mig bera fullkomlega ábyrgð á þeim verkum, sem þar hafa verið framkvæmd, og bið mig á engan hátt undan því að hafa tekið þátt í þeim störfum, og skal undirstrika það, sem hér hefur komið fram, að það hefur verið samstaða í stjórn Atvinnujöfnunarsjóðs um afgreiðslu mála. Ég vil líka vekja athygli á því, að þær tölur, sem hv. 2. þm. Reykn., vinur minn Jón Skaftason, nefndi hér áðan, staðfestu svo vel sem verða mátti, að stjórn þess sjóðs hefur staðið vel í ístaðinu og kannske helzt skeikað þar út af, þegar hún lánaði á aðra staði heldur en lögin gerðu ráð fyrir. En það sýndi sanngirni hennar, að hún vildi mjög greiða fyrir því, að ný skip kæmu hér inn á það svæði, þó að túlka megi lögin á þann veg, að ekki hafi verið til þess ætlazt. En það er oftar en nú, sem lánað hefur verið til kaupa á nýjum skipum, bæði í Reykjavík og á Reykjanessvæði. Það var gert á tímabilinu eftir 1960, ef ég man rétt. Ég vil líka geta þess, að með góðri samstöðu allra stjórnarnefndarmanna í Atvinnujöfnunarsjóði var fyrir áramótin 1968 lánað stórt lán í Reykjaneskjördæmi, sem var mjög hæpið, að væri innan ramma laganna, en það var nauðsynjamál og kom að góðum notum. Ég vil svo líka segja það, að ég lít svo á, að ástæðan til þess, að hér eru settir upp þrír aðilar, sem lán hafa veitt, atvinnumálanefnd ríkisins, Atvinnujöfnunarsjóður og Fiskveiðasjóður, sé sú, að um áramótin 1968–1969 fóru fram lánveitingar, m. a. til fiskvinnslustöðvanna í landinu. Þessar lánveitingar voru með þeim hætti, að Fiskveiðasjóður lánaði til fiskvinnslustöðvanna innan þeirra marka, sem lög hans heimiluðu, en jafnhliða þessu voru svo lögð fyrir Atvinnujöfnunarsjóð þau verkefni og þau mál, sem lög Fiskveiðasjóðs ekki náðu til að sinna. En Atvinnujöfnunarsjóður hefur, eins og lög hans segja til, rétt til að lána viðbótarlán og aðstoðarlán. Og í framhaldi af þessu og í samstarfi og eftir ábendingu Fiskveiðasjóðs Íslands voru þessi lán veitt af Atvinnujöfnunarsjóði. Í beinu framhaldi af því kom svo atvinnumálanefnd ríkisins, og það hefur verið tekið tillit til þessara lána og enn fremur hafa ýmsar lánaumsóknir hennar gengið hvort tveggja til atvinnumálanefndanna og Atvinnujöfnunarsjóðs, og hefur þess vegna verið eðlilegt samstarf um sumt af þeim málum, sem hafa verið afgreidd milli þessara tveggja aðila, enda á Atvinnujöfnunarsjóður að taka við þessum lánum, eftir að þau hafa verið lánuð. Þetta tel ég ástæðuna til þess, að þetta er hér í samhengi, og það gleður mig sannarlega, að hv. 2. þm. Reykn. skyldi koma auga á það og sýna það með tölum þeim, sem hann las hér upp áðan, að Atvinnujöfnunarsjóði hafði tekizt vel við sitt hlutverk eða stjórn hans, því að í þeim tölum, sem hann nefndi hér, kom fram, að á þessu eina ári vantaði um 200 manns á eðlilega fólksfjölgun í Vesturlandskjördæmi, um 300 á Vestfirði, um 500 á Norðurlandi og um 200 á Austurlandi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég skal ekki blanda mér mikið inn í þær umr., sem hér hafa farið fram. Í upphafi máls míns reyndi ég að haga skýrslu minni svo að halda mér einungis að þeim atriðum, sem um var spurt og skýra þau. Umr. hafa hins vegar farið töluvert á víð og dreif, eins og verða vill. Varðandi það, sem sumir hafa fundið að, hvernig þessari skýrslugjöf er háttað, að þarna eru teknir tveir sjóðir upp til samanburðar, þá tek ég alveg undir það og get vitnað til þess, sem hv. síðasti ræðumaður sagði. Starfsemi þessara aðila allra hefur verið nátengd á þessu ári og það er ómögulegt að meta rétt, hvað atvinnumálanefndirnar hafa gert, atvinnumálanefnd ríkisins, nema hliðsjón sé höfð af þeim tölum, sem hér er um að ræða. Málum hefur verið

vísað iðulega frá atvinnumálanefnd ríkisins til þessara aðila og þeir leyst mörg þau vandamál, sem upp hafa komið. Þetta er staðreynd, sem ekki verður fram hjá komizt.

Það má auðvitað segja og ég játa það, að fróðlegt hefði verið að hafa einnig til samanburðar hér lán Húsnæðismálastofnunar að undanförnu, en milli hennar og atvinnumálanefndar ríkisins hefur ekkert slíkt samstarf átt sér stað. En það hefði gefið ranga og villandi mynd, ef tölurnar hefðu einar verið birtar varðandi atvinnumálanefnd ríkisins, og þm. hafa auðvitað dómgreind til þess að skilja þar á milli, eins og líka komið hefur fram hjá mörgum þeirra. Ég skal ekkert segja um þá, sem annað mætti segja um, en þeir um það.

Varðandi einstakar fsp. vil ég taka fram út af því, sem hv. 5. landsk. þm., Jón Árm. Héðinsson, sagði um tilflutning báta, að það er auðvitað viðkvæmt mál. Til þess geta oft legið ríkar ástæður. En atvinnumálanefnd ríkisins hefur ekki haft nein afskipti af þeim málum. Hann gaf það ekki í skyn, heldur vitnaði í Atvinnujöfnunarsjóðinn, en samt er ástæða til þess að leggja áherzlu á það enn.

Út af fsp. hv. 1. þm. Norðurl. e., þá voru opinberar framkvæmdir styrktar með lánveitingum í samráði við atvinnumálanefndir héraðanna, sem auðvitað höfðu samráð við sínar sveitarstjórnir og enn fremur við rn., sem um þessi mál fjalla. Það er að vísu rétt, að einna mest kvað að þessum lánveitingum til Reykjavíkur og Akureyrar. En ég hygg t. d. einnig, að staður eins og Vopnafjörður hafi notið þar góðs af. Um lánveitingar til fyrirgreiðslu skólafólks, þá voru settar um þær ákveðnar reglur og sveitarstjórnum, sem fullnægðu þeim reglum, gefinn kostur á þeim lánum, þannig að þar var reynt að fylgja almennri reglu.

Menn hafa fagnað því að fá þessar skýrslur og ég met það. En það hefur verið fundið að því, að þær skyldu ekki vera ítarlegri og með öðrum hætti. Eðlilegt er, að hér sé miðað við héruðin á þann veg, sem gert er, vegna þess að lögin gera þá skilgreiningu. Menn getur svo greint á um það, hvort það sé skynsamleg skilgreining eða ekki, og hv. þm. Ólafur Jóhannesson, 1. þm. Norðurl. v., hefur fundið að þessu fyrirkomulagi frá upphafi. En þessi skipan var á höfð og því eðlilegt, að skýrslugjöfin sé við þann hátt miðuð. Eins tók ég það fram í upphafi máls míns, að upphaflega var skýrslan samin til leiðbeiningar héraðanefndunum og til þess að gefa þeim kost á að koma þá sínum aths. fram.

Hitt lízt mér ekki á, eins og einhver hreyfði, að það ætti að prenta lista yfir þá einstaka lántakendur, sem fyrirgreiðslu hefðu fengið, sem væri þá líka algerlega villandi, nema prentaður væri listi yfir þá, sem synjað er. Slíkt er ekki hægt að gera varðandi lánastofnanir, því að eins og menn vita, hvílir þagnarskylda á almennum lánastofnunum um viðskipti. Sú skylda er ekki lögð á í þessu sambandi. Engu að síður hygg ég, að ekki sé gerlegt að prenta slíka skýrslu. Hitt er annað mál, að ef einstakir þm. óska eftir að sjá þessi gögn, er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir geti fengið þau að skoða, og verður þó vitanlega að fara varlega í, hversu langt skuli ganga í þeim efnum.

Um Reykjavík er það rétt, að hér hafa allmargar umsóknir einstaklinga verið lagðar fram, sem ekki þótti fært að sinna af hálfu nefndarinnar. Nú skal ég taka það fram, að við undruðumst það í nefndinni í upphafi, hversu fáar umsóknir komu frá Reykjavík, og hygg ég, að orsökin til þess, að ekki skuli fleiri einstaklingar fá lán, sé fyrst og fremst sú, hversu fáir sóttu og hvernig umsóknum var varið. Ekki er mitt að fara hér að gera grein fyrir því, sem varð því valdandi, að einstökum umsóknum, hvort heldur í Reykjavík eða annars staðar, varð ekki sinnt. Það á ekki við. En eins og ég tók fram í mínum inngangsorðum, þá felst engan veginn í svo kallaðri synjun það, að ekki hafi átt sér stað fyrirgreiðsla í þessum efnum. Þvert á móti var aðilum í mörgum tilfellum vísað til annarra stofnana ýmist til fjárfestingarstofnana, sem hér er um að ræða, svo sem Fiskveiðasjóðs — Atvinnujöfnunarsjóður kom ekki til greina varðandi Reykjavík — eða til bankanna. Og það er vitað mál, að sumir hafa fengið þar fyrirgreiðslu.

Enn fremur vil ég leggja á það áherzlu í þessu sambandi, að í Reykjavík vitum við, að vandi okkar í dag er ekki sá, að við höfum ekki nóg af ýmiss konar iðnaðarfyrirtækjum starfandi. Þvert á móti hefur verið fundið að því, að þau fyrirtæki sum, sem hér væru, gætu ekki unnið af fullri orku vegna rekstrarfjárleysis. Þess vegna verður að skoða þessar umsóknir, ekki sízt frá Reykjavík, og raunar að nokkru leyti frá öðrum, í ljósi þess, að m. a. fyrir atbeina þessarar nefndar, en auðvitað með ákvörðun Seðlabankans og skilningi hans að lokum, var veitt mjög veruleg fyrirgreiðsla um rekstrarfjárlánin. Um það má deila, hvort það hafi endilega verið þau réttustu lánskjör, sem ákveðin voru. Nú vitum við það og ekki sízt sá hv. þm., sem taldi lánskjörin hafa verið óheppileg, að þó að fé sé veitt til einhvers tíma í upphafi, þá vill stundum dragast, að lán séu greidd, og er slíkt ekki einstakt í hans banka, heldur í öllum lánastofnunum í landinu, ekki sízt þeim, sem veita rekstrarlán eða annað þvílíkt. Ég hygg, að það muni vera farið að nálgast nú 150 millj., sem Seðlabankinn hefur veitt í þessu skyni. Samkv. gögnum, sem ég hef, hafði þegar í ágústlok verið lánað 112½ millj. kr. og auk þess lofað að áætla til viðbótar 28 millj., þannig að lánaðar voru rúmar 140 millj., auk þess sem áburðarverksmiðjan hafði fengið sérstaka fyrirgreiðslu, um 30 millj., hjá Seðlabankanum. Þarna er um að ræða mjög verulegar fjárhæðir, sem ekki koma sízt iðnfyrirtækjum í Reykjavík til gagns. Þetta er okkur öllum ljóst.

Varðandi þau iðnfyrirtæki, sem eitthvað munar um í fjárhæðum, þá er það rétt, að þau eru úti á landi. En er nokkur okkar, sem í alvöru vill halda því fram, að rangt hafi verið að veita fé til uppbyggingar á Akureyri eftir

þann mikla bruna, sem þar varð, og áfall, sem atvinnulíf á Akureyri varð fyrir með þeim hætti, jafnvel þó að ekkert annað hefði komið til greina? En þá er á það að líta, að bæði á Akureyri og Sauðárkróki er verið að ráðast í mjög merka nýja framleiðslu, skinnameðferð og hagnýtingu þeirrar íslenzku efnivöru á hagkvæmari, arðvænlegri og meira vinnugefandi hátt innanlands heldur en áður. Þetta voru stórmerkar framkvæmdir, sem við frá upphafi vildum styðja. Við lögðum strax til hliðar eina stærstu fjárhæðina, sem við veittum einstökum aðila, einmitt til fyrirtækja SÍS á Akureyri, til þess að þau gætu komið fram þessari merku nýjung.

Þegar menn eru svo að bera saman einstaka landshluta og telja hér ýmsir, bæði í ræðum og eins heyri ég á þingbekkjum, að skýrslan sýni, að Norðurland hafi fengið hlutfallslega of mikið, þá vil ég biðja menn að athuga þessar tölur, eins og þær liggja fyrir. Það er algerlega rangt, að atvinnuleysi sé hlutfallslega mest í Reykjavík, eins og einhver hv. þm. sagði. Atvinnuleysi er hlutfallslega langsamlega mest á Norðurlandi. Ég vil vekja athygli á, að þrátt fyrir þær miklu fjárveitingar, sem við höfum varið til Norðurlands, þá er þar enn langmest atvinnuleysið og það, sem erfiðast er viðureignar, og áreiðanlega þarf stórátak til þess að ráða bug á. Atvinnuleysi er hér í Reykjavík þrátt fyrir það — ég vil ekki gera lítið úr því — en það er ekki nema smáræði miðað við það, sem er á Akureyri og Siglufirði. Þetta verða menn að játa, og þeim mönnum, sem falið er að ráða bót á atvinnuleysi eins og það er á tilteknum tíma, ber auðvitað skylda til að reyna að leysa þann vanda eins og hann er. Það er enginn vafi á því, að okkar aðgerðir hér í Reykjavík — ég skal koma að því á eftir — hafa haft margvísleg áhrif og verkað mjög til góðs. Ég játa, að þær hafa gert það á Norðurlandi og eiga eftir að hafa enn meiri áhrif. En vandinn er þar óneitanlega miklu meiri. Við sjáum einfaldlega af þessum tölum, að af mannfjölda á landinu alls er á Norðurlandi 1. des. 15%, en nú, 31. okt., er 41% af öllu atvinnuleysi á landinu á Norðurlandi, þ. e. töluvert meira en tvöfalt hærra en nemur hlutfalli þeirra af öllum mannfjölda. Í Reykjavík er það þó hlutfallslega minna heldur en mannfjöldahlutfallinu nemur. Og ég hygg, að þegar menn skoða þessar tölur og meta, þá geri þeir sér ljóst, að ef hægt er að segja, að einhverjum hafi sérstaklega verið ívilnað, þá er það auðvitað Norðurlandið, af því að það fær svo hlutfallslega langmest af því, sem hér hefur verið úthlutað. En það hefur verið óverjandi annað heldur en gera það fyrir þá, sem reyndu að leysa þetta mál eftir efnislegum rökum, en ekki með þröng kjördæmasjónarmið fyrir augum. Það var alvarlegt ástand á Austurlandi og er að vissu leyti enn. Miðað við mannfjölda er ástandið þar verra en í Reykjavík. Það mætti segja, að við hefðum þess vegna ekki gert eins vel við Austurland eins og Reykjavík hlutfallslega og alls ekki gert eins vel við Norðurland hlutfallslega eins og gert er við Reykjavík, þegar á vandann er litið, eins og hann liggur fyrir í dag. Þess vegna er þetta tal um það, hvort eitthvað hafi fjölgað meira eða minna á Norðurlandi, sannast sagt algerlega út í bláinn í þessu sambandi, af því að við vitum og sjáum, a. m. k. meðan síldveiði bregzt jafngersamlega og hún hefur brugðizt og meðan Norðurland á að búa við sína erfiðu veðráttu eins og t. d. nú, þá er ástandið þar því miður langlakast á landinu. Það er okkar höfuðvandamál, ef svo má segja.

Varðandi aftur á móti byggðirnar hér suður um, þá verður auðvitað ekki á móti því mælt, að Reykjavík og Reykjanes hafa notið stórkostlegra hlunninda og góðs af þeim miklu framkvæmdum, sem hér hafa verið, bæði Búrfellsvirkjun og álbræðslu. Þetta á auðvitað enn frekar við um Reykjanes heldur en okkur. Það má vitna í fleiri opinberar framkvæmdir þar suður frá. Það má vitna í hafnargerðina í Straumsvík, það má vitna í hinar miklu framkvæmdir í Kópavogi. Þegar á þetta allt er litið, sjáum við, að þörfin fyrir þessa aðstoð, sem við áttum að veita, var ekki eins brýn, a. m. k. ekki í Reykjaneskjördæmi, eins og annars staðar.

Aftur á móti má þá spyrja, og því er haldið fram hér af sumum: Var hallað á Reykjavík? Miðað við árangur og miðað við hlutfall vandans er ekki hallað á Reykjavík, ef við berum hana saman við Austurland og Norðurland. Það þori ég að fullyrða. Það má segja, að það sé hallað á Reykjavík miðað við Vestfirði og aðra slíka, þar sem tölurnar voru þannig, að ekkert atvinnuleysi var á þeim tíma, þegar verið var að úthluta þessu fé. En ef við hefðum átt að taka fé og flytja það frá landsbyggðinni til Reykjavíkur, hefði það fyrst og fremst hlotið að bitna á Norðurlandi. Og ég þori að fullyrða og segi það alveg hiklaust sem 1. þm. Reykv., að þá hefði verið framið ranglæti gagnvart Norðlendingum, sem ég vil ekki sem alþm. eða stjórnandi bera ábyrgð á. Hér verður auðvitað svo til viðbótar að gæta þess, og þá vitna ég í það, sem einn hv. þm. Reykv. sagði hér áðan, þegar hann talaði um, að sjávarútvegi færi hér hnignandi, að í þeim tölum, sem birtar eru á skránni, eru ekki taldar með þær 26 millj., sem lagðar hafa verið til hliðar handa Reykjavík til eflingar fiskveiða. Og það var einmitt eftir fullkomnu samráði við atvinnumálanefnd Reykjavíkur, sem sú ákvörðun var tekin. Það voru ýmsar bollaleggingar um, hvernig því fé ætti að verja. En niðurstaðan varð þessi, að leggja fé til hliðar, að Reykvíkingar fengju í raun og veru ákvörðunarrétt um þetta, en með samþykki atvinnumálanefndar ríkisins, þegar þar að kemur. Þar er um alveg öruggan og ákveðinn sjóð að ræða, sem Reykjavík hefur í handraðanum. En Reykjavík hefur auðvitað einnig öðrum fremur notið góðs af þeirri fyrirgreiðslu, sem lánveitingar Seðlabankans til iðnaðarins gera mögulega. Reykvískur iðnaður hefur einnig notið mjög góðs af gengislækkuninni. Það er ómótmælanlegt, enda

er það vitað mál, að hann hefur eflzt síðustu misseri.

Varðandi byggingariðnaðinn er það einnig ljóst, að hann hlýtur mjög að njóta góðs af þeim ráðstöfunum, sem nú hafa verið ákveðnar og miðaðar eru einmitt við þær ráðstafanir, sem fulltrúar byggingariðnaðarmanna sjálfra töldu verða að mestu gagni. Það var mjög rætt um það í haust og síðari hluta sumars, hvort vænlegra væri að veita nú verulegt fé til lána til algerra nýbygginga eða til þess að ljúka þeim byggingum, sem þegar eru komnar nokkuð á veg. Og það var sett upp ákveðin áætlun um þær framkvæmdir einmitt með það fyrir augum, að þeir, sem kunnugastir voru byggingariðnaðinum hér, sögðu: Með þessu móti kemur fé að langsamlega mestu gagni. Í fyrravetur var útvegað fé allt að því 120 millj., sem að mestu leyti fór einnig til bygginga í Reykjavík, eins og að var fundið af ýmsum öðrum. Þá var sagt: Sú fjárveiting kom ekki að fullu gagni vegna þess, að hún fór verulega til þess að greiða upp skuldir. Það var auðvitað liðkað til á ýmsa vegu, en því var haldið fram, að það hefði ekki orðið til þess að bæta verulega úr atvinnuleysi. Nú var haft samráð við fulltrúa iðnstéttanna um það, hvernig þessu fé yrði bezt varið og það var beinlínis eftir þeirra till., sem þessi háttur var á hafður og sú ákvörðun gerð, sem lýst var í tilkynningu félmrn. frá 16. sept. Ég skal ekki lesa hana hér upp, en mönnum er hún efnislega kunnug. Þetta stendur óhaggað.

Þess vegna held ég, að þegar þetta mál er skoðað, hafi verið reynt eftir föngum að gæta réttar og þarfa allra aðila, eftir því sem hægt er miðað við takmarkaðar fjárhæðir. Það er ómótmælanlegt, að það var hægt með ýmsum tiltölulega litlum fjárveitingum eftir þær almennu efnahagsráðstafanir, sem gerðar voru í fyrra, að hleypa miklu fjöri í atvinnurekstur víðs vegar um landið með þeirri fyrirgreiðslu, sem nefndirnar veittu, en það þurfti stórfé til þess að bæta úr brýnni þörf á Norðurlandi, þá ekki sízt á Akureyri og Siglufirði og að nokkru leyti á Sauðárkróki. Þetta var gert. Í Reykjavík hefur verið reynt að greiða fram úr þeim málaleitunum, sem til nefndarinnar komu, jafnvel þó að nefndin teldi sér ekki fært að verða við þeim í einstökum tilfellum, og Reykvíkingar öðrum fremur njóta góðs af þeim almennu ráðstöfunum, sem gerðar hafa verið í lánamálum, bæði verksmiðjuiðnaðar og byggingariðnaðar. Hitt er svo annað mál, að það verður, eins og hv. 4. þm. Reykv. sagði, að fylgjast með þessum málum og sjá, hvað unnt sé að gera. Það er alveg rétt. Og þessi mál verða aldrei afgreidd í eitt skipti fyrir öll meðan við erum í vanda stödd. Aftur á móti sjáum við, hvernig atvinnuleysið sveiflast til, jafnvel hér í Reykjavík, en einnig á ýmsum stöðum úti á landi, algerlega eftir tíðarfari og gæftum, sem auðvitað verður ekki ráðið við með opinberum aðgerðum nema að sáralitlu eða engu leyti. Það eru staðreyndir.

Mér er það ljóst, að þessar umr. um fsp. gefa mönnum ekki færi til þess að ræða málið frá öllum hliðum. En fsp. komu fram og ég hef reynt að svara þeim eftir því sem kostur var og reynt að haga mínum málflutningi þannig, að hann yrði frekar til upplýsingar, en ekki til áreitni þannig, að af því þyrftu út af fyrir sig að spretta langar umr.

5. Lán- og styrkveitingar atvinnumálanefndar ríkisins (fsp. JSk).

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um lán og styrkveitingar atvinnumálanefndar ríkisins [68. mál, 1] (A. 76).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til umr.
[Fsp. var svarað og um hana rætt samtímis fsp. næst hér á undan, sjá þær umr.]

6. Skóla- og námskostnaður.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um skóla- og námskostnað [68. mál, 2] (A. 76).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh. í fyrsta lagi, hvað líði framkvæmd þáltill. frá 14. maí 1969 um skóla- og námskostnað. Í till. þessari segir á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera yfirlit um kostnað ríkisins við skyldunám og framhaldsskóla. Skal af yfirlitinu mega sjá, hver hann er: a) við heimavistarskóla, b) við aðra skóla,

Einnig komi fram í yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist. Stefnt verði að því, að yfirlit þetta verði lagt fyrir næsta reglulegt Alþ."

Þetta var þáltill. frá 14. maí 1969 um skóla- og námskostnað.

Í öðru lagi hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh., hvort vænta megi till. frá ríkisstj. um að bæta aðstöðu þeirra nemenda, sem þurfa að búa utan heimila sinna meðan á námi stendur í skyldunámsskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum. Það er viðurkennd staðreynd, að þeir nemendur, sem búa utan heimila sinna meðan á námi stendur, hvort heldur er í skyldunámsskólum, gagnfræðaskólum, menntaskólum eða jafnvel háskóla, verða að greiða margfaldan kostnað af námi sínu miðað við hina, sem eiga heimili á skólastaðnum. Er þessi kostnaður oft svo tilfinnanlegur, að mörgum heimilum, sem þurfa að kosta mörg börn eða unglinga í skóla, liggur við að sligast undir honum.

Þess eru einnig fjölmörg dæmi, að unglingar, sem lokið hafa skyldunámi, verða að hætta við frekara nám, enda þótt þeir séu gæddir ágætum námsgáfum og hafi einlægan áhuga á að afla sér frekari menntunar. Er óhætt að fullyrða, að af þessu leiði mikið þjóðfélagslegt tjón, auk þess ranglætis, sem í því felst, að efnilegir unglingar skuli af efnahagsástæðum ekki geta aflað sér þeirrar menntunar, sem hugur þeirra stendur til. Úr þessu misrétti verður þess vegna að bæta. Í því sambandi koma ýmsar leiðir til greina. Eðlilegt sýnist að greiða ákveðna upphæð hverjum nemanda á hvern dvalardag utan heimilis við nám, lægri upphæð þeim, er njóta heimavistar og sameiginlegs mötuneytis, en hærri upphæð þeim, sem utan þeirra búa, þar sem kostnaður þeirra yrði í flestum tilfellum hærri. Þessi upphæð yrði að vera það há, að hlutaðeigandi nemendur yrðu eigi verr settir en hinir, sem stunda skólagöngu frá heimilum sínum. Til þess að koma þessu réttlætismáli í framkvæmd yrði annað tveggja að gerast: að sett yrði sérstök löggjöf um hana, þ. e. aðstoðina, eða notuð yrðu ákvæði gildandi laga eftir því sem þau duga, t. d. í þágu skyldunámsnemenda. Um slíka aðstoð við framhaldsskólanemendur yrði hins vegar að setja nýja löggjöf. Kjarni málsins er, að þann tilfinnanlega aðstöðumun, sem nú ríkir í þessum efnum, verður að jafna. Annað er ekki sæmandi.

Ég vænti, að af svari hæstv. menntmrh. við fsp. mínum muni koma í ljós, hvernig þessi mál standa, og hvað hæstv. ríkisstj. og hann hafa í hyggju að gera til úrbóta í þessu máli.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fyrst er um það spurt, hvað liði framkvæmd þál. frá 14. maí 1969, um skóla- og námskostnað. Á vegum menntmrn. hefur farið fram mjög ítarleg rannsókn á því, hver er kostnaður ríkisins við skólahald á nemanda í barnaskólum í kaupstöðum annars vegar, barnaskólum annars staðar en í kaupstöðum hins vegar, barna- og unglingaskólum annars staðar en í kaupstöðum, gagnfræðastigsskólum annars staðar en í kaupstöðum og gagnfræðaskólum í kaupstöðum. Þessu er skipt eftir því, hvort um er að ræða heimangönguskóla eða heimavistarskóla. Nákvæm vitneskja um það, hver kostnaðurinn er í raun og veru, hlýtur að sjálfsögðu að vera grundvallarundirstaðan undir því, hvaða till. er skynsamlegt að gera varðandi lausn á þeim vanda, sem hv. þm. ræddi um í framsöguræðu sinni og liggur að sjálfsögðu til grundvallar þeirri þál., sem Alþ. samþykkti að ég bezt man samhljóða á s. l. vori. En tölur um þennan kostnað hafa ekki legið fyrir í þeim skýrslum, sem venjulega eru gerðar samkv. reglulegum hætti um rekstrarkostnað skólanna. Enn fremur hefur verið gerð athugun á rekstrarkostnaði eða framlögum ríkisins til menntaskólanna í kaupstöðum annars vegar og svo á Laugarvatni hins vegar, þar sem um heimavist er að ræða. Jafnframt hefur verið gerð athugun á stofnkostnaði skóla eftir því, hvort um heimavistar- eða heimangönguskóla er að ræða, og enn fremur á tilkostnaði heimila vegna nemenda í heimavistarskóla. Hér er um að ræða margar og flóknar tölur, sem ég sé ekki ástæðu til þess að gera hinu háa Alþ. grein fyrir í einstökum atriðum á þessum vettvangi, en ég er að láta ganga frá niðurstöðunum og talnaverkinu öllu í aðgengilegu formi og mun síðan láta alla hv. alþm. fá þann bækling, þegar hann hefur verið fjölritaður. Helztu niðurstöður af þessari athugun skal ég þó greina við þetta tækifæri og svo á eftir svara síðari fsp. um það, hvort vænta megi till. frá ríkisstj. um að bæta aðstöðu þeirra nemenda, sem þurfa að búa utan heimila sinna meðan á námi stendur í skyldunámsskólum, gagnfræðaskólum og menntaskólum.

Upplýsingarnar um framlög ríkisins til barnaskóla, sem eru heimangönguskólar, eru þessar:

Barnaskólar í kaupstöðum: Tala nemenda þar er 18 594, heildarkostnaður ríkisins er 182.3 millj. kr. eða kostnaður á nemanda 9 803 kr. Í barnaskólum annars staðar en í kaupstöðum, heimangönguskólum, eru 3 003 nemendur, heildarkostnaður er 33.3 millj. kr. og kostnaður á nemanda 11 091 kr. Í barna- og unglingaskólum, þeim skólum, sem eru hvort tveggja í senn barna- og unglingaskólar, annars staðar en í kaupstöðum, eru 5 634 nemendur, heildarframlög ríkisins eru 77.4 millj. og kostnaður á nemanda 13 735 kr. Í gagnfræðastigsskólum annars staðar en í kaupstöðum eru 927 nemendur, kostnaður alls er 13.1 millj. kr. og kostnaður á nemanda 14 128 kr. Og að síðustu er að geta gagnfræðastigsskóla í kaupstöðum. Þar eru nemendur 9 958, heildarkostnaður ríkisins er 140.6 millj. kr. og kostnaður á nemanda 14 118 kr. Nemendafjöldi alls í heimangönguskólum er þannig 38 116 nemendur og heildarkostnaður ríkisins 446.7 millj. kr. Hér vantar því miður meðalkostnaðinn, hefur af einhverjum ástæðum ekki þótt rétt að reikna hann út, af því að hann sýni ekki raunhæfa

tölu. Sá, sem vill, getur reiknað hann út sjálfur, ef hann telur þá tölu hafa einhverja þýðingu. Heildarkostnaðurinn er 446.7 millj. kr., en tölfræðingarnir hafa ekki talið þá meðaltalstölu hafa raunhæfa þýðingu.

Þá kem ég að heimavistarskólum og eru fyrst barnaskólar. Í heimavistarbarnaskólum eru nemendur 727, kostnaður ríkisins er alls 14.5 millj. kr. og kostnaður á nemanda 20 059 kr. Barna- og unglingaskólar með heimavist: Tala nemenda er 1508, heildarkostnaður er 27.9 millj. kr. og kostnaður á nemanda 18 490 kr. Héraðsskólar: Þar er 831 nemandi, kostnaður ríkisins er 28.1 millj. og meðalkostnaður á nemanda 33 792 kr. Samtals í heimavistarskólum er nemendatalan 3 063, heildarkostnaður er 70.5 millj. kr., en af sömu ástæðu og áður er hér ekki reiknaður út meðalkostnaður á alla heimavistarskólana.

Í þessari upptalningu er þrem skólum sleppt, Laugaskóla vegna þess, að um hann gilda aðrar reglur en um aðra héraðsskóla, og enn fremur er gagnfræðaskólunum í Stykkishólmi og á Brúarlandi sleppt, þar sem þeir eru að hluta heimavistarskólar, og þess vegna ekki hægt að draga þar þá hreinu línu, sem hér er dregin á milli heimavistarskóla og heimangönguskóla. En kostnaður við þessa þrjá skóla er 6.1 millj. kr., þannig að heildarkostnaður ríkisins til þeirra skóla, sem hér er um að ræða, er 523.3 millj. kr.

Þá er að taka menntaskólana. Þar er Menntaskólanum við Tjörnina sleppt vegna þess, að þar er um nýjan skóla að ræða, sem ekki er reynsla fengin á. Í Menntaskólanum í Reykjavík eru 1525 nemendur, kostnaður við hann er 42.7 millj. kr. og kostnaður á nemanda 27 993 kr. Í Menntaskólanum á Laugarvatni eru 160 nemendur, kostnaður er 5.9 millj. kr. og kostnaður á nemanda 36 725 kr. Í Menntaskólanum á Akureyri eru 550 nemendur, heildarkostnaður er 15.0 millj. kr. og kostnaður á nemanda 27 307 kr. Í menntaskólunum eru alls 2235 nemendur og heildarkostnaður ríkisins við rekstur menntaskólanna 64.6 millj. kr. Það veldur því, að heildarrekstrarkostnaður ríkisins við skóla, sem ég hef nefnt, er 586.9 millj. kr.

Það, sem ber að vekja athygli á í sambandi við þessar tölur, er, að kostnaður á nemanda er langlægstur í heimangöngubarnaskólum í kaupstöðum, þar er hann 9 803 kr. á nemanda. Í heimangönguskólunum er kostnaðurinn hæstur á gagnfræðastigsskóla utan kaupstaða, 14 128 kr. Hæstur kostnaður á nemanda í barna- og unglingaskólum er í héraðsskólunum, þar sem kostnaðurinn er 33 792 kr. á nemanda. M. ö. o., bilið á milli lægsta nemandakostnaðar og hæsta nemandakostnaðar á barna- og unglingastiginu er á milli heimangöngubarnaskóla í kaupstöðum, sem eru með 9 800 kr. á nemanda, til héraðsskólanna í sveitum, þar sem hann er 33 800 kr. eða meira en þrefaldur, milli þrefaldur og fjórfaldur. Í heimavistarmenntaskóla í sveit er þó kostnaðurinn enn hærri. Þar er kostnaðurinn á nemanda tæp 37 þús. eða næstum 10 þús. kr. hærri en á menntaskóla í kaupstað, þ. e. menntaskóla í Reykjavík. Kostnaður á Akureyri, þó að að hluta sé heimavistarskóli, er nokkru lægri.

Um byggingarmálin er það að segja, að samkv. hinum nýju skólakostnaðarlögum greiðir ríkið 100% af áætluðum byggingarkostnaði heimavistarrýmis skyldunáms, ef tvö eða fleiri sveitarfélög sameinast um heimavistina, en 50% af áætluðum kostnaði kennslurýmis. Ef um hreinan heimavistarskóla er að ræða, verður kostnaðarþátttaka ríkissjóðs í allri framkvæmdinni yfirleitt um það bil 75–80% samkv. núgildandi lögum. Ef tekið er dæmi af 80 nemenda skóla og borinn saman stofnkostnaður heimangönguskóla annars vegar og heimavistarskóla hins vegar og miðað við byggingarvísitölu 118, þá mundi heimangönguskóli kosta ríkið um 16 millj. kr. og ríkið greiða helminginn af því eða um 8 millj. kr., sem er um 100 þús. kr. á nemanda. Heimavistarskóli mundi hins vegar kosta fyrir jafnmarga nemendur 42 millj. kr. og ríkið mundi greiða 31–34 millj. kr. eftir því, hvort miðað er við eldri eða nýrri ákvæðin. Um suma skóla, sem enn eru í byggingu, gilda gömlu ákvæðin. Þá mundi kostnaðurinn nema um 31 millj. kr., en samkv. nýrri ákvæðunum um 34 millj. kr. Framlög ríkisins til 80 manna heimavistarskóla eru því um 34 millj. kr. eða rúmar 400 þús. kr. á nemanda. Ef um heimangönguskóla er að ræða, er kostnaðurinn hins vegar í heild um 8 millj. kr. eða um 100 þús. kr. á nemanda. Það kostar því ríkið um það bil 24 millj. kr. meira að byggja 80 nemenda heimavistarskóla en að byggja 80 nemenda heimangönguskóla. Það kostar ríkið um það bil 300 þús. kr. umfram á nemanda að byggja 80 nemenda heimavistarskóla miðað við að byggja 80 nemenda heimangönguskóla. Reiknað hefur verið út af hagfræðingum, að sé miðað við 8% ársvexti, verði umframkostnaður ríkissjóðs á hvern nemanda um það bil 25 þús. kr. á ári, ef nemandinn stundar nám sitt í heimavistarskóla miðað við það, að hann stundi nám sitt í heimangönguskóla. M. ö. o., framlag ríkisins – stofnkostnaðarframlag ríkisins – til menntunar nemandans í heimavistarskólanum er á ári um það bil 25 þús. kr. á hvern nemanda í heimavistarskólanum miðað við það, að hann hefði getað stundað nám í heimangönguskóla.

Að síðustu hefur svo verið gerð athugun á því, hver tilkostnaður heimilanna sé vegna nemenda í heimavistarskólum. Það, sem ég hef sagt í þeim tölum fram að þessu, er það, hvað ríkið leggur þegar af mörkum í rekstrarkostnað annars vegar og í stofnkostnað hins vegar vegna þeirra nemenda, sem stunda nám í heimavistarskólum, umfram þá nemendur, sem stunda nám í heimangönguskólum. Það segir ekki alla söguna. Einnig þarf að taka tillit til þess viðbótarkostnaðar, sem það hefur í för með sér fyrir heimilin að hafa nemendur í heimavistarskóla umfram það að hafa þá í heimangönguskóla. Og það má að vissu leyti segja, að það sé mergur þess máls, sem við blasir. Nemendur á skyldufræðslustigi, sem búa í heimavist, greiða hráefniskostnað í fæði sínu.

Öll matreiðsla o. þ. h. er greidd af því opinbera, ríki og sveitarfélögum. Þessara kjara njóta einnig þeir skyldufræðslunemendur, sem enn eru í héraðsskólunum. Aðrir heimavistarnemendur greiða einnig vinnulaun vegna matreiðslunnar, en húsnæði auðvitað ekkert. Þessar upplýsingar liggja fyrir um fæðiskostnað nemenda, miðað við drengi í heimavist á þeim vetri, sem nú er nýbyrjaður: Kostnaður heimavistarnemenda í menntaskóla er talinn vera á bilinu 24—34 þús. kr., í héraðsskóla á bilinu 25—30 þús. kr., og í barna- og unglingaskóla frá 5 þús. og upp í 16 þús. kr. Í þessu sambandi er athugandi, að heimavistardagar nemenda í barna- og unglingaskólum eru afar mismunandi, frá því að vera 30 dagar fyrir yngstu börnin og allt að 108—190 dagar fyrir 2. bekk unglingastigs. Ég eyði ekki frekari tíma hins háa Alþ. í að skýra frá tölum um þetta efni, en ítreka, að fjölrituð skýrsla um þetta, þar sem allar upplýsingar eru gefnar, sem við höfum á reiðum höndum, mun berast alþm. í hendur innan skamms tíma.

Þá spurði hv. þm. um, hvort vænta mætti tillagna frá ríkisstj. um að bæta aðstöðu þeirra nemenda, sem þurfa að búa utan heimila sinna meðan á námi stendur. Það er í menntmrn. unnið að tillögugerð í sambandi við þetta vandamál, og mun hún áreiðanlega koma til kasta Alþ. áður en fjárl. verða afgreidd. Þessari tillögugerð er ekki fulllokið enn, þar eð svo stuttur tími er liðinn síðan þessari viðtæku athugun lauk, að endanlega hefur ekki tekizt að ljúka því verki. Ríkisstj. í heild hefur því ekki fjallað um þær hugmyndir, sem uppi eru, en hún mun gera það á næstunni og þá eflaust hafa samband eða samvinnu við hv. fjvn. um það, hvernig á þessum vanda skuli tekið. Það er mér þó óhætt að segja, að ýmsir sérfróðir menn, sem að þessum málum hafa vandlega unnið, eru, að ég held mér sé óhætt að segja, ekki þeirrar skoðunar, að rétt sé að taka á vandanum með svo einföldum hætti sem fram kom í ræðu hv. þm. og liggur að baki því frv., sem þegar hefur verið flutt í hv. Nd. Alþ. um málið, þ. e. að greiða ákveðna upphæð á nemanda. Frv. gerir ráð fyrir einni allsherjarupphæð á hvern nemanda, algerlega án tillits til þess hvernig á stendur. Hv. þm. nefndi í fsp. sinni tvær upphæðir. Þeir embættismenn, sem að þessu vinna, telja hér vera um flóknara vandamál en svo að ræða, að hægt sé að leysa málið þannig, að ein eða tvær upphæðir dugi ýmist á alla heimavistarnemendur eða á tvo hópa heimavistarnemenda. Það þurfi að semja um málið mun margbrotnari og flóknari reglur heldur en liggja að baki þessum einföldu hugmyndum. Þeir telja líka, að ekki sé heldur hægt að leysa málið með fullri sanngirni eða réttlæti upp á þann máta að miða jöfnun aðstöðumunarins eingöngu við það að greiða fæðiskostnað niður mun frekar en nú er gert, né heldur að greiða niður enn frekar en nú er gert aksturskostnað frá heimili til skóla. Það þurfi að taka tillit til margra atriða við reglur, sem settar kynnu að verða um þetta mál, en hafa þá sem grundvallarsjónarmið fjarlægðina frá heimilinu til skólans, en að engin ein viðmiðun í þessu muni geta dugað, heldur þurfi viðmiðanirnar að verða margar og reglurnar talsvert flóknar. En um það mun ríkisstj. fjalla, að ég vona innan skamms, og þá mun fjvn. að sjálfsögðu fá málið til meðferðar.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hinar ítarlegu og greinargóðu upplýsingar, sem hæstv. menntmrh. gaf til svars við mínum fsp. Enn fremur fagna ég því, að innan skamms muni liggja fyrir þingheimi öllum skrifleg grg. um þær tölur, sem hann fór með. Hér er, eins og hann sagði, um nokkuð flókið mál að ræða tölulega séð. Hitt er einfalt mál, að nauðsynlegt er að jafna þann ósanngjarna aðstöðumun, sem æskufólk í landinu býr við varðandi möguleika til þess að afla sér menntunar. Ég treysti því, að hjá hæstv. ríkisstj. ríki nauðsynlegur skilningur á því, að þetta vandamál verði að leysa hið fyrsta.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Hv. fyrirspyrjandi bíður rólegur eftir till. ríkisstj. í þessu máli, en ég verð að segja það um mig, að ég bíð dálítið spenntur eftir því, hverjar till. verða. En ég vil af þessu tilefni lýsa ánægju minni yfir þeim áhuga, sem virðist skyndilega vera vaknaður hjá hæstv. menntmrh. og raunar fleiri hv. stjórnarþm., á þessu mjög svo merkilega máli. Ég treysti mér nú ekki til þess að fara að ræða þessa skýrslu, sem hæstv. menntmrh. gaf, enda er hún raunar ekki að fullu fram komin, þar sem hann hefur heitið því að senda okkur fjölritaða skýrslu um þetta efni, og vil ég þakka það út af fyrir sig, því það er miklu aðgengilegra heldur en ef hann hefði farið að lesa hana hér í þinginu. En ég vil minna á það, að í mörg ár hefur þetta mál verið rætt hér á þinginu, m. a. af mér, og það fyrir næsta daufum eyrum lengst af. Þetta mál, að nauðsynlegt sé að jafna námsaðstöðu í landinu með þeim hætti að greiða af almannafé aukakostnað, sem nemendur á skyldunáms- og framhaldsskólastigum verða að taka á sig vegna skólagöngu sinnar, — um þetta efni hef ég ásamt fleiri framsóknarmönnum flutt þingmál ár eftir ár, og þessu hefur satt að segja verið mjög lítill gaumur gefinn fyrr en núna á allra síðustu mánuðum, og ber að þakka það. Í því máli, sem við höfum flutt um þetta, framsóknarmenn, í mörg ár, var beinlínis lagt til, að sú stefna yrði upp tekin, að slíkur kostnaður yrði greiddur, þ. e. kostnaðarauki heimilanna í dreifbýlinu yrði léttur. Þessi þáltill. okkar framsóknarmanna, sem hér var að velkjast í þinginu árum saman, var svo samþ. á síðasta þingi með talsverðum efnisbreytingum að vísu, en þó þannig, að við flutningsmenn töldum ekki ástæðu til annars en að vona, að þrátt fyrir allt mundi samþykkt tillögunnar verða málefninu sjálfu til framdráttar, þó að við hefðum heldur kosið, að upphaflegt orðalag og efni hefði haldið sér. Ég vil því benda á, að þær upplýsingar, sem hæstv. menntmrh. gaf hér

áðan, eru árangur af þessari baráttu okkar, viðleitni okkar framsóknarmanna í þessu máli um margra ára skeið. Það má kannske segja, að árangurinn sé ekki mikill, en ég tel það þó til mikilvægs árangurs af okkar viðleitni að afla þessu máli fylgis, að hæstv. menntmrh. marglýsir yfir því, að þetta sé stórmál og það sé fullkomið réttlætismál að gera eitthvað í þessu. Ég vil þá líka minna á það einmitt í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði um framkvæmdir í þessu máli, að það má ekki láta hér staðar numið. Það er sem sagt komið að því, að þessu máli verður að fylgja eftir. Og það er þannig komið, að allir, sem áhuga hafa á þessu máli og skilja nauðsyn þess, sameinist um að finna því skynsamlegt form. Og einmitt vegna þess að menn hugleiða, hversu mikið fjárhagsmál þetta sé, þá vil ég ekki að neinn okkar sé að blekkja sig á því, að þetta sé fjárhagslega auðvelt eða það sé fjárhagslega lítill baggi fyrir ríkissjóð, ef út í þetta verður farið. Því þessu er alls ekki þannig farið. Ef á að fara út í þetta af einhverjum myndarskap, þá verður ekki komizt hjá því að verja til þess verulegu fé. En í það má auðvitað ekki horfa. Ég held því, að við ættum að hefjast handa í þeim anda, sem till. okkar framsóknarmanna gerði ráð fyrir á sínum tíma og eins og við höfum sett þetta mál upp, þannig að börnin og unglingarnir úr sveitinni geti notið sömu fjárhagslegrar aðstöðu í sambandi við skólanám og börnin, sem eiga skemmra að sækja skóla og geta búið í foreldrahúsum á skólatímanum. Mergurinn málsins, eins og hæstv. ráðh. sagði hér áðan, er auðvitað tilkostnaður heimilanna, hitt skiptir miklu minna máli í þessu sambandi, hvað það er mikið, sem ríkið þarf að leggja til skólanna, hversu út kemur sá hlutfallsreikningur, sem hann var hér að gefa upplýsingar um. En sem sagt, ég held að við verðum að finna leið út úr þessu, til þess að jafna þennan aðstöðumun, sem er á skólagöngunni, því að slíkt er bæði sanngirnismál og fullkomið réttlætismál.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Vist eru þær tölur fróðlegar, sem hæstv. ráðh. lagði hér fram um kostnað ríkisins vegna hinna ýmsu tegunda skóla, en þær snerta þó að ákaflega litlu leyti það vandamál, sem um er fjallað í frv. því, sem ég flutti hér í byrjun þings, og einnig að mjög litlu leyti það vandamál heimilanna, sem um er fjallað í þeirri fsp., sem hér er til umr. Ég hefði því vænzt þess, að meginhluti ræðu hæstv. ráðh. fjallaði um vandamál heimilanna fremur en um skýrslugerð af hendi ríkisins um tilkostnað þess varðandi þetta mál, því að hið tilfinnanlega vandamál er vandamál heimilanna í þessu sambandi, en það fannst mér afskaplega lítið koma við tilfinningar hæstv. ráðh. Hér er um svo alvarleg vandamál að ræða, að hægt er að fullyrða, að ef ekki er úr bætt, þá verður menntun á Íslandi sérréttindi efnafólks, og að nokkru leyti komið undir því, hvar fólkið býr í landinu. Þetta er það, sem ég held að hæstv. ráðh. ætti að beina athygli embættismannanna, sem um þetta fjalla, meira að, heldur en að grafa upp tölur og skýrslur úr bókfærslu ríkisins. Málið er ekki um það.

Embættismenn ríkisins, sagði hæstv. ráðh., þeir álíta, að þetta mál sé mjög flókið. Jú, það er náttúrlega hægt að gera öll mál flókin, en það er ekki leiðin til lausnar á þeim. Það væri miklu nær að reyna að finna einhverja einfalda lausn, sem kæmi þó til móts við þennan vanda fólksins og létti þær ofurþungu byrðar, sem eru að sliga mörg heimili í landinu. Hæstv. ráðh. sagði, að embættismennirnir segðu, að fjarlægðin milli heimilis og skóla væri grundvallaratriði þessa máls, ég álít það hégómahlið þessa máls. Ég held, að ákaflega litlu varði, hvort það eru 5 km eða 500 km frá heimili til skólans. Kostnaðurinn við að ráðstafa barni í heimavist fer ekkert eftir vegalengdinni milli heimilisins og skólans. Og þetta sýnir betur en allt annað, að embættismennirnir hafa ekki litið mjög á hina alvarlegu hlið þessa máls. Þeir eru einhvers staðar á allt öðrum sviðum. Þeir eru ekki heldur að fjalla um fjárhagslega vandamálið, sem blasir við heimilunum. Það er bersýnilegt. Þar varðar fjarlægðin milli heimilis og skóla ákaflega litlu. En þess sakna ég mest, að hæstv. ráðh. skuli ekki gefa okkur neina innsýn í það, hvað embættismennirnir, sem eru að athuga þetta mál, segja um framkvæmanlega úrlausn á fjárhagslegu, efnahagslegu vandamáli heimilanna varðandi þetta mál. Það þyrftum við að fá að vita eitthvað um. Væntanlega er málið ekki svo flókið í höndum embættismannanna, að þeir eygi þar enga lausn. Þá er illa farið.

Ég spyr því hæstv. ráðh., hverjar séu hugmyndir embættismannanna, sem mér skilst að um lengri tíma hafi verið að athuga þetta vandamál, hverjar séu þeirra hugmyndir um mögulega lausn þess. Ég var búinn að velta því mikið fyrir mér, hvort hægt væri að leysa þetta með þátttöku ríkisins í hlutfallslegum tilkostnaði hvers heimilis. Ég komst að þeirri niðurstöðu, að í mörgum tilfellum mundi verða erfitt fyrir heimilin að sanna, hver hinn raunverulegi tilkostnaður væri, einkanlega þegar honum hefur verið ráðstafað á annan veg en í heimavist til opinberra skóla, og gæti þá orðið handahófskennd framkvæmd, ef ósannaðar fjárútlátakröfur væru þarna lagðar til grundvallar þátttöku ríkisins í tilkostnaðinum. Málið er tiltölulega auðvelt, ef miðað er við kostnaðinn, t. d. í fyrsta lagi meðaltalskostnaðinn á barnaskóla- og skyldunámsstiginu, í annan stað á gagnfræðastiginu, varðandi heimavistarkostnað í skólum gagnfræðastigsins, og í þriðja lagi meðaltalsheimavistarkostnað í skólum menntaskólastigsins. Það voru nokkrir hv. þm., sem fóru inn á það, að það hefði átt að taka háskólastigið með. Ég gerði það ekki í mínu frv., af því að sérstök lána- og styrktarkerfi eru í gangi varðandi námsaðstöðu og fyrirgreiðslu þeirra, sem stunda háskólanámið. Einhverjir höfðu líka bent á það, að æskilegt hefði verið að taka margs konar sérskóla inn í frv.,

t. d. iðnskólanámið, en þar er um fyrirgreiðslu að ræða eða þátttöku í kostnaði við námið á mjög mismunandi hátt, svo að ég treysti mér nú ekki til þess. Þeir geta gert það, sem vilja gera málið flókið, það eru víst nógu margir, sem vilja það. Sumir nemar í iðngreinum eru á fullum verkamannalaunum við sitt nám, eða jafngildi þess fyllilega, þannig að ég tók það ekki með.

Ég held því, að það sé hægt líka, hæstv. ráðh., að gera málið nokkuð einfalt og ná þó réttlátri lausn að verulegu leyti, ef menn líta á byrði heimilanna, sem í mörgum tilfellum er ekki margir tugir þús., heldur á annað hundrað þús. kr. á ári. Heimili, sem hafa 3—4 börn á barnafræðslu-, unglingaskólastigi eða menntaskólastigi, — þau heimili eru mörg — verða fyrir fjárútlátum allt upp í á annað hundrað þús. kr. á ári og ef um er að ræða að fylgja börnunum eftir í 7 ára skyldunámi og síðan framhaldsskólanáminu, þá hefur þarna verið um slík útgjöld að ræða yfir áratug. Þetta er það alvarlega við málið, sem getur stöðvað efnismenn á námsbraut sinni, og dugir þá lítið að segja, að tryggja þurfi ungu fólki möguleika til að mennta sig eins og hæfileikar standi til, eins og hugur og hæfileikar standi til, vil ég nú segja, en þar verður úr að bæta, ef sú hugsjón á að verða að veruleika.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu erfitt verk að átta sig á öllum þeim tölum, sem hæstv. ráðh. las hér upp áðan, og skal ég ekki fara mikið út í þær. En mig langar til þess að biðja hann að svara því, hvort þær tölur, sem hann nefndi um fæðiskostnað í heimavistarskóla, væru um nokkuð fleira en fæðið, sem hann var að tala um. Það er þá ekkert annað.

Þær tölur, sem hann nefndi, náðu eingöngu til fæðis í heimavistarskólum. Ég held, að þetta séu harla litlar upplýsingar um það, hversu miklum mun það er dýrara fyrir nemendur að dvelja í skólum fjarri heimilum sínum, miðað við hina, sem geta sótt skólann heiman frá sér. Það er sannarlega sitthvað fleira en fæði, sem þeir þurfa að borga. Ég heyrði hæstv. ráðh. ekki nefna neitt um húsnæðiskostnað, ekkert um ferðakostnað. Allt eru þetta hlutir, sem þeir verða að borga sérstaklega, sem eru langt að komnir og verða að dvelja fjarri heimilum sínum við nám. Í þál. þeirri, sem samþ. var á s. l. vori, var m. a. sagt, með leyfi hæstv. forseta: „Einnig komi fram í yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist.“ Kemur það fram í þessari skýrslu, hver þessi munur er? Þessi er höfuðkjarni málsins, sem við þurfum að snúa okkur að núna, það er að finna þennan mismun. Ég tók eftir því, að þetta kom ekki fram í ræðu hæstv. ráðh., en hvort það felst einhvers staðar í þessari skýrslu, þegar við fáum hana, það veit ég ekkert um.

Eins og hv. síðasti þm. nefndi, þá er það þessi kostnaður, sem er að gera fólki víðs vegar um landið ómögulegt að senda unglinga sína til náms, og við þessu þurfum við að fá svör. Hvað nemur þessi kostnaður miklu? Mismunurinn á kostnaði þeirra, sem verða að fara frá heimilum sínum, og hinna, sem geta sótt skólana daglega heiman frá sér. Ef skýrslan fjallar ekki um þetta, þá liggur mér við að segja, að ég þurfi ekki að sjá hana. Annars bíður hv. menntmn. þessarar hv. deildar eftir þessari skýrslu, því að til hennar er komið frv. hv. 9. þm. Reykv.

Þá er það annað atriði, sem ég vil gjarnan spyrja hæstv. ráðh. um líka. Kemur það fram í þessari skýrslu, hversu margir þeir nemendur eru í öllum skólum landsins, sem stunda nám fjarri heimili sínu? Ekki bara í barnaskólum, miðskólum og gagnfræðaskólum, heldur í öllum skólum landsins. Ef menn ætla að gera sér grein fyrir, hversu mikið vandamál þetta er, þá verður þetta tvennt að liggja fyrir, hversu margir eru nemendur í öllum skólum landsins, sem verða að dvelja fjarri heimilum sínum við nám, og hins vegar, hversu mikill mismunur er á kostnaði þessara nemenda miðað við hina, sem sækja skólana heiman frá sér. Komi þetta ekki fram í þessari skýrslu, þegar hún endanlega kemur okkur í hendur, þá vantar svo mikið á það, að menn geti skapað sér skoðun á því, hvernig á að leysa vandann, að það er varla hægt að mínum dómi.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Mér finnst, að í þeim umr., sem hér hafa farið fram út af skýrslu menntmrh. um mismun á kostnaði við námsdvalir, hafi menn alltaf verið að bera það saman, hvað það kostaði annars vegar að búa í heimavist og hins vegar að sækja skóla heiman frá sér. En eru ekki fleiri vandamál í þessu heldur en bara þessi tvö, sem þarf að gera sér grein fyrir og bera saman? Ég held það. Ég held, að margir nemendur, sem ekki geta sótt skóla heiman frá sér, fái heldur ekki heimavist, m. ö. o., ef menn skilja ekki, hvað ég á við, þá sé hópur ungmenna, sem verður að kosta sig utan heimavista við framhaldsnám fjarri heimilum sínum, og ég hygg, að það sé þessi kostnaður, sem er þungbærastur fyrir aðstandendur þessara námsmanna og þá sjálfa. Ég veit, að þetta er ekki nýtt vandamál. Ég minnist þess frá mínum skóladögum, að það var aðstöðumunur þá ekkert síður en nú að koma úr sveit og kosta sig hér í Reykjavík í skóla, án þess að nokkur heimavist væri. Þetta vandamál er áreiðanlega ekki úr sögunni, og þær tölur, sem hæstv. menntmrh. flutti hér t. d. um nemendafjöldann í menntaskólunum, sýna það glöggt, að þetta vandamál hlýtur að vera til, því að í Reykjavíkurmenntaskólunum eru 1525 nemendur, eða meira en helmingur, miklu meira en helmingur af öllum menntaskólanemendum, og varla dettur okkur það í hug, að þessir 1525 nemendur séu allir úr Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesi. Það er því ekki lausn á þessum vanda, sem ég er hér að tala um, þó að það tækist að lækka fæðiskostnað í

heimavistum. Það kann vel að vera, að það sé nauðsynlegt, og heimavistardvöl er miklu dýrari en að búa heima hjá sér, en dýrast af öllu er þó að þurfa að sækja námið að heiman og fá ekki heimavist.

Ég fagna því, að það er kominn skriður á athugun þessa máls. Það er satt að segja búið að vera ótrúlega lengi á döfinni og næstum því óskiljanlegt, að fimm sinnum skuli hafa þurft að flytja þáltill. um það, að athugun færi fram á þessum aðstöðumun, áður en rn. hæstv. menntmrh. tekur til við þá athugun. Þessi þáltill. var víst samþ. í eitthvað breyttu formi í vor, en það hefur ekki unnizt tími til að vinna að henni betur en svo, að þegar við nokkrir framsóknarmenn vorum að velta þessu máli fyrir okkur í septembermánuði s. l., þá voru svörin, sem við fengum á æðri stöðum, þau, að engar upplýsingar væru um þetta mál. Það er ástæðan til þess, að ég lét þau ummæli falla hér við umr. um annað frv., frv. um ráðgjafar- og rannsóknarstofnun skólamála, þar sem vikið er að þessum þætti menntavandamálsins, að *mér þætti það hart, að hið opinbera neitaði* þm. um upplýsingar um það, sem verið væri að gera. Þá sagði hæstv. ráðh., að skýrsla um þetta mál yrði flutt hér á Alþ. næstu daga. Ég lét það gott heita, en nú er liðinn um það bil mánuður síðan þessi ummæli voru viðhöfð í Ed. Það er kominn hér útdráttur úr skýrslu að vísu, en þó ekki skýrslan sjálf og þangað til við sjáum skýrsluna verðum við að álíta, að þeirri spurningu, sem við höfum margir verið að velta fyrir okkur, sé þrátt fyrir allt alls ekki svarað, nefnilega þessari: Hvaða munur er á því að kosta nemanda í heimangönguskóla annars vegar og heimavistarskóla hins vegar og svo bæti ég við í þriðja lagi, hver er aðstöðumunur þess, sem hvorugra þessara kosta á völ?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Út af ummælum hv. síðasta ræðumanns varðandi það, að þessari fsp. er ekki svarað fyrr en í dag, er það að segja, að það hefur ekki staðið á mér með svarið, heldur hefur fsp. ekki komizt að á dagskrá Sþ. fyrr en í dag. Ég var tilbúinn með það svar, sem ég flutti, í fyrsta skipti sem fsp. var á dagskrá.

Ég get að sjálfsögðu ekki búizt við því, að þm., sem um þetta hafa sagt hér nokkur orð, hafi kynnt sér þetta geysiflókna mál, sem um er að ræða, til nokkurrar hlítar. Það væri ofætlun að ætlast til þess, að þeir hefðu þá þekkingu á málinu, að búast mætti við því, að allt, sem þeir segja um það, sé á fullum rökum reist, og ég skal ekkert ásaka þá fyrir það, þó að ýmis ummæli þeirra beri greinilega vott um, að þeir hafi ekki gert sér grein fyrir því, hvað þessi vandi, sem hér er um að ræða, er flókinn og hvað erfitt er að finna honum réttláta og skynsamlega lausn. Það er áreiðanlega markmið þeirra embættismanna, sem um málið hafa fjallað, og það verður án efa vilji ríkisstj., að skynsamlegar till. verði gerðar um málið, og ekki efa ég það, að Alþ. vilji taka á því með raunhæfum og hyggilegum hætti.

Ég verð var við það, að menn hafa undrazt nokkuð, að störf rannsóknarmannanna skuli hafa beinzt að því að kanna nákvæmlega í fyrsta skipti, hver er raunverulegur kostnaðarmunur við það að hafa börn og unglinga í heimavistarskóla í dreifbýli og hafa þá í heimangönguskólum. Það er vegna þess, að þeir og ég fyrir mitt leyti lít þannig á, að það, sem fyrst og fremst þurfi að gera í þessum efnum, sé að marka framtíðarstefnu í þessu máli. Vandinn er þessi, um það erum við allir sammála, vandinn er sá og hann fer vaxandi, að sumir landsmenn geta sent börn sín í skóla á þeim stað, þar sem fjölskyldan býr. Aðrar fjölskyldur verða að senda börn sín í skóla á annan stað en þar, sem heimili barnsins er. Þetta eru grundvallaratriði vandans, og þetta er enginn sérvandi fyrir okkur Íslendinga. Þetta er alþjóðlegur vandi, þetta er vandi alls staðar, þar sem þjóð býr ekki einvörðungu í borgum og kauptúnum, og engin þjóð, sem ég þekki til, *gerir það. Þessi vandi er alls staðar fyrir hendi,* og alls staðar hefur verið mikið um hann hugsað og í vaxandi mæli á undanförnum árum. Sannleikurinn er sá, að bæði hér og annars staðar eru uppi um það mjög ólíkar hugmyndir, hvernig greiða skuli úr vandanum í grundvallaratriðum. Og það má mér vera um manna kunnugast, sem jafnlengi hef gegnt því starfi, sem ég nú gegni, og raun ber vitni um, að mjög ólíkar skoðanir eru uppi um þetta efni meðal þeirra manna, sem í dreifbýlinu búa. Annars vegar hefur verið uppi sú stefna hjá því fólki, sem við þennan vanda á að glíma, dreifbýlisbúunum, að hann beri að leysa fyrst og fremst með byggingu heimavistarskóla. Í þeim efnum hefur geysilega mikið verið gert á undanförnum árum, eins og staðreyndir um þetta efni sýna gjörla. En um staðsetningu heimavistarskólanna hafa verið geysileg átök innan dreifbýlisins sjálfs. M. ö. o., það hafa verið uppi tvær meginstefnur. Sumir vilja hafa heimavistarskóla sem allra næst sínu heimili, sem flesta heimavistarskóla í dreifbýlinu. Aðrir hafa viðurkennt, að það verði að hafa heimavistarskóla, en vilja hafa þá sem stærsta og sem fullkomnasta, *sem þá auðvitað kostar það,* að aksturinn til skólanna þarf að vera lengri. Fjarlægðin milli heimilis og skóla er þeim mun meiri sem skólinn er fyrir stærra svæði, en hann getur þá um leið verið fullkomnari. Sem betur fer hafa þær miklu deilur, sem um þetta hafa verið, ekki að verulegu leyti borizt inn í þennan sal hins háa Alþ., þegar fjárlög eru afgreidd, en þeim mun meiri átök eru um þessar tvær grundvallarstefnur í heimavistarskólamálum dreifbýlisins í fjvn., í undirnefnd fjvn., sem fjallar um fjárveitingar til skóla, og í skiptum menntmrn. og fræðsluyfirvalda við fulltrúa dreifbýlisins í fjvn. og í þingflokkum. Ástæðuna til þess, hve tiltölulega lítið þessi mikli skoðanaágreiningur og þessi mikli hagsmunaágreiningur hefur borizt inn í sjálfan meginsal Alþ., inn í sjálft sameinað Alþ., hygg

ég vera, að reynt hefur verið á undanförnum árum, a. m. k. þann tíma, sem ég hef haft þessi störf með höndum, að jafna þennan ágreining sem mest án þess, að hann yrði að erfiðu mótsagnardeilumáli hér í sjálfu Sþ. Og sú stefna hefur smám saman orðið ofan á, að hverfa frá byggingu lítilla heimavistarskóla í sveitum að byggingu stórra heimavistarskóla í sveitum, skóla fyrir stór svæði, sem hefðu fleiri nemendur og gætu þá um leið orðið fullkomnari, hefðu betri aðstöðu til þess að hafa góða kennara og gætu boðið upp á meiri fjölbreytni í námi heldur en litlu heimavistarskólarnir hafa getað. Án þess að vilja deila hér á nokkurn mann eða nokkurn aðila, þarf það ekkert leyndarmál að vera, að þessi stefna hefur yfirleitt orðið ofan á, þó ekki átakalaust. En sem betur fer hafa átök verið friðsamleg og sigur stefnu stóru skólanna hefur orðið án þess, vona ég, að skilja nokkur sár eftir hjá þeim, sem hafa í þessu efni orðið að láta í minni pokann, því að tvímælalaust hefur það verið hagur dreifbýlisfólksins sjálfs, þegar til lengdar lætur, að ég ekki tali um hag nemendanna, að þessi stefna hefur orðið ofan á, sem smám saman hefur verið að öðlast aukinn skilning og fá fylgi þm. í vaxandi mæli. Þessi sameiningarstefna er sem sagt orðin ofan á og skólakostnaðarlögin bera þess t. d. alveg greinileg merki, að svo er.

Margir hafa gagnrýnt það, að ríkið hefur tekið að sér að greiða heimavistarkostnað í dreifbýli að fullu, en kennslurými að hálfu, með því skilyrði þó, að tveir eða fleiri hreppar sameinist um heimavistarskólabygginguna. Hugsunin bak við þetta er sú að hvetja til sameiningar. Ef menn afsala sér því, sem sumir kalla rétt til að hafa heimavistarskóla fyrir hvert smáhérað, þá borgar ríkið meira í þennan sameiginlega kostnað. Þá borgar það heimavistina algerlega, en tekur sama þátt í kennslurýmiskostnaðinum og gert er í þéttbýlinu. Þetta hefur þegar haft stórkostleg áhrif á fyrirætlanir um byggingu heimavistarskóla í dreifbýli. En sannleikurinn er sá, að byggingu heimavistarskóla í dreifbýli er nú þegar svo langt komið, að það er orðið brýnt vandamál, framtíðarstefnumál, að taka ákvörðun um, að hve miklu leyti á að halda áfram á þeirri braut á grundvelli gildandi skólakostnaðarlaga eða taka upp þá stefnu að byggja upp heimavistir við gagnfræðaskóla í kaupstöðum, — ekki barnaskóla í kaupstöðum, sú stefna er ekki uppi, — hér er sem sé annar valkostur, að hægja nú á byggingu heimavistargagnfræðaskóla í sveitum og taka í staðinn upp þá stefnu að byggja heimavistir fyrir gagnfræðaskólana í kaupstöðum. Sá valkostur er líka hugsanlegur að greiða styrki til nemenda, sem búa hjá einstaklingum í kaupstöðum eða borgum landsins, í staðinn fyrir það, að hið opinbera byggi heimavistirnar. Hér er um það, sem ég nefni þrjá meginvalkosti, að ræða: að halda áfram heimavistarbyggingum í dreifbýlinu, að byggja heimavistir í kaupstöðum, eða að styrkja nemendur úr dreifbýlinu til að búa hjá einstaklingum í kaupstöðum, þar sem völ er á slíku. Auðvitað er þetta meginástæðan fyrir því, að þessi könnun hefur farið fram á því, hver er raunverulegur kostnaður við heimavistarskólana. Það hefur aldrei verið vitað nákvæmlega fyrr en núna, hver er kostnaður við það að hafa heimavist við gagnfræðaskóla í kaupstað, og þetta hvort tveggja er svo vísbending um það, hver styrkur kynni að þurfa að vera til nemanda, ef hann býr á einkaheimili, sé völ á slíku í kaupstað. Auðvitað er ekkert algilt svar við þeirri spurningu, sem hv. þm. Sigurvin Einarsson bar fram, hver yfirleitt væri munurinn á því, að foreldri léti barn sitt stunda nám í heimangönguskóla í kaupstað og foreldrar, sem byggju í dreifbýli, létu vista barn sitt einhvers staðar annars staðar, því að möguleikarnir eru svo margir. Það er ekkert algilt svar við því, það er ekki hægt að gefa það. Möguleikarnir eru t. d. þeir að aka barninu 5 km eða aka því 50 km eða 100 km. Auðvitað kostar það misjafnlega mikið, og auðvitað kostar misjafnlega mikið að hafa barnið í heimavistarskóla fjarri heimilinu eftir því, um hvaða stig námsins er að ræða, og enn er kostnaðurinn annar, ef skilyrði er til þess að hafa barnið í dvöl á einkaheimili, jafnvel þótt ekki sé hjá skyldmenni. Þúsundum barna og unglinga er nú ekið milli heimilis og skóla um mjög mismunandi langan veg, og auðvitað er kostnaður mismunandi eftir því hvað leiðin er löng, það gefur auðvitað auga leið.

Til þess að lokum að gefa örstutta mynd af því, hversu flókið mál, réttara sagt hversu mismunandi vandamálin eru fyrir nemendurna, skal ég ljúka orðum mínum með þessu: Við erum auðvitað allir sammála um, að vandamálið snertir þá nemendur, sem sækja skóla utan þess staðar, þar sem heimilið er. Vandi barnsins eða unglingsins getur verið fólginn í aukakostnaðinum við að aka barninu til heimangönguskóla fjarri heimilinu, aka því að heiman að morgni og heim að kvöldi. Þá getur viðbótarkostnaður komið á þennan, þ. á m. dvalarkostnaður á einkaheimili nálægt heimangönguskóla. Í þriðja lagi getur verið um að ræða beinan ferðakostnað tvisvar á vetri til heimavistarskóla, að heiman og heim aftur. Og í fjórða lagi getur verið um að ræða, og er auðvitað um að ræða, dvalarkostnað á heimavistarskólanum. Sá dvalarkostnaður er tvenns konar: fæðiskostnaður og annar dvalarkostnaður. Á þessari upptalningu sést, hversu geysilega mismunandi kostnaðurinn er, eftir því hvers eðlis vandi barnsins eða unglingsins er. Meðaltalið af þessu öllu saman segir engum neitt, og er engum aðila til hjálpar um það, hvernig leysa á vandann, af því að það hæfir aðeins einni tegund af vanda þess barns, sem þarf að aka í heimangönguskóla. Það barn þarf aðra lausn á vandanum, sem á kost á því að búa á einkaheimili nálægt heimangönguskóla og það barn og unglingur þarf enn aðra lausn á vandanum, sem þarf að ferðast í skóla og úr skóla og svo þarf annars konar lausn eftir því, hver dvalarkostnaðurinn er í heima-

vistarskólanum, og hann getur verið mjög mismunandi, fæðiskostnaðurinn sjálfur og almenni dvalarkostnaðurinn, sem er mjög mismunandi. Þess vegna er ekki til nein ein tala, sem leysir allan vanda þessara þúsunda unglinga, sem eiga hér við vanda að stríða, þeirra þúsunda heimila, sem eiga hér við vanda að stríða. Það eru heldur engar tvær tölur til, sem duga. Það þarf að setja upp kerfi, sem því miður verður að vera flókið, ef það á að vera réttlátt, ef það á að leysa raunverulegan vanda, sem hvert heimili, hver hópur unglinga á við að etja, og ég get fullvissað hv. þm. um það, að ósanngjarnt er að tala með ótilhlýðilegri vandlætingu um þá embættismenn, sem um þennan vanda hafa fjallað, og ég vona að séu búnir að fullgera till. um hann, sem ég á eftir að skoða og ríkisstj. á eftir að skoða. Þeir hafa ekki aðeins mikla þekkingu á þeim ólíku aðstæðum, sem um er að ræða, heldur líka fullan vilja á því að gera skynsamlegar till. til hinna pólitísku stjórnarvalda um lausn vandans.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Ég lagði tvær spurningar fyrir hæstv. ráðh. Önnur var sú, hvort hefði verið rannsakað, hver væri mismunur á kostnaði þeirra nemenda, sem þyrftu að dvelja fjarri heimilum sínum, og hinna, sem gætu sótt skólann að heiman. Hann byrjaði á að halda fyrirlestur um heimavistarskóla, sem byggðir eru af mörgum sveitarfélögum saman, en hins vegar um þá, sem eitt sveitarfélag byggir, og lýsti þeirri stefnu, sem ríkisstj. hefur fylgt og er nú uppi í þessum málum. Ég veit ekki til, að það sé nokkur ágreiningur hér á hæstv. Alþ. um þessa stefnu. Það kom fram í skólakostnaðarlögunum, þegar þau voru afgr. fyrir fáum árum, að menn voru allir sammála um að styðja að því, að byggðir yrðu stórir heimavistarskólar fyrir nokkur sveitafélög, og ég sá ekki nokkurt erindi fyrir þetta ræðuhald hérna, það kemur ekkert þessu máli við. En það, sem ég var að spyrja um, það var um þennan mismun á skólakostnaði, og hvert er nú svarið, sem ég fæ? Það er það, að ekki sé hægt að koma með neitt eitt svar. Það sé ekki hægt að koma með neina eina tölu. Ég var ekkert að biðja um neina eina tölu. Ég var að spyrja, hvort þetta hefði verið rannsakað, hver munur er á þessum kostnaði, því að þetta er aðalvandamál heimilanna, en það lítur út fyrir, a. m. k. enn, að þetta hafi ekki verið athugað. Auðvitað er ekki alls staðar alveg jafndýrt að dveljast við nám. Það er dýrara þar, sem menn hafa ekki heimavist. Það er dýrara í einum kaupstað en öðrum. Á þá ekkert að rannsaka það, af hverju er ekki alls staðar sama verð, af hverju er ekki alls staðar sami kostnaðurinn? Á að sleppa málinu þess vegna?

Hin spurningin var um það, hvort fram kæmi í þessari skýrslu, hversu margir þeir nemendur eru í landinu, sem þurfa að dvelja við nám annars staðar en heima hjá sér. Ekkert svar. Það hefur sennilega þá alls ekkert verið athugað. Hvernig á þá að gera tillögur hér á hæstv. Alþ. um að leysa úr þessum vanda, þegar hvorugt þetta liggur fyrir? Nú vil ég minna hæstv. ráðh. á það, að í fyrravetur skýrði ég frá athugun, sem Aðalsteinn Eiríksson, fjármálaeftirlitsmaður skóla, framkvæmdi eftir minni beiðni, sem var að vísu skyndiathugun, því að hann hafði skamman tíma til þess. Hann gat gert þessa athugun á fáum dögum. Ekki með því að koma með eitthvert eitt svar, eða eitthvert meðaltalssvar, eins og hæstv. ráðh. gat um. Hann nefndi þó nokkur dæmi um, hver þessi mismunur væri, og ég greindi frá þessu öllu saman hér í ræðu á Alþ. Ég man eftir, að þessi kostnaður var allt frá 23 þús. kr. yfir skólatímann og upp í 52 þús., eftir því hvar á landinu það var og hvaða skóla var um að ræða. En hæstv. ráðh. telur þetta svo flókið, að það sé ómögulegt að athuga þetta. Ekki veit ég, á hverju verða svo byggðar till. þær, sem hæstv. ráðh. ætlar að flytja í þessu máli um það leyti, sem fjárl. verða afgreidd.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð. Ég fékk ekki svar frá hæstv. ráðh. við þeirri spurningu, hverjar væru hugmyndir embættismannanna eftir allar þeirra athuganir á þessu máli. Hverjar væru hugmyndir þeirra um að leysa þann kostnaðarmismun, sem er á því, að nemandi verður að kosta sig annaðhvort í heimavistarskóla eða að semja um fæði og húsnæðiskostnað á einhverju heimili fjarri heimili sínu og hins vegar á því, að nemandi geti gengið í barnaskóla, framhaldsskóla eða menntaskóla, allt frá heimili sínu. Það er þessi tvenns konar aðstaða, sem um er að ræða, og vandamálin, sem við það eru bundin. Hæstv. ráðh. hefur í tveimur ræðum ekkert fjallað um þennan vanda heimilanna. Hann hefur verið að gera grein fyrir mismunandi kostnaði ríkisins við að koma upp heimangönguskóla og heimavistarskóla og svo hvaða kostnað ríkið beri af rekstri slíkra stofnana. Það er ekki þetta, sem málið snýst um. Það snýst um fjármálaaðstöðu ungs fólks, hvernig það á að hafa möguleika til að mennta sig, ef það þarf að kosta sig frá heimili sínu, eða hins vegar um hina ógnvekjandi staðreynd að vera kannske stöðvaður á námsbrautinni, þrátt fyrir hæfni og hug til námsins. Þetta álít ég ekki vera flókið, ef menn líta á þessa hlið málsins og það á ekkert skylt við vegalengdir milli heimilis og skóla, ekkert skylt við kostnaðinn af því að aka nemendum frá skóla til heimilis. Það er atriði, sem er sjálfsagt og eðlilegt, að sveitarfélög og ríki beri kostnað af, ef sú leið hefur verið valin fremur að hafa heimangönguskóla með þessum hætti en að stofna til meiri kostnaðar í þessu sambandi með byggingu heimavistarskóla. Það er hluti af heimavistarkostnaði í raun og veru að sjá um akstur barnanna milli heimilis og skóla. Það á ekkert skylt við þetta vandamál og það er alveg óþarft fyrir hæstv. ráðh. að líta eingöngu á þetta frá sjónarmiði ríkisins og ráðh. Það þarf að líta á þetta mál sem vandamál heimilanna og leggja

upplýsingar um þann vanda, hversu stór sem hann er, fyrir hæstv. menntmn., sem fjallar um þetta mál.

Ég hef ekki meiru við þetta að bæta, mér finnst þetta vera ákaflega skýrt. Málið snýst um það, hverjar eru hugmyndir embættismannanna og hæstv. ráðh. um það að finna leiðir til að jafna mismunandi kostnað nemenda, sem stunda nám frá heimili sínu annars vegar, og hinna, sem annað tveggja verða að kosta nám sitt á heimavistarskóla eða með sérsamningi við einhver einkaheimili fjarri sínu eigin heimili. Það er þessi tvenns konar vandi, sem verður að leysa, og ég hygg, að hann verði ekki leystur, menn velti honum fyrir sér í ráðleysi, ef menn ekki geta skilið, að það verður að finna meðaltalið við heimavistarkostnað barnaskólastigs, unglingastigs og menntaskólastigs og veita tilsvarandi hjálp á hverju þessu skólastigi.

Ingvar Gíslason: Herra forseti. Mér fannst nú hæstv. ráðh. hafa dálitla tilhneigingu til að drepa þessu máli á dreif, því að eins og hann sjálfur réttilega sagði áður, þá er mergurinn málsins sá, hver sé kostnaður heimilanna, hver sé kostnaður nemendanna, sem verða að kosta sig utan heimila vegna náms. Hæstv. ráðh. gerði hér að umræðuefni jöfnun námsaðstöðu í sveitunum og mér skildist á honum, að þar væri eiginlega um að ræða tvo valkosti. Mig langar til þess, þó að í stuttu máli sé, að minna á, að þetta efni, jöfnun námsaðstöðu í landinu, er eitt af þeim verkefnum, sem við verðum að fara að snúa okkur virkilega að og reyna að finna lausn á. Ég tel, að fyrst og fremst séu tveir þættir í þessu máli, sem til greina koma, annars vegar það, sem við erum að framkvæma og allir virðast vera sammála um að framkvæma, en það er bygging skólahúsnæðis sem víðast um landið, eftir því sem skynsamlegt er, og í öðru lagi sá þátturinn, að taka upp það kerfi að greiða námskostnað nemenda, sem þurfa að vista sig utan heimila sinna vegna náms, a. m. k. að vissu marki. Ég tel, að þetta geti náttúrlega átt við nemendur í heimavistum, en þetta getur líka, eins og hér hefur rækilega verið bent á, átt við nemendur, sem þurfa að vista sig á einkaheimilum utan sinna eigin heimila. Hæstv. ráðh. segir, að þetta mál sé til athugunar í rn. og þá hljóta þeir í rn. að velta því fyrir sér, hvernig eigi að leysa þetta. Mig langar til að minnast á nokkur atriði, sem mér finnst koma til greina að skoða, þegar þetta mál er athugað.

Í fyrsta lagi þarf að gera sér grein fyrir því, eða ákveða það, til hvaða nemenda þetta eigi að ná. Það er náttúrlega alveg ljóst, að þetta hlýtur að eiga að ná til allra nemenda á skyldunámsstiginu. Trúlega held ég, að allir verði sammála um, að þetta ætti að ná til þeirra, sem eru við nám á gagnfræðastigi, einnig til menntaskólanemenda, en ég tel, að þarna komi undir líka svo fjöldamargir aðrir nemendur, t. d. verzlunarskólanemendur, nemendur, sem stunda nám í sjómannaskóla, jafnvel iðnskóla, nemendur í listaskólum ýmiss konar og margs konar fleiri skólum.

Þá þurfum við líka að athuga, hvaða útgjöld það eru, sem til greina koma. Við vitum, að það eru fyrst og fremst þrír útgjaldaliðir, sem til greina koma, þegar menn dveljast utan heimila sinna. Það er fæðiskostnaðurinn, það er húsnæðiskostnaður utan heimilis og það eru ferðir. Þetta þrennt þarf sérstaklega að skoða.

Einnig þarf að mínum dómi að athuga, hvernig eigi að ákveða styrkinn, hvort hann eigi að vera í líki dagpeningakerfis, mánaðargreiðslna eða heildarupphæðar yfir veturinn eftir einhverjum ákveðnum reglum.

Á þetta vildi ég nú benda einmitt að gefnu tilefni frá hæstv. ráðh., þar sem hann upplýsir, að þetta mál sé til athugunar í rn. og vænta megi tillagna rn. áður en fjárl. verða afgreidd.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Þetta verða aðeins örfá orð, og ég skal reyna að gefa ekki tilefni til frekari umr. um málið. Það kom greinilega fram í ræðum hv. þm. Ingvars Gíslasonar og hv. þm. Einars Ágústssonar, að þeir hafa báðir gert sér fullkomlega grein fyrir því, um hvílíkan vanda hér er að ræða, um hversu marga valkosti er að ræða til lausnar vandanum, hversu margt getur komið til greina og um hvaða álitamál er að ræða, ef menn vilja leysa vandann réttlátlega og skynsamlega fyrir þá, sem eiga að njóta lausnar vandans, og met ég það. Hins vegar finnst mér því miður gæta enn meiri skilningsskorts en ég hefði átt von á hjá jafnreyndum skólamönnum og hv. þm. Sigurvin Einarsson og Hannibal Valdimarsson eru, á því hvað hér er í raun og veru við að etja. Við erum alveg sammála um, að vandinn er fyrir hendi og vandann þarf að leysa.

Hv. þm. Sigurvin Einarsson sagðist hafa spurt um tvennt og fengið svar við hvorugu. Hann sagðist hafa spurt um, hvað margir nemendur stundi nám fjarri sínu heimili. Þetta kom fram í frumsvari mínu. Ég las tölu nemenda og heildarkostnað í öllum skólum á skyldustiginu og í menntaskólum; í barnaskólum, gagnfræðaskólum, unglingaskólum, héraðsskólum og menntaskólum. Það þarf ekki annað en að fletta því upp, þá stendur það þar ... (Gripið fram í.) Það kom allt fram, ef þm. bara vildu lesa það, það kom allt fram þar ... (Gripið fram í.) Hann má lesa það á morgun. Það verður komið þarna. En ég hélt satt að segja, að þm. hefði hlustað á ræðuna og þess vegna var ég ekkert að vekja athygli á því, að þetta hefði farið fram hjá honum. Þetta fólst í henni, og var það beinlínis af því, sem ég hef enga ánægju af því að hnotabítast við hv. þm. í sambandi við mál eins og þetta. Þá segist hann hafa spurt um, hver sé kostnaðarmunur, endurtekur þá spurningu, hver sé munurinn fyrir foreldri á því að senda sitt barn í heimangönguskóla á þeim stað, sem foreldrið býr, eða í skóla, sem er fjarri búsetustað foreldrisins. Ég tel

mig hafa gefið alveg skýrt svar við þessu, að það er hægt að reikna sem meðaltalstölu, það getum við hæglega, en það segir ekki neitt. En það þarf að taka einstök dæmi, eins og ég heyri að fjármálaeftirlitsmaður skóla hefur gert einhvern tíma fyrir hann. Það er enginn vandi að taka dæmi af bónda, sem býr á bæ X í sýslu Y og á völ á því að senda sitt barn í tvo skóla, sem eru mismunandi langt frá bænum, og kannske ólíka skóla, eða í kaupstað, sem er nálægt, og vistar barnið á heimili þar, eða á heimavist þar. Ég skal með ánægju láta reikna út slíkt dæmi fyrir hv. þm., ef hann óskar eftir því og ef hann kemur með réttar forsendur, þá skal ég með ánægju láta gera þetta, það er hægt að gera allt saman á tiltölulega litlum tíma, það er enginn vandi, en að ætla að gera tilraun til að svara þessu fyrir öll heimili í landinu, það er óðs manns æði. Það er að reikna út hlut, sem enga raunverulega þýðingu hefur. Það, sem þarf að gera, er að flokka heimili og nemendur í vissa hópa eftir einhverri skynsamlegri reglu og reikna út kostnaðarmuninn fyrir þessa hópa. Sem sagt, svarið er ekki eitt og ekkert vit í því að reyna að hafa þau jafnmörg og nemendurnir eru, sem við vandann eiga að búa, heldur verður að finna þarna einhverja almenna reglu og að því hafa embættismennirnir unnið, en sú regla getur ekki verið einföld.

Hv. þm. Hannibal Valdimarsson spurði um hugmyndir embættismannanna um lausn vandans. Um þær get ég ekkert sagt á þessu stigi nema það, að þeir eru ekki á þeirri skoðun, sem kemur fram í frv. hv. þm. eða kom fram í ræðu hans áðan, að skynsamleg, réttlát lausn væri byggjanleg á neins konar meðalkostnaðarútreikningi samkvæmt því, sem hv. þm. var að nefna áðan. Það get ég sagt þegar um skoðun þeirra. Það leggja þeir ekki til, því að með því móti telja þeir hættu á, að sumum yrði ofgert, en vangert við aðra. Vandinn, sem þeir eru að reyna að leysa og hafa reynt að leysa, er sá að láta vera um að ræða einhvers konar skala í aðstoðinni, sem taki tillit til raunverulegra þarfa þess nemanda, þess heimilis, sem um er að ræða, og þeir gera jafnframt ráð fyrir því, að það geti verið um þann kost að ræða að greiða þetta sem styrk eftir vissum skala. Þá kemur, eins og hv. þm. Ingvar Gíslason sagði, ýmist dagpeningaregla, mánaðarregla eða heildarupphæð á vetri til greina. Hin hugmyndin, sem er allt, allt önnur, en sannarlega athugandi samt, er í fyrsta lagi að hver skóli fái ákveðna upphæð til ráðstöfunar og leysi úr þörfum nemenda síns skóla, vegna þess að hann muni hafa þekkingu á því, hvar skórinn raunverulega kreppir að. Í öðru lagi, að hvert sveitarfélag, hvert skólahérað réttara sagt, fái ákveðna upphæð frá ríkinu til þess að greiða úr vandanum innan síns skólahéraðs og í þriðja lagi, að lausn vandans sé í höndum fræðslumálastjórnarinnar í Reykjavík.

Það var ekki minn vilji að fara svo langt út í umr. um einstök atriði í þessu máli, en það hefur verið beðið um, að ég segði frá því, hvaða hugmyndir eru uppi, sem allar, vil ég segja, hafa sína kosti og sína galla. Það verður okkar í menntmrn. að reyna að velja skynsamlega þarna á milli. Kannske breytir ríkisstj. þeim hugmyndum einhvern veginn og að sjálfsögðu mun svo Alþ. fara yfir þær allar saman. Ég vona, að niðurstaða Alþ. verði að öllu athuguðu máli sú skynsamlegasta.

Eðvarð Sigurðsson: Þetta verða aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í umr. um það, hvað gert er hér fyrir dreifbýlið og hvers konar skóla þyrfti að byggja, eða hvaða leiðir ætti að fara. Það er öllum ljóst, að þennan mismun verður að jafna. Mönnum ber ekki saman um í þessum umr., hver sé í raun og veru höfuðvandinn. Það eru mismunandi skoðanir á því og sjálfsagt getur menn greint á um það. En það er einn vandi, sem ekki hefur verið minnzt á og ég held, að sé höfuðvandinn í þessum efnum fyrir hið íslenzka þjóðfélag. Og það er mismunun manna eftir stéttum og efnahag til þess að láta börn sín sækja skóla. Ég held, að þetta sé atriði, sem menn gjarnan mættu einnig hafa í huga, þegar þessi mál eru rædd.

Hér í Reykjavík, þar sem unglingar hafa allar tegundir skóla fyrir augum, er fjöldi þeirra, sem ekki hefur minnstu von þrátt fyrir mikla hæfileika og löngun til að sækja framhaldsskóla vegna þess, að efnin á heimilinu brestur. Þetta eru staðreyndir í dag. Og þegar svona miklar skýrslugerðir eru á ferðinni um þessi mál, þá væri fróðlegt að spyrja eða fá svar við, hvort til eru skýrslur um fjölda t. d. útskrifaðra stúdenta eða manna í menntaskólum, eftir stéttum. Það má stilla ýmsu upp, embættismönnum annars vegar, verkamönnum hins vegar, iðnrekendum, iðnverkamönnum. Úr hvaða hópum, frá hvaða heimilum er þetta fólk? Ég er alveg sannfærður um, að útkoman er mjög neikvæð fyrir hina efnaminni. Og eins og nú horfir, hlýtur hún að verða miklu neikvæðari á næstu árum en hún hefur þó verið á undanförnum árum.

Ég vildi ekki láta þessar umr. enda svo að minna ekki á þetta, sem að mínum dómi er hvað mesta alvörumálið í þessum efnum, en það er, að nú virðist þannig horfa, að framhaldsmenntun miðist einvörðungu við efnameiri heimili. Og ef þannig fer fram, þá held ég, að margt sé í hættu í okkar þjóðfélagi, og væri sannarlega þörf á að hugleiða, hvað gera verður til þess að breyta þeirri alvarlegu þróun.

Kristján Ingólfsson: Herra forseti. Það er búið að gera þetta mál hér á þingfundinum í dag öllu flóknara en ég held, að þyrfti að hafa orðið. Það hafa komið fram tvö meginsjónarmið um stuðning við nemendur. Annars vegar er það sjónarmið, sem miðar að því að jafna möguleika þeirra til náms eftir búsetu í landinu, og hins vegar kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 2. landsk., hið stéttarlega sjónarmið. Það er alveg víst mál, að báðir þessir hópar, sem hér hafa verið tilnefndir, eiga við

örðugleika að etja og það er líka öruggt mál, að þjóðfélagið fer á mis við, að unnið sé úr mörgum góðum bútnum vegna þess, hvernig hin þjóðfélagslega aðstaða á efnahagssviðinu er. Það er að sjálfsögðu rétt, formsins vegna a. m. k., að gæta allrar kurteisi og þakka hæstv. menntmrh. fyrir margar þær upplýsingar, sem hér hafa komið fram, en það verður þó ekki dul yfir það dregin, að þær hafa á margan hátt gengið allmjög fram hjá þeirri meginspurningu, sem hv. fyrirspyrjandi beindi til hans. Hann hefur farið nokkuð mikið út í það að ræða um það, að úti á landsbyggðinni hafi verið tekin stefna, sem Alþ. áleit á sínum tíma og ég hygg, að landsmenn flestir álíti, að hafi verið jákvæð, að farið yrði út í byggingu stórra heimavistarskóla. En úr því að hæstv. menntmrh. hefur gert þessi skólakostnaðarlög að svo víðtæku umræðuefni á annað borð sem raun ber vitni um, þá væri e. t. v. hægt að fá hjá honum upplýsingar um það, hvernig á því stendur, úr því að skólakostnaðarlög eru hér til umr., að ekki er gert upp við þau sveitarfélög, sem reka heimavistarskóla úti um landið eins og þó skólakostnaðarlögin gera ráð fyrir. Það er ekkert launungarmál, að reikningshaldarar ýmissa skóla úti um land, bæði heimavistarskóla og heimangönguskóla, hafa orðið að elta ólar við menntmrn. allt þetta fyrsta ár, sem skólakostnaðarlögin eru framkvæmd, til þess að reyna að fá þann stuðning úr ríkissjóði, sem gert er þó ráð fyrir, að greiddur sé jafnvel mánaðarlega. Og þau svör, sem þeir hafa fengið hjá embættismönnum rn., hafa m. a. verið á þann veg, að því miður væri ekki til mannafli í rn. til þess að vinna þetta. Mér er spurn, hvort sveitarfélög og þeir, sem að skóla standa heima í héraði, eigi að verða fyrir barðinu á því, að ekki sé til mannafli í rn. suður í Reykjavík til þess að yfirfara skýrslur, sem gerðar hafa verið og sendar að heiman á lögákveðnum tíma og verða þar af leiðandi að velta kostnaðinum yfir á sjálf sveitarfélögin og hafa af því mikið vaxtatap og annað því um líkt. Ég held, að það sé ekki samkv. vilja hæstv. menntmrh., hans persónulega vilja. Ég vil ekki trúa því fyrr en í síðustu lög. En ég álít, að þetta mál snerti sveitarfélögin og hér verði að ráða bót á. Þetta er hluti af því ranglæti, sem byggðarlögin víða um land eiga við að búa, og ég vildi gjarnan fá svar við þeirri spurningu, sem ég ætlaði reyndar að gera hér í annarri fsp. En hér er komið inn á að ræða þetta mál á breiðari grundvelli og í rauninni búið að ræða hina ýmsu þætti skólakostnaðarlaganna hér í allan dag og það af hæstv. ráðh. sjálfum, þannig að það er ekki úrskeiðis, þó að þessi spurning sé borin fram.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því, að síðasti ræðumaður sniðgengur þingsköp með mjög óvenjulegum hætti, þannig að hann ber fram nú undir þessum fsp.-lið fsp., sem hann hefur borið fram undir öðrum lið og er á dagskránni undir g-lið. Ég man aldrei eftir því í þingsögunni áður, að ég hafi orðið fyrir þessu eða þetta hafi gerzt. Mér er sama um það. Ég hef svarið tilbúið hér, og ef herra forseti vill leyfa, að ég lesi það upp núna, þá skal ég með ánægju gera það. (**Gripið fram í:** Þarf þá ekki að leita afbrigða frá þingsköpum?) Ja, það er spurningin. Ég læt þá hæstv. forseta um það, þegar um svona óvenjulegt háttalag er að ræða. (**Forseti:** Forseti vill benda á, að bæði hv. þm. og hæstv. ráðh. leyfa sér undir fsp.-tímum mjög svo almennar umr. og í þessum fsp.-tíma hefur einnig farið á þann veg, þannig að ég sé ekkert við það að athuga, að svarað sé þeirri fsp., sem fram hefur verið borin.) Þá geri ég það með ánægju. Ég vildi bara vera viss um að þurfa ekki að gera það aftur rétt á eftir. Fsp. hljóðar svona:

„Á ríkissjóður enn ólokið greiðslum vegna rekstrarkostnaðar skóla fyrir síðasta ár? Sé svo, hvers vegna?"

Svarið er þetta: Búið er að afgreiða frá menntmrn. allan rekstrarkostnað skólaársins 1968—1969, og að því er varðar skólaárið 1969—1970 er búið að greiða alla reikninga, sem rn. hafa borizt og kostnaður fyrir okt. mun verða endurgreiddur nú um miðjan nóv. Endurskoðun þessara reikninga er mikið verk og er ekki lokið, en greiðslurnar eru inntar af hendi með fyrirvara, enda auðvelt að leiðrétta síðar, ef eitthvað ber á milli. Menntmrn. hefur fyrir nokkru ákveðið í samráði við fjmrn. að greiða skólum rekstrarkostnað samkv. skólakostnaðarlögunum mánaðarlega frá ríkisféhirði og verður þá miðað við þá fjárhæð, sem næst verður komizt, að skólarnir eigi að fá, en endanlegt uppgjör fer síðan fram jafnóðum og endurskoðuninni miðar áfram, og er stefnt að því, að það verði á þriggja mánaða fresti. Getur þá að sjálfsögðu orðið um leiðréttingar að ræða ýmist til viðbótar eða frádráttar þeim greiðslum, sem þegar hafa verið inntar af hendi. Menntmrn. hefur borið þessa greiðslutilhögun undir samstarfsnefnd rn. og Sambands ísl. sveitarfélaga, og er nefndin samþykk þessari tilhögun. Leggur rn. áherzlu á gott samstarf við framkvæmd skólakostnaðarlaganna, en þar sem hér er um nýja tilhögun að ræða, veltur að sjálfsögðu mikið á, að reynt sé að finna sem heppilegast framkvæmdaform fyrir alla aðila. Með þessu móti vona ég, að þessari fsp. sé svarað.

Annars vildi ég segja örfá orð í tilefni af ræðu Eðvarðs Sigurðssonar, hv. 2. landsk. þm. Ég er honum alveg sammála um það, að gegn því ber að sjálfsögðu að vinna af alefli, að erfiður efnahagur verði til þess, að unglingar geti ekki stundað það nám, sem hugur þeirra stendur til. Ég vildi aðeins taka fram, að um þetta markmið er ég honum sammála og tel síður en svo að ástæðulausu, að þetta atriði hafi verið dregið inn í þær umr., sem hér var um að ræða. Ég hef þó ekki staðið upp til þess eins að undirstrika samstöðu mína með honum um þetta efni, heldur spurðist hann fyrir um, hvort athugun mundi hafa verið gerð á því, hvernig t. d. brautskráðir stúdentar úr íslenzkum menntaskólum skiptust eftir efna-

hag foreldra, ef ég skildi fsp. hans rétt. Slík athugun hefur mér vitanlega ekki verið gerð, og gæti þó verið full ástæða til þess að gera hana. Hins vegar hefur verið gerð hér á landi, eins og mjög víða annars staðar og eftir hliðstæðum reglum, athugun á því, hvernig t. d. brautskráðir stúdentar og raunar fleiri nemendahópar skiptast á starfsstéttir. Samanburður á þeirri skiptingu hér á landi við önnur lönd í Vestur-Evrópu er t. d. verkamannastéttinni hér á Íslandi sízt í óhag. Hlutfallslega fleiri stúdentar eru hér á landi úr verkamannastétt en í ýmsum öðrum löndum. Við erum ekki hæstir allra landa hvað þetta snertir, en við munum vera talsvert fyrir ofan meðallag. Ég veit, að sama gildir um bændur, að mig minnir í enn ríkara mæli um þá. En ég veit, að þetta segir ekki allt um það, sem fyrir honum vakti að vita, hver raunveruleg áhrif efnahagur hefði á nám barna fólks eftir mismunandi tekjuhæð frá ári til árs. Það er atriði, sem gjarnan mætti kanna. Þó er mér heldur ekki kunnugt um það, að slík athugun beinlínis hafi verið gerð annars staðar. Þær skýrslur hef ég a. m. k. ekki séð.

7. Greiðsla rekstrarkostnaðar til skóla.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um greiðslu rekstrarkostnaðar til skóla [68. mál, 5] (A. 76).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.
[Fsp. var svarað og um hana rætt samtímis fsp. næst hér á undan, sjá þær umr.]

8. Ráðstafanir í geðverndarmálum.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbrmrh. um ráðstafanir í geðverndarmálum [68. mál, 4] (A. 76).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég ber hér fram á þskj. 76 svo hljóðandi fsp. til hæstv. heilbrmrh.:

„Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að auka sjúkrarými handa geðsjúklingum og tryggja þeim bætta aðstöðu til endurhæfingar?“

Þessi fsp. er ekki borin fram að ástæðulausu. Geðsjúkdómar eru langalgengustu sjúkdómar hér á landi og raunar hvarvetna um heim. Hins vegar fer því mjög fjarri, að viðbúnaður okkar til þess að annast geðsjúklinga og lækna þá, eftir því sem geta hrekkur til, sé í samræmi við þörfina. Sérfræðingar telja, að þörfin á sjúkrarými vegna geðsjúklinga sé nú 600 rúm. Á aðalspítalanum, sem annast geðsjúklinga, Kleppi, er hins vegar aðeins gert ráð fyrir 200 rúmum og á Borgarspítalanum í Reykjavík eru 32 rúm. Eins og þessar tölur sýna, er þannig aðeins eðlilegt sjúkrarými fyrir rúmlega þriðja hvern sjúkling. Úr þessu neyðarástandi hefur verið reynt að bæta með því að troða inn í sjúkrahúsin mun fleira fólki en ráð var fyrir gert í upphafi. Á Kleppi eru nú t. d. 290 sjúklingar, en það er næstum því 50% meira en ráð var fyrir gert í öndverðu, og veldur það að sjálfsögðu þrengslum, sem eru jafnerfið fyrir sjúklingana og starfsfólkið. Auk þess hefur verið reynt að vista geðsjúklinga þar sem unnt var að koma þeim fyrir, á Vífilsstöðum, í hjúkrunarheimilinu í Stykkishólmi, að Arnarholti og Ási í Hveragerði. En þrátt fyrir þetta verða 200–300 sjúklingar út undan og verða að dveljast í heimahúsum. Raunverulega vantar sjúkrarými fyrir nær 400 sjúklinga. Stundum er um að ræða fólk, sem er svo þungt haldið, að það þarf á stöðugri gæzlu að halda, en samt líða mánuðir, áður en sjúkrahúsrúm fæst. Einnig hafa læknar neyðzt til þess að grípa til þess að útskrifa sjúklinga mun fyrr en æskilegt væri til þess að koma öðrum að, sem verr eru haldnir, og leiðir það oft til þess, að sjúkdómurinn tekur sig upp aftur. Hér er því um að ræða algert neyðarástand, ástand, sem hvílir mjög þungt á sjúkum mönnum og heilbrigðum aðstandendum þeirra.

Vandkvæðin á Kleppi aukast enn við það, að daggjöld þar eru aðeins reiknuð 650 kr. fyrir sjúkling, en þau eru t. d. reiknuð 1800 kr. á Landsspítalanum eða næstum því þrefalt hærri. Þetta leiðir m. a. til þess, að á Kleppsspítala er ekki hægt að hafa allt það sérlærða starfsfólk, sem þyrfti, og bitnar það mjög á almennum rekstri hans. Er talið, að ef vel ætti að vera, þyrftu að vera 10 geðlæknar í viðbót á Kleppsspítala og þar við bætist skortur á öðrum sérmenntuðum starfskröftum, þjálfuðu hjúkrunarliði, félagsráðgjöfum, sálfræðingum o. s. frv.

Ástandið er ekki síður alvarlegt að því er varðar endurhæfingu fyrir sjúklinga, sem eru á batavegi. Þrjú slík vistmannahús eru nú á Reykjalundi og hefur þeim fyrst og fremst verið komið upp fyrir frumkvæði og fjársöfnun

Geðverndarfélagsins, en Reykjalundur hefur tekið að sér reksturinn. Í þessum þremur húsum er aðeins rúm fyrir 12 sjúklinga, en um 20 í viðbót dveljast í öðrum vistarverum á Reykjalundi. En þörf er talin á endurhæfingaraðstöðu fyrir um 150 sjúklinga. Þetta rými þyrfti þannig að fimmfaldast, ef vel ætti að vera. Einnig á þessum vistheimilum er svo ástatt, að daggjöldin eru óeðlilega lág, aðeins 500 kr., en þyrftu að vera tvöfalt hærri. Bitnar það auðvitað á þeirri þjónustu, sem unnt er að veita, og leiðir til þess, að nýting stofnunarinnar verður ekki nægilega góð.

Við höfum fyrr á þessu ári fjallað hér á hinu háa Alþ. um ástandið á fæðingar- og kvensjúkdómadeild Landsspítalans. Þær umr. hafa leitt til þess, að tekizt hefur um það ánægjuleg samstaða milli hæstv. ríkisstj., Alþ. og áhugafólks utan þings að ráðast í stórframkvæmdir og flýta þeim eins og unnt er. Staðreyndir sanna, að mikil þörf væri að taka geðverndarmálin svipuðum tökum. Þess vegna er fsp. mín flutt, svo að skýr vitneskja fáist um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. á þessu sviði og síðan sé hægt að leggja á ráðin sameiginlega á grundvelli þeirrar vitneskju.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Fsp. fjallar um, hverjar fyrirætlanir séu um aukningu sjúkrarýmis handa geðsjúklingum og bætta aðstöðu til endurhæfingar þeirra.

Þegar nýja álman var að fullu tekin í notkun við Kleppsspítalann árið 1951, var rúmafjöldi þar talinn um 240, en síðan hefur ekki beint verið aukið við sjúkrarými á Kleppi. Hins vegar hefur verið aukið sjúkrarými með þeim hætti, að rekin hafa verið nokkurs konar útibú með læknisstjórnun frá Kleppi, svo sem í Stykkishólmi, á Úlfarsá, á Flókadeild og á Bjargi á Seltjarnarnesi. Á Kristnesi eru nú um 40 vistmenn með vægari tilfelli af geðveiki. Tekið hefur verið upp samband við Kleppsspítala á þessu ári um meðferð þeirra sjúklinga, þannig að mánaðarlega fer læknir frá Kleppsspítala til Kristness til að fylgjast með þessum sjúklingum. Fyrst var byrjað að taka slíka sjúklinga á Kristneshæli fyrir 5—6 árum, en fjöldi þeirra hefur farið sívaxandi ár frá ári. Þannig yrði rúmafjöldi fyrir geðsjúka nú um 345, þar af 104 á þessum útibúum og í Kristnesi, eins og ég nefndi. Geðdeild Borgarspítalans í Fossvogi var tekin í notkun 26. júní 1968, þar er rúmafjöldi 31 og annast deildin jafnframt eftirmeðferð sjúklinga sinna. Næstu fyrirhuguðu framkvæmdir um aukningu sjúkrarýmis fyrir geðsjúka eru við sjúkradeild fyrir 90—100 sjúklinga, sem byggð verði á landsspítalasvæðinu. Fyrirhugað var að koma þeirri stofnun fyrir á gömlu landsspítalalóðinni og af þessari stærð, sem ég tilgreindi núna, en þar sem nú er verið að ganga frá samningum við Reykjavíkurborg um stórfellda aukningu á lóðarrými ríkissjúkrahúsanna neðan Hringbrautar, en með sambandi við gömlu lóðina, yrðu þær byggingarframkvæmdir ráðnar eftir endanlega skipulagsákvörðun um lóðina og þá í hvernig áföngum haldið kynni að verða áfram að byggja þar.

Svo sem kunnugt er, gerir framtíðarskipulag Reykjavíkurborgar ekki ráð fyrir frambúðarstaðsetningu eða aukningu sjúkrahúsareksturs á Kleppi. Það liggur því einnig fyrir að ákveða, er lóðamálin við Landsspítalann verða fullráðin, hvort geðsjúkrahússbyggingar ríkisins verða í framtíðinni á hinu nýja lóðarrými að meira eða minna leyti, sem sterklega kemur til greina. Hafa yrði þá einnig í huga stækkun geðdeildar við Borgarsjúkrahúsið, en eins og ég hef áður gert grein fyrir, starfar nú að staðaldri samstarfsnefnd milli ríkis og borgar um sjúkrahúsamálin og samræmdar aðgerðir á því sviði. Ég minni á í þessu sambandi, að það hefur lengi verið ákvörðun heilbrigðisstjórnarinnar að sitja ætti í fyrirrúmi, þegar núverandi framkvæmdum á landsspítalalóð lyki, bygging fæðingar- og kvensjúkdómadeildar og byggingar fyrir geðsjúka. Ljóst er, að um allmörg ár verður geðsjúkrahúsið á Kleppi rekið áfram. Er því mjög brýnt að bæta læknisaðstöðu þar til enn betri nýtingar. Hefur því verið í undirbúningi og þeim undirbúningi er alllangt komið, að reisa einnar hæðar byggingu í þremur álmum með tengingum, þar sem fyrst og fremst er ætlað rými fyrir vinnustofur lækna, sálfræðinga og félagsfræðinga og þjónar þar með fyrst og fremst þeirri grein læknismeðferðarinnar, sem mest hefur aukizt á undangengnum áratug, þ. e. meðferð á utanaðkomandi sjúklingum á s. k. göngudeildum. Til marks um það, hvað sú meðferð hefur aukið læknisþjónustuna, má upplýsa, að á næst liðnu ári hafa 400 sjúklingar sætt slíkri lækningameðferð hjá sjúkrahúsum með á að gizka 10 heimsóknum hver að meðaltali. Enn fremur er vert að vekja athygli á, hve gífurleg breyting hefur orðið á sjúklingameðferðinni á sjúkrahúsinu á undanförnum árum. Hefur það að sjálfsögðu aðeins verið mögulegt með verulegri starfsliðsaukningu. Einnig valda hér um hinar þekktu og stórkostlegu breytingar, sem orðið hafa í þróun lyfjameðferðar, sem einnig hefur aukið möguleika á göngudeildarmeðferðinni, svo að dæmi sé tekið. Þess er að geta, að árið 1953 voru innlagðir sjúklingar 124, en árið 1967 662 og það sem af er þessu ári 740. Breytt vinnubrögð samhliða þróun læknavísindanna á þessu sviði hafa gert mögulegt að þjóna miklu fleiri sjúklingum en áður, en þó er engu að síður áfram hin brýnasta þörf á aukningu sjúkrarýmis.

Komið er að hinum síðari hluta fsp., um bætta aðstöðu til endurhæfingar. Í því sambandi er rétt að greina frá þeim framkvæmdum, sem staðið hafa undanfarin ár við byggingu á vinnustofum fyrir sjúklinga á Kleppi og sem tekin var í byrjunarnotkun árið 1961, en síðan í auknum mæli. Er þar um að ræða 400 fermetra gólfrými auk 180 fermetra samkomusalar, sem síðast var tekinn í notkun af þessu húsnæði, en í vinnustofum þessum stunda að staðaldri 56 sjúklingar ýmiss konar handavinnu undir yfirstjórn og handleiðslu sérlærðr-

ar forstöðukonu. Er þessi starfsemi hin mikilvægasta, bæði frá sjónarmiði lækninga og endurhæfingar. Á Reykjalundi er rekin af SÍBS og með tilstyrk Geðverndarfélagsins, en með læknislegu eftirliti frá Kleppi, vinnustarfsemi fyrir ýmiss konar fyrrverandi sjúklinga eða öryrkja og má telja, að um 30 vistrými séu þar fyrir sjúklinga eða fyrrv. geðsjúklinga. Einnig er rétt að geta hér um starfrækslu, sem fyrrv. yfirhjúkrunarkona geðsjúkrahússins hefur rekið undanfarin tvö ár í samráði við yfirlækna þess og með stofntilstyrk ríkisins, en sem hún fyrst og fremst ber á eigin herðum. Hún starfrækir heimili fyrir um 8 fyrrv. sjúklinga, sem á grundvelli þeirrar dvalar og umönnunar geta stundað vinnu að staðaldri. Ekki er vafi á, að við ýmsa starfsemi sem þessa væri þarft að auka og þá ekki endilega á vegum ríkisins, en umfram allt með ráði og undir eftirliti þeirra, sem mesta þekkingu hafa á þessu sviði og heppilegast er, að hafi hönd í bagga um alla skipulagningu. Reykjavíkurborg mun á næstunni hefja starfrækslu á deild fyrir tauga- og geðsjúklinga í húsnæði Hvítabandsins við Skólavörðustíg. Húsnæðið á að rúma um það bil 32 vistmenn og er tilbúið til notkunar. Hins vegar mun það fara eftir því, hvernig gengur að afla hjúkrunarliðs, hvenær deildin kemst í fullan rekstur. Deildinni er ætlað að vera framhaldsdeild fyrir sjúklinga, sem verið hafa á geðdeild Borgarspítalans. Hugsanlegt er, að einnig verði teknir menn til meðferðar í vinnustofum deildarinnar, sem ekki eru vistaðir þar.

Til þess að leysa úr bráðri þörf á geðlækningaþjónustu fyrir börn og unglinga hefur verið hafin af hálfu ríkisins og Reykjavíkurborgar könnun á möguleikum á að koma upp geðdeild fyrir börn í húsnæði, sem Reykjavíkurborg á við Dalbraut. Hafa undanfarið staðið yfir athuganir á innréttingu húsnæðis fyrir deild, sem rúmaði 17 vistmenn, 11 taugasjúklinga og 6 geðsjúklinga, en auk þess göngudeild eða ambulatorium. Til umr. hefur verið, að Reykjavíkurborg innréttaði húsnæðið, en ríkið annaðist síðan rekstur deildarinnar í tengslum við barnaspítala Hringsins. Kvenfélagið Hringurinn hefur boðið fram fjárhagsaðstoð við að útvega búnað í deildina. Hvort af þessu verður, fer eftir því, hvort samningar takast milli ríkis og borgar um húsnæði, en þeir samningar standa nú yfir.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrmrh. fyrir þá vitneskju, sem hann hefur flutt okkur um fyrirætlanir hæstv. ríkisstj. á sviði geðlækninga. Hins vegar kemst ég ekki hjá því að lýsa því yfir hér, að þessar fyrirætlanir eru greinilega allt of smávaxnar miðað við það geigvænlega ástand, sem ég lýsti í framsöguræðu minni hér áðan. Eins og ég gat um áðan og hæstv. ráðh. vefengdi ekki, vantar 200—300 sjúkrarúm til þess, að sjúklingar, sem þurfa að vera á sjúkrahúsi, komist að. Úr þessu verður ekki bætt með þeim smávöxnu aðgerðum, sem hæstv. ráðh. minntist á, þó að þær séu vafalaust mjög þarflegar hver um sig. Hér þarf miklu stærra átak. Það eina stóra átak, sem hæstv. ráðh. minntist á, var deild sú, sem fyrirhuguð er í tengslum við Landsspítala fyrir 90—100 sjúklinga. En hæstv. ráðh. lét það fylgja með, að þeim áformum hefði nú enn verið frestað vegna þess, að þau yrðu að bíða eftir skipulagningu lóðarinnar og þar á meðal eftir þeirri breytingu, sem hlýzt af nýjum hugmyndum um stærð þessarar lóðar. Ég vil beina því mjög alvarlega til hæstv. ráðh., hvort ekki sé hægt að taka þetta atriði til endurskoðunar. Þegar ég spurðist fyrir um það í vor, hvenær fyrirhugað væri að stækka fæðingardeildina þá voru það fyrstu svör þessa hæstv. ráðh., að ekki væri hægt að gera það fyrr en búið væri að ganga frá skipulagi. En sem betur fór féllst hæstv. ráðh. á það síðar meir, að hægt væri að taka þessa ákvörðun og hefja framkvæmdir, þó að skipulagið væri ekki endanlega ráðið. Og ég held, að þetta ástand í geðverndarmálum sé svo alvarlegt, að það megi ekki bíða eftir þessari skipulagningu. Ég held, að hæstv. ráðh. þurfi að segja það við embættismenn sína, sem að þessum málum vinna, að þeir verði að finna leiðir til þess að hægt verði að hefja þessar framkvæmdir, þó að ekki sé búið að ganga frá endanlegu skipulagi í öllum greinum.

Ég minntist á það áðan og það er staðreynd, sem menn verða að muna eftir, að geðsjúkdómar eru algengasti sjúkdómurinn hér á landi og þessi sjúkdómur snertir ákaflega mörg svið. Það er bæði mikið persónulegt vandamál fyrir mörg hundruð manna og mikið tjón fyrir þjóðfélagið, að lækningar á slíku fólki bera ekki nærri nógan árangur hér vegna þess, að aðstaða er of léleg. Í þessu sambandi má t. d. minna á það, að mikill meiri hluti allra öryrkja á Íslandi er öryrkjar vegna þess, að þeir eru þjáðir af geðsjúkdómum. Og margir þessir geðsjúkdómar eru þannig, að unnt væri að lækna þá, ef þeir væru teknir til meðferðar nægilega snemma og við nægilega góð skilyrði. En til marks um það, hve alvarlegt ástandið er, þá get ég greint frá því, að læknir á þessu sviði sagði mér frá því fyrir nokkrum dögum, að það væri alveg öruggt, að árlega væru framin hér á Íslandi þó nokkur sjálfsmorð vegna þess, að geðsjúkt fólk, sem þarf að komast á sjúkrahús, kemst ekki þangað. Hér er því um mjög stórfellt alvörumál að ræða.

Ég minntist einnig á nauðsyn stóraukinnar aðstöðu til endurhæfingar. Þetta er einnig mikið stórmál. Vinnustofa sú, sem er á Kleppi og er ákaflega gagnleg, er annars eðlis. Hún á við fólk, sem hefur verið útskrifað af sjúkrahúsum, en þarf að dveljast um skeið á sérstökum vinnuheimilum til þess að aðlaga sig venjulegu umhverfi. Á þessu sviði hefur Geðverndarfélagið unnið mjög mikilvægt starf, eins og ég gat um áðan, með því að beita sér fyrir því að safna nærri 5 millj. kr. til þess að koma upp þremur smáhúsum á Reykjalundi, þó að þetta sé aðeins örlítil byrjun. En í þessu sambandi má minna á það, að Geðverndarfélagið mun vera hið eina af hliðstæðum félög-

um, sem ekki hefur neinn fastan tekjustofn til slíkrar starfsemi. Við höfum tryggt mörgum öðrum líknarfélögum tekjustofna af ýmsu tagi, happdrætti eða tiltekin gjöld af vörum, sem seldar eru í landinu, en Geðverndarfélagið hefur ekki fengið neinn slíkan tekjustofn. Ég hygg, að Geðverndarfélagið hafi sótt um það til Alþ. nú í vetur, að því yrði tryggður slíkur tekjustofn, og ég vildi beina þeirri fsp. til hæstv. ráðh., hvort hæstv. ríkisstj. muni ekki fyrir sitt leyti vilja styðja þá beiðni.

Að lokum vil ég ítreka það, sem ég sagði áðan, að hugmyndir hæstv. ráðh. um aðgerðir á þessu sviði eru að minni hyggju allt of smávaxnar og við þurfum sameiginlega, hæstv. ríkisstj. og Alþ., að leggja á ráðin um það, hvernig hægt er á sem allra skemmstum tíma að tryggja hér aðstöðu til þess að annast geðsjúklinga, aðstöðu, sem sé sambærileg við þá, sem bezt gerist annars staðar. Það er skylda okkar bæði við þá sjúku og við þjóðfélagið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Varðandi tekjuöflun til Geðverndarfélagsins, sem síðasti ræðumaður taldi að hefði enga sérstaka tekjuöflun, þá vil ég aðeins geta þess, að félagið leitaði eftir því við ríkisstj. að fá fastan tekjustofn í svipuðum mæli eins og ýmis önnur félög, sem vinna annaðhvort að heilbrigðismálum eða mannúðarmálum, hafa fengið. Ríkisstj. fyrir sitt leyti var reiðubúin til þess að láta þeim í té þann tekjustofn, sem þeir leituðu þá eftir og var í tengslum við auglýsingar á eldspýtnabréf, en hins vegar hefur raunin orðið sú, að þetta hefur orðið þeim að litlu eða engu gagni, sem talizt getur. En eftir þessu leituðu þeir, og fengu tilstyrk ríkisstj. eða samþykki hennar fyrir því að reyna að afla sér slíks tekjustofns. Eins og kunnugt er, hafa mörg félögin tappagjald eða hluta af tappagjaldi, sem svo er kallað, einhvern hluta af framleiðslugjaldi á sælgæti o. s. frv. Annars hefur það oft verið til umr. innan ríkisstj., að það væri kominn tími til að taka þau mál til heildarendurskoðunar, þessi sérstöku gjöld til hinna og þessara. Það er nokkuð undir hælinn lagt og sennilega nokkur mismunun í því, hvernig menn njóta þeirra. Nær væri að reyna heldur að efna til sameiginlegrar fjársöfnunar, með einu eða öðru móti, í sameiginlegan sjóð, sem lyti sérstakri yfirstjórn og reyndi að láta þá menn njóta nokkurs jafnréttis, sem að þessum málum vinna. En á þessu sviði hafa margir áhugasamir einstaklingar og félög lagt feikilega mikið af mörkum, og það hefur verið, held ég, sameiginleg skoðun okkar í stjórninni, að það bæri að veita þessum félögum verulegan stuðning og taka í framrétta hönd áhugamannanna fremur en að ætlast til þess eða reyna það, sem yrði sjálfsagt erfitt, að taka á þeim verkefnum eingöngu af opinberri hálfu.

Það er misskilningur, sem hv. 6. þm. Reykv. sagði, að ég hefði sagt í mínu svari áðan, að það þyrfti að bíða eftir skipulagningu landsspítalalóðarinnar. Ég vék ekkert að því. Ég sagði, að verið væri að ganga frá þeirri skipulagningu. Hún mun koma fyrir þingið í sérstöku formi innan fárra daga og þess vegna vildi ég ekki fara að ræða hana neitt frekar. En það er efnislega orðin samstaða milli fyrirsvarsmanna Reykjavíkurborgar og ríkisins um skipulag landsspítalalóðarinnar, sem gerir aðstöðuna hér allt aðra, því að þá verður lóðarrými fyrir byggingar fyrir geðsjúkdóma og aðrar heilbrigðisstofnanir um ófyrirsjáanlegan tíma á þeirri nýju landsspítalalóð, sem þá verður um að ræða. Ég vildi ekki eyða tíma hér í fsp.-tímanum til þess að ræða um þetta, af því að það kemur í sérstöku formi fyrir Alþ. að heimila undirskrift samninga fyrir hönd ríkisins í sambandi við makaskipti á lóðum og öðru, sem er í tengslum við þessa samningagerð.

Það er náttúrlega mjög ánægjulegt, að hv. þm. er hér sí og æ að bjóða fram sína aðstoð og samvinnu við að leysa hin mestu vandamál í þjóðfélaginu og er hér sí og æ að hæla sér af því, að það sé honum að þakka og hans miklu aðgerðum hér á Alþ. — (Gripið fram í.) Það fólst alveg nákvæmlega í orðum hv. þm., og þetta er ekki í fyrsta skipti, sem hann er að gorta af aðgerðum sínum í þessu máli. Það er ágætt, að menn bjóða fram svona ríkan vilja og eru svo mikillátir af getu sinni til þess að koma málum í framkvæmd, og ég skal ekkert vera að amast við því.

En því verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir, — og þess vegna segi ég það, að ekki á að þurfa að standa á neinu skipulagi þarna, — að þessi mál eru ein af þeim erfiðustu fjárhagslega fyrir ríkið. Ríkissjóður hefur lagt miklu meira til þessara mála en nokkru sinni áður á undanförnum árum, svo að mér sé kunnugt, ef þær fjárfúlgur, sem eru lagðar til þessara mála, eru umreiknaðar í sambærilegu verðlagi, sem gefur aðeins sannan og réttan samanburð, — ég er ekki að tala þar um framlög í krónutali. Það hefur verið haldið áfram þessum miklu framlögum af hálfu ríkisins, sem eru meira en tvöfalt meiri með sambærilegu verðlagi á undanförnum 5—6 árum en ég veit nokkru sinni áður dæmi um á svipuðu tímabili, þrátt fyrir það að við höfum orðið fyrir miklum áföllum efnahagslega, eins og kunnugt er, og það hefur gert aðstöðuna erfiðari. Ákveðið var að ráðast í byggingu fæðingardeildarinnar og kvensjúkdómadeildarinnar á undan geðsjúkdómadeildinni á landsspítalalóðinni, en ég hef sagt það margsinnis áður, að heilbrigðisstjórnin hafði ályktað, áður en þau mál komu til umr. hér á Alþ. í fyrra, að þetta tvennt ætti að sitja fyrir af nýjum byggingum, eftir að því er lokið, sem nú er verið að byggja. Það er augljóst, að þegar ákveðið var að hefja byggingu á næsta vori á fæðingar- og kvensjúkdómadeildinni, þá hlaut það óhjákvæmilega að hafa nokkuð veruleg áhrif á byggingartíma nýrrar geðsjúkdómadeildar. Það er auðvitað fjöldi manna, það þarf ekki að fara neitt leynt, og fjöldi lækna, sem hélt því fram, að miklu meiri þörf væri á því, að geðsjúkdómadeildin kæmist í notkun á undan fæðingar- og kvensjúkdómadeildinni. Þetta gat vel verið álitamál, og við

höfðum ekki fyrir okkar leyti úr þessu skorið. En mér var alltaf ljóst, að hér gat verið um mikið álitamál að ræða, að hefja byggingu kvensjúkdómadeildarinnar á næsta vori. Nú hefur það verið gert fjárhagslega mögulegt með því að veita nokkurt fé til þess á fjárl., en jafnframt með því að afla lánsfjár til bráðabirgða, þannig að tiltækar væru á fjárlögum 1970 10 millj. og 20 millj. af lánsfé til þess að hefja þessar framkvæmdir.

Ég er alveg sammála hv. þm. um nauðsyn aðgerða á þessu sviði, nauðsyn þess að fjölga sjúkrarúmum og reyndar að efla margháttaða aðra starfsemi, en því miður verð ég að segja það, og það vita hv. þm. alveg eins og ég, að það er auðvitað víðar en á þessu sviði og einnig víðar en í sambandi við kvensjúkdóma- og fæðingardeild, sem vöntun er fyrir sjúkrarúm. Það fer nokkuð eftir því, hvaða kröfur menn gera, hvað menn telja mikla nauðsyn á hverjum tíma, og nauðsynin verður auðvitað líka að metast af getunni til að koma þessum málum í framkvæmd. En þegar hafðar eru í huga þær byggingarframkvæmdir, sem staðið hafa yfir á landsspítalalóðinni og við Borgarsjúkrahúsið í Reykjavík, þar sem ríkið hefur borgað 60% kostnaðarins á undanförnum árum, við spítala á Húsavík, við spítala í Vestmannaeyjum, við spítalabyggingu á Akranesi, og með því að ljúka nýlega nýjum spítölum, eins og á Sauðárkróki, sem ekki eru til þess að gera mjög ungir, og miðað við önnur áform, sem fram undan eru, þá endurtek ég það, sem ég sagði áðan, að hér er auðvitað um að ræða eitt af meginviðfangsefnum og erfiðari viðfangsefnum, sem Alþ. og ríkisstj. á við að glíma frá fjárhagslegu sjónarmiði. Ég held, að eitt af því fyrsta, sem ég sagði, þegar ég tók við embætti heilbrmrh. og ræddi um heilbrigðismálin, hafi verið, að ef menn gerðu kröfu til þess, að meira væri að gert heldur en áætlanir, sem í það og það skiptið lægju fyrir hjá ríkisstj., gerðu ráð fyrir, þá yrðu menn auðvitað að vera reiðubúnir til þess að leggja fram meira fé af opinberri hálfu, úr ríkissjóði, meira fé en ella, og það yrði þá naumast gert með öðrum hætti en þeim, að menn yrðu að láta annað sitja á hakanum, vegi, brýr, skóla o. s. frv. Þetta er hlutur, sem fjárveitingavaldið, fjvn., verður að gera upp við sig.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég vildi aðeins mótmæla því mjög eindregið, að ég hafi tekið þessi mál til umr. til þess að halda því fram, að minn hlutur í þeim sé eitthvað meiri en annarra. Því fer mjög fjarri, að sú hugsun hafi nokkuð hvarflað að mér. Hitt er jafnmikil staðreynd, að umr. okkar alþm. um jafnveigamikinn þátt og fæðingardeildina og kvensjúkdómadeildina hafa orðið til þess að flýta fyrir framkvæmdum. Það hefur orðið til þess að fá hæstv. ráðh. til þess að fallast á ráðstafanir, sem hann var áður búinn að neita. Ég vil minna þennan hæstv. ráðh. á það, að hann situr í stjórnarráðinu sem starfsmaður okkar alþm. og hann verður að þola það, að við ræðum við hann um þau vandamál, er hann á að fjalla um fyrir okkur. Ég hef sjaldan heyrt leiðinlegri hlut úr þessum ræðustól en þegar hæstv. ráðh. skýrði frá því í vor, að hann hefði ekki haft hugmynd um ástandið á kvensjúkdómadeild Landsspítalans fyrr en til hans komu tveir læknar í fyrra, báðir konur, og sögðu honum frá því, að þær gætu ekki starfað lengur við þau skilyrði, sem þarna væru. Þarna lýsti hæstv. ráðh. því yfir, að hann vissi ekki, hvernig ástandið væri á þeim stofnunum, sem hann á að stjórna fyrir okkur.

Ég er anzi hræddur um það, að einhverjir læknar þurfi einnig að fara til hæstv. ráðh. og segja honum frá því, hvernig ástandið er í geðsjúkdómamálum. Það nægir ekki að standa hér og segja nokkur almenn orð um það, að allir vilji, að þarna sé eitthvað gert. Það er verkefni þessa hæstv. ráðh. að leggja fyrir okkur till. um það, sem gera þurfi, og kanna, hvort hv. alþm. eru fáanlegir til þess að leggja fram þá fjármuni, sem til þess þarf.

Mér er fullkomlega ljóst, að peninga í þessu skyni þarf að taka af einhverju öðru. Það er ekki hægt að nota sömu peningana tvisvar. En það er verkefni þessa hæstv. ráðh. að láta á það reyna, hvort þau mál, sem honum er trúað fyrir, njóti þess stuðnings hér á þingi, að hann geti komið fram þeim stórvirkjum, sem nauðsynleg eru. En það verður að gera með tiltekinni tillögugerð, en ekki með almennu orðagjálfri.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það er ástæða fyrir mig, herra forseti, til þess að gera aths. við það, sem hér hefur verið haldið fram af hv. 6. þm. Reykv. Bæði hann og fleiri þm. lýstu því yfir og það stendur í þskj. frá þeim, að þeir hefðu ekki haft hugmynd um, hvernig ástandið væri, hvorki í kvensjúkdómadeildinni né annars staðar, og þeir hefðu hrokkið við, er þeir komust að því. En ég sagði ekki það, sem hv. þm. sagði að ég hefði sagt, að ég hefði ekki haft hugmynd um, hvernig ástandið væri á kvensjúkdómadeildinni. Hins vegar sagði ég frá því, að það hefði fyrst borizt vitneskja til heilbrigðisstjórnarinnar frá læknum geislalækningadeildarinnar á Landsspítalanum á s. l. sumri og mér hefði borizt vitneskja um það frá þeim sömu læknum, kvenmönnum, hversu alvarlegt ástandið væri í sambandi við legkrabbasjúkdóma íslenzkra kvenna. Það er skjalfest, að vitneskja liggur ekki fyrir fyrr en á s. l. sumri frá þeim læknum, sem um þessi mál eiga að fjalla, og hún er sennilega til komin vegna árangurs af þeirri krabbameinsleit, sem hér hefur átt sér stað á undanförnum árum og leiddi í ljós alvarlegra ástand en menn gerðu ráð fyrir. Þessi er sannleikurinn í þessu máli, og þetta þurfti ekki að fara að misherma hér nú, því að svo mikið var um það talað í vor, og það var það hliðarmál, sem þar kom inn í, að koma upp með hraða geislalækningatækinu, kóbalttækinu, sem svo mikið hefur verið talað um, til þess að bregðast við þessu viðhorfi strax, og það var þess vegna á

s. l. hausti, sem ég vildi taka þá stefnu að byggja strax bráðabirgðahúsnæði til þess að koma þessum tækjum í notkun í haust, og þeirri stefnu hefur verið fylgt. Ég veit, að margir læknar vildu fara allt aðra leið. En þetta mál er annað en ástandið á kvensjúkdómadeildinni. Ástandið á kvensjúkdómadeildinni var þó ekki alvarlegra en það, að þegar læknir kvensjúkdómadeildarinnar og fæðingardeildarinnar og læknir skurðlækningadeildarinnar á Landspítalanum töluðu saman og þegar óskað var eftir því af hálfu kvensjúkdómadeildarinnar, að læknir skurðlækningadeildarinnar veitti 5—6 rúm í sinni deild til þess að taka við alvarlegustu tilfellunum, þá var eytt þeim biðlista, sem hér hafði verið gerður að umtalsefni. Og ég hef sagt það og segi það enn, að þessar aðgerðir gátu átt sér stað, án þess að tilstuðlan ráðh. þyrfti til að koma, eingöngu með beinni og meiri samvinnu læknanna sjálfra á spítalanum. Þetta er efni málsins og óþarfi að rangherma neitt það, sem fram fór hér á s. l. vori þessu máli viðkomandi.

9. Knattspyrnugetraunir.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um knattspyrnugetraunir [85. mál, 3] (A. 94).

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér að beina til hæstv. menntmrh. á þskj. 94 svo hljóðandi fsp.:
„Hve miklar eru orðnar tekjur af knattspyrnugetraunum þeim, sem hófust s. l. vor? Hvernig hefur fé þessu verið ráðstafað? Er sú ráðstöfun í samræmi við lagaákvæði um Íþróttasjóð?“
Sú starfsemi, sem ég nefni þarna knattspyrnugetraunir, mun formlega, þ. e. í lögum og viðkomandi reglugerðum nefnast Íslenzkar getraunir. En ástæðan til fsp. er sú, að ýmsum hefur virzt, að til þessarar starfsemi hafi verið stofnað ekki allsendis með viðeigandi hætti. Vissir aðilar hafi fengið þarna forréttindi, en réttur annarra, eins og til að mynda Ungmennafélags Íslands, fyrir borð borinn, og það getur jafnvel talizt hæpið, að fyrirkomulag starfseminnar samrýmist fullkomlega ákvæðum viðkomandi laga. Það er því að mínum dómi ekki vanþörf á, að málið sé rætt opinberlega, og þess vegna ber ég fram þessa fsp.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Svar mitt við þessari fsp. er þannig:
Sölu á fyrstu miðunum í þeirri getraunakeppni, sem um er að ræða, lauk 1. maí 1969 og sölu síðustu miðanna, sem ég hef fengið upplýsingar um, lauk 14. þ. m. Frá 3. maí til 20. ágúst voru miðar seldir á hálfs mánaðar fresti, en síðan hafa miðar verið seldir vikulega og er um 16 getraunaseðlaútgáfur að ræða. Liggja fyrir fullnaðarreikningsskil fyrir 15 af þeim. Tekjurnar hafa numið alls 5 235 450 kr., eða 5.2 millj. kr. Samkv. stofnsamningi og reglugerð, sem menntmrn. samþykkti 17. apríl s. l. um þessa getraunastarfsemi, skal verja 50% teknanna til vinningagreiðslu og 25% til umboðslauna. Af tekjum áðurnefndra 15 söluvikna hafa 2 617 725 kr., eða 2.6 millj. kr., farið til vinningagreiðslu og 1 308 863 kr., eða 1.3 millj., til umboðslauna. Afgangurinn, eða fjórðungur teknanna, nemur 1 308 863 kr., eða 1.3 millj. Kostnaðurinn við starfsemina hefur numið sem næst 835 þús. kr., og hefur því hagnaðurinn til loka 15. viku getraunanna numið 573 862 kr., eða 574 þús. Menntmrn. samþykkti þá till. íþróttanefndar ríkisins, sem samkv. lögum nr. 84 1940 um tekjuöflun Íþróttasjóðs hefur heimild til starfrækslu getraunastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki, að fela þessa starfsemi félagi, sem myndað er af Íþróttasambandi Íslands, Íþróttabandalagi Reykjavíkur og Knattspyrnusambandi Íslands, og nefnist þetta félag Getraunir. Ef tap verður á rekstrinum, skulu þessir aðilar greiða tapið sem hér segir: Íþróttasamband Íslands 37.5%, Íþróttabandalag Reykjavíkur 37.5%, en Knattspyrnusamband Íslands 25%. Verði hins vegar hagnaður, 200 þús. kr. eða minna, skiptist hann milli aðilanna í sömu hlutföllum. Verði hagnaður yfir 200 þús., skulu 50% þess, sem umfram er þá fjárhæð, renna til Íþróttasjóðs, en afgangurinn skiptast milli áðurnefndra aðila. Dreifing getraunaseðlanna hefur fyrst og fremst verið falin ungmenna- og íþróttafélögum og samtökum þeirra. Hafa þessi félög lagt fram mikið starf við dreifingu, sölu og söfnun seðla, og með tilliti til þess voru umboðslaunin ákveðin allhá eða 25%, eins og áður segir. Var ekki talið líklegt, að lægri umboðslaun yrðu vænleg til þess að örva getraunastarfsemina svo sem þörf væri á, en þessi háu umboðslaun eru félögunum nokkur tekjulind.
Í stofnsamningi og reglugerð getraunarekstrarins er kveðið svo á, að hagnaði, hvort sem hann rennur til Íþróttasjóðs eða hinna þriggja aðila, sem standa að félaginu Getraunir, eða einstakra félaga, skuli varið samkv. ákvæðum í íþróttalögum um Íþróttasjóð. Með hliðsjón af þessu verður að telja, að ráðstöfun hagnaðar

í getraunastarfseminni sé í samræmi við íþróttalögin.

Það ber að hafa í huga, að sú getraunastarfsemi, sem efnt var til á s. l. vori, er tímabundin og rennur stofnsamningur og reglugerð um þennan getraunarekstur út í árslok 1969, í lok þessa árs. Það er því auðvelt að endurskoða þær reglur, sem um þetta gilda, ef reynslan leiðir í ljós, að menn telji annað skipulag eðlilegra. Rétt er að hafa í huga í þessu sambandi, að á árunum 1952—1956 rak íþróttanefnd ríkisins getraunastarfsemi í sama horfi og tíðkast annars staðar á Norðurlöndum. Þessari starfsemi var hætt vegna þess, að hún skilaði ekki hagnaði svo sem menn höfðu gert sér vonir um. Það hefur síðan alltaf verið athugað öðru hverju, frá því að hin fyrsta getraunastarfsemi lagðist niður, hvort hefja ætti getraunastarfsemi á ný, en niðurstaðan hefur jafnan þar til nú orðið sú, að hún mundi ekki skila hagnaði. Var m. a. athugað rækilega um hugsanlega samvinnu við getraunir Noregs og enskt getraunafyrirtæki, en hagnaður allur var talinn vafasamur í báðum tilfellum og varð því ekkert úr framkvæmdum.

En þá var það árið 1968, í fyrra, að þrjú knattspyrnufélög í Reykjavík hófu að reka getraunastarfsemi, hvert meðal sinna félaga. Þau beittu því fyrirkomulagi að selja eina getraunaröð á hverjum seðli og selja hana áttfalt hærra verði en t. d. var gert í Noregi og tuttugu og fimmfalt hærra verði en hún var seld á árunum 1952—1956. Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur taldi sig sjá fram á, að þessi starfsemi, sem án efa mundi breiðast út til fleiri félaga, yrði talin hæpin eða jafnvel ólögleg, jafnvel beinlínis ólögleg eftir lögum nr. 84 1940, íþróttalögunum, og sótti því til íþróttanefndar ríkisins um heimild til getraunarekstrar. Samtímis þessu sóttu stjórnir Íþróttasambands Íslands og Knattspyrnusambands Íslands sameiginlega um hið sama. Íþróttanefnd ríkisins, sem vegna fyrri reynslu og áðurnefndra athugana taldi ekki rétt að setja á sinum vegum á fót í annað sinn getraunarekstur, átti fund með þessum þremur aðilum. Náðist samkomulag milli hinna þriggja umsækjenda um getraunastarfsemina á þann veg, að þau mynduðu félag um tímabundinn rekstur getrauna, sem byggður yrði á þeirri reynslu, sem fengizt hafði hjá reykvísku knattspyrnufélögunum, og yrði fyrirkomulagið hið sama hjá þeim, að félögin bæru hita og þunga af dreifingu og sölu miðanna. Var þetta rætt við menntmrn. og féllst rn. á tillögur íþróttanefndarinnar um málið og þá till., sem var orðin sameiginleg till. þessara þriggja helztu íþróttasamtaka í landinu, Íþróttasambands Íslands, Íþróttabandalags Reykjavíkur og Knattspyrnusambands Íslands. Sú getraunastarfsemi, sem hófst í maímánuði 1969, í s. l. maímánuði, hefur skilað þó nokkrum hagnaði, eins og ég gat um áðan, þótt hliðstæður rekstur á árunum 1952—1956 benti ekki til, að slík starfsemi mundi verða sérstaklega arðgæf.

Vona ég, að með þessum upplýsingum hafi ég svarað fsp. hv. þm.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. greinargóð svör við fsp. minni. Ástæðan til þess, að einn liður fsp. er á þá leið, hvort fyrirkomulag þessara getrauna sé í samræmi við lagaákvæði um Íþróttasjóð, er sú, að í lögum um þennan sjóð segir skýrt og greinilega:

„Ríkisstj. er heimilt að veita íþróttanefnd leyfi til að reka veðmálastarfsemi í sambandi við íþróttakappleiki til ágóða fyrir Íþróttasjóð".

Ríkisstj. er sem sagt heimilt að veita Íþróttasjóði þennan rétt. Spurningin er þá, hvort Íþróttasjóður eða stjórn hans hefur leyfi til þess að afsala sér þessum rétti í hendur öðrum aðilum, eins og nú hefur verið gert, þó að satt sé að vísu, að þetta sé aðeins til takmarkaðs tíma. En hvað sem því líður sýnist mér aðfinnsluvert, að þremur aðilum, einungis þremur aðilum, sem að íþróttum vinna í landinu, þ. e. ÍSÍ, KSÍ og Íþróttabandalagi Reykjavíkur, skuli hafa verið veittur allur rétturinn í þessu máli. Það er að vísu satt, að þessir aðilar eru þrír þeir atkvæðamestu á sviði íþrótta, en það eru fleiri aðilar, sem vinna ötullega á íþróttasviðinu með fjöldaþátttöku, öll ungmennafélögin, hvorki meira né minna. Og ég fullyrði, að meðal forustumanna ungmennafélagshreyfingarinnar gætir mikillar óánægju út af þessu máli; og þar er þess vænzt, að fyrirkomulagi starfseminnar verði breytt núna, þegar tækifæri gefst til þess, þegar gildistími fyrirkomulagsins, eins og það tíðkast nú, rennur út um nýárið; verði sem sagt breytt þannig, að ágóði af getraunastarfseminni renni til UMFÍ ekki síður en hinna þriggja aðilanna. Ágóðinn er að vísu ekki mjög mikill samkv. upplýsingum hæstv. menntmrh., hreinn ágóði tæpar 600 þús., en hann virðist aukast jafnt og þétt.

Það er víst, að fjárhagur Ungmennafélags Íslands er svo slæmur og stuðningur við það af opinberri hálfu svo skorinn við nögl, að það er kominn tími til þess að taka þessi mál öll til rækilegrar athugunar. Þessi gamli og mjög svo lofaði félagsskapur, með sína víðtæku starfsemi, héraðsmót, landsmót o. s. frv., hefur ekki ráð á því að halda opinni skrifstofu að staðaldri. UMFÍ hefur skrifstofu opna aðeins um sumarmánuðina allan daginn, en eins og nú stendur, t. d. yfir vetrarmánuðina, starfar þar skrifstofustúlka tvo tíma á dag, og ef menn þurfa að ná sambandi við þessa skrifstofu UMFÍ í sambandi við einhver vandamál ungmennafélagshreyfingarinnar, þarf að hitta á þann tíma, sem stúlkan situr þarna.

Menn skilji ekki orð mín svo, að ég vilji telja eftir tekjur ÍSÍ eða hinna tveggja aðilanna, sem hlotið hafa forréttindi í sambandi við getraunirnar. Þeir aðilar eru alls góðs maklegir að mínum dómi. En það verður að vera eitthvert samræmi í þessu. Menn athugi það t. d., að Íþróttabandalag Reykjavíkur fær eitt allra héraðssamtaka í landinu að njóta ágóðans af getraunasamkeppni. Hvers eiga hin samböndin að gjalda? Og menn ættu t. d. að athuga það, að ágóði ÍSÍ af getraununum er aðeins ofurlítil

ábót á aðrar tekjur þess sambands. 3 millj. skilst mér að ÍSÍ fái af svo kölluðum sígarettupeningum og auk þess styrki margs konar til utanfara og annarrar starfsemi. Á meðan hefur UMFÍ fengið 400 þús. kr. alls til félagsstarfsemi, 50 þús. kr. til Þrastaskógar, þ. e. skógræktar, og 50 þús. kr. til starfsíþrótta, samtals ½ millj., og það er allt og sumt.

Mér er kunnugt um það, að stjórn UMFÍ hefur sent inn til fjvn. umsókn um, að framlag til starfsemi UMFÍ verði nú 1.6 millj. kr. Og ég skil ekki, — þegar tekið er tillit til stuðnings hins opinbera við önnur skyld samtök, eins og t. d. ÍSÍ, sem eru alls góðs makleg að mínum dómi, og ég vil undirstrika það, — en ég skil ekki, þegar þetta er athugað, að hægt sé að neita UMFÍ um þetta lítilræði.

Svo endurtek ég þakkir mínar til ráðh. fyrir svör hans.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Ég tel rétt, að það komi hér fram, að menntmrn. hefur engin kvörtun borizt og engin vitneskja borizt um óánægju í sambandi við þá getraunastarfsemi, sem ég var að gefa hinu háa Alþ. upplýsingar um. Það er í fyrsta skipti nú í ræðu hv. þm., sem mér berst til eyrna, að með þessa starfsemi sé óánægja hjá tilteknum aðilum, sem hann nefndi, þ. e. ungmennafélagshreyfingunni. Ég vil taka það skýrt fram, að rn. hefur allar götur síðan 1956, að getraunastarfsemin var lögð niður vegna þess, að á henni var beinlínis taprekstur, verið reiðubúið til þess að nota heimild íþróttalaganna um það að veita íþróttanefnd ríkisins leyfi til getraunastarfsemi, og það mál hefur verið, svo að segja árlega, til stöðugrar athugunar hjá íþróttanefndinni. En hún hefur aldrei að athuguðu máli treyst sér til þess að hefja starfsemina að nýju af ótta við það, að hún mundi leiða til taps. Þegar svo þessi starfsemi var byrjuð með hætti, sem líklega hefði orðið að telja ólöglegan, en þrír mjög stórir aðilar, forustuaðilar í íþróttahreyfingunni, vildu taka þessa áhættu á sig, því að í upphafi var litið á þetta sem áhættu, — ríkið tók enga áhættu á sig í þessu sambandi, — þá taldi menntmrn. sjálfsagt að verða við þessu og túlkaði lagaákvæðin þannig — um þann skilning hefur ekki verið ágreiningur mér vitanlega — að íþróttanefndin gæti framselt þennan rétt sinn til annarra aðila með samþykki menntmrn., og það samþykki fékkst. En nú hefur komið í ljós, að hér er um verulega tekjulind að ræða og við lögðum í menntmrn. megináherzlu á það, að hagnaðinum yrði varið í samræmi við ákvæði íþróttalaganna. Við mundum aldrei hafa samþykkt að framselja réttinn til getraunastarfsemi með öðru skilyrði en því, að ráðstöfun fjárins færi algerlega eftir ákvörðun íþróttalaganna. Það var mergurinn málsins frá okkar sjónarmiði séð. Nú er hins vegar komið í ljós, að hér er ekki um áhættufyrirtæki að ræða, á tæplega hálfu ári hefur hagnaðurinn numið 500—600 þús. kr., og eins og hv. þm. sagði alveg réttilega, þá virðist hann fara mjög vaxandi og hér virðist vera um að ræða tekjustofn, sem geti gefið íþróttasjóði, íþróttahreyfingunni, talsvert á 2. millj. kr. á ári, eins og nú standa sakir. Einmitt með hliðsjón af því, ef svona færi, og það hefur raunar farið fram úr björtustu vonum, þá var leyfið haft tímabundið og getur komið til endurskoðunar um næstu áramót. Ég get með ánægju gefið þá yfirlýsingu, að rn. er að sjálfsögðu reiðubúið til þess að ræða þetta mál við alla þá aðila, sem áhuga hafa á því að eiga aðild að þessari starfsemi og mundu vilja nota hagnaðinn í samræmi við ákvæði íþróttalaga, sem ég tel vera merg málsins. Ef um er að ræða óánægju með þetta fyrirkomulag hjá tilteknum aðilum, þá er réttast fyrir þá að snúa sér til rn. með þær umkvartanir sínar eða með skoðanir sínar um málið, og ég get fullvissað alla aðila um það, að við munum taka það mál til vinsamlegrar og vandlegrar athugunar.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Sú fsp., sem hér er til umr., og svör hæstv. menntmrh. við henni gefa tilefni til þess að mínum dómi að vekja á ný athygli á því, að fyrir Alþ. hefur verið lögð till. til þál. um það, að sett verði á stofn 5 manna nefnd, er hafi það hlutverk að gera fjárhagsáætlun fyrir íþróttastarfsemina í landinu. Eins og segir í þeirri till., á að gera fyrstu áætlun fyrir árið 1971, en eftir það skulu þær gilda til fjögurra ára. Og við gerð fjárl. hverju sinni skuli þessi áætlun lögð til grundvallar fjárframlögum ríkissjóðs til íþróttastarfseminnar, því að það er vissulega alveg rétt, að nokkurs ósamræmis gætir í skiptingu þess fjár, sem til íþróttastarfseminnar er varið, og í vaxandi mæli hafa menn orðið þess varir, að Ungmennafélag Íslands, sú hreyfing, sem á mikinn hljómgrunn meðal æskufólks um allt land, hefur verið afskipt í þessum málum. Þess vegna er í þeirri till., sem ég er hér að minna á, gert ráð fyrir því, að í nefndinni skuli eiga sæti ekki einungis forseti ÍSÍ og íþróttafulltrúi ríkisins, heldur og formaður UMFÍ og svo tveir menn kosnir af Sþ. Þessi getraunastarfsemi, sem hér hefur verið gerð að umtalsefni, var reynd, eins og kunnugt er, fyrir nokkrum árum, að ég hygg á nokkru viðtækari grundvelli, en gaf þá ekki góða raun og lognaðist út af. Nú er svo að sjá sem meiri áhugi sé á þessari starfsemi og nokkur tekjuvon sé við hana bundin. Ég tel sjálfsagt, að þegar þessi mál verða endurskoðuð, og þau hljóta að verða endurskoðuð nú alveg á næstunni, hvort sem það verður á grundvelli þáltill. þeirrar, sem ég hér minni á, eða með öðrum hætti, þá sé þess vandlega gætt, að svo stór aðili, merkur aðili sem ungmennafélagshreyfingin er, verði ekki hafður afskiptur í þessu máli.

Ég sé ekki ástæðu til þess að segja um þetta fleiri orð. Ég vildi aðeins nota þetta tækifæri til þess að minna hv. þm. á það, að þessu máli hefur þegar verið hreyft hér, og vænti þess, að till. fái fljóta og góða afgreiðslu.

10. Raforkumál.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til raforkumrh. um raforkumál [68. mál, 3] (A. 76).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef ásamt hv. 1. og hv. 2. þm. Austf. borið fram á þskj. 76 fsp. til raforkumrh. um nokkur atriði varðandi dreifingu raforku um sveitir. Við myndun ríkisstj. 1953 var gerð raforkuáætlun til 10 ára og ákveðið að verja til framkvæmda 250 millj. kr. á ári á áætlunartímabilinu. Hvert stórátak hér var um að ræða, má bezt sjá á því, að nú þyrfti að margfalda, sumir segja allt að tífalda, þessa upphæð til að ná sama framkvæmdamætti. Sérstök áætlun var svo gerð um dreifingu raforkunnar um sveitir. Að áætlunartímabili þessu loknu var komin önnur ríkisstj., eins og kunnugt er, og önnur raforkuáætlun hefur ekki fengizt gerð til þessa.

Orkuvinnslan er alveg utan við ramma þessarar fsp., en af dísilframleiðslunni er raunar ljót saga og rekstrarreikningar þeirra fyrirtækja eru ákaflega ömurlegir. En varðandi dreifinguna um sveitir er það að segja, að árlegar framkvæmdir við hana héldust nokkuð svipaðar fram að síðustu kosningum, um 200 sveitabýli á ári fengu rafmagn að meðaltali á árunum 1955–1966. Árið 1967 fengu 178 bæir rafmagn og eitthvað yfir 130 árið 1968, en þess ber þó að gæta, að þá var það farið að tíðkast í vaxandi mæli að taka skammtímalán til héraðsveitnanna, svo að bæjafjöldinn gefur ekki rétta mynd af framlögum ríkisins síðustu tvö árin. Nú í ár er svo gert ráð fyrir, að tengd verði 70 býli og á næsta ári, eftir fjárveitingum að dæma, varla miklu fleiri en það. Það er þess vegna augljóst, að þessi mál eru nú komin í hina mestu sjálfheldu, enda hafa fjárveitingar til dreifilínanna farið síminnkandi að framkvæmdamætti ár frá ári.

Þá hefur það einnig gerzt, að framkvæmdir hafa færzt mjög á reik, svo að erfitt er að fylgjast með því, hvert verið er að fara. Þannig fréttist það einn góðan veðurdag, að menn geti fengið línu lagða, ef þeir borgi hana sjálfir í bili, og lofar þá ríkið að greiða kostnaðinn síðar, en án vaxta eins og kunnugt er. Einnig hefur það frétzt, að menn geti fengið línu, ef þeir borgi úr eigin vasa kostnaðinn við það, sem er umfram 1.5 km á milli bæja að meðaltali og skiptir þá ekki máli, þó að línan hafi ekki áður verið samþ. í orkuráði, að því er manni skilst. Enginn veit svo lengur með sannindum, eftir hvaða reglum er hér farið um þetta. Þetta er fremur óviðfelldið ástand, svo að ekki sé meira sagt.

Fsp. okkar er fram borin til þess að fá upplýst ýmis atriði hér að lútandi, m. a. eftir hvaða reglum hefur verið unnið, síðan lán og jafnvel bein framlög einstaklinga tóku að hafa afgerandi áhrif á framkvæmdir og röð þeirra, og svo hvernig lánamál þessi standa nú í dag. Þá er í síðustu lið um fsp. rætt um heildaráætlun um rafvæðingu þeirrar byggðar, sem enn hefur ekki verið tengd samveitum, og hvað ríkisstj. hyggst gera til að greiða fyrir öflun raforku þeim til handa, er þá endanlega yrðu utan orkuveitusvæða.

Ég held óhætt sé að segja, að það er almennt álitið, að rafmagnslaus byggð eigi sér ekki langa framtíð úr þessu. Ár frá ári eykst hlutur raforkunnar í daglegu lífi hvers einasta manns í þjóðfélaginu. Síðast hefur komið til nýtt töfratæki, þar sem er sjónvarpið, og það er stefnt að því að koma því til allra landsmanna á sem allra skemmstum tíma. En það gefur auga leið, að þá má ekki hlaupa yfir frumþáttinn í þessu, sem í þessu tilfelli er sá að koma raforkunni einnig til allra landsmanna.

Fyrirspyrjendur telja, að rafvæðing landsins alls sé samfélagslegt viðfangsefni, sem verði að leysa á allra næstu árum. Við lítum svo á, að það sé á því brýn nauðsyn að gera nú heildaráætlun um rafvæðinguna, bæði til þess að gera sér fulla grein fyrir viðfangsefninu í heild og hversu megi leysa það og svo vegna þeirra einstaklinga, sem enn eru utan samveitusvæðanna, að þeir fái að vita nokkurn veginn hvar þeir standa og geti hagað sér í samræmi við það. Ég vil einnig láta það koma fram hér, að við álítum alveg óhjákvæmilegt að skoða að nýju öll atvik, þegar það verður endanlega metið, hvaða bæir og bæjahverfi verði utan samveitusvæðanna.

Herra forseti. Ég hef þessi orð ekki fleiri, en bið svara hæstv. ráðh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. fyrirspyrjandi fylgdi þessum fsp. úr hlaði með nokkrum orðum, talaði um rafvæðingu fyrir kosningar og eftir kosningar, stórátak 1953 og hraðann í rafvæðingu þá, en gaf í skyn, að nú væri önnur tíðin, nú væri þetta allt saman hægfara og framkvæmdamáttur þess fjár, sem veitt er til þessara framkvæmda, væri nú harla lítill. Í tilefni af þessu held ég, að ég verði að gera nokkurn samanburð, áður en ég lýk máli mínu í sambandi við þessi svör, á því, sem framkvæmt hefur verið í seinni tíð og áður.

Ég vil þá snúa mér að 1. fsp. Hún hljóðar svo: Hversu há fjárhæð samtals hefur verið tekin að láni vegna dreifingar raforku um sveitir gegn loforði ríkisstj. um endurgreiðslu?

Því er til að svara, að vaxtalaus framkvæmdalán úr héraði til veitulagna í sveitum hafa á undanförnum árum verið sem hér segir: Árið 1965 3.4 millj., árið 1966 5.5 millj., árið

1967 9.95 millj., árið 1968 8.69 millj., árið 1969 10.8 millj., eða samtals 38.34 millj. Þá er eðlilegt að gera sér grein fyrir því, hvað er ógreitt af þessum lánum, en það eru ógreiddar eftirstöðvar framkvæmdalána, 18.32 millj.

Þá er spurt: Hve há fjárhæð gengur árlega næstu árin til endurgreiðslu þessara lána? Því er til að svara, að árið 1970 verða endurgreiddar 7.20 millj., árið 1971 3.58 millj., árið 1972 5.91 millj., árið 1973 ekkert, árið 1974 1.63 millj.

Þá er þriðja spurning: Hversu mörg býli hafa verið tengd samveitum fyrir lánsfé og í hvaða hreppum? Ekki er unnt að svara þessu nákvæmlega. Það liggur ekki ljóst fyrir, hvað mörg býli alls hafa verið rafvædd fyrir framkvæmdalán úr héraði, því að þessi lán hafa oft aðeins verið hluti af heildarkostnaði veitulagningar. Ef hins vegar er miðað við, að meðalkostnaður rafvæðingar býla frá þeim veitum, sem lánin gengu til á tímabilinu 1965–1969, hafi verið 200–210 þús. kr. á býli, þá hefur væntanlega verið lánað til sem svarar 180–190 býla, eða m. ö. o. 180–190 býli verið rafvædd fyrir þessi framkvæmdalán.

Þá er fjórði liður fsp.: Hefur mönnum verið gert að greiða úr eigin vasa kostnað af dreifilínum umfram hin föstu heimtaugagjöld? Ef svo er, hvaða reglur gilda um þær greiðslur? Hafi rafmagnsveitur verið samþykktar af framkvæmdaáætlun um veitulagnir í sveitum, sem mælzt hafa lengri en 1.5 km háspennulína á býli að meðaltali, er þeim bændum, sem þessar veitur fá, gert að greiða sem óafturkræft framlag áætlaðan kostnað línunnar, sem er fram yfir 1.5 km á bæ að meðaltali. Það er ákaflega lítið, sem að þessu hefur verið gert, og það er ekki rétt, sem hv. fyrirspyrjandi gaf í skyn áðan, að þetta væri gert án þess að það væri samþ. í orkuráði. Síðustu árin hefur raunverulega ekkert verið gert við dreifingu rafmagnsins nema það hafi verið samþ. í orkuráði. En þetta kom þó fyrir áður.

Þá er það 5. liður: Hvað er eftir að tengja mörg þeirra býla, sem samþ. hafa verið í orkuráði, og í hvaða hreppum eru þau? Orkuráð hefur fyrir sitt leyti samþ., að lagt verði til allra þeirra býla á landinu, sem talið er að séu með allt að 1.5 km línulengd milli sín að meðaltali. Lauslega áætlað teljast þau býli, sem eru enn órafvædd með þessa línulengd á milli bæja að meðaltali, um 200 talsins. Stofnkostnaður við veitulögn til þeirra miðað við verðlag í byrjun þessa árs er áætlaður 45 millj. 873 þús. kr.

Þá er það 6. liður: Hafa býli verið tengd samveitu, áður en þau voru samþ. í orkuráði? Ef svo er, hversu mörg eru þau býli, í hvaða hreppum og eftir hvaða reglum eru þau valin? Og svarið við þessu er á þá leið, að það hefur komið fyrir í tíð allra þeirra ráðh., sem sveitarafvæðingin hefur heyrt undir í seinni tíð, að lagðar hafa verið rafmagnsveitur til býla samkvæmt boði ráðh., án þess að fyrir lægi samþykki raforkuráðs, síðar orkuráðs fyrir þeim veitum. Venjan hefur þó verið sú, að leggja málið fyrir ráðið til staðfestingar á næsta fundi þess. Jafnan er hér um að ræða smærri veitulagningu til einstakra býla. En eins og ég sagði áðan, þá hefur í rauninni ekkert farið fram þannig nú í seinni tíð.

Þá er það 7. liður fsp.: Hversu miklu fé hyggst ríkisstj. verja til dreifingar raforku um sveitir næstu tvö árin: a) til endurgreiðslu lána, b) til framkvæmda? Í fjárlagafrv., sem nú liggur fyrir Alþ., er gert ráð fyrir að verja 27.1 millj. kr. til rafvæðingar sveitanna árið 1970 og er það 5 millj. kr. hærri upphæð en varið var í þessu skyni á fjárlögum árið 1969. En við þetta má bæta heimtaugargjöldum, 2½–3 millj. kr., og samtals eru þetta þá 30 millj. kr. Til endurgreiðslu á framkvæmdalánum úr héraði er, eins og áður segir, gert ráð fyrir að endurgreiða á næsta ári 7.2 millj. kr., og verða þá eftir til nýrra veitulagna á árinu, ef miðað er við fjárlagafrv., um 23 millj. kr. En á næsta ári má einnig gera ráð fyrir lánum úr héraði, kannske 6–7 millj. eins og undanfarið, og væri þá framkvæmdafé óbreytt upphæðin, sem er í frv., um 30 millj. kr.

8. liður fsp.: Hvenær má vænta heildaráætlunar um rafvæðingu þeirrar byggðar, sem enn hefur eigi verið tengd samveitum? Því er til að svara, að gerðar hafa verið yfirlitsáætlanir um rafvæðingu sveitanna: Í fyrsta lagi áætlun, sem nær til býla með allt að 1.5 km línulengd á bæ að meðaltali og vikið var að hér að framan. Í öðru lagi áætlun, er nær til býla með 1.5–2 km meðallínulengd á bæ, og liggur nokkuð ljóst fyrir, hvernig það kemur út. Það eru um 270 býli, sem eru með vegalengdina 1.5–2 km, og það eru, eins og áðan var minnzt á, nær 200 býli, sem eru órafvædd og hafa vegalengdina 1–1.5 km.

Næst er 9. liður fsp.: Hvað hyggst ríkisstj. gera til þess að greiða fyrir öflun raforku þeim til handa, er endanlega yrðu utan orkuveitusvæða? Það hefur verið gert ýmislegt til þess að greiða úr því. Samkvæmt orkulögunum er gert ráð fyrir, að bændur, sem fá ekki rafmagn í náinni framtíð frá almenningsveitum, fái veitt lán úr Orkusjóði til einkarafstöðva, vatnsaflsstöðva og mótorrafstöðva. Til lánveitinga af þessu tagi hefur verið varið á undanförnum árum talsverðu fé, t. d. árið 1964 3 millj. kr., árið 1965 4 millj., árið 1966 10.2 millj., árið 1967 4.5 millj. og árið 1968 4.9 millj. Hefur bændum yfirleitt ekki verið neitað um þessi lán, þegar þeir hafa sótt eftir þeim, hvort sem er til vatnsaflsstöðva eða mótorrafstöðva. Venjulega eru þessar dísilstöðvar, sem bændur kaupa, 6 kw. og kosta nú um 100 þús. kr., en lánin eru um 88 þús. kr. til 10 ára með 6% vöxtum. Það er orðið sjaldgæft, að bændur komi upp einkavatnsaflsstöðvum, vegna þess að það lítur út fyrir, að búið sé að nota þá aðstöðu, sem fyrir er, að mestu leyti, en fjöldi bænda sækir árlega um lán til dísilstöðva. Það eru bændur, sem reikna með að þurfa að bíða nokkuð eftir því að komast í samveitukerfið, eða þeir, sem reikna alls ekki með því, að það verði í náinni framtíð.

Það er rétt að geta þess, hve margir hafa

fengið rafmagn frá almenningsveitum á ári núna undanfarið, t. d. frá árinu 1958, ef við tökum 10 ár — við höfum ekki enn þá yfirlit yfir árið 1969 — árið 1958 eru það 148 býli, sem fá rafmagn frá samveitum, árið 1959 127 býli, árið 1960 215 býli, árið 1961 137 býli, árið 1962 188 býli, árið 1963 259 býli, árið 1964 196 býli, árið 1965 197 býli, árið 1966 215 býli, árið 1967 178 býli og árið 1968 119 býli. Það var rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan, að býlafjöldinn væri kannske ekki það rétta mark í sambandi við hinar raunverulegu framkvæmdir. Síðan farið var að leggja rafmagn að bæjum með vegarlengdinni 1—1.5 km, en það eru ein 6—7 ár síðan það var, þá var vitanlega eðlilegt, að býlin yrðu færri en áður, a. m. k. fyrir sama fjármagn. En það ber nú ekki mikið á því. Þess vegna er ekki hægt í dag að tala um það, að framkvæmdahraðinn hafi verið minni í seinni tíð en hann var t. d. fyrir 12—15 árum. Framkvæmdahraðinn hefur ekki verið minni. Það hafa alveg jafnmörg býli fengið rafmagn á hverju ári og þá og fleiri býli. Til staðfestingar því vil ég aðeins segja það, að ef við tökum km-fjöldann, sem hefur verið lagður í háspennulínum, frá því að byrjað var að veita rafmagni um landið, þá er það náttúrlega drýgsti og sannasti mælikvarðinn á framkvæmdahraðann. Árið 1947 var fyrst farið að vinna eftir orkulögum, raforkulögum eins og þau þá hétu, þá var aðeins 5 km háspennulína til dreifingar. Árið 1948 voru það 43 km, og ef við tökum 10 ár, 1949—1958, þá er vegalengdin á þessum 10 árum 1565 km. Ef við tökum hins vegar árin 1959—1968, næstu 10 ár, — og ég vil biðja hv. fyrirspyrjanda að hlusta á þennan samanburð, — ef við tökum áratuginn 1959—1968, þá hafa þessi 10 ár verið lagðar háspennulínur 2297 km að lengd til dreifingar á rafmagni. En á hinum áratugnum, — og ég ætla að biðja hv. fyrirspyrjanda að hlusta á það líka, — 1949—1958 eru það 1565 km. — (Gripið fram í.) Já, það eru 1565 km í háspennulínum á árunum 1949—1958, það eru 10 ár, og ef við tökum aftur 10 ár, 1959—1968, þá eru það 2297 km. Ef við tökum svo býlafjöldann og berum þetta saman, þá er það þannig, að býli eru talin í landinu hjá orkumálaskrifstofunni 4824, og býli, sem hafa fengið rafmagn frá samveitum í lok árs 1968, eru þá 3429, en býli með dísilstöðvar voru þá 948. Ég var búinn að biðja Pál Hafstað um að senda mér samanburðinn á býlunum líka, sem höfðu verið tengd á þessum áratugum, og hann hefur þann samanburð, en því miður hefur hann ekki komizt í mínar hendur, en sá samanburður var einnig hagstæður seinna tímabilið. Að sjálfsögðu fer ég ekki með neinar tölur, úr því að þær eru ekki hérna í mínum plöggum, það hefur einhvern veginn farizt fyrir hjá Páli að koma þessu til mín.

En þegar við tölum um það, sem við erum allir sammála um, að það eigi að rafvæða landið og það sé erfitt fyrir alla að vera án rafmagns, þá er gott að gera sér grein fyrir því, hvað það eru mörg býli í landinu, sem hafa ekki rafmagn. Talið er, að um 400 býli séu ekki á framkvæmda- eða lánaskrá hjá Rafmagnsveitum ríkisins, en það er vitað, að talsvert af þessum býlum hefur samt sem áður rafmagn. Þau hafa dísilstöðvar, sem ekki hefur verið tekið lán út á, þau hafa keypt notaðar stöðvar af öðrum, sem ekki hafa komizt á skrá, þannig að gizkað er á, að um 200 býli hafi ekkert rafmagn, kannske 300, við vitum það ekki nákvæmlega, og segja má, að það sé allt of mikið. Hitt getum við verið sammála um, að það er ekki stórt átak, ef þessir aðilar eru í miklu strjálbýli og ekkert útlit fyrir, að þeir fái rafmagn frá samveitum á næstunni, þá er það ekki stórt átak að gera þeim mögulegt að fá dísilstöðvar. Þeir eiga kost á að fá 88 þús. kr. lán til 10 ára með 6% vöxtum til þess að kaupa dísilvél, sem kostar 100 þús. kr., og það heimili, sem hefur góða dísilvél, er ekki rafmagnslaust. Það eru mikil viðbrigði að hafa rafmagn frá slíkri vél, miðað við það að vera rafmagnslaus, og því miður verður það svo nokkuð lengi hér í landi, að talsvert margir verða að sætta sig við dísilorkuna. Við höfum ekki enn ákveðið að tengja við samveitusvæði byggðarlög, þar sem bæir eru svo strjálir, að meira en 1.5—2 km eru milli bæja til jafnaðar. Vel má þó vera, að þegar lokið er við að láta þau býli fá línu frá samveitunum, þá verði vegalengdin ákveðin meiri, t. d. 2—2.5 km; en ákvörðun hefur ekki verið tekin um það enn.

Ég ætla, að þeim fsp., sem hér hafa verið bornar fram, hafi verið svarað og að fyrirspyrjendur hafi fengið, a. m. k. að nokkru, þær upplýsingar, sem þeir hafa óskað eftir. Að sjálfsögðu má segja, að þessi svör séu ekki tæmandi. Það má sjálfsagt einhverju við þau bæta og fá fleiri upplýsingar, t. d. um það, hvað tengd hafa verið mörg býli á ári allt frá byrjun, síðan byrjað var að rafvæða sveitirnar. Út af fyrir sig er það ekki aðalatriðið, heldur það, hvað hefur verið gert í heild og hvað mikið átak þarf að gera til þess að koma þessum málum öllum í það horf, sem við viljum hafa. En við getum sagt, að þegar fólkið í landinu hefur fengið rafmagn frá dísilstöðvum, sem nú eru orðnar gangvissar, þá sé það ekki rafmagnslaust, þó hitt þyki betra, að hafa tengingu frá vatnsaflsstöðvum.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Þau upplýsa vissulega margt í þessum málum. Þó hefðu þau mátt vera fyllri, því að það eru ýmis atriði í fsp., sem hann telur ekki hægt að svara.

Ég er dálítið undrandi á einu atriði, sem þarna kom fram. Ráðh. mótmælir því, að það hafi átt sér stað, að línur hafi verið lagðar til býla, sem ekki hafi verið samþykktar í orkuráði áður. Ég þykist þó vita með vissu, að það hafi verið gert. Þó má vera, að viðkomandi hverfi hafi verið samþ. í ráðinu, nánast um leið og ákveðið var að tengja þau, ekki fyrir fram, sem þó er venja.

Það er kyndugur samanburður, sem hæstv.

ráðh. var að gera á fjölda tengdra býla, eða öllu heldur á km-vegalengdinni á áratugnum 1949—1958 og 1959—1968, því að hér er alls ekki um sambærileg tímabil að ræða. Og ég vil benda á það, að þegar hæstv. ráðh. segir, að km-fjöldinn sé bezta viðmiðunin, þá er það náttúrlega alls ekki rétt. Línan sjálf, km-lengd hennar, er ekki nema hluti af kostnaði, því að svo koma spennistöðvar og heimtaugar o. s. frv., svo að km-fjöldinn er alls ekki rétti mælikvarðinn. Ég held, að þrátt fyrir viðleitni ráðh. til að mótmæla því, að mjög hafi dregið úr framkvæmdahraða við dreifingu raforkunnar í sveitir, sjái það þó allir menn, að sú er þróunin þessi síðustu árin, því miður. Það er viðurkennt, að ekki verði tengd í ár nema um 70 býli. Meðaltalið hefur verið lengst af frá því að stóraðgerðir hófust í þessum málum um 200 býli á ári, en er nú 70. — Enn er unnið á bilinu 1—1.5 km, svo að aukin vegalengd á milli bæja brúar ekki þetta bil, ekki nándar nærri. Það, sem mér þykir ömurlegast í sambandi við þessar umr., er það, að mér finnst það ekki koma fram, að ríkisstj. hafi uppi nein áform um að gera nú átak í þessum málum, hraða framkvæmdum og rífa þau upp úr því öngþveiti, sem þau eru komin í. Mér finnst það alls ekki koma fram í svörum ráðh. Það er það versta í þessu öllu saman.

Hæstv. ráðh. svaraði seinni liðunum, eftir því sem hann taldi fært. Hann sagði, að það væru til áætlanir um þetta. En það eru engar heildaráætlanir. Það eru gerðar áætlanir um, hvað það kosti að rafvæða á bilinu upp að 1.5 km, og hann nefndi þá tölu. Hann nefndi hins vegar ekki tölu um næsta bil fyrir ofan. Og hann skýrði ekki frá neinum heildaráætlunum, sem gefi til kynna, hvenær menn eigi von á rafmagni frá samveitu og svo hverjir alls ekki eiga von á því, enda tók hann það blátt áfram fram, að það þyrfti að meta upp að nýju það, sem lagt hefur verið til grundvallar tveggja km reglunni. Og út af fyrir sig er gott að heyra það.

Nei, það, sem hér þarf að gera, er að taka höndum saman um aukna tekjuöflun og stærri aðgerðir til þess að leysa þetta mál. Ég veit, að þetta kostar töluvert fé, en þetta er áreiðanlega ekki óviðráðanlegt og þetta er samfélagslegt vandamál. Ég heyri fjölmarga menn viðurkenna það, ekkert síður á orkuveitusvæðunum heldur en í hópi hinna, sem utan við standa, að þannig sé þetta, og það sé ekki vansalaust að láta líða ófyrirsjáanlega langan tíma þangað til því marki er náð, sem við getum kallað rafvæðingu alls landsins. Ég held, að hæstv. ráðh. væri maður að meiri, ef hann hreinlega viðurkenndi, að það er, eins og nú er komið, mjög erfitt um framkvæmdir í dreifingu rafmagns um sveitirnar, að það hefur hægt mikið á dreifingunni. Það er brýn nauðsyn að snúa þar við blaði. Hæstv. ráðh. hefur gert það áður, þegar í óefni var komið, að leita samstarfs við stjórnarandstæðinga um tiltekin mál, sbr. vegáætlunina í fyrra, og það með góðum árangri. Ég held, að hæstv. ráðh. hefði einnig í þessu máli átt að leita viðtæks samstarfs um stærri aðgerðir en nú virðast fram undan.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Það er áreiðanlega rétt, sem fyrirspyrjandi sagði, að það má segja, að þau sveitabýli séu dauðadæmd, sem ekki eiga neina von þess að fá raforku. Fyrsti möguleikinn er sá, að vera meðal þeirra lukkulegu, sem geta fengið raforku af samveitusvæðum, en hin býlin, sem ekki geta gert sér vonir um það, eiga um tvo möguleika að velja. Það er þá fyrst að geta komið upp dísilrafstöð, og það er úrræði, sem margir hafa gripið til og er bráðabirgðaúrræði. Það er rétt, sem ráðh. segir, að það eru veitt allgóð lán til þess að koma upp dísilrafstöðvum, en með því olíuverði, sem nú er, er rekstur dísilstöðvar í sveit samt algerlega ósambærileg aðstaða við það að fá raforku frá samveitusvæðunum. Þau býli eru því til frambúðar næsta illa sett, sem ekki geta horft til annarra möguleika en að bjarga sér með dísilrafstöð, sem venjulega er allt of lítil til þess að leysa raforkuvanda heimilisins að öllu leyti, t. d. eru þær sjaldan svo stórar, að þær geti leyst súgþurrkunarvandamálið ásamt því að sjá fyrir rafmagni til matseldar, lýsingar og annarra hluta. Hinn möguleikinn er að virkja vatnsafl fyrir einstök sveitabýli, en sá möguleiki er kostnaðarsamur. Sjaldgæft er, að aðstaða sé svo ákjósanleg til vatnsvirkjunar, að slík rafstöð kosti ekki ½—1 millj. eða jafnvel yfir það. Það er ekki öllum fært, nema því aðeins að ríkið veiti verulega aðstoð til slíks.

Ég held, að það sé um það bil ár síðan ég ræddi við hæstv. ráðh. um það, að lagaheimildir — ég held, að það sé áreiðanlegt — eru fyrir hendi til að veita lán, allt að helmingi kostnaðar, til vatnsaflsstöðva í sveitum. Síðan hefur þessi rúma lagaheimild verið takmörkuð mjög með reglugerðarákvæðum eða framkvæmdavenjum ráðh., ég veit ekki, hvort heldur er. Þegar ég ræddi við ráðh. fyrir ári eða svo, sagði hann, að það væri alveg rétt, að reglurnar, sem um þetta giltu þrátt fyrir hinar rúmu heimildir laganna, væru eflaust settar fyrir löngu og hefðu dregizt aftur úr, væru niður úr öllu valdi, og þetta þyrfti að endurskoða. Nú vil ég spyrja hæstv. ráðh., — ég held, að hann hafi ekki getið um það í ræðu sinni, — hvaða reglur gilda nú um lána- og styrkjaveitingar af hendi ríkisins til byggingar vatnsaflsstöðva í sveit. Er það nokkuð í samræmi við þann kostnað, sem nú er í sambandi við slíka framkvæmd? Er þar er um að ræða, ef lagaheimildinni er fullnægt, að helmingur kostnaðar sé fáanlegur sem lán eða eitthvað í námunda við það? Það þyrfti að vera, til þess að nokkur möguleiki væri á því, að sveitabýli gætu risið undir að útvega hinn hluta fjárins, sem þá í flestum tilfellum gæti verið ½—¾ millj. Það var þetta, sem ég vildi beina til ráðh.

Annars vildi ég segja það um km-regluna, að hún er í mörgum tilfellum viðsjárverð og í

öðrum tilfellum forkastanleg. Það gæti verið, að það væri innan við 1.5 km meðaltalsvegalengd milli bæja og annað hvert eða þriðja hvert þeirra býla hefði enga möguleika til þess að vera framtíðarbýli í sveit. En samt hefði þessi byggð aðstöðu til þess að fá raforku frá samveitusvæði. Hins vegar gætu verið nokkur býli, sem væru öll saman stórbýli og ættu öll tvímælalaust framtíð fyrir sér. Þar væru 2 eða 2.5 km á milli bæja, en þau býli væru á aftökulistanum, dauðadæmd, af því að þau hefðu enga von um að fá raforku, meðan þessi vitlausa regla er í gildi. Ég vona, að hennar dagar verði sem fæstir.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég er ekki ánægður með samanburð hæstv. ráðh. varðandi fortíðina. Það er ætíð hægt að finna tíma til þess að fara út í það, og skal ég ekki gera það mjög að umtalsefni. Ég vil einungis rifja það hér upp, að 1953 var gerður pólitískur samningur á milli Framsfl. og Sjálfstfl. við stjórnarmyndun um að afla 250 millj. í rafmagnsáætlun dreifbýlisins til þess að byggja orkuver og leggja háspennulínur og dreifilínur, eftir því sem til hrykki. Þessa fjár var aflað, og það var stórfé. Það mundi núna þurfa að tala um þúsundir millj. til þess að hafa sambærilega tölu, eins og 1. fyrirspyrjandi sagði, og ef svo hefði verið haldið áfram sem þarna var lagður grunnurinn að, og álíka fjárhæðir lagðar fram, eftir að þessari 10 ára áætlun lauk, hefði nú verið búið að rafvæða fyrir æðilöngu allar sveitirnar. Það er alveg öruggt.

Í þessu sambandi hefur það enga þýðingu að bera saman lengd á línum, vegna þess að það þurfti fyrst að byggja orkuverin í rafmagnsáætlun dreifbýlisins, síðan aðalháspennulínurnar og loks dreifilínurnar, og það þýðir því ekkert að vera að kippa dreifilínunum út úr í þessu sambandi og bera þær saman. Það hefur enga þýðingu. Ef áætluninni hefði verið haldið áfram, þá væri nú búið að ljúka þessum málum.

Ástæðan til þess, að nú er allt nálega strand, er einfaldlega sú, að fjárveitingar hafa látlaust farið lækkandi. Við skulum ekkert vera að þræta um þetta. Þetta eru staðreyndir, sem liggja fyrir, og við skulum ekki vera neitt að reyna að skekkja þá mynd. En þetta er í raun og veru ekki aðalatriðið, heldur hitt, hvernig ástatt er núna. Það komu fram ýmsar upplýsingar hjá hæstv. ráðh., og það, sem mér fannst eftirtektarverðast, var þetta, að það er eftir að leggja til 200 býla, þar sem meðalfjarlægð er 1.5 km eða minna, og 270 býla, þar sem meðalfjarlægð er 1.5–2 km, þ. e. a. s. 470 býli eru eftir alls, þegar miðað er við 2 km fjarlægð, en oft hefur undanfarin ár verið lagt til 200 býla á ári. Það væri ekki nema manndómsverk að ljúka þessum 470 býlum á tveimur sumrum í stað þess að vera að standa hér og þræta um þessi mál.

Þetta eru þær einföldu staðreyndir, sem koma fram af máli hæstv. ráðh. Ef t. d. hæstv. ríkisstj. setti sér það að gera í þessum málum álíka og hún gerði sjálf fyrir svona þremur árum, þá mundi vera hægt að ljúka þessum málum, ef ég misskil þetta ekki, á tveimur sumrum. En í stað þess, að þetta horfi svo vel í dag, þá horfir þetta svo illa, að það fer stórfækkandi þeim býlum, sem lagt er til, og það, sem verra er, að ríkisvaldið er komið út í það að notfæra sér neyð manna í þessu tilliti til þess að pína peninga úr þeirra eigin vösum. Menn eru látnir leggja fram úr eigin vasa, ef vegalengdin er meira en 1.5 km að meðaltali, en samt er það yfirlýst stefna hæstv. ríkisstj., að koma skuli rafmagn frá samveitum til þeirra svæða, þar sem vegalengdin er 2 km eða minni. Þá verður vitanlega að borga þessum mönnum þessa peninga aftur til baka síðar, því að með í áforminu eru í raun og veru þessi býli, sem þarna er verið að borga niður, ef svo mætti orða það.

Þá finnst mér það ekki ná nokkurri átt að vera að pressa menn til þess að taka lán heima fyrir og borga vextina af þeim lánum, og mér finnst, að ef ætti að koma lánsfé að heiman í þessu sambandi, ætti ríkið að sjálfsögðu að borga vextina af þeim lánum og notfæra sér þannig þá lánsmöguleika, sem þarna eru fyrir hendi, ef menn treysta sér ekki til þess að útvega peninga öðruvísi, – borga vextina af þeim, eins og hverjum öðrum ríkislánum.

Ég vona, að hæstv. ráðh. sjái, að þetta tvennt: að notfæra sér neyð manna til þess að láta þá leggja fram úr eigin vasa það, sem kostar að leggja umfram 1.5 km, og að pína menn til þess að leggja sjálfa fram vexti af lánum til ríkisins, til þess að fá línur, þetta hvort tveggja er ósæmilegt með öllu fyrir ríkisvaldið, og þetta verður að breytast, því að þarna kemur fram mikil mismunun, sem menn verða annars að búa við.

Ég vil biðja hæstv. ráðh. að taka upp samstarf um þessi mál. Við skulum ekkert vera að metast um það, sem liðið er í þessu, en taka upp samstarf um þessi mál og gera nú strax áætlun um þessi 470 býli, sem hann upplýsir, að eftir séu. Þá vita menn, hvar þeir standa, þeir, sem þar eiga hlut að máli, og það er strax stórfellt atriði. Það veit ég, að hæstv. ráðh. sér. Svo þarf að taka þessi býli í réttri röð, miðað við vegalengdina, svo að enginn geti sagt, að honum sé mismunað. Auka þarf fjárveitingarnar til þessara mála, þannig að þessu megi ljúka á t. d. tveimur árum, þá yrði hraðinn svipaður og hann var fyrir 3–4 árum, og ef ráðh. finnst ekki hægt að útvega alla þessa peninga öðruvísi, þá sé þeim, sem þarna eiga hlut að máli, heimilt að leggja fram lánsfé, en vextirnir séu borgaðir af ríkissjóði. Það sé svo höfð rétt röð á þessum framkvæmdum, þannig að menn séu ekki settir á eins konar uppboð eða öllu heldur niðurboð, að menn komist fram fyrir aðra með því að borga úr eigin vasa. Það er ekki sæmilegt að segja við bændurna: Ef þú borgar sjálfur, borgar þig niður í 1.5 km, þá skalt þú komast fram fyrir nágranna þinn, þar sem vegalengdin er t. d. 1.6 km. Það er þetta, sem er gert núna. Ég vona, að allir sjái, að það er ekki fært að framkvæma þetta svona,

og ég vona, að hæstv. ráðh. vilji taka þessa liði til endurskoðunar.

Ég verð að segja, að þessar umr. hafa verið mjög gagnlegar og hér hafa komið fram mjög merkar upplýsingar, sem sýna það, að þetta mál er alls ekki á nokkurn hátt óviðráðanlegt, þ. e. a. s. að ljúka þessu með miklum hraða, og ég fagna þeirri yfirlýsingu, sem kom fram hjá hæstv. raforkumrh. og ég tel þýðingarmesta atriðið, sem kom fram í umr., sem sé þetta, að það er stefna ríkisstj., að þau svæði fái rafmagn frá samveitum, þar sem meðalvegalengdin á milli býla er 2 km eða minna. En það var þessi stefnuyfirlýsing, sem kom fram hjá hæstv. ráðh., og hún er náttúrlega aðalatriðið í þessum umr., því að sá býlafjöldi, sem þar á hlut að máli, er ekki svo mikill, að þetta hlýtur þá að koma alveg á næstunni. Ég þykist sjá, að það hljóti svo að verða. En þá vita menn samkv. þessari yfirlýsingu, sem hér hefur verið gefin, hvar þeir standa að þessu leyti, að ef þeir eru á svæði, þar sem meðalvegalengdin er 2 km eða minna, þá eiga þeir örugga von í því að fá rafmagn frá samveitu.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekki hægt að fara langt út í þetta mál á þeim ræðutíma, sem nú kemur í hlut hvers manns, en ég vil mjög taka undir þær hvatningar, sem hér hafa komið fram um það, að menn leitist nú við að taka höndum saman um að gera átak í rafmagnsmálunum. Það er að verða alveg óviðunandi að búa í sveitum upp á það að vita ekki einu sinni, hvort menn fá raforku nokkurn tíma eða aldrei, vita jafnvel raforkuna í næstu sveit eða hinum megin við hálsinn og hafa ekki nokkra hugmynd um, hvort menn eiga von á að fá raforkuna eftir 2 ár eða 20 ár. Svona er ástandið núna. Og ég verð að segja það, án þess að ég vilji neitt sérstaklega fara að deila á hæstv. ráðh., að ekki geta Vestfirðingar verið ákaflega hrifnir af framkvæmdunum í rafmagnsmálunum á undanförnum árum. Ég þarf varla að minna hæstv. ráðh. á sveit, sem heitir Barðaströnd. Ég hef gert það áður, en ég get gert það einu sinni enn. Þarna eru 28 bæir og það eru rúmlega 1.4 km að meðaltali á milli bæja, en af því að það þarf að fara með háspennulínu yfir fjall, þá er sveitin dæmd til þess að vera rafmagnslaus. En í sömu sýslu var lögð rafmagnslína fyrir mörgum árum í Reykhólasveit og Geiradalshrepp, og engum datt þá í hug að fara að reikna vegalengdina yfir Tröllatunguheiði og deila henni á milli bæjanna í sveitinni. Af því að það var ekki gert þá, fengu sveitirnar þar rafmagn. En af því að þetta er gert núna þar vestra, fá Barðstrendingar ekki rafmagn. Þetta er óviðunandi með öllu.

Fyrir fáum árum var opnaður myndarlegur flugvöllur á Patreksfirði, í Sandodda, og hæstv. ráðh. bauð okkur þm. vestur að vera við þá hátíð, þegar hann var vígður. Það var gaman að því. Forstjóri Flugfélags Íslands gat þess á þeirri samkomu, að flugvöllurinn væri ekki fullgerður, þangað væri ekkert rafmagn komið, og meðan ekki væri rafmagn á flugvellinum, væri hann eins og fokhelt hús. Mig minnir, að það séu núna tæp tvö ár síðan við nokkrir Vestfjarðaþm. fórum á fund hæstv. ráðh. út af rafmagnsmálum. Mig minnir, að hv. 9. þm. Reykv. væri í hópnum — (Gripið fram í.) Var það ekki? Eru það ekki tvö ár? Mig minnir, að það væri á gamlársdag, og hann var spurður að því, hæstv. ráðh., hvenær rafmagn kæmi á flugvöllinn. Hann tjáði okkur, að það mundi geta orðið á næsta ári, árinu 1967. Ég held, að hann hafi meint þetta, hæstv. ráðh., en hann gat ekki komið þessu fram, og sennilega er það ekki honum að kenna. En rafmagnslínan er ekki komin þangað enn. Með því að leggja línuna þangað hefði verið stytt verulega leiðin til þess, að Barðastrandarhreppur fengi raforku. Allt er fast, hvernig sem farið er að.

Ég skal nefna þriðja dæmið á Vestfjörðum. Það er Bæjarhreppur í Hrútafirði. Þar er vegalengdin þó nokkuð fyrir neðan 1.5 km að meðaltali milli bæja. Ég ætla, að það hafi verið fyrir tveimur árum, sem samþ. var í raforkuráði, að sú lína skyldi lögð. Hvað er hún komin langt núna? Það er búið að leggja staura yfir part af hreppnum, en enga línu. Og þannig stendur það enn. Hvenær strengurinn kemur á staurana, veit ég ekki, hvort það verður á næsta ári eða ekki. Þetta eru dæmi af Vestfjörðum um, hvernig þetta gengur. Þess vegna segi ég það, að erfitt er að una við þetta svona endalaust.

Að lokum vil ég aðeins nefna það, að ekki virðist úr vegi, að farið verði að athuga stækkun Mjólkárvirkjunar. Það vita allir, að hún er allt of lítil fyrir raforkuþörf Vestfjarða eða þeirra viðlendu byggðarlaga, sem hún á að fullnægja, og verður að nota mjög dísilorku í kauptúnunum, þegar mest er álagið, en það kostar sína peninga. Eru engar ráðagerðir einu sinni um það að fara að stækka Mjólkárvirkjun? Þar mun ekki skorta vatn, og verður ódýrari stækkun en að byggja alfarið að nýju.

Ég enda þessi fáu orð mín með því að hvetja mjög til þess, að menn reyni að sameinast um verulegt átak í rafmagnsmálunum. Svo mikið hefur verið tekið af lánum á undanförnum árum, að þjóðin hlýtur að þola það að verða að taka eitthvert lán til þess að geta lokið þessum — ég vil segja síðasta — áfanga í rafmagnsmálum þjóðarinnar.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hv. 1. þm. Vestf. minntist á ferðalagið til Patreksfjarðar, sem var ánægjulegt fyrir okkur alla, að ég vona, og hann minntist líka á það, að hann hefði komið á minn fund ásamt öðrum Vestfjarðaþm. til þess að ræða um rafmagn á flugvöllinn á Sandodda. Ég man eftir komu þessara manna, og við ræddum um það, hvernig mætti lýsa völlinn upp, og töluðum um rafmagnslínu í því sambandi. Ég man vel, hvað okkur fór á milli. Aðalatriðið var það að fá ljós á völlinn og gera mögulegt, að flugvélar gætu setzt á völlinn og tekið sig upp, þótt komið væri myrkur. Þetta var kjarni

málsins, en ekki það, hvernig ljósin væru fengin, hvort það væri með línu frá Patreksfirði eða með öðrum hætti. En nú er það svo, að þessu hefur verið bjargað í bili á mjög ódýran hátt með ljósum, sem eru nothæf, en náttúrlega ekki eins og bezt verður á kosið. Og vegna þess, að þetta hefur verið talið nothæft og vélar gætu lent við þessi ljós og tekið sig upp við þessi ljós, þá hefur verið látið þar við sitja um sinn. Náttúrlega þarf ekki orðum að því að eyða, hvers vegna það er. Það er vitanlega vegna þess, að fjármunir hafa verið takmarkaðir, eins og við vitum allir.

Um línuna á Barðaströnd, þar sem vegalengdin er 1.4 km á milli bæja, en Kleifaheiðin að auki, þá er það að segja, að raforkulögin hafa alltaf gert ráð fyrir því, að þær sveitir og þau byggðarlög, þar sem styzt væri á milli bæja, sætu fyrir, og línan yfir Kleifaheiði hefur verið reiknuð með í þeim kostnaði, sem af því væri að rafvæða Barðaströndina. Nú nefnir hv. 1. þm. Vestf., að svona hafi þessu ekki verið varið með aðra heiði, kostnaðurinn við þá línu hafi ekki verið reiknaður með í rafvæðingu Reykhólasveitar og Barðastrandar, Austur-Barðastrandarsýslu. Þetta man ég nú ekki, og ég veit ekki nema sú byggð hefði þolað að taka þann kostnað, þannig að kostnaðurinn færi ekki fram úr því eðlilega, og vegna þess að ég hef ekki neinar tölur fyrir hendi um það, vil ég ekki fara nánar út í þá sálma. En það er alveg rétt, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði áðan, að það er ekki mjög mikið um rafvæðingu dreifbýlisins á Vestfjörðum, en það er eingöngu vegna þess, að þar er mikið strjálbýli.

Hv. þm. minntist á Bæjarhreppinn. Ég get upplýst það, að sú lína er í byggingu. Það eru 17 notendur, sem eru í fyrsta áfanga í Bæjarhreppnum, og búið er að reisa staurana. Hv. þm. sagðist ekki vita, hvenær strengurinn kæmi, en það er alltaf venjan að láta það ekki taka meira en tvö ár að fullgera hverja línu. Það er oft, að byrjað er á því að flytja staurana og reisa staurana, en ég veit þess ekki dæmi, að ekki hafi verið haldið áfram árið eftir að fullgera línuna, og ég held, að hv. þm. geti alveg vonað það, að þessum fyrsta áfanga verði lokið á næsta ári og kannske verður enn prjónað við. Ég vil ekki fullyrða um það í dag.

Ég held, að ekki sé fleira, sem ég þarf að segja vegna ræðu hv. 1. þm. Vestf., en ég vil upplýsa það, að þegar talað er um, að á þessu ári verði væntanlega tengd aðeins 70 býli, þá hefur verið unnið að því á þessu ári að leggja línu til 84 býla að auki og 14 annarra notenda. Það er Prestbakkalínan, það er Skagalína í Austur-Húnavatnssýslu, það er Hofslína og Lýtingsstaðalína í Skagafirði, það er Síðu- og Landbrotslína í Vestur-Skaftafellssýslu og það er Búrfellslína í Svínadal í Austur-Húnavatnssýslu. Að þessum línum hefur verið unnið og það er hátt á sjöttu millj. kr., sem hefur verið varið til þessara lagninga. Þessum línum verður ekki lokið fyrr en á næsta ári, þannig að það er náttúrlega meira framkvæmt á þessu ári en það, sem er sagt með því, að talað er um að tengja aðeins 70 býli.

Hv. 5. þm. Austf. talaði um, að það þyrfti að rífa sig upp úr þeirri kyrrstöðu, sem þessi mál væru í núna. En ég vil ekki samþykkja, að við séum á neinum kyrrstöðutíma í rafvæðingarmálunum. Ég yrði hins vegar mjög glaður, ef við hefðum meira fjármagn til ráðstöfunar, svo að við gætum flýtt þessum málum enn þá meira en við gerum nú. En fjármagn til þessara framkvæmda hefur verið takmarkað eins og til annarra framkvæmda, sem við viljum hraða meira en gert hefur verið, og það er alveg rétt, sem hér hefur komið fram, að 200 býli eru eftir með vegalengdina 1—1.5 km á milli bæja, en þá má draga frá þessi 84 býli, sem verið er að vinna að á þessu ári, þannig að það eru í rauninni alls ekki eftir 200 býli. Það er búið að leggja inn í þessa áætlun, þannig að það eru ekki eftir alveg 200 býli, ef út í það er farið. Þess vegna má segja, að það er ekki heljarmikið átak, sem eftir er. En ég vil upplýsa það, þó að ég hafi fullyrt það hér áðan og ég sé sannfærður um það, að haldið verður áfram að leggja til býla, sem eru með 1.5—2 km vegalengd, að það hefur enn ekki verið formlega samþ. í orkuráði meira en 1—1.5 einfaldlega vegna þess, að ákveðið er að byrja ekki á þeim, sem hafa lengri vegalengd, fyrr en hitt er búið. En hitt er ég sannfærður um, að þegar þessu er lokið, 1—1.5 vegalengdinni, þá verður hitt tekið á eftir, og ég þarf þess vegna í rauninni ekkert að bera til baka. Það hefur einungis ekki verið formlega frá því gengið enn vegna þess, að ekki er að því komið, en hins vegar er áætlun um það gerð. Í sambandi við það, að hv. 5. þm. Austf. taldi, að ég hefði ekki nefnt, hvað það mundi kosta að ljúka við þessi 270 býli, sem eru með vegalengdina 1.5—2, þá mun það kosta um 90 millj. kr. samkv. áætlun. Það sýnir, að hér er ekki um neinar ógnvekjandi upphæðir að ræða og ekki er stórt átak eftir, en undirstrikar og sannar það, að á síðustu árum hefur verið unnið mikið að þessum málum, þegar litið er á, að ekki er meira eftir heldur en þetta.

Spurningin er: Höfum við peninga til þess að hraða þessu meira en við gerum? Það eru 27 millj. á fjárl. núna. Það er spurning, hvað fjvn. getur sagt um það eða hæstv. fjmrh., hvort hægt er að bæta á fjárl. verulegri upphæð í þessu skyni án þess að leggja á skatta. Fjvn. er að vinna að fjárl., og satt að segja veit ég ekki nákvæmlega, hvernig málum er farið á þessu stigi. Þessu hefur þó miðað anzi vel áfram. Hv. 1. þm. Austf. sagði hér áðan, að ekkert þýddi að vera að gera samanburð á því, sem nú er, og því, sem var. Ég er alveg samþykkur því, það er aukaatriði að vera að deila um þetta, en það var að gefnu tilefni, sem ég fór að nefna tölur. Það voru 158 býli, sem voru tengd 1958, og á þeim áratug, sem nú er að líða, hafa oftast verið miklu fleiri býli tengd á hverju ári, eitt árið hátt á þriðja hundrað, og þess vegna skulum við ekki vera neitt með ásakanir hvor í annars garð út af því, að ekki

hafi verið talsvert að þessum málum unnið og stundum þó nokkuð vel. En þetta er eftir, sem áður er nefnt, og þá er alveg eðlilegt og jákvætt að ræða um, hvernig á að standa að því að ljúka því sem fyrst. Ég er til viðræðu um það.

Hv. 9. þm. Reykv. gerði hér fsp. Ég held, að ég fari með rétt mál, þegar ég segi, að um lán út á vatnsaflsstöðvar sé farið eftir lögum, sem heimila allt að 50%, en hámarkið hefur þó verið bundið við það, að ekki sé farið yfir 250 þús. á býli. Ég held, að alveg sé óhætt að segja, að við þetta hafi verið staðið og það hafi ekki verið fært niður með nýjum reglugerðum, það er öruggt, að svo er ekki. En því miður — ég segi því miður — þá er ekki víða hagstætt að koma upp einkavatnsaflsstöðvum. Allvíða er búið að nýta þá möguleika, sem eru hagstæðir, og óvíða eru hentugir bæjarlækir eftir, sem ekki hafa verið notaðir. En það er alveg óhætt að hafa það eftir, að lán út á vatnsaflsstöðvar eru fáanleg úr Orkusjóði með þessum hætti, sem ég nú segi.

Hv. 1. þm. Austf. var að tala um það, að það væri ekki sæmilegt að nota sér neyð annarra og láta einstaklinga leggja fram fé, sem þeir fengju ekki vexti af, í því skyni að hraða rafvæðingu heim til þeirra. Sannleikurinn er sá, að það eru sveitarfélögin, sem þarna hafa lagt fé fram, vegna þess að þau hafa viljað til þess vinna að hraða framkvæmdum, og ég sé alls ekki, að það sé verið að nota sér neyð annarra. Síðan ég kom á þing hefur það tíðkazt að bjóða fram vaxtalaus lán til þess að hraða vegaframkvæmdum. Ég man, að áður en ég kom í stjórn stóð ég í því fyrir mitt kjördæmi að bjóða fram fé til þess að hraða vegaframkvæmdum, og það fékkst samþ. að við þeim lánum væri tekið, sem við buðum, og ég minnist þess aldrei, að um það væri talað, að ríkisstj. væri að nota sér neyð okkar, af því að við buðum þetta fé fram. Við gerðum þetta af frjálsum vilja, til þess að fá veginn og samgöngurnar í betra horf. Og þannig er þetta með rafmagnið, að þeir, sem vilja til þess vinna að leggja fram féð og eru innan þessarar vegalengdar — það dugir ekki að bjóða féð, nema vera innan þessarar vegalengdar — eiga kost á að fá rafmagnið fyrr en annars hefði verið. Þetta hefur verið notað, og ég sé ekkert ósæmilegt við það, þó að ég geti tekið undir það, að æskilegast væri og eðlilegast, að nægilega mikið fé væri á fjárl. hverju sinni til þess að halda framkvæmdunum í því horfi, sem við helzt vildum óska. Ég minni á það, að ég sé ekki, að þetta sé ósæmilegra en að taka við vaxtalausum vegalánum, sem hefur verið gert í tíð núv. stjórnar og í tíð fyrrv. stjórnar einnig.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Það er óhætt að taka undir þær raddir, sem hér hafa komið fram um, að rafmagnið er óskabarn allra landsmanna og ekki sízt þeirra, sem ekki hafa fengið það enn þá inn á sín heimili. Ég minnist þess árið 1963, að þá var það einn fyrrv. alþm. úr stjórnarliðinu, sem hélt því fram á kosningafundi á Snæfellsnesi, að það væri skýlaus stefna ríkisstj. að koma rafmagninu heim á alla sveitabæi landsins fyrir árslok 1970. Nú er 1969, og það ár er senn á enda. Þessi sami þm. sagði, að þessu hefði hæstv. raforkumrh. lofað, og allir, sem þekktu Ingólf Jónsson, vissu það, að hann væri orðheldinn maður. Nú ætla ég ekkert um það að segja, en læt hv. þingheim um það að dæma, hversu orðheldinn hæstv. orkumrh. er.

Lítum á það, að hæstv. orkumrh. á sæti í orkuráði og við hlið hans í orkuráði er einnig hæstv. fjmrh. Tveir valdamiklir menn úr hæstv. ríkisstj. eiga sæti í orkuráði. Ósköp er þeirra hlutur rýr, þegar á aðstöðu þeirra er litið til þess að knýja fram rafmagnsmálin í landinu. Það er almannarómur, ekki einungis þm., heldur og allrar þjóðarinnar, að aldrei hafi eins illa til tekizt og seint gengið í orkumálum og hin síðari ár. Ekki er það fyrir það, að þessir menn hafi ekki völd og hafi ekki aðstöðu til þess að koma þessum málum betur áfram en reynzt hefur. Mér virðist af ýmsum málum, sem fyrir hv. Alþ. hafa verið lögð, að þessir háu herrar geti það, sem þeir vilja. Þeir gátu látið í Kísiliðjuna við Mývatn í fyrra 150 millj. kr., en til orkumála, til nýrra rafveitna, eru aðeins á fjárl. yfirstandandi árs 22 millj. kr. — ekki 27, heldur 22. Og kunnugir menn hafa tjáð mér, að meiri hlutinn af þeirri upphæð fari til þess að borga niður lán, sem sýslu- og sveitarfélög hafa tekið til þess að standa sjálf fyrir því að fá rafmagn til sín. Það er ekki von, að vel gangi, þegar ekki hærri upphæðir en þetta eru lagðar fram til þessara mála, 22 millj., og meiri hlutinn fer til að borga niður lán. Rafmagnið kostar orðið talsvert eins og annað í landi hér, því að ekkert er gert nema fyrir allháar upphæðir eða mikla vinnu. Og ég vil skora á hæstv. orkumrh., sem hefur mikil völd í orkumálum, bæði í orkuráði og sem yfirmaður orkumálanna, að leggja sig betur fram um, að veitt verði meira fjármagn til rafveitna á næstu árum en verið hefur að undanförnu. Ég get getið þess hér, að í Vesturlandskjördæmi hefur komið rafmagn á aðeins 5 bæi í öllu kjördæminu á þessu ári, ekki fyrir tilstilli hæstv. ríkisstj., heldur fyrir það, að hlutaðeigandi aðilar hafa sjálfir útvegað fjármagnið og á þann hátt fengið rafmagnið heim til sín. Hins vegar mun raforkumrh. hafa boðizt til eða raforkuráð eða raforkuskrifstofan að lána Helgafellssveit til að leggja á 17 bæi þar, ef hlutaðeigandi aðilar legðu fram sjálfir á þriðju millj. kr. og að unnið yrði fyrir það framlag í ár, en að hlutur ríkisins kæmi á næsta ári. Af framkvæmdum hefur ekki orðið þarna, en í Vesturlandskjördæmi á eftir að leggja rafmagn á um 180 bæi, og áætlað er, að það muni kosta um 60—70 millj. kr.

Það er eftirtektarvert í þeim umr., sem hér hafa farið fram, að það virðist ekki ýkjamikið verk að koma rafmagninu heim á þá bæi í landinu, sem eftir eru. En standa þarf betur að þeim málum og skipuleggja þarf þessi mál betur en verið hefur að undanförnu, því að

þar virðist engin framkvæmdaáætlun hafa verið, sem hægt hefur verið að byggja á, hún hefur aldrei staðið árlangt, hvað þá lengur. Þessi framkvæmdamál þarf að skipuleggja fram í tímann, og líka þarf að hugsa fyrir fjármagni, þannig að þær áætlanir, sem gerðar eru, standist. Ég skora á hæstv. orkumrh. að sjá um að gera verulegt átak í þessum málum, þar sem hann er margfaldur í roðinu sem áhrifamaður í orkumálum landsins.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir það svar, sem hann veitti við fsp. minni.

Þegar hann sagði, að engar reglur væru nú í gildi, sem drægju úr þeim heimildum, sem til eru í lögum um lánveitingar til vatnsaflsstöðva í sveitum, þá varð ég næsta glaður við, því að við það mætti nokkurn veginn una, og er þó lögð þung byrði á þá, sem þurfa að byggja vatnsaflsstöðvar á býli sínu til þess að leysa raforkumálið. En svo bætti ráðh. því við, að þó hefði verið sett sú regla, að ekki yrði veitt hærra lán en 250 þús. kr. á býli. Það er þá vatnsaflsrafstöð, sem kostar hálfa millj., sem fær lán samkvæmt hámarksákvæðum laganna. En fari svo, að vatnsaflsstöðin kosti eina millj., og það gerist í mörgum tilfellum, nema virkjunarskilyrðin séu því hagstæðari, þá er lánveitingin bundin við 25%, og það er ekki nægileg aðstoð til þess að leysa slíkt vandamál. Þessa takmörkun í lögunum þarf tvímælalaust að fella niður, þannig að menn geti átt þess von, að þegar verið er að raflýsa framtíðarbýli og vatnsaflsvirkjunarskilyrði eru fyrir hendi, þá sé veitt 50% lán hið minnsta til slíkrar mannvirkjagerðar. Fyrr er það ekki viðunandi. Að ætla bónda að leggja fram 75% af slíkum kostnaði í mörgum tilfellum er of þung byrði og of lítil aðstoð af hendi hins opinbera. Ef það er rétt, sem það sjálfsagt er, að nú fækki þeim tilfellum mjög, þar sem virkjunarskilyrði eru fyrir hendi og um byggingar vatnsaflsstöðva sé að ræða, þá ætti að vera hægt að leysa þessi fáu tilfelli, því að á því er brýn nauðsyn, með þeirri aðstoð, sem löngu sett lög gera ráð fyrir.

Ég skal svo aðeins í örfáum orðum segja það, í tilefni af því, sem hv. 1. þm. Vestf. sagði um för okkar eitt sinn á fund orkumrh. vegna rafmagnsmála Barðastrandar og lýsingu á flugvellinum við Patreksfjörð, að það er rétt, að við fórum þannig af fundi hæstv. ráðh., að við töldum það nokkurn veginn víst, að flugvöllurinn yrði lýstur á næsta ári, e. t. v. með aðstoð flugmálastjórnarinnar, í samvinnu við hana. Mér datt það ekki í hug, og ég hygg, að hvorki Sigurði Bjarnasyni né Sigurvini Einarssyni hafi dottið í hug, að það yrði leyst með rafgeymum, sem væru geymdir á Patreksfirði og þannig væru alls ekki tiltækir, ef flugvél þyrfti í neyð að lenda þar í myrkri. Þetta er blekking og hættulegt úrræði, auk þess sem það er ófullnægjandi á allan hátt. Okkur fannst sem hálfur sigur væri unninn í raforkumálum Barðastrandarhrepps, ef orkan væri komin yfir Patreksfjörð og að flugvellinum og hans mál þannig leyst, en Barðstrendingar hafa orðið fyrir vonbrigðum og búa enn í algerri óvissu um það, hvenær eða hvernig þeirra raforkumál verði leyst.

Um regluna, að í einu tilfelli skyldi Trékyllisheiði verða dregin frá meðaltalsvegalengd á milli bæja, sem er staðreynd að var gert, og í öðru tilfellinu aftur Kleifaheiði talin með í vegalengdinni, að því er snertir Barðastrandarhrepp, þá er þetta algert ósamræmi og óviðunandi að fara svona eftir tveimur reglum og mismuna þannig héruðum. Það mega stjórnarvöld ekki gera. En þetta misræmi kom fyrr í ljós, því að þegar raforkan var leidd frá virkjuninni í Hólmavík suður í Reykhólasveit og Geiradalshrepp, en Bjarnarfjarðarbyggðin, sem er afar þéttbýl, fékk ekki raforku, þá olli þetta mjög mikilli óánægju innan héraðs, sem von var. Bjarnarfjarðarháls var hins vegar lagður við vegalengdina á milli bæja þar, og þannig byrjaði þetta ósamræmi með þessar reglur. Bjarnarfjarðarháls var talinn með, þegar reiknuð var meðaltalsvegalengdin þar, í því tilfelli, Trékyllisheiði dregin frá, og aftur Kleifaheiði reiknuð með í meðaltalsvegalengdina. Svona er skipulagsleysið, og þó er látið í það skína, að reglur gildi um framkvæmd hlutanna, og að mismuna sveitarfélögum svona er óhafandi.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð til viðbótar því, sem ég sagði áðan.

Hæstv. raforkumrh. sagðist ekki geta fullyrt neitt um það, vegna hvers það hefði ekki verið reiknað með Tröllatunguheiði, þegar verið var að reikna út meðalvegalengd á milli bæja í Reykhólasveit og Geiradalshreppi. Það hefur engum manni dottið það í hug. Tröllatunguheiði er ekki vegalengd á milli bæja í þessum sveitum. Hann talaði um, að kostnaðurinn hefði þurft að leggjast á sveitina. Þetta er einhver misskilningur. Kostnaðurinn á háspennulínunni, sem lögð er yfir þessa heiði, Tröllatunguheiði, eða Kleifaheiði, kemur ekkert við sveitunum. Það er partur af rafvirkjuninni, sem tilheyrir ríkinu. Hér var aðeins verið að ræða um vegalengdina. Það er óhafandi, eins og ég hef tekið fram og hv. 9. þm. Reykv. hér áðan, það er óhafandi, að sum héruð eigi að búa við þessa reglu og önnur við allt aðra, gersamlega óhafandi. Barðastrandarhreppur er þéttbýll, og þar hefur enginn bær, það ég man eftir, farið í eyði núna í langa tíð, en íbúarnir bíða alltaf eftir rafmagni, og þeir fá engin svör, nema þá helzt þau, að þeir skuli ekki búast við línunni á næstunni. Það gerir heiðin. Auðvitað á ekki að reikna heiðina með, það á að leggja þessa línu yfir heiðina án þess að reikna það sveitinni til gjalda á neinn hátt. Og ég hef grun um það, að þetta sé eina sveitin á landinu, sem þannig er farið með, eða er nokkur slík sveit útilokuð frá raforku, af því að það þarf að leggja háspennulínuna yfir háls eða heiði? (Gripið fram í.) Er það til eystra? Og eru þær útilokaðar enn vegna þess? Ætli það væri þá ekki rétt að leiðrétta það ranglæti þar líka.

Hæstv. ráðh. sagði út af rafmagnslínu um Bæjarhrepp í Hrútafirði, að verkið tæki venjulega tvö ár. Ekki skyldi ég kvarta undan því, ef raforkulínan um Bæjarhrepp hefði komið á tveimur árum, en það eru liðin tvö ár síðan raforkuráð samþykkti þessa línu. Hæstv. ráðh. talaði um fyrri áfanga. Er hann nú búinn að skipta sveitinni í tvennt? Þetta var ekki nema einn áfangi, ein lína, sem samþ. var í raforkuráði, að honum sjálfum viðstöddum. En nú á að fara að skipta henni í tvennt. Já, það er hægt að skipta þessu svona í tvennt, það er hægt að skipta þessu í fernt og sjálfsagt meira og segja, að þessi áfangi verði kláraður þetta árið. En er einhver vinnuhagræðing að vera að þessu? Er þetta svo mikið átak? Ekki er hægt að kvarta undan vegalengdinni á milli bæja þarna.

Út af flugvellinum í Sandodda vil ég aðeins segja það, að hæstv. ráðh. segir, að þau hafi verið talin fullnægjandi, þessi ljós frá rafgeymum. Það var líka einu sinni talið fullnægjandi að lýsa alla Kaupmannahöfn með grút frá Íslandi. Ég veit það. Er þá ekki hægt að hafa slíka rafgeyma á flugvöllum annars staðar á landinu? Á það að vera stefnan í samgöngumálum okkar að segja: Þið getið notað rafgeyma þarna? Ég veit ekki til, að flugvél hafi lent á Sandodda í Patreksfirði í myrkri síðan hann var opnaður. Ég veit ekki til þess. Það kann að vera í slysatilfellum, en ég veit ekki til þess, að það hafi verið gert. Það er gersamlega óviðunandi að sætta sig við slíkt, að eiga að nota rafgeyma, ef mikið liggur á.

Ég vil að lokum enn hvetja hæstv. ráðh. til þess að beita sér fyrir átaki í rafmagnsmálunum, að fá fjármagn, fá lán til þess að koma hér verulegum áfanga áfram, því að hann yrði aldrei átalinn fyrir að beita sér fyrir slíku og hann mundi áreiðanlega hafa stuðning meiri hluta á Alþ. eða allra alþm. við slíka framkvæmd, svo mikið nauðsynjamál er þetta sveitunum, sem eru enn rafmagnslausar og sjá ekki fram á að fá raforku í náinni framtíð.

11. Hagráð.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:
Fsp. til viðskmrh. um Hagráð [90. mál, 2] (A. 106).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Vorið 1966 var samþ. hér á Alþ. mikill lagabálkur um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð. Þriðji kafli þess lagabálks fjallar um Hagráð, og segir þar á þessa leið:

„Stofna skal Hagráð, er sé vettvangur, þar sem fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka geti haft samráð og skipzt á skoðunum um meginstefnuna í efnahagsmálum hverju sinni.

Hagráð skal skipað sem hér segir: Í því skulu eiga sæti tveir ráðherrar tilnefndir af ríkisstj., og skal annar þeirra vera formaður ráðsins. Þá skulu eftirtaldir aðilar eiga rétt á að tilnefna hver einn fulltrúa og jafnmarga varafulltrúa í Hagráð til eins árs í senn: Alþýðusamband Íslands, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Félag ísl. iðnrekenda, Iðja, félag verksmiðjufólks í Reykjavík, Landssamband iðnaðarmanna, Landssamband ísl. útvegsmanna, Landssamband ísl. verzlunarmanna, Samband ísl. sveitarfélaga, Sjómannasamband Íslands, Stéttarsamband bænda, stéttarsamband fiskiðnaðarins, stjórnmálaflokkar, sem fulltrúa eiga á Alþ., Verkamannasamband Íslands, Verzlunarráð Íslands, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, Vinnuveitendasamband Íslands.

Hagráð skal koma saman til fundar, þegar formaður þess ákveður eða minnst fjórir ráðsmenn óska þess. Meginverkefni Hagráðs skal vera að ræða ástand og horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar. Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir Hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum, þ. á m. varðandi framleiðslu, fjárfestingu, greiðslujöfnuð, afkomu atvinnuveganna og verðlags- og kaupgjaldsmál. Þjóðhags- og framkvæmdaáætlanir ríkisstj. skulu lagðar fyrir Hagráð.“ Og svo segir enn fremur: „Efnahagsstofnunin undirbýr fundi Hagráðs og á fulltrúa á fundum þess. Hún annast skrifstofustörf vegna Hagráðs. Allur kostnaður Hagráðs greiðist úr ríkissjóði.“

Í grg. þeirri, sem fylgdi frv. um þennan lagabálk, sagði á þessa leið um væntanlega starfsemi Hagráðs:

„Á undanförnum árum hefur það komið æ betur í ljós víða um heim, hverja þýðingu það hefur í stjórn efnahagsmála, að fulltrúar stjórnvalda, atvinnuvega og stéttarsamtaka skiptist á skoðunum og hafi samráð um meginstefnuna í efnahagsmálum. Í flestum nágrannalandanna hefur verið komið á fót sérstökum vettvangi fyrir slíka samvinnu, þar sem jafnframt fer fram miðlun upplýsinga um þróun efnahagsmála. Með þessu frv. er lagt til, að slíkur vettvangur sé myndaður hér á landi með stofnun Hagráðs.“

Á því, sem hér hefur verið rakið, sést, hvað Hagráði hefur verið ætlað. Því hafa verið ætluð merkileg og nægileg verkefni og verulegar vonir hafa verið tengdar starfi þess. Þess vegna hef ég talið rétt að bera fram þær fsp., sem hér liggja fyrir og eru á þessa leið: Hve marga

fundi hefur Hagráð haldið og hvenær? Hefur Efnahagsstofnunin lagt fyrir Hagráð skýrslu samkvæmt 19. gr. laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Spurt er: Hve marga fundi hefur Hagráð haldið og hvenær?

Hagráð hefur haldið alls 16 fundi, 6 árið 1966, 6 árið 1967 og 4 árið 1968. Á árinu 1969, þessu ári, hefur Hagráð enn ekki komið saman til fundar, og mun ég gefa nánari skýringu á því hér á eftir.

Síðan er spurt: Hefur Efnahagsstofnunin lagt fyrir Hagráð skýrslur samkvæmt 19. gr. laga um Framkvæmdasjóð Íslands, Efnahagsstofnun og Hagráð? Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, segir í tilvitnaðri lagagrein svo m. a., með leyfi hæstv. forseta: „Efnahagsstofnunin skal leggja fyrir Hagráð tvisvar á ári, í apríl og október, yfirlitsskýrslur um þróun þjóðarbúskaparins og horfur í þeim efnum."

Til þess að spara hv. þm. tíma hef ég látið dreifa meðal þm. — og vona að allir hafi fengið það — yfirliti yfir starfsemi Hagráðs frá upphafi, þar sem getið er um dagsetningu funda og fundarefni. Tel ég þetta vera hentugra en að vera að eyða tíma þingsins í að lesa þá löngu skýrslu upp. Ef sú skýrsla er skoðuð, kemur í ljós, að þeirri meginreglu, að Efnahagsstofnun leggi fyrir ráðið til umr. tvær almennar yfirlitsskýrslur á ári, hefur verið fylgt í stórum dráttum fram til ársins 1969. Þó hafa ýmsar orsakir valdið því, að tímasetning skýrslnanna hefur ekki fylgt ákvæðum laganna nákvæmlega.

Ráðið hóf starfsemi sína í ágúst 1966. Á fyrsta fundi þess var lögð fram ítarleg yfirlitsskýrsla um þróun og horfur í efnahagsmálum. Önnur almenn yfirlitsskýrsla var síðan lögð fyrir ráðið í des. sama ár. Á árinu 1967 lagði Efnahagsstofnunin fyrir ráðið almennar yfirlitsskýrslur í maí og nóvember. Á árinu 1968 lagði stofnunin fyrir ráðið almenna yfirlitsskýrslu í maí og síðan ítarleg gögn um aðsteðjandi efnahagsvanda í október það ár, þótt ekki væri í formi almennrar yfirlitsskýrslu. Auk ofangreindra yfirlitsskýrslna hefur stofnunin lagt fyrir ráðið margs konar aðrar skýrslur um sérstök málefnasvið, eins og kemur fram í hinu fjölritaða yfirliti, sem dreift hefur verið meðal þm. Á árinu 1969 hefur ráðsmönnum verið send ein skýrsla, skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1969, og er hún dagsett 16. maí þessa árs.

Eins og ég tók fram áðan, hafa á þessu ári ekki verið haldnir fundir í Hagráði og ekki lagðar fyrir það aðrar skýrslur en skýrsla fjmrh. um framkvæmda- og fjáröflunaráætlun ársins 1969. Ástæður þessa eru tvær. Í fyrsta lagi hafði Efnahagsstofnunin svo miklum og margvíslegum verkefnum að sinna síðari hluta ársins 1968 og fram á haust 1969, að hún komst með engu móti yfir að framkvæma þá skýrslugerð, sem lögin um Hagráð gera ráð fyrir. Kom hér fyrst til undirbúningur margvíslegra gagna, er voru undanfari gengisbreytingarinnar í nóvember 1968, og að því loknu undirbúningur gagna, er snertu þær ráðstafanir, sem fylgdu í kjölfar gengisbreytingarinnar. Má í þessu sambandi ekki sízt minna á hinn veigamikla þátt Efnahagsstofnunarinnar í störfum yfirnefndar verðlagsráðs sjávarútvegsins. Þá fékk forstjóri stofnunarinnar leyfi frá störfum í byrjun febrúar til þess að geta starfað sem ráðunautur atvinnumálanefndar ríkisins og til þess að ljúka skýrslugerð vegna Háskólans. Að þessum störfum unnu með honum tveir aðrir starfsmenn stofnunarinnar, allt fram til s. l. hausts. Þá var hluti starfsliðs stofnunarinnar bundinn við önnur þýðingarmikil störf utan hins eiginlega verksviðs Hagráðs, svo sem gerð mennta-, samgöngu- og byggðaáætlana.

Í þessu sambandi er ástæða til að benda á, að föstu starfsliði stofnunarinnar hefur ekki verið fjölgað síðan stofnunin tók til starfa árið 1962, enda þótt verkefni hennar hafi verið aukin með hverju ári. Eru fastir starfsmenn stofnunarinnar nú litlu fleiri en voru í hagdeild Framkvæmdabankans áður. Vandinn hefur að nokkru verið leystur með ráðningu stúdenta á sumrum og skamman tíma í senn aðra hluta árs, en hefur að öðru leyti haft í för með sér óhæfilegt vinnuálag við stofnunina og beinlínis leitt til þess, að hún hefur ekki getað annað öllum verkefnum, sem henni hafa verið falin, á tilskildum tíma.

Í öðru lagi má telja, að stofnun atvinnumálanefndar ríkisins og atvinnumálanefnda kjördæmanna snemma á árinu 1969 hafi a. m. k. um sinn mjög dregið úr mikilvægi þess, að fundir væru haldnir í Hagráði og skýrslur fyrir það lagðar. Höfuðtilgangur með stofnun Hagráðs var að mynda vettvang, þar sem fulltrúar ríkisvalds, verkalýðsfélaga og vinnuveitenda gætu skipzt á upplýsingum og gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Atvinnumálanefnd ríkisins er einmitt slíkur vettvangur og að því skapi eðlilegri og virkari vettvangur en Hagráð, að hún er mun fámennari og heldur oftar fundi. Við þær aðstæður, sem ríkjandi voru í efnahagsmálum fyrri hluta árs 1969, þegar skjótra viðbragða var þörf og náins samstarfs á milli hinna þriggja áðurnefndra aðila, var ekkert eðlilegra en að atvinnumálanefndin tæki í reynd við verkefnum Hagráðs, ekki sízt þegar sömu stofnuninni hafði verið falið að undirbúa fundi bæði Hagráðs og atvinnumálanefndarinnar. Hins vegar er nú í Efnahagsstofnuninni langt komið undirbúningi að skýrslu til Hagráðs um ástand og horfur í efnahagsmálum. Hæfilegum tíma eftir að þeirri skýrslu hefur verið dreift á milli ráðsmanna mun verða haldinn fundur í ráðinu.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, sem voru skilmerkileg, og ég tel það sérstaklega til fyrirmyndar, að þm. skuli vera afhent skrifleg skýrsla um störf Hagráðs,

eins og hér er gert, í stað þess að ráðh. lesi þetta upp, eins og oft hefur verið vaninn hér áður. Ég álít, að það mundi mjög greiða fyrir eða stytta fyrirspurnatíma hér á Alþ., ef ráðh. afhentu slíkar skýrslur eins og þessa, líkt og gert var í sambandi við aðra fsp. nú á dögunum, í staðinn fyrir að flytja hér langa skýrslu, sem erfitt er að fylgjast með.

Í sambandi við svar ráðh. vil ég annars segja það fyrst og fremst, að ég tel það mjög miður farið, að störf Hagráðs hafa alveg fallið niður á þessu ári. Ég álít, að slík samvinna stéttanna eða samráð stéttanna, eins og ætlazt er til að eigi sér stað innan Hagráðs, eigi að geta haft verulega þýðingu og eigi að geta greitt fyrir lausn ýmissa vandamála, vegna þess að þar á að skapast aðstaða til þess að stéttirnar kynnist viðhorfi hver annarrar betur en ella mundi verða. Ég álít það enga afsökun í þessum efnum, að einhverjar sérstakar annir hafi verið hjá Efnahagsstofnuninni og hún hafi því ekki getað fullnægt því verkefni, sem lög gera ráð fyrir. Það hefði þá átt að sjá fyrir því, að hún hefði mannafla til að gera það, sem lögin leggja henni á herðar að gera. Ég álít ekki heldur, að þær atvinnumálanefndir, sem starfa á þessu ári, komi á neinn hátt í staðinn fyrir Hagráð, vegna þess að verksvið þeirra er miklu þrengra en Hagráðs. Verksvið þessara atvinnumálanefnda er fyrst og fremst að fást við það tímabundna atvinnuleysi, sem hefur verið hér á þessu ári, og þess vegna er þeim ekki ætlað að starfa nema eitt ár. Hagráði er ætlað að hafa miklu stærra og yfirgripsmeira verkefni, fjalla um efnahagsmálin og framkvæmdamálin í heild sinni, ekki aðeins með tilliti til yfirstandandi tíma, heldur líka til framtíðarinnar. Þess vegna verður því ekki haldið fram með neinum rétti, að það sé nein afsökun fyrir því, að störf Hagráðs hafi verið felld niður á þessu ári, að atvinnumálanefndirnar hafi starfað. Ég vil vænta þess, að hér verði breyting á, að Hagráð verði vakið til lífsins aftur og það fái þær upplýsingar og þær skýrslur, sem lög gera ráð fyrir að það eigi að fá.

Ég vil í þessu sambandi láta sérstaklega í ljós undrun mína yfir því t. d., að í lögum um Hagráð er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. leggi fyrir þjóðhags- og framkvæmdaskýrslur, en það virðist aldrei hafa verið gert á þeim tíma, sem það ráð hefur starfað. Það hefur að vísu verið lögð fram svokölluð framkvæmdaskýrsla ríkisstj., sem nær yfir mjög takmarkaðar ríkisframkvæmdir, en engin heildarþjóðhagsskýrsla eða framkvæmdaskýrsla, eins og gert var ráð fyrir, þegar lögin voru samþ. Ég álít, að það sé mjög mikilvægt, að slíkar skýrslur séu gerðar, til þess að Alþ. og aðrir aðilar, sem hér eiga hlut að máli, geti áttað sig á því betur en ella, hver þróunin sé og að hverju sé stefnt. Þetta mun vera gert í öllum okkar nágrannalöndum. Ísland er sennilega eina ríkið í V.-Evrópu, þar sem slíkar skýrslur eru ekki gerðar, þó ég telji það mjög miður farið.

Ég skal svo ekki lengja þessar umr. meira. Ég vænti þess, að þær verði til þess, að Hagráð verði endurvakið að nýju og látið starfa með þeim hætti, sem umrædd lög gera ráð fyrir.

12. Sjálfvirkt símakerfi.

Á deildafundum 4. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgmrh. um byggingu sjálfvirks símakerfis [68. mál, 6] (A. 76).

Á 10. fundi í Sþ., 5. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 12., 14. og 16. fundi í Sþ., 12., 19. og 26. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. aftur tekin til umr.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Þá fsp., sem hér er til umr., flutti Kristján Ingólfsson, þegar hann sat á Alþ. í forföllum mínum hér á dögunum. En hún hljóðar svo: Hvað líður framkvæmd áætlunar um byggingu sjálfvirks símakerfis og hvenær kemur röðin að Austurlandi?

Austfirðingar eru að vonum orðnir nokkuð langeygðir eftir framkvæmdum á þessu sviði. Það er ekki einasta það, að þeir hafa verið settir aftastir á drógina að þessu leyti, heldur einnig hitt, að símaþjónustan eystra hefur oft verið tiltölulega mjög léleg. Það var lengi ákaflega slæmt samband á línunum hér á milli landshluta. Og um tíma þurftu menn að bíða ákaflega lengi eftir símtölum. Á vissum tímabilum var það raunar svo, að heita mátti, að meiri partur af samtölum væri afgreiddur með hraði. Sambandið hefur lagazt heilmikið, og það hefur verið fjölgað talrásum, þannig að þetta út af fyrir sig hefur færzt í töluvert betra horf. Aftur á móti er stórkostlegur þagi að því nú, hvað afgreiðslutími er víða ákaflega takmarkaður á hinum ýmsu landssímastöðvum, jafnvel allfjölmennir staðir eins og Vopnafjörður detta út úr öllu sambandi strax kl. 8 á kvöldin. Og mér er í huga ákaflega sláandi dæmi um þyngslin í þessu kerfi, dæmi frá í sumar. Það var opnað þarna gistihús með þó nokkuð mörgum gistiherbergjum og það leit út fyrir, sem og varð, að mikil aðsókn yrði að þessum stað. En sími var ekki opinn á viðkomandi símstöð nema til kl. 6. Þetta var vitanlega alveg óþolandi, og það fékkst fyrirgreiðsla á þessu eftir japl og jaml og fuður. En okkur var ráðlagt, þegar við gengum frá formlegri umsókn, að bjóða að greiða hluta af því, sem

það kostaði að lengja tímann þarna um nokkra klukkutíma. Við gerðum þetta, því það skipti öllu máli að fá lengdan tímann, en ég veit nú ekki niðurstöður af því, hvort hótelið sjálft borgar að einhverju leyti þennan kostnað. Þetta er ákaflega sláandi dæmi um það, hvað þunglamalegt kerfið er og hversu mikil nauðsyn er á því að fá þær úrbætur, sem sjálfvirka símakerfið vafalaust lætur okkur í té. Það er auðvitað alveg óviðunandi og ákaflega lamandi fyrir einstaklinga, og þó alveg sérstaklega fyrir allan atvinnurekstur, að enn þá skuli vera alveg lokað á símstöðvum í 14 klukkutíma á sólarhring og sums staðar á smæstu stöðvunum enn lengur. Svona er sem sagt ástand þarna, og þegar menn hafa það í huga, þá er það í fyllsta máta eðlilegt, að okkur Austfirðinga fýsi að vita um það frá fyrstu hendi, hvað fyrirhugað er að gera í þessum málum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Spurt er um það, hvað líði framkvæmd áætlunar um byggingu sjálfvirks símakerfis og hvenær röðin komi að Austurlandi.

Því er til að svara, að í bréfi, sem allshn. Sþ. var sent 1961, var gerð grein fyrir heildaráætlun um sjálfvirkan síma um allt landið. Í þessu bréfi er skýrt frá röð framkvæmda í stórum dráttum, og þessari röð hefur í meginatriðum verið fylgt, en framkvæmdir hafa tafizt nokkuð, m. a. vegna skorts á þjálfuðu starfsfólki og einnig vegna þess, að fjármagnið hefur verið takmarkað, sem Landssíminn hefur haft til þessara framkvæmda. Hugmyndin um þessa niðurröðun byggist fyrst og fremst á hagræðingu og sparnaði miðað við nauðsynlegt línukerfi, sem byggja þurfti, eða dreifistöðvarnar í kerfinu, og tekið er fram, hvernig þessu skuli raðað upp af hagkvæmnisástæðum.

Fyrst er gert ráð fyrir stækkun í Reykjavík, nýjum sjálfvirkum stöðvum í Hafnarfirði, Selási, Vestmannaeyjum, Kópavogi og Akranesi og langlínu til Akureyrar, fjölgun símarása til Vestfjarða og Siglufjarðar o. s. frv., svo og nýjum húsum á ýmsum stöðum. Þetta hefur allt verið framkvæmt.

Í öðrum áfanga er gert ráð fyrir nýjum stöðvum í Borgarnesi, á Brúarlandi, Húsavík, Raufarhöfn, Kópaskeri, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík, Hjalteyri, Hrísey, Grenivík, Selfossi, Hveragerði, Eyrarbakka, Hvolsvelli, Laugarvatni, í Þykkvabæ, Vík, Stykkishólmi, Grafarnesi, Ólafsvík, á Sandi og Höfn í Hornafirði. Enn fremur stækkun í Reykjavík, á Akureyri og í Keflavík, nýjum húsum og aukningu símarása á ýmsum stöðum. Þessu er einnig lokið.

Í þriðja áfanga er gert ráð fyrir sjálfvirkum síma á Brú í Hrútafirði, Sauðárkróki, Hofsósi, í Varmahlíð, á Blönduósi, Skagaströnd, Hvammstanga, Borðeyri, Hólmavík, Búðardal, Ísafirði, Hnífsdal, Bolungarvík, Patreksfirði, Bíldudal, Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík, stækkun enn í Reykjavík, Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, Akranesi, Brúarlandi og Selási, og nýjum húsum og aukningu símarása á ýmsum stöðum. Þessu er einnig að mestu lokið.

Og svo eru það í fjórða áfanga sjálfvirkar stöðvar á Reyðarfirði, Eskifirði, Neskaupstað, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Borgarfirði eystra, Vopnafirði, Þórshöfn, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. Enn fremur stækkanir, ný hús og aukning símarása.

Ástæðan fyrir því, að Austurland er þarna í síðasta áfanga, eins og strax var ákveðið 1961, er sú, að endurbyggja þurfti allt kerfið og bæta við línum og talrásum í ríkum mæli alla leið frá Reykjavík og um allt Austurland. Það þurfti að endurbyggja allt kerfið, sem er mjög kostnaðarsamt, en er nú að mestu leyti lokið. Það hefur því verið þörf á miklum undirbúningi til að gera mögulegt, að Austurland fái sjálfvirkar stöðvar, og það er þegar byrjað bæði í Hornafirði og á Egilsstöðum. Nú eru 48 sjálfvirkar stöðvar utan Stór-Reykjavíkur, og núna næstu daga bætast tvær stöðvar við, í dag var opnuð sjálfvirk símstöð á Blönduósi, en þær umræddar tvær stöðvar, sem koma bráðlega, eru á Skagaströnd og Súðavík og munu verða tilbúnar núna næstu daga. Auk þess er verið að vinna við uppsetningu sjálfvirkrar símstöðvar ásamt dreifistöð á Egilsstöðum, en þessi stöð verður svæðisstöð fyrir Austurland. Er fyrirhugað að taka þessa stöð í notkun í marz eða apríl á næsta ári. Á Höfn í Hornafirði er fyrirhugað að hefja vinnu við uppsetningu sjálfvirkrar símstöðvar í janúar n. k., og mun því verki ljúka í júlí næsta ár. Um svipað leyti væri hægt að setja upp sjálfvirka símstöð í Grímsey, sem er nú sennilega til, og væri rétt að gera það. Efni til sjálfvirkrar símstöðvar í Neskaupstað hefur verið pantað. Er gert ráð fyrir, að efni til þessarar stöðvar verði afgreitt frá verksmiðju í nóvember n. k. og mun uppsetning taka um fjóra mánuði, ef nægur mannafli er fyrir hendi og allt forfallalaust að öðru leyti.

Eins og ég minntist á áðan, þá hefur verið unnið að línulagningu og endurbyggingu línukerfisins fyrir Austurland, sem er nauðsynlegt, áður en sjálfvirkar stöðvar geta komið til greina. Þá verður fljótlega tekin ákvörðun um pöntun á fleiri stöðvum fyrir kauptún á Austurlandi, og er sennilegt, að uppsetningu sjálfvirkra stöðva fyrir kauptún á Austurlandi mætti ljúka 1972, í síðasta lagi 1973. Þannig ætti sjálfvirkur sími að vera kominn í öll kauptún landsins á árinu 1972. En þá eru sveitirnar eftir og af eðlilegum ástæðum, því að það hefur verið mjög kostnaðarsamt miðað við þá tækni, sem enn er ráðið yfir, að koma símanum út um sveitirnar. Það þarf nýjar línur, en nú er talið, að ný tækni sé komin til sögunnar, sem geri þetta allt saman mun ódýrara og auðveldara en áður var, og má því vænta þess, að þegar kauptúnin hafa fengið sjálfvirkar stöðvar, verði farið að vinna að því að koma sjálfvirkum síma út um sveitir landsins.

Hv. 5. þm. Austf. kvartaði undan því áðan, að það væri ekki nógu góð þjónusta víða á

Austurlandi, símatíminn væri of stuttur á hinum ýmsu stöðvum og þetta væri heldur þunglamalegt. En hv. fyrirspyrjandi viðurkenndi þó, að símasambandið væri nú orðið mun betra en áður var, að talrásum hefði fjölgað og nýjar línur komið, og er það í samræmi við það, sem ég áðan minntist á. Gerðar hafa verið nauðsynlegar ráðstafanir til þess, að sjálfvirki síminn gæti notazt á þessu svæði, en símatíminn er yfirleitt stuttur á þriðja flokks símastöðvum, þar sem símtölin eru mjög fá, bæði út og inn. Það hefur verið gert af sparnaðarástæðum að hafa símatímann stuttan, þar sem þannig stendur á, en eins og hv. þm. sagði, þá hefur oft verið liðkað til í þessu efni og án þess að hlutaðeigendur hafi borgað sérstaklega fyrir það. Hv. þm. sagði, að þeim hefði verið ráðlagt að bjóða greiðslu frá sjálfum sér í einhverju tilfelli, sem hann hafði í huga á Austurlandi á s. l. sumri, en ég hygg, að til þess hafi ekki komið, að þeir hafi verið krafðir um sérstaka greiðslu, þótt þarna hafi verið liðkað til. Það hefur oft verið þannig á Austurlandi, að símatíminn hefur verið lengdur mjög yfir sumartímann, þegar annir hafa verið mestar, og reynt hefur verið að mæta þörfinni, eftir því sem mögulegt hefur verið. En það skal viðurkennt, að þar hefur alltaf verið haft í huga, að aukin þjónusta kostar aukið fé, og það hefur verið takmark, sem Landssíminn hefur alltaf haft, að veita góða þjónustu, en einnig að spara rekstrarkostnaðinn eftir því, sem mögulegt er. Og Landssíminn hefur byggt þessar sjálfvirku stöðvar og endurnýjað símakerfið af eigin tekjum. Ríkissjóður hefur ekki lagt Landssímanum til fé til þess að þetta væri greitt. Landssíminn hefur gert það af eigin tekjum, enda þótt það sé viðurkennt og sannað, að símagjöld hér eru lægri en gerist t. d. í nágrannalöndunum. Það má alltaf deila um það, hversu mikið skuli lagt í kostnað við þjónustuna, og það má alltaf deila um það, hvort sú þjónusta, sem er veitt, er nægilega góð til þess, að menn geti sætt sig við hana. En hafa verður það í huga, að aukin þjónusta kostar aukið fjármagn, og það gildir vitanlega sama regla um allt land um opnunartíma hinna ýmsu stöðva. Þær eru flokkaðar í landssímastöð A, landssímastöð B og landssímastöð C, III. og IV. flokkur. Og þjónustutími fer eftir því, hvað talsímafjöldinn er mikill daglega á hverjum stað.

Vilhjálmur Hjálmarsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir ítarleg svör. Ég vil jafnframt nota tækifærið og taka undir þau ummæli hv. 4. þm. Reykv. áðan, að það væri ákaflega æskilegt, að skýrslum ráðh. og svörum við fsp. væri útbýtt hér í þinginu til mikils hagræðis fyrir þm., enda gæti það líka sparað tíma að einhverju leyti.

Ég ætla ekki að fara neitt út í að ræða þetta mál frekar. Ég vil aðeins vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það er ekki alvarlegast með stvtzta tímann hjá smæstu stöðvunum. Þær eru yfirleitt á þeim svæðum, þar sem lítill atvinnurekstur er. Hitt er verra, hvað afgreiðslutíminn er stuttur á þeim stöðum, þar sem atvinnurekstur er verulegur og umsvif meiri en í strjálbýlinu.

En ég endurtek það, ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og ég vil vona, að þær áætlanir, sem okkur er nú sagt frá, standist betur en þær, sem gerðar voru 1961, því að ástandið í símamálunum eins og við þekkjum það, þar sem það er lakast, er hálfgert miðaldaástand.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Í þeirri skýrslu, sem hæstv. samgmrh. las hér áðan, gat hann þess, að sjálfvirkt símakerfi ætti að koma til Búðardals í 3. áfanga, sem hann kallaði. Nú minnir mig, að fyrir nokkrum árum væri það upplýst hér á Alþ., að sjálfvirkt símakerfi ætti að koma til Búðardals árið 1967, og enn þá er þetta sjálfvirka kerfi ekki komið. Í tilefni af því leyfi ég mér að spyrja hæstv. ráðh. að því, hvenær þess sé að vænta, að sjálfvirkt símakerfi komi til Búðardals innan þess 3. áfanga, sem ráðh. gat um áðan.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Í þessum 3. áfanga, sem ég las upp áðan, tók ég fram, að þetta væri að mestu búið. Búðardalur hefur ekki fengið sjálfvirkt símakerfi enn þá, en ég vona, að það verði ekki langt að bíða eftir því. En ég get því miður ekki sagt það hér í dag, án þess að ráðfæra mig við póst- og símamálastjóra, hvenær það verður. En ég vona, að ekki þurfi lengi að bíða eftir því.

Ásgeir Bjarnason: Herra forseti. Í tilefni af því, sem hæstv. ráðh. sagði, þá vil ég skora á hann að leggja sig fram um það, að staðið verði við það, að Búðardalur fái sjálfvirkt símakerfi þegar á næsta ári. Það er búið að dragast það lengi, að það er ekki viðunandi, að slíku verði frestað frá ári til árs, eins og raun hefur borið vitni um á undanförnum árum.

13. Endurskoðun laga um húsnæðismál.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til félmrh. um endurskoðun laga um húsnæðismál [85. mál, 1] (A. 94).

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 14. og 16. fundi í Sþ., 19. og 26. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Í sambandi við lausn kjaradeilu verkalýðsfélaga og atvinnurekenda árið 1965 gaf ríkisstj. sérstaka yfirlýsingu um að hún mundi beita sér fyrir tilteknum aðgerðum í húsnæðismálum. Sú yfirlýsing var í nokkrum liðum. 4. liður var á þessa leið:

„Unnið verði að því af hálfu ríkis og sveitarfélaga að tryggja láglaunafólki húsnæði, sem ekki kosti það meira en hóflegan hluta árstekna. Í þessu skyni verði nú hafin endurskoðun laga um verkamannabústaði og gildandi lagaákvæða um opinbera aðstoð vegna útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis með það fyrir augum að sameina í einum lagabálki og samræma öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks. Ríkisstj. hafi fullt samráð við verkalýðsfélögin um þessa endurskoðun laga um húsnæðismál láglaunafólks."

Hinn 21. okt. 1965 skýrði hæstv. félmrh. frá því í ræðu hér á Alþ., að til að uppfylla framangreint ákvæði yfirlýsingarinnar um húsnæðismál hefði rn. með bréfi 15. okt. falið húsnæðismálastjórn, svo vitna ég orðrétt í orð ráðh.: „falið húsnæðismálastjórn allsherjar endurskoðun á allri lagasetningu um húsnæðismál til samræmingar og athugunar á því að setja upp nýtt heildarkerfi, er hafi með höndum alla stjórn og forystu þessara mála fyrir ríkisins hönd."

Þetta voru ummæli hæstv. félmrh. á Alþ. 21. okt. 1965. Og til þess að ekkert væri á huldu um þessi efni og til að undirstrika, að endurskoðun þessi væri þegar hafin, eins og hæstv. ráðh. orðaði það, þá las hann erindisbréf rn. til húsnæðismálastjórnarinnar, þar sem henni er með mjög ótvíræðum orðum falið að framkvæma þessa endurskoðun og semja síðan frv. til l. samkv. þeirri yfirlýsingu, sem ríkisstj. hafði gefið í tilefni af lausn kjaradeilunnar.

Oftar en einu sinni hefur það átt sér stað, þegar húsnæðismál eða umbætur í húsnæðismálum hafa verið til umr. nú síðustu árin, að bæði hæstv. félmrh. og fleiri hv. ráðamenn stjórnarflokkanna í þessum málum hafa vísað til þeirrar allsherjar endurskoðunar laga um húsnæðismálin, sem verið væri að framkvæma, og talið einsætt að bíða eftir niðurstöðu þeirrar rannsóknar. Þetta hefur komið fyrir hvað eftir annað. Nú eru liðin 4 ár og bráðum tveimur mánuðum betur síðan hæstv. ráðh. fól húsnæðismálastjórn þessa mikilvægu endurskoðun. Um þá endurskoðun hefur verið næsta hljótt nú að undanförnu. Það getur því naumast talizt vonum fyrr né að ófyrirsynju, þó að spurt sé, hvað þessari endurskoðun líði. Ég hef því, ásamt hv. 11. þm. Reykv., leyft mér að leggja fram á þskj. 94 svo hljóðandi fsp.:

„Hvað líður þeirri endurskoðun laga um húsnæðismál, sem húsnæðismálastjórn var falið að framkvæma með ráðherrabréfi 15. okt. 1965?"

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í sambandi við þessa fsp. vildi ég gefa eftirfarandi svör, sem ég vænti að fullnægi hv. fyrirspyrjendum:

1. Ríkisstj. hefur nú um nokkurt skeið, frá því snemma hausts, haft til athugunar till. að heildarlöggjöf um húsnæðismál, þar sem gert er ráð fyrir að sameina í einum lagabálki öll ákvæði um opinbera aðstoð við húsnæðisöflun láglaunafólks, en að þessu hefur verið unnið á vegum húsnæðismálastjórnar, svo sem fram kemur í fsp.

2. Framangreindar till. gera ráð fyrir gagngerðri breytingu á núverandi lánakerfi, sem einnig tekur til almenna veðlánakerfisins, Byggingarsjóðs verkamanna og byggingaáætlana fyrir láglaunafólk. Slíkri breytingu, sem till. gera ráð fyrir, verður því aðeins komið á, að lánakerfinu í heild verði jafnframt séð fyrir nýjum tekjustofnum. Sú hlið málsins hefur verið í sérstakri athugun á vegum ríkisstj. Hefur því áður verið lýst yfir opinberlega, sbr. tilkynningu rn. dags. 16. sept. í haust, að ríkisstj. mun taka það mál upp á Alþ. því, sem nú situr.

3. Á það má benda í þessu sambandi, að vegna þess, hve öflun nýrra tekjustofna til lánakerfisins er viðamikið mál, þá ákvað ríkisstj. í septembermánuði s. l. að gera þá þegar sérstakar ráðstafanir til bráðabirgðalánsfjárútvegunar vegna Byggingarsjóðs ríkisins og framkvæmdaáætlana utan Reykjavíkur, en þessar lánveitingar eru þegar komnar til framkvæmda. Hliðstæðar ráðstafanir eru nú í undirbúningi að því er Byggingarsjóð verkamanna varðar.

Af því, sem ég nú hef sagt, má ljóst vera, að það, sem á stendur í þessum efnum, eru till. um nýja tekjustofna, væntanlega tekst að fullbúa þær till. fljótlega, en án þeirra till., er tryggi stórauknar tekjur til ráðstöfunar í húsnæðismálum, verða aðrar breytingar á lögunum tiltölulega lítils virði.

Fyrirspyrjandi (Gils Guðmundsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svörin. Það er vissulega ánægjulegt að heyra það, að nú, eftir fjögurra ára endurskoðun, skuli vera einhver hreyfing á þessu máli, sem ekkert hefur heyrzt um nú í mjög langan tíma.

Eftir því, sem ráðh. skýrði frá, hefur ríkisstj. nú til athugunar, eins og hann orðaði það, heildartill. frá húsnæðismálastjórn. Í því sambandi væri í sjálfu sér fróðlegt að fá upplýsingar um það, hvort samkomulag hefur náðst í húsnæðismálastjórn um þessar till. og þá hvort hún hefur ekki skilað einhverjum till. í sambandi við það stóra mál og það meginmál, sem í rauninni allt annað veltur á, en það er tekjuöflunin til þessa mikla kerfis. Það kom ekki fram hjá hæstv. ráðh., hvort hér væri um sameiginlegar till. húsnæðismálastjórnar að ræða eða ekki, og sömuleiðis kom það ekki fram, hvort hún hefði lagt fyrir ríkisstj. einhverjar till., annaðhvort einstakir nm. eða húsnæðismálastjórnin öll, um tekjuöflun í sambandi við húsnæðismálin. Þetta hefði að sjálfsögðu verið fróðlegt að fá upplýst, en það kemur væntanlega fyrir fljótlega, fyrst þetta mál er þó komið til ríkisstj., og þess er a. m. k. að vænta, og ég býst við, að þess vænti margir húsbyggjendur,

að það liggi ekki ákaflega lengi hjá hæstv. ríkisstj. óafgreitt, heldur komi þá til kasta Alþ., áður en langt um líður.

Félmrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Varðandi fyrri munnlegu fsp. vil ég lýsa því yfir, að eftir því sem mér er bezt kunnugt, eru þessar till. ekki samkomulagsmál hjá húsnæðismálastjórn. Í öðru lagi varðandi tekjuþörfina, þá eru ekki í þessum till. sérstakar till. um auknar tekjur. Það er verkefni ríkisstj. að taka ákvörðun um þann lið málsins.

Einar Ágústsson: Herra forseti. Þar sem ég er meðflm. að þessari fsp., auk þess sem ég hef staðið í því stríði nokkur undanfarin ár að fá upplýsingar hjá hæstv. félmrh. um það, hvað þessari marglofuðu endurskoðun líður, þá finnst mér rétt, að ég fái að segja hér örfá orð, áður en fsp. er tekin út af dagskrá.

Ég vil þá í fyrsta lagi undirstrika það, sem hv. 5. þm. Reykn. sagði hér áðan, að það er mjög óviðkunnanlegt, vægast sagt, að svo til öllum þeim umbótatill., sem fluttar hafa verið á Alþ. nokkur undanfarin ár um húsnæðismálin, hefur verið drepið á dreif með þeim fyrirslætti, að heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni stæði yfir. Sérstaklega hef ég í þessu sambandi í huga frv., sem ég flutti fyrir tveimur árum ásamt öðrum þm. um aðstoð við byggingarsamvinnufélög. Þetta frv. var afgreitt fyrir tveimur árum samkv. till. heilbr.- og félmn. á þann veg, að því var vísað til ríkisstj. og ekki talið tímabært, að Alþ. fjallaði um málið, vegna þessarar heildarendurskoðunar. Nú eru liðin tvö ár, og ég hef raunar aftur sýnt þetta frv. hér á hv. Alþ., en það hefur enn þá ekki neina afgreiðslu hlotið, væntanlega með sömu röksemdafærslu. Nú segir hæstv. ráðh., að ríkisstj. hafi einhverjar till. til meðferðar, en þetta eru sannarlega hálfgerðar huldutill. eftir því sem hér hefur komið fram, því að það eina, sem er upplýst um þær, er það, að húsnæðismálastjórnin standi ekki að þeim, og í öðru lagi, að þær fjalli ekki um fjármagnsútvegun, sem hæstv. ráðh. sagði þó í sinni ræðu að væri þess eðlis, að aðrar breytingar væru tiltölulega lítils virði. Ég verð nú að segja það, að ef það er slík heildarendurskoðun, sem er verið að vísa hér til á hv. Alþ. ár eftir ár, þá geri ég næsta lítið með hana. Ég held, að það væri gott og raunar nauðsynlegt með tilliti til þessara mála allra, að það kæmi þá hreinlega fram í þessum umr., hvaða till. það eru, sem hæstv. ríkisstj. hefur nú til meðferðar, og frá hverjum þær eru, því að hvorugt þessara atriða hefur verið upplýst. Einungis þetta: Þær eru ekki frá húsnæðismálastjórn og þær fjalla ekki um fjármagnsútvegun, sem er þó forsenda þess, að nokkuð sé hægt að gera samkv. áliti hæstv. félmrh. sjálfs.

Annars er það auðvitað ekki svo, að ekkert skipti máli í húsnæðismálunum annað en fjármagnsútvegunin. Í lögum um húsnæðismálastjórn er heill kafli, sem lýtur að því, að byggingarkostnaður verði lækkaður. Sá kafli hefur algerlega verið vanræktur af húsnæðismálastjórn, og til þess að reyna að bæta fyrir þá vanrækslu var sett á laggirnar svonefnd framkvæmdanefnd byggingaráætlunar, sem því miður hefur að mínum dómi tekizt það verk sitt svo, að síður en svo er til lækkunar á byggingarkostnaði, svo að ekki sé meira sagt.

Ég skal ekki í fsp.-tíma gera húsnæðismálin að umræðuefni í heild. Til þess eru þau allt of viðamikil. Ég vildi aðeins árétta þessar spurningar, sem hv. 5. þm. Reykn. kom hér fram með. Frá hverjum eru till. og um hvað fjalla till.?

14. Héraðslæknar.

Á deildafundum 11. nóv. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til heilbrmrh. um héraðslækna [85. mál, 2] (A. 94).

Á 12. fundi í Sþ., 12. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 14. og 16. fundi í Sþ., 19. og 26. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Þessi fsp. varðar þrjú læknishéruð á Norðausturlandi, sem öll eru nú læknislaus: Þórshafnarhérað, Kópaskershérað og Breiðumýrarhérað.

Þórshafnarhérað tekur yfir 4 hreppa í Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu, og íbúar þess voru rúmlega 800 við manntal 1968. Vopnafjarðarlæknir þjónar nú þessu héraði, eftir því sem tími hans og færð leyfir. Milli Þórshafnar og Vopnafjarðarkauptúns eru 80 km, eða því sem næst, og yfir heiði að fara. Þess má geta í þessu sambandi, að í álitsgerð Efnahagsstofnunarinnar í sambandi við Norðurlandsáætlun er Þórshöfn talin helzt til þess fallin að vera aðalbyggðakjarni Norðausturlands milli Jökulsár í Öxarfirði og Smjörvatnsheiðar. Á Þórshöfn er nýr og vandaður læknisbústaður með sjúkraskýli og héraðslækni á þessu svæði er í lögum ætluð staðaruppbót á læknislaun, 50% af launum, og utanfararréttur með launum eftir 5 ára þjónustu.

Kópaskershérað tekur yfir 4 hreppa í Norður-Þingeyjarsýslu, og íbúatala þeirra var s. l. ár rúmlega 690. Þar er nýlegur læknisbústaður með sjúkraskýli og héraðslækni ætluð 50% staðaruppbót á laun sín eins og á Þórshöfn svo og utanfararréttur. Raufarhafnarlækni er ætl-

að að sinna Kópaskershéraði. Milli Raufarhafnar og Kópaskers eru 55 km, og nú fyrir nokkru mátti sú leið heita ófær vegna snjóa, eins og raunar einnig milli Þórshafnar og Vopnafjarðar. En frá Kópaskeri að vesturmörkum læknishéraðsins er álíka langt og til Raufarhafnar og lengra þó upp á Hólsfjöll. Er þá um Hólssand að fara, sem er í óbyggð.

Breiðumýrarhérað tekur yfir 4 hreppa í Suður-Þingeyjarsýslu, íbúar rúmlega 1350. Þar er nýlegur læknisbústaður. Í næsta nágrenni við læknissetrið, á Laugum í Reykjadal, eru þrír skólar: fjölmennur héraðsskóli, húsmæðraskóli og barnaskóli Reykdæla, og er það að sjálfsögðu til mikils hagræðis fyrir skólana og þann mannfjölda, er þar dvelur meira en hálft árið, að hafa skólalækni svo nærri.

Í þessum héruðum kvíða margir því, sem von er, að leggja upp á veturinn læknislausir. Áform eða áætlanir um læknamiðstöðvar, þótt athyglisverðar séu og líklegar til góðs, þar sem staðhættir leyfa, geta á engan hátt dregið úr þeim kvíða, þar sem svo hagar til, að langleiðir geta teppzt hvenær sem er og yfir heiðar er að fara. Beiðnum, sem fram hafa komið undanfarin ár um snjómokstur á vegum vegna heilbrigðisþjónustu í þessum læknislausu héruðum, t. d. á vegum heilbrmrn., hefur ekki hingað til verið sinnt, hvað sem gerast kann í því efni á þessum vetri. Ég á þar sérstaklega við þjóðbrautina milli Tjörness og Vopnafjarðarkauptúns. Þó veit ég, að hjá heilbrigðisyfirvöldum er góður vilji til að verða þeim læknislausu að liði. En nú er svartasta skammdegið yfirvofandi og allra veðra von. Því leyfi ég mér að spyrja: Hverjar eru horfur á, að læknar fáist til starfa í Þórshafnar-, Kópaskers- og Breiðumýrarlæknishéruðum?

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Spurt er, hverjar séu horfur á, að læknar fáist til starfa í Þórshafnar-, Kópaskers- og Breiðumýrarlæknishéruðum. Landlæknir hefur látið mér í té eftirfarandi til svars við þessari fsp.:

Örðugt er að segja nokkuð ákveðið um horfur á því, hvort eða hvenær læknar fáist til starfa í Þórshafnar-, Kópaskers- og Breiðumýrarlæknishéruðum. Eins og öllum er kunnugt, hefur um langt skeið gengið örðuglega að skipa ýmis hin fámennustu læknishéruð landsins. Hefur slíkt gengið mjög út yfir Raufarhafnar- og Kópaskershérað. Síðan Raufarhafnarhérað var stofnað árið 1958, hafa bæði héruðin örsjaldan verið skipuð samtímis. Vegalengdin milli Kópaskers og Raufarhafnar er talin 55 km, og er sú leið langoftast fær, einnig á vetrum. Íbúafjöldi Kópaskershéraðs er í árslok 1967 talinn 699 og Raufarhafnar 472 eða samtals 1171. Er það hvorki talið of mannmargt læknishérað fyrir einn lækni né sérstaklega víðlent. Örðug er hins vegar stofnun læknamiðstöðvar á þessu svæði, þar sem fleiri en einn læknir þjóni samtímis, þó að slíkt sé nú í athugun. Tel ég þess því ekki að vænta, að læknir fáist fyrst um sinn í Kópaskershérað eða ekki á meðan læknir situr á Raufarhöfn. Bæði Þórshafnar- og Breiðumýrarhérað eru stærri en Kópaskers- og Raufarhafnarhérað. Þórshafnarhérað er með 853 íbúa og Breiðumýrarhérað með 1352 íbúa í árslok 1967. Um Þórshafnarhérað gildir sama og um Kópaskers- og Raufarhafnarhérað, að örðugt er að koma þar á læknamiðstöð. Er því nú gegnt frá Vopnafjarðarhéraði, um 80 km leið, og er það oft örðugt, einkum á vetrum. Aftur á móti væri auðvelt að koma á læknamiðstöð á Húsavík fyrir Húsavíkur- og Breiðumýrarlæknishérað, aðeins 38 km eru frá Breiðumýri til Húsavíkur og auk þess er kominn nýr vegur frá Húsavík til Mývatnssveitar, eins og kunnugt er, svokallaður Kísilgúrvegur. Samkv. læknaskipunarlögunum frá 1965 kemur 50% staðaruppbót á laun héraðslækna í Kópaskers-, Raufarhafnar- og Þórshafnarhéruðum, en engin í Breiðumýrarhéraði.

Því miður hef ég ekki meira um þetta að segja, og ég skil mjög vel áhyggjur hv. fyrirspyrjanda í sambandi við læknisþjónustuna á þessum svæðum. En það er hér sem annars staðar við örðugar aðstæður að eiga. Frá sjónarmiði landlæknis, sem er sannast að segja boðinn og búinn og leggur sig allan fram til þess að fá lækna út í dreifbýlið og hefur góð sambönd við læknasamtökin, og samkv. umsögn hans eru horfurnar þær, að ekki er hægt að segja ákveðnar um þetta heldur en ég nú hef greint frá.

Fyrirspyrjandi (Gísli Guðmundsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, þótt segja megi, að þau séu ekki verulega uppörvandi fyrir þá, sem í hlut eiga. Sumt af því, sem fram kom í svari hæstv. ráðh., er að mínu áliti umdeilanlegt, en ég mun ekki fara út í rökræður um þetta mál að þessu sinni. Ég hef alltaf haft von um það, að takast mætti að útvega lækna í þessi læknishéruð með aðstoð læknasamtakanna, og á ég þar fyrst og fremst við Læknafélag Íslands og raunar einnig við félagsskap læknanema í Háskólanum. Mér þótti vænt um, að fram kom skilningur á því hjá hæstv. ráðh., að því miður eru litlar vonir um, að læknamiðstöðvar geti leyst vandræði manna í landshlutum, þar sem eins stendur á og í þessum læknishéruðum, sem ég nú hef nefnt. Sem sagt, ég hef alltaf haft von um, að það væri hægt að útvega menn í þessi héruð með samvinnu við læknasamtökin og þar sem hæstv. ráðh. hefur upplýst, að full viðleitni sé í þá átt af hálfu heilbrigðisstjórnarinnar að hafa slíka samvinnu við læknasamtökin, þá vil ég nú mega vona, að sú viðleitni beri árangur áður en þau frv. um læknamál koma til afgreiðslu, sem nú liggja fyrir Alþingi.

15. Stjórnarráðshús.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:
Fsp. til forsrh. um stjórnarráðshús [90. mál, 1] (A. 106).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Á þingi vorið 1954 fluttu tveir þáv. ráðh., Steingrímur Steinþórsson og Ólafur Thors, svo hljóðandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstj. að verja úr ríkissjóði á árinu 1954 eða leggja til hliðar á því ári 2 millj. kr. til þess að reisa nýtt stjórnarráðshús í Reykjavík og 1 millj. kr. til kirkjubyggingar í Skálholti."

Ólafur Thors fylgdi till. úr hlaði og gat þess fyrst, að hinn 1. febr. 1954, þegar 50 ár voru liðin frá því, að stjórnin fluttist inn í landið, hefði ríkisstj. birt tilkynningu þess efnis, að hún mundi beita sér fyrir því, að afmælisins yrði minnzt með því að byggja nýtt stjórnarráðshús. Ólafur Thors lýsti því síðan, hve þröngur væri húsakostur æðstu stjórnar landsins og væri að því mikill bagi fyrir hana og starfsfólk hennar. Þá skýrði hann frá því, að ríkisstj. hefði ákveðið hinu fyrirhugaða stjórnarráðshúsi lóð við Lækjargötu milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, fyrirhugað væri, að þetta hús yrði vegleg bygging, en þó án alls íburðar.

Í jan. 1968 bar ég fram hér á Alþ. fsp. til forsrh. um það, hvað framkvæmd þessa máls liði. Forsrh. svaraði þessari fsp. 28. febr. 1968. Svar hans var í stuttu máli á þá leið, að lokið hefði verið við teikningu að þessu fyrirhugaða stjórnarráðshúsi á árinu 1966, en ýmsar ástæður hefðu valdið því, að dregizt hefði í 12 ár að ljúka því verki. Síðan hefði það dregið úr frekari framkvæmdum, að hér hefði verið mikil atvinna á árunum 1966–1967. Þá upplýsti ráðh., að 18.5 millj. kr. væru í byggingarsjóði stjórnarráðshúss, en Alþ. hefði lagt árlega ákveðna upphæð í sjóðinn.

Síðan forsrh. svaraði þessari fsp. minni í febrúar 1968, hefur sú breyting orðið, að mjög hefur dregið úr byggingarvinnu og atvinnuleysi skapazt hjá byggingariðnaðarmönnum. Ekki virðast horfur á, að úr því rætist í bráð, og ætti það að vera aukin hvatning þess, að ekki væri dregið lengur að hefja umrædda byggingu, sem áreiðanlega mundi skapa möguleika fyrir verulega aukna hagræðingu í störfum landsstjórnarinnar. Af þeirri ástæðu hef ég leyft mér að endurnýja þessa fsp. mína til hæstv. forsrh.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Í stuttu máli er hægt að svara þessari fsp. þannig, að hægt er að ráðast í byggingu stjórnarráðshúss við Lækjargötu, milli Bankastrætis og Amtmannsstígs, hvenær sem ríkisstj. og Alþ. taka ákvörðun um það og gera ráðstafanir til nægrar fjáröflunar, þannig að hægt sé að halda byggingunni áfram með sæmilegum hraða. Eins og hv. þm. gat um, hefur orðið allmikill dráttur á framkvæmd þessa máls. Til þess eru ýmsar ástæður, margbreytilegar, er óhætt að segja. Í upphafi var ráðgert, að þarna yrði reist mikil höll fyrir allar stjórnarskrifstofur. Síðar kom í ljós, að slíkt var í senn óhentugt, lóðin ekki nógu stór til þess og hefði þurft að kaupa mikið af lóðum fyrir ofan Skólastræti, og enn fremur var stór bygging á þessum lóðum andstæð hinni nýjustu gerð skipulags í Reykjavík. Inn í þetta mál höfðu áður blandazt bollaleggingar um það að reisa nýtt stjórnarráðshús, a. m. k. að nokkru, bak við stjórnarráðsbygginguna sjálfa, þ. e. a. s. milli Hverfisgötu og Bankastrætis. Frá því var horfið, en það hafði haft nokkur áhrif á meðferð málsins um sinn.

Nú hefur hin síðari ár verið ráðgert að byggja einungis yfir nokkurn hluta stjórnarskrifstofa á þessum lóðum, sem ríkið á þarna austanvert við Bankastræti, og hafa teikningar síðari ár við það miðazt. Eftir að þeim var lokið og gerð hafði verið grein fyrir málinu hér snemma árs 1968, kom fram gagnrýni af hálfu stjórnarráðsstarfsmanna og að nokkru innan ríkisstj. um, að þarna væri ekki að öllu leyti um hentuga húsgerð eða teikningu að ræða. Þótti þá sjálfsagt að láta kanna það mál til hlítar, á hverjum rökum þær aðfinnslur væru byggðar.

Það má segja, að aðalaðfinnslan, sem fram hafði komið og ýmsir hafa tekið undir, sé sú, að óheppilegt væri að byggja stjórnarráðshús yfirleitt á þessum slóðum, það væri heppilegra að ætla lóð á allt öðrum stað, nýjum miðbæ, sem svo er kallaður, eða á einhverjum allt öðrum slóðum, undir nýja stjórnarráðsbyggingu og þá, að því er mér skilst, með það í huga, að allar stjórnarráðsskrifstofur yrðu í einni byggingu. Ég hef ætíð talið, að slíkt væri óskynsamlegt og það af mörgum ástæðum. M. a. er það greinilegt, að í ört vaxandi þjóðfélagi, þar sem ætíð eru vaxandi kröfur til ríkisforsjár í ýmsum greinum, er ómögulegt að sjá fyrir eða gera ráð fyrir til hlítar, hversu stór stjórnarráðsbygging eigi að vera, jafnvel um nokkra áratugi, hvað þá um alla framtíð. Þess vegna hygg ég, að allt tal um það að ætla einni lóð að duga fyrir allsherjar stjórnarráðsbyggingu sé algerlega út í bláinn, sem sé óraunhæft með öllu. Það er þvert á móti alveg ljóst og hefur orðið mjög bert við þá athugun á starfsháttum stjórnarráðsins, sem fór fram til undirbúnings löggjöfinni, sem sett var nú á þessu ári og ráðgert er að taki gildi um áramótin og nú er verið að vinna að reglugerð um, að hin einstöku rn. þurfa mjög mikillar styrkingar við til þess að þau geti gegnt sínu verkefni, ekki með því, að ætlunin sé að fjölga þar stórlega starfs-

mönnum í skjótri svipan, en það er alveg ljóst, að þau eru allt of veik til þess að gegna sínu forystuhlutverki. Sumpart er hægt að bæta úr því, án þess að auka kostnað, með því að sameina skrifstofur, sem eru annars staðar, hinum eiginlegu stjórnarskrifstofum. Þetta verður að gerast smám saman. Slíkt vekur andúð að ýmsu leyti í upphafi, en verður þó að hafa í huga, þegar menn gera sér grein fyrir starfsháttum stjórnarráðsins. Að slíku hlýtur að verða stefnt.

Ég held þess vegna, af þeim ástæðum, sem ég hef nú sagt, að það sé óhnekkjanlegt, að það fær ekki staðizt að ætla að hafa eina byggingu sem allsherjar stjórnarráð Íslands um ófyrirsjáanlega framtíð, hitt sé skynsamlegt, að byggja hóflegt hús á þessum lóðum við Lækjargötu, sem ætlaðar hafa verið í þessu skyni allt frá því kringum 1930, og taki það við því af stjórnarskrifstofum, sem rýmilegt hús á þessum slóðum tekur við, og ætla öðrum skrifstofum húsrými ýmist þar sem þær eru nú eða byggja smám saman yfir þær, eftir því sem atvik standa til.

Því er ekki að neita, að þessar bollaleggingar, sem hafa komið upp æ ofan í æ, hafa tafið fyrir endanlegri ákvörðun í málinu. Nú hefur ríkisstj. hins vegar tekið af skarið um þetta og lagt fyrir embætti húsameistara að ljúka við þær teikningar, sem fyrir liggja og ríkisstj. hafði áður í stórum dráttum fallizt á, — einungis með hliðsjón af þeim ábendingum um annað fyrirkomulag hússins í smáatriðum, sem aths. hafa komið við, þegar málið hefur verið athugað af fleiri mönnum á undanförnum mánuðum, vegna þeirrar gagnrýni, sem fram hafði komið. Þetta er ekki meira verk en svo, að þessu er hægt að ljúka hvenær sem er og að því er ég bezt veit, er þegar að því unnið. Stendur þá á ákvörðun um það, hvort menn vilja ráðast í þessa framkvæmd og telja, að hún sé svo brýn, að hana eigi að láta hafa forgang fram yfir ýmislegt annað, sem menn með réttu hafa mjög haft á orði að ráðast þyrfti í, eins og að ljúka við Landsspítala, framkvæmdir við geðverndarspítala, ýmiss konar skólabyggingar, lok lögreglustöðvar og margar aðrar byggingar, og held ég mig þá eingöngu við Reykjavík, og er þó um margar aðrar byggingar víðs vegar annars staðar á landinu einnig að ræða, sem menn verða að meta, hvort þeir vilja láta hafa forgang fram yfir stjórnarráðsbyggingu eða ekki. En af hálfu rn. má segja, að málið liggi nú ljóst fyrir. Þegar menn meta svo, að þetta sé sú bygging, sem mest á ríði og menn hafa, eins og ég sagði, nægt fé til þess, að hægt sé að láta bygginguna ganga með sæmilegum hraða, þá á ekki að vera neitt því til fyrirstöðu, að hægt sé að ráðast í framkvæmdir.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ef ég skil svar hæstv. ráðh. rétt, þá er það á þá leið, að búið sé að ljúka öllum undirbúningi að því, að hægt sé að hefjast handa um byggingu nýs stjórnarráðshúss á þeim stað, sem um hefur verið talað, þannig að teikningar séu nokkuð tilbúnar og annað, sem það snertir, en strandi aðeins á því að taka ákvörðun um það, hvenær verkið skuli hafið. Ég tel, að ef það stendur eingöngu á ákvörðun um þetta efni og ríkisstj. treystir sér ekki til að taka hana, þá sé ástæða til þess að taka málið til sérstakrar meðferðar hér á Alþ. við annað tækifæri heldur en þetta. En mér virðist, að það séu margar ástæður, sem reki á eftir því, að í þessa framkvæmd sé ráðizt.

Það er í fyrsta lagi það, sem hefur verið nefnt, að þar sem þessi framkvæmd er vel undirbúin og þess vegna hægt að hefjast handa strax, sé æskilegt að gera það frá því sjónarmiði, að meðan atvinnuskortur er í landinu mundi einmitt slík framkvæmd koma að verulegu gagni til að bæta úr honum.

En svo er það í öðru lagi, að bygging eins og þessi hlýtur að skapa ýmsa möguleika á aukinni hagræðingu í störfum landsstjórnarinnar. Nú veldur það miklu óhagræði í því sambandi, ef hinar opinberu skrifstofur eru dreifðar víðs vegar um bæinn og m. a. skrifstofur stjórnarráðsins sjálfs. Það kom fram hér í umr., þegar hæstv. fjmrh. var með sérstakt sparnaðarfrv. fyrir nokkrum árum, að það er ekki hægt að sameina ýmsar ríkisstofnanir fyrr en búið er að tryggja húsnæði fyrir þær, þar sem hægt er að hafa þær á sama stað. Frá þessu sjónarmiði er hér um sparnaðarmál að ræða. Auk þess verður ríkið nú að borga mikið fé, svo að millj. kr. skiptir, í húsaleigu fyrir þessar stofnanir hjá einkaaðilum hér og þar í bænum. Það væri miklu hyggilegra að taka sérstakt lán til þessarar framkvæmdar og láta það fé, sem nú fer í húsaleigu, ganga til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af þessu láni.

En sem sagt, sé hér aðeins um það að ræða, að það standi á endanlegri ákvörðun um málið og ríkisstj. telji sér ekki fært að taka hana, þá er sjálfsagt að flytja málið í öðru formi hér á Alþ., þannig að hægt sé að taka endanlega afstöðu til þess. Ég álít, að það sé misskilningur hjá hæstv. forsrh., að ekki sé hægt að ráðast í þessa byggingu vegna þess, að hún þurfi að standa fyrir einhverjum öðrum, sem ríkið þarf að láta reisa. Eins og ég hef sagt núna, mundi vera hægt að leysa þetta mál með lántöku og nota það fé, sem nú fer til þess að greiða húsaleigu í stórum stíl, til þess að standa undir afborgunum og vöxtum af því láni, og þar af leiðandi þarf slík lántaka ekki að standa í vegi fyrir öðrum framkvæmdum, sem ríkið þarf að koma fram, svo sem skólabyggingum, spítalabyggingum o. s. frv.

16. Raforka til húsahitunar.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:
Fsp. til raforkumrh. um raforku til húsahitunar [90. mál, 3] (A. 106).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég held, að allir hljóti nú að vera sammála um, að eitt af stærstu málum landsins er að finna skynsamlegar leiðir til þess að hagnýta orkulindirnar, náttúruauðæfin. Í því sambandi kemur mönnum það oft í hug, að við flytjum inn ógrynni af olíu fyrir of fjár til þess að hita upp íbúðir og aðrar byggingar landsmanna. En þetta leiðir þá aftur hugann að því, sem ég hef oft orðið var við undanfarið hjá fólki, að það tekur eftir, að undarlega lítið verður samt vart við áætlanir um stóraukna raforkusölu til húsahitunar í sambandi við ráðagerðir um virkjanir, bæði þær virkjanir, sem nú nýlega hafa verið framkvæmdar, og raunar er það sama að segja um þær virkjanir, sem ráðgerðar eru á næstunni. Það verður ekki mikið vart við þetta. En þó eru þessar áætlanir og ráðagerðir ýmsar miðaðar við að selja hluta af raforkunni mjög ódýrt til stóriðju, og þá spyr fólk að sjálfsögðu unnvörpum þeirra spurninga að efni til, sem ég nú beini til hæstv. raforkumrh., en ég hef leyft mér að orða þær á þessa lund:

Hvað telur ráðh. að mikill markaður yrði fyrir rafmagn til húsahitunar, ef það væri á boðstólum inn á dreifingarkerfin með sama verði og rafmagn er selt til stóriðju? Og í öðru lagi: Hvaða verð telur ráðh., að þyrfti að vera á rafmagni til þess að hagfelldara væri að nota það til húsahitunar en olíu?

Ég þykist mega gera ráð fyrir því, að sagt verði, að þessum spurningum sé erfitt að svara með nákvæmni, og kemur mér ekkert á óvart, þó að hæstv. ráðh. upplýsi það, því að það má vel vera rétt. En þessum spurningum hlýtur samt að vera hægt að svara á þann hátt, að fengur verði að því, til þess að byggja á skynsamlegar umr. um þennan mikilsverða lið í þjóðarbúskapnum, sem sé, þann lið að hita hús landsmanna með innlendri orku og þá raforku, þar sem jarðhitaorka kemur ekki til með hagfelldara móti. Ég ætlast til þess og vonast eftir því, að svar hæstv. ráðh. við fsp. gefi einhverja hugmynd um stærð þessa máls, hversu stórfellt það muni vera, að út frá svari hans við fyrri spurningunni megi geta sér til um stærð þess markaðar, sem þarna væri fyrir hendi, og þá aftur út frá því, hve mikið mætti spara í innflutningi, ef hægt væri að láta orkuna hæfilega ódýrt í þessu skyni. En það má kallast ömurlegt, ef það er í raun og veru rétt stefna að flytja inn olíu til húsahitunar í stórum stíl í stað þess að hafa raforkuverin svo við vöxt, að þau geti selt raforku eins og menn þurfa til að hita íbúðir sínar og aðrar byggingar.

Þetta blasir enn betur við og leitar enn sterkar á, þegar farið er að selja raforku mjög ódýrt til stóriðju og ráðgera enn stórfelldari raforkusölu á þeim grundvelli. En svarið við síðari spurningunni vona ég að gæti einnig hjálpað eitthvað til við þær umr., sem um þetta þurfa að verða, og þá á þann hátt að átta sig á því, hvað olíukyndingin kostar raunverulega samanborið við hæfilegt raforkuverð og það raforkuverð t. d., sem nú er farið að reikna með frá næstu virkjun. Ég undrast það ekki sem sagt, þó að hæstv. ráðh. geti ekki rætt þetta af nákvæmni, en ég vonast eftir því, að svar hans gefi hugmynd um m. a., hvernig um þessi mál er hugsað hjá raforkumálastjórninni, og gæti þá orðið grundvöllur að frekari málefnalegum umr. um þennan geysiþýðingarmikla þátt.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Hér er um mjög mikið stórmál að ræða og umfangsmikið, og það er nauðsynlegt að greina á milli tvenns konar tilvika, þegar um þetta mál er rætt. Það er í fyrsta lagi hitun húsahverfa, þar sem bæði húsin sjálf og dreifikerfi raforkunnar í hverfinu eru skipulögð með rafhitun fyrir augum, og í öðru lagi hitun húsa, sem þegar eru byggð og eru hvorki gerð sérstaklega fyrir rafhitun né heldur dreifikerfið við hana miðað.

Í fyrra tilvikinu, þegar húsahverfi er skipulagt fyrir rafhitun, getur húseigandi oft notfært sér alla kosti rafhitunar, svo sem ódýrt hitunarkerfi, og dregið úr kostnaði við hana með því að velja þá einangrun, sem hagkvæmust er fyrir rafhitun. Hann getur þá sparað sér miðstöð, kyndiklefa og skorstein, sem annars kynni að vera nauðsynlegur. Á sama hátt getur rafveitan miðað dreifikerfi sitt í upphafi við það hlutverk að dreifa raforku til hitunar. Umframkostnaður rafveitunnar vegna dreifingar hitaorkunnar, getur þá orðið tiltölulega lítil.

Í síðara tilvikinu, þar sem um er að ræða hverfi, sem þegar eru byggð og ekki eru skipulögð sérstaklega fyrir rafhitun, er enginn þessara möguleika til. Vilji húseigandi taka upp rafhitun, verður hann að leggja í nýjan stofnkostnað. Einangrun hússins er sjaldnast eða aldrei við rafhitun miðuð og ef rafveitan þarf að styrkja dreifikerfið, sem fyrir er, vegna hitunarálagsins, getur orðið um mjög mikinn viðbótarkostnað að ræða fyrir hana. Aðstaða raforku til samkeppni við aðra hitagjafa er því gerólík í þessum tveimur tilvikum. Í því fyrra keppir raforkan á jafnréttisgrundvelli að segja má. Í því síðara þarf hún að rýma burt keppinaut, sem þegar hefur náð markaðinum.

Húshitun með raforku er enn þá tiltölulega lítt rannsakað mál á Íslandi. Þær athuganir, sem gerðar hafa verið, benda þó eindregið til þess, að rafhitun sé mjög vel samkeppnisfær við olíuhitun í einbýlishúsahverfum, sem skipulögð eru frá upphafi fyrir rafhitun. Þar mætti raforkan kosta a. m. k. 60—70 aura á kwst., án

þess að samkeppnisaðstöðunni gagnvart olíu væri stefnt í hættu. Athuganirnar benda einnig til þess, að í slíkum hverfum geti rafveitan dreift hitaorkunni með því að skipuleggja dreifikerfi fyrir fram fyrir húshitun með tiltölulega lágum kostnaði. Það væri því í slíkum tilfellum fyrst og fremst vinnslu- og flutningskostnaður hitaorkunnar, sem ræður eða gæti ráðið söluverði hennar til notenda. Varla leikur á því vafi, að hitun slíkra einbýlishúsahverfa með raforku, sem seld væri í heildsölu til dreifiveitna á 26 aura kwst., sama verði og til álbræðslunnar, væri ábatasöm. Á hinu leikur meiri vafi, hvort framleiðandi raforkunnar, virkjunin, stenzt það að selja raforku til hitunar á því verði. Á hitunarmarkaðinum og á álbræðslunni er nefnilega sá afdrifaríki munur fyrir framleiðandann, að hitunin er mjög misjöfn eftir tíðarfari og fellur mikið til niður yfir sumarið, en salan til álbræðslunnar er jöfn allan ársins hring. Það er þetta jafna álag álbræðslunnar ásamt mjög miklu orkumagni, sem er alger forsenda hins lága raforkuverðs til hennar. En jafnvel þótt vinnslukostnaður hitaorkunnar hljóti jafnan að verða nokkru hærri en raforka til álbræðslu, er tæplega nokkur vafi á því, að rafhitun einbýlishúsahverfa getur verið hagkvæm, vel að merkja ef hverfin eru skipulögð fyrir fram fyrir slíka hitun. Um ný fjölbýlishúsahverfi ríkir meiri óvissa, jafnvel þótt þau væru skipulögð fyrir rafhitun. Þar hafa athuganir enn ekki verið gerðar í nægilega ríkum mæli. Vitað er þó, að í slíkum hverfum er samkeppnisaðstaða raforkunnar gagnvart olíunni örðugri en í einbýlishúsahverfum. Litlar sem engar athuganir eru til á hitun eldri húsa með raforku, húsa, sem ekki eru byggð með slíka hitun sérstaklega fyrir augum. Þó er augljóst, að verð raforkunnar verður þar að vera mun lægra en til húsa þeirra, sem áðan var rætt um, þeirra er skipulögð eru fyrir fram fyrir rafhitun. Mjög dýrt er að skipta um hitunarkerfi, og ýmsa kosti rafhitunar er ekki unnt að nýta í eldri húsum, t. d. þá að losna við kyndiklefa og skorstein. Hlutverk raforkunnar er þá það eitt að spara það olíuhitunarkerfi, sem fyrir er.

Núverandi olíuverð til húshitunar er í kringum 50 aura á hverja kwst. þeirrar varmaorku, er úr olíunni nýtist. Varmaorku má mæla í kwst. engu síður en raforku. Raforka til hitunar eldri húsa þarf því að vera nokkru ódýrari en 50 aurar á kwst., því að notandinn þarf að leggja í nokkurn kostnað vegna rafhitunarbúnaðarins. Spurningin er þá, getur rafveitan selt orku til húshitunar í eldri hverfum, þar sem dreifikerfið er ekki sérstaklega við hitun miðað, við verði, sem er vel neðan við 50 aura á kwst.? Svarið við þeirri spurningu er komið undir vinnslu- og flutningskostnaði raforkunnar og dreifingarkostnaðinum.

Lítum fyrst á síðari liðinn, dreifingarkostnaðinn. Rafveitan getur dreift vissu, takmörkuðu magni hitunarorku fyrir mjög lágt verð um dreifikerfi, sem fyrir er, nefnilega upp að því marki, að hitunarorkan fari að hafa áhrif á toppálagið. Þessi orka nægir aðeins fyrir tiltölulega lítinn hluta hitunarþarfarinnar. Ef hitunarorkan verður það mikil, að styrkja þurfi hennar vegna dreifikerfið, sem fyrir er, hækkar dreifingarkostnaðurinn mjög mikið. Til viðbótar dreifingarkostnaðinum kemur svo vinnslu- og flutningskostnaðurinn eða heildsöluverðið, ef dreifiveita kaupir orku í heildsölu. Þetta verð er 37—74 aurar á kwst. hér á landi til almennra rafveitna, mismunandi eftir stöðum og nýtingartíma. Hér er um meðalverð að ræða, sem felur í sér fastagjald. Fyrir orku, sem ekki hefur áhrif á toppálagið, er heildsöluverðið 12—23 aurar á kwst., mismunandi eftir stöðum.

Þrátt fyrir takmarkaðar athuganir á möguleikum húshitunar með raforku hér á landi, virðist mega greina eftirfarandi meginatriði, og eru þau niðurstaða framangreindra hugleiðinga og athugana:

Við vinnslu- og flutningskostnað raforku, eins og hann gerist hér á landi og birtist í heildsöluverði til dreifiveitna, virðist augljóst, að húshitun með raforku sé hagkvæm í eftirtöldum tilvikum:

1. Hitun einbýlishúsahverfa, sem skipulögð eru fyrir fram með rafhitun fyrir augum. Um fjölbýlishúsahverfi ríkir mikill vafi enn sem komið er.

2. Hitun eldri hverfa getur verið hagkvæm að vissu marki, en það mark er ekki nema tiltölulega lítill hluti af hitunarþörfinni. Sé farið yfir það mark, er hagkvæmnin miklum mun vafasamari.

Heildarþörf orku til húshitunar á Íslandi er sem stendur af stærðargráðunni 1500—2000 gígawattstundir. Ein gwst. er 1 millj. kwst. En notkunarþörfin er 1500—2000 gwst. á ári. (Gripið fram í.) Jú, jú, gwst. er 1 millj. kwst. Það er reikningsdæmi. Af því sér raforkan fyrir nálega 90 gwst. eða 5%. Afgangurinn, 95%, skiptist milli jarðhita og olíu, þannig að jarðhitinn sér fyrir 55%, en olían fyrir 40%. Til samanburðar má geta þess, að orkusala til ÍSALs verður 1237 gwst. á ári, ef viðbótarorkusölusamningur sá, sem nú liggur fyrir Alþ., verður staðfestur.

Af framangreindum tölum má fá hugmynd um hugsanlega stærð markaðsins fyrir rafhitun. Ef ekki er reiknað með, að raforka taki markað frá jarðhitanum, verður eftir núverandi hlutur olíunnar, um 700 gwst. Rafhitunin næmi þá alls um 800 gwst. á ári nú, ef öll olíuhitun væri flutt yfir á rafhitun.

Tölur þessar eru í eðli sínu óvissar, en þær gefa samt rétta hugmynd um stærð. Nú er nokkurn veginn öruggt, að ekki borgar sig að útrýma olíuhitun með öllu, svo að hugsanlegur rafhitunarmarkaður í dag er nokkru minni en þessar 800 gwst. Orkuþörfin til húshitunar fer að sjálfsögðu vaxandi. Eftir 10 ár er hún væntanlega orðin 30% meiri en í dag.

Svo sem þegar er sagt, hafa húshitunarmál ekki verið rannsökuð að fullu hér á landi til þessa. Hér er um yfirgripsmikið mál að ræða, sem tekur mikinn tíma að rannsaka að fullu. Nú í haust var skipuð sérstök rannsóknarnefnd

húshitunar með fulltrúum frá Orkustofnun, Efnahagsstofnun, rafveitum, hitaveitum, Landsvirkjun og olíufélögunum. Sú n. er nú að taka til starfa og lýkur störfum eins fljótt og unnt er, en að áliti sérfræðinga mun það taka talsverðan tíma að reikna út og gera sér grein fyrir öllum þeim óþekktu stærðum, sem taka þarf til greina við slíka útreikninga. Verkefni n. verður að rannsaka, á hvern hátt mætti gera rafmagnshitun hagkvæma, ekki aðeins í þéttbýli, heldur einnig í strjálbýli. Það er nú þegar að verða aðkallandi að fá tæknilegt álit og heildaryfirlit um, hvernig raforkan verður bezt nýtt með húshitun fyrir augum. Um leið og orkuvinnsla eykst og rafmagn er fyrir hendi til þessara nota, má segja, að tími sé til þess kominn að rannsaka þessi mál að fullu. Það má reikna með því, að í framtíðinni verði mikill hluti húshitunar annaðhvort með rafhitun eða jarðhita, og það er ekkert efamál, að það mun gera hvorttveggja að skapa þægindi og spara gjaldeyri.

Í sambandi við það, sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan, að það hafi lítið verið að því gert að gera ráð fyrir rafhitun húsa í áætlunum í sambandi við virkjanir, þá má geta þess, að það er gert ráð fyrir því, að Landsvirkjun hafi raforku aflögu til húshitunar, og er einmitt til þess hugsað. Aftur á móti er öðru máli að gegna með Laxárvirkjun, á meðan fullkomin óvissa er um, hversu sú virkjun verður stór. En þó hefur það verið í stærra mæli á Akureyri, sem rafhitun hefur verið til húsa, heldur en nokkurs staðar annars staðar. Það hefur fram að þessu ekki verið til raforka til þess að láta til húshitunar nokkuð að marki. En nú er sá tími að renna upp, og einmitt þess vegna hefur verið skipuð sérstök n. sérfræðinga til þess að gera sér fulla grein fyrir því, á hvern hátt raforkan verði helzt hagnýtt til húshitunar.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. En eins og gefur að skilja og við var að búast, er hér ekki um einfalt mál að ræða, og í þessu var mikið af upplýsingum. Ég vil fara þess á leit, að hæstv. ráðh. geri annaðhvort, að hann láti birta þetta orðrétt í blaði eða hann láti vélrita þetta eða prenta á annan máta og því verði útbýtt til þm. allra, svo að það geti orðið skoðað.

Það er öruggt af því, sem hæstv. ráðh. upplýsti, að hér er um mjög stórfellt mál að ræða, eins og raunar var vitað fyrir fram, og þýðingarmikið á marga lund. Einnig kemur það fram, að í þessu ættu að vera stórfelldir framtíðarmöguleikar, því þó að það megi rétt vera hjá hæstv. ráðh., að erfitt væri að selja raforku inn á dreifikerfin til hitunar með jafnlágu verði og til stóriðju af ástæðum, sem hann greindi, þá er samt svo mikill munur á 26 aura verði, sem hann nefndi að rafmagn væri látið í té fyrir til stóriðju, og 60—70 aurum á kwst., sem raforkan má kosta, að mér skilst, til húsahitunar til þess að keppa við olíu, að þarna ættu að vera stórfelldir möguleikar fólgnir. Ég skil, að það þarf að skoða betur dreifingarkostnað og annað því líkt í sambandi við málið, og ég vil skora á hæstv. ráðh. að útvega þeirri n., sem skipuð hefur verið, nægileg fjárráð til þess að hún geti hraðað verki sínu. Ég vil í því sambandi minna á, að milljónatugum er varið árlega til þess að rannsaka skilyrði til að byggja raforkuver, og er ekki nema gott um það að segja að sjálfsögðu. En þá má ekki heldur að mínu viti láta skorta fé til þess að fram geti farið athuganir á þessum þýðingarmikla þætti og öðrum slíkum jafnframt og með fyllsta hraða. Ég ætla ekki í sambandi við þessa fsp. að deila um, hvort þessu hafi verið nægilega sinnt undanfarið eða ekki. Aðalatriðið er, að á þetta verði settur sem allra mestur skriður nú og þeirra peninga verði aflað, sem þarf til þess, að á þessu verði sem mestur hraði.

Ég minntist á, að það færi lítið fyrir því, að veruleg raforka væri ætluð til sölu til hitunar húsa í sambandi við nýjar áætlanir að raforkuverum. Ég vil ekki vefengja það, sem hæstv. ráðh. sagði, að það væri ráðgert eitthvað í þessu tilliti í sambandi við Landsvirkjunina. En þó getur það varla verið mjög mikið, miðað við, að margir liðir eru enn óvissir í þessu máli skv. því, sem hæstv. ráðh. upplýsti sjálfur. Það er eðlilegt, meðan svo margir liðir eru óvissir og ekki búið að leggja vinnu í að rannsaka þá, að þá sé ekki gert ráð fyrir að selja raforku frá nýju raforkuverunum til hitunar í stórum stíl. En einmitt þess vegna er aðalatriðið nú að ganga með krafti í rannsóknir og þá að skoða þá mörgu liði, sem þarna koma til greina. Ég hef tekið eftir því, að í þær áætlanir, sem gerðar hafa verið um Lagarfossvirkjun og ég er sérstakalega kunnugur, hefur mjög lítið farið fyrir því, að gert væri ráð fyrir orkusölu til hitunar, og maður skilur ástæðurnar fyrir því, þegar maður heyrir, hvað margir liðir virðast enn vera órannsakaðir. Aðalatriðið er því að setja kraft á rannsóknina.

17. Aðgerðir gegn kali og fóðurskorti.

Á 13. fundi í Sþ., 18. nóv., var útbýtt:
Fsp. til landbrh. um aðgerðir gegn kali og fóðurskorti [90. mál, 4] (A. 106).

Á 14. fundi í Sþ., 19. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 16. og 18. fundi í Sþ., 26. nóv. og 3. des., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Þessar fsp. mínar varða málefni, sem af eðlilegum ástæðum eru mjög ofarlega á baugi hjá bændum víðs vegar um land, þ. e. a. s., hvaða aðgerðir séu á döfinni gegn kalinu og gegn fóðurskortinum. Þó að þetta mál snerti bændastéttina fyrst og fremst, þá býst ég við, að flestir verði mér sammála um, að það varði einnig alla landsmenn, beint og óbeint, og a. m. k. allt þjóðarbúið. Af þeim margvíslegu vandamálum, sem landbúnaðurinn á við að etja, held ég, að túnkal síðustu ára sé langalvarlegast og krefjist bráðastrar lausnar. Grasrækt er undirstaða íslenzks landbúnaðar, alger undirstaða, enda yfirleitt talið, að Ísland sé gott grasræktarland, og eftir að ræktunaröld gekk hér í garð fyrir alvöru, ríkti mikil bjartsýni um nær ótakmarkaða möguleika á sviði grasræktar og þá ekki síst túnræktar, og framan af a. m. k. var ekkert, sem benti til annars en að slík bjartsýni væri réttmæt. Að sjálfsögðu verður ekki með rökum gert lítið úr bjartsýni manna að þessu leyti. Eigi að síður hefur kalfárið, sem herjað hefur að meira eða minna leyti alla landshluta og flestar sveitir að nokkru, opnað augu manna fyrir vanda ræktunarinnar, fyrir því, hversu ræktunin er vandasöm og hætt við áföllum, ef bændur og leiðbeinendur þeirra og vísindamennirnir þekkja ekki til hlítar samspilið á milli hinna mörgu þátta, sem ákvarða gæði ræktunarinnar og endingu ræktunarinnar.

Að sjálfsögðu get ég ekki að neinu leyti talað um þessi mál sem sérfræðingur og geri enga tilraun til þess. Og ég hygg, að það sé fráleitt, að ég eða nokkur annar hér inni hafi ráð á takteinum eða á reiðum höndum við þessu alvarlega vandamáli. Hins vegar ætti okkur öllum að vera ljóst, hversu gífurlegt áfall kalskemmdirnar hafa verið hundruðum, ef ekki þúsundum bænda, og það svo, að búskap fjölda einstakra bænda er stefnt í mikla tvísýnu. Áframhaldandi stórkal ár eftir ár getur jafnvel haft í för með sér óvissu um framtíð heilla sveita. Þetta kunna að þykja stór orð, en þau eru því miður sönn. Mér hefur lengi þótt sem allt of lítil áherzla væri lögð á rannsóknir á túnkali. Viðbrögð ráðamanna á þessum sviðum hafa verið einkennilega sljó að mínum dómi og málið jafnvel haft í flimtingum. E. t. v. má ásaka rannsóknarstofnanir okkar í þessu sambandi, ég skal ekkert um það segja, því að ég er því máli algerlega ókunnugur. En ég hefði talið, að við hefðum fyllsta rétt til þess að gera nokkrar kröfur til þeirra, sem með rannsóknarmálin fara, um að einbeita kröftunum öðru fremur að kalrannsóknum.

Nú gerðist það í ágúst í sumar, að hæstv. landbrh. skipaði sérstaka kalnefnd, og eru í henni svo valinkunnir ágætismenn, að þeir eru allir líklegir til þess að láta gott af sér leiða. Ég er fyrir mitt leyti ekki í vafa um nauðsyn þessarar nefndar, og hana hefði sjálfsagt mátt skipa fyrr. Nú hef ég lítið heyrt um það rætt, á hvaða grundvelli þessi n. eigi að starfa, m. a. fýsir mig mjög að vita, hvaða fjármagn n. hefur til ráðstöfunar og hvert valdsvið hennar sé, ef henni er ætlað að hafa vald. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um, hvaða fjármagn n. er ætlað að hafa nú samkv. fjárl. þessa árs. En ég get ekki stillt mig um að geta þess, að ekki hafði ríkisstj., að því er virtist, neina forgöngu um það efni, og þegar þessi fsp. kom fram, sem er orðið ærið langt síðan, þá hafði ekkert komið fram frá ríkisstj. um það efni. Fjárlagafrv. gerði ekki ráð fyrir neinni fjárveitingu til n., en í fjvn. varð samkomulag um að leggja til við Alþ., að veittar yrðu 500 þús. kr. til þessarar kalnefndar, enda lá fyrir erindi frá kalnefnd til fjvn. um fjárbeiðni, sem raunar var upp á 1 millj. kr. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. ráðh., hvað líði störfum kalnefndar og á hvaða grundvelli henni sé ætlað að starfa. Einnig hef ég spurt um, hverjar aðrar ráðstafanir séu fyrirhugaðar til þess að koma í veg fyrir túnkal og fóðurskort. Mér sýnist, að eitt og annað megi nýta annað en beinar vísindarannsóknir til þess að draga úr kalhættu, og alla vega eru ráð til þess að koma að verulegu leyti í veg fyrir mjög alvarlegan fóðurskort. Mér kemur þar í hug, að stórlega megi auka leiðbeiningastarfsemi í þágu bænda um allt það, sem þegar er vitað um eðli og orsakir kals. Ekkert lát má verða á hvatningu til bænda um grænfóðurrækt, meiri votheysverkun og stuðning við súgþurrkun. Og í því sambandi minnist ég þess, að það var um sinn, líklega í ein 5 ár, veitt aukaframlag til súgþurrkunar, og bændur hafa leitað eftir því, að ákvæðin um það efni verði framlengd. Vil ég leyfa mér einmitt í sambandi við þetta mál að spyrja hæstv. landbrh., hvort nokkuð hafi verið gert í því máli að því er þetta varðar. Skal ég svo ekki hafa fleiri orð um fsp., herra forseti.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég tel rétt að lesa upp allar í einu þessar fsp., sem eru í 4 liðum, til upprifjunar, og mun ég svo svara þeim eftir töluröðinni.

„1. Hvað líður störfum kalnefndar, sem skipuð var 7. ágúst s. l., og á hvaða grundvelli er henni ætlað að starfa?

2. Hvaða fjármagn hefur kalnefnd til umráða vegna starfa sinna?

3. Hvaða ráðstafanir aðrar eru áætlaðar til þess að koma í veg fyrir túnkal og fóðurskort?

4. Er að vænta sérstaks stuðnings við félagsræktun bænda?“

Út af fyrir sig er eðlilegt, að fsp. þessu líkar komi fram hér í hv. Alþ., því að oft er rætt um kalið og skemmdirnar í túnunum, og er oft í því sambandi talað um fjárskort og að erfitt sé að vinna að þessum rannsóknum vegna þess, að það vanti fé. Stundum er meira að segja talað um það, að við höfum ekki nógu marga menn til þessara starfa, ráðunauta eða nógu góða menn. Um allt þetta má sjálfsagt deila. En hitt er víst, að fjármagnið hefur verið aukið mjög mikið að undanförnu til rannsóknarstarfsemi á sviði landbúnaðarins. Þannig hefur

þetta fjármagn verið tólf- eða þrettánfaldað á 10 árum. Ég ætla samt sem áður ekkert að fullyrða um það, hvort þetta fjármagn er nægilega mikið. Ég ætla ekki heldur að fullyrða um það, hvort ráðunautarnir eru nógu margir eða hvort þeir búvísu menn eru nægilega margir, sem við rannsóknir fást. En hitt vitum við, að ráðunautarnir eru mjög margir og þeir, sem að þessum rannsóknum vinna, eru einnig margir. Við skulum vona, að árangur af þeirra störfum verði í samræmi við tölu þeirra manna, sem að þessu vinna, og í samræmi við það fjármagn, sem þjóðin lætur til þessara hluta.

Það er ekki rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að ríkisstj. hafi ekki haft forgöngu um að útvega kalnefnd fjármagn. Ég vil taka það fram, að erindið, sem kom frá kalnefndinni, var sent í samráði við mig, og það var alltaf vitað, að n. þurfti að fá nokkurt fjármagn til starfsemi sinnar. Og fjvn. tók þetta mál upp að mestu leyti, lét kalnefndinni í té talsvert fjármagn, jafnframt því sem fjármagn var aukið til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins beint. Þannig er fyrir því séð, að kalnefndin hefur nægilegt fjármagn til starfsemi sinnar.

Það, sem kalnefndinni er ætlað að vinna og má segja að sé hlutverk hennar samkv. skipunarbréfi, er: 1. Að safna gögnum, sem fyrir liggja nú, um kal og kalrannsóknir í landinu. 2. Gera till. um varnir gegn kali og grasbresti af völdum kals. 3. Athuga, á hvern hátt sé heppilegt að endurrækta skemmd tún, þar sem kal er fyrir hendi og arfavöxtur er ríkjandi.

Mér er kunnugt um, hvernig n. hefur hagað störfum. Hún hefur leitað upplýsinga hjá héraðsráðunautum í öllum sýslum landsins um þau atriði, sem tilgreind eru í bréfi, sem n. skrifaði ráðunautunum og ég gjarnan vildi, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér upp til upplýsingar. Bréfið hljóðar svo:

„Herra ráðunautur.

Með bréfi, dags. hinn 7. ágúst s. l., skipaði landbrh. samstarfsnefnd 7 manna til að vinna að nánar tilgreindum verkefnum, þ. á m. að söfnun gagna um kal og kalrannsóknir. Með tilvísun til þessa leyfir undirritaður sér fyrir hönd n. að beina til þín eftirfarandi spurningum, þar sem við teljum líkur til, aðstöðu þinnar vegna, að þú hafir manna bezt yfirsýn um þau atriði, sem um er spurt, að því er tekur til þíns umdæmis. Óskað er yfirlits um útbreiðslu kals á s. l. sumri á jörðum í umdæmi þínu. Tilgreindar séu þar jarðir, þar sem kal hefur valdið verulegu tjóni, og áætluð heyskaparrýrnun af þeim sökum. Hverjar líkur telur þú, að séu orsakir kalsins:

a. Veðurfarsáhrif, beinir frostskaðar, áhrif snjóalaga, áhrif veðurfars á nýtingu áburðar.

b. Áhrif jarðvinnsluaðferða.

c. Áhrif áburðarnotkunar og áburðartíma á þeim svæðum, er orðið hafa fyrir samfelldu kali.

d. Hefur komið fram mismunur á þolni fræblandna, sem verið hafa á markaði hér hin síðustu ár? — Þetta sýnist vera nauðsynlegt að liggi fyrir.

e. Áhrif mismunandi notkunar hins ræktaða lands:

1. Hefur sláttutími árið áður áhrif til aukinnar aukningar á kalhættunni?

2. Voru kaláhrif meiri á landi, sem beitt var eftir slátt, og hver virðast þér áhrif haustbeitar, vetrarbeitar og vorbeitar vera í sambandi við varanleik hins ræktaða lands? Hverra atriða telur þú, að þurfi að gæta í sambandi við notkun hins ræktaða lands til að draga úr áhrifum kalhættunnar?

f. Hver er skoðun þín um áhrif aukinnar notkunar þungavinnuvéla við framkvæmd ræktunar og við árlega notkun landsins?

Það eru vinsamleg tilmæli n., að umbeðnar upplýsingar verði veittar við fyrstu hentugleika þína og sendist til undirritaðs. Hafi verið gerðar tilraunir á þínum vegum, sem skýrt gætu einstök atriði þessa máls, væri mikils um vert að fá aðgang að niðurstöðum þeirra eða upplýsingar um, hvar þær hafi verið birtar.

Virðingarfyllst,

Páll Einarsson."

Hann er formaður nefndarinnar.

Varðandi þetta bréf skal nú upplýst, að svör hafa nú borizt frá meiri hl. ráðunautanna, og allir hafa þeir heitið að senda n. svör sín á næstu vikum og verður úr þeim unnið, er svörin hafa borizt. N. hefur verið heimilað að ráða sér vinnuaðstoð við úrvinnslu gagna varðandi kalrannsóknir og þær athuganir, sem gerðar hafa verið af Búnaðarfélagi Íslands og Rannsóknastofnun landbúnaðarins um þessi mál. N. hefur nú þegar lagt til við Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélag Íslands, að þessar stofnanir haldi nú eftir áramótin ráðstefnu með þátttöku ráðunauta, sérfræðinga, tilraunastjóra Rannsóknastofnunar landbúnaðarins og annarra sérfróðra manna, t. d. veðurfræðinga, þar sem fjallað yrði um kalvandamálið, kalrannsóknir og leiðbeiningar um meðferð og endurræktun kals. Þessar stofnanir hafa brugðizt vel við þeirri beiðni og heitið að gangast fyrir slíkri ráðstefnu og eiga hlutdeild í greiðslu kostnaðar, er af því fundahaldi leiðir, og hefur þessi ráðstefna verið ákveðin í næsta mánuði.

Af könnun þeirri, sem þegar hefur verið gerð, er ljóst, að þó að fyrirliggjandi tilraunaniðurstöður gefi ábendingar um mikilsverð atriði varðandi þann vanda, er um ræðir, þá er ljóst, að sprettuleysi ræktaðs lands á undanförnum árum hefur átt fleiri orsakir en bein kaláhrif, og ég hef hlustað á ýmsa vísindamenn ræða einmitt um það, að túnin eru nú raunverulega þrislegin í staðinn fyrir það, að þau voru áður einslegin eða í mesta lagi tvíslegin. Nú er beitt á túnin á vorin oft fram undir júnílok. Síðan eru þau slegin í ágústmánuði, og svo eru þau þrautbeitt á haustin og kannske oft sviðin niður í rót. Þetta er það, sem kallað var ofnotkun túnanna, og margir halda, að þetta eigi sinn þátt í því að auka kalhættuna.

N. er sammála um, að búrekstrarfyrirkomu-

lag og meðferð hins ræktaða lands þurfi að rannsaka betur en orðið er, því að meðferð ræktaðs lands og ýmis atriði í núverandi búskaparháttum geta stuðlað að sprettuleysi og jafnvel aukið kalhættuna. Þannig eru lítið rannsökuð áhrif á gróðurfar og kalþol ræktaðs lands. Hefur n. gert sér grein fyrir, hvers sé vant í þessu efni, og unnið að skipulagningu nýrra tilrauna til að fá svör við þeim spurningum, sem að dómi n. er brýnast að leysa, svo að öruggar leiðbeiningar geti orðið gefnar við endurræktunarvandamálinu, og hverju þurfi að breyta í rekstrarformum og notkun tæknibúnaðar, sem líklegt þyki, að geti haft óbein áhrif til að draga úr grasvexti. Tilraunir, sem hér eru áætlaðar, verða að fara fram á þeim svæðum, sem orðið hafa fyrir tjóni vegna grasbrests. Hér er um að ræða 6 tilraunir, sem eru þessar:

1. tilraun: Áhrif beitar á gróðurfar og kalþol túna.
2. tilraun: Mismunandi jarðvinnsluaðferðir við endurvinnslu kaltúna.
3. tilraun: Niðurfelling kalís og fosfórs við endurvinnslu túna.
4. tilraun: Eyðing illgresis með lyfjum úr kölnum túnum og við endurræktun kalinna túna.
5. tilraun: Endurræktun kals með mismunandi tegundum og afbrigðum.
6. tilraun: Mismunandi djúp plæging við endurvinnslu kaltúna.

Þegar orsakir og eðli grasbrests þess, sem orðið hefur hin síðustu ár, hafa með rannsóknum og tilraunum þeim, sem áætlaðar eru, verið kannaðar, er fyrst hægt að gera grein fyrir, hvernig eigi að koma í veg fyrir túnkal og fóðurskort. Og enginn vafi er á því, að þessi 7 manna n., samstarfsnefnd sérfræðinga frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi Íslands, mun nú leggja sig fram um það að vinna að þessu máli, því að engum er fremur ljós sú hætta, sem af kalinu stafar, heldur en þeim. Og það er enginn vafi á því, að þetta, sem hefur skeð nú síðustu 3 árin, er sá mesti ógnvaldur fyrir íslenzkan landbúnað, sem komið hefur. Þess vegna ber að gera allt, sem í mannlegu valdi stendur, til þess að ráða bætur á þessu.

Síðasti liður fsp. er um það, hvort vænta megi sérstaks stuðnings við félagsræktun bænda. Það hefur verið veittur talsverður stuðningur við félagsræktun bænda að undanförnu, en nú er starfandi n., sem skipuð var á s. l. sumri, sem mun taka þetta mál fyrir meðal annarra verkefna, sem henni hafa verið falin.

Ég vona, að ég hafi nú svarað þessum fsp. forsvaranlega og að það, sem ég hef sagt, gefi nokkrar upplýsingar um málið.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. landbrh. svörin. Ég vil nú ekki framar venju hefja miklar umr. um það, sem hann hefur sagt um þetta efni, enda gaf það ekki beinlínis tilefni til þess. Ég vil þakka honum upplýsingarnar, og ég sé af þeim, að sú n., sem skipuð var í sumar, er þegar tekin til starfa og virðist vera nokkuð komin á veg með sitt starf. Það er mikið atriði. Og mér þykir einnig vænt um að heyra þau orð hæstv. landbrh., og þau mættu heyrast úr munni fleiri manna, sem ég raunar ræddi hér áðan og gerði að mínum orðum, en það er, að kalið er mesti ógnvaldur landbúnaðarins nú um þessar mundir, og það verður aldrei gert of mikið að því að ræða það og finna ráð við því.

Hæstv. ráðh. segir, að fjármagnið hafi verið stóraukið til rannsókna í landbúnaðarmálum síðustu 10 árin og það sé nægilegt fjármagn fyrir hendi til þess að sinna þessu verkefni. Það er gott að heyra það. Þó saknaði ég þess í svari hæstv. ráðh., að hann tilgreindi engar tölur í þessu sambandi, hann nefndi aðeins þá tölu, sem mér var kunnugt um, þessar 500 þús. kr., sem ráðstafað var til kalnefndarinnar á fjárlögum núna. Hins vegar nefndi hann ekkert, hvaða fjármagn það er eða hversu mikið það er, sem varið er til kalrannsókna að öðru leyti. Að vísu er það umræðuefni, hvernig spilast úr slíku fjármagni sem því, sem veitt er til rannsóknarstarfsemi hér á landi, en ég hef ekki tíma til þess að ræða það nú vegna tímaskorts og vegna þess, að hér er ekki beinlínis umræðuvettvangur, en það er áreiðanlegt, að það er hlutur, sem menn þurfa að gefa nánar gætur, hvernig yfirstjórn rannsóknarmálanna er á landinu, hvort þar er allt eins og vera á.

Ég sem sagt vil þakka hæstv. ráðh. þessi svör hans og gleðst yfir því, að kalnefndin eða samstarfsnefndin, sem hæstv. ráðh. kallar svo, er tekin til starfa og er þegar komin nokkuð áleiðis í störfum sínum, og ég vil leggja höfuðáherzlu á það, að hér er um svo stórt og mikið verkefni að ræða, að það má hvorki skammta peninga né tíma til þess að finna lausn á þessu stórkostlega vandamáli.

---

18. Ráðstafanir vegna deyfi- og vanalyfja.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til heilbrmrh. um ráðstafanir vegna deyfi- og vanalyfja [108. mál, 1] (A. 131).

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Á þskj. 131 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. heilbrmrh. um ráðstafanir vegna deyfi- og vanalyfja. Fsp. er svo hljóðandi:

„Hvaða ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hindra ólöglegan innflutning, vörzlu, dreifingu svo og neyzlu deyfi- og vanalyfja?“

Hér er um að ræða mikið vandamál, sem nágrannaþjóðir okkar hafa átt við að glíma, í sambandi við útbreiðslu og neyzlu á deyfi- og vanalyfjum, og með þessari fsp., sem ég hef leyft mér að flytja til hæstv. heilbrmrh., hef ég viljað vekja athygli á þessu vandamáli, ef vera mætti líka til þess, að ráðstafanir yrðu gerðar í tíma varðandi þetta vandamál. Ég vildi og vekja athygli á því, að það er ekki aðeins um að ræða ráðstafanir af hálfu hins opinbera í þessum efnum, hér koma einnig til fjölmiðlunartækin, sem geta haft geysimikil áhrif gegn notkun þessara lyfja. Er ekki sama með hvaða hætti þessi tæki halda á þessum málum, og er þess að vænta að hið opinbera hafi náið samstarf við fjölmiðlunartækin varðandi þessi mál.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fjölyrða um málið. Það er öllum kunnugt, hversu þýðingarmikið mál hér er um að ræða. Vonast ég til þess, að fsp. geti haft þau áhrif, sem til er ætlazt, til varnar gegn útbreiðslu þessara deyfi- og vanalyfja.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af þessari fsp. vildi ég leyfa mér að gefa eftirfarandi yfirlit í von um, að það nægi hv. fyrirspyrjanda og öðrum, sem áhuga hafa á þessu máli, sem svör við þeim fsp., sem hér eru til umræðu.

Einu lagaákvæðin um ávana- og fíknilyf og efni eru lög um tilbúning og verzlun með ópíum o. fl., nr. 14 frá 20. júní 1923. Lög þessi fjalla fyrst og fremst um meðferð á ópíum og hvers konar öðrum efnum, sem unnin eru úr ópíum, svo sem morfín, kókaín og heróín. Það er hins vegar ekki fyrr en með lögum nr. 43 frá 2. maí 1968, sem gildissvið þessara laga er útvíkkað og heimilað að láta ákvæði þeirra ná einnig til annarra efna heldur en hinna gömlu klassísku eiturlyfja. Með þeirri lagabreytingu er heimilað, að dómsmrn. geti úrskurðað, að ákvæði laganna gildi einnig um hvers konar efni, hvort sem þau eru afleidd af morfíni, kókaíni eða söltum þeirra eða ekki, og hafi sannazt við vísindalega rannsókn, að misnota megi þau á líkan hátt og þau hafi lík skaðvænleg áhrif sem hin fyrrnefndu efni, morfín, kókaín og ópíum. Lagaákvæði þetta er fyrst og fremst sett til þess að unnt sé að láta sömu reglur gilda um þau efni, sem á síðari tímum hefur verið farið að nota á svipaðan hátt og morfín, kókaín og því um líkt. En þar er helzt um að ræða kannabis, þ. e. a. s. marihúana og hassis, og L.S.D., en efni þessi eru ekki talin lyf í hinum venjulega skilningi þess orðs.

Með setningu þessara laga skapaðist fyrst grundvöllur fyrir því, að unnt væri að láta lagareglur um innflutning og meðferð á hinum sterku eiturlyfjum ná einnig til þessara nýrri efna. Með reglugerð nr. 257 frá 28. nóv. 1969 hefur dómsmrn. úrskurðað, að ákvæði laga um tilbúning og verzlun með ópíum skuli einnig taka til kannabis, þ. e. a. s. marihúana og hassis, og lýsergíð, þ. e. a. s. L.S.D., meskalín eða peyote og psílócybin, svo og hvers konar blandna og samsetninga, sem þessi efni hafa að geyma. Þá hefur einnig verið unnið að því að semja ítarlega reglugerð um innflutning og meðferð ávana- og fíknilyfja, en sú reglugerð er ekki fullfrágengin enn, og með henni er ætlunin að ná mun meiri tökum á meðferð og innflutningi þessara lyfja og efna. Það kom hins vegar í ljós, þegar farið var að vinna að samningu slíkrar ítarlegrar reglugerðar, að það skortir á heimildir í lögum til þess að gera upptæk þau lyf og efni, sem ópíumlögin fjalla um, og eins hefur komið í ljós, að refsiákvæði laganna eru orðin úrelt. Þess vegna hefur verið samið frv. til l. um breyt. á l. um tilbúning og verzlun með ópíum og fleira, þar sem það er lýst óheimilt að hafa undir höndum eða varðveita, veita viðtöku, gefa, afhenda, selja eða verzla með hvers konar lyf og efni, sem ákvæði ópíumlaganna ná til og ólöglega eru flutt inn eða framleidd, og gera skuli upptæka til ríkissjóðs slíka vöru og hagnað af verzlun með hana. Þá er einnig í frv. till. um það, að refsiákvæði laganna verði þyngd, sektir hækkaðar, og ef um stórfelld brot er að ræða, verði viðurlögin fangelsi allt að 6 árum. Þá er þar einnig till. um, að stórfellt brot verði skilgreint þannig, að það sé dreifing á lyfjum þeim og efnum, sem undir lögin falla, til hóps manna eða sala á þeim gegn verulegu gjaldi og eins ef um er að ræða innflutning, útflutning, vörzlu, verzlun, móttöku, afhendingu eða framleiðslu og vinnslu slíkra lyfja og efna í því skyni að selja þau eða dreifa til hóps manna gegn verulegu gjaldi. Ríkisstj. lagði frv. þetta fram á Alþ. fyrir þingfrestun og mælti hæstv. dómsmrh. fyrir því nú fyrir tveim dögum í hv. Ed. Þá hefur rn. fyrir sitt leyti einnig lagt til, að Ísland gerist aðili að alþjóðasamþykkt um meðferð slíkra ávana- og fíknilyfja og efna, sem gerð hefur verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, og er í athugun hjá utanrrn. nánara fyrirkomulag aðildar Íslands að þeirri alþjóðasamþykkt.

Nú hafa verið ræddar þær helztu ráðstafanir, sem gerðar hafa verið á löggjafarsviði, til þess að reyna að hindra útbreiðslu ávana- og fíknilyfja og hliðstæðra efna hér á landi, en jafnframt hefur þegar einnig verið unnið nokkuð á vegum tollgæzluyfirvalda og lögreglu að því að kanna, hvort hér séu í umferð þau ávana- og fíkniefni, sem nú eru mest í tízku í hinum vestræna heimi, og hefur tekizt samvinna milli löggæzlu- og tollgæzluyfirvalda og dómsmrn. og heilbrmrn., landlæknis, saksóknara og fleiri þeirra aðila, sem þarna eiga hlut að máli, um að vinna eftir föngum að því að fylgjast með, hvernig þróun þessara mála er og hvað gera megi til þess að stemma stigu við því, að þessi efni berist til landsins.

Eitt helzta vandamál í sambandi við ólöglegan innflutning á slíkum varningi er það, hversu erfitt er að finna hann í fórum manna,

og m. a. þess vegna hefur utanrrn. leitað til Sameinuðu þjóðanna um að fá sérfræðing í þeim efnum til þess að þjálfa íslenzka tollgæzlu- og löggæzlumenn, en hvort það tekst, liggur ekki enn fyrir. Þá mun varnarliðið einnig hafa látið tollgæzluyfirvöldum á Keflavíkurflugvelli í té tæki, sem á að auðvelda leit að slíkum efnum.

Landlæknir hefur látið í té svo hljóðandi upplýsingar um smásölu ávana- og fíknilyfja:

„Samkvæmt reglugerð nr. 30 frá 16. maí 1966 um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja skulu lyfsalar eða þeir, sem lyf láta í té, eftirrita alla lyfseðla, er hljóða á lyf þau, sem þar eru talin upp og eru um 30 talsins. Eru það lyf, sem eru undir alþjóðaeftirliti, auk annarra ávana- og fíknilyfja. Afritin eru gerð á sérstök eyðublöð, sem landlæknir lætur í té og eru send landlækni reglulega, mánaðarlega frá lyfjabúðum og á 3 mánaða fresti frá héraðslæknum, sem hafa á hendi lyfjasölu. Frá því snemma á árinu 1967 hefur verið unnið úr þessum skýrslum í vélum, og þannig hefur fengist nákvæmt yfirlit yfir notkun þessara lyfja í landinu. Þar kemur fram, hverjir fá þessi lyf, hve mikið og frá hvaða lækni eða læknum. Frá áramótum 1968 og 1969 hefur einnig verð fylgst með notkun sömu lyfja mánaðarlega í Reykjavík og nágrenni, þar sem hún er mest. Ekki mun vera annars staðar, svo vitað sé, fylgst eins vel með útlátum lyfjabúða á þessum lyfjum, og kom það m. a. fram á fundi sem landlæknar Norðurlanda héldu hér í Reykjavík s. l. sumar. Samkvæmt skýrslum þessum getur notkun deyfilyfja í landinu vart talizt mikil, þegar hún er borin saman við notkun þeirra í nágrannalöndunum, og hefur hún ekki aukizt undanfarin 2 ár. Þeir, sem neyta slíkra lyfja, eru að mestu sjúklingar, sem hafa átt við langvinna, þráláta sjúkdóma að stríða, og er ekki um marga einstaklinga að ræða. Notkun örvandi lyfja er nokkru meiri. Orsakir þess mun að einhverju leyti vera að finna í skorti á sjúkrarúmum fyrir fólk, sem haldið er geðrænum kvillum. Nokkuð mun þó vera um notkun örvandi lyfja í sambandi við eða samfara ofnotkun áfengis. Þar er þó einnig um tiltölulega fáa einstaklinga að ræða. Ekki má þó vanmeta það vandamál, sem notkun örvandi lyfja er og getur orðið, og er því full nauðsyn á að hafa strangt eftirlit með innflutningi þeirra í framtíðinni."

Ég vænti þess, að þetta yfirlit fullnægi fsp. hv. fyrirspyrjanda.

Fyrirspyrjandi (Matthías Á. Mathiesen): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans og það, sem hann skýrði frá í sambandi við þetta mál. Þegar fsp. var flutt, þá hafði það frv. ekki séð dagsins ljós hér á Alþ., sem hann gat um, en það kom fram rétt fyrir þingfrestun. Af svörum ráðh. get ég séð, að þessi mál hafa verið í athugun hjá hinu opinbera og ráðstafanir hafa verið gerðar í þá átt, sem nauðsynlegt er að gerðar verði, og ég vonast til þess, að haldið verði áfram að vinna að lausn á þessu vandamáli og rn. og þeir aðilar, sem með þessi mál fara, hafi sem nánast samstarf við fjölmiðlunartækin, því eins og ég gat um áðan er vissulega mikið atriði, með hvaða hætti þau taka einmitt á þessu mikilvæga vandamáli.

19. Nýting landgrunnsins.

Á 21. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt:
Fsp. til utanrrh. um nýtingu landgrunnsins [119. mál, 1] (A. 159).

Á 22. fundi í Sþ., 10. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 51 shlj. atkv.

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Á síðasta Alþ. voru sett lög um yfirráðarétt íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland. Í 1. gr. þeirra laga segir á þá leið, að íslenzka ríkið eigi fullan og óskoraðan yfirráðarétt yfir landgrunni Íslands að því er tekur til rannsókna á auðæfum landgrunnsins og vinnslu og nýtingar þeirra. Öll slík auðæfi eru eign íslenska ríkisins og skulu íslenzk lög gilda í einu og öllu í þessum efnum. Í 3. gr. þessara sömu laga segir einnig, að íslenzka landgrunnið skuli teljast í merkingu þessara laga ná svo langt út frá ströndum landsins sem unnt reynist að nýta auðæfi þess. Landgrunn eyja, sem utan landhelgi liggja, skal markað á sama hátt.

Þessi lög, sem sett voru, eins og ég sagði, á síðasta þingi, eru hin mikilvægustu, og í framhaldi af því, sem ég hef nú rakið um efni þeirra, hef ég leyft mér að beina eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

1. Hvaða upplýsingar liggja fyrir um verðmæt jarðefni, föst eða fljótandi, í hafsbotni íslenzka landgrunnsins?
2. Hafa farið fram eða eru í vændum skipulegar vísindalegar rannsóknir á landgrunninu með könnun auðlinda þess í huga?
3. Hafa íslenzkum stjórnvöldum borizt óskir um það frá erlendum aðilum að fá að kanna, með borunum eða á annan hátt, hvort olíu eða önnur verðmæt jarðefni sé að finna í landgrunninu, sbr. lög nr. 17 frá 1. apríl 1969, er ég vitnaði til í upphafi máls míns?

Utanrrh. (Emil Jónsson): Herra forseti. Á síðustu árum hafa margar þjóðir og þar á meðal flestar nágrannaþjóðir okkar sett lög um nýtingu landgrunnsins og þeirra auðlinda, sem þar kunna að felast. Hins vegar er hverri þjóð talið heimilt samkvæmt þjóðarétti að taka sér yfirráðarétt yfir auðæfum landgrunnsins allt út að 200 m dýptarlínunni eða lengra, ef unnt reynist að vinna auðæfi landgrunnsins á meira dýpi. Hafa ýmis verðmæt efni fundizt í landgrunni nágrannaþjóðanna, gas og olía í nokkrum mæli í landgrunni Noregs og Danmerkur, en mikil slík auðæfi á botni Norðursjávarins, sem mörg ríki eiga tilkall til. Til þess að tryggja hagsmuni Íslands í þessum efnum lét utanrrn. fara fram ítarlega rannsókn á þessum málum á síðasta vetri í rn., og var þar síðan samið lagafrv. um yfirráð íslenzka ríkisins yfir landgrunninu umhverfis Ísland og lagt fyrir síðasta Alþ. Þessu frv. lýsti hv. fyrirspyrjandi og hef ég ekki frekar þar við að bæta. En lagafrv. þetta var samþ. óbreytt sem lög nr. 17 frá 1. apríl 1969.

Enn sem komið er liggja mjög litlar upplýsingar fyrir um, hvaða verðmæt jarðefni finnast í hafsbotni íslenzka landgrunnsins. Vísindarannsóknir hafa nær engar verið framkvæmdar í því efni enn sem komið er, þótt nú sé verið að vinna að heildaráætlun í þeim efnum, eins og vikið skal að síðar. Hins vegar hafa jarðfræðingar talið, að ekki væri útilokað, að verðmæt jarðefni væru þarna finnanleg, svo sem olía, og fyrst og fremst út af Vestfjörðum í eldri jarðlögum. Á korti, sem kunn bandarísk jarðfræðistofnun gaf út í sumar, er talið, að hugsanleg olíusvæði séu m. a. hér við land á milli Íslands og Grænlands, en vegna skorts á vísindarannsóknum til þessa er ekkert hægt að fullyrða í þessum efnum. Utanrrn. hefur hins vegar þótt sjálfsagt, að öll þessi mál yrðu skjótlega tekin til grundvallarathugunar, og var það ein meginástæðan til þess, að rn. undirbjó lagasetningu þá um landgrunnið, sem þar er minnst á. Hefur rn. fyrir nokkru mælst til þess við rannsóknaráð ríkisins, að hafnar yrðu skipulegar og vísindalegar rannsóknir á því, hvað íslenzka landgrunnið kann að geyma. Afleiðing þess er sú, að rannsóknaráð hefur falið ýmsum vísindamönnum okkar að gera till. í þessum efnum. Fer bréf rannsóknaráðs til mín hér á eftir, en þar er frekar skýrt frá verkefnum þeim, sem framundan eru varðandi vísindarannsóknir á íslenzka landgrunninu. Bréfið er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Með tilvísun til fsp., sem beint hefur verið til yðar á Alþ. um rannsóknir á landgrunni Íslands, fara hér á eftir upplýsingar um þær ráðstafanir, sem rannsóknaráð ríkisins hefur þegar gert í þessu sambandi.

Eftir fund með herra deildarstjóra, Gunnari Schram, ákvað framkvæmdanefnd rannsóknaráðs ríkisins að skipa n. sérfræðinga til þess að gera till. um rannsóknarverkefni á landgrunninu, hvernig þau beri að framkvæma og hvenær, ásamt áætlun um kostnað við slíkar rannsóknir og till. um skipulag þeirra. Í n. þessa völdust prófessor Trausti Einarsson jarðeðlisfræðingur, Sveinbjörn Björnsson jarðeðlisfræðingur, dr. Svend Aage Malmberg haffræðingur, dr. Guðmundur Sigvaldason jarðefnafræðingur og dr. Vilhjálmur Lúðvíksson efnafræðingur, sem er ritari n. Til nánari skýringar fylgir hér með ljósrit af bréfi rannsóknaráðs til prófessors Trausta Einarssonar til staðfestingar á því, sem hér er sagt.

Landgrunnsnefndin hefur haldið nokkra fundi og m. a. komizt að þeirri niðurstöðu, að verkefni hennar sé þríþætt:

1. Almenn skilgreining á landgrunni Íslands með tilliti til þeirra alþjóðaákvæða, sem um takmarkanir slíks landgrunns gilda.
2. Almennar athuganir á jarðfræðilegum og jarðeðlisfræðilegum rannsóknarverkefnum á landgrunninu.
3. Söfnun upplýsinga um hugsanlega hagnýtingu landgrunnsins.

Starfsemi n. til þessa hefur einkum beinzt að því að safna margvíslegum gögnum þetta mál varðandi og með tilliti til lagasetningar um takmörkun landgrunnsins. Einnig hefur verið safnað upplýsingum um hagnýt efni, sem á því kunna að finnast. Mun n. gera till. um rannsóknir, sem nauðsynlegar eru, áður en unnt er að fullyrða nokkuð um slíkt. Loks hefur verið safnað upplýsingum um landgrunn og landgrunnsrannsóknir erlendis, sem til leiðbeiningar gætu orðið í þessu starfi. N. gerir ráð fyrir að ljúka störfum með vorinu með grg. til framkvæmdanefndar rannsóknaráðs ríkisins og með till. um þetta efni."

Við þetta má svo bæta því, að nú er unnið að því í utanrrn. að semja ítarlega reglugerð á grundvelli landgrunnslaganna, þar sem segir fyrir um heimildir til vinnslu á landgrunninu, framkvæmd vinnslunnar, vinnsluleyfi, gjöld fyrir þessi vinnsluleyfi, ábyrgð aðila, sem vinnsluna framkvæma o. s. frv. Þegar þessi reglugerð hefur verið samin, og eftir að nauðsynlegum vísindalegum rannsóknum er lokið, má segja, að tímabært sé að hefja tilraunaboranir á landgrunninu og e. t. v. veita erlendum fyrirtækjum heimild til þess.

Fram að þessu hafa nokkrar lauslegar fsp. borizt til utanrrn. í þessum efnum og fyrirspyrjendum verið tjáð það, sem að framan hefur verið sagt. Ekki á þó neitt af stóru olíufélögunum þar hlut að máli.

Þetta er helzt um nýtingu íslenzka landgrunnsins að segja á þessu stigi. Aðeins er hálft ár liðið síðan landgrunnslögin voru sett og ljóst er, að ýmsar rannsóknir verður að framkvæma, áður en unnt er að veita aðilum leyfi til að hefja tilraunavinnslu hér við land. Nauðsynlegt er að fara í þessu máli með fullri gát og undirbúa hvert skref vandlega.

Ég vænti, að þetta séu að dómi hv. fyrirspyrjanda nægileg svör við þessari fsp., sem hér hefur verið lögð fram.

Fyrirspyrjandi (Sigurður Bjarnason): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. utanrrh. fyrir greið og glögg svör við fsp. mín-

um. Ég fagna því mjög, að fyrir frumkvæði hans og hæstv. ríkisstj. hefur nú þegar fyrir milligöngu rannsóknaráðs ríkisins verið skipuð sérstök n. til þess að gera till. um rannsóknarverkefni á landgrunninu. Ég er þess fullviss, að verkefni þessarar n. sé hið mikilvægasta, og vil aðeins leggja áherzlu á, að allt kapp verði á það lagt, að fram fari sem ítarlegastar rannsóknir á auðæfum landgrunnsins, eins og raunar er gert ráð fyrir í lögum þeim, sem ég vitnaði til í upphafi. Hagnýting auðæfa landgrunnsins er aðeins þáttur í baráttu þjóðarinnar fyrir því að hagnýta auðlindir landsins yfirleitt, og þess vegna hljóta þessar vísindalegu rannsóknir, sem fram fara á næstunni, að ráða mjög miklu um það, hvernig þjóðinni tekst að treysta lífsafkomu sína á komandi árum, en allir eru sammála um það, að vísindi og tækni hljóti að ráða miklu þar um. Mér þykja upplýsingarnar, sem ráðh. minntist á og raunar höfðu komið fram áður, um að hugsanlegt sé að olíusvæði kunni að vera á hryggnum milli Vestfjarða og Grænlands, hinar athyglisverðustu, og dreg ekki í efa, að sú rannsókn, sem fer væntanlega fram í þessum efnum, muni jafnvel í upphafi einmitt beinast að því, að kynna sér, hvernig þeim málum sé háttað, hvort þarna kunni að vera olía í hafsbotninum.

Ég endurtek svo þakkir mínar til hæstv. utanrrh. fyrir góð svör við fsp. mínum.

20. Strandsiglingar.

Á 24. fundi í Sþ., 16. des., var útbýtt:
Fsp. til sjútvmrh. um strandsiglingar [128. mál] (A. 180).

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 180 út af strandferðunum og vil fylgja henni úr hlaði með örfáum orðum.

Ég held, að það sé kunnara en svo, að það þurfi að rekja hér í einstökum atriðum, að vissir þættir í þróun vöruflutninga hér á landi hafa tvímælalaust orðið óhagstæðir. Þróunin hefur orðið óheppileg og ég vil segja óhagkvæm þjóðhagslega séð. Ríkið hefur haldið uppi strandferðum, styrkt þær verulega um nokkurra áratuga skeið, og það er nú svo, að það mun víðast vera reynslan, að vöruflutningar með skipum á sjó eða vötnum eru taldir með ódýrustu vöruflutningum, sem völ er á. Nú hefur þróunin verið sú hér um nokkuð langt skeið, að vöruflutningar hafa færst óeðlilega mikið frá þessari útgerð ríkissjóðs og yfir á aðra aðila. Ég skal einungis nefna tvennt í þessu sambandi: Annars vegar það, sem oft hefur mjög viljað við brenna, að aðrir aðilar hafa tekið beztu vörusendingarnar, þær hagkvæmustu, og komið þeim til skila, en strandferðaskipin svo veitt aðra þjónustu, sem minna gaf. Og svo annað hitt, sem nú hefur á síðustu árum færzt mjög í vöxt, að vörur eru fluttar með bílum eftir veiku vegakerfi um miklu lengri vegalengdir heldur en sennilegt er að geti talizt hagkvæmt. Nú er kannske ekki vinsælt að taka upp fast skipulag í þessum efnum, Íslendingar eru yfirleitt ragir við það. Aðrar þjóðir hafa hins vegar talið það nauðsynlegt og gert það. Slíkt skipulag er hægt að framkvæma bæði með beinum og óbeinum aðgerðum. 1. liður fsp. er varðandi þetta efni, og er á þessa leið: „Hefur ríkisstj. undirbúið till. um skipulagningu vöruflutninga á sjó og landi á langleiðum innanlands?"

Það er raunar eins með annan liðinn. Það á ekki að þurfa að skýra hann með mörgum orðum, þó auðvitað sé það misjafnt, hvað menn hafa kynnzt því náið, bæði hv. þm. og aðrir, þ. e. a. s. þeim gífurlegu erfiðleikum, sem hafa verið um langt skeið á afgreiðslu á vörum hjá Skipaútgerð ríkisins, alveg sérstaklega hér í Reykjavík, en þó sjálfsagt líka á fleiri stöðum á landinu. Nú er búið að hleypa af stokkunum nýju skipi, sem allir fagna. Það er vafalaust ágætt skip, og það er bæði tiltölulega hraðskreitt og hefur mikla flutningsgetu miðað við eldri skip og hefur nýja tækni við lestun og losun. En það er alveg gefið, að ef þetta skip og það, sem nú er í smíðum, ef þau eiga að notast fyllilega, þá verður að gera úrbætur varðandi aðstöðuna í landinu. Það verður alveg óhjákvæmilegt. Það er nokkuð langt síðan farið var að ráðgera þessar aðgerðir hjá Skipaútgerðinni, en af því hefur ekki orðið enn og maður hefur ekki heyrt neitt um það, hvað í bígerð er í þessu efni á hærri stöðum. Ég er satt að segja hræddur um, að þetta hafi ekki verið athugað nægilega og ekki séu í undirbúningi neinar aðgerðir, þó maður voni hins vegar, að þegar sé farið að vinna að þessum málum. En það væri alveg fráleitt, ef ætti að spilla árangri af jafnágætri framkvæmd og smíði strandferðaskipanna nýju með því að láta það undir höfuð leggjast að gera úrbætur á þessu sviði.

Annar liður fsp. er þannig: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu til vöruafgreiðslu hjá Skipaútgerð ríkisins, svo að tæknibúnaður og aukin afkastageta nýju strandferðaskipanna komi að fullum notum?"

Í 3. lið er svo vikið að farþegaflutningum á sjó. Esja hefur nú nýlega verið kvödd og vissulega með söknuði af þeim, sem notið hafa þjónustu hennar í 30 ár. Hún hefur verið happafleyta og má kannske segja, að skipið hafi verið bæði traust og stolt fólksins á ströndinni að vissu leyti. Hekla hafði áður verið seld, en báð-

ar voru farþegaskip eins og þau þóttu bezt henta á þeim tíma, þegar þessi skip voru byggð. Það hefur ekkert heyrzt heldur um neinar fyrirætlanir varðandi þetta atriði, flutning farþega á sjó. En á þessu máli eru tvær hliðar: Annars vegar þjónusta við landsmenn og þá einkum á veturna, þegar vegir teppast og erfiðara er um samgöngur á landi, og svo þjónustan við erlenda og innlenda ferðalanga. Það er vitað mál, að sumarferðir gömlu skipanna voru ákaflega vinsælar og mikið notaðar, og manni finnst það mjög ósennilegt, að nú, þegar ferðamannastraumur er vaxandi og það er talið mikið atriði að örva hann, þá sé skynsamlegt að kippa þessari þjónustu við ferðamenn alveg burtu. Þessi atriði öll hafa nokkuð verið gagnrýnd opinberlega, m. a. af minni hálfu. En það hefur ekki heyrzt neitt frá opinberum aðilum um það, hvað fyrirhugað sé í þessu efni, og þess vegna er þessi liður fsp. fram borinn, en hann er á þessa leið:

„Hvað ætlast ríkisstj. fyrir varðandi farþegaflutninga með ströndum fram: a) vegna sumarferða innlendra og erlendra ferðalanga, b) til þjónustu við þær strandbyggðir, sem erfiðasta sókn eiga til flugvalla á vetrum?“

Ég hef ekki þessi orð fleiri, en bíð svara hæstv. ráðh.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég verð að viðurkenna, að ég hef ekki sett mig nógu vel inn í þessi mál enn sem komið er, enda stutt síðan ég tók við þeim. Ég vil eigi að síður leitast við að gefa nokkur svör við þeim fsp., sem hér hafa verið fram bornar. Og þá er það 1. fsp.:

„Hefur ríkisstj. undirbúið till. um skipulagningu vöruflutninga á sjó og landi á langleiðum innanlands?“

Þar er þá því til að svara, að stjórnarnefnd Skipaútgerðarinnar hefur hugsað sér, þegar bæði nýju vöruflutningaskipin eru komin, að þau gangi mest í hringferðum. Þá fá allar hafnir hálfsmánaðarlega ferð úr sömu átt og vikulega viðkomu sína úr hverri átt. Þannig er komið skipulag á vöruflutninga og fólksflutninga að nokkru leyti með ströndum fram og breytt og bætt þjónusta frá því, sem verið hefur um sinn. Skipulag vöruflutninga á landi, á langleiðum innanlands, er í athugun, og verður hægt að greina nánar frá því síðar, hver niðurstaðan verður af því.

2. liður fsp.: „Hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að bæta aðstöðu til vöruafgreiðslu hjá Skipaútgerð ríkisins, svo að tæknibúnaður og aukin afkastageta nýju strandferðaskipanna komi að fullum notum?“

Í sambandi við þetta má rifja upp, að á fjárl. á árunum 1966 og 1967 var gert ráð fyrir heimild til greiðslu á allt að 15 millj. kr. til þess að bæta húsakost, aðstöðu og tæknibúnað við afgreiðslu strandferðaskipa ríkisins, og var verkfræðifirmanu Hönnun, Reykjavík, í þessu sambandi, samkv. ábendingu hafnarstjórans í Reykjavík, falið að gera könnun á hugsanlegum endurbótum á húsakosti og aðstöðu strandferðaþjónustunnar í Reykjavík á þeim forsendum, að Grófarbryggja yrði áfram aðalafgreiðslustaður umræddra skipa. Var athugun Hönnunar um bættan húsakost og aðstöðu nálægt Grófarbryggju miðuð við kaup á vöruhúsi SÍS og án þess, og voru samdar álitsgerðir um þetta í tvennu lagi á tímabilinu febrúar—apríl 1967. Í júlí 1969 var þetta mál tekið upp að nýju við rn. á þeim grundvelli, að til greina gæti komið að byggja upp aðstöðu fyrir strandferðaskipin á fleiri stöðum en við Grófarbryggjusvæðið, svo sem í Örfirisey eða við Sundahöfn, og var í samráði við rn. ákveðið að fela Efnahagsstofnuninni að gera nánari athugun á málinu. Það er enginn vafi á því, að það er þörf á að bæta aðstöðuna við vöruafgreiðsluna, bæði útskipun og uppskipun, til þess að þau nýju tæki nýtist, sem nýju strandferðaskipin hafa. Það gæti flýtt mikið fyrir útskipun og uppskipun, það gæti sparað vinnulaun og það gæti gert allan reksturinn hagkvæmari. En eins og hér hefur verið sagt, er þetta mál enn í athugun, og á árunum 1966—1967 var heimilað að verja fjármagni til þessara hluta.

Þá er það 3. spurningin: „Hvað ætlast ríkisstj. fyrir varðandi farþegaflutninga með ströndum fram: a) vegna sumarferða innlendra og erlendra ferðalanga, b) til þjónustu við þær strandbyggðir, sem erfiðasta sókn eiga til flugvalla á vetrum?“

Með þessum nýju strandferðaskipum er gert ráð fyrir, að pláss verði fyrir 12 farþega, og auk þess gæti verið svefnpláss fyrir 6 farþega í viðbót, þannig að oft mun þetta nægja, en reynslan sker úr því, hvort þetta farþegapláss verður nægilegt á veturna. Og þegar við spyrjum að því, hvort þetta sé nægilegt, þá verður að hafa það í huga, að tímarnir eru breyttir, samgöngur hafa batnað, fólk ferðast nú allt öðruvísi en það gerði, þegar gamla Esja var byggð eða þegar Heklurnar voru byggðar. Þá voru ekki flugferðir til flestra staða á landinu, og þá voru vegasamgöngur allt aðrar og verri en þær eru nú. En það er rétt að minna á það vegna sumarferða innanlands, innlendra og erlendra ferðalanga, að það er ekki hægt að reka dýr skip vegna þriggja mánaða árlegrar nýtingar í þágu erlendra ferðamanna. Það verður allt of dýrt. En það er hugsanlegt, að það væri möguleiki fyrir Skipaútgerð ríkisins að leigja skip yfir þennan tíma, ef það þætti að athuguðu máli æskilegt og eðlilegt að halda uppi hringferðum í kringum landið, til þess að útlendir ferðamenn gætu kynnt sér fegurð lands okkar. En að eiga skip allt árið og reka það með þeirri nýtingu, sem fæst, þar sem þarf að hafa 42 manna áhöfn, eins og var á Esju, þá verður vitanlega alltaf hallarekstur á því. Og það er rétt að vekja athygli á því, að það liggur fyrir samgönguáætlun, sem danska verkfræðifirmað Kampsax gerði um samgöngur á Íslandi, samgöngur með ströndum fram, á landi og í lofti. Samkvæmt þessari áætlun kemur fram, að farþegatala hefur alls staðar minnkað með skipum Skipaútgerðarinn-

ar á árunum 1960–1967, nema til Vestmannaeyja á þeim árum, sem farþegarými er nóg. Samdrátturinn nemur alls staðar yfir 50% og yfir 75%, en að meðaltali 60%. Þetta eru þær rauntölur, sem liggja fyrir og eru eðlilegar, þegar tekið er tillit til þeirra breytinga, sem orðið hafa í samgöngumálum þjóðarinnar undanfarin ár.

Ég veit ekki, hvort hv. fyrirspyrjanda finnast þessi svör nægjanleg. En það væri eðlilegt, að þá mætti gefa þau fyllri eða betri, eftir að ég hef haft tækifæri til að kynna mér betur þessi mál, sem sjálfsagt er að athuga til hlítar og reyna að gera sér grein fyrir því, hvað bezt má verða til úrlausnar.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svör hans. Ég held, að þau verði að teljast allgreinargóð, a. m. k. ef miðað er við starfstíma hans í þessu ráðherraembætti.

Mér þykir vænt um að heyra það, að þessir liðir allir eru í einhverri athugun. Það er enginn vafi á því, að hvað skipakost snertir verður nú stórkostleg breyting á aðstöðunni, alveg sérstaklega þegar nýju skipin eru komin bæði og geta siglt hvort á móti öðru og verið þannig í stöðugum hringferðum. Ráðh. gat þess, að það væri einnig í athugun að skipuleggja vöruflutninga á landi, og það er gott til þess að vita, að það er einnig skoðað. En mér þykir það mjög sennilegt, að til viðbótar því að fá endurbættan skipakost og betri afgreiðsluskilyrði í höfnum, þá kunni að vera nauðsynlegt að gera ýmsar aðrar ráðstafanir til þess að beina vöruflutningunum í enn ríkari mæli yfir á skipin, m. a. í gegnum hagræðingu á flutningatöxtum, hafnargjöldum og ýmsu fleiru. Eins og ég sagði áðan, þegar ég mælti fyrir fsp., þá getur það varla verið nokkrum vafa undirorpið, að það er okkur hagfellt, að sem allra mest af a. m. k. þungavöruflutningunum fari fram á sjó, eins og hér er allt í pottinn búið, vegalengdir á landi víða mjög langar, vegakerfi ákaflega veikt, veðráttan eins og hún er, vegirnir oft og tíðum illfærir vegna hennar, og eins það, að við verðum alltaf að halda uppi slíkri þjónustu með strandsiglingum, vegna þess að á vetrum lokast leiðir og þá er ekki hægt að flytja á landi. Þess vegna verður að stuðla að því, að strandferðaþjónustan fái verkefni, ekki einungis á þeim tíma, þegar aðrir geta ekki sinnt þeim, heldur á öllum árstímum.

Þá virðist einnig vera í athugun, eins og raunar gat nú varla annað verið, aðstaðan hérna við höfnina og kannske víðar um land. Maður hlýtur að harma það, hversu seint þetta hefur gengið, því að það hefur áreiðanlega hjálpað til þess að draga flutninga frá Skipaútgerðinni, hversu þessi aðstaða hefur verið bágborin. Ég hef sjálfur, — og ég hef víst einhvern tíma getið um það hér, þegar ég hef rætt þessi mál, — margsinnis orðið var við það, þegar ég hef beðið um að senda vörur austur á firði, að þá er sagt: Er ekki hægt að senda þetta heldur með bílum, því það er svo erfitt að koma frá sér vörusendingum hjá Ríkisskip og við getum þurft að bíða þar svo lengi. Það er ekki strax búið að vinna þetta upp, og er illt til þess að vita, hvað dregizt hefur að gera eitthvað til úrbóta í þessum efnum. En maður vonar, að senn verði undinn bráður bugur að því. Það verður enn meira ósamræmi í því að hafa aðstöðuna í landi svona, þegar nýju skipin eru komin til sögunnar með sína tækni.

Þá vil ég aðeins minnast á farþegaflutningana. Hæstv. ráðh. sagði, að nú fengjust á nýju skipunum 12 farþegapláss og 6 í viðlögum. Þetta er vafalaust alveg rétt. „Breiðirnar" hafa verið með 12 farþega, en ekki meira, því að salir hafa verið þar ákaflega þröngir, og þetta er auðvitað afskaplega takmarkað. Það þarf ekki annað en t. d. það, sem gerðist um daginn, þegar ég tók mér far með Herðubreið á milli fjarða, þá voru nokkrir sjómenn að færa sig á milli staða, ekki einu sinni heil skipshöfn, og svo nokkrir farþegar aðrir. Og þá var þetta allt yfirfullt og menn skiptust á um að tylla sér niður, meðan þeir voru að súpa kaffið. En þetta er auðvitað töluverð úrbót samt, því að þarna verða miklu rýmri salir, þó að ekki séu fleiri kojur, og auk þess verða skipin miklu fljótari í förum og koma þess vegna að betri notum. En þó er það svo, að það er ekki hægt að tala um neina verulega farþegaflutninga með þessum skipum, t. d. á milli landshluta, og ég held, að það sé óhjákvæmilegt að skoða þessa hlið mála nokkru nánar.

Það má vel vera, að það megi leysa úr ferðamannaþörfinni með leiguskipi. Mér finnst það þó heldur óbjörgulegt hjá okkur Íslendingum að taka leiguskip til þessara nota og a. m. k. nauðsynlegt að kanna það fyrst, eftir því sem mögulegt er, hvort ekki er hægt að finna verkefni fyrir íslenzk skip, jafnvel þó að þau væru ekki eingöngu bundin við ströndina, heldur líka að einhverju leyti í utanlandsferðum. Ég vil leggja áherzlu á það, að þær eru ekki eingöngu fyrir erlenda ferðalanga, þessar ferðir, því að þær hafa líka verið afar vinsælar af Íslendingum. Það er áreiðanlega dálítið atriði fyrir okkur líka að stuðla að því, að sem flestir Íslendingar noti sumarleyfi sitt til innanlandsferða fremur eða jafnframt því að aðrir fara úr landi.

Ég hef náttúrlega ekki haft neina aðstöðu til þess að gera neina rekstraráætlun um rekstur farþegaskips, en út af þeim tölum, sem hæstv. ráðh. gat um áðan að hefðu komið fram við athugun um minnkandi farþegafjölda með gömlu skipunum, þá vil ég aðeins leyfa mér að vekja athygli á því, að Esja og Hekla voru byggðar með vöruflutninga í huga jafnframt, og það er ekki hægt að ráða af þessum tölum, hvað kynni að verða flutt af fólki með nýjum farþegaskipum. Þessi skip hafa verið með það mikla vöruflutninga, að á sumum fjörðum hafa þau þurft að stanza marga klukkutíma. Það er náttúrlega ekki sambærilegt.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri. Tími minn er búinn. En ég vil aðeins segja það að lokum, að ég tel nauðsynlegt og enda sjálfsagt,

að þetta verði skoðað nánar og reynt að gera sér sem allra gleggsta grein fyrir, hvort ekki er hugsanlegt að ráðast í skipakaup eða skipabyggingar vegna farþegaflutninga með ströndum fram.

21. Flutningar frá Reykjavíkurhöfn um veg til álversins.

Á deildafundum 13. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um flutninga frá Reykjavíkurhöfn um veg til álversins [141. mál, 2] (A. 224).

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 224 að beina svo hljóðandi fsp. til samgmrh.: „Hve mikið magn af vörum hefur verið flutt frá Reykjavíkurhöfn um veg til Straumsvíkur frá 1. ágúst til 31. desember 1969 á vegum álversins? Hve miklu magni af vörum var landað á sama tíma í Straumsvíkurhöfn og einnig í Hafnarfjarðarhöfn á vegum álversins? Hvað borgar Eimskipafélag Íslands h.f. í vegasjóð af þessum flutningum frá Reykjavíkurhöfn til Straumsvíkur?"

Tilefni þessarar fsp. er einfaldlega það, að það vakti athygli mína sem Kópavogsbúa og margra annarra, sem áttu leið um þessa fjölförnustu samgönguleið landsins, að æ ofan í æ fóru þungir vöruflutningavagnar með sennilega 10—15 tonn í einu um þessa leið nú í skammdeginu, og eðlilega gekk umferð mjög stirðlega vegna þessa. Stundum voru tugir bíla á eftir þessum vögnum. Hins vegar sýndu bílstjórar þessara vagna mikla lipurð og óku til hliðar og hleyptu bílum fram hjá, en þar á móti skapaðist aukin slysahætta, þegar fólksbílar og aðrir vöruflutningabílar voru að reyna að troða sér fram hjá og umferðin var raunverulega þreföld á þessum mjóa vegi. Eins hefur vaknað löngun hjá mér að vita, hvort Straumsvíkurhöfn væri nokkuð verri til notkunar. Það kann að vera, að hún sé ekki komin á eðlilegt athafnastig, eða er hún enn á því stigi, að ekki sé hægt að nota hana með sama árangri og Reykjavíkurhöfn? Síðast, en ekki sízt, mætti í þessu sambandi vekja athygli á því, að ég veit ekki betur en að í samningum um álverið sé tekið fram, að álverið sé vörugjaldsfritt af sínum vörum til og frá. Og þá vaknar spurningin um það, hver borgar vörugjöld hér í Reykjavík, eða gefur Reykjavíkurhöfn þessi vörugjöld eftir eða tekur Eimskip á sig kvöðina?

Nú geta verið ágæt rök fyrir því af hendi Eimskipafélagsins að koma með skip sín hingað, þó að vörur séu til álversins. Það mun sennilega koma í ljós í svarinu. Ég var ekki svo nákvæmur í fsp., að það væri ástæða til að telja það upp. En séu vörurnar sáralítill hluti í hverjum farmi, er auðvitað eðlilegt að nýta legutíma skipanna sem bezt, og ef þannig stæði af sér gætu verið góð rök fyrir því að skipa upp í Reykjavík og flytja um veg til Straumsvíkur. En án skýringa finnst manni þetta nokkuð undarlega að hlutunum staðið og ég skal ekki spá í það fyrir fram, um hve mikið magn er hér að ræða, en það kæmi mér ekki á óvart, þó að hér væri orðið um nokkur þúsund tonn að ræða, sem um land hafa farið. Þess vegna bar ég þessa fsp. fram.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. 1. liður fsp.: „Hve mikið magn af vörum hefur verið flutt frá Reykjavíkurhöfn um veg til Straumsvíkur frá 1. ágúst til 31. desember 1969 á vegum álversins?"

Ég man ekki, hvenær Straumsvíkurhöfn var afhent formlega, ég held, að það hafi verið í nóvember eða jafnvel í desember, en það var byrjað að nota hana fyrr. Það gæti verið, að það hafi farið eitthvað meira fram hjá höfninni, á meðan hún var ekki fullgerð og ekki var búið að afhenda hana. Ég vil aðeins minna á það. En ég geri ráð fyrir því, að a. m. k. nú eftir að höfnin er fullgerð, án þess að ég hafi spurt Eimskipafélagið að því, að vöruflutningar til álversins séu skráðir cif. Straumsvík. Ég geri ráð fyrir því, en ég hef ekki spurt um það. En það er vitanlega mikið atriði fyrir Eimskipafélagið að fá þessa flutninga.

Sem svar við þessum 1. lið vil ég segja það, að samkv. upplýsingum Eimskipafélagsins nemur þetta magn 6 739 tonnum, og þetta er náttúrlega mikið magn að flytja landleiðis frá Reykjavík til Straumsvíkur. Ég er fyrirspyrjanda alveg sammála um það, að mér finnst það ekki heppileg þróun og það er eðlilegt, að þeim, sem fara eftir Hafnarfjarðar- eða Kópavogsveginum kannske tvisvar eða þrisvar á dag, finnist það ekkert þægilegt að hafa þessa stóru vöruflutningavagna á veginum. En ég held, að þetta hljóti að breytast, eftir að Straumsvíkurhöfn er orðin fullgerð.

2. liður: „Hve miklu magni af vörum var landað á sama tíma í Straumsvíkurhöfn og einnig í Hafnarfjarðarhöfn á vegum álversins?"

Samkv. upplýsingum hafnarstjórans í Hafnarfirði, en Straumsvíkurhöfn er hluti af Hafnarfjarðarhöfn, hefur eftirgreindu magni verið landað í Straumsvík og Hafnarfirði á tímabilinu frá 1. ágúst til 31. desember 1969: Hafnarfjarðarhöfn 494 tonn, Straumsvíkurhöfn 26 881 tonn eða samtals 27 375 tonn.

3. liður: „Hvað borgar Eimskipafélag Íslands

h.f. í vegasjóð af þessum flutningum frá Reykjavíkurhöfn til Straumsvíkur?"

Gjöld í vegasjóð vegna flutnings með vörubifreiðum frá Reykjavík til Straumsvíkur á flutningi vegna álversins greiðast samkv. vegalögum þannig:

a. Af dísilbifreiðum kr. 14.500.00 á ári fyrir bifreiðar að eigin þunga allt að 2000 kg og til viðbótar 500 kr. á ári fyrir hver 100 kg af eigin þyngd umfram 2000 kg.

b. Af vörubifreiðum með benzínhreyfli greiðast árlega kr. 72 pr. 100 kg miðað við eigin þunga bifreiðarinnar. Vegagjald af benzínbifreiðum er einnig innheimt sem hluti af benzínverði samkv. vegalögum, 5.67 kr. pr. lítra.

Flutningur á varningi til Straumsvíkur um Reykjavíkurhöfn hefur farið fram að nokkru leyti með eigin vörubifreiðum Eimskipafélagsins og að verulegu leyti með vörubifreiðum, sem teknar eru á leigu hjá vörubifreiðastöðvum. Greiðsla á vegaskatti fyrir þær bifreiðar, sem teknar eru á leigu, er innifalin í leigugjaldinu, sem Eimskipafélagið hefur greitt viðkomandi aðilum fyrir þá þjónustu, sem þeir hafa selt félaginu í þessu sambandi. Ókleift virðist með öllu að tilgreina sérstaklega fjárhæð þá, sem félagið á þennan hátt greiðir í vegasjóð vegna þessa sérstaka aksturs, bæði með föstu árgjaldi á hverja bifreið á ári og innifalið í benzínverðinu.

Ég vona, að þessi svör þyki eftir atvikum fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Út af fyrir sig eru þau í samræmi við spurninguna, því að ég var ekki að biðja um sundurliðum á vöruflokkum. Þegar sagt er, að það séu rúm 26 þús. tonn, sem hefur verið landað í Straumsvík, þá held ég, að hljóti að vera þar innifalinn verulegur hluti af súráli, og það vita náttúrlega allir, sem þekkja, hvernig þetta gengur fyrir sig, að súráli verður ekki landað annars staðar. Sé það t. d. 15—20 þús. tonn, þá hefur sáralitlu magni af öðrum vörum verið landað í Straumsvík, en farið mest um Reykjavíkurhöfn. Ég bað ekki um neina sérstaka sundurliðun. En ég vil bara vekja athygli á því, að það er mjög mikill eðlismunur á því, hvaða vörur er hér um að ræða. Hafnarfjarðarhöfn hefur fengið tæp 500 tonn, og sýnir það, að Eimskip hefur notað þá höfn mjög lítið. En eins og ég sagði, geta verið ýmis rök fyrir því að nota hér Reykjavíkurhöfn fremur en Hafnarfjarðarhöfn. Það getur verið atvinnuspursmál, það getur verið tekjuspursmál fyrir Reykjavíkurhöfn bókstaflega, sem þarf á miklum tekjum að halda, og ýmis önnur atriði. En því er ekki heldur svarað, sem er mjög mikilvægt atriði, hver ber vörugjöldin. Á hvaða herðar leggjast vörugjöldin? Ég trúi því ekki, að ÍSAL gefi neitt eftir af sínum samningi í því efni. Fsp. mín var ekki um það atriði beint, en það væri fróðlegt að vita þetta, ef það væri hægt að upplýsa það svona fyrirvaralaust.

Ég hefði kannske átt að vekja athygli hæstv. ráðh. á því, að það eru aðrir flutningar líka, sem tíðkast mjög um þessa þröngu samgönguæð, og það eru benzínflutningar með stórum tengivögnum. En þeir benzínflutningar eru í einu um 16—18 tonn af flugvélabenzíni, og ég hef orðið þess var, að hvorki lögregla né slökkvilið fylgja þessum bílum í gegnum umferðina. Yrði nú slys með 18 tonna flugvélabenzíni hér á Kópavogshálsi eða í Garðahverfinu, þá sjá allir, hvílík hætta er hér sköpuð, og það er að minni hyggju og margra annarra mjög hæpið, að þessir flutningar geti farið fram í svo stórum stíl sem raun ber vitni um á þessari umferðaræð.

Að öðru leyti þakka ég hæstv. ráðh. fyrir þau svör, sem hann gaf. Þau fullnægðu raunverulega fsp., en það hefði e. t. v. verið fróðlegt að fá sundurliðun á vöruflokkum.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Sundurliðunina hef ég hérna, og það er sjálfsagt, úr því að um það er spurt nú, að það komi alveg fram, en af því að það var ekki spurt um það áður las ég bara töluna í einu lagi.

Í Straumsvíkurhöfn hefur verið flutt af áli 1768 tonn og súráli 22 600 tonn, gas 159 tonn, byggingarefni 2354 tonn. Það er ekki heldur spurt að því hér í fsp., sem er á þskj. 224, hver borgi vörugjöldin. En ég býst nú satt að segja við því, að Eimskip innheimti vörugjöldin. Þeir eru ekki vanir að gefa eftir. Ég reikna með því. En ég spurði ekki um þetta, vegna þess að fsp. gaf ekki tilefni til þess.

Svo er ég að lokum alveg sammála fyrirspyrjanda um það, að mér finnst ekki heppilegt, að þessir stóru benzínbílar séu á ferðinni á Kópavogshálsi eða á þessum þröngu leiðum í gegnum þéttbýlið. Og ég teldi það mjög æskilegt, ef það væri hægt að komast hjá því eftirleiðis, og ég held, að með nokkrum fyrirvara hljóti að vera hægt að fyrirbyggja það.

22. Bygging bókhlöðu.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um byggingu bókhlöðu [101. mál, 1] (A. 119).

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 18., 30. og 31. fundi í Sþ., 3. des., 14. og 21. jan., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Liðið er nokkuð á annan áratug síðan Alþ. samþykkti einróma stefnuyfirlýsingu, þar sem ákveðið var að sameina hin vísindalegu bókasöfn Íslendinga, Landsbókasafn og Háskólabókasafn. Fyrir þessari stefnu voru færð mjög veigamikil rök, sem ég sé ekki ástæðu til þess að rifja upp, enda veit ég ekki til þess, að þau hafi verið vefengd af neinum. En þótt þessi stefnuákvörðun væri tekin, var henni ekki fylgt eftir með athöfnum í mörg, mörg ár. Það var ekki fyrr en á þinginu haustið 1967, að þetta mál var tekið til umr. á nýjan leik, og þá náðist um það einróma samkomulag að taka í fyrsta skipti inn á fjárlög fjárveitingu til framkvæmda í þessu skyni. Þessi fjárveiting var að vísu ekki há, þetta var ½ millj. kr., en hún hefur staðið í fjárlögum síðan, og í þessari ákvörðun fólst það í raun og veru, að Alþingi var að ákveða að hefja athafnir. Mér er einnig kunnugt um það, að þessar fjárveitingar hafa leitt til þess, að unnin hafa verið ýmis undirbúningsverk. T. d. komu hingað á síðasta ári tveir erlendir sérfræðingar á vegum UNESCO og könnuðu aðstæður hér og áttu að leggja okkur góð ráð, og væri fróðlegt, ef hæstv. menntmrh. gæti eitthvað greint frá niðurstöðum þeirra. Jafnframt hafa síðustu árin orðið miklar umr. innan þings og utan um þetta stórmál, og það hefur tengzt hugmyndinni um, að Íslendingar geri eitthvað til hátíðabrigða á 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Hafa margir orðið til þess að benda á það, að þetta verkefni væri einna nærtækast af stórum verkefnum, sem hægt væri að ráðast í af þessu tilefni. Þetta mál var rætt í þjóðhátíðarnefnd, sem skipuð var að tilhlutan Alþingis til þess að gera till. um það, hvað Íslendingar ættu að gera til að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar. Og 7. febr. 1968 var svo hljóðandi till. samþ. einróma í þjóðhátíðarnefnd, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðhátíðarnefnd lýsir yfir því, að hún telur eðlilegt og sjálfsagt, að þjóðin byggi sér þjóðarbókhlöðu á 1100 ára afmæli byggðar landsins og að bókasafnshúsið verði stærsta gjöfin, sem þjóðin færi sjálfri sér á afmælinu."

Þetta var sem sé einróma till. þjóðhátíðarnefndar, og þessi till. mun hafa verið send hæstv. ríkisstj. fljótlega, eftir að hún var samþ., eða fyrir um það bil tveimur árum. Ég veit ekki betur en um þetta mál hafi einnig verið haft samráð við alla þingflokka, og ég hygg, að þessi hugmynd hafi hvarvetna fengið hinar beztu undirtektir. Hins vegar er það augljóst mál, að eigi þessi hugmynd að verða að veruleika og einhver umtalsverður áfangi þjóðarbókhlöðu eigi að verða tilbúinn 1974, þá veitir sannarlega ekki af að fara að taka formlega ákvörðun um þessa framkvæmd, og ég fæ ekki séð, ef að þessu á að stefna, að við komumst hjá því, að þessi ákvörðun verði tekin nú á þessu þingi. Þess vegna vildi ég einnig beina þeirri fsp. til hæstv. menntmrh., hvort þess megi ekki vænta, að hæstv. ríkisstj. hafi forustu um það, að þetta mál verði tekið til ákvörðunar á þessu þingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í fjárlögum 1968 er gert ráð fyrir 1½ millj. kr. til byggingarsjóðs safnahúss, í fjárl. 1969 eru veittar 500 þús. kr. til sjóðsins og í fjárl. fyrir árið 1970 eru veittar 500 þús. kr. til sjóðsins, þannig að samtals hafa verið veittar 2.5 millj. kr. til byggingarsjóðs safnahúss.

Fengnir hafa verið tveir erlendir sérfræðingar á vegum Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, UNESCO, til ráðuneytis varðandi bygginguna, og dvöldust þeir hér á landi 23.—30. okt. 1969 og áttu þá ítarlegar viðræður við landsbókavörð og háskólabókavörð og aðstoðarmenn þeirra og enn fremur við háskólarektor og húsameistara ríkisins. Þessir sérfræðingar eru dr. Harald L. Tveterås, ríkisbókavörður í Noregi, og Englendingurinn Edward J. Carter, en hann er arkitekt og bókavörður.

Ýmiss viðbúnaður hefur verið hafður að undanförnu vegna hugmyndarinnar um byggingu bókasafnshúss við Birkimel, er leysi til verulegrar frambúðar húsnæðisvandamál Landsbókasafns og Háskólabókasafns og stuðli jafnframt að því, að þessum söfnum verði steypt saman í eina heild, að svo miklu leyti sem auðið er og hyggilegt telst. En um sameiningu safnanna hefur verið fjallað á undanförnum árum, og markaði Alþingi stefnu í því máli með samþykkt þáltill. 29. maí 1957, eins og fram kom í ræðu hv. fyrirspyrjanda.

Hinir áðurnefndu erlendu sérfræðingar hafa gert skýrslu um verkefni sitt, og telur húsameistari ríkisins, að í húsi þeirrar tegundar, sem þar ræðir um, kosti hver rúmmetri 5000 kr., miðað við byggingarverð síðustu missira. Hússtærðin er ráðgerð 25 þús. rúmmetrar, en gólffléturinn áætlaður 7625 fermetrar. Húsbúnaður er ekki innifalinn í þessum áætlunum. Byggingarkostnaður er ráðgerður um 150 millj. kr., þar af 125 millj. kr. í byggingarkostnað og 25 millj. kr. vegna húsbúnaðar.

Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda, var af hálfu n. þeirrar, sem skipuð var til að gera till. um ráðstafanir í sambandi við 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar, gerð till. um að reisa fyrirhugaða bókasafnsbyggingu við Birkimel og ljúka henni fyrir þjóðhátíðina 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli byggðar landsins. Engar endanlegar ákvarðanir hafa þó verið teknar um þetta. Ef Alþ. og ríkisstj. telja sér fært að ráðast í slíka byggingu og farið yrði eftir till. þjóðhátíðarnefndar að reisa hana í minningu 11 alda afmælis Íslandsbyggðar, yrði árlegur byggingarkostnaður 37½ millj. kr. árin 1971—1974.

Í skýrslu hinna erlendu sérfræðinga, Tveterås og Carters, er tekið fram, að Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna sé reiðubúin að senda þessa tvo sérfræðinga í annað sinn til Íslands vorið 1970 til frekari ráðagerða, eða eins og komizt er að orði í skýrslu þeirra:

„Verði fallizt á þessa kostnaðaráætlun og samþykki ríkisstj. og Alþ., að ráðizt verði í verkið, ætti arkitekt að geta verið kominn á nokkurn rekspöl orið 1970, þegar við samkv. tillögu UNESCO kæmum öðru sinni til Íslands til þess að kynna okkur og grandskoða þau drög, sem fyrir lægju, svo að unnt yrði í framhaldi af því að ganga frá fullnaðarteikningu og síðan reisa húsið, þannig að það yrði komið upp árið 1974, á 11 alda afmæli Íslandsbyggðar."

Það fé, sem áður var nefnt að veitt hefði verið til byggingarsjóðs safnahúss, gerir mögulegt að hefjast handa um undirbúning byggingarinnar, þ. e. a. s. gerð teikninga og annan slíkan undirbúning. En hér er um mikið vandaverk að ræða og þarf að njóta aðstoðar færustu sérfræðinga, til þess að bókhlaðan svari til þeirra krafna, sem gerðar eru til slíkra bygginga nú á tímum. Landsbókavörður og háskólabókavörður hafa starfað mikið ásamt aðstoðarmönnum sínum að undirbúningi nýrrar bókasafnsbyggingar, og á s. l. hausti fóru þeir báðir utan til þess að kynna sér nýjar bókasafnsbyggingar, og sátu þeir þá í Finnlandi fund norrænna bókavarða, þar sem sérstaklega var rætt um rannsóknarbókasafnsbyggingar og skipulag þeirra.

Þetta hygg ég vera það helzta, sem um málið er að segja á þessu stigi, auk þess sem alkunnugt er, að hin mesta þörf er á að leysa húsnæðisvandamál bókasafnanna, starfsaðstöðu þeirra, sem þar vinna, bæði starfsmanna safnanna sjálfra og þá ekki síður viðskiptavinanna.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir fróðleg svör. Mér þykir þó rétt að leiðrétta smáatriði, sem ranghermt var í ræðu hans. Hann sagði, að á fjárl. ársins 1968 hefði verið veitt 1½ millj. til þjóðarbókhlöðu. Þetta stóð til og var upphaflega ákveðið, en síðan kom sparnaðarfrv. mikla, eins og hæstv. ráðh. man vafalaust eftir, og einn þeirra þátta, sem varð fyrir sparnaðarhnífnum, var framlagið til þessara framkvæmda, og raunar var lagt til upphaflega að þetta framlag félli algerlega niður. En í umr. hér á þingi var þess farið á leit við hæstv. fjmrh., að hann féllist á að taka inn þótt ekki væri nema ½ millj., og hann féllst á það, þannig að fjárveiting Alþ. er því miður ekki nema 1½ millj. enn sem komið er, en ekki 2½, eins og hæstv. ráðh. sagði.

Staðreyndir þær, sem hæstv. ráðh. rakti um áformin um þessa byggingu, voru mjög fróðlegar, og eins og fram kom þar, er um að ræða mjög kostnaðarsama framkvæmd. Það hefur ævinlega verið ljóst, að þetta mundi kosta mikið fé. En engu að síður tel ég, að þetta sé sú framkvæmd af þessu tagi, sem nú er langsamlega brýnust. Ég þarf ekki að rifja hér upp, hvernig ástandið hefur verið á hinum vísindalegu bókasöfnum okkar. Þar hefur verið þannig ástatt um langt skeið, að starfsmennirnir hafa ekki getað unnið verk sín skaplega, og þaðan af síður hafa viðskiptavinir safnanna getað hagnýtt þau eins og vert er. Og við skulum minnast þess, að hlutverk vísindalegra bókasafna fer sífellt vaxandi. Það var miklu þrengra, þegar safnið var stofnað í upphafi, en nú eru miklu fleiri svið, sem þurfa á slíkri aðstöðu að halda, sem vísindabókasafn er, þannig að það rekur ákaflega mikið á eftir, að í þetta verði ráðizt sem allra fyrst.

Hæstv. ráðh. sagði, að ef fylgt yrði till. þjóðhátíðarnefndar, mundi kostnaðurinn verða 37½ millj. kr. á ári. Vissulega er þetta mikil upphæð, en ég hygg, að ef í þetta verði ráðizt, hljóti hæstv. ríkisstj. að verða að gera ráðstafanir til þess að afla lánsfjár til þessa verkefnis, þannig að það verði ekki tekið af fjárlögum hverju sinni. Þó væri það vissulega hægt. Þessi upphæð er ekki sérlega há heldur miðað við heildarupphæð fjárlaga. Hins vegar fékkst hæstv. ráðh. ekki til þess að segja neitt skýrt um það, hvort hann teldi ekki nauðsynlegt, að tekin yrði ákvörðun um þetta mál á þessu þingi. Mér sýnist það vera algerlega nauðsynlegt, því að eins og hæstv. ráðh. sagði, getur arkitekt gert sér grein fyrir meginatriðum þessarar stórbyggingar núna í vor, og ef á að vera hægt að halda þessu verkefni áfram, þá verður að liggja fyrir slík ákvörðun. Ég veit, að hæstv. ráðh. gera sér ljósa þessa miklu nauðsyn, og ég vil beina því til þeirra, að þeir beiti sér fyrir því, að um þetta mál verði tekin ákvörðun á þessu þingi. Ég tel þetta ekki síst nauðsynlegt vegna þess, að í sambandi við afgreiðslu fjárlaga um áramótin var sett inn heimildarákvæði um byggingu stjórnarráðshúss, sem einnig er ákaflega mikil framkvæmd. Hins vegar verð ég að draga það mjög í efa, að við teljum okkur hafa bolmagn til þess að reisa tvö stórhýsi í senn. Ef við getum það, þá er það ágætt, en ef við getum það ekki, þá er ég tvímælalaust þeirrar skoðunar, að þjóðarbókhlaða eigi að ganga fyrir. Hversu brýnt sem stjórnarráðshúsið er, þá er þetta verkefni miklu brýnna og í miklu nánari tengslum við vísindi og menntir og allt atvinnulíf okkar, m. a. ef við ætlum að framkvæma þá iðnvæðingu, sem við ræðum um.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hafi ég nefnt ranga tölu um þá fjárhæð, sem er í byggingarsjóði safnahúss, bið ég hv. alþm. velvirðingar á því. Ég hafði ekki sjálfur skoðað fjárl. fyrir þessi 3 ár, heldur höfðu það gert aðstoðarmenn mínir í menntmrn. Sé hér ágalli á, byggist hann áreiðanlega á því, að skoðað hefur verið fjárlagafrv., en ekki endanlegu fjárlögin.

Það er rétt hjá hv. þm., að eigi þessi bygging að geta risið í tengslum við 11 alda afmæli Íslandsbyggðar, þarf að taka ákvörðun um málið nú á þessu þingi. Það er einnig rétt hjá honum, að önnur stórbygging er á döfinni, þar sem er bygging stjórnarráðshúss, og vafasamt, að Íslendingar hafi bolmagn til þess að reisa tvær svo geysimiklar byggingar samtímis, og þess vegna er nauðsynlegt, að meðan þetta þing situr verði um það tekin ákvörðun, hvor byggingin skuli ganga fyrir og að hversu miklu

leyti skuli að hvorri um sig vinna. Ég þykist vita, að ríkisstj. geri sér öll grein fyrir því, að ákvörðun verður að taka, hver svo sem niðurstaðan verður, og hún verði tekin, áður en þetta Alþingi kveður.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég vil einungis lýsa þeirri skoðun minni, að fyrir fram er engan veginn heimilt að telja það víst, að þessar byggingar þurfi að rekast á. Jafnvel þó að mikið fé þurfi til þess að reisa hvora um sig, hvað þá báðar saman, þá er það ekki nema lítill hluti af öllum byggingarkostnaði ríkisins, hvað þá af öllum ríkisútgjöldum. Það er því algerlega út í hött að slá því föstu sem einhverju óhagganlegu, að vegna þess að nú er farið að gera ráðstafanir til þess að framkvæma ákvörðun, sem tekin var þegar fyrir 14—15 árum, þá sé þar með verið að bregða fæti fyrir hugsanlegt landsbókasafn.

23. Stofnlán fiskiskipaflotans.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um afborganir og vexti af stofnlánum fiskiskipaflotans [108. mál, 2] (A. 131).

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 30. og 31. fundi í Sþ., 14. og 21. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á þskj. 131 flytjum við 3 þm. Alþb. fsp. til sjútvrh. um afborganir og vexti af stofnlánum fiskiskipaflotans. Þessi fsp. er svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta: „Hve miklu er áætlað, að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nemi á árinu 1969: a) af togurum, b) af öðrum fiskiskipum?"

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Spurt er: Hve miklu er áætlað, að afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa á árinu 1969: a) af togurum, b) öðrum fiskiskipum, muni nema?
Afborganir og vextir af stofnlánum fiskiskipa nema á árinu 1969: af togurum í afborganir 19.5 millj. kr. og vexti 12 millj. kr., öðrum fiskiskipum í afborganir 181.8 millj. kr. og 120.3 millj. kr. í vexti.
Þau skiptast þannig: Í fyrsta lagi eru árgjöld ársins 1969 af skipalánum í Fiskveiðasjóði, þar eru afborganir togara 2.6 millj. kr. og vextir af þeim 0.6 millj. kr. Afborganir af öðrum fiskiskipum eru 166.1 millj. kr. og vextir 116 millj. kr. Í öðru lagi eru árgjöld 1969 af svonefndum R-lánum vegna togara, sem voru á vegum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, en eru nú í vörzlu Seðlabankans, þau nema 0.4 millj. kr. í afborganir og 0.1 millj. kr. í vexti. Í þriðja lagi: Áætlaðar greiðslur 1969 af þeim stofnlánum vegna togara, sem eru á vegum Ríkisábyrgðasjóðs, nema 16.5 millj. kr. í afborganir og 11.3 millj. kr. í vexti. Eru hér taldar greiðslur af þeim lánum, sem talizt geta virk, þ. e. greiðslur, sem falla á útgerðaraðila skipanna, og eru meðtalin lán vegna skipa, sem ekki eru lengur gerð út. Lán vegna botnvörpungsins Haukaness GK 3 eru þó ekki hér með talin. Í fjórða lagi: Á árinu 1969 má ætla, að greiðslur af lánum vegna hinna austur-þýzku togara, svonefndra tappatogara, verði sem hér segir: Afborganir 15.7 millj. kr. og vextir 4.3 millj. kr.

24. Greiðslur til Stofnlánasjóðs fiskiskipa.

Á deildafundum 2. des. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvmrh. um greiðslur af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja [108. mál, 3] (A. 131).

Á 18. fundi í Sþ., 3. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 30. og 31. fundi í Sþ., 14. og 21. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Á sama þskj., 131, flytjum við sömu þm. fsp. til sjútvrh. um greiðslu af aflaverðmæti til Stofnlánasjóðs fiskiskipa og til útgerðarfyrirtækja. Þessar fsp. eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:
„Hversu miklu er áætlað, að greiðslur af óskiptu aflaverðmæti samkv. l. nr. 79 31. des. 1968 nemi á árinu 1969: 1. Í Stofnfjársjóð fiskiskipa: a) til togara, b) til annarra fiskiskipa? 2. Til útgerðarfyrirtækja sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði?"

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Svo sem fyrirspyrjandi hefur greint frá, er spurt um, hversu miklu er áætlað, að greiðslur af óskiptu aflaverðmæti samkv. lögum nr. 79 frá 31. des. 1968 nemi á árinu 1969, eins og þar greinir í undirliðum.
Svarið er: Samkv. upplýsingum Fiskifélags Íslands námu greiðslur í Stofnlánasjóð fiskiskipa 307.8 millj. kr. á tímabilinu jan. til sept. 1969 og kostnaðarhlutdeild útgerðarfyrirtækja um 334.7 millj. kr. á sama tíma. Sé lauslega

ætlazt á um aflaverðmæti tímabilsins okt. til des. með hliðsjón af afla fyrra árs, auk þeirra upplýsinga, sem þegar liggja fyrir um afla og sölur erlendis, verður svarið við fsp. sem hér segir, fyrir allt árið 1969:

1) Í Stofnlánasjóð fiskiskipa: a) til togara 124 millj. kr., b) til annarra fiskiskipa 304 millj. kr., eða samtals 428 millj. kr.

2) Til útgerðarfyrirtækja sem hlutdeild í almennum útgerðarkostnaði 391 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Geir Gunnarsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans, bæði við fyrri fsp. og hinni síðari.

25. Ávísanir með nafni Seðlabanka Íslands.

Á deildafundum 13. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til viðskrh. um ávísanir með nafni Seðlabanka Íslands [141. mál, 1] (A. 224).

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Á þskj. 224, stafl. 1, hef ég leyft mér að beina svo hljóðandi fsp. til hæstv. viðskrh.:

„Hvaða reglur gilda um notkun ávísanahefta með nafni Seðlabanka Íslands á? Hve margir hafa slík hefti í notkun?"

Tilefni þessarar fsp. var einfaldlega það, að ég sá ávísun að upphæð 20 kr. með nafni Seðlabanka Íslands útgefna á handhafa, og mér þótti nokkuð merkilegt, ef slíkar ávísanir væru almennt í notkun með nafni Seðlabankans og undirritaðar af einni persónu. Ég fletti upp í lögum bankans, og í 17. gr. laganna segir, að bankinn skuli yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um viðskipti við aðrar lánastofnanir. Sama er endurtekið í reglugerð nr. 52 frá 24. maí 1950, en þar segir þó, að heimilt sé Seðlabanka að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talizt hlutverki hans sem seðlabanka, og einnig er tekið upp í sömu grein lagaákvæðið orðrétt. Engu að síður væri fróðlegt að fá að vita, hvers vegna eitthvað er í umferð af ávísunum með nafni Seðlabanka Íslands á, undirritað af einstaklingum.

Eftir að þessi fsp. var sett fram, frétti ég, að einnig mundi vera venjan hjá hv. bankastjórum þessa seðlabanka, Seðlabanka Íslands, að þeir fengju ekki sínar ferðaávísanir með sama hætti og aðrir þegnar þjóðfélagsins, og ef hæstv. ráðherra vissi, hvaða háttur þar væri á hafður, væri fróðlegt að fá að heyra um það líka.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í lögum Seðlabankans, nr. 10 1961, kemur skýrt fram, að honum er fyrst og fremst ætlað að eiga viðskipti við banka og aðrar peningastofnanir, ríkissjóð og ríkisstofnanir og erlenda aðila. Í 17. gr. laganna er honum heimilað að reka önnur bankaviðskipti, sem samrýmanleg geta talizt hlutverki hans sem seðlabanka, en hann skal þó yfirleitt hvorki skipta við almenning né keppa um viðskipti við aðrar lánastofnanir, eins og hv. fyrirspyrjandi tók fram í fsp. sinni réttilega.

Þessi ákvæði marka vitaskuld einnig, hverjir geta átt ávísanareikninga í Seðlabankanum, en meðal reikningshafa, er fengið hafa ávísanahefti, eru bankar, sparisjóðir, ríkissjóður, stofnanir á vegum rn., fjárfestingarsjóðir, erlendir bankar, sendiráð og alþjóðastofnanir. Einnig hafa nokkrar deildir bankans, sem þess hafa þurft, fengið ávísanareikninga, sem notaðir eru til greiðslu útgjalda. Loks eru laun starfsmanna bankans og framkvæmdasjóðs lögð inn á ávísanareikninga í bankanum, og hefur bankinn talið, að í þessu felist hvorki viðskipti við almenning né umtalsverð samkeppni við aðrar lánastofnanir. Hins vegar er að þessu hagræði bæði fyrir starfsmenn og bankann. Eins og stendur eru ávísanareikningar Seðlabankans samtals 198, og hefur tala þeirra lítið breytzt um nokkurra ára skeið. Af þessum reikningum er um helmingur á vegum deilda bankans og starfsmanna hans, tæpur þriðjungur á vegum peningastofnana, en afgangurinn er í höndum opinberra aðila innanlands og utan.

Í framsöguræðu sinni bætti hv. fyrirspyrjandi þeirri fsp. við hina skriflegu fsp., hvort bankastjórar Seðlabankans fengju afgreiddan erlendan gjaldeyri vegna ferðakostnaðar á annan hátt en aðrir þegnar þjóðfélagsins. Um þetta er mér ekki kunnugt, en get þó vel hugsað mér, að ávísanir, sem bankastjórar Seðlabankans fá til greiðslu erlends ferðakostnaðar, séu á erlenda viðskiptabanka Seðlabankans, en ekki hina tvo gjaldeyrisbankana, Landsbanka Íslands og Útvegsbanka Íslands, og tel ég mig vera fullvissan um, að munurinn getur ekki legið í öðru en því, enda hefur Seðlabankinn gjaldeyrisréttindi eins og viðskiptabankarnir tveir. En að sjálfsögðu gilda sömu reglur um upphæð ferðakostnaðar um bankastjóra Seðlabankans og aðra hliðstæða opinbera starfsmenn.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Í sjálfu sér gefa þau ekki tilefni til frek-

ari umr. að öðru leyti en því, að helmingur af þeim ávísanaheftum, sem eru í notkun, eru vegna starfsmanna bankans, og það er sagt í svarinu, að það sé til hagræðis. Ég fæ nú ekki séð mismun á því að ávísa launum á hlaupareikning eða ávísanareikning í Seðlabankanum eða Landsbankanum eða einhverjum öðrum banka, sem viðkomandi starfsmaður vill hafa viðskipti við. Þessi röksemd, að þetta sé til hagræðingar, er því léttvæg fundin. En það getur vel verið og er í samræmi við lög, að það sé mögulegt að hafa slík viðskipti, án þess að það sé talið eiga við almenning. En heldur er það óviðkunnanlegt að sjá svona ávísanir í umferð, ef miðað er við grundvallartón laganna.

26. Starf forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins.

Á 21. fundi í Sþ., 9. des., var útbýtt:
Fsp. til iðnmrh. um starf forstjóra Sementsverksmiðju ríkisins [119. mál, 2] (A. 159).

Á 22. fundi í Sþ., 10. des., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 50 shlj. atkv.

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Það mun hafa verið haustið 1968, að forstjóri Sementsverksmiðju ríkisins, dr. Jón Vestdal, hætti að starfa við verksmiðjuna. Rétt fyrir áramótin 1968–1969 var settur forstjóri við verksmiðjuna, og hefur hann starfað síðan. Samkv. 5. gr. laga um Sementsverksmiðju ríkisins segir svo, — ég bið afsökunar á því, að það hefur orðið prentvilla í þskj. 159, þar sem segir 6. gr., en á að vera 5. gr.: „Verksmiðjustjórn ræður framkvæmdastjóra með verkfræðilega menntun.“ En settur forstjóri Sementsverksmiðjunnar er ekki með slíka menntun. Síðan hefur ekkert í þessu máli gerzt, svo að ég hef leyft mér að flytja á þskj. 159 svo hljóðandi fsp.:

„Hvenær verður auglýst laust til umsóknar forstjórastarf við Sementsverksmiðju ríkisins og það veitt samkv. 5. gr. laga nr. 35 1948, um sementsverksmiðju?“

Ég tel mig hafa rökstuddan grun um það, að dr. Jón Vestdal hafi sagt upp þessu starfi, og þar sem ekki situr í starfinu maður með þá þekkingu, sem lögin krefjast, þá hef ég leyft mér að flytja þessa fsp.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Samkv. 9. gr. laga um Sementsverksmiðju ríkisins er það verkefni verksmiðjustjórnarinnar að ráða forstjóra. Ég get á þessu stigi málsins ekki svarað því, hvenær eða með hverjum hætti það verður gert, og það liggja til þess nokkrar ástæður, sem rétt er að rifja upp.

Eins og fram kom hjá hv. fyrirspyrjanda, þá var Jón Vestdal efnaverkfræðingur forstjóri verksmiðjunnar, en fékk bráðabirgðalausn frá starfi á árinu 1968, eins og vikið var að, og þá um tíma, ég held um tveggja mánaða skeið, fór formaður verksmiðjustjórnarinnar með framkvæmdastjórnina eða frá 1. sept. til 1. nóv. 1968. En það var 1. nóv. 1968 sem Svavar Pálsson var ráðinn, til bráðabirgða einnig, sem framkvæmdastjóri fjármála fyrirtækisins með prókúruumboði. Á meðan á þessu stóð voru hins vegar fengnir danskir efnaverkfræðingar til þess að annast fyrst um sinn störf yfirverkfræðings, en það starf var auglýst síðar, og 1. febr. 1969 var Jóhann Jakobsson efnaverkfræðingur ráðinn í það starf.

Nú er mér kunnugt um það, að verksmiðjustjórnin hefur fjallað nokkuð um þessi mál að undanförnu. Fyrir utan það, sem ég nú hef getið, þá hefur sú breyting orðið á, að skrifstofa verksmiðjunnar hefur verið flutt til Akraness, og svo er það rétt, sem hér kom fram, að Jón Vestdal efnaverkfræðingur og fyrrv. framkvæmdastjóri hefur endanlega látið af störfum hjá verksmiðjunni.

Það hefur í raun og veru á þessum tíma, sem ég hef nú vitnað til, árin 1968 og 1969, oft borið á góma í viðræðum einstakra stjórnarmeðlima verksmiðjustjórnarinnar, að ef til vill væri eðlilegt að gera breytingu á lögum um sementsverksmiðju, en það er hins vegar jafneðlilegt, ef menn eru þess sinnis, að það komi tillaga um það frá verksmiðjustjórninni. Hún mun ekki vera alveg á eitt sátt, eftir því sem ég bezt veit, ekki a. m. k. fram til þessa, um þörf á slíkri breytingu, og það skýrir kannske það, að verksmiðjustjóri hefur ekki verið ráðinn í bili, því að yrði það ofan á, sem ég skal ekkert segja um í dag og mér er algjörlega ókunnugt um, að ástæða þætti til að breyta ákvæðum sementsverksmiðjulaganna að þessu leyti, eins og t. d. að breytt var ákvæðum um áburðarverksmiðjuna, þannig að ekki var gerð krafa til þess, að forstjórinn væri verkfræðingur, þá gæti það orðið með öðrum hætti sem forstjóri yrði ákveðinn heldur en núverandi ákvæði laganna gera ráð fyrir. Hjá þeim, sem hafa gert mér grein fyrir skoðun sinni, að það kynni að vera fullt eins eðlilegt, þá hefur alltaf jafnframt verið gert ráð fyrir því, að sérstakur yfirverkfræðingur eða maður, sem kalla mætti verksmiðjustjóra, annaðist tæknilega stjórn verksmiðjunnar sem sérfræðingur á því sviði.

Á meðan málunum er komið eins og ég nú hef stuttlega reynt að gera grein fyrir, er ekki hægt að svara þessari spurningu ákveðið, hvorki um tíma né með hverjum hætti, en að sjálf-

sögðu er eðlilegt og verður unnið að því að fá sem skjótast varanlega og endanlega lausn á þessu máli, úr því sem komið er nú.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég leyfi mér að þakka hæstv. iðnrh. svar hans, svo langt sem það nær. Í tilefni af því, sem hann sagði, að verksmiðjustjórnin réði forstjóra fyrir Sementsverksmiðjuna, þá liggur það í orðanna hljóðan, í sambandi við 5. gr. laganna, en jafnframt er það háð því skilyrði, að hann hafi til brunns að bera þá menntun, sem þar er tilskilin. Nú hefur þetta hins vegar verið viðloðandi á annað ár, án þess að nokkrar ráðstafanir hafi verið gerðar til að starfið væri setið í samræmi við lögin. Auk þess hef ég heyrt marga halda því fram, að það hafi verið óeðlilegt að gera endurskoðanda fyrirtækisins að framkvæmdastjóra vegna þeirra atvika, sem áður hafa fyrir komið. Út í það ætla ég ekki að fara, en hins vegar geta þess, að tvö ný fyrirtæki, sem hafa verið sett á stofn, ÍSAL og kísilgúrverksmiðjan, hafa bæði ráðið sér verkfræðing fyrir aðalforstjóra, og því er ekki óeðlilegt, að þetta ákvæði verði áfram í lögum, enda skilst mér, að ef ætti að breyta því, þá væri breytingin í því fólgin að ákveða þessu fyrirtæki tvo forstjóra í staðinn fyrir einn, en út í það ætla ég ekki frekar að fara. Ég tel eðlilegt, að það verði farið að leysa þetta mál á viðunandi hátt, því það er mjög óeðlilegt, að svo stórt ríkisfyrirtæki sem þetta hafi ekki forstjóra samkv. gildandi lögum.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég skal ekki dæma um það á þessu stigi málsins, hvort eðlilegt sé að binda í lögum þetta starf við sérfræðimenntun eins og verkfræðings, en ég tek alveg undir það hjá hv. þm., að það er auðvitað nauðsyn með svo veigamikið og stórt fyrirtæki sem þetta að fá sem skjótast varanlega lausn á þessum málum, og að því verður unnið, og mun iðnrn. sjálfsagt eiga þar einhvern hlut að máli.

Varðandi a. m. k. ÍSAL, þá er náttúrlega ákaflega óliku saman að jafna, því að ÍSAL hefur sérstakan samning við Alusuisse, sem hefur með höndum allar fjárreiður fyrirtækisins, samningagerð og annað slíkt, og aðalforstjóri þess fyrirtækis er ekki verkfræðingur.

Ég vil aðeins, að þetta komi fram í sambandi við þetta, án þess að ég sé með þessu á nokkurn hátt að taka afstöðu til þess, hvort slíkur maður eigi að vera verkfræðingur eða fjármálamaður, hagfræðingur eða eitthvað annað. Við sjáum það á þessu stóra fyrirtæki, að þar er nokkuð öðruvísi háttað, enda þótt forstjórinn, sem er með verkfræðimenntun, sé eins konar verksmiðjustjóri í svipuðum skilningi og ég hefði haldið að verða mundi, ef viðskiptalegur framkvæmdastjóri eða fjármálalegur framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar hefði ekki sérfræðiþekkingu sem verkfræðingur, eins og ég vék stuttlega að áðan.

Jón Árnason: Herra forseti. Ég vil aðeins af þessu gefna tilefni benda á, að fyrr á þessu þingi voru tekin til endurskoðunar lög um Áburðarverksmiðju ríkisins. Þetta ákvæði laga um Áburðarverksmiðju ríkisins, sem varðar ráðningu framkvæmdastjórans, var nákvæmlega eins og í lögum um Sementsverksmiðjuna. Aðalframkvæmdastjóri skyldi vera verkfræðingur. Samt sem áður hafði það viðgengizt í Áburðarverksmiðjunni, að aðalframkvæmdastjórinn, allt frá því að Áburðarverksmiðjan hóf starfsemi sína, hafði ekki verið verkfræðingur. Nú var þessu hins vegar breytt, eins og hv. þm. er kunnugt um, og allir hv. alþm. virtust vera á einu máli um það, að það væri eðlilegt að breyta þessu ákvæði um ráðningu framkvæmdastjóra þannig varðandi Áburðarverksmiðju ríkisins. Það má segja að sama ætti að gilda um Sementsverksmiðju ríkisins og Áburðarverksmiðjuna. Þetta eru hvort tveggja framleiðslufyrirtæki, sem selja sína framleiðslu að langmestu leyti á innlendan markað, og því er þannig fyrir komið hjá Áburðarverksmiðjunni, að annars vegar er verksmiðjustjóri, sem sér um tæknilegu hliðina og framleiðsluna, en hins vegar er það framkvæmdastjórinn, sem hefur efnahagsmál fyrirtækisins í sínum höndum.

Ég vil að lokum segja, að það væri ekkert óeðlilegt, þó að lögum Sementsverksmiðjunnar yrði breytt á sama hátt og gert hefur verið við lög um Áburðarverksmiðjuna. Það útilokar hins vegar ekki, að ráðinn verði verkfræðingur, ef hæfur maður sækir um starfið.

Að öðru jöfnu tel ég það betra, að framkvæmdastjórinn sé verkfræðingur að mennt, og tel, að enda þótt lögum um Sementsverksmiðju verði breytt á sama hátt og gert var við lög um Áburðarverksmiðju ríkisins, þá útilokar það ekki að ráðinn verði verkfræðingur í framkvæmdastjórastarfið. Með því að hafa þannig sama fyrirkomulag um val framkvæmdastjóra, þá skapar það möguleika til þess að leita á breiðari grundvelli eftir manni til framkvæmdastjórastarfsins.

27. Ráðstafanir vegna beitusíldar.

Á deildafundum 25. nóv. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um ráðstafanir vegna beitusíldar [101. mál, 2] (A. 119).

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 31 shlj. atkv.

Á 18., 30., 31. og 32. fundi í Sþ., 3. des., 14., 21. og 28. jan., var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Fsp. þessi frá okkur hv. 4. þm. Austf. á þskj. 119 um ráðstafanir vegna beitusíldar er fyrir alllöngu fram komin. En af ýmsum ástæðum hefur æ ofan í æ orðið að fresta að taka hana fyrir, og er ekki við neinn sérstakan að sakast í því efni. Nú er hins vegar svo liðið á veturinn, að útgerð færist óðum yfir á netaveiði í stað línuveiða, svo að e. t. v. má segja, að beituvandamálið, að því er veturinn snertir a. m. k., leysist þannig af sjálfu sér. En vandamál hefur þetta óneitanlega verið og það mjög alvarlegt víða, ekki vegna þess, að beituskortur hafi orðið alger, heldur vegna þess, að margir bátar hafi orðið að notast við mjög lélega beitu, úrgangssíld, sem ekki hefur verið talin hæf til söltunar, og hafa sjómenn sagt mér, að undir eðlilegum kringumstæðum hefði slík síld alls ekki verið talin brúkunarhæf til beitu. Það hefur raunar veiðzt sæmilega á þessa beitu, en það má þá líka teljast fullvíst, að aflinn hefði orðið miklu meiri, ef um góða beitusíld hefði verið að ræða. Og jafnvel þessi lélega beita var alveg að ganga til þurrðar, þegar loðnan loksins kom eftir langa bið. Og þessa loðnu hafa útgerðarmenn, t. d. á Vesturlandi og Vestfjörðum, orðið að fá til sín flugleiðis langar leiðir með gífurlega miklum tilkostnaði núna síðustu dagana, eins og kunnugt er af fréttum. Svarið við þeirri fsp., sem hér er til umr., má því segja, að liggi þegar ljóst fyrir.

Af opinberri hálfu hefur ekki verið sýnd nein fyrirhyggja í þessu efni. Sjútvrn. hafðist ekkert að, þrátt fyrir margar aðvaranir um það, að í óefni stefndi, og brást þannig sjálfsagðri skyldu sinni. Annar aðili, svo nefnd beitunefnd, gegnir að vísu ábyrgðarmiklu hlutverki á þessu sviði, en mér er tjáð, að n. þessi hafi á sínum tíma lagt fyrir hæstv. sjútvrn. ákveðna till. um lausn vandans, en rn. hins vegar ekki farið að þessum till., ekki sinnt þeim. Væri vissulega fróðlegt að vita, hvað hæft væri í því.

En þó að þetta hafi nú slampazt nokkurn veginn af á vetrarvertíðinni, þá blasir við annar vandi á þessu sviði, vandi, sem kann að reynast mjög alvarlegur með vorinu. Grálúðuútgerð hefur færzt mjög í aukana, og hefur fylgt henni mikil atvinna og bætt afkoma almennings í heilum byggðarlögum. Mér var tjáð á skrifstofu L.Í.Ú. í morgun, að búast megi við því, að grálúðuveiðar færist enn í aukana stórlega nú á næstunni, svo fremi allt verði með felldu. En á grálúðuveiðum hefur engin beita reynzt nothæf nema síld, góð síld, og slíka beitusíld er ekki að finna í landinu og engar horfur á, að hún berist á land fyrir vorið. Þess vegna má spyrja: Hvernig ætlar hið opinbera að bregðast við þessum vanda? Verður gripið til einhverra raunhæfra aðgerða til þess að leysa hann eða verður e. t. v. sama fyrirhyggjuleysið látið ráða, svo að grálúðuveiðarnar stöðvist og útgerðarmenn og sjómenn og allur almenningur í viðkomandi byggðarlögum þannig sviptur þeim miklu hagsbótum, sem þessum veiðum geta fylgt. Þetta eru sem sé brennandi spurningar, sem mörgum hlýtur að vera mjög í mun að fá skýr svör við, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. veiti þau svör.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að það hefur dregizt alllengi að taka þessa fsp. fyrir, og hún mun hafa komið fram áður en þinghlé var gert fyrir jólin. En ýmsar ástæður liggja til þess, að fsp. hefur ekki verið tekin fyrir, og eins og hann sagði réttilega, er ekki við neinn sérstakan að sakast og óþarft að ræða það í sambandi við fsp. sjálfa. En varðandi sviguræli hans í garð sjútvrn. um, að ekkert hafi í þessum málum verið gert eða ekkert að þeim hugað, þá tel ég, að svör við þeim komi fram í því, sem ég skal nú frá greina.

Þegar síðari hluta s. l. sumars var ljóst, að miklir erfiðleikar væru fyrir dyrum í beitumálum. Engin síld hafði aflazt á norður- og austurmiðum, en það er sú síld sem ákjósanlegust og eftirsóttust er til beitu. Undanfarin ár hefur einnig veiðzt töluvert af sunnansíld, þótt hún sé ekki talin jafnæskileg til beitu. Eins og kunnugt er, var veiðibann á sunnansíld frá 31. ágúst s. l., en var samkv. ósk útvegsmanna framlengt til 15. sept. vegna þess, hve síldin var mögur. Á undanförnum árum hefur jafnvel verið flutt inn síld og einnig nokkur smokkfiskur, en hvorugu var til að dreifa nú. Þegar ljóst var, að allalvarlega horfði í þessum málum, voru þau tekin til athugunar í rn. og rætt við ýmsa hlutaðeigandi aðila, m. a. fulltrúa bankanna. Beitunefnd lá ekki heldur á liði sínu, kannaði málið eftir föngum og lét rn. í té till. til úrbóta. Höfuðvandinn stafaði af fyrirsjáanlegum aflabresti á síldveiðum, en seinna kom svo aftur til hið háa verð á síld til söltunar. Í september var verð á síld til söltunar ákveðið 4.75 kr. á kg, en 3.75 kr. á kg til frystingar. Eftir að málið hafði verið kannað allrækilega, heimilaði rn. beitunefnd að ábyrgjast sölu á 3500 smál. af frystri beitusíld á auglýstu verði, 11.80 kr. á kg, með tilteknum skilyrðum. Enn fremur lýstu fulltrúar viðskiptabankanna því yfir að loknum viðræðum við þá, að þeir mundu lána venjuleg afurðalán út á frysta beitusíld miðað við þetta verð, þ. e. a. s. 6.00 kr. frá Seðlabankanum og 1.80 frá viðskiptabanka út á hvert kg frystrar síldar. Með þessum aðgerðum virtist málið þá leyst og voru þeir aðilar, er hlut áttu að máli, sammála um, að án annarra róttækra aðgerða væri ekki hægt að tryggja betur næga beitusíld á þessu hausti.

En ekki var sopið kálið, þótt í ausuna væri komið. Hinn 13. nóv. s. l. hækkaði Verðlagsráð sjávarútvegsins verð á síld til söltunar úr 4.75 kr. í 13 kr. á kg, og hélzt það verð til áramóta, þegar verðið lækkaði aftur í 8.50 kr. á kg. Með þessari ráðstöfun var útilokað, að síld fengist til frystingar. Hinn 19. nóv. s. l. breyttist staðan þó að því leyti, að þá ákvað síldarútvegsnefnd að stöðva alla söltun smásíldar, sem aftur leiddi

til þess, að smásíldin fór til frystingar, þótt óæskilegri beita sé. Nú hafa verið fryst til beitu um 2500 tonn frá því í haust, þrátt fyrir aflaleysið. Auk þess hefur loðna til beitu nú allra síðustu daga, eins og fyrirspyrjandi gat um, verið flutt á milli verstöðva með flugvélum. Beituþörfin á árinu var í haust talin mundu verða rúmlega 5000 tonn. Línuútgerð hefur á þessum vetri og á s. l. hausti verið meiri en á sama tíma í fyrra og línuafli einnig mun meiri. Enn þá er því yfirvofandi beituskortur, og vona menn, að loðnuveiðar og það, að flotinn flyzt í mun stærra mæli af línuveiðunum yfir á net, bæti þar einnig nokkuð úr. Áður en loðna veiddist fyrir Austfjörðum, gerði beitunefnd athuganir á flutningi á loðnu þaðan með flugvélum. Enn fremur leitaði beitunefnd án árangurs til Noregs eftir frystri síld til beitu, en Norðmenn hafa ekki treyst sér til að frysta síld til beitu fyrir sjálfa sig, hvað þá aðra, vegna hins háa verðs, sem á síld er á heimsmarkaðinum. Þá er þess að geta, að þótt bannað væri að veiða sunnansíld frá 15. febr. s. l., er rn. þó heimilt, að fengnum till. Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, að leyfa veiði á sunnansíld til beitu. Beitunefnd gerði í haust athuganir og róttækar aðgerðir til að tryggja beitu, og ef ekki verða á þessum vetri, svo sem fyrirspyrjandi gat einnig um, notaðar þær heimildir, sem í lögum eru til veiða á síld til beitu, þá er nauðsynlegt að gera enn róttækari ráðstafanir en þegar hafa verið gerðar.

Ég hygg, að með þessum upplýsingum hafi ég svarað þeim getgátum fyrirspyrjanda, að rn. hafi ekkert í málinu gert, eins og hann sagði, og hrakið þær fullyrðingar.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Eftir svörunum að dæma ætti ekki að vera hér um neitt vandamál að ræða, eða a. m. k. telur hann, að rn. hans hafi gert allt, sem í þess valdi stóð, til þess að bæta úr þessu. Ég minntist hér áðan á beitunefnd og till., sem beitunefnd hefði gert til lausnar þessum vanda, og lét þess getið um leið, að fróðlegt væri að vita, hverjar þær till. hefðu verið, enda hef ég það fyrir satt, að rn. hafi ekki farið a. m. k. að öllu leyti eftir þeim till. Hér á hinu háa Alþ. á sæti a. m. k. einn maður úr beitunefnd, hv. 2. þm. Vesturl. Hann var hér á ferðinni rétt áðan. Það væri fróðlegt að vita, hvort Jón Árnason vildi koma í salinn og e. t. v. veita einhverjar upplýsingar í þessu máli.

Ég ætla nú ekki að fara að þjarka við hæstv. ráðh. um þessi mál. Staðreyndin er sú, að það hefur verið við mikinn vanda að etja í sambandi við beitu í vetur og beita sú, sem töluverður hluti bátaflotans hefur átt völ á, verið mjög léleg. Með góðri beitu hefði mátt búast við miklu meiri afla hjá þessum bátum. Þessi staðreynd breytist að sjálfsögðu ekkert við fullyrðingar hæstv. ráðh. um það, hvað hann hafi gert eða viljað gera í þessum efnum. Eftir sem áður er ósvarað þessari brennandi spurningu, hvað verður gert til þess að tryggja næga beitu, þegar grálúðuútgerð hefst í vor. En að öðru leyti, eins og ég segi, tel ég ekki ástæðu til þess að þjarka við ráðh. um málið. Staðreyndirnar liggja fyrir. Það hefur ekki verið séð fyrir þeirri beitu, sem bátaflotinn þurfti á að halda í vetur, og ómögulegt að segja, hvað það hefur kostað í afla.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég tek undir það með fyrirspyrjanda, að það er tilgangslaust að vera að karpa um þetta mál. Ég held, að milli okkar beri ekkert í þessum efnum. Við hefðum sjálfsagt kosið báðir, að ástand þessara mála væri betra en það er.

Núverandi ástand stafar einfaldlega af því, að afli hefur ekki fengizt, og þó að leitað hafi verið til erlendra aðila um hjálp í þessum efnum, eins og stundum hefur verið gert áður, þá var árangurinn sá, eins og ég sagði áðan, að þaðan komu neikvæð svör um beitu. Það eina, sem hér er við að sakast, er aflaskortur, og ég hygg, að þó að við séum báðir velviljaðir þessum málum, ég og hv. fyrirspyrjandi, þá muni standa í okkur að ráða bót á því.

Hvað gert verður sérstaklega fyrir grálúðuútgerðina í vor, er mér ekki unnt að svara á þessu stigi. Eins og ég áðan sagði, er ljóst, að úr síldarnotkuninni dregur á næstu mánuðum.

Um það, hvort hugsanlegt er að veiða hér á heimamiðum íslenzka síld, er það að segja, að rn. mun að sjálfsögðu í fyrsta lagi veita leyfi til slíkra veiða samkv. þeim heimildum, sem í lögum eru, eða leita þá annarra ráða, ef síld veiðist ekki. Vandamálið er síldarleysið og um það verður engu rn. eða einstökum alþm. kennt.

Bjarni Guðbjörnsson: Herra forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir það með fyrirspyrjanda, að beitumálin eru í algerri sjálfheldu og að ófremdarástand ríkir þar.

Það kom fram í svari hæstv. sjútvrh. áðan, að það hefði verið tryggt, að svo og svo mikið magn af síld yrði fryst til beitu. Því hámarki er ekki náð, því að það er ekki búið að frysta nema 2500 tonn í staðinn fyrir 3500, sem heimild var fyrir. En þegar jafnmikið hungur er í síld, eins og virðist vera á öllum mörkuðum, bæði innanlands og erlendis, þá rýkur beitusíldin upp úr öllu valdi, og það er algerlega óhugsandi, að hægt sé að búa við það, að verðið á beitusíldinni fari upp í 16—18 kr. eins og staðreyndin var í haust. Það verður eitthvað til bragðs að taka til þess að gera útgerðarmönnum kleift að eignast þessa síld, því að það er algerlega óhugsandi, enda þótt bankar láni 7.80 kr. út á síldina, að það sé hægt að kaupa hana fyrir 16—18 kr. eða þaðan af meira til þess að nota hana á línuveiðum á vor- og sumarvertíð og á grálúðuveiðunum, sem ábyggilega verða í vaxandi mæli stundaðar á komandi vori og sumri. Ég veit, að a. m. k. þar sem ég er kunnugur á Vestfjörðum, þar var búið nokkuð vel að síld í vetur fyrir forsjálni ýmissa útvegsmanna þar, en þrátt fyrir það er fyrirsjáanlegt, að útgerð eins og átt hefur sér stað á

undanförnum sumrum getur ekki átt sér stað á komandi sumri vegna beituskorts, og á það jafnt við þorskveiðar og grálúðuveiðar. Það hlýtur að koma að því, að sveiflur á markaðsverði geti ekki ráðið verðinu á beitusíld og yrði þá að reyna að finna eitthvert annað ráð. Gæti ég látið mér detta í hug, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins kæmi þar eitthvað til og aðstoðaði í þessu máli, því að það er alveg óhugsandi, eins og ég sagði áðan, að síldin hækki margfalt meira í verði heldur en fiskurinn. Ef á að fara að beita síld fyrir 16—18 kr., þá er ekki nokkur grundvöllur fyrir því að gera út á línu.

Það lítur ekki út fyrir það, að byrlega blási með útvegun á síld, hvorki hér né erlendis, en ég legg á það ríka áherzlu, að gert verði allt, sem hugsanlegt er í því efni, því að það skiptir a. m. k. þrjá landshluta, bæði Vestfirðina, Norðurlandið og Austfirðina, mjög miklu máli, að unnt verði að gera út á grálúðuveiðar á komandi sumri. Þetta var reynt á s. l. sumri með góðum árangri víða, og það yrði mikið áfall, ef þetta tækist ekki á komandi sumri. Jafnframt vil ég leggja áherzlu á það, að reynt verði að koma til móts við útvegsmenn, sem þurfa að kosta alla beituna, svo að þeir þurfi ekki að greiða neitt okurverð fyrir beitusíld.

28. Kaupþing.

Á deildafundum 13. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til viðskrh. um stofnun kaupþings [141. mál, 3] (A. 224).

Á 30. fundi í Sþ., 14. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 31. og 32. fundi í Sþ., 21. og 28. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. enn tekin til umr.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Þar sem aðalflm. þessarar fsp., Eyjólfur K. Jónsson, á nú ekki sæti á Alþ., leyfi ég mér að fylgja þessum fsp. úr hlaði, en þær fjalla annars vegar um undirbúning að stofnsetningu kaupþings og hins vegar um það, hvenær vænta megi, að slík stofnun hefji starfrækslu.

Ljóst er, að almenningshlutafélög eiga auknu hlutverki að gegna í náinni framtíð. En eitt skilyrði þess, að slík félög verði hér rekin með árangri og unnt reynist að fá menn til þátttöku í þeim, er, að upp rísi kaupþing, þar sem verzlað verði með hlutabréf, þannig að almenningur geti komið þessari eign sinni í peninga, ef hann þarf á þeim að halda, og jafnframt veiti kaupþing það aðhald, sem nægir til þess að slík félög verði rekin af réttsýni og dugnaði.

Eins og hv. alþm. er kunnugt, stendur nú yfir endurskoðun á reglum skattalaga um skattlagningu fyrirtækja, og einnig er í undirbúningi löggjöf, sem auðvelda mun samvinnu og jafnvel samruna fyrirtækja. Tilgangur þessara lagabreytinga er að bæta stöðu þeirra, sem verja vilja fjármunum sínum til beinnar þátttöku í atvinnulífinu, og verður að gera ráð fyrir því, að þessar lagabreytingar verði með þeim hætti, að arðvænlegt verði fyrir alþýðu að ráðstafa sparifé sínu að verulegu leyti til hlutabréfakaupa, sem mjög munu styrkja atvinnuvegina.

Í 15. gr. laga nr. 10 frá 1961, um Seðlabanka Íslands, er bankanum heimilað að kaupa og selja ríkisskuldabréf og önnur trygg verðbréf, og skal þar vinna að því, að á komist skipuleg verðbréfaviðskipti. Er bankanum heimilt í því skyni að stofna til og reka kaupþing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf og hlutabréf samkv. reglum, sem bankastjórnin setur og ráðh. staðfestir. Þrátt fyrir þetta ákvæði, sem senn er nú áratugsgamalt, hefur bankinn enn ekki hafið þessa starfrækslu. Hafa forsvarsmenn bankans á það bent, að tilgangslítið væri að stofna kaupþing, sem ekki hefði nein verðbréf til að verzla með. En hvatamenn að stofnun almenningshlutafélaga benda á, að samhliða stofnun slíkra félaga verði kaupþing að rísa, jafnvel þótt umsvif þess verði lítil fyrst í stað. Okkur flm. fsp. virðist tímabært að vinda nú að því bráðan bug að koma kaupþingi á fót og teljum eðlilegt, að hér á hinu háa Alþ. verði gefnar upplýsingar í þá átt, sem spurt er um.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í 15. gr. laga um Seðlabanka Íslands, nr. 10 1961, er bankanum heimilað að stofna og reka kaupþing, þar sem verzlað yrði með vaxtabréf samkv. reglum, sem bankastjórnin setur og ráðh. staðfestir. Vegna þessa ákvæðis hefur verið lögð í það veruleg vinna af hálfu Seðlabankans á undanförnum árum að kanna, hvort aðstæður væru fyrir hendi til stofnunar kaupþings hér á landi og þá hvernig. Hefur það hvatt til þessara athugana, að margoft hefur komið fram, að almennur áhugi er fyrir því, að tekin verði upp hér á landi skipuleg viðskipti með hlutabréf, er greitt geti fyrir öflun eigin fjár til fyrirtækja. Þrátt fyrir þennan áhuga, sem komið hefur fram, m. a. í samþykktum Verzlunarráðs Íslands og fleiri samtaka svo og í opinberum umr., hafa verið lítil merki þess, að verulegur áhugi á hlutabréfakaupum væri fyrir hendi hjá almenningi.

Þær spurningar, sem athuganir bankans hafa beinzt að, hafa hnigið að því, hvort áhugaleysi á hlutabréfakaupum stafaði af vöntun á kaupþingi eða öðrum orsökum. Spurningin hefur m. ö. o. verið, hvort stofnun kaupþings væri í sjálfu sér nægileg ráðstöfun til þess, að áhugi á hlutabréfaviðskiptum ykist að mun hér á landi. Athuganir Seðlabankans hafa bent til þess, að það væru aðrar ástæður en vöntun

kaupþings, sem úrslitum hefðu ráðið um þróun hlutabréfaviðskipta til þessa. Er þetta tvímælalaust stutt reynslu annarra þjóða, þar sem hlutabréfaviðskipti hafa byrjað og vaxið af sjálfu sér, ef aðstæður hafa verið hagstæðar, jafnvel þótt enginn opinber markaður hafi verið fyrir hendi. Um hlutabréfaviðskipti á í raun inni hið sama við og um öll önnur viðskipti, að þau verða til af sjálfu sér, ef þau eru efnahagslega réttlætanleg, enda þótt opinber afskipti geti síðar orðið til þess bæði að efla þau og koma þeim í betra horf.

Ástæður fyrir áhugaleysi á hlutabréfaviðskiptum hér á landi virðast einkum vera tvær. Í fyrsta lagi er skattlagningu hlutafélaga og ágóða af hlutabréfum þannig háttað, að hlutabréf geta mjög illa keppt við önnur sparnaðarform, sem almenningur á kost á. Í öðru lagi eru íslenzk hlutafélög yfirleitt ekki skipulögð sem raunveruleg almenningshlutafélög, heldur eru þau flest fjölskylduhlutafélög eða í eign fámenns hóps manna.

Til þess að kanna þessi atriði betur fékk Seðlabankinn þá dr. Þórð Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómara og prófessor Árna Vilhjálmsson til þess að athuga, hvaða breytinga væri þörf á skipulagi hlutafélaga annars vegar og á skattlagningu hins vegar til þess að gera eðlileg hlutabréfaviðskipti möguleg. Í álitsgerð dr. Þórðar Eyjólfssonar koma fram margar gagnlegar ábendingar um skipulagsbreytingar á hlutafélögum, sem æskilegar væru í sambandi við kaupþingsskráningu á bréfum þeirra. Væri tvímælalaust nauðsynlegt, að væntanlegt kaupþing setti ákveðnar reglur um marga þætti í uppbyggingu hlutafélaga, er vildu fá bréf sín skráð á kaupþingi, t. d. að því er varðar réttindi minni hl., upplýsingaskyldu o. fl. Er líklegt, að þessu væri hægt að ná innan ramma þeirra hlutafélagalaga, sem í gildi eru. Álitsgerð prófessors Árna Vilhjálmssonar leggur áherzlu á hina óviðunandi skattaaðstöðu, sem hlutafélög nú búa við. Telur hann tvímælalaust þörf breytinga á skattlagningu ágóða hlutafélaga og arðs af hlutabréfum, ef nokkur von á að verða til umtalsverðrar aukningar á hlutabréfaviðskiptum. Einnig telur hann þörf ákvæða, er greiða fyrir sameiningu hlutafélaga í stærri heildir, en hlutafélög þurfa að ná ákveðinni lágmarksstærð, til þess að eðlilegur markaður myndist fyrir bréf þeirra.

Með tilliti til þessarar niðurstöðu hefur bankastjórn Seðlabankans látið í ljós þá skoðun sína, að nauðsynlegt væri að breyta skattalöggjöf í því skyni að örva hlutabréfaviðskipti. Hefur fjmrh. lýst áhuga sínum á málinu, og hefur n. þeirri, sem fjallar um endurskoðun skattalaga vegna aðildar að EFTA, verið falið að gera till. um æskilegar breytingar á skattalögum í þessu skyni. Á Seðlabankinn aðild að n., m. a. vegna afskipta hans af þessu máli, sem hér er til umr. Leiði störf n. til viðunandi breytinga á skattalögum í þessu efni, hefur Seðlabankinn tjáð mér, að hann muni leggja áherzlu á að hraða undirbúningi að stofnun kaupþings svo sem unnt er.

Þórarinn Þórarinsson: Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svör hans. Eins og kom fram í þeim orðum, sem ég sagði áðan og hæstv. ráðh. ítrekaði, þá stendur nú yfir athugun skattalaganna sérstaklega með skattlagningu hlutafélaga fyrir augum. Það má vel vera rétt hjá honum, að það kunni að reynast nauðsynlegt til þess að örva almenna sölu hlutabréfa, að breyting verði á skattalögum um þann félagsskap, en mér skilst, að nú á þessu þingi sé væntanlegt, að slíkt mál verði lagt fram og fær þá væntanlega afgreiðslu. Og eins og kom fram hjá hæstv. ráðh., er eðlilegt, ef slík breyting yrði á skattalögunum, að þá yrði ekki dregið, að kaupþing yrði sett á laggirnar. En það er áreiðanlega mjög mikilsvert, ef þetta form, sem hér er um að ræða, almenningshlutafélagaformið, á að ná þeim tilgangi, sem ætlazt er til, að þá sé fyrir hendi einhver vettvangur, þar sem slík bréf geta gengið kaupum og sölum, eins og kaupþingi er ætlað að verða. Þess vegna vil ég leggja á það áherzlu, að ef sú breyting verður gerð á skattalögunum, sem hæstv. ráðh. var hér að boða, þá yrði það ekki látið dragast, að kaupþingi yrði komið á fót sem fyrst.

Ólafur Björnsson: Herra forseti. Ég tel það mjög vel til fallið, að þessu máli skuli vera hreyft hér á hinu háa Alþ., því að ég tel, að það gæti orðið veruleg lyftistöng eðlilegu athafnalífi hér á landi, ef hægt væri að koma upp skipulögðum verðbréfamarkaði, bæði fyrir skuldabréf og hlutabréf, en það er einmitt slíkt hlutverk, sem kaupþing gegna. Ég minnist þess, að það mun hafa verið fyrir um það bil 15 árum eða meira, að ég hlustaði á erindi, sem norskur sérfræðingur í þessum efnum hélt hér, en hann sagði, að sig hefði furðað mjög á því, að ekki hefði tekizt að koma á fót í svo stórri borg sem Reykjavík kaupþingi, og minntist á það í því sambandi, að það hefði verið um s. l. aldamót, sem kaupþingi var komið á fót í Stafangri í Noregi, en íbúatala þar var þá aðeins 5000, og þetta kaupþing væri starfandi enn í dag og hefði starfað óslitið síðan. En það, sem kom mér til að standa hér upp, var, að ég vildi vekja athygli á því, sem ég tel að liggi til grundvallar þeirri leiðu staðreynd, að tilraunir, sem gerðar hafa verið til að koma hér á fót kaupþingi, hafa ekki borið árangur. Ég tel, að það sé ekki í sjálfu sér vegna þess, að löggjafarvaldið hafi ekki veitt nauðsynlega fyrirgreiðslu í því efni. Það hefur alllengi verið fyrir hendi í lögum heimild til þess að stofna kaupþing, og einnig tel ég, að það sé e. t. v. nokkuð ýkt, að það sé skattalöggjöfin, sem sé svo mjög þessu til fyrirstöðu, þó að sjálfsagt sé að gera nauðsynlegar umbætur á henni að mínu áliti. Nei, en það er annað, sem liggur til grundvallar tregðu almennings á því að leggja fé sitt í verðbréf, hvort heldur um skuldabréf eða hlutabréf er að ræða. Varðandi skuldabréfin, sem almenningur í nágrannalöndunum leggur í svo stórum stíl peninga sína í og jafnvel í miklu ríkara mæli heldur en í

banka og sparisjóði, eins og fólk gerir hér, þá er það auðvitað fyrst og fremst verðbólgan, sem gerir það að verkum, að hér vill fólk ekki eiga skuldabréf, nema þá um verðtryggð skuldabréf sé að ræða, en það er undantekning. Varðandi hlutabréfin horfir þetta auðvitað öðruvísi við, því að sé um hlutabréf að ræða í góðum fyrirtækjum, þá eiga þau að vera sjálfkrafa verðtryggð. Vera má, að skattaástæður liggi þar að einhverju leyti að baki, en þó má á það benda, að verulegar umbætur hafa verið gerðar í þessum efnum, fyrst 1957, þegar tekinn var upp hlutfallslegur skattur á arð af hlutabréfum, og enn fremur með skattalagabreytingunni í kringum 1960. Og satt að segja dreg ég í efa, að skattar á arði af hlutabréfum séu til mikilla muna hærri hér á landi heldur en gerist í nágrannalöndunum, þar sem hlutabréfaeign er þó almenn. En það er annað, sem liggur þessu til grundvallar, og ég tel, að það sé aðalvandamálið, sem við er að etja. Ástæðan er sú, að almenningur hefur ekki neina trú á því, að hlutabréf gefi yfirleitt af sér nokkurn arð, og meðan svo er, skiptir það ekki verulegu máli, hvort arðurinn er skattlagður meira eða minna. En yfirleitt hefur það verið þannig hér, að menn reikna ekki með því að sjá nokkurn tíma eyri af þeim peningum, sem þeir leggja í hlutabréf. Ástæðan til þess, að menn gera það, er sú, að þeir vilja skapa sér og sínum aðstöðu til að fá vinnu hjá viðkomandi hlutafélagi, en menn reikna yfirleitt ekki með því að fá arð af þessum peningum. Og meðan svo er, þá þýðir lítið í rauninni að stofna hér kaupþing. Það þarf að skapa grundvöll fyrir því, að hlutabréfaeign geti gefið af sér arð, og þegar það hefur tekizt, má vænta þess, að almenningur leggi fé sitt í það eins og annað. En það mundi leiða of langt hér að ræða það mál til hlítar, hvernig þann grundvöll má skapa.

29. Fiskiðnskóli.

Á deildafundum 20. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um fiskiðnskóla [144. mál, 2] (A. 241).

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Hinn 30. apríl 1964 samþykkti Alþ. till. til þál. um fiskiðnskóla, sem ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hér:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstj. að skipa n. í samráði við Fiskmat ríkisins, fiskmatsráð og helztu samtök fiskiðnaðarins til þess að gera fyrir næsta reglulegt Alþ. till. um stofnun og starfstilhögun almenns fiskiðnskóla í landinu. Skal nefndin m. a. kynna sér eftir föngum skipan fræðslumála fiskiðnaðarins í öðrum löndum."

27. nóv. 1964 skipaði sjútvrh. 8 menn í n. til að vinna að þessu verkefni, og síðar voru skipaðir tveir menn að auki, þannig að um síðir voru, að mér telst til, 10 menn í þessari n. Og þeir máttu allir kallast með einhverjum hætti fulltrúar fyrir hinar ýmsu greinar fiskiðnaðar hér á landi og því sérfróðir um það málefni, sem þeir fjölluðu um. Formaður n. var Hjalti Einarsson efnaverkfræðingur, sem þá mun hafa verið starfsmaður Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og er e. t. v. enn. N. þessi skilaði allítarlegu áliti til ráðh. 8. des. 1966. Meginniðurstaða n. var till. um, að stofnaður skyldi sérstakur tveggja ára skóli, sem væri sjálfstæð ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðh. Skyldi hlutverk skólans vera að veita fræðslu í fiskiðngreinum og útskrifa fiskvinnslufræðinga, sem hefðu þá öðlazt undirstöðukunnáttu, bóklega og verklega, eins og segir í till., til þess að geta tekið að sér verkstjórn, eftirlitsstörf, matsstörf, verkþjálfun, vinnuhagræðingu, stjórn fiskvinnsluvéla og önnur hliðstæð störf í fiskiðnaði.

Nú eru senn liðin 6 ár síðan þáltill. um þetta efni var samþ. og full 3 ár síðan sérfræðinganefndin skilaði jákvæðu áliti um málið til ríkisstj. Þar sem ekki hefur enn verið neitt gert af ríkisstj. hálfu, svo að vitað sé, til þess að framkvæma till. fiskiðnskólanefndar og fara að vilja Alþingis í þessu máli, þá höfum við, hv. 2. þm. Reykn. og ég, leyft okkur að bera fram fsp. til ríkisstj. varðandi þetta mál, en fsp. hljóðar þannig:

„1) Er þess að vænta, að ríkisstj. setji á stofn fiskiðnskóla? 2) Ef svo er, hvert yrði fyrirkomulag hans og hvar yrði honum valinn staður?"

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Fram að síðustu áramótum heyrði fiskiðnskólamálið undir sjútvrn. Frá áramótum heyrði það hins vegar undir menntmrn. Sjútvrn. hefur látið mér í té eftirfarandi skýrslu um aðgerðir þess í málinu:

„Í des. 1966 skilaði n., sem skipuð var samkv. þál. um fiskiðnskóla frá 30. apríl 1964, frv. til l. um fiskiðnskóla á Íslandi ásamt grg. Í frv. n. er gert ráð fyrir, að skólinn verði staðsettur á Suðvesturlandi, hann verði í eigin húsakynnum, þar sem aðstaða verði til bóklegrar og verklegrar kennslu, skólatíminn verði full tvö ár, þar af verkleg þjálfun í 3 mánuði í upphafi skólatímans og 3 mánuði á milli

bekkja. Í grg. með frv. kemur fram, að nm. telja nauðsynlegt, að skólinn starfræki fiskvinnslustöð með fullkomnum fiskvinnslutækjum, þar sem verkun sem flestra fiskafurða geti farið fram. Bendir n. í því sambandi á aðstöðu, sem fyrir er í húsakynnum rannsóknastofnana sjávarútvegsins að Skúlagötu 4, og taldi n. þar vera húsnæði, sem nota mætti fyrst í stað, enda komi skólinn svo fljótt sem við verði komið í eigin húsakynni. N. taldi, að nauðsynlegt væri, að skólinn ræki heimavist og mötuneyti til að jafna aðstöðu þeirra, sem skólann sækja.

Þar sem engin áætlun var í grg. n. um kostnað við stofnun og rekstur skólans, var það mál kannað sérstaklega. Var gerð fjárhagsáætlun með tilliti til þeirra hugmynda, sem fyrir lágu.

Í framhaldi af þeim athugunum eða síðla árs 1968 ákvað sjútvrn. að stofna til fiskiðnaðarnámskeiða í húsakynnum rannsóknastofnana sjávarútvegsins, er gætu orðið grundvöllur að fiskiðnskóla. Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins vann síðan að undirbúningi námskeiðahalds.

Byrjað var á því að halda uppi fræðslu fyrir nemendur Stýrimannaskólans í Reykjavík um meðferð og verkun sjávarafla, og verður þessu haldið áfram í vetur. Þeir, sem útskrifast úr fiskimannadeild skólans, munu sækja vikunámskeið hjá stofnuninni, þar sem þeir munu fá bæði bóklega og verklega fræðslu. Ákveðið var að taka hreinlætismálin fyrst fyrir á sérstökum námskeiðum, þar sem mjög aðkallandi þótti að veita fræðslu um þessi mál. Þrjú hálfs mánaðar námskeið hafa þegar verið haldin, og hafa sótt þau alls 38 eftirlits- og matsmenn sölusamtakanna og Fiskmats ríkisins. Áformað er að halda þessum námskeiðum í hreinlætistækni áfram, þar til verkstjórar og eftirlitsfólk sem flestra frystihúsa hafa sótt þau. Sum af þessum námskeiðum verða haldin úti á landi næsta sumar, t. d. á stöðum eins og Vestmannaeyjum, Akureyri og Ísafirði. Námskeið á öðrum sviðum verða einnig haldin í ár, t. d. námskeið í síldarverkun að beiðni síldarútvegsnefndar, svo og námskeið í fiskmjölsframleiðslu, og í athugun er að halda námskeið í niðursuðu og meðferð fiskvinnsluvéla. Til athugunar er einnig möguleiki á að halda á næsta ári fjögurra mánaða námskeið í almennri fiskverkun, en um lengri námskeið verður varla að ræða í húsakynnum stofnunarinnar. Kostnaður af þessum námskeiðum er borinn uppi af byggingarsjóði rannsóknastofnana sjávarútvegsins."

Hér lýkur skýrslu sjútvrn. um afskipti þess af málinu.

Þá er rétt að fara fáeinum orðum um, hvernig menntmrn. hyggst vinna að þessu máli.

Verkfræði- og raunvísindastofnun Háskólans mun á næstunni gera till. um nýskipan náms í deildinni. Nú er þar kennt til fyrri hluta í verkfræði og til BA-prófs í náttúrufræðum, en það er þriggja ára nám hið minnsta. Hugmyndir eru uppi um að taka upp fjögurra ára verkfræðinám til BS-prófs, og er náminu ætlað að vera skylt hinu nýja danska akademiska ingeniör-námi. Jafnframt er tilætlunin að haga kennslu þannig, að stúdentar geti stundað hér fyrrihlutanám í ýmsum raunvísindagreinum, en síðan verði samið við erlenda háskóla um, að þeir geti haldið áfram námi þar. Jafnframt hefur farið fram athugun á tæknifræðináminu sem og iðnnámi og verknámi í tengslum við það.

Þegar rn. berast till. verkfræðideildar, mun það skipa n. til þess að gera till. um endurskipulagningu tæknifræði-, iðn- og verknámsins í sambandi við fyrirhugaðar breytingar í verkfræði- og raunvísindadeild, þar eð nauðsynlegt er, að samræmi og tengsl séu á milli breytinga á verkfræði-, tæknifræði-, iðn- og verknáminu. Ættu hugsanlegar breytingar að geta komið til framkvæmda haustið 1970. Í þessu sambandi mun ég óska sérstaklega eftir því, að athugað verði rækilega, á hvaða námsstigi og með hverjum hætti bezt yrði séð fyrir menntunarþörf fiskiðnaðarins, t. d. hvort það verði gert með stofnun sérstaks skóla eða með sérstakri námsleið, einni eða fleirum, á einhverju stigi eða stigum þess hluta skólakerfisins, sem hér er um að ræða, þ. e. a. s. tækni- og verkfræðimenntuninni. Niðurstöður allra þessara athugana þurfa að liggja fyrir í síðasta lagi fyrir mitt sumar, til þess að til framkvæmda geti komið næsta haust, og mun ég leggja áherzlu á, að svo geti orðið.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. þessi svör, en það fór sem mig grunaði, að lítið hefur verið gert í því að framkvæma þær till., sem fram komu hjá fiskiðnskólanefnd fyrir þrem árum, og ég vil nú strax í upphafi víta þann seinagang, sem á þessu hefur orðið. Ég tel, að hér hafi verið þannig að unnið, að það sé full ástæða til þess að víta það hér á Alþ. Og það, sem hæstv. ráðh. er nú að segja um framkvæmdir, er hann hyggst gera, þá held ég, a. m. k. svona í fyrsta sinn sem maður heyrir þetta, að þá sé erfitt að átta sig á því, til hvers það muni leiða eða hvort það sé til bóta miðað við það ástand, sem liggur fyrir hjá fiskiðnskólanefndinni. A. m. k. þarf það rækilegrar athugunar við. Og greinilegt er, að það mál er allt saman óundirbúið og ekki líklegt, að það geti legið fyrir alveg á næstunni, ef á að vinna það allt upp frá rótum. Ég held, að það hefði verið skynsamlegra af hæstv. ríkisstj. að halda sig við nál., eins og það liggur fyrir í meginráttum, því að þeir, sem að því unnu, voru, eins og ég tók fram og raunar öllum er kunnugt, sérfróðir menn og áhugamenn um þetta efni og fulltrúar fyrir fiskiðnaðinn í landinu á mjög breiðum grundvelli, og þessir menn komust að niðurstöðu og samkomulagi, sem vissulega hefði verið ástæða til að halda sig við.

Hæstv. ráðh. minntist á fiskiðnaðarnámskeiðin, sem haldin hafa verið í Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins nú að undanförnu. Hér er að vísu um gagnlega starfsemi að ræða, en ákaflega ófullkomna sem kennslu í fiskiðnfræðum og varla umtalsverða, enda er það líka jafnkunnugt, að slík námskeið og jafnvel engu síðri hafa verið haldin hér í meira en 20 ár á

vegum sjútvrn. og jafnvel staðið lengur og verið engu síður til gagns, þannig að hér er ekki um neitt nýtt að ræða, nema síður sé, og getur ekki verið um neitt framhald að ræða af till. fiskiðnskólanefndar.

Ég vil endurtaka það, að brýna nauðsyn ber til þess að taka þessi mál alveg sérstökum tökum, og mitt álit er það, að ríkisstj. eigi að halda sig sem mest að till. fiskiðnskólanefndarinnar. Það virðist flestum, sem kynnt hafa sér það mál, að það væri til mikilla bóta, ef það mætti framkvæma, og það sýnist vera auðveldara að halda sig að þeim áætlunum, sem þegar er búið að gera, heldur en að fara að gera áætlanir nú alveg upp á nýtt og raunar þannig, að menn vita ekki fyllilega, að hverju stefnt yrði eða hvað úr því yrði. Ég tel því, að það ætti sérstaklega að halda sig að því, sem fiskiðnskólanefndin á sínum tíma lagði til í þessu máli.

Guðlaugur Gíslason: Herra forseti. Ég vil láta það koma fram hér, að ég tel, að of mikill seinagangur hafi verið á því máli, sem hér er um að ræða, sérstaklega með tilliti til þess, að Íslendingar vita það nú orðið, að þeir geta átt von á því hvenær sem er, að auknar kröfur verði gerðar í sambandi við allt hreinlæti og framleiðslufyrirkomulag á þeim freðfiski, sem fara á á stærsta markað okkar, en það er til Bandaríkjanna. Þeir, sem standa að fiskiðnaðinum í Vestmannaeyjum, sem er verulegur hluti af útflutningi landsins, bæði í freðfiski og saltfiski og á fleiri sviðum, telja, að þetta mál sé orðið svo aðkallandi, að þeir hafa beitt sér fyrir því, að mjög ítarleg athugun hefur farið fram á því, hvort tök væru á því að stofna þar sérstakan fiskiðnskóla. Við höfum reynt að afla okkur sem beztra upplýsinga í sambandi við málið, gera okkur í hugarlund, hvernig þessu yrði komið á, og bæjarstjórn Vestmannaeyja hefur einróma samþykkt að beita sér fyrir stofnun fiskiðnskóla í Eyjum. Við gerum okkur það að sjálfsögðu fullljóst, að þarna er um nokkurn vanda að ræða, og kannske mikla menn fyrir sér þann vanda, sem því er samfara að koma slíkum skóla á fót úti á landsbyggðinni. En ég hygg, að þetta sé þó vel fært á stað eins og Vestmannaeyjum, og ég hygg, að af þessu muni verða.

Við gerum okkur alveg ljóst, að til þess að stofna slíkan skóla þarf í fyrsta lagi að fá aðila með sérþekkingu, þ. e. fiskiðnverkfræðing með sérmenntun í matvælaframleiðslu. Það þarf einnig að koma á fót rannsóknastofnun í tengslum við slíkan skóla, en það hagar svo til á þessum stað, að talið er alveg óhjákvæmilegt, að rannsóknastofnun verði komið þar á fót, hvort sem af stofnun fiskiðnskóla yrði eða ekki. Fiskiðnaðurinn telur, að annað sé ekki orðið frambærilegt lengur en að slík aðstaða verði skapuð þar.

Það, sem auðvitað er stærsti vandinn í sambandi við verklega námið, er yrði í fiskiðnskóla, er að skapa þá aðstöðu, sem til þarf. Sú n., sem hafði þetta mál til meðferðar og hér hefur verið greint frá, og niðurstöður hennar ræddar, gerir ráð fyrir, að fiskiðnskólinn verði að eiga sér fiskvinnslustöð. Nú er það alveg ljóst, að slík stöð mundi kosta tugi milljóna, og því er mikil hætta á, að einmitt þetta álit verði til þess að draga úr stofnun fiskiðnskóla. Hins vegar liggur það fyrir í Eyjum og hefur verið rætt mjög ítarlega í sambandi við hugmyndina um stofnun skóla þar, að hægt er að ná samningum við fiskiðjuverin og þá aðrar greinar fiskframleiðslunnar, bæði í sambandi við framleiðslu mjöls, niðursuðuvara o. fl., sem þar er stundað, — það er hægt að ná samkomulagi við þessa aðila um aðstöðu til þess að veita verklega kennslu í sambandi við fiskiðnað.

Við teljum því að öllu þessu athuguðu, að það væri eðlilegast, ef til stofnunar fiskiðnskóla kæmi af hálfu ríkisins, að hann yrði staðsettur í Vestmannaeyjum, og mér er kunnugt um það, að Vestmanneyingar eru reiðubúnir að leggja nokkuð á sig fjárhagslega til þess að svo megi verða. Fjársterkir aðilar þar hafa þegar lofað að ég vil segja verulegu fjárframlagi til stofnunar slíks skóla. Við sjáum því fram á það, að þó að svo færi, að ákvörðun yrði tekin um að stofna fiskiðnskóla hér í þéttbýlinu, þá væri einnig nauðsynlegt, að slíkri stofnun yrði komið á fót í þessari stærstu verstöð landsins. Við teljum það vel framkvæmanlegt, teljum aðstæður vera til þess bæði að koma upp bóklegu námi í sambandi við þetta og eins verklegu námi, og af þeim ástæðum væri kannske eðlilegast, að skólinn yrði þar staðsettur, því að þarna á sér stað fiskvinnsla og fiskiðnaður á öllum þeim stigum, sem við þekkjum nú hér á landi.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af þeim umr., sem hér hafa orðið um þessi mál. Það er gamalkunn regla, að stjórnvöld viðhafa oft þau vinnubrögð í málum, sem þau ekki vilja ganga beint á móti, að setja nefnd á nefnd ofan, sem svo síðan eru sífellt að athuga málið og vinna að undirbúningi þess. Mér kom þetta í hug, þegar ég hlýddi á svar hæstv. ráðh. við þeirri fsp., sem var borin fram áðan, því að hann boðaði þá enn eina nýja athugun á fiskiðnskólamálinu svokallaða, þó að oft áður sé búið að athuga það og gera ákveðnar till. í sambandi við það.

Á það hefur verið bent, að hv. Alþ. samþ. þegar á árinu 1964, að því er ég bezt veit einróma, till. um það, að unnið skyldi að því að koma á fót fiskiðnskóla, og í framhaldi af þeirri einróma samþykkt, sem Alþ. gerði þá, var sett n., fjölmenn n., 9 manna n., sem m. a. ég átti sæti í, sem gerði ákveðnar till. um, hvernig skyldi unnið að þessu verkefni. Um það var algert samkomulag í n., að nauðsynlegt væri að vinna að því að koma upp sérstökum fiskiðnskóla með heimavist og aðstöðu til þess að vinna að alhliða fiskverkun, og menn í n. bundu vonir við það, að fljótlega eftir að nefndartill. var skilað til hæstv. sjútvrh. yrði undinn að því bráður bugur að vinna að framkvæmd þessara tillagna.

Mér hefur verið það kunnugt í nokkur ár, að alls ekkert hefur verið gert í því að framkvæma þær till., sem n. gerði í þessu máli, og það eru ákaflega litlar efndir, ef þá má telja nokkrar, þó að vitað sé til þess, að nokkur námskeið hafi verið haldin á vegum rannsóknastofnana sjávarútvegsins og Fiskifélagsins, — eða hvaða aðilar, sem að því standa, — því að þessi námskeið voru til áður en þessar till. voru gerðar, og námskeiðin eru raunar ekkert annað en framhald á starfsemi, sem hefur gengið á vegum þessara stofnana um nokkurra ára skeið. Ég vil því taka undir það, sem hv. þm., hv. 3. þm. Norðurl. e. sagði áðan, þegar hann vitti þau vinnubrögð, sem viðhöfð hafa verið um framkvæmd á till. *fiskiðnskólanefndar*.

Að síðustu vil ég benda á það, hvað við höfumst ólíkt að í þessum efnum og frændur okkar í Noregi gera, sem þó eiga engan veginn eins mikið undir því í sínum þjóðarbúskap og við, að þessi mál séu í góðu lagi. Nú er kappsamlega unnið að því í Noregi og hefur verið um nokkurra mánaða skeið að koma á fót sérstökum háskóla í fiskiðnfræðum, sem meiningin er að rísi sem fyrst í Norður-Noregi, til þess að kenna því fólki, sem vinnur í fiskiðnaðinum, sem Norðmenn vita, að er mikilvægur í þeirra þjóðarbúskap, þó að hann teljist engan veginn jafnmikilvægur þar eins og hann er hér hjá okkur, en sem sagt, eftir því sem ég bezt veit, og af nýjustu upplýsingum, sem ég hef fengið um þetta mál, þá mun allur undirbúningur að stofnun þessa háskóla vera það langt kominn, að búizt er við, að ráðizt verði í byggingu hans innan nokkurra mánaða.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því, hvernig tekizt hefur til með allan undirbúning í sambandi við fiskiðnskólann, og undrun minni á því svari, sem hér kom fram frá hæstv. menntmrh. við þeirri fsp., sem hér er til umr.

Það liggur fyrir, að Alþ. hefur lýst yfir vilja sínum til þess, að komið yrði upp fiskiðnskóla, enda getur ekki farið á milli mála, að brýn þörf er á því að koma upp fiskiðnskóla hér á landi. Sett hefur verið n. sérfræðinga til þess að athuga um undirbúning á málinu. Hún hefur gert ákveðnar till., og svo þegar liðin eru mörg ár frá þessu, þá kemur hér svar frá sjútvrn. um það, að farið sé að hafa námskeið fyrir skipstjórnarmenn í ýmsu, sem varðar meðferð á fiski, það sé verið að halda hér eitt og annað námskeið fyrir verkstjóra í frystihúsum nýlega, svonefnt þrifnaðarnámskeið, og ýmis almenn námskeið um fiskverkun. Auðvitað er þetta svar, sem á að koma frá sjútvrn., gersamlega út í hött. Það kemur fiskiðnskólamálinu auðvitað ekkert við. Það er ekki aðeins það, að slík námskeið hafi verið haldin hér um langan tíma, heldur hljóta þau einnig að verða haldin hér á landi, þó komið yrði upp fiskiðnskóla. Ég vona a. m. k., að slík námskeið verði ekki lögð niður.

Svar sjútvrn. staðfestir í rauninni, að það hefur ekkert verið gert í málinu.

Svo verður sú breyting, að menntmrn. tekur við þessu máli nú um áramótin, vegna verkefnaskiptingar á milli rn., og nú kemur í ljós að mínum dómi, að það rn. — það hefur kannske nokkra afsökun, því að það hefur ekki fjallað um málið ýkjalengi — það veit ekkert enn þá, hvað á að gera í málinu, því nú segir hæstv. ráðh., að verkfræðideild Háskólans hafi í athugun ýmsar till. um breytingar á prófum fyrir verkfræðinga og tæknifræðinga og varðandi iðnaðar- og verknám o. s. frv. Þetta kemur þessu máli ekki nokkurn skapaðan hlut við. Og síðan sagði hæstv. ráðh., að hans rn. hefði nú til athugunar, á hvaða námsstigi bezt yrði séð fyrir menntun í fiskiðnaði. Sem sagt, það er verið að athuga um, hvernig í ósköpunum á að koma þessu fyrir.

Öll þessi vinnubrögð minna mig á störf togaranefndar, sem hefur verið að störfum að undanförnu og helzt staðið þannig að málum, að hún ætlar að finna hér upp einhvern togara, sem ekki hefur enn þá verið fundinn upp í heiminum. Hún hefur ekki þurft á því að halda auðvitað og ekki komizt að neinni nýrri niðurstöðu. Eins er þessu í rauninni farið með fiskiðnskóla. *Fiskiðnskóli er ekkert nýtt fyrirbæri.* Slíkir skólar eru starfandi í löndum í kringum okkur og hafa verið starfræktir þar í mörg ár. Meira að segja hafa ýmsir Íslendingar sótt slíka skóla. Spurningin er aðeins þessi: Viljum við standa að því að koma upp slíkum skóla hér á landi? Þurfum við á honum að halda að okkar dómi? Alþ. hefur greinilega tekið afstöðu til þessa máls. Rn. eru búin að fá sinn tíma til að undirbúa málið, og hér stendur í rauninni bara á framkvæmdum. Það þarf ekkert að athuga um það, á hvaða námsstigi bezt væri að koma þessu fyrir.

Ég vildi í tilefni af þessu, sem hér hefur komið fram, beina því til hæstv. menntmrh., sem nú tekur við þessu máli, að hann taki nú rögg á sig og sjái um það, að framkvæmdir verði í þessu fiskiðnskólamáli. Það er augljóst mál, að þeir, sem með málið hafa haft að gera á framkvæmdastigi, hafa vanrækt allt, sem þeir hafa átt að gera í þessu máli. Nú er komið að hæstv. menntmrh. og ég vona, að hann bæti hér nokkuð úr og snúi sér nú að því að koma þessum skóla hér upp, því að það er ábyggilega vilji Alþingis.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Hér hefur verið deilt á sjútvrn. fyrir það að hafa sofið á mikilvægu máli og vanrækt að framkvæma vilja Alþ. á þessu sviði, mikilvægu sviði. Þessu vil ég andmæla. Sjútvrn. skipaði n. þá, sem Alþ. hafði falið því að skipa. Sú n. starfaði í rúmlega tvö ár, og nál. hennar var vandlega athugað. Ég hygg, að rétt sé að segja það umbúðalaust, að það var skoðun sjútvrn. og ráðunauta þess, að þetta nál. markar ekki skynsamlega stefnu í fiskiðnskólamálinu og væri í ýmsum tillitum illframkvæmanlegt, að ekki sé meira sagt. Sú er ástæðan fyrir því, að sjútvrn. hefur ekki hafzt að í málinu, en ekki hitt, að það hafi ekki haft áhuga á því eða vanrækt það, sem því bar að gera. Það er auð-

vitað engin sönnun fyrir því, að rétt lausn hafi fundizt á máli, þó að n., sem skipuð er, verði á einu máli um ákveðna till. Svo koma aðrir aðilar, sem athuga betur þá stefnu, sem þar er mörkuð, og komast að annarri niðurstöðu. Hitt get ég alveg fúslega tekið undir, að þetta mál hefur dregizt úr hömlu. Það hefði verið æskilegt, að miklu fyrr hefðu verið hafnar í því framkvæmdir. En ástæðan fyrir töfinni er í rauninni ágreiningur milli manna um það, hvernig skipan þessara mála sé haganlegast fyrir komið, með hverjum hætti bezt verði séð fyrir nauðsynlegri menntun í þágu fiskiðnaðarins í landinu, en um það er enginn ágreiningur, að fyrir henni þarf að sjá miklu betur en nú á sér stað.

Ég ætla mér ekki þá dul að hafa fundið lausn á þessu máli á þeim örfáu vikum, sem það hefur hvílt á mínum herðum, en ég get þó látið í ljós mína persónulegu skoðun á málinu, hana hef ég, en ætlast ekki til þess að hún sé sú, sem endanlega verður framkvæmd, ef nánari athugun sýnir, að önnur leið er skynsamlegri.

Mér finnst orðræður manna um fiskiðnskóla bera stundum nokkurn keim af því, að menn átti sig ekki til fullnustu á því, hvað raunverulega er kennt í fiskiðnskóla og hvað þarf að kenna þar. Í Noregi munu vera starfandi 3 fiskiðnskólar, þó með nokkuð ólíkum hætti sé. Við hljótum að minnast þess, að Norðmenn eru 20 sinnum fleiri en Íslendingar, og þarf því engan að undra, þó það hafi vafizt nokkuð fyrir mönnum hér, hvort rétta leiðin væri sú að stofna sérstakan skóla fyrir þau fræði, sem hér er um að ræða, eða hvort ætti að haga þessari kennslu með öðrum hætti, þ. e. a. s. að hafa hana innan þess skólakerfis, sem þegar er starfandi í landinu. En sannleikurinn er sá, að áreiðanlega meira en helmingur námsefnis í fiskiðnskólum, t. d. í Noregi, er almenns eðlis, eru almennar fræðigreinar: efnafræði, stærðfræði, eðlisfræði, líffræði og þar fram eftir götunum, greinar, sem kenndar eru þegar á ýmsum öðrum skólastigum í íslenzka skólakerfinu. Á hinn bóginn er um að ræða vissar sérgreinar, sem nauðsynlegar eru í fiskiðnskólum og ekki eru kenndar neins staðar í skólakerfinu íslenzka nú, þar sem sérstaklega er þörf á sérstöku verklegu námi, sem auðvitað er ekki stundað, nema efnt sé til sérstakrar fræðslu á þessu sviði. Þess vegna tel ég það vera fullkomlega tímabært að athuga, — og er ég á þessu stigi persónulega sannfærður um það, — að hagkvæmasta lausnin og farsælasta lausnin á menntunarmálum fiskiðnaðarins væri sú að taka upp námsbraut í Tækniskólanum, sem sérstakt tillit tæki til menntunarkrafna þeirra, sem fiskiðnaðurinn gerir til sinna starfskrafta. Það er þegar fyrir hendi kennsla í verulegum hluta þeirra greina, sem þarf að kenna í fiskiðnskóla, og sú kennsla gæti verið sameiginleg fyrir þá nemendur, sem stunda almennt tæknifræðinám, og hina, sem vilja leggja stund á nám í fiskiðnfræði. Svo þyrfti auðvitað að efna til sérkennslu nýrra greina, sem sérstaklega væru ætlaðar þeim, sem vildu vera sérfræðingar í fiskiðnfræði, og auk þess að sjálfsögðu þeirra verklegu námskeiða, sem bráðnauðsynleg eru. Ég tek undir það, sem hv. 3. þm. Sunnl., Guðlaugur Gíslason, sagði hér áðan, að ég tel mjög vel til fallið að halda þau námskeið í Vestmannaeyjum, þar sem hin almenna verklega kennsla fer fram. Þau þurfa ekki endilega að vera þar, en í Vestmannaeyjum er einmitt sérstaklega góð og hentug aðstaða til þess, að verklegi hluti námsins geti farið fram.

Ég vil í þessu sambandi víkja sérstaklega að því, sem hv. 2. þm. Reykn., Jón Skaftason, sagði áðan, að Norðmenn hyggja nú á háskólanám í þessum greinum og það gæti vel komið til mála, að hér ætti að efna til sérnáms í verkfræði- og raunvísindadeild fyrir þá, sem vildu æðri menntun á þessu sviði. Engum dettur þó væntanlega í hug, að hér kæmi til mála að stofna sérstakan fiskiðnaðarháskóla, eins og Norðmenn hafa hugmyndir um, þó þeir hafi ekki framkvæmt það. Hér kæmi ekkert annað til greina og væri ekki vit í neinu öðru en því að hafa háskólanám í fiskiðnfræði á vegum verkfræði- og raunvísindadeildar Háskólans. Með alveg sama hætti tel ég, að skynsamlegasta leiðin sé sú að hafa fiskiðnfræðinámið sem þátt í almennu tæknifræðinámi Íslendinga. Með því móti mundu einmitt skapast bráðnauðsynleg tengsl milli almenna fiskiðnfræðinámsins, sem þá færi fram innan tækniskólakerfisins, og hugsanlegs framhaldsnáms, sem fram færi innan Háskólans. Ef stofnaður væri sérstakur fiskiðnfræðiskóli, yrði miklu erfiðara að koma á tengslum milli hans og verkfræði- og raunvísindadeildarinnar og háskólanámsins þar en ef fiskiðnfræðinám væri byggt með eðlilegum hætti inn í hið almenna tækninám Íslendinga.

Ég segi þetta sem mína persónulegu skoðun, sem ég hef myndað mér á þeim fáu vikum, sem ég hef haft með málið að gera, og ég endurtek, að þessa skoðun vil ég láta sérfróða menn grandskoða nú í vor og ljúka athugunum fyrir mitt sumar. Ef þeir dæma þær vera óskynsamlegar, þá skal ég manna fúsastur viðurkenna það og þá beita mér fyrir annarri lausn á málinu. En með hliðsjón af því, að þær till., sem gerðar voru á sínum tíma, hafa því miður ekki fengið hljómgrunn hjá þeim aðilum, sem um þær fjölluðu, þ. e. a. s. sjútvrn. og sérfræðingum þess, þá taldi ég það skyldu mína að gera tilraun til þess að troða nýjar leiðir á þessu sviði, og þess vegna set ég fram þessa hugmynd. Ég mun láta skoða hana í vor og fá um hana dóm fyrir mitt sumar. En ég skal ljúka þessum orðum með því að viðurkenna það, sem allir þeir þm., sem talað hafa, hafa sagt, að hér er um málefni að ræða, sem enga frekari bið þolir, og ég mun gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að til framkvæmda á þessu geti komið á haustinu 1970.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð í tilefni af orðum hæstv. ráðh. Hann skýrði frá því, að sjútvrn. eða sérfræðingar þess hefðu komizt að þeirri niðurstöðu,

að þær till., sem gerðar hefðu verið af fiskiðnskólanefnd, væru ekki góðar og mundi því ekki verða farið eftir þeim. Þetta er í fyrsta skipti, sem ég minnist þess að hafa heyrt, að þetta hafi verið niðurstaða þeirra í sjútvrn., og furðar mig nokkuð á því, því ég þykist muna það rétt, að á undanförnum þingum hafi fsp. svipaðs efnis og þessi verið rædd ár eftir ár, án þess að viðkomandi ráðh. hafi nokkurn tíma gefið þessar upplýsingar, sem hæstv. menntmrh. var nú að gefa, sem sagt, að till. n. hafi verið dæmdar léttvægar og mundu ekki verða framkvæmdar af sjútvrn. Mér finnst, ef þetta er svo, að þá gefi það tilefni til athugana á ýmsum málum í sambandi við yfirstjórn fiskiðnaðar okkar almennt talað, því að í n. þeirri, sem gerði þessar till., voru m. a. menn, sem skipa toppstöður í því kerfi, og maður skyldi ætla, að þeir hefðu nokkurn kunnugleika á því, hvað þeir eru að segja um þau málefni. Ég vil aðeins til fróðleiks nefna mann eins og dr. Þórð Þorbjarnarson, sem er yfir Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Ég vil nefna mann eins og Hjalta Einarsson, sem er menntaður maður í matvælaiðnaði og vinnur á vegum Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna. Ég vil minna á mann eins og Sigurð Pétursson gerlafræðing, sem var í n. Og ég vil minna á sjálfan fiskmatsstjóra, Bergstein Á. Bergsteinsson, sem sat í n. Ef allir þessir menn gera till., sem eru svo óskynsamlegar, að þeim er nú hafnað 5 eða 6 árum eftir að till. voru gerðar, þá held ég, að þetta gefi tilefni til þess að taka þessi mál til nokkurrar endurskoðunar og vita, hvort hugmyndir þeirra um, hvernig eigi að stjórna og reka þessi mál, séu þá í samræmi við kröfur tímans, hvort einhverju þurfi þá ekki þar að breyta.

Til viðbótar þessu vil ég aðeins geta þess, að ég tel það engin rök, þó hæstv. ráðh. segi nú, að það sé óskynsamlegt að stofna sérstakan fiskiðnskóla og taka hann út úr hinu almenna skólakerfi. Ég þykist muna það rétt frá störfum í þessari n., að menn voru mjög opnir fyrir því, að þó að talin væri þörf fyrir sérstakan fiskiðnskóla vegna þeirra sérstöku verkefna, sem þar átti að vinna og voru ekki unnin í öðrum skólum, þá var það talið eðlilegt, einmitt á sviði t. d. hreinlætisfræði og matvælafræði, að nemendur í þessum fiskiðnskóla þyrftu að hafa aðstöðu til að komast inn í aðra skóla í kerfinu, þar sem þessi fög væru kennd. Þegar af þessari ástæðu get ég ekki metið neins þær mótbárur, sem hæstv. ráðh. hafði hér uppi gegn þessu máli og byggðar eru á þessu atriði. Það var alltaf meiningin frá upphafi, að menn gætu farið í aðra skóla til þess að afla sér sérmenntunar í sérstökum greinum, sem lúta að fiskiðnaðinum. Það var talið eðlilegt að sækja þá menntun inn í hið almenna skólakerfi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru hér aðeins örfá orð. Ég hef ekki heyrt það fyrr, að sú hugmynd hafi verið rædd af alvöru í fiskiðnskólanefnd, að tengsl milli fiskiðnskóla og almenna skólakerfisins kæmu mjög verulega til greina. Hér er í raun og veru um alveg sömu hugmyndina að ræða og þá, sem ég var að lýsa sem minni persónulegu hugmynd á þessari stundu um beztu lausn málsins. Ég skal gjarnan athuga það betur, hvað um þetta hefur þegar verið rætt í fiskiðnskólanefnd, til þess að fara ekki að vinna það verk upp aftur, sem þar kann að hafa verið unnið. En mér þykir vænt um að heyra hv. þm. lýsa því, að þar hafa verið uppi mjög svipaðar hugmyndir og þær, sem ég var að lýsa til lausnar á málinu.

Að síðustu vil ég svo aðeins geta þess, að það er að sjálfsögðu engin ný bóla, að ágætir menn skipi n. og skili áliti, en till. þeirra séu ekki framkvæmdar, teknar upp af stjórnarvöldum. Það hefur gerzt í fjölda fjöldamörgum tilfellum og er alltaf að gerast og ber ekki að líta á það sem neitt vanmat á þeim mönnum, sem í n. hafa starfað eða till. hafa gert. Það kunna að vera önnur sjónarmið, sem ráða því, að stjórnvöld treysta sér ekki til þess að taka þeirra till. í aðalatriðum eða að öllu leyti óbreyttar upp á sína arma.

30. Álit háskólanefndar.

Á deildafundum 20. jan. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um álit háskólanefndar [144. mál, 3] (A. 241).

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Í septembermánuði s. l. skilaði svonefnd háskólanefnd skýrslu um störf sín og tillögum í sambandi við eflingu Háskólans fram til ársins 1980. Háskólanefnd var skipuð af menntmrh. í sept. 1966, og í n. sátu alls 11 menn, að ég hygg, og Jónas Haralz, sem þá var forstjóri Efnahagsstofnunarinnar, var formaður n. Sex prófessorar sátu í n., þar á meðal þáverandi rektor Háskólans, Ármann Snævarr, einn fulltrúi var frá stúdentaráði og auk þess áttu sæti í n. formenn menntmn. deilda Alþingis o. fl. Þó varla sé hægt að segja, að þetta nál. sé ákaflega ítarlegt, þá er það eigi að síður mjög greinargott og fróðlegt um margt.

Till. háskólanefndar eru í megindráttum mjög athyglisverðar, enda virðast þær að verulegu leyti sniðnar eftir þeim hugmyndum, sem efst eru á baugi í háskólamálum í öðrum lönd-

um. Ég hef lítillega borið till. háskólanefndar saman við samsvarandi álit og till. norskrar háskólanefndar, sem enn er að störfum, og sýnist mér eitt og annað svipað í till. beggja n., þó að annað kunni að vera þar ólíkt, eins og gengur. Það skiptir höfuðmáli í þessu sambandi, að till. háskólanefndar eru að meginstefnu skynsamlegar og ég held framkvæmanlegar. Það skiptir einnig máli og ber að viðurkenna, að háskólanefndin gerði sér grein fyrir, að Háskólinn, eins og hann er nú, verður að breytast, ef ekki á að verða alger stöðnun í starfsemi hans. Hinu er vart að leyna, að till. n. leysa ekki allan vanda, og því miður er ég hræddur um, að n. hafi hliðrað sér hjá að taka til meðferðar eitt og annað, sem vandasamt er úrlausnar, en krefst þó sannarlega úrbóta og umhugsunar, eins og t. d. kennslufyrirkomulagið í læknadeild Háskólans og viðhorf deildarinnar til læknaskortsins í landinu. En þrátt fyrir það er heildarstefnan í till. háskólanefndar athyglisverð og fyllilega þess virði, að hún verði tekin upp sem meginstefna í þróun Háskólans. Því höfum við hv. 2. þm. Reykn. leyft okkur að spyrja hæstv. menntmrh. þeirra spurninga, sem hér eru nú til umræðu.

Það skiptir afar miklu máli, að afstaða sé tekin til þessara till. sem allra fyrst. Háskólanefndin bendir á, að nauðsynlegt sé að taka afstöðu til till. svo tímanlega, að tillit verði tekið til þeirra við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár. Það, sem n. bendir aðallega á, er, að efling Háskólans verður að gerast stig af stigi næstu 10 ár og til þess að hægt sé að koma þeirri þróun áleiðis, verði að auka fjárveitingar til Háskólans jafnt og þétt í 10 ár. Enginn, sem nokkra nasasjón hefur af ástandinu í Háskólanum, getur verið í minnsta vafa um, að hér er sízt ofmælt. Háskólinn er á þeim tímamótum nú, að það verður að taka myndarlega á málum hans sem allra fyrst og alls ekki minna né síðar en háskólanefndin gerir ráð fyrir.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. N. sú, sem menntmrn. skipaði haustið 1966 til þess að semja áætlun um þróun Háskóla Íslands á næstu 20 árum, skilaði skýrslu sinni í lok sept. s. l. Í skýrslunni eru, svo sem kunnugt er, sett fram sjónarmið varðandi meginstefnu um eflingu Háskóla Íslands, að mestu miðað við tímabilið fram til 1980. Ríkisstj. fjallaði um skýrsluna þegar eftir að hún barst og samþykkti að beita sér fyrir framkvæmd tillagna n. í aðalatriðum. Í samræmi við þá ákvörðun var þegar í drögum að framkvæmdaáætlun ársins 1970, sem birt var sem fskj. með frv. til fjárl. fyrir árið 1970, gert ráð fyrir 30 millj. kr. framlagi til byggingar húsnæðis fyrir Háskólann. Er gert ráð fyrir því, að á næstu 4 árum verði 30 millj. kr. framlag á fjárl. árlega til bygginga í þágu Háskólans, og er það í samræmi við þá heildarfjárþörf, sem háskólanefnd gerði ráð fyrir. Jafnframt var skýrsla háskólanefndar með bréfi menntmrn. 21. okt. s. l. send háskólaráði og óskað álits og till. Háskólans um, hvernig unnið skuli að framgangi þeirra málefna, sem felast í niðurstöðum n. Er nú starfað að athugun þessara mála í Háskólanum. Sumar deildir Háskólans munu um það bil að ljúka athugunum sínum, en aðrar munu ljúka þeim í síðasta lagi í næsta mánuði. Mun ríkisstj. þá þegar taka till. Háskólans til athugunar og taka afstöðu til þeirra, áður en fjárlagafrv. fyrir árið 1971 verður samið.

Fjárveiting til Háskóla Íslands í fjárlögum 1970 nemur 60.8 millj. kr., og nemur hækkunin frá síðustu fjárl. 12.6 millj. kr. Fjárveiting til læknadeildar einnar hækkar um 2.9 millj. kr., og er tæpur þriðjungur þeirrar hækkunar bein afleiðing af nýjum reglugerðarákvæðum um endurskipun læknanámsins. Af innstæðum Happdrættis Háskóla Íslands við s. l. áramót eru a. m. k. 20 millj. kr. ráðstöfunarhæfar til nýrra framkvæmda, tækjakaupa og viðhalds. Miðað við sölu happdrættismiða í janúar 1970 og áætlaðar vaxtatekjur happdrættisins má gera ráð fyrir um 50% aukningu brúttótekna á þessu ári. Happdrættið getur því væntanlega lagt til Háskólans 38—40 millj. kr. af tekjum þessa árs, en það er um 10—12 millj. kr. hærri fjárhæð en var á árinu 1969. Er af þessum upplýsingum augljóst, að séð hefur verið fyrir því fé, sem háskólanefnd taldi nauðsynlegt á næstu 5 árum til bygginga í þágu Háskólans.

Fyrirspyrjandi (Ingvar Gíslason): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. svörin. Hann upplýsir, að ríkisstj. hafi tekið jákvæða afstöðu gagnvart till. háskólanefndarinnar, og er það vel, og skal ég ekki væna hæstv. ríkisstj. neitt um það, að hún hafi ekki gert það. Hins vegar skortir enn nokkuð á, að fyrir því sé séð, — og kannske er það að nokkru leyti vegna þess, að háskóladeildir eiga eftir að taka sínar ákvarðanir, — það sé fyrir því séð, að þessar till. komist í framkvæmd. Og ég vil í sambandi við þetta mál leggja á það höfuðáherzlu, að allir, sem hlut eiga að máli, sameinist um, að hraðað verði skipulegri áætlun um þróun Háskóla Íslands nú næsta áratug og þar tel ég að álit háskólanefndar sé ágæt viðmiðun og rétt að styðjast við það í öllum aðalatriðum.

Það er kunnara en frá þurfi að segja, að þegar á næsta hausti eru fyrirsjáanleg vandræði innan Háskólans varðandi námsval stúdenta. Stúdentafjöldinn fer vaxandi. Það eru æ fleiri, sem ljúka stúdentsprófi, en hinar hefðbundnu námsleiðir eru meira og minna lokaðar. Það er því brýn nauðsyn á því að opna nýjar námsleiðir í Háskólanum, námsleiðir, sem m. a. koma sem fyrst að raunhæfum notum fyrir þjóðfélagið eða eru í samræmi við kröfur og aðstæður nútímaþjóðfélags. Það er einmitt það atriði, sem háskólanefndin hefur lagt áherzlu á. Hún undirstrikar nauðsyn fjölbreytts háskólanáms og bendir með réttu á nauðsyn þess að tengja háskólanámið þörfum þjóðfélagsins fyrir hagnýta þekkingu á svo að segja öllum sviðum. Það væri illa farið, ef ráðamenn Háskólans og þar með talin ríkisstj. láta undir höfuð leggjast að fylgja till. háskólanefndar rækilega eftir, því að ekki verður séð,

að um sinn sé á öðru að byggja en því, sem hún hefur látið frá sér fara um þetta efni.

Málefni Háskólans eru í brennipunkti um þessar mundir, og þau krefjast skjótrar og skynsamlegrar úrlausnar. Meðal þess brýnasta í því sambandi er að leggja Háskólanum til meira fé, og það er nauðsynlegt, að fjárveitingar til Háskólans verði stóreflidar þegar á næsta ári og þær fari stórlega vaxandi á næstu árum. Það verður að efla kennslu og rannsóknaraðstöðu innan Háskólans. Það verður að stórauka byggingarframkvæmdir á vegum Háskólans. Það verður að bæta fjárhagsaðstöðu nemenda með auknum námslánum eða jafnvel námsstyrkjum og gera átak í byggingu stúdentagarða, sem er mjög brýnt verkefni og kemur inn í þetta mál. Þetta eru þau verkefni, sem við blasa, og þau eru leysanleg, ef skipulega er að unnið með markvissum áætlunum hæfilega langt fram í tímann. Verði ekki þegar í stað hafizt handa um framkvæmdir í þágu Háskólans, er stefnt út í algert öngþveiti, sem ekki verður úr bætt nema með afarkostum, sem þjóðin fær e. t. v. ekki risið undir, þegar þar að kæmi.

En við hæstv. menntmrh. vil ég segja það, að það er ekki nóg að skipa nefndir, — það upplýstist mjög svo í umr. um það mál, sem hér var rætt á undan, — og láta þær skila álitum, ef ekkert eða svo til ekkert er við álitin gert. Því miður er það allt of algengt hér hjá okkur, að það eru skipaðar nefndir og nefndirnar gera till., en þessar till. lenda gjarnan í glatkistu ríkisstj. og annarra ráðamanna. Því miður er þetta of algengt, og ég vil vona, að það fari ekki svo um þetta nál. háskólanefndar eins og um nál. frá fiskiðnskólanefnd, að það lendi í glatkistunni um það er lýkur, heldur hið gagnstæða, að þetta álit n. verði framkvæmt.

Sú hreyfing, sem komin er á málefni Háskólans fyrir tilstuðlan háskólanefndar, má ekki stöðvast. Að sjálfsögðu má sitthvað að álitinu finna. Það treysti ég mér til að gera. En að meginstefnu er álitið jákvætt og gæti orðið og er skynsamlegur grundvöllur þróunar í málefnum Háskólans, og það er höfuðatriðið.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gislason): Herra forseti. Mér sýndist þessi seinni ræða hv. flm. hafa verið undirbúin fyrir fram og miðuð við annað svar en það, sem ég raunverulega gaf. Mér heyrðist á henni, að hún væri miðuð við það, að ég vildi ekkert segja um það, hvort ríkisstj. hefði tekið ákvörðun um að framfylgja till. háskólanefndarinnar. Það gerði ég ekki. (Gripið fram í.) Já, það þykir mér vænt um að heyra. Þá skal ég láta niður falla það, sem ég annars ætlaði að segja, og er mér mikil ánægja að þurfa ekki að segja það.

Ég vil þá aðeins endurtaka það, sem ég sagði áðan, að ríkisstj. hefur þegar samþ. að framfylgja till. háskólanefndar í aðalatriðum og hefur þegar séð fyrir því, að það fé, sem háskólanefndin taldi nauðsynlegt til byggingar á næstu 5 árum, verði fyrir hendi. Við meiru er ekki hægt að búast af ríkisstj. á þessu stigi, þar sem henni hafa enn ekki borizt till. háskóladeildanna. En ég lýsti því yfir áðan, og ég skal lýsa því yfir aftur, að ég mun taka þær till. til athugunar strax og þær berast, og þær munu fá eðlilega meðferð, áður en fjárlög fyrir 1971 verða samin. Og ég get bætt því við, að á því tel ég ekki nokkurn efa, að við Háskólann verða opnaðar nokkrar nýjar námsleiðir þegar á hausti komanda. Ég hef fylgzt með störfum háskóladeildanna í þessum málum, þó að ég hafi ekki fengið formlegar till. enn, svo að það á ekki að þurfa að taka mjög langan tíma að taka afstöðu til þeirra, og niðurstaðan verður tvímælalaust sú, að opnaðar verða nokkrar nýjar námsleiðir þegar á næsta hausti.

Jón Skaftason: Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég vil láta í ljós mikla ánægju með skipan háskólanefndarinnar á sínum tíma og þær till., sem hún gerði, og með þær ákvarðanir, sem teknar hafa verið af hæstv. ríkisstj. til þess að fjármagna þær framkvæmdir, eins og hæstv. ráðh. skýrði hér frá. En í sambandi við þessar umr. vakna ýmsar spurningar í hugum manna um ástandið á öðrum menntunarsviðum í landinu, öðrum skólastigum en Háskólanum, og langar mig í því sambandi t. d. að spyrja hæstv. ráðh., hvort til sé nokkur áætlun um þróun tæknimenntunar í landinu, þ. e. þess hluta tæknimenntunarinnar, sem ekki fer fram í sjálfum Háskólanum. Er til einhver áætlun um byggingu menntaskóla almennt í landinu eða á það að gerast, að ákvarða stofnsetningu menntaskóla og byggingu menntaskóla á þann hátt, sem við höfum orðið vitni að hér á undanförnum árum í þinginu, að einstakir menn gangi fram með hagsmuni síns kjördæmis eða síns landshluta, sem ég vil ekki gera lítið úr, fyrst og fremst að leiðarljósi, og fái samþ. till. um stofnun menntaskóla hér og þar? Væri ekki eðlilegra, að uppbygging menntaskólanna færi fram eftir einhverju heildarkerfi, sem miðað væri við meginreglur og aðstæður, eins og þær eru á hverjum tíma í þjóðfélaginu?

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gislason): Herra forseti. Ég skal með ánægju svara þessari fsp. Á undanförnum árum hefur á vegum menntmrn. og með fjárhagsaðstoð frá Efnahags- og framfarastofnuninni í París verið unnið að allsherjar menntaáætlun fyrir Ísland. Ástæðan til þess, að Efnahags- og framfarastofnunin í París er aðili að þessu verki, er sú, að sú stofnun hefur látið sig þróun menntamála í aðildarríkjunum mjög skipta og lagt fram fé til þess, að slíkar áætlanir væru gerðar í mjög mörgum aðildarríkjanna, ekki öllum enn þá, en mjög mörgum þeirra. Það tókst samvinna milli menntmrn. og Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir nokkrum árum um framkvæmd þessa verks. Efnahagsstofnunin greiðir nokkurn hluta þess, en íslenzka ríkið greiðir samt langmestan hluta af kostnaðinum við þetta. Ótal sérfræðingar hafa að þessu verki unnið, en forustan hefur hvílt á herðum Torfa Ásgeirssonar hagfræðings, Wolfgangs Edelsteins, sem er starfsmað-

ur háskólans í Berlín, en hefur á undanförnum árum komið hingað a. m. k. tvisvar sinnum á ári vegna þessa verks, en auk þess unnið að því í starfstíma sínum í Berlín, og Jóhanns Hannessonar skólameistara. Þessu verki er nú um það bil að verða lokið. Skýrsla n. er um það bil að verða fullbúin til prentunar, og mun koma út á vegum menntmrn. og Efnahags- og framfarastofnunarinnar á næsta sumri. Hér er um mjög mikið rannsóknarstarf að ræða, — rannsóknarstarf á ástandinu eins og það hefur verið á undanförnum áratugum, eins og það er í dag og áætlanir og spádómar um framtíðina, þ. á m. ítarlegar áætlanir og spádómar um nauðsynlega þróun á einstökum sviðum íslenzka skólakerfisins, t. d. tækniskólasviðinu og menntaskólasviðinu.

Ég hygg, þegar þessi skýrsla verður komin út, og alþm. verður tvímælalaust send hún þegar eftir birtingu hennar, að hún muni geta orðið stjórnvöldum í menntamálum hinn nauðsynlegasti leiðarvísir — óhjákvæmilega nauðsynlegur leiðarvísir á næstu árum, ég þori ekki að segja áratugum vegna þess, hve breytingar verða örar á þessu sviði sem öðrum, en örugglega á þessum áratug. Og enginn vafi er á því, að hverjir sem það verða sem um stjórnvölinn halda í menntamálum á þessum áratug, þá munu þeir geta sótt geysilegan fróðleik í þessa skýrslu og haft geysilegt gagn af því verki, hinu mikla verki, sem þarna hefur verið unnið, einmitt til þess að komast hjá því, að um handahófsaðgerðir eða skyndiákvarðanir verði að ræða á þessum sviðum.

31. Hafnarmálefni.

Á 16. fundi í Sþ., 26. nóv., var útbýtt frá Ed.: **Fsp. til sjútvrh. um hafnarmálefni** [103. mál] (A. 122).

Á 19. fundi í Ed., 27. nóv., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 13 shlj. atkv.

Á 51. fundi í Ed., 5. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Við hv. 6. þm. Sunnl. höfum leyft okkur að bera fram fsp. á þskj. 122. Hún er á þessa leið: „Hvað líður rannsóknum á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu?"

Ég vil leyfa mér að fylgja þessari fsp. úr hlaði með örfáum orðum. Árið 1957 fór fram nokkur undirbúningsathugun á hafnarstæði við Dyrhólaey. Hafði Eysteinn Jónsson þáv. ráðh. forgöngu um þessa athugun. Síðan hafa stjórnvöld ekki, svo að vitað sé, gert neina sérstaka gangskör að því að fá úr því skorið með nauðsynlegum rannsóknum, hvort raunhæft sé að byggja á þessum stað við Dyrhólaey. Á árinu 1961 var samþ. á hv. Alþ. ályktun þess efnis, að ríkisstj. væri falið að láta fara fram rannsókn á möguleikum til hafnargerðar á þessum stað, og enn fremur sams konar rannsókn í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu. Síðan hafa af og til verið gerðar fsp., hvernig þessum málum væri komið, en ekki fengizt viðhlítandi svör.

Enn er fsp. fram borin um þetta sama efni. Í Landnámabók segir, að svæðið milli Hornafjarðar og Reykjaness hafi síðast orðið albyggt í landinu, því þar réð veður og brim landtöku manna fyrir hafnleysis sakir og öræfis. Allar götur fram á síðustu áratugi hefur strönd þessi búið við hafnleysi. Rætzt hefur nokkuð úr á vesturhluta suðurstrandarinnar með tilkomu hafnar í Þorlákshöfn, svo og hafnarlagfæringum ýmiss konar á Stokkseyri og Eyrarbakka. Áður fyrr var sjór sóttur á þessari hafnlausu strönd og eigi síður að austanverðu, svo sem í Mýrdal og fyrir Landeyjasandi. Þetta var að sjálfsögðu lífsnauðsyn, og ekki undankomu auðið að leita sér bjargar með fiskifangi. Undan landi voru hin fengsælustu fiskimið, en við stórkostlega erfiðleika var að etja. Sjóslysin voru tíð og mannfall mikið. Eigi að síður voru árar ekki lagðar í bát og sótt var meðan sætt var. Þetta var á fyrri tíð.

Það er ekki nema eðlilegt, að Vestur-Skaftfellingar færu snemma að huga að því, hvert ráð skyldi taka upp til hafnar- eða lendingarbóta. Á sýslufundi í Vestur-Skaftafellssýslu 1870 var því fyrst hreyft, hvort eigi væru tiltök að athuga um hafnargerð í Dyrhólaey. Hinir skaftfellsku bændur á sýslufundi sendu stjórnvöldum erindi þess efnis, að þau létu fram fara rannsókn á hafnarstæði við Dyrhólaey. En ekkert frekar varð um aðgerðir.

Árið 1901 skrifaði franskur hefðarmaður, sem hér í landi dvaldist nokkur ár og var kallaður baróninn á Hvítárvöllum, grein í blaðið Ísafold. Grein þessi fjallaði um útgerð togara. Í greininni ráðgerir hann, að gerðir verði út 16 togarar á vegum félags, sem stofnað yrði með erlendu fjármagni, ef leyfi fengist til veiða í landhelgi fyrir suðurströndinni. Um þessar mundir var Guðlaugur Guðmundsson sýslumaður þeirra Skaftfellinga og jafnframt þm. Vestur-Skaftfellinga. Hann varð strax mjög hrifinn af þessum bollaleggingum barónsins og fékk fylgi Skaftfellinga við þær. Flutti hann skömmu síðar á Alþ. frv. til l. um heimild til að veita undanþágu frá lögum um bann gegn botnvörpuveiðum. Þessi undanþága átti að gilda í 50 ár og snerta landhelgissvæðið út af Skaftafellssýslu. Taka átti fram í leyfisbréfi, þegar þar að kæmi, ýmis skilyrði, svo sem að bæta skyldi það tjón, sem fiskveiðar Skaftfellinga yrðu fyrir fyrir þessa sök, en þó var aðalskilyrðið hitt, að leyfishafi byggði trygga höfn við

Dyrhólaey. Umr. urðu harðar mjög um þetta mál og sviptingar miklar, og svo lauk, að frv. Guðlaugs Guðmundssonar var fellt með jöfnum atkv., 10 atkv. gegn 10. Var talið, að landshöfðingi sjálfur, Magnús Stephensen, sem var ættaður úr Rangárþingi, hefði fremur verið fylgjandi þessu frv. En mér er ekki kunnugt um það, hvort hann hafi greitt atkv., sennilega hefur hann ekki haft atkvæðisrétt. Í þetta skipti má segja, að þetta mál hafi komizt einna lengst. En því segi ég þessa sögu, sem er í allra stærstu dráttum sögð hér, að það sé ljóst, að hér hefur ekki verið um neitt yfirborðs- eða hégómamál að ræða á þeirri tíð, heldur hafi hugur fylgt máli og býsna langt seilzt til framdráttar því. Og þó að málið sé svo mjög til ára sinna komið, þá hygg ég og veit, að áhugi Skaftfellinga er hinn sami og þeim kappsmál, að til úrslita dragi um nauðsynlegar rannsóknir og niðurstöður á grundvelli þeirra. Og það, sem skiptir máli í dag, er að lokið verði sem fyrst rannsóknum á hafnarstæði á þessum slóðum, svo úr því fáist skorið, hvort framkvæmanleg sé hafnargerð og þá hvernig uppbygging hafnarinnar ætti að vera. Enn fremur að gerð verði kostnaðaráætlun. En það er fjarri því, að úrlausn um þessi atriði sé að nokkru leyti fengin. Og eins og ég sagði áður, þá hefur Alþ. fyrir löngu samþ., að nauðsynleg rannsókn skuli fram fara til athugunar á möguleikum á hafnarstæði þarna og við fyrirspyrjendur teljum það skyldu stjórnvalda að ganga úr skugga um það svo sem auðið er, hvort möguleikar kunni að vera til hafnarframkvæmda á þessum slóðum.

Í annan stað fjallar fsp. um sams konar rannsókn á hafnarstæði í Þykkvabæ. Þar í sveit var á sínum tíma útræði nokkurt og ekki talið ólíklegt, að vísu af leikmönnum, að þar mætti koma við hafnarbótum af einhverju tagi eða hafnargerð. En um það mál hefur ekki verið svo mjög rætt sem um hafnarmál við Dyrhólaey og eigi heldur svo gamalt í hettunni. Eigi að síður hefur um langa hríð verið vakandi áhugi í héraði um að hafizt yrði handa um rannsóknir á hafnarstæði í Þykkvabæ. Og ég hygg, að ég fari rétt með það, að fyrir allmörgum árum hafi verið gerðar athuganir á hafnarskilyrðum í Þykkvabæ, en á hverra vegum þær hafa farið fram, veit ég ekki til fulls; sjálfsagt munu einhver gögn finnast hjá opinberum aðilum, ef hugað væri að, og væri í raun og veru fróðlegt að fá vitneskju um það hjá hæstv. ráðh., hvort hann gæti komið við athugun um það atriði. Kannske hefur hann nú í dag það á færum sínum að veita upplýsingar að þessu leyti.

Sem sagt, það er um það spurt, hver rannsókn hafi farið fram á þessum tveimur stöðum að því er varðar möguleika á hafnarstæðum og hverjar séu niðurstöður þeirra rannsókna.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fsp. á þskj. 122 frá hv. 4. þm. Sunnl. og hv. 6. þm. Sunnl. um rannsóknir á möguleikum til hafnargerðar í Þykkvabæ í Rangárvallasýslu og við Dyrhólaey í Vestur-Skaftafellssýslu er út af fyrir sig eðlileg. Þessir hv. tveir þm. hafa áhuga á hafnargerð á Suðurlandi og einnig aðrir þm. Sunnlendinga og Sunnlendingar yfirleitt.

Það er ekki rétt, sem hv. fyrirspyrjandi sagði hér áðan, að það hefði ekkert verið gert í rannsóknum í þessu máli. Og ef hann hefði nú vitað raunverulega, að það hefði ekkert verið gert, þá hefði hann ekki þurft að koma með fsp. á hv. Alþ. til að spyrja um, hvað rannsóknunum liði. Það hefur nefnilega verið ýmislegt gert til rannsókna á þessu svæði og það held ég, að hv. 4. þm. Sunnl. viti, ef hann hugsar sig vel um. Og ég vil hér á eftir leitast við að gefa upplýsingar um það, hvað þessum rannsóknum líður. Ég hef beðið vitamálastjóra um grg. um þetta, hann þekkir þetta bezt. Rannsóknirnar hafa farið fram á vegum Vitamálaskrifstofunnar og vitamálastjóri hefur nú nýlega sent mér grg. um þetta, og með leyfi hæstv. forseta, vil ég leyfa mér að lesa orðrétt það, sem hann hefur um þetta að segja:

„Á vegum Vitamálaskrifstofunnar og Hafnamálastofnunar ríkisins hefur um árabil verið unnið að rannsóknum á hafnarstæði við Dyrhólaey. Það eru nú liðin mörg ár síðan fyrst kom fram hugmynd um byggingu hafnar við Dyrhólaey, en segja má, að hugmyndir manna hafi verið allóljósar um það, hvers konar höfn ætti þar að vera. Lengi var fyrst og fremst hugsað um fiskihöfn, þar sem gjöful mið eru stutt út af Mýrdalnum. Var þá aðeins hugsað um að gera slíkar endurbætur á ströndinni, að lending yrði auðveldari, en útgerð hefur verið stunduð úr Mýrdal við Dyrhólaey um langa hríð, þótt segja megi, að hún hafi að öllu leyti lagzt niður seinni árin. Hinar fyrstu athuganir leiddu strax í ljós, að mjög fjárfrekt yrði að gera viðunandi aðstöðu við eyna, þar sem bæði er við að eiga opið Atlantshafið og sömuleiðis feikilegan sandburð með ströndinni. Hafa allar athuganir leitt í ljós, að óhugsandi er með litlum tilkostnaði að gera þær umbætur á lendingu við Dyrhólaey, er nokkra þýðingu hefðu gagnvart útgerð eða siglingum. Hefur því verið lögð megináherzla á grundvallarrannsóknir í sambandi við mögulega hafnargerð við Dyrhólaey. M. a. hafa tveir stúdentar fengið það sem prófverkefni að gera tillögur að höfn við eyna. Verkefni þessi hafa verið unnin undir leiðsögn prófessora, sem báðir hafa nokkra þekkingu á íslenzkum staðháttum og þá staðháttum við Dyrhólaey sérstaklega.

Árið 1963 varð prófessor Per Brun, nú kennari við Tækniháskólann í Þrándheimi, starfandi sem sendikennari við Háskóla Íslands á vegum bandarísku Fulbright-stofnunarinnar, og var hann þá fenginn til að gera áætlun um þær rannsóknir, er gera þyrfti við Dyrhólaey með tilliti til væntanlegrar hafnargerðar þar. Nokkru áður eða 1957 voru hafnar mælingar við Dyrhólaey og var þá mælt hafsvæðið út af eynni. Sú mæling var endurtekin 1963, og þyrfti að endurtakast nú innan skamms og verður endurtekin. Í till. þeim, er prófessor Brun

gerði, var megináherzla lögð á grundvallarrannsóknir á þeim náttúruöflum, sem við er að etja við eyna. Er hér fyrst og fremst um að ræða mælingar á straumum, bylgju, vindi og sandflutningi. Þessum rannsóknum hefur verið sinnt nokkuð, og hefur nú verið fengið til landsins mælitæki til þess að mæla bylgjuhæð. Þetta mælitæki var uppi í Hvalfirði, en týndist í óveðrinu um daginn. Ég hef hins vegar lagt svo fyrir, að annað mælitæki verði keypt til landsins, sem kemur með vorinu, og verður það sett upp við Dyrhólaey í sumar og haft þar til prófunar. Þetta tæki var til reynslu í nágrenninu, á Reykjavíkursvæðinu, í mynni Hvalfjarðar, í sambandi við ferjuleið yfir Hvalfjörð eða milli Reykjavíkur og Akraness. Þá gerði prófessorinn tillögu um, að aflað yrði upplýsinga um byggingarefni til hafnargerðar í nágrenni við Dyrhólaey. Er hér um að ræða grjót til byggingar hafnargarða, svo og steypuefni. Þá gerði hann einnig tillögu um, að athugað yrði jarðvegsdýpi í nágrenni eyjarinnar. Hefur það verið gert.

Þá hefur prófessor Trausti Einarsson gert athuganir á breytingum suðurstrandarinnar með það fyrir augum að áætla sandflutninga út frá því sjónarmiði."

Það er ýtarleg grg. í *Tímariti verkfræðingafélagsins* 1966 eftir Trausta Einarsson um þetta efni, mjög ýtarleg, sem skýrir frá öllum þeim rannsóknum, sem hann hefur gert á sandflutningi meðfram suðurströndinni. Þetta er löng grein, og þar sem hún liggur fyrir í prentuðu máli, í Tímariti verkfræðingafélagsins 1966, tel ég ekki ástæðu til þess að lesa hana hér upp við þetta tækifæri, en greinin er fróðleg og gefur glögga mynd af ýmsu, sem við er að fást í sambandi við væntanlega hafnargerð á suðurströndinni.

„Niðurstöður athugana prófessors Bruns og hinna tveggja stúdenta eru í meginatriðum þessar:

Ef byggja skal höfn við Dyrhólaey, er nauðsynlegt að gera hafnargarða, en út á það mikið dýpi, að ekki sé veruleg hætta á, að úthafsöldu brjóti í hafnarmynninu. Var talið, að til þess þyrfti að fara út á 16 m dýpi, og lengd hafnargarðanna yrði þá 600–800 m. Gerð þessara garða yrði mjög kostnaðarsöm eins og gefur að skilja, þar sem vinna þarf fyrir opnu Atlantshafinu og á miklu dýpi. Lítur því út fyrir, að meginkostnaður við hafnargerð við Dyrhólaey yrði gerð hafnargarðanna, þar sem aðstæður til að gera hin innri mannvirki, þ. e. a. s. bryggjur og viðlegukanta, virðast í meðallagi góðar.

Aðeins mjög lauslegar kostnaðaráætlanir hafa verið gerðar um þessi mannvirki, enda erfitt að gera nákvæmlega grein fyrir kostnaðinum, þar sem meginhluti hans yrði háður öflun stórgrýtis til garðanna, en kostnaður við það er mjög háður aðstæðum og flutningavegalengdum. Rannsóknum á því atriði er hvergi nærri lokið. En óhætt er að segja með þeirri reynslu, sem er á gerð hafnargarða úr grjóti annars staðar á landinu, að lágmarkskostnaður við gerð hafnarmannvirkja við Dyrhólaey mundi skipta mörgum hundruðum millj. kr. Lægstu tölur, sem nefndar hafa verið í því sambandi, eru 500 millj. og tel ég það það allægsta, sem búast má við.

Sjálfsagt tel ég að halda áfram rannsóknum á hafnarstæðinu við Dyrhólaey, enda má telja, að þeim mun meiri og betri upplýsingar sem fyrir liggi, þeim mun auðveldari og hraðari geti endanleg áætlunargerð og framkvæmdir orðið, ef til þyrfti að taka. Jafnframt því, sem rannsóknir á hafnarstæðinu við Dyrhólaey eru mikilsverðar vegna byggingar hafnar þar, þá eru þær einnig mjög mikilsverðar vegna allrar annarrar hafnargerðar á sunnanverðu landinu og auk þess mikilvægur þáttur í almennri könnun á bylgjum og sandburði við suðurströndina."

Þetta er það, sem vitamálastjóri hefur að segja um hafnargerð við Dyrhólaey og þær rannsóknir, sem fram hafa farið, og auk þess liggur fyrir það, sem ég minntist á áðan, umsögn og greinargerð Trausta Einarssonar prófessors. Það verður því ekki hægt að segja, að ekki hafi verið unnið nokkuð að rannsókn á hafnargerð við Dyrhólaey. En fullnaðarrannsóknum er ekki lokið, m. a. vegna þess, að ekki hefur verið reiknað með því, að ráðizt yrði í þessar framkvæmdir alveg strax kostnaðarins vegna. Og það er alveg ljóst, að áður en hafizt verður handa um hafnargerð í Dyrhólaey, þarf að fá samþykkta löggjöf um landshöfn þar.

Það er alveg útilokað, að Vestur-Skaftfellingar — og jafnvel þótt fleiri Sunnlendingar væru með — gætu tekið að sér að gera þessa höfn eftir hafnalögunum og borga þannig stóran hluta af kostnaði við hafnargerðina. Það þarf fyrst að fá samþykkta löggjöf um landshöfn, áður en höfn við Dyrhólaey getur orðið að veruleika. Ég segi það enn, það væri vitanlega mikil lyftistöng fyrir héruðin að fá þessa höfn, en umfram allt verðum við fyrst að fá löggjöf um landshöfn.

Hv. 4. þm. Sunnl. minntist hér á þátt Guðlaugs sýslumanns og barónsins á Hvítárvöllum, og enginn vafi er á því, að Guðlaugur sýslumaður var mikill athafnamaður og áhugamaður um framfaramál Vestur-Skaftfellinga, en það hafa einnig verið í Vestur-Skaftafellssýslu og á Suðurlandi fleiri áhuga- og dugnaðarmenn, sem hafa viljað beita sér þar fyrir framkvæmdum. En hafnargerð í Dyrhólaey hefur samt sem áður ekki orðið að veruleika, og það er í hreinskilni sagt vegna kostnaðarins og þeirrar aðstöðu, sem við er að búa.

Þá er það Þykkvibær. „Hvað varðar hafnargerð í Þykkvabæ," segir vitamálastjóri, „þá hafa af hálfu Íslendinga engar rannsóknir farið þar beinlínis fram aðrar en athuganir á sandburði við suðurströndina í heild, eins og ég minntist á áðan. Hins vegar voru af ameríska varnarliðinu gerðar nokkrar athuganir á árunum kringum 1950 á byggingu hafnar við Þykkvabæ. Til eru frá þeim tíma allgóðar sjómælingar af svæðinu nær ströndinni á milli Holtsóss og Þjórsáróss. Benda lauslegar athuganir til þess, að mjög mikill sandburður sé á

þessu svæði jafnframt því sem útgrynni er þar mjög mikið.

Eins og áður sagði í sambandi við Dyrhólaey, má gera ráð fyrir, að ef höfn ætti að vera sæmilega trygg, yrðu hafnargarðar að ná út á a. m. k. 15—20 m dýpi. Við Dyrhólaey eru um 600 m út á 16 faðma dýpi, en við Þykkvabæ virðast vera a. m. k. 1000 m út að tilsvarandi dýptarlínu. Það er því auðséð, að hafnargarðar í Þykkvabæ yrðu alltaf tvöfalt lengri en í Dyrhólaey og ekki vitað um neina grjótnámu þar í nágrenninu, þannig að búast má við, að hafnargerð þar yrði sýnu dýrari heldur en í Dyrhólaey. Til þess að hafa sem gleggsta mynd af hafnarskilyrðum og möguleikum til hafnarbygginga á suðurströndinni, tel ég, að eðlilegt sé, að haldið verði áfram þeim frumrannsóknum, sem þegar eru í gangi, og hyggst ég á yfirstandandi ári nota nokkurn hluta af því fé, sem veitt er til almennra hafnarrannsókna, í þessu skyni, en það verður varið talsverðum hluta af því fé þar núna. Telja má, að flestar þær athuganir, sem gerðar eru á öðrum staðnum, séu einnig í gangi fyrir hinn."

Í stuttu máli má segja, að á báðum áðurnefndum stöðum, við Dyrhólaey og í Þykkvabæ, séu möguleikar til hafnargerðar, en kostnaðurinn er mjög mikill, og ef gizkað er á, að hafnargerðin í Dyrhólaey kosti 500 millj., eins og vitamálastjóri telur að sé lágmark, þá kostar höfn í Þykkvabæ 800—1000 millj. Það er vitanlega sjálfsagt að rannsaka þetta eins og hægt er. En ég er hræddur um, að það sé eins með Þykkvabæ og Dyrhólaey, að ef hefjast ætti handa með hafnargerð þar, yrði að fá lög um landshöfn, áður en hægt væri að hefjast handa, því þótt Rangárvallasýsla sé helmingi fjölmennari en Vestur-Skaftafellssýsla, þá er ég viss um, að hún er ekki fær um að taka á sig þann hluta, sem hún þyrfti að greiða samkv. hafnalögum fyrir slíka hafnargerð. Þetta er sjálfsagt að taka allt saman með í reikninginn, og ég held, að það væri gott, ef hv. fyrirspyrjandi vildi, — ég sé, að hann hefur verið að skrifa svolítið hjá sér og ætlar kannske að gera einhverjar aths. við það, sem ég hef sagt, — það væri fróðleikur að vita það, hvora höfnina hann metur meira, hvort það ætti frekar að byrja í Dyrhólaey eða í Þykkvabæ. Rannsóknirnar verða látnar fara fram eftir því, sem fé er fyrir hendi, og við þá höfnina, sem á að verða á undan, þarf að flýta rannsóknum. Ég vil hafa góða samvinnu við hv. fyrirspyrjanda og því væri gott að heyra álit hans á því, hvor höfnin ætti að ganga fyrir.

Hv. fyrri fyrirspyrjandi vitnaði í það áðan, hvernig þetta hefði verið fyrr á árum við suðurströndina. Þá minntist ég þess, sem ég hef lesið í sögum, að Ketill hængur sigldi í Rangárós og lagði skipi sínu á Tóftum, þar sem Hrafn lögsögumaður fæddist. Og vissulega væri það gaman að vinna að hafnargerð á þessum stað, og vissulega er þetta mál þess virði, að það sé kannað. En það væri algerlega óraunhæft að viðurkenna ekki þá erfiðleika, sem yfir þarf að stíga til þess að geta gert þetta að veruleika. Það er kostnaðurinn. Möguleikar eru til þess að framkvæma verkið, ef peningar eru fyrir hendi. Enginn vafi er á því, að með nútímatækni er það mögulegt. En fjármagnið vantar, og jafnvel þó að fjármagnið væri fáanlegt mundi verða að því spurt, hvernig svona höfn gæfi arð, hvort það fengist arður af því fjármagni, sem í framkvæmdirnar væri látið.

Herra forseti. Ég vona, að ég hafi nú svarað þessari fsp. nokkurn veginn, og hv. fyrirspyrjendur séu nú sannfærðir um það, að stjórnvöldin hafa látið rannsóknir fara fram, viðtækar rannsóknir, þegar rannsóknir prófessors Trausta Einarssonar eru einnig teknar með, en að sjálfsögðu er rannsóknum ekki enn að fullu lokið, þannig að það yrði hægt að hefjast handa við hafnarframkvæmdir, ef peningar væru fyrir hendi. En ég vil lofa hv. fyrirspyrjendum því, að þessum rannsóknum verður haldið áfram og m. a. því að láta bylgjumæli, sem verður fyrir hendi á næsta vori, fara austur til þess að mæla strauma og styrkleika úthafsbylgjunnar.

Fyrirspyrjandi (Björn Fr. Björnsson): Herra forseti. Ég þakka að sjálfsögðu hæstv. ráðh. hlutlægar og tiltölulega greinargóðar upplýsingar varðandi fsp. En mér þótti það ljóður á ráði hans í upphafi ræðunnar, að hann skyldi halda því fram, að ég hefði sagt í minni ræðu, að ekkert hefði verið gert. Það sagði ég ekki. (Gripið fram í.) Já, þetta var misheyrn hæstv. ráðh., og þá ræðum við ekki meira um það. En hitt er allt annað mál, að nú er komið í ljós, að rannsóknir hafa ekki endanlega átt sér stað á þeim tveimur stöðum, sem um getur í fsp. og um er rætt hér, og kannske er ekkert við því að segja. Vitamálastjóri segir í sinni grg., að nauðsyn sé að halda uppi frekari rannsókn á þeim svæðum, ekki aðeins vegna þessara tveggja staða heldur og vegna annarra atriða, að því er varðar eðli strandarinnar, öldugang o. s. frv. Einnig er það ljóst og okkur fyrirspyrjendum var það, áður en við lögðum fsp. fram, að þetta hvort tveggja eru stórmál og úr vöndu að ráða. En mín ætlun var sú, þegar ég ýtti ásamt hv. 6. þm. Sunnl. þessari fsp. úr vör, að fá upplýsingar um það, á hvaða stigi rannsóknir væru og hvort þær væru komnar svo langt, að stjórnvöld gætu skorið úr því að sínu leyti, hvort raunhæft væri að byggja hafnir á þessum stöðum, og stjórnvöld þurfa að minni hyggju að sjálfsögðu fyrst og fremst að gera það upp við sig, á hvorum staðnum réttara og eðlilegra er að hefja hafnargerð, ef að því ráði yrði horfið.

Rétt er það hjá hæstv. ráðh., að kostnaðurinn hlýtur að verða stórfelldur og héruðunum, sem þarna er um að ræða, er það algerlega um megn og ókleift að standa að sínum hluta, eins og lögum um hafnargerðir er háttað, og þess vegna þyrfti að sjálfsögðu lög um landshöfn, á hvorum staðnum sem er. Það er rétt. En ég hygg, að það sé þarflaust af minni hálfu að ræða frekar um ræðu hæstv. ráðh. Hann, eins og ég gat um, hefur gefið hér hlutlægar upp-

lýsingar, hvernig þessi rannsóknarmál standa, og ég get vel fallizt á það, að frekari rannsókna sé þörf og athugana um það, hvort leggja beri og hvernig leggja beri í hafnargerð á þessum stöðum og hvers konar hafnir þar ættu að vera í uppbyggingu. En vegna þess, eins og hæstv. ráðh. veit, að áhugi er mikill uppi í héruðunum um að fylgzt sé vel með þessum málum, og rannsóknir eigi sér stað og þeim ljúki, þá var fsp. fram borin, og ég hygg, að það megi róa okkur alla, ef vitamálastjóri og ríkisstj. halda áfram þeim rannsóknum, sem nú eru hafnar.

Hæstv. ráðh. vék að mér nokkrum orðum á þá lund, að hann óskaði eftir svari mínu við því, hvora höfnina ég vildi láta ganga fyrir. Ef ég hefði sjálfdæmi um það algerlega, gæti vel verið, að ég hefði svar á takteinum þegar í stað, en mér finnst rétt, að ég bíði eftir áliti stjórnvalda um það, hvor staðurinn, að undangenginni frekari rannsókn mála, væri tilkippilegri, og ætla að bíða og sjá til, hver endanleg rannsókn verður og hvað stjórnvöld leggja helzt til.

Karl Guðjónsson: Herra forseti. Það er orðið langt um liðið síðan Alþ. samþykkti að skora á ríkisstj. að láta fram fara þær athuganir á hafnarstæðum við suðurströndina, sem hér er verið að spyrjast fyrir um árangur af. Og af því að hæstv. ráðh. varð það að ætla fyrri fyrirspyrjanda, að hann teldi, að lítið hefði verið aðhafzt í þessu, þá skal ég gangast við því, að þegar ég spurðist seinast fyrir um þetta mál, þ. e. a. s. hafnarstæðið við Dyrhólaey, — það hefur líklega verið fyrir einum 7—8 árum, — þá fékk ég þau svör, að þær framkvæmdir, sem taldar voru eiga að miða í þá átt að komast einhverju nær um raunveruleikann í málinu, voru nánast þess eðlis, að ég ályktaði, að ekkert hefði verið gert. Það á ekki við núna. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, að þær upplýsingar, sem hæstv. ráðh. gaf, séu þess eðlis, að ekkert hafi verið gert. Nú gegnir hér sem sagt allt öðru máli heldur en þá var.

Það er augljóst mál, að þótt rannsóknirnar, sem ráðh. greindi hér frá, séu ekki mjög ýtarlegar, þá er hér um svo dýrar framkvæmdir að ræða, að hlutverk hafna á þessum stöðum yrði að vera ærið mikið, til þess að réttlætanlegt væri, eins og ráðh. reyndar drap á, að leggja þetta fé í hafnargerð á þessum stöðum. Það skal ég fúslega viðurkenna.

Þótt ráðh. beindi nú að vísu ekki til mín þeirri fsp., sem hann lagði fyrir fyrra flm. fsp., hvora höfnina hann teldi að ætti fremur að byggja að fengnum þeim upplýsingum, sem ráðh. lagði fyrir, hvernig sem menn meta nú traustleika þeirra, þá vildi ég gjarnan svara þessu máli að mínu leyti. Ég tel, að næsta stigið í hafnarmálum Sunnlendinga ætti ekki að vera að ákveða hafnargerð við Dyrhólaey eða í Þykkvabæ á þeim forsendum, sem rannsóknirnar hafa beinzt að. Ég tel, og flutti enda ásamt hv. 4. þm. Sunnl. till. á síðasta þingi um að skora á ríkisstj. að hefja rannsókn á þriðja möguleikanum, sem mér býður í grun að muni taka þessum tveimur möguleikum fram. Úr því koma rannsóknir væntanlega til með að skera. Ég ætlaði að endurflytja og mun að þessum upplýsingum fengnum standa að því að flytja þessa till. að nýju. Hún er um að skora á ríkisstj. að láta fram fara athugun á hafnargerð í Þjórsárósi. En eins og við allir könnumst við, eru uppi miklar hugmyndir um þessar mundir um að auka vatnsmagn Þjórsár með því að veita í hana öðrum ám og stórum, sem nú falla til sjávar í öðrum landshlutum, jafnvel öðrum landsfjórðungum. Ég er þess vitandi, að ýmsar af stærstu höfnum í Evrópu, á vesturströnd Evrópu, eru ýmist í ármynnum eða uppi í ám. Ef teknar eru sem dæmi hafnir eins og Antwerpen í Belgíu eða Rotterdam í Hollandi, þá eru þetta hafnir, sem standa við sendnar strendur og brimasamar, en vatnsmagn þeirra fljóta, sem þær standa við, virðist hreinlega vinna bug á úthafsöldunni allflesta daga árs og sömuleiðis hafa áhrif á sandburð við þessar strendur, með því að straumur þeirra er það sterkur, að vandamálið verður ekki eins stórkostlegt á þessum svæðum og þar sem annaðhvort minni eða alls engar ár falla til sjávar. Ég er þeirrar skoðunar, að næsta verkefnið í hafnarmálum Suðurlands sé að kanna það af gaumgæfni, hvers konar hafnarstæði sé hugsanlegt í mynni Þjórsár, og allra frekast með tilliti til þess, hvað það mundi bæta hafnarskilyrðin, ef vatnsmagn Þjórsár yrði aukið verulega.

Ég vil sem sagt láta þetta koma fram og það, að till., sem hér var flutt í fyrra, um rannsókn á hafnarstæði í Þjórsármynni, er ekki komin fram, er beinlínis vegna þess, að við flm. biðum eftir því að fá upplýsingar um það, hvað rannsóknir, sem gerðar hafa verið á þessum tveimur svæðum, sem hér hafa verið til umr., eru langt komnar og hversu álitlegar þær væru. Að þessum upplýsingum fengnum verð ég að segja, að upplýsingarnar, sem fyrir liggja, eru ekki jákvæðari en svo, að ég tel, að það eigi að ráðast í þriðju rannsóknina af mikilli alvöru.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það eru aðeins nokkur orð, en alls ekki til þess að gera aths. við það, sem hv. fyrirspyrjendur hafa sagt. Þegar hv. 6. þm. Sunnl. talar um Þjórsárós, þá er það út af fyrir sig alveg eðlilegt, að honum detti hann í hug. En ég vil minna á, að þegar verið var að rannsaka hafnarstæðið í Þykkvabæ 1950, þá fór rannsóknin fram á svæðinu frá Holtsósi til Þjórsáróss, rannsóknin beinist þarna að allri strandlengjunni. Og ég minnist þess, að það voru amerískir hermenn þarna, — þeir héldu til á Hellu um þetta leyti. Þeir sögðu vera alveg eins úti í Þjórsárós eins og austur í Rangárós.

Ég get lýst því yfir í tilefni af því, sem hv. 6. þm. Sunnl. sagði hér áðan, að ég mun skrifa vitamálastjóra og beina því til hans, að sú rannsókn, sem fer fram í sambandi við hafnargerð í Þykkvabæ, verði jafnframt látin fara fram í Þjórsárósnum, ef það skyldi reynast

betra hafnarstæði. Þetta er sem sagt alveg á sama stað, og það hefur ekki verið markaður neinn bás fyrir þessa hafnargerð a. m. k. á svæðinu frá Rangárósi til Þjórsáróss. Hvort þetta nægir eða ekki, það verður hv. 6. þm. Sunnl. að meta. Að sjálfsögðu flytur hann till., ef hann telur það henta, en ég vil nota tækifærið og láta hv. þm. vita af því, að ég mun skrifa vitamálastjóra og leggja fyrir hann að beina rannsókninni að Þjórsárósi um leið og Þykkvabæjarhöfninni.

32. Veiðiréttindi útlendinga í laxveiðiám landsins.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til landbrh. um veiðiréttindi útlendinga í laxveiðiám landsins [173. mál, 2] (A. 367).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 367 að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hve margir útlendingar hafa fengið veiðileyfi í laxám landsins árin 1967, 1968 og 1969?

2. Með hvaða hætti á leigan sér aðallega stað?

3. Hve mikið var greitt fyrir þessi veiðileyfi eða leigu í laxám í erlendum gjaldeyri s. l. 3 ár (hvert fyrir sig)?"

Ég vil aðeins gera örlitla grein fyrir því, af hverju ég ber þessa fsp. fram, svo að menn átti sig á því, hvað hefur verið að gerast í þessum málum undanfarið.

Ásókn erlendra sportveiðimanna í íslenzk veiðivötn og ár hefur svo sem kunnugt er margfaldazt á síðustu árum, einkum þó og sér í lagi á s. l. ári, og er aðalorsökin talin sú fjármálaþróun, sem átt hefur sér stað í landinu sjálfu. Veiðileyfi þau, sem íslenzkum veiðimönnum þóttu meira en nógu dýr, eru nú orðin smávægileg og lítils virði í augum útlendra veiðimanna, er jafnkostamikil veiðivötn eru á boðstólum og íslenzku árnar og vötnin. Hinir erlendu sportveiðimenn hafa því í æ ríkara mæli reynt að tryggja sér aðstöðu og aðgang til sportveiða hér á landi, ýmist beint í gegnum veiðiréttareigendur sjálfa, ferðaskrifstofurnar, einstaka fjársýslumenn, er tekið hafa íslenzkar ár og vötn á leigu með það höfuðsjónarmið fyrir augum að endurselja þau útlendingum í gróðaskyni, og svo loks hafa þessir menn að einhverju leyti fengið eitt og eitt veiðileyfi í gegnum félagasamtök stangaveiðimanna. Þessi þróun veiðimála á íslenzkum ám og vötnum hefur og leitt til þess, að leigan fyrir þau hefur stórhækkað, jafnvel tvöfaldazt sums staðar, svo að búast má við, að íslenzkir sportveiðimenn verði utan gátta og útilokaðir frá því í framtíðinni að veiða lax og silung á stöng í landi sínu, ef þessi þróun heldur áfram eftirlitslaus. Vitað er, að Seðlabanki Íslands hefur undanfarna mánuði reynt að afla sér tæmandi og viðhlítandi upplýsinga um leigu veiðivatna til útlendinga og gjaldeyristekjur í því sambandi, en orðið furðulítið ágengt í þeim efnum, jafnvel þótt leitað hafi verið víða til fanga.

Nú skal það hins vegar skýrt og afdráttarlaust tekið fram í þessu sambandi, að sízt er við því að amast, að þjóðinni áskotnist góðar gjaldeyristekjur af þessum viðskiptum við hina erlendu sportveiðimenn. En landslög mæla skýrt og afdráttarlaust svo fyrir, að mönnum beri skylda til að gera grein fyrir gjaldeyristekjum sínum, og í þeim efnum eru hvorki bændur, stangaveiðimenn, ferðaskrifstofur né aðrir undanþegnir. Ég tel rétt og sjálfsagt í sambandi við fsp. að drepa á leigu einstakra áa, þó að það verði ekki tæmandi, því að tíminn er stuttur.

Laxá í Kjós, sem undanfarin ár hefur verið leigð Stangaveiðifélagi Reykjavíkur og það félag gætt mikillar fiskræktar í ánni, hefur nú nýverið fallið úr leigu til Stangaveiðifélags Reykjavíkur, en hins vegar verið leigð tveimur einstaklingum fyrir helmingi hærra verð en áður var eða yfir 100% hækkun, í þeim eina tilgangi, svo sem augljóst er, að endurleigja ána til útlendra sportveiðimanna og varnarliðsmanna á þessu ári. Þetta dæmi eitt út af fyrir sig er táknrænt um hugsanagang og aðstöðumun í leigumálum veiðimálanna. Stærsta og fjársterkasta stangaveiðifélag landsmanna með yfir 1000 félaga að bakhjarli og yfirgripsmikla fiskræktarstarfsemi telur sig ekki hafa bolmagn til að keppa um eina fengsælustu laxveiðiá landsins við tvo einstaklinga, sem ætla sér vitanlega að hagnast á því með endurleigu til útlendinga.

Laxá í Leirársveit, en formaður veiðifélags árinnar kvað vera sjálfur formaður Landssambands veiðifélaganna, var á s. l. ári, með sérstökum samningi, afhent kunnum laxveiðimanni, Kristjáni Sigurmundssyni, í Reykjavík með það fyrir augum að gefa honum tækifæri til 1. marz 1970 að endurleigja ána útlendingum. Tækist hins vegar Kristjáni ekki þessi starfsemi, þannig að við mætti una, voru leigusalar lausir allra mála við Kristján með það auðvitað fyrir augum að geta þá snúið sér aftur að fyrri leigjendum sínum, þ. e. innlendum sportveiðimönnum, og notað peninga þeirra til framfæris. Hér er um svo einstakt tilfelli í leigu íslenzkra veiðivatna að ræða, að það á sér sennilega enga hliðstæðu. Félag innlendra stangaveiðimanna, sem leigt hefur þetta veiðivatn fyrir hátt gjald á undanförnum árum og nýtt ána skynsamlega og vel, er sett skör lægra

en maðurinn, sem hafði fengið veiðileyfi hjá þeim og nú bauðst til þess að leigja ána útlendingum, auðvitað fyrir hærra verð, og þá sjálfur að sjálfsögðu í hagnaðarskyni. Þetta er enn eitt dæmi um það, að íslenzkir stangaveiðimenn eru taldir 2. flokks viðsemjendur.

Þverá í Borgarfirði var á síðasta ári leigð ungum lögfræðingi, sem ásamt fleirum átti veiðiréttindi að ánni, fyrir stórhækkað leigugjald frá því sem áður var, enda með bankatryggingu að bakhjarli. Fleira mætti segja um þessa á. En ég ætla að nefna hér nokkur önnur dæmi, sem þekkt eru.

Um nokkurt árabil hefur Englendingurinn Cooper haft leigu af Vatnsdalsá í Austur-Húnavatnssýslu og til þess fengið leyfi íslenzkra yfirvalda. Þar er um samning til lengri tíma en þriggja ára að ræða. Virðist nú ljóst og yfir allan vafa hafið, að Cooper hafi ekki tekið ána á leigu til þess eins að stunda þar sjálfur veiðar eða bjóða þar til veiða nokkrum vinum sínum, heldur til þess að selja erlendum aðilum leyfi til veiða í ánni. Hafa leyfi þessi verið föl í Bretlandi og jafnvel auglýst þar. Mun Cooper nú hafa sótzt eftir leigu á efri hluta Þverár í Borgarfirði, og virðist augljóst, að leigutakinn erlendis sé nú að færa út kvíarnar, væntanlega með sams konar hagnýtingu Þverár fyrir augum og Vatnsdalsár. Í eðli sínu er starfsemi Coopers í því fólgin að taka á leigu íslenzkar ár eða hlunnindi og endurleigja að meiri eða minni hluta erlendis. Felst í þessu ýmiss konar starfsemi, sem virðist orka tvímælis. Má til nefna gefnar upplýsingar um veiðiaðstöðu, veiðilíkur, móttöku erlendra ferðamanna, útvegun húsnæðis til gistingar, auk leiðsögu við veiðistaði og ýmsa aðra þjónustu. Verður ekki annað séð en hér sé Cooper að fara inn á svið ferðaskrifstofa landsins, sbr. 1. gr. laga um ferðamál og jafnvel alla 4 liði þeirrar greinar. Þá er önnur hlið á þessu máli Coopers, sem telja verður mjög athugaverða, ef ekki fara með öllu í bága við reglugerðir um gjaldeyrismál og jafnvel atvinnurekstur. Virðist leigutakinn vera að selja erlendis aðgang að íslenzku veiðivatni fyrir verð, sem íslenzk yfirvöld hafa jafnvel hvorki aðstöðu til þess að sannreyna né fá að fylgjast með, eftir því sem bezt er vitað.

Því miður er dæmið um Cooper ekki einsdæmi. Nýlega hefur annar brezkur maður tekið á leigu umfangsmikil veiðisvæði, Hofsá í Vopnafirði. Mun fyrirkomulag á starfsemi hans í flestu líkt eða eins og um getur við Vatnsdalsá, og nú virðist eiga að ná til fleiri veiðivatna, sbr. nýgerða samninga um Þverá. Í stuttu máli virðist ljóst, að eins og sakir standa hafi erlendir aðilar víðtæka möguleika á því að bjóða í íslenzk veiðivötn, taka þau á leigu og endurselja veiðileyfi, án nauðsynlegs eftirlits og heimilda, erlendis. Svarar þetta í raun og veru til þess, að þeir taki að sér hlutverk heildsalans í þessum málum, en gegni jafnframt hlutverki smásalans erlendis. Mun þetta sennilega án fordæmis á öðrum sviðum íslenzka viðskipta- og fjármálalífsins.

Þá er önnur þróun hafin í innlendum árleigum, sem virðist ákaflega varhugaverð og stefnir í þá átt, að innlendir einstaklingar taki á leigu ár í þeim tilgangi einum, eða fyrst og fremst, að selja veiðiréttindi í þeim á erlendum markaði. Virðist sú sala og starfsemi öll vera eða eiga að vera mjög í sama dúr og fyrr greinir um starfsemi Coopers. Á s. l. vori gerði þannig einstaklingur hér í Reykjavík sérstakan samning um Laxá í Leirársveit, eins og áður var minnzt á.

Þar sem tími minn er á þrotum, vil ég aðeins undirstrika það, að hér hlýtur það að vera frumskilyrði til þess, að Íslendingar sjálfir og þá ekki sízt veiðiréttareigendur, bændurnir sjálfir, njóti ávaxtanna af heimsókn erlendra veiðimanna, að smásala veiðiréttinda fari fram á þeirra vegum. Það er sú ósk og það skipulag, sem ég tel að eigi að vera á þessum málum. Bændunum sjálfum veitir sannarlega ekki af því að fá sem mest fyrir sinn snúð, fyrir sín leiguréttindi, en þau gangi ekki kaupum og sölum erlendis.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Ég vil leitast við að svara þessum fsp., sem hér eru fram komnar, þótt það sé ekki auðvelt með stuttum fyrirvara.

Ég vil í byrjun minna á, að samkv. 1. gr. laga nr. 19 frá 6. apríl 1966 þarf leyfi ráðh., til þess að erlendir ríkisborgarar megi leigja veiðiréttindi í ám og vötnum. Þó þarf eigi leyfi til leigu veiðiréttinda um þriggja ára tímabil eða ef uppsögn er áskilin með eigi lengri en eins árs fyrirvara.

Á undanförnum þremur árum hefur aðeins ein beiðni borizt um leyfi til að leigja erlendum aðila stangaveiði í íslenzkum veiðivötnum. Í októbermánuði 1967 óskaði veiðifélag Hofsár í Vopnafirði leyfis rn. til að gera samning við brezkan mann, McDonald að nafni, til 7 ára um alla stangaveiði í Hofsá og Sunnudalsá. Áður hafði veiðifélagið auglýst eftir tilboðum í veiði í þessum ám. Veiðifélaginu barst eitt tilboð frá nefndum McDonald. Samningsuppkastið var sent veiðimálanefnd og veiðimálastjóra til athugunar, og mæltu þessir aðilar með samningsgerðinni. Eins og málsatvikum var háttað, leyfði rn. veiðifélagi Hofsár að gera framangreindan leigusamning.

Nokkrum árum áður hafði verið gerður leigusamningur við enskan mann um Vatnsdalsá, eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda áðan.

Í sambandi við leiguna á Hofsá frétti ég það á s. l. sumri, að veiðin í Hofsá hefði minnkað mjög mikið að undanförnu og bændurnir þar eða veiðiréttareigendur þar eystra teldu sig heppna að hafa gert þennan leigusamning. Ég hef einnig heyrt, að veiðiréttareigendur við Vatnsdalsá séu mjög ánægðir með þá samninga, sem þeir hafa gert við þann enska mann, sem þar er. Seinna hefur svo verið boðið hátt verð í Laxá í Leirársveit, Þverá í Borgarfirði og Laxá í Kjós, en það eru innlendir aðilar, sem þar eru að verki. Þó má vel vera, að þeir hafi í huga að leigja erlendum stangaveiði-

mönnum út veiðileyfi. Því gæti ég vel trúað. Þá er náttúrlega spurningin, hvort það er eðlilegt miðað við okkar þjóðfélag, að menn taki á leigu heilar ár, borgi fyrir þær hátt verð og auglýsi svo veiðileyfi og selji þeim, sem vill hafa, á sem hæstu verði. Það er nokkuð, sem ábyggilega væri hægt að færa mörg rök með og sennilega einhver á móti, en út í það ætla ég ekki að fara. En ég vil til viðbótar þessu, sem ég nú hef sagt, lesa upp bréf frá veiðimálastjóra, sem er að nokkru leyti svar við þeim fsp., sem hér liggja fyrir. Bréfið er dags. 6. þ. m.:

„Í bréfi hins háa rn., dags. í gær, er óskað eftir umsögn um fsp. Jóns Ármanns Héðinssonar alþm., á þskj. 367, lið II, 1. og 2. spurningu. Svo sem kunnugt er, gera lög um lax- og silungsveiði ekki ráð fyrir, að veiðimálastjóri hafi afskipti af veiðileyfum, en slík viðskipti eru mál milli veiðieigenda og stangaveiðimanna. Upplýsingar um veiðileigur eru því litlar aðrar en þær, að vitað er oftast, hverjir hafa á leigu ár, sem veiðifélög starfa við. Er skrá yfir slíka leigutaka birt í ferðahandbókinni, sem kemur út árlega. Tvær ár eru nú leigðar útlendingum. Eru það Vatnsdalsá og Hofsá í Vopnafirði. Við ár, þar sem veiðifélög starfa, er veiði langoftast leigð stangaveiðifélögum eða hópum stangaveiðimanna, sem framleigja veiðina einstaka daga. Í félögunum hafa félagsmenn forgangsrétt að veiðidögum, en það, sem umfram er af leyfum, en félagsmenn nota ekki, er selt hverjum sem hafa vill. Geta útlendingar keypt slík veiðileyfi. Sama er að segja um veiðidaga, sem einstakir bændur selja, hvort heldur er í ám eða stöðuvötnum.

Nú síðustu árin hefur áhugi leigueigenda og leigutaka aukizt á að leigja veiði til útlendinga, oftast nokkra daga í senn, og hafa þá leigutakar ýmist selt sjálfir veiðileyfin beint til útlendinganna eða fyrir milligöngu ferðaskrifstofanna. Upplýsingar um slík viðskipti eru ekki fyrir hendi í einstökum tilvikum."

Þá þykir mér rétt að lesa hér bréf frá formanni Landssambands veiðifélaga. Það er dags. 9. þ. m.:

„Vegna fsp. yðar í dag til Landssambands veiðifélaga, þar sem spurt var í fyrsta lagi, hve margir útlendingar hefðu fengið veiðileyfi í laxám landsins árin 1967, 1968 og 1969, og í öðru lagi, með hvaða hætti leigan ætti sér aðallega stað, þá er því til að svara, að Landssamband veiðifélaga hefur ekki safnað skýrslum um þessi mál og getur því ekki svarað þessum spurningum svo að gagni sé."

Að lokum liggur hér einnig fyrir bréf frá Seðlabanka Íslands varðandi þessi mál og gjaldeyrisskil og annað því líkt:

„Vér höfum móttekið bréf hins háa rn., dags. 4. þ. m., þar sem gerð er fsp. um gjaldeyristekjur vegna leigu á laxveiðiám og sölu veiðileyfa í laxám til útlendinga. Vér viljum láta þess getið, að gjaldeyristekjur af slíkri leigu hafa á undanförnum árum verið færðar með gjaldeyrisskilum frá ferðamönnum, enda í mörgum tilfellum erfitt að skilja á milli venjulegs ferðakostnaðar og annarrar eyðslu erlendra ferðamanna hér á landi. Á s. l. ári sendum vér fsp. til þeirra aðila, sem vér höfum upplýsingar eða grun um að hefðu gjaldeyristekjur í sambandi við sölu laxveiðileyfa og leigu laxveiðiáa. Svör við þessum fsp. voru flest á þá leið, að þeir útlendingar, sem leigt höfðu einstaka daga eða stutt tímabil, hefðu greitt sín veiðileyfi með íslenzkum krónum og þar af leiðandi sjálfir selt erlendan gjaldeyri í bönkunum hér, en þau gjaldeyrisskil, sem beinlínis voru fyrir leigu á laxveiðiám og skilað var erlendum gjaldeyri fyrir árið 1969, námu um 10 þús. pundum og 25 þús. dollurum. Á árunum 1967 og 1968 munu þessar gjaldeyristekjur hafa verið miklu minni, þar sem færri ár voru þá leigðar útlendingum. En eins og áður er sagt, höfum við ekki aðgengilegar tölur þar að lútandi." Það er gjaldeyriseftirlit Seðlabankans og undir það rita Davíð Ólafsson og Björn Tryggvason, bankastjórar.

Það má vera, að hv. fyrirspyrjanda finnist þessar upplýsingar og þessi svör ekki fullnægjandi, en ég tel, að þau séu nokkuð tæmandi við þá þrjá liði, sem hér er rætt um.

Það, sem fyrirspyrjandi kom inn á áðan, var, að tryggja þyrfti að gerð væri grein fyrir gjaldeyristekjunum. Þessu er ég algerlega sammála. Það þarf vitanlega að tryggja það, að ekki geti átt sér stað gjaldeyrissvik í sambandi við þessa starfsemi frekar en aðra. Hv. fyrirspyrjandi minntist á reglugerð um gjaldeyrismál, og að þetta gæti farið í bága við hana. Um það skal ég ekkert segja, enda liggja engar sannanir fyrir um það, að gjaldeyrisskilin hafi ekki farið fram með eðlilegum hætti. Og sem betur fer er okkar gjaldeyrismálum nú þannig komið, að það er miklu minni freisting heldur en áður var að safna að sér erlendum gjaldeyri, geyma hann heima í handraða, í stað þess að skila honum í banka. Það, sem kallað hefur verið svartur markaður á erlendum gjaldeyri, er, vona ég, tæplega lengur fyrir hendi. En þrátt fyrir þetta er alveg nauðsynlegt að athuga það og girða fyrir það, eftir því sem mögulegt er, að þarna geti átt sér stað nokkuð það, sem kallað er að sniðganga lög. Ég ætla ekki við þetta tækifæri að fullyrða neitt um það, hvort gera þarf einhverjar ráðstafanir í sambandi við gjaldeyrislögin eða reglugerð um gjaldeyrismál í þessu sambandi eða auka eftirlit eða fyrirskipa nánari skýrslugerð í sambandi við þetta eða hvort það væri hægt að tryggja þessi mál að einhverju leyti með því að koma ákvæði inn í lög um lax- og silungsveiði. Þetta vil ég ekki fullyrða um, en mér finnst alveg sjálfsagt að athuga það. Ef það passaði að setja eitthvað inn í lög um lax- og silungsveiði, þá er tækifæri til þess, þar sem þessi lög eru nú til endurskoðunar hér í hv. Alþ. Þetta finnst mér að þurfi að athuga og þá einnig, hvernig það má fara sem bezt úr hendi, að allar upplýsingar fáist um það, hvað mikið er borgað hér fyrir veiðileyfi í erlendum gjaldeyri.

Nú eru allir sammála um, að það beri að stuðla að aukinni fiskrækt og að fylla árnar

og vötnin af nytjafiski. Þetta erum við allir sammála um. Við erum einnig sammála um, að það beri að stuðla að því, að ferðamannastraumurinn aukist til landsins. Og við vitum það, að veiðin, bæði lax og silungur, heillar ferðamanninn. Hún hefur aðdráttarafl. Þannig hefur það verið í Noregi. Þannig hefur það verið í Kanada. Þannig hefur það verið í flestum þeim löndum, sem kölluð eru ferðamannalönd og hafa veiði að bjóða. Ég hygg, að veiðivötn okkar verði til þess að draga að erlenda ferðamenn, og að okkur þyki gott að geta selt útlendingum veiðileyfi og fengið gjaldeyristekjur fyrir og það verði það m. a., sem tryggi veiðiréttareigendum, bændunum, sem hv. fyrirspyrjandi nefndi hér áðan, að fá sem beztar tekjur fyrir veiðiréttinn. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda um það, að mjög væri leitt og mjög slæmt, ef íslenzkir sportveiðimenn hefðu ekki lengur tækifæri til þess að renna öngli í vatn og stunda þessa skemmtilegu og hollu íþrótt að veiða lax og silung. Ég minntist á það hér í fyrradag, þegar frv. um lax- og silungsveiði var hér til umr., að ég kviði ekki svo mjög úrræðaleysi þessara manna, vegna þess að þeir hefðu þrátt fyrir samkeppni við útlendinga marga möguleika, sem ég veit að þeir munu nýta sér með því að taka á leigu bæði vötn og ár, sem enn eru kannske ekki svo góðar, ekki mikill fiskur í, og rækta þær upp. Þetta hafa stangaveiðimenn hér á landi gert með góðum árangri, og þetta eiga þeir eftir að gera í enn ríkara mæli en þeir hafa gert fram að þessu og tryggja sér þannig aðstöðu í íslenzkum veiðivötnum.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir upplýsingarnar. Það var ekki við því að búast, að þær væru tæmandi, og það viðurkenndi hann. En hitt var fróðlegt, að það fæst þó viðurkennt á Alþ., að kerfið er þannig, að við fylgjumst sáralítið með í þessu efni, þó að það verði von bráðar, eins og hann lét reyndar eindregið í ljós, að hér verði um stóratvinnugrein að ræða fyrir bændur og ferðamannastraumur aukist til landsins. Ég hef hérna þær upplýsingar fyrir hv. dm., að það eru boðnar núna — eru í útboði erlendis með milligöngu erlendrar ferðaskrifstofu — svo svimandi háar upphæðir í laxveiðina, að enginn Íslendingur getur látið sér detta í hug að keppa við þær. Það eru hátt í 100 dollarar á stöngina á dag. Það sér hver einasti maður, að þetta eru svo svimandi tölur í ísl. kr., að hér er farið fram úr öllu velsæmi. Auðvitað nær ekki nokkurri átt að koma ekki á þegar í stað ákveðnu skipulagi í þessu efni, þó að svo hafi ekki verið. Veiðirétturinn er auðvitað þannig, að bóndanum er vorkunn, þó að hann selji hæstbjóðanda. En hver verður það? Og með hvaða hætti skeður það? Og hver tryggir, að þeir peningar komi til þess manns, sem helst á að njóta þeirra, þegar kerfið er ekki neitt? Það getur vel verið, að það sé hægt að koma því við, og í mínum huga er það á þann hátt, að Búnaðarfélagið eða önnur stofnun, sem vinnur í þágu bændasamtakanna og veiðiréttareigenda, taki þessi mál föstum tökum. Nýlega samþykkti Búnaðarþing, sem nú situr, einmitt ályktun í þessa átt, af því að bændur finna sjálfir, að hér stefnir í óefni.

Ekki er gott að heyra, að íslenzkir sportveiðimenn skuli rækta upp, þar sem ekki er til veiði í dag, og missa svo réttinn, þegar laxinn spriklar. En til þess að þeir missi ekki þann rétt, sem þeir hafa þar, þarf að tryggja, að þeir hafi möguleika á því að veiða þann fisk, sem þeir eru búnir að rækta. En það stefnir í óefni í dag. Og allra hörmulegast finnst mér það, þegar erlendar ferðaskrifstofur bjóða hærra en íslenzkir sportveiðimenn geta boðið og ná þannig sölu á veiðirétti, sem þær selja með margföldum ágóða, jafnvel hundraðföldum, og ágóðinn rennur út úr landinu. Þetta eru staðreyndir, sem hægt er að sanna.

Að öðru leyti skal ég ekki lengja tíma hv. Alþ., en þetta mál er þannig vaxið, að það verður að taka fastari tökum en verið hefur.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það er aðeins eitt atriði varðandi þetta mál, sem hér hefur verið til umr., sem mig langaði til þess að gera hér aðeins að umtalsefni, og víkja spurningum að hæstv. ráðh.

Það er nú upplýst, að útlendingar taka í ýmsum tilfellum á leigu veiðiréttindi í íslenzkum ám. Það er einnig upplýst, að þessir útlendingar framselja síðan þessi veiðiréttindi jafnt til útlendra aðila og innlendra. M. ö. o.: útlendur aðili hefur tekið á leigu íslenzka veiðiá og síðan tekur hann upp atvinnurekstur í landinu með sérstökum hætti. Hann býður út veiðiréttindi til sölu, selur án efa í flestum tilfellum með verulegum hagnaði til innlendra manna stundum. Hafa þessir útlendingar, sem tekið hafa veiðiárnar á leigu, fengið leyfi til þess að hafa með höndum slíkan atvinnurekstur í landinu? Það er rétt að gera sér grein fyrir því, að hér getur orðið um talsverðan atvinnurekstur að ræða, ef menn fara að taka að sér störf sem þessi víða um land. Ég fer fram á, að hæstv. ráðh. upplýsi, hvort hann telji, að þessir útlendingar hafi fengið leyfi til að hafa með höndum þessa starfsemi, þ. e. að framselja þessi veiðileyfi til ýmist innlendra eða útlendra manna, og greiða þeir aðilar, sem þetta gera, skatta og gjöld af þessari starfsemi sinni, eins og þeim bæri skylda til? Ég held, að full þörf sé á að athuga, hvernig þessu er fyrir komið, og satt að segja sýnist mér af þeim upplýsingum, sem hér hafa komið fram, að þessi mál séu á ýmsan hátt komin í hið mesta óefni og það sé í rauninni skylda rn. að kanna þessi mál til hlítar, ekki aðeins frá gjaldeyrislegu sjónarmiði, sem auðvitað er sjálfsagt, heldur einnig í sambandi við þann rekstur, sem við þetta er hnýttur af hálfu útlendinga.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er mesti misskilningur hjá hv. 4. þm. Austurl., að þessi mál séu komin í mikið óefni.

Óefnið er þannig, að það er orðin mikil eftirspurn eftir íslenzkum ám. Íslenzkar ár og stöðuvötn, sem enginn spurði um áður, eru nú orðin góð söluvara, jafnvel á erlendum markaði. En enn þá hafa ekki nema tvær ár hér á landi verið leigðar útlendingum. Það er Vatnsdalsá, og það er Hofsá í Vopnafirði. Mér er ekki kunnugt, að sá, sem tók Vatnsdalsá, leigi hana aftur út. Og mér er ekki heldur kunnugt um, að þeir aðilar, sem tóku Hofsá í Vopnafirði á leigu, leigi hana út. Það eru ekki nema 2—3 ár síðan sú á var leigð, og veiði hefur farið mjög minnkandi þar. Þessir aðilar, sem tóku árnar á leigu, tóku þær fyrst og fremst fyrir sjálfa sig. En hv. 4. þm. Austurl. hefur kannske ekki heyrt rétt áðan, þegar talað var um endurleigu á ánum. Það eru ekki útlendingar, sem hafa tekið Laxá í Kjós á leigu, það eru ekki útlendingar, sem hafa tekið Þverá í Borgarfirði á leigu, og það eru ekki heldur útlendingar, sem hafa tekið Laxá í Leirársveit á leigu. En eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, er líklegt, að þessir aðilar, sem eru innlendir og hafa tekið þessar þrjár ár á leigu, ætli sér að endurleigja þær, bæði Íslendingum og útlendingum, og hagnast á því, þótt þeir borgi sjálfir háa leigu. Þótt það hafi verið boðið helmingi hærra í Laxá í Kjós núna heldur en í fyrra eða ríflega 2 millj. kr. á móti 1 millj. þá, þá hugsa þeir sér, sem tóku Laxá í Kjós á leigu, auðvitað að hagnast á því að endurleigja ána og þá sennilega að endurleigja útlendingum, ef svo vill verkast. Það er þetta, sem hefur skeð í málinu og hv. 4. þm. Austurl. virðist hafa misheyrt eða misskilið áðan, eftir þeirri ræðu að dæma, sem hann flutti áðan, því hann var að tala um, að erlendir aðilar, sem hefðu fengið ár á leigu, væru farnir að stunda hér atvinnurekstur með því að endurleigja þær. Það eru íslenzkir aðilar enn sem komið er, sem hafa tekið ár á leigu til að endurleigja þær.

Hitt er svo annað mál, að um leið og íslenzkar ár og vötn eru orðin svona eftirsótt, þá er eðlilegt, að það þurfi að gera nýjar ráðstafanir. Það væri eðlilegt, að breyta lögum og reglugerðum einmitt í sambandi við það og hafa opin augu fyrir því, sem þarf að gera til að tryggja það vel, að gjaldeyrislöggjöfin verði ekki brotin, að skattalöggjöfin verði í heiðri höfð o. s. frv. En þótt það standi fyrir dyrum að breyta lögum og reglugerðum, vegna þess að við erum með verðmætari vöru milli handanna en áður, þá er ekki ástæða til að segja, að það sé öngþveiti orðið þess vegna. Við verðum vitanlega að haga okkar ráðstöfunum og gerðum í samræmi við það, sem á við á hverjum tíma, og það, sem nauðsynlegt er að gera miðað við aðstöðu hverju sinni.

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Það var rétt, aðeins til þess að undirstrika það eða benda hæstv. ráðh. á það, að það sýnir aðeins mikinn ókunnugleika hjá hæstv. ráðh. á þessum málum, þegar hann heldur, að þeir útlendingar, sem tekið hafa árnar á leigu, hafi ekki endurleigt þær. Ég ætla ekki að fara fleiri orðum um það, en þykist þekkja það þó nokkuð af eigin raun, hvernig þessu er fyrir komið. En hann skal ekki halda, að útlendingar taki stórar veiðiár hér á leigu eingöngu til þess að veiða í þeim sjálfir. Málin liggja ekki þannig fyrir. Hér er auðvitað um það að ræða, að þeir taka veiðiár á leigu og ákveða að endurleigja þær, eins og ég segi, ýmist Íslendingum eða útlendingum, og það er þessi starfsemi, sem er rekin nú í dag. Ég misskildi ekkert í þessum efnum. Mér er vel kunnugt um það, hvernig þessu er fyrir komið í vissum tilfellum. Það er auðvitað allt annað, þegar Íslendingar taka á leigu á, eins og hér hefur verið nefnt dæmi um, sennilega með það í huga að selja hana síðan á leigu mörgum útlendingum til stuttra veiðileyfa. Þar er um allt annað að ræða, og þar er málið aðallega undir því komið að fylgjast með þessum sérstaka atvinnurekstri þessara Íslendinga og að fram fari eðlileg gjaldeyrisskil.

Ég var hins vegar að vekja athygli hér á öðru. Það stefnir að því, og er þegar komið út á þá braut, að útlendingar taka á leigu veiðiár okkar og hefja síðan beinan eða óbeinan atvinnurekstur í framhaldi af því, og ég efast um, að þetta sé í samræmi við íslenzk lög og íslenzkar reglur, nema veitt hafi verið sérstök leyfi til þess, að slíkum rekstri væri uppi haldið.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Það eru margir meinbugir á þessum fsp.-tíma hér í Alþ., nú eins og fyrri daginn. Fsp., sem hér liggur fyrir til umr., fjallar um veiðileyfi í laxám landsins árin 1967, 1968 og 1969 og með hvaða hætti leigan eigi sér aðallega stað. Síðan er spurt um gjaldeyri fyrir hvert ár um sig. Nú hefur mikið af umr. snúist að ám, sem alls ekki hafa verið leigðar á þessum árum, og ef menn vilja vita eitthvað um þær og ræða þær, þá á það auðvitað að koma inn í fsp., sem til umr. eru, því að annars er farið út fyrir efni málsins.

Hv. síðasti ræðumaður sagði, að það stefndi að því, að veiðiár hér á landi væru leigðar útlendingum. Það stefnir nú þannig að því, að ef ég man rétt, þá held ég, að það hafi verið 1963 eða 1964 kannske, sem leyfi var veitt bændum til að leigja Vatnsdalsá útlendingi, — það var í mínu rn. Svo held ég að önnur leiga hafi ekki komið til greina fyrr en Hofsá í Vopnafirði var leigð, eins og hæstv. landbrh. gerði grein fyrir áðan, og það kom fram í hans máli, hvað mikil eftirspurn var eftir þeirri á af hálfu Íslendinga og hver vilji bændanna eða þeirra, sem að henni stóðu, var í þessu máli.

Ég held, að þetta stefni ekki til neinnar stórhættu út af fyrir sig, en auðvitað hefði hér mátt liggja fyrir, ef hefði verið spurt um það, með hvaða leigukjörum Vatnsdalsá var leigð og hvaða aths. menn hafa við þá leigumála, sem þar voru gerðir. Ég er ekki með þau plögg í höndunum, sem fjalla um þetta mál, eins og ég hef gert grein fyrir, en bæði var lögð kvöð á viðkomandi útlending, sem leigði þessa á, að setja klak í ána og rækta þar upp lax, standa fyrir fiskrækt, til þess að Íslendingar, þegar

leigutíminn væri útrunninn, gætu veitt laxinn, þegar hann væri farinn að sprikla, eins og var komizt að orði áðan, en ekki öfugt, enn fremur skyldi hann byggja þarna mikið hús, sem eigendur veiðiréttarins áttu svo að fá eftir tilskilinn tíma, eftir leigutímann. Það hús er mikið að verðmæti. Þannig eru mörg atriði í sambandi við þennan samning.

Ég er ekki á móti því, að það verði athugað og rætt, hvort hér hafi verið einhverjar misfellur á leigusamningum og hversu mikil hætta er í þessu fólgin. Það er bara ekki hægt að gera það í þessum fsp.-tíma, þegar spurt er eins og hér er gert. En ég tók eftir þessari fsp. og taldi, að hér væri verið að spyrja um allt annað en leigu á þessari á, sem var leigð, eins og ég segi nú, fyrir 6 árum, held ég að það hafi verið.

Ég held, að það sé alveg öruggt, að hér hafi komið fram í þessum málum margar staðhæfingar og órökstuddar fullyrðingar, og það má náttúrlega segja, að það sé næsta furðulegt, að mál eins og þessi skuli vera rædd af handahófi í fsp.-tíma, þegar við vitum, að undanfarin ár hefur verið unnið að fiskrækt í landinu og endurskoðun á laxveiðilögunum og öðru slíku. Hvers vegna hafa þessi mál þá ekki verið rædd við stjórnvöld, og óskað eftir því, að sérstaklega væri kannað, hvað hér væri á ferðinni, ef hér væru einhverjir annmarkar á? Ég man ekki eftir einni einustu aths., umkvörtun eða erindi í mínu rn. í sambandi við leiguna á Vatnsdalsá. Ég minnist þess ekki. En það getur vel verið, að menn hafi eitthvað nú við hana að athuga. Það er auðvitað komið langt á þann leigutíma, sem þá var um samið, og ég færist ekki undan því, að þetta sé athugað sérstaklega, og ég mun að gefnu tilefni athuga betur þann leigumála, sem þar var gerður, í ljósi þeirra ummæla, sem hér hafa verið látin falla, að útlendingar leigi ár, eins og þessa á, og stunduðu svo hér ólöglega atvinnu, eins og sagt var áðan.

Ég skal ekki fara frekar út í þetta, ég tel það ekki fært, meðan ekki eru gögn tiltæk. En ég vek athygli á því, að það er vissulega galli á fsp., þegar þær eru bornar fram eins og hér er og miðað við þær umr., sem fram hafa farið.

33. Sjónvarpsmál.

Á deildafundum 3. febr. var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um sjónvarpsmál [170. mál, 2] (A. 350).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég hef leyft mér á þskj. 350, undir staflið 2, að beina svo hljóðandi fsp. til hæstv. menntmrh. um sjónvarpsmál: „Hvenær má vænta þess, að sjónvarp nái til austustu hreppa Skagafjarðarsýslu, þannig að gagn sé að?“

Ég vil með örfáum orðum rökstyðja þessa fsp. eða skýra frá, hvers vegna hún er fram komin.

Íslenzka sjónvarpið hefur nú starfað í rúm 3 ár, og mun það vera álit flestra, að vel hafi til tekizt þessi byrjunarár. Engan, sem hefur fest kaup á sjónvarpi, mun fýsa að losa sig við það. Hitt er sönnu nær, að sjónvarpið hafi tekið sjónvarpsáhorfendur allföstum tökum. Verður það að teljast sjónvarpsdagskránni til gildis. En því miður njóta ekki allir landsmenn þess að horfa á sjónvarp, þar sem það sést enn ekki alls staðar á landinu. Meðal þeirra, sem ekki njóta sjónvarps, eru þeir, sem byggja austustu hluta Skagafjarðarsýslu, og þar á ég aðallega við búendur í Fljótum, þar sem sjónvarpið sést alls ekki. Þá vil ég upplýsa hér, að það sést illa í næstu hreppum vestan við Fljótin, eða í Fellshreppi a. m. k. ekki svo að gagn og ánægja sé af. Og ég get einnig upplýst, þó að það komi ekki fsp. við, að hljóðvarpið heyrist mjög illa á þessum stöðum, og vonandi verður úr því bætt fyrr en seinna.

Það hefur komið fram óánægja hjá fólkinu, sem þarna býr, af því að það sést ekki enn til sjónvarpsins, eftir að það hefur starfað í rúm 3 ár. Margir hverjir af bændum þar hafa fest kaup á sjónvarpstækjum, en þau hafa verið sett upp aðeins á einum stað eða tveimur í Fljótunum og gefa ekki svo góða raun, að fleiri hafi sett þau upp. Þess vegna beini ég þessari spurningu til hæstv. menntmrh. og vona, að hann gefi svör þar að lútandi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Endurvarpsstöðin í Hegranesi kemur að notum fyrir hluta af Viðvíkursveit, Hofsóshrepp og sunnanverðan Fellshrepp. Hluti af Viðvíkursveit, Hólahreppur og Fljótin eru enn þá nokkuð út undan. Upphaflega var gert ráð fyrir, að Siglufjörður þyrfti endurvarpsstöð frá Siglufjarðarskarði, og var þá þeirri stöð einnig ætlað að leysa vanda austurhluta Skagafjarðar. Ljóst var, að þessi stöð yrði alldýr, og síðar kom í ljós, að Siglufjörður gat haft not af Vaðlaheiðarstöðinni. Var þá hætt við fyrirhugaða stöð á Siglufjarðarskarði, því að hin lausnin var miklu ódýrari. En þessa dagana er verið að setja upp nýja endurvarpsstöð í Skagafirði, sem á að þjóna Viðvíkursveit og Hólahreppi að verulegu leyti. En að því er Fljótin varðar, þá er ætlunin að leysa vanda þeirra með Vaðlaheiðarstöðinni og tveimur nýjum endurvarpsstöðvum í Fljótunum. Hugsanlegt er, að báðar þessar stöðvar verði reistar á árinu 1971 og mundi þá leysast vandi hreppanna í austanverðum Skagafirði. Þó ber þess að gæta, að ávallt verður um einstaka bæi að ræða, sem eru þannig staðsettir, að erfitt verður fyrir þá að ná sjónvarpssendingum.

Fyrirspyrjandi (Jón Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en ég verð að segja það eins og er, að mér finnst biðtíminn nokkuð langur, ef þessir ágætu búendur þurfa að bíða enn, kannske í eitt ár eða meira, eftir því að verða sjónvarpsins aðnjótandi. Þegar tilkynnt var frá sjónvarpinu um útsendingar til Skagafjarðarsýslu, litu þessir íbúar eins og aðrir í Skagafirði svo á, að þeir mundu verða þess aðnjótandi, og festu kaup á sjónvarpstækjum. Þau liggja enn ónotuð. Sjónvarpið hefur starfað í 3½ ár og ef líður enn eitt eða eitt og hálft ár, þá er komið allt að 5 árum þangað til fólkið í þessum byggðum fær að njóta sjónvarpsins. Ég harma það, og ég vil úr þessum ræðustól beina þeim tilmælum til hæstv. menntmrh., að hann geri allt, sem í hans valdi stendur, til þess að flýta því, að þessar byggðir geti notið sjónvarpsins, og ég trúi því, að hann verði við þeim tilmælum.

Benedikt Gröndal: Herra forseti. Síðustu orð hv. fyrirspyrjanda eru skiljanleg, og ég veit, að hver maður hér í salnum tekur undir þau. Það er æskilegt að útbreiða sjónvarpið eins ört og framast er unnt. Hins vegar vil ég ekki láta hjá líða að geta þess, að í samanburði við önnur lönd, miklu stærri og auðugri en okkar, hefur útbreiðsla sjónvarpsins, sem hefur náð til yfir 90% þjóðarinnar á liðlega 3 árum, raunverulega gengið kraftaverki næst. Það eru tvær ástæður fyrir því. Hin fyrri er stefna yfirvalda, sem tryggðu vissan tekjustofn til útbreiðslunnar og sá tækjastofn, sem er mikill, hefur verið algerlega aðskilinn frá öðrum rekstri og látinn fara í þetta verkefni eitt. Í öðru lagi vildi ég segja, að Landssíminn og verkfræðingar hans hafa unnið afburðagott verk á þessu sviði. Þeir hafa leyst verkefni, sem mér er persónulega kunnugt um, að margir útlendir verkfræðingar töldu fyrir fram að væru óleysanleg á þann hátt, sem orðið hefur.

Aðalástæðan til þess, að ég kvaddi mér hljóðs, er hins vegar sú, að hv. fyrirspyrjandi nefndi í frumræðu sinni, án þess að gera um það frekari fsp., að hljóðvarp heyrðist líka illa í Skagafirði. Það er rétt. Þetta er töluvert vandamál, sem Ríkisútvarpið á við að stríða. Það voru erfiðar aðstæður í Skagafirði og sums staðar á Austurlandi, vegna þess að ný langbylgjustöð var sett í Reykjavík fyrir nokkrum árum og gamla stöðin flutt að Eiðum. Var útvarpað á sömu bylgjulengd og eru nokkrir staðir á landinu, þar sem bylgjurnar mætast og skapa dálitla truflun. Við héldum, að við værum vel á vegi með að leysa þetta, en þá gerist það, að reist var suður í Marokkó sterk langbylgjustöð, sem nú veldur nýjum og mjög hvimleiðum truflunum á hljóðvarpsmóttöku, ekki hvað síst um norðanvert landið og alla leið vestur á Vestfirði. Því miður er alþjóðasamstarf á þessu sviði svo veikt og svo lélegt, að ekki virðist vera hægt að gera neitt til þess að stöðva þetta.

Það er aðeins ein lausn til á þessu máli, og hún er að ganga miklu lengra í þá átt að koma upp örbylgjuhljóðvarpi, koma upp FM-stöðvum svokölluðum. Þær eru nú til á nokkrum stöðum á landinu, en þær eru skyldar sjónvarpinu og eftir að sjónvarpið kemur, er ástæða til að ætla, að það verði hægt að byggja upp kerfi örbylgjustöðva á nákvæmlega sama hátt og nota nákvæmlega sömu staði.

34. Aðild ríkisfyrirtækja að Vinnuveitendasambandi Íslands.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um aðild ríkisfyrirtækja að Vinnuveitendasambandi Íslands [173. mál, 1] (A. 367).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 367 fsp. til fjmrh. um það, hvaða ríkisfyrirtæki séu aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands og hvað þau hafi hvert um sig greitt til Vinnuveitendasambandsins árin 1967, 1968 og 1969. Ég tel mikilvægt að fá hér á Alþ. upplýsingar um þessi efni og vænti, að hæstv. fjmrh. sjái sér fært að veita þessar upplýsingar.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Fsp. hljóðar þannig: „Hvaða ríkisfyrirtæki eru aðilar að Vinnuveitendasambandi Íslands? Hvað hafa þau, hvert um sig, greitt til Vinnuveitendasambandsins árin 1967, 1968 og 1969?"

Svarið er sem hér segir. Sementsverksmiðja ríkisins: Árið 1967 185 312 kr., árið 1968 196 268 kr., árið 1969 274 032 kr. Skipaútgerð ríkisins: Árið 1967 257 884 kr., árið 1968 187 260 kr., árið 1969 169 136 kr. Landssmiðjan: Árið 1967 150 540 kr., árið 1968 119 984 kr., árið 1969 93 156 kr. Síldarverksmiðjur ríkisins: Árið 1967 500 kr., árið 1968 500 kr., árið 1969 500 kr. Tunnuverksmiðjur ríkisins: Árið 1967 1500 kr., árið 1968 1500 kr., árið 1969 1500 kr. Frá miðju ári 1969 er Áburðarverksmiðjan ríkisfyrirtæki. Hún er aðili að Vinnuveitendasambandinu og var árgjald hennar árið 1969 202 812 kr. Þetta eru tæmandi upplýsingar varðandi fsp. eins og hún hljóðar.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, vil aðeins segja það hér um leið, án þess að hefja hér nokkrar umr. um þessar upplýsingar, að ég tel mjög rangt, að þessi ríkisfyrirtæki séu aðilar að Vinnuveitendasambandi

Íslands og taki á þann hátt þátt í þeim deilum, sem eðlilega eru á milli verkalýðssamtakanna í landinu og Vinnuveitendasambandsins, og að þessi ríkisfyrirtæki séu á þennan hátt, eins og þessar upplýsingar bera með sér, látin standa undir þeim kostnaði, sem er af rekstri Vinnuveitendasambandsins. Ég hefði talið miklu heppilegra, að þessi ríkisfyrirtæki hefðu staðið fyrir utan þessi samtök og unnið að lausn kaupgjaldsmála sinna eftir öðrum leiðum.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki fremur en hv. fyrirspyrjandi hefja hér almennar umr. um aðild þessara fyrirtækja að Vinnuveitendasambandinu. Ég vil aðeins vekja athygli á því, að hér er um fyrirtæki að ræða, sem hafa í sinni þjónustu starfsfólk, sem tekur laun samkvæmt samningum stéttarfélaga og atvinnurekenda, en ekki samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Það er því eðli málsins samkvæmt, að það skipti þessi fyrirtæki mjög miklu máli, hvernig kjarasamningar á hinum almenna vinnumarkaði eru, og ég held að telja megi, að það sé ekki hægt að segja, að það sé óeðlilegt, að fyrirtækin vilji gjarnan fylgjast með því, hvernig þau mál skipast, þannig að það geti talizt fjarstætt, að þau séu aðilar að Vinnuveitendasambandinu. Um þetta má auðvitað endalaust deila og skal ég ekki, eins og ég sagði, taka þátt í þeim deilum, heldur aðeins upplýsa það, eins og ég sagði, að aðild þeirra að Vinnuveitendasambandinu byggist á sérstöðu þessara fyrirtækja umfram opinberan rekstur almennt, þeirri, að þau eru háð kjarasamningum milli Vinnuveitendasambandsins og verkalýðsfélaganna, og hafa því talið rétt að eiga aðild að Vinnuveitendasambandinu til þess að koma sínum sjónarmiðum þar að.

35. Stöðlun fiskiskipa.

Á deildafundum 3. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til iðnrh. um stöðlun fiskiskipa [173. mál, 3] (A. 367).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. fundi í Sþ., 11. marz, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég hef á þskj. 367 leyft mér að beina svo hljóðandi fsp. til hæstv. iðnrh. um stöðlun fiskiskipa:

„1. Hvað líður störfum nefndar, sem skipuð var með bréfi, dags. 12. júlí 1967, til að vinna að tillögugerð um hentugustu gerð íslenzkra fiskiskipa?

2. Hvað líður framkvæmd þál. frá 17. apríl 1968 um rannsókn á stöðlun veiðiskipa í ákveðnar stærðir og gerðir?"

Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað, að við Íslendingar smíðum nú innanlands mikið af okkar fiskiskipum, og eru 23 skip í smíðum núna, að því er ég bezt veit, u. þ. b. 800—900 brúttólestir að stærð. Hins vegar hefur komið í ljós við samanburð á tíma þeim, sem fer í að smíða skip innanlands, að vinnustundafjöldi er mun meiri hér innanlands, sem nemur allt að ⅓, jafnvel meira, og er það mikið áhyggjuefni margra, sem þurfa að kaupa þessi skip, og jafnvel líka þeirra, er reka stöðvarnar. Þess vegna vildi ég forvitnast um það, hvað liði þeirri athugun, sem samþ. var hér á Alþ., en þál. var þannig:

„Alþ. ályktar að fela ríkisstj. að láta fara fram rannsókn á því, hvort ekki sé hagkvæmt að láta staðla veiðiskip landsmanna í ákveðnar stærðir og gerðir, svo þau verði ódýrari í smíðum fyrir innlendar skipasmíðastöðvar.

Jafnframt væntir Alþ. þess, að einskis verði látið ófreistað til að auðvelda þegar reistum skipasmíðastöðvum samkeppni um smíði veiðiskipa landsmanna við erlendar skipasmíðastöðvar, svo að ekki komi til verkefnaskorts hjá þeim."

Lán voru aukin til skipasmíðastöðvanna, og eru þau í aðaldráttum þannig, að ef maður hefur í huga t. d. venjulegt fiskiskip um 100 tonn, þá fær það 75% frá Fiskveiðasjóði, en 10% lán er frá atvinnumálanefnd ríkisins og 5% úr Atvinnujöfnunarsjóði. Þetta hefur átt sér stað. Hvort sama reglan gildir alltaf, skal ég ekkert fullyrða um, en það, sem er mikið vandamál í þessu efni, er fjárskortur Fiskveiðasjóðs, og ég veit, að það ríkir nokkur óánægja hjá útvegsmönnum með þá lausn mála og jafnvel svo, að menn eru undrandi yfir því, að Fiskveiðasjóður hefur gert mismun á lánum, sum gengistryggð, en önnur ekki, og er þetta þess vegna allt þannig sett, að menn eru mismunandi vel settir fjárhagslega og rekstrarlega og hafa af því áhyggjur, að vinnustundafjöldi hér á Íslandi er það mikill og þeim mun meiri en í Noregi eða Danmörku, að ef ekki verður gert stórátak til að minnka þennan mismun, og í því felst að staðla skipin eða seríusmíða, þá horfir aftur til vandræða hér um smíði innanlands. Sú er mín persónulega skoðun og margra annarra.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég held, að það fari bezt á því, að ég svari þessari fsp., sem er í tveimur liðum, báðum liðunum í senn: annars vegar, hvað líði störfum stöðlunarnefndar fiskiskipa, við getum kallað hana svo, og hins vegar framkvæmd þál., sem samþ. var hér 1968, um athugun á stöðlun fiskiskipa til að fá fram meiri hagkvæmni í smíði skipanna.

Þegar þessi þáltill. var samþ. á sínum tíma, hafði ríkisstj. þegar haft forgöngu um að setja á laggirnar n. manna til að athuga stöðlun fiskiskipa með það fyrir augum að tryggja bet-

ur verkefni fyrir skipasmíðastöðvarnar og hagkvæmari vinnubrögð, þannig að kaupendur skipanna fengju ódýrari skip. Til þess að gera í sem stytztu máli grein fyrir þessu, þá kemur það fram um efni þessa máls í bréfi frá iðnrn. 12. júlí 1967:

„Í framhaldi af viðræðum fulltrúa skipasmíðastöðva við iðnrh. 27. júní s. l. um vandamál skipasmíðastöðvanna vegna breyttra aðstæðna og um ráðstafanir til úrbóta hafa þessi mál verið rædd innan ríkisstj. Iðnrh. og sjútvrh. hafa átt viðræður við stjórn Fiskimálasjóðs um hugsanlegar leiðir til þess að styrkja aðstöðu skipasmíðastöðvanna. Rn. beinir því hér með til yðar að tilnefna tvo fulltrúa til þess að vinna að tillögugerð um hentuga gerð íslenzks fiskiskips við núverandi aðstæður í samráði við tæknideild Fiskveiðasjóðs og Fiskifélags Íslands ásamt fulltrúum, sem sjútvrh. mun tilnefna."

Bréf þetta er til landssambands skipasmíðastöðva. Að fenginni niðurstöðu þessa atriðis mundi tekið til frekari athugunar, með hvaða ráðum ætti að skapa skipasmíðastöðvunum verkefni á þessum grundvelli á næstunni samhliða öðrum ráðstöfunum, sem stefndu að sama marki. Síðan var þessi n. sett á laggirnar.

Ég skal geta þess, að í viðræðum okkar sjútvrh. við Fiskveiðasjóð var beinlínis rætt um að opna leið til þess, að skipasmíðastöðvarnar gætu hafið smíði á fiskiskipum, þó kaupendur væru ekki fyrir hendi, sem þó hafði verið reglan fram til þessa. Fiskveiðasjóður var mjög tregur til þessa af ýmsum ástæðum og ástæðulaust er að rekja það, en þó var talið, að eitt væri e. t. v. forsenda þess, að út í þetta væri hægt að fara, en það væri, að stöðvarnar smíðuðu skip, sem nokkurn veginn vissa væri fyrir að væru af þeirri gerð, sem útvegsmenn óskuðu eftir. Það mátti segja, að það var skynsamleg hugsun, og þess vegna var þessi nefnd m. a. sett á laggirnar og hún skilaði bráðabirgðaskýrslu strax haustið 1967. Hún er dagsett 16. okt. 1967. Í n. áttu sæti: Jósef H. Þorgeirsson, Akranesi, og Jón Sveinsson fyrir skipasmíðastöðvarnar, Hörður Frímannsson og Jón B. Hafsteinsson voru sérfræðingar Fiskifélagsins og fyrir Fiskveiðasjóð og Þorsteinn Jóhannesson og Tómas Þorvaldsson voru skipaðir af sjútvrh. Í þessari skýrslu kom fram, að þeir höfðu einmitt fram að þeim tíma, strax frá sumrinu, verið að leita eftir, hvaða gerð skipa væri eftirsóknarverðust.

Til þess að reyna að fara nokkuð fljótt yfir sögu skal ég taka aðeins örfáa þætti úr þessari skýrslu. Þar kemur m. a. fram, að n. flokkaði skipin í mismunandi flokka og var þá hugsunin að finna æskilegustu gerðina í hverjum stærðarflokki. Síðan skrifaði n. til útvegsmanna, öllum meðlimum Landssambands ísl. útvegsmanna, samtals 350–360 aðilum, og lagði fyrir þá þær spurningar, hvaða gerð og stærð af fiskiskipum þeir teldu hagkvæmasta fyrir útgerðina, til hvaða veiða skipið væri ætlað og hvaða ganghraða skipsins þeir telji nauðsynlegan, hvort þeir hafi í hyggju að smíða fiskiskip á næstu 2–3 árum, og aðrar upplýsingar var beðið um, sem við teljum máli skipta, svo sem um búnað, tæki, rafkerfi o. s. frv. Bárust alls svör frá 63 aðilum, frá útvegsmönnum, og n. hafði á þessum tíma, í október, þegar hún skilaði bráðabirgðaálitinu, flokkað þau svör. Síðan tíundar n. það, að viðfangsefni hennar sé verulega flókið og megi búast við nokkrum tíma, þar til hún skili endanlegu áliti.

Það mun svo hafa verið í nóvember, sem þeir félagar, fyrirspyrjandi og hv. 9. landsk., lögðu fram sína þáltill., sem hv. fyrirspyrjandi vék að, og hún var svo afgreidd síðar á þinginu, einhvern tíma síðari hluta vetrar 1968. Endanlegt nál. hefur ekki borizt frá n. þrátt fyrir ítrekaða eftirgrennslan af hálfu rn., en hins vegar vil ég ekki og treysti mér ekki til að segja, að endanlegt nál. kunni ekki að koma. Það væri ósanngjarnt af mér að segja það, nema ég gerði þá um leið grein fyrir því, að n. var falið að reyna að gera sér grein fyrir heppilegustu stærð fiskiskipa miðað við þær aðstæður, sem þá voru fyrir hendi. En eins og kunnugt er hér á þingi, hafa aðstæður verulega breytzt síðan, sérstaklega í sambandi við fiskveiðilöggjöf okkar og veiðileyfi, og mun það hafa haft veruleg áhrif á skoðanir manna eða óskir um stærð fiskiskipa og þar af leiðandi mikil áhrif á störf n., þannig að hún hefur hikað við, og skal ég víkja að því síðar.

Ég vil geta þess, að strax í janúarmánuði 1968 ákvað ríkisstj., þar sem þá hafði ekki borizt vilyrði Fiskveiðasjóðs fyrir að lána meira en 75%, þá ákvað ríkisstj. fyrir sitt leyti að heita skipasmíðastöðvunum því, að ef þær byrjuðu að byggja fiskiskip, þá mættu þær eiga von á 10% viðbótarláni, þannig að lánið yrði 85%. Framkvæmdin varð sú síðar, að Atvinnujöfnunarsjóður bætti þarna við, við skulum segja um 5%, þannig að eftir það lá það nokkurn veginn fyrir, að þeir, sem vildu láta smíða fyrir sig, gátu fengið 90% lán, og skipasmíðastöðvunum átti að vera óhætt að fara af stað, þó að kaupandi væri ekki fyrir hendi. Þetta leiddi til þess, að ríkisstj. þurfti í árslok 1968 að afla liðlega 20 millj. kr., og var það tekið af framkvæmda- og áætlunarfé, til þess að uppfylla fyrirheit um 10% viðbótarlán. Svo koma önnur 10% viðbótarlán á árinu 1969 í gegnum atvinnumálanefndirnar, eins og hv. fyrirspyrjandi vék að. Þær tóku við þessu verkefni, þ. e. a. s. að lána Fiskveiðasjóði af fé, sem þær höfðu þá til ráðstöfunar, eins og kunnugt er, til þess að halda áfram þessum 10% lánum. Þetta fé var tekið af erlendu fé, og þar kemur fram, að ég hygg, sá mismunur, sem hér var vikið að, að sumir hefðu fengið 10% lán án gengistryggingar og aðrir erlent fé eða með gengisáhættu.

En þá er að víkja að hinu, að aðstæður hafa breytzt, og skýrir það nokkuð mikið í þessu máli. Ég hygg, að það sé rétt, að þær breytingar, sem orðið hafa á fiskveiðalöggjöfinni fyrst og fremst og við samþykktum hér í þinginu ekki alls fyrir löngu, hafi leitt til þess, að eftirspurnin hafi nær eingöngu snúizt um minni

báta, sem mældust eftir nýjum mælingarreglum eitthvað um 105 rúml. Þetta hefur verið í svo ríkum mæli, að þessi stöðlun fiskiskipanna, sem er svolítið annað en að velja hentugasta fiskiskip í mismunandi stærðarflokkum, hefur í framkvæmd orðið mjög veruleg. En það hefur áður komið fram í þinginu, að skipasmíðastöðvarnar töldu, að það væri líklegt, að hægt væri að lækka byggingarkostnaðinn um 10%, ef þær gætu smíðað 4—5 skip í einu af sömu stærð og vissu það fyrir fram.

Mér þótti rétt að afla nokkurra upplýsinga um þetta. Rn. hefur ekki alls fyrir löngu, í febrúarmánuði, spurzt fyrir um það, hvernig verkefnin standi hjá skipasmíðastöðvunum, og að hvaða verkefnum þær séu að vinna, og þá kemur eftirfarandi í ljós: Stálvík gefur þær upplýsingar, að þar sé rétt verið að ljúka við eða séu í smíðum fjórir bátar, sem eru allir af þessari sömu stærð, 105 rúml. Afhendingartíminn var 19. febr. 1970 ráðgerður í september 1970, október 1970 og nóvember 1970. En ég held, að það sé rétt, að áður hafi þeir smíðað 3 báta næstum því alveg af sömu gerð, svo að þarna sé eiginlega um 7 báta að ræða. Enn fremur er sagt, að það sé núna til umræðu samningur um áttunda bátinn af þessari sömu stærð hjá skipasmíðastöðinni. Þessar upplýsingar eru dagsettar 18. febrúar. Þeir hafa þarna þess vegna fram undan veruleg verkefni, sem máli skipta. Þeir gera svo grein fyrir því, — ég vil bara nefna það til fróðleiks, — að enn fremur fari fram viðræður við þá um smíði á 46 metra skuttogara fyrir Siglufjörð. Þeir telja sig því hafa verkefni til 9 mánaða, og rætt er um smíði, er tekur 11 mánuði í viðbót.

Á Akranesi er verið að ljúka við smíði á 105 tonna bát, nýbyrjað á öðrum 105 tonna bát og undirbúningur á smíði hins þriðja er hafinn. Svo er þar í smíðum minni bátur, 20 tonna bátur. Þetta var Akranes, og á þessum tveimur stöðum sýnast verkefnin mjög hafa miðazt við þessar tilteknu bátastærðir.

Hjá Marselliusi Bernharðssyni, Skipasmíðastöðinni h. f. á Ísafirði, er nú verið að smíða tvo 30 tonna báta og búið er að semja um smíði á 105 rúmlesta bát, einum enn af þessari stærð. Það eru ekki fleiri samningar þar, en margar innlendar fyrirspurnir liggja fyrir.

Slippstöðin á Akureyri hefur nokkra sérstöðu. Við vitum, að þar er nýlega búið að ljúka við smíði Heklunnar og er nú verið að ljúka smíði á seinna strandferðaskipinu, en þar að auki er sinnt ýmsum viðgerðum, sem hafa farið dálítið vaxandi hjá þeim. Svo hefur verið í meðferð hjá þeim sérstök athugun, sem sagt hefur verið frá opinberlega, á hugsanlegum möguleikum á smíði á 5 bátum alveg eins, rækjubátum fyrir brasilíska aðila. Seinast þegar ég spurðist fyrir um þetta, skildist mér, að það væri eiginlega orðið samkomulag um verð þessara báta og taldar miklar líkur á, að þeir fengju smíði þessara 5 báta eða gætu bráðlega samið um það, en þó er ekki hægt að fullyrða um það að svo stöddu.

Sama er að segja um Bátalón, sem hefur lengi að undanförnu staðið í samningum um smíði á tveimur bátum, sem eru sams konar og þessir rækjubátar fyrirhugaðir fyrir Brasilíu, þeir eru af sömu gerð, tveir frambyggðir 65 tonna bátar. Formlega mun ekki vera búið að ganga frá þeim samningum, en í dag var mér sagt, að skeyti hefði borizt frá Indlandsbanka fyrir 10 dögum um, að verið sé að taka málið til endanlegrar afgreiðslu.

Þær eru auðvitað fleiri stöðvarnar, en það eru minni stöðvar. Vélsmiðja Seyðisfjarðar er að smíða tvo báta, sem báðir eru af sömu stærð, 50 rúml., og trésmíðar hafa farið fram að sams konar gerðum af bátum í Stykkishólmi, eins og kunnugt er.

Nú má segja, að ég hafi kannske dálítið farið út fyrir efnið, en það, sem ég hef verið að reyna að upplýsa hér, er, að í raun og veru hafi stöðlun á bátunum orðið í framkvæmd kannske af sérstökum ástæðum, eins og ég hef vikið að, og einnig hafi verkefnin orðið meiri í skipasmíðastöðvunum vegna þess, að lánin hafa, eins og hv. fyrirspyrjandi gerði grein fyrir, verið aukin mikið frá 1968 til ársins 1969, og það liggur fyrir núna, að bátar, sem eru smíðaðir innanlands, geta notið þarna lána, sem nema um 90% af byggingarkostnaði skipanna.

Þetta er í stórum dráttum það, sem ég hef um þetta mál að segja, en ég vil ljúka máli mínu með því, að ég vil ekki slá því föstu, að sú n., sem var skipuð á sínum tíma, muni ekki skila endanlegu áliti. Mér hefur að sjálfsögðu fundizt það dragast allt of lengi, en mér finnst hins vegar rétt og það verður að virða þeim það til vorkunnar, að inn í málið hafa komið tilvik, sem hafa breytt nokkuð aðstæðum, og þess vegna ekki gert mjög aðkallandi, að hún raunverulega lyki því verkefni, sem henni var falið. Menn eiga eftir að gera það upp við sig, og um það get ég ekki gefið nánari upplýsingar en ég nú hef gefið.

Fyrirspyrjandi (Jón Árm. Héðinsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Reyndar viðurkenndi hann í lokin, að nokkuð væri fram hjá fsp. farið að sumu leyti. Hitti hann þá sjálfan sig fyrir, miðað við þær aths., sem hann gerði við ræðu mína við fyrri fsp., þannig að ég þarf ekki að vera að bera kvíðboga fyrir því, að ég hafi farið sjálfur út fyrir efnið í fyrri þættinum í fsp.-forminu. Það, sem við sjáum eftir þetta svar, er það, að við erum harla litlu nær því að finna stöðlun á fiskiskipum, því að ég get upplýst hæstv. ráðh. um það, að þó að skipin séu skráð 105 tonn, þá er hvergi nærri um ákveðna stöðlun að ræða, því að það er ekki um sömu gerð fiskiskipa að ræða, þótt brúttótonnatalan sé eins. Það er öðru nær. Það er um mismunandi vélabúnað að ræða, það er um mismunandi tækjaútbúnað að ræða og innréttingu. Til þess að ná árangri hér í harðri samkeppni við útlendinga þýðir ekkert annað en taka skrefið til fulls og seríusmíða, af þeirri einföldu ástæðu, að það er gert erlendis. Það þýðir ekki að þjóna

duttlungum eins og eins kaupanda. Þá drögumst við aftur úr í samkeppninni og skipin verða miklu dýrari.

Aðeins til fróðleiks hef ég í höndum tilboð frá Danmörku um smíði á 105 tonna bát. Þetta er togbátur, svipaður í útliti og gerð og verið er að smíða núna í Stálvík, og kostar innan við 14 millj. kr. með góðum vélarkrafti. Hins vegar kynni svo að vera, að íslenzkir útvegsmenn mundu heimta eitthvað til viðbótar, en við sjáum mismuninn, þegar Stálvík býður sams konar fleytu fyrir 22—24 millj. Og það viðurkenna þeir, sem í þessu standa, að það er vandamál, þegar lánveitandinn hér hefur ekki það bein í nefinu að segja við íslenzkan útvegsmann: Komið ykkur saman og gerið sameiginleg innkaup, en kaupið ekki hver fyrir sig. Starfið betur saman, að 3—5 skipum í einu, og náið árangri, en ekki eftir þeim reglum, sem Fiskveiðasjóður samþykkti fyrir nokkru, ég veit ekki hve löngu, að hver maður yrði meira og minna að útvega sér erlent lán, ef tæki væru meira en 200 þús. kr. að verðmæti. Slíka ákvörðun tel ég fráleita, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. komi henni til stjórnar Fiskveiðasjóðs. Þegar um vandamál er að ræða í fjármögnun sjóðsins og til íslenzkrar skipasmíði, þá á sjóðsstjórnin auðvitað að taka lánið eða hæstv. ríkisstj. og gera sameiginleg innkaup og stuðla að hagkvæmni í smíðinni. Allt annað er kák frá mínu sjónarmiði.

Ef við ætlum að hafa smíðina hér innanlands eitthvað áfram, þá verðum við að byggja á því, að kaup þeirra manna, sem hér eru í smíðinni, sé ekki 6—8 kr. norskar, en erlendis 11—13 norskar krónur. Þar á móti vegum við upp, að hér eru skip smíðuð með allt að 25% lengri tímaeiningu. Það gengur ekki til lengdar. Íslenzkir iðnaðarmenn hafa sýnt, að þeir eru samkeppnishæfir í verki, en það kostar skipulag og fjármögnun og að forstjórar og stjórnendur þessara fyrirtækja þurfi ekki sífellt að hanga inni á biðstofum bankastjóranna. Þeir eiga að sinna sínu verkefni í sinni skipasmíðastöð. Við, sem viljum kaupa þessi skip og reka þessi skip, krefjumst þess, að þau séu ekki það dýr, að ekki sé hægt að gera út á þeim. Í dag er það ekki hægt. Það getur enginn sent frá sér slíkan rekstrarreikning, né staðið í skilum með þessi skip. Þau verða að fá styrk frá fiskvinnslunni í landinu. Þetta er svo alvarlegt mál, að það er ekki hægt að ganga fram hjá því.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Ég hef þá fengið rangar upplýsingar hjá skipasmíðastöðinni Stálvík, sem gerði mér grein fyrir þeim 4 bátum, sem ég gerði síðan grein fyrir hér, því að mér var tjáð, að þeir væru í öllum aðalatriðum eins, enda er verðið mjög svipað, þó að það sé smávegis munur á því.

Það er náttúrlega nokkuð gott að taka upp í sig og segja, að útgerðarmennirnir eða kaupendurnir eigi ekki að hanga á skrifstofum bankastjóranna. En meira hefur hins vegar verið gert á tveimur síðustu árum í útvegun lána, til þess að menn gætu byggt skip sín hérlendis, en áður fyrr.

Það getur vel verið, að það sé rétt hjá hv. fyrirspyrjanda, að það sé hvimleitt, hvað útgerðarmennirnir eigi erfitt með að koma sér saman um sömu stærðina, og skipasmíðendurnir séu ekki nógu harðir í horn að taka og segi við þá: Við smíðum þessi skip fyrir ykkur, en ekki önnur skip. Ég hefði viljað sjá framan í fyrirspyrjanda, ef hann hefði einhvern tíma fengið slíka móttöku hjá einhverri skipasmíðastöð, jafnvel þó að hún hefði verið norsk. En hins vegar hef ég lagt mikla áherzlu á það, að stefnt væri að þessari stöðlun, enda var hún byrjuð hér og búið var að skipa n., þegar hv. fyrirspyrjandi flutti sína till. í þinginu, — hann vissi ósköp vel um það, — og hún var þá búin að skila bráðabirgðaáliti. Þess vegna var það miklu meiri sýndarmennska en ella. Og ég held, að ég minnist þess aldrei, að það hafi áður verið fluttar svona till. um mál, sem öllum var kunnugt um og búið að segja frá, bæði í blöðum og útvarpi. Það sýnist ekki heldur hafa hert neitt á málinu. En það, sem gerðist strax í janúar 1968 og áður en till. var samþ. hér í þinginu, var, að ríkisstj. var búin að tryggja það eða gefa fyrirheit um það, að þeir, sem byggðu, skyldu fá 10% viðbótarlán hjá Fiskveiðasjóði. Þetta var eitt af því, sem till., sem samþ. var síðan um vorið, vék að og taldist vera nauðsynlegt þá til verkefnasköpunar.

Þegar hér var um það að ræða á árunum 1967 og 1968 að stuðla að verkefnasköpun fyrir íslenzkar skipasmíðastöðvar, þá lágu fyrir tilboð í iðnrn. að sams konar erlendum bátum, og þau voru algerlega samkeppnisfær um verð. Þess vegna kemur mér það spánskt fyrir sjónir nú, ef eftir tvær gengisbreytingar er hægt að fá mörgum millj. kr. ódýrara skip í Noregi eða Danmörku, eða hvað hv. fyrirspyrjandi sagði, heldur en þá var hægt. Mér kemur það einkennilega fyrir sjónir, það eru alveg nýjar upplýsingar fyrir mig, því að ég hygg, að það sé ekki vefengt, að það muni vera um 50% af gjaldeyri, sem fer í smíði skipsins.

Að sjálfsögðu er rétt að athuga nánar, hvort hér hafi orðið slíkar breytingar á, og ég man einmitt, að þegar var verið að tala um 20 millj. kr. bát í þá tíð, sem var nú af annarri stærð en við erum að tala um hér, þá lágu fyrir tilboð og voru höfð til samanburðar um verð á sams konar bátum. Það getur verið, að mig misminni eitthvað, en mig minnir, að þetta hafi verið 200—300 tonna bátur fyrir um 20 millj. kr. En ef gjaldeyririnn er 50% og gengisbreytingar hafa orðið, — erlenda gengið hefur hækkað um 100% síðan þetta var, — þá er furðulegt, að það sé allt í einu komið upp á teningnum, að hægt sé að fá svona ódýra erlenda báta. Það er nýtt í mínum augum. Mér er ekki heldur kunnugt um, að nein eftirspurn hafi verið eftir smíði erlendra báta eða nýrra báta.

Vegna fjárskorts Fiskveiðasjóðs hefur verið

lögð áherzla á það að reyna að hagnýta útflutningslán erlendis, sem eru öðruvísi lán en ef Fiskveiðasjóður tæki lánið. Þau snerta ekki okkar almenna lánamarkað erlendis. Það eru útflytjendurnir þar, sem hafa aðstöðu til að veita þessi lán, og þess vegna er auðveldara fyrir okkur, betra fyrir okkur, til þess að geta notað lánamarkaðinn að öðru leyti í önnur verkefni, að geta notað þessi útflutningslán, t. d. út á vélar, sem eru verulegur hluti af kostnaðarverði bátsins. Það var rætt um það um tíma að gera sameiginleg innkaup. Þeir voru á fundum í iðnrn. hjá mér vegna þessa, bæði fulltrúar frá Fiskveiðasjóði, bönkunum og einnig frá skipasmíðastöðvunum. En það er oft erfitt að samrýma þessa hluti, en að öllu þessu er unnið.

Loks vil ég segja það, að við erum auðvitað komnir nokkuð illa, ef við getum ekki smíðað þau litlu fiskiskip, sem hér er um að ræða, með þeirri reynslu, sem skipasmíðastöðvarnar hafa hér, öðruvísi en að styrkja þær, — og hver á þá að styrkja þær? Kannske togaraeigendur, sem ætla að fara að láta smíða nýja togara með styrk? Þetta er aðalundirstöðuatvinnuvegurinn. Ég hef ekki heldur orðið var við það, að þeir, sem eru að biðja um þessa báta, hafi óskað eftir því að fá meiri aðstoð en felst í þessum lánum.

Hitt er svo annað mál, að við þurfum auðvitað að keppa að því að láta ekki erlenda keppinauta skjóta okkur ref fyrir rass. Þess vegna var það líka m. a., að þegar við nú erum að leita eftir tækniaðstoð erlendis frá og erum að reyna að gera okkur grein fyrir því, hvar við getum helzt haft gagn af slíkri tækniaðstoð, þá hefur þess sérstaklega verið óskað, að til athugunar kæmi að taka til meðferðar rekstur skipasmíðastöðvanna, tæknibúnað þeirra og alla aðstöðu til þess að veita jafngóða þjónustu og erlendis er. Það verður meðal nokkuð margra liða, sem lögð verður áherzla á að fá erlenda tækniaðstoð við, eins og kunnugt er, að verið er að vinna að. Annars vegar höfum við fengið hingað fulltrúa frá Sameinuðu þjóðunum eða *UNESCO*, stofnun þeirra, sem starfar í Vín, og á vegum iðnrn. og þessarar stofnunar er nú verið að athuga, hvort slík tækniaðstoð gæti fengizt og hefur m. a. verið sérstaklega talað um skipasmíðastöðvarnar. Að öðru leyti væri hægt að fá aðstoð á þessu sviði í sambandi við Iðnþróunarsjóðinn, en eins og kunnugt er er hann nú að taka til starfa eftir inngöngu okkar í EFTA.

Ég vil þess vegna mega vona það, að skipasmíðastöðvarnar séu nú á sæmilega góðum vegi staddar. Það hefur verið talað um erlenda, stóra togara, sem við sennilega þurfum að leita út fyrir pollinn til þess að fá smíðaða, þó ekki væri nema af fjármögnunarástæðum. Hins vegar er það kunnugt, að áhugi er fyrir að smíða skuttogara hér innanlands hjá nokkrum bæjarfélögum og útgerðum þeirra, og í mínum huga hefur það staðið svo, að við ættum vel að vera færir um að byggja þá sjálfir, og yrði það niðurstaðan, yrði það helzt Slippstöðin á Akureyri, sem um væri að ræða. En miðað við það, sem ég sagði áðan um verkefni annarra skipasmíðastöðva, ætti þeim öllum að vera séð nokkuð vel fyrir verkefnum í framtíðinni. Auðvitað er ómögulegt að neita því, að þeir, sem hafa aðstöðu til þess að kynna sér þróaðar skipasmíðastöðvar erlendis, sjá auðvitað fljótt hér, þegar við berum saman við okkar skipasmíðastöðvar, að þær eru nýgræðingar á þessu sviði. Mannaflinn er auðvitað ekkert sambærilegur. Það eru kannske 1½, í hæsta lagi 2 tæknifræðingar og verkfræðingur, sem eru við hönnun skipanna, en í hinum stærri skipasmíðastöðvum erlendis eru sérfræðingar svo að skiptir kannske tugum, ef ekki hundruðum, sem menn eiga aðgang að, og náttúrlega á miklu stærri mörkuðum, og ég hygg, að við verðum mjög seint í aðstöðu til þess að geta keppt við stórar skipasmíðastöðvar.

Ég vil mega vona, að okkar menn fái smíðuð hér a. m. k. ekki síðri, og helzt betri og traustari skip hér í Norðurhöfum heldur en ýmis þau skip hafa verið, sem við höfum keypt erlendis frá. Þá er nokkuð mikið fengið, og á það ber líka að leggja áherzlu.

Ég vona svo, að við þurfum ekki að gera þessi atriði að deiluefni, en mikil áherzla hefur verið lögð á það af stjórnvöldum og þau munu ekki draga af sér við að bæta aðstöðuna fyrir skipasmíðastöðvarnar og þar af leiðandi fyrir þá, sem vilja láta smíða innanlands, og við munum ekki draga af okkur, ef fram koma atriði, sem sérstaklega þarf að lagfæra í þessu sambandi. Ég skal viðurkenna það, að á sumum sviðum hefur mér fundizt ganga of seint afgreiðsla mála, sem fyrir löngu er búið að ákveða að gera. Að því ber að keppa að koma í veg fyrir, að slíkt endurtaki sig.

36. Endurskoðun laga um þjóðleikhús.

Á deildafundum 20. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um endurskoðun l. um þjóðleikhús [144. mál, 1] (A. 241).

Á 31. fundi í Sþ., 21. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 39 shlj. atkv.

Á 32. og 39. fundi í Sþ., 28. jan. og 18. marz, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 20. jan. s. l. lagði ég fram svo hljóðandi fsp.: „Hefur ríkisstj. í hyggju að láta endurskoða lög nr. 86 frá 5. júní 1947, um þjóðleikhús, með tilliti til fenginnar reynslu?“

Það hefur dregizt nokkuð, að þessari fsp. væri svarað, af einhverjum ástæðum, og á meðan hefur það gerzt, að greint hefur verið frá því í blöðum, að hæstv. menntmrh. hafi skipað sérstaka n. til að endurskoða þessi lög, þannig að segja má, að hæstv. ráðh. sé þegar búinn að svara fsp. í verki. Engu að síður held ég, að það væri mjög fróðlegt, ef hæstv. ráðh. vildi gefa okkur nokkra vitneskju um það, hvernig hann hugsar sér, að þessari endurskoðun verði háttað, og hverjar hugmyndir hann hefur sjálfur um þau atriði í lögum um þjóðleikhús, sem hann telur að þyrfti að breyta. Þar hafa ýmis atriði verið gagnrýnd, svo sem alkunna er, t. a. m. ákvæðið um þjóðleikhússtjóra. Samkvæmt löggjöfinni, eins og hún er, er gert ráð fyrir því, að einn og sami maður annist fjárhagslegan rekstur Þjóðleikhússins og hafi þar listræna forustu. Þetta hafa margir gagnrýnt, og ég tel, að sú gagnrýni sé á rökum reist. Ég tel, að þessu embætti beri að skipta í tvennt, annars vegar eigi að vera rekstrarstjóri, maður, sem annast hina fjárhagslegu hlið á rekstri Þjóðleikhússins, og hann gæti sem bezt verið embættismaður eins og aðrir opinberir starfsmenn, en hins vegar tel ég að þar verði að vera listrænn framkvæmdastjóri, og ég tel algerlega fráleitt, að hann sé embættismaður sem geti setið í starfi sínu, á meðan honum endist starfsaldur til. Ég tel, að þetta starf sé þess eðlis, að í það eigi að velja menn til tiltekins tíma hverju sinni, 3—5 ára, eftir því sem mönnum sýnist, og skipta um, ef það er talið skynsamlegt. Við vitum allir, að enda þótt maður kunni að vera vel hæfur meðan hann er ungur, þá er ekki víst, að þeir hæfileikar nýtist honum allan starfsaldurinn, og það geta komið upp margvísleg ágreiningsefni milli hans og þeirra, sem starfa við slíka stofnun, og það gerir í sjálfu sér fráleitt, að þarna sé um að ræða fastan embættismann.

Annað atriði í lögunum, sem ég tel að þurfi að endurskoða, er ákvæði um þjóðleikhúsráð. Í lögunum stendur, að ráðh. skipi 5 menn í þjóðleikhúsráð og skuli 4 tilnefndir af stjórnmálaflokkunum, en einn af Félagi ísl. leikara. Engin ákvæði eru um það, hversu lengi menn skuli sitja í þessu ráði, og hefur það verið túlkað á þá lund, að menn skuli vera þarna eilífir augnakarlar eða meðan þeim endist aldur til. Þetta hefur haft býsna undarlegar afleiðingar. T. d. hefur það tíðkazt, að hæstv. menntmrh. hefur einnig átt sæti í þjóðleikhúsráði og verið þannig eigin undirmaður, sem ég tel algerlega óeðlilegt. Einnig hygg ég, að það sé mál flestra, sem kunnugir eru starfsemi Þjóðleikhússins, að þessi stofnun, þjóðleikhúsráð, hafi alls ekki gegnt því hlutverki, sem því var ætlað í upphafi, og hafi ekki haft þau áhrif á starfsemi leikhússins, sem nauðsynlegt er og vert væri.

Í lögum um þjóðleikhús er rætt um það, að eitt af skylduverkum leikhússins sé að halda skóla til eflingar íslenzkri leikmennt. Þetta hefur verið gert, svo sem kunnugt er, en þessi skóli hefur sætt mikilli gagnrýni, enda hefur hann hvorki verið fugl né fiskur. Þetta leiddi til þess, að Leikfélag Reykjavíkur reyndi um skeið að halda uppi eigin leikskóla, en varð það að sjálfsögðu ofviða. Ég tel, að það sé algerlega óhjákvæmilegt að endurskoða þessa hlið á starfsemi Þjóðleikhússins einnig. Ég veit, að þetta mál er í sérstakri athugun, en það hlýtur einnig að falla að heildarendurskoðuninni um starfsemi Þjóðleikhússins.

Enn er um það rætt í lögunum, að Þjóðleikhúsinu beri að flytja sjónleiki utan Reykjavíkur, eftir því sem við verður komið, og vinna að eflingu leiklistar hvarvetna á landinu. Þetta hefur verið framkvæmt á þá leið, að Þjóðleikhúsið hefur aðstoðað leikfélög úti um land með búninga og annað því um líkt, og enn fremur hefur verið farið í leikferðir á næsta tilviljunarkenndan hátt. Ég tel, að það þyrfti að gera ráðstafanir til þess, að Þjóðleikhúsið yrði raunverulegt þjóðleikhús í miklu ríkari mæli en verið hefur. Þær hugmyndir hafa t. d. komið fram að hafa þannig skipulagstengsl á milli Þjóðleikhússins í Reykjavík og einstakra leikhúsa úti um land, að sumir leikarar Þjóðleikhússins gætu tekið að sér störf úti um land um tiltekinn tíma. Þetta held ég, að væri ákaflega skynsamleg hugmynd. Ég held, að það væri mjög ráðlegt í sambandi við endurskoðun laga um þjóðleikhús að hyggja að því, hvernig hægt sé að tengja saman þessa menningarstarfsemi um land allt og gera Þjóðleikhúsið að eins konar driffjöður fyrir þessa starfsemi úti um landið.

Ég vék áðan að því, að einn og sami maður hafi annazt rekstur Þjóðleikhússins og listræna forustu þess, og að ýmsar stofnanir, einkanlega þjóðleikhúsráð, hefðu ekki haft þau áhrif, sem fyrirhuguð voru í upphafi. Þannig mun vera um ýmsa fleiri þætti í starfsemi Þjóðleikhússins. Ég hygg t. d., að ákvæði reglugerðar um bókmenntaráðunaut og tónlistarnefnd hafi verið framkvæmd ákaflega gloppótt og að raunverulega hafi völdin verið hjá þjóðleikhússtjóra, hann hafi farið með raunverulegt einveldi. Mönnum getur sýnzt sitt hvað um það, hvernig honum hafi tekizt að fara með þau völd, en það skiptir ekki máli í þessu sambandi, heldur hitt, að ég hygg, að þessi tilhögun, raunverulegt einveldi í slíkri stofnun, sé algerlega úrelt. Þróunin hefur orðið sú í löndunum umhverfis okkur, að í stofnunum eins og þjóðleikhúsum er farið að taka upp miklu nánari samvinnu við starfsfólkið í stofnuninni. Starfsfólkið á greiðari leið en áður að koma hugmyndum sínum á framfæri og gera athugasemdir sínar við starfsemina, og þetta hygg ég að þyrfti að gera hér einnig. Það þyrfti að koma upp einhverri sérstakri stofnun, annaðhvort með breyttri tilhögun á þjóðleikhúsráði eða annarri tilhögun, sem gerði starfsfólki Þjóðleikhússins kleift að taka virkari þátt en nú er í ákvörðunum um vinnubrögð og starfshætti leikhússins. Einnig þetta held ég að væri mjög mikilvægt að athugað yrði í sambandi við endurskoðun löggjafarinnar. En sem sagt, mér væri mikil forvitni að heyra hugmyndir hæstv. ráðh. um þessi atriði.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): *Herra forseti.* Hinn 6. febr. s. l. skipaði ég 3 manna n. til þess að endurskoða lög og reglugerð Þjóðleikhússins. Í n. eiga sæti Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, formaður n., dr. Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari og Baldvin Tryggvason framkvæmdastjóri. N. hefur þegar tekið til starfa, og er mér kunnugt um, að hún ákvað á fyrsta fundi sínum að ræða við þjóðleikhúsráð, þjóðleikhússtjóra, Félag ísl. leikara, Félag ísl. tónlistarmanna, Félag ísl. listdansara, Leikfélag Reykjavíkur, Bandalag ísl. leikfélaga og aðra þá, sem eðlilegt þætti að leita samstarfs við um þetta verkefni. Er að því stefnt, að hægt verði að leggja frv. til nýrra laga um þjóðleikhús fyrir Alþ., er það kemur saman í haust.

Hv. fyrirspyrjandi spurðist fyrir um skoðanir mínar á tilteknum atriðum gildandi þjóðleikhúslaga, einkum þeim, sem alkunnugt er að eru umdeild, og þá sérstaklega gildandi lagareglur um skipun þjóðleikhússtjóra og skipun, störf og hlutverk þjóðleikhúsráðs. Ég tel ekki rétt á þessu stigi að ræða skoðanir mínar á þessu máli, — skoðun ríkisstj. get ég að sjálfsögðu ekki rætt, þar sem málið hefur ekki verið rætt þar, — heldur tel eðlilegust vinnubrögð að bíða niðurstöðu þeirrar n., sem nú hefur hafið starf sitt. Ég endurtek, að ég mun leggja á það áherzlu, að hægt verði að leggja frv. um þetta efni fyrir Alþ., er það kemur saman í haust. Það mun að sjálfsögðu að einhverju leyti fara eftir till. þeirrar n., er ég hef nefnt, hvert efni þess frv. mun verða, en áður en það liggur fyrir, get ég engu um það spáð, hvaða afstöðu ríkisstj. mun að endingu taka til efnisatriða málsins.

Þess má og geta, að 15. júní s. l. skipaði ég nefnd til þess að athuga möguleika á því að sameina leiklistarskóla þá, sem nú eru starfandi í Reykjavík, og verði skólinn t. d. rekinn á hliðstæðum grundvelli og Tónlistarskólinn er nú. N. lauk störfum í febr. s. l., og er álit hennar til athugunar í menntmrn.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svörin, en mér urðu það mikil vonbrigði, að hann skyldi ekki fást til þess að ræða hér málefnalega um ýmis helztu vandamál Þjóðleikhússins. Ég held, að það sé forsenda þess, að endurskoðun laga um þjóðleikhús verði hagað á skynsamlegan hátt, að fyrst fari fram málefnalegar og víðtækar umræður um þau atriði, og ég trúi ekki öðru en þessi hæstv. ráðh. hafi hugleitt þessi mál og hafi myndað sér ákveðnar skoðanir á þeim. Ég held, að það hefði verið ákaflega gagnlegt, að hann hefði gert grein fyrir þeim skoðunum opinberlega og rætt þær við aðra.

Ég verð að segja það, að mér finnst n. sú, sem hæstv. ráðh. hefur skipað, vera næsta furðulega samansett. Eins og hann greindi frá áðan, er hún skipuð 3 mönnum. Þar er Birgir Thorlacius ráðuneytisstjóri, sem auðsýnilega á sæti í n. sem sérstakur fulltrúi þessa hæstv. ráðh., þar er Þórður Eyjólfsson fyrrv. hæstaréttardómari, sem eflaust á að gæta að því, að hin nýja löggjöf verði fullkomin lögfræðileg smíð, og þar er Baldvin Tryggvason, sem mér virðist vera þarna sem sérstakur fulltrúi Sjálfstfl. Ég hygg, að það hefði verið skynsamlegra að haga skipan þessarar n. á allt aðra leið. Það er alkunna, að starfsmenn Þjóðleikhússins og íslenzkir listamenn hafa mjög mikinn áhuga á endurskoðun þessara laga og á því, að Þjóðleikhúsið verði endurskipulagt á þann veg, að vegur þess geti orðið sem mestur. Nú mun þessi n. að sjálfsögðu hafa samráð við samtök listamanna, eins og hæstv. ráðh. tók fram, en ég hefði talið sjálfsagt, að samtök listamanna hefðu átt fulltrúa í þessari n., og mér finnst það lýsa alveg furðulegri pólitískri innilokunarstarfsemi að hafa n. þannig skipaða eins og hæstv. ráðh. hefur gert. Slíkt getur dregið hættulegan dilk á eftir sér. Ég held, að það þurfi að reyna að losa þessa stofnun úr þeim viðjum, að þarna eigi að vera um að ræða einhver pólitísk helmingaskipti á milli stjórnarflokkanna. Einmitt pólitísk helmingaskiptaregla var á dagskrá, þegar Þjóðleikhúsið hóf starfsemi sína, og var áreiðanlega til einskis gagns þá. Ég held, að það sé orðið tímabært að leysa þessa stofnun úr þeim viðjum.

37. Málefni Landssmiðjunnar.

Á deildafundum 27. jan. var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um málefni Landssmiðjunnar [153. mál] (A. 279).

Á 32. fundi í Sþ., 28. jan., var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 36 shlj. atkv.

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): Herra forseti. 23. apríl í fyrra, fyrir tæpu ári, svaraði hæstv. iðnrh. fsp., sem ég bar fram, um málefni Landssmiðjunnar. Í fsp. þessum hafði ég vakið athygli á því, að orðið hefði mjög alvarlegur samdráttur í starfsemi þeirrar stofnunar og líti jafnvel út fyrir það, að ætlunin væri að leggja hana hreinlega niður. Í svari sínu greindi hæstv. ráðh. frá því, að það væri ekki ætlunin að leggja þá stofnun niður, nefndir hefðu hugleitt framtíð stofnunarinnar um margra ára skeið áður og nú væri komin niðurstaða. Sagði hæstv. ráðh., að ætlunin væri, að Landssmiðjan tæki að sér reglubundið viðhald

og eftirlit með skipum ríkisins og í annan stað annaðist hún disilvélaviðgerðir Rafmagnsveitna ríkisins, viðgerðir fyrir Jarðboranir ríkisins og einnig verkefni fyrir ríkisfyrirtæki, svo sem Landsspítala, ríkisspítala o. s. frv. Þannig voru svör hæstv. ráðh. fyrir tæpu ári. En þegar þing kom saman nú í haust, vék hæstv. fjmrh. að málefnum Landssmiðjunnar í framsöguræðu sinni með fjárlagafrv., og hann komst svo að orði um það vandamál, með leyfi hæstv. forseta:

„Landssmiðjumálið var fyrir nokkru endanlega afgr. á þann veg, að Landssmiðjan skyldi starfa áfram fyrst og fremst að því takmarkaða verkefni að vera viðgerðarþjónustufyrirtæki fyrir skip ríkisins og ýmsar ríkisstofnanir. ... Þótti við fyrstu athugun líklegt, að með þessu móti mætti tryggja framtíðargrundvöll Landssmiðjunnar, en síðar hefur komið í ljós, að það er ógerlegt. Og þótt ríkisstj. hafi ekki enn tekið endanlega afstöðu til þessarar niðurstöðu, sem sýnist ótvíræð, sýnist mér ekki annað vera fyrir hendi en annaðhvort leggja Landssmiðjuna niður, eða þá greiða verulegan hallarekstur hennar úr ríkissjóði á hverju ári.“

Þetta sagði hæstv. fjmrh. í framsöguræðu sinni fyrir fjárlagafrv. í haust. Og þessu sjónarmiði hæstv. fjmrh. var fylgt eftir með forustugrein í Morgunblaðinu 22. jan. s. l., en þar var komizt svo að orði:

„Eitt þeirra atvinnufyrirtækja, sem ríkið rekur, er Landssmiðjan. Rekstur þessa fyrirtækis hefur gengið erfiðlega hin síðari ár og hallarekstur verið verulegur. Í landinu er nú mikið af járnsmiðjum, sem eru vel búnar tækjum og geta annað öllum þeim verkefnum, sem fyrir eru. Þegar þannig er ástatt, að Landssmiðjan tekur í rauninni verkefni frá öðrum smiðjum og tapar á því stórfé í þokkabót, er augljóst að leggja á þessa starfrækslu niður. Hún þjónar engum skynsamlegum tilgangi lengur. Af þessum sökum ætti ríkisvaldið ekki að draga það lengur að hætta þessum atvinnurekstri.“

Þessum stranga boðskap Morgunblaðsins var svo svarað í Alþýðublaðinu tveimur dögum síðar. Alþýðublaðið birti forustugrein 24. jan. og mótmælti þessu sjónarmiði Morgunblaðsins mjög eindregið. Þar var komizt svo að orði, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þessu sambandi vill Alþýðublaðið m. a. minna á það, að sjálfstæðismenn hafa stutt það dyggilega, að hið opinbera verji milljónatugum til að koma rekstri tveggja einkafyrirtækja, Sana og Slippstöðvarinnar á Akureyri, á réttan kjöl. Til slíkra ráðstafana hefur ekki verið gripið varðandi Landssmiðjuna, og getur enginn um það fullyrt að óathuguðu máli, að hliðstæðar ráðstafanir kæmu Landssmiðjunni ekki að gagni. Ef ríkisvaldið getur varið milljónatugum til aðstoðar einkafyrirtækja, svo að rekstur þeirra verði tryggður, á það vitaskuld ekki síður sambærilegum skyldum að gegna við mikilsverð fyrirtæki í opinberri eigu. Landssmiðjan á vissulega mikilvægu þjónustuhlutverki að gegna og veitir u. þ. b. 80 manns atvinnu. Alþýðublaðið telur, að ekki komi til nokkurra mála að hætta rekstri smiðjunnar og svipta þetta fólk atvinnu sinni, án þess að athuganir liggi fyrir á því, hvort ekki sé hægt að treysta rekstrargrundvöll Landssmiðjunnar með hliðstæðum opinberum fyrirgreiðslum og þegar hafa verið veittar ýmsum einkaaðilum í landinu.“

Þarna kemur sem sé fram mjög alvarlegur og gagnger ágreiningur á milli stjórnarflokkanna um þetta mál, sem er í sjálfu sér mjög veigamikið, en þarna er um að ræða mjög mikilvægt fyrirtæki í eigu ríkisins. Því þótti mér einsætt að spyrja hæstv. iðnrh. um það, hvernig þessi mál standa nú innan ríkisstj., hvort svör hans frá því í fyrravor hafa enn gildi eða hvort fyrirhugað er að breyta þeirri stefnu, sem þá var mörkuð.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Spurt er um það, hverjar séu ráðagerðir ríkisstj. um framtíð Landssmiðjunnar. Því miður verður að segja, að allmikil óvissa ríkir um framtíð Landssmiðjunnar og um það, hvernig bezt verði ráðið fram úr þeim erfiðleikum, sem hrjáð hafa þetta fyrirtæki. Það vantar þó ekki, að leitað hafi verið margvíslegra úrræða.

Árið 1965, 7. okt., skipaði iðnrh. 5 manna n. til að kanna málefni Landssmiðjunnar. Þessi n. skilaði áliti 14. júní 1966. Taldi hún óhugsandi, að rekstri Landssmiðjunnar yrði haldið áfram á þeim stað og við þær aðstæður, sem hún nú er rekin. Með skipunarbréfi nm. er tekið fram, að óskað sé till. n. um nýja stefnu í málefnum Landssmiðjunnar, ef n. telur sér fært að gera slíkar rökstuddar tillögur. N. er og sammála um, að hún geti ekki gengið lengra, en bendir á þrjár leiðir, án þess að hún geti tekið afstöðu til, hver hinna þriggja valkosta væri beztur, en þeir voru:

1. Landssmiðjan verði byggð upp að nýju sem ríkisfyrirtæki.
2. Landssmiðjan verði seld í einu lagi til einkaaðila.
3. Stofnað verði hlutafélag með þátttöku ríkisins um endurbyggingu smiðjunnar.

Engin þessara þriggja leiða var valin.

Næst gerðist það, að ráðh. fól 4 mönnum, 17. maí 1967, að gera till. um, með hvaða hætti húsnæði og vélakostur Landssmiðjunnar yrði nýttur fyrir verknámsskóla. Hinn 10. nóv. 1967 skiluðu þessir menn áliti, en áður hafði ríkisstj. samþ. frumtillögur þeirra og falið þeim að annazt frekari undirbúning að skólahaldi. Þessi 4 manna n. var sammála um, að húsnæði Landssmiðjunnar hentaði í heild fyrir verknámsskóla, en gerði till. um takmarkað skólahald fyrst í stað. Í samræmi við þessar till. hófst verknámsskóli í Landssmiðjunni í tveimur deildum, í málmiðju og trésmíði. Ekki var annað vitað en húsnæðið og vélakostur hentaði vel til þessa skólahalds. Á s. l. hausti sagði Iðnskólinn hins vegar lausu húsnæðinu á 2. hæð, sem hafði verið notað til trésmíðakennslu. Er ekki ljóst, hvað Iðnskólinn og borgaryfirvöld hugsa sér um áframhaldandi skólahald í Landssmiðjunni.

2. júlí 1968 skipaði fjmrh. n. til þess að gera till. um framtíðarskipun á verkstæðarekstri ríkisins. Komu þá fram till. um, að Landssmiðjan yrði gerð að skipaþjónustumiðstöð fyrir þau 10—12 skip ríkisins, sem gerð eru út frá Reykjavík, jafnframt því sem hún hætti starfsemi á almennum markaði. Hún tæki einnig að sér dísilvélaviðgerðir Rafmagnsveitna ríkisins og viðgerðir fyrir Jarðboranir ríkisins. Sett yrði 3 manna stjórnarnefnd við Landssmiðjuna.

Um miðjan maí 1969 samþ. ríkisstj. að fela Herði Sigurgestssyni rekstrarhagfræðingi í fjmrn. og Jóni Arnalds deildarstjóra í atvmrn. eftirlit með stjórn og rekstri Landssmiðjunnar ásamt framkvæmdastjóra hennar. Ríkisstj. hafði áður samþ. að breyta rekstri Landssmiðjunnar og gera hana að skipaþjónustumiðstöð fyrir skip ríkisins, sem gerð eru út frá Reykjavík, og jafnframt hætti hún starfsemi sinni á almennum markaði. Eftir ítarlega könnun komust þremenningarnir að þeirri niðurstöðu, að verkefni Landssmiðjunnar sem skipaþjónustumiðstöðvar yrði engan veginn nægjanlegt og mundi tapið, miðað við að reka hana sem slíka, verða um 3 millj. kr. árlega.

Á s. l. hausti var hallinn á rekstri verksmiðjunnar orðinn 1.4 millj. kr. Til að leysa mestu fjárerfiðleika sína á s. l. ári hafði Landssmiðjan fengið bráðabirgðalán úr ríkissjóði að upphæð 2.3 millj. kr. Uppboð hafa sífellt verið yfirvofandi á eignum Landssmiðjunnar, en þeim hefur verið margfrestað.

Með hliðsjón af þeim athugunum, grg. og till. varðandi rekstur Landssmiðjunnar, sem liggja fyrir frá árunum 1965 og síðar, lagði ég eftirfarandi til í ríkisstj. 15. jan. s. l.:

1. Rekstri Landssmiðjunnar verði hætt á þessu ári.

2. Húsnæði og vélakostur verði hagnýtt til þess að flýta, svo sem kostur er, eflingu verknáms í iðnaði í samræmi við iðnfræðslulögin frá 1966.

3. Iðnrn. hafi forgöngu um þær ráðstafanir, sem gera þarf vegna ákvarðana undir liðum nr. 1 og 2, í samráði við menntmrn. og fjmrn.

4. Iðnrn. sjái um, að starfsfólk Landssmiðjunnar eigi kost annarra starfa jafnóðum og störfum þess lýkur á vegum Landssmiðjunnar, en gert var ráð fyrir því, að það mundi verða á því ári, sem nú er að líða, ef hægt væri að koma verknámi í gang síðari hluta ársins.

Samstaða varð ekki um þessa málsmeðferð innan ríkisstj. Enn verður því haldið áfram rekstri Landssmiðjunnar. Gera þarf enn fjármálalegar ráðstafanir, til þess að reksturinn geti haldið áfram. Hef ég gert ráðstafanir til þess, að Framkvæmdasjóður taki að sér athugun þess máls. Jafnframt sé einnig athugað að nýju, hvort tilvera Landssmiðjunnar gæti með einhverjum hætti tengzt tilkomu verkstæðismiðstöðvar ríkisins, ef stofnað yrði til slíks verkstæðisrekstrar.

Loks vil ég geta þess, að hafnarstjórinn í Reykjavík hefur átt viðræður við iðnrn. um þau áform að efna til byggingar þurrkvíar inni í Sundum. Er þá jafnframt áformað, að við slíka þurrkví væri hagkvæmast að efna til eins konar samsteypu málmiðnaðarins í rekstri viðgerðarverkstæða, til þess m. a. að ná því marki að geta lokið skipaviðgerðum á sem skemmstum tíma með sameiginlegum átökum. En við útgerð skipa er að sjálfsögðu mikilvægt, að rekstrarstöðvanir vegna viðhalds séu sem stytztar. Hér kynni að skapast nýr möguleiki fyrir Landssmiðjuna, þó e. t. v. sé hann ekki á næsta leiti.

Það væri ósanngjarnt að ræða erfiðleika Landssmiðjunnar og áform til úrbóta án þess að minna á, að hin miklu áföll áranna 1967 og 1968 skildu að sjálfsögðu eftir sig djúp spor almennt í málmiðnaðinum. Afturbati og nýir iðnþróunarmöguleikar fela í sér ný tækifæri. Nefni ég t. d., að bygging olíuhreinsunarstöðvar hér mundi hafa mikilvæg áhrif á eflingu málmiðnaðarins.

Fyrirspyrjandi (Magnús Kjartansson): *Herra forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin. Þau leiddu það í ljós, að þetta mál er á enn alvarlegra stigi en um var vitað áður. Það er ekki aðeins um að ræða ágreining í blöðum, heldur hefur hæstv. ráðh. flutt um það formlega till. innan ríkisstj., að Landssmiðjan verði lögð niður. Hins vegar skýrði hann frá því, að um það hefði ekki náðst samstaða, sem trúlega stafar þá af því, að ráðh. Alþfl. hafa ekki viljað fallast á það að leggja niður þetta mikilvæga ríkisfyrirtæki.*

Örlög Landssmiðjunnar eru til marks um það, hverja afstöðu stjórnvöld hafa til ýmissa opinberra fyrirtækja. Sú var tíð, að Landssmiðjan var forustufyrirtæki í járniðnaði á Íslandi. Á stríðsárunum unnu þar yfir 300 manns, en síðan hefur smátt og smátt sigið á ógæfuhlið, og nú vinna þar aðeins um 80 manns og umsvif stöðvarinnar hafa takmarkazt mjög verulega. Þetta stafar auðvitað af því, að þarna hefur skort forustu af hálfu ríkisins og þeirra manna, sem ríkið hefur sett til forustu í fyrirtækinu, um það, að það fylgdist með hinni almennu þróun í landinu.

Hæstv. ráðh. skýrði frá því, að skipuð hefði verið ein nefndin af annarri til þess að fjalla um þetta mál, en þessar nefndir virðast alls ekki hafa haft neinn raunverulegan áhuga á því að lyfta þessu fyrirtæki. Það er t. d. ákaflega ólíkt, hvernig komið hefur verið fram við Landssmiðjuna, sem er fyrirtæki í almenningseign, og ýmis einkafyrirtæki, sem barizt hafa í bökkum á undanförnum árum. Eru dæmi um það síðustu árin, að einkafyrirtæki hafa verið látin safna ákaflega verulegum skuldum. Eitt allstórt fyrirtæki hér skuldaði Framkvæmdasjóði orðið um 70 millj. kr., og afkoma þess var áreiðanlega margfalt erfiðari en afkoma Landssmiðjunnar. Engu að síður voru gerðar mjög gagngerðar ráðstafanir af hálfu hæstv. ríkisstj. til þess að bjarga þessu einkafyrirtæki. En um slíkt frumkvæði hefur öldungis ekki verið að ræða, þegar Landssmiðjan hefur átt hlut að máli.

Ekki er nokkur vafi á því, að þarna hefur

það áhrif, að einkasmiðjur á Íslandi hafa óttazt samkeppni við Landssmiðjuna og hafa viljað hana feiga, einmitt vegna þess að Landssmiðjan hafði því hlutverki að gegna, og var raunar til þess stofnuð á sínum tíma að halda uppi almennu eftirliti með starfsemi einkasmiðjanna, og þar veitir sannarlega ekki af, því að á milli þeirra eru margir þræðir, eins og vitað er. Ég held, að það sé ákaflega illa farið, að Landssmiðjan hefur verið látin drabbast niður á þann hátt, sem gert hefur verið. Járniðnaður er ákaflega mikilvæg atvinnugrein á Íslandi og mun halda áfram að verða mikilvægari og mikilvægari. Það hefur hins vegar skort mjög á um eðlilega áætlunargerð. Menn hafa verið að fjárfesta hver í sínu horni og oft fjárfest margfalt meira en nauðsynlegt hefði verið út frá hagkvæmnisjónarmiðum. Ríkisvaldið hefði haft sérstaka möguleika til þess að hafa áhrif á þessa þróun með aðstoð Landssmiðjunnar, með aðstoð þessa stóra fyrirtækis í almenningseign, ef einhver áhugi hefði verið á því innan ríkisstj. að hafa forustu fyrir þessari atvinnugrein. En þessi áhugi hefur verið þverófugur. Í ríkisstj. hafa setið menn, sem ekki hafa haft áhuga á því að reka Landssmiðjuna af krafti og raunar viljað hana feiga, þótt farin hafi verið sú leið að láta hana drabbast niður smátt og smátt, hægt og hægt.

Það er í sjálfu sér ágætt, ef ráðh. Alþfl. hafa komið í veg fyrir það innan ríkisstj., að samþykkt yrði sú till. hæstv. iðnrh., að Landssmiðjan skyldi lögð niður nú þegar. En sú afstaða hrekkur ekki til. Að sjálfsögðu þýðir ekki að halda áfram starfsemi Landssmiðjunnar nema lagt sé til hennar fjármagn, sem nægi til þess, að hún geti starfað af fullum krafti, og lögð sé í það sú vinna og sú fyrirhyggja, sem til þess þarf. Það er enginn vandi að ganga af fyrirtækjum dauðum með því að hafa engan áhuga á starfsemi þeirra og geta svo sýnt fram á eftir tiltekinn tíma, að þau haldi áfram að safna tapi. Það er engin nauðsyn, að Landssmiðjan tapi. Það er afleiðing af lélegri stjórn og lélegri forustu hæstv. ríkisstj. Og það er þessi meinsemd, sem þarf að uppræta, ef ekki á svo að fara, að þetta mikilvæga ríkisfyrirtæki leggist algerlega niður.

38. Aðstaða nemenda í strjálbýli.

Á deildafundum 3. febrúar var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til menntmrh. um aðgerðir til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli [170. mál, 1] (A. 350).

Á 37. fundi í Sþ., 4. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 38 shlj. atkv.

Á 38. og 39. fundi í Sþ., 11. og 18. marz, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. enn tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Á þskj. 350 flytjum við hv. 3. þm. Vesturl. fsp. til menntmrh. um aðgerðir til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli. Þar er spurt:

„1. Er farið að semja reglugerð um ráðstöfun 10 millj. kr. fjárveitingar í fjárlögum þessa árs „til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms", og hvaða till. eru uppi þar um?

2. Hverjar voru niðurstöður þeirra athugana, er ríkisstj. hefur látið gera samkv. ályktun um þetta efni frá síðasta Alþingi?

3. Telur ríkisstj. þörf meiri rannsókna, áður en öflugar ráðstafanir yrðu gerðar til að jafna fjárhagslega aðstöðu nemenda í strjálbýli?"

Við leyfum okkur að vænta glöggra upplýsinga um þessi atriði hjá hæstv. menntmrh.

Sú nýbreytni að veita á fjárl. nokkra upphæð til að jafna aðstöðu nemenda í strjálbýli til framhaldsnáms hefur vakið töluverða athygli, og maður er satt að segja oft spurður um þetta mál. Spurt er um það, hvernig þessu fé verði ráðstafað.

Við fyrirspyrjendur álítum nauðsynlegt að fá það upplýst sem fyrst, hvaða háttur verði hafður á í þessu efni. Það er ekki víst, að öllum sé það ljóst, hvað hér er raunverulega ákaflega lítið til skipta. Og það er ástæðulaust að ala falskar vonir manna um þetta efni. Það er bezt fyrir alla að koma því á hreint sem fyrst, hvernig með verður farið.

Það má segja, að það sé töluverður aðdragandi að þessari fjárveitingu. Hv. 3. þm. Norðurl. e. og raunar fleiri hv. þm. hafa á undanförnum þingum flutt till. um athugun á aðstöðumun þeirra ungmenna, er geta sótt skóla heiman frá sér, og hinna, er dvelja þurfa langdvölum að heiman. En það er ekki fyrr en á s. l. vetri, að Alþ. ákveður, að slík athugun skuli fara fram. Og nú eftir allan þennan aðdraganda, þegar loks er veitt fé til þessara mála, þó smátt sé skammtað, þá er eðlilegt, að menn fýsi að vita, hvers vænta megi.

Í 2. lið fsp. spyrjumst við fyrir um áminnztar athuganir, sem gerðar voru á milli þinga. Hæstv. ráðh. lýsti því snemma á þessu þingi, — ég held ég megi segja löngu fyrir áramót, — að þær kannanir yrðu fljótlega birtar, en mér vitanlega hefur það ekki verið gert enn, og þess vegna er nú spurt um þetta. Menn vilja að sjálfsögðu vita niðurstöður af þessari athugun, og fá þær í hendur fyrr en seinna, m. a. þá vegna þess, að ef þær teldust ófullnægjandi með tilliti til frekari aðgerða, þá þarf vitanlega að gera enn frekari kannanir.

Í síðasta liðnum er beinlínis spurzt fyrir um álit ríkisstj. á þessu máli. Það verður að ætla, að þótt dregizt hafi af einhverjum ástæðum að leggja niðurstöður nefndra kannana fyrir Alþ., þá hafi hæstv. ríkisstj. þegar fengið þær í hendur og gefizt nokkurt ráðrúm til þess að skoða

málið á grundvelli þeirra. Það er áreiðanlega æskilegt og ég vil segja nauðsynlegt fyrir alþm. að fá að vita sem allra gerst um viðhorf ríkisstj. til þessa máls, á meðan enn er ráðrúm til þess á þessu þingi að gera þá frekari ráðstafanir til að sinna málinu.

Það er orðið æðilangt síðan þessi fsp. var fram borin, upp undir tveir mánuðir. Ég hygg, að hún hafi verið lögð fram áður en þinghlé var gefið, meðan á fundum Norðurlandaráðs stóð. Og síðan hefur það gerzt, að lagt hefur verið fram frv. um sérstakar ráðstafanir til að jafna aðstöðumun nemenda í strjálbýli. Flm. þessa frv., sem er á þskj. 397, eru hv. 1. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Norðurl. e. En flutningur þess frv. breytir engu um það, að æskilegt er að fá upplýst þau atriði, sem hér er spurt um, nema beinlínis mætti segja með tilliti til þessa frv. og meðferðar þess á Alþ. sé einmitt mjög æskilegt að fá nú að heyra alveg ákveðið um áform ríkisstj. eða a. m. k. viðhorf hennar til þessa máls.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Í des. 1969 var í menntmrn. gengið frá uppkasti að reglugerð um endurgreiðslu ríkissjóðs á kostnaði sveitarfélaga vegna fjarlægðar á milli skóla og heimila nemenda. Reglugerðinni var ætlað að vera skref til lausnar á því vandamáli skólanemenda og aðstandenda þeirra, sem leiðir af fjarlægð milli heimilis og skóla, og er lagt til í reglugerðinni, að fjárveiting í fjárlögum, 10 millj. kr., auk fjárveitingar, sem samsvarar áætlunum um þátttöku ríkissjóðs í aksturskostnaði nemenda skólavetur inn 1970—1971 og lauslega má áætla um 25 millj. kr., yrði til ráðstöfunar skólanefndum til greiðslu á eftirfarandi kostnaðarliðum: 1. Skólaakstri, 2. kostnaði við að koma nemanda í vist á einkaheimili í nálægð skóla og 3. kostnaði við að koma nemanda í heimavist utan skólahverfis. Ákvæðum reglugerðarinnar var ætlað að ná til nemenda í skólum, sem reknir eru sameiginlega af ríki og sveitarfélögum, og ákvörðunarvald um notkun fjárveitingarinnar eiga skólanefndir að hafa samkv. reglugerðinni.

Í þessu reglugerðaruppkasti felst skref til að jafna aðstöðumun nemenda á barna- og gagnfræðastigi. En eftir stendur vandamál þeirra nemenda úr dreifbýli, sem sækja menntaskóla, kennaraskóla, tækniskóla og aðra framhaldsskóla ofan gagnfræðastigs. Þess vegna var ákveðið að taka allt vandamálið til athugunar á breiðum grundvelli, þannig að væntanlegar reglur næðu til allra skólastiga neðan háskólastigs. Rn. hefur falið þrem mönnum úr samstarfsnefnd rn. og Sambands ísl. sveitarfélaga að semja frv. að l. um fjárhagsaðstoð til að jafna aðstöðu barna og ungmenna til menntunar, og verður það lagt fyrir Alþ. innan skamms.

Þá er spurt um það, hverjar hafi verið niðurstöður þeirra athugana, er ríkisstj. hefur látið gera samkv. ályktun um þetta efni frá síðasta Alþ. En ályktunin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstj. að gera yfirlit um kostnað ríkisins við skyldunám og framhaldsskóla og skal af yfirlitinu mega sjá, hver hann er: a) við heimavistarskóla, b) við aðra skóla. Einnig komi fram af yfirlitinu, hver aðstöðumunur nemenda er, þeirra, sem verða að vista sig langtímum saman utan heimila sinna við nám, og hinna, sem sækja skóla frá heimilum sínum og hafa þar alla vist."

Nákvæm athugun hefur verið gerð samkv. þessari ályktun á þessum liðum samkv. fjárl. 1970, og skal ég greina frá meginniðurstöðum þessara athugana.

Um barnaskóla er það að segja, að þar er kostnaður, þ. e. rekstrarkostnaður ríkissjóðs, á nemanda sem hér segir: Í heimangönguskólum í Reykjavík og kaupstöðum er kostnaðurinn á nemanda 9 803 kr. Í öðrum heimangönguskólum er hann 11 091 kr., en í heimavistarskólum er rekstrarkostnaður ríkissjóðs 20 059 kr. á nemanda. Kostnaður ríkissjóðs er því um 100% hærri á hvern nemanda í heimavistarskóla en í heimangönguskóla.

Að því er gagnfræðaskóla varðar, er rekstrarkostnaður ríkisins á nemanda þessi: Í heimangönguskólum í Reykjavík og kaupstöðum er kostnaðurinn 14 118 kr. á nemanda. Í heimangönguskólum annars staðar 14 218 kr. á nemanda. En í heimavistargagnfræðaskólum er hann 33 292 kr. Kostnaður ríkisins er því um 140% hærri á hvern nemanda í heimavistarskóla en í heimangönguskóla.

Að því er menntaskólana snertir, eru tölurnar þessar: Á nemanda í Reykjavík er rekstrarkostnaður ríkisins 27 993 kr., en á Laugarvatni, sem er eini skólinn, sem er eingöngu heimavistarmenntaskóli, er kostnaðurinn 39 725 kr. á nemanda. Kostnaður ríkissjóðs er því um 42% hærri á hvern nemanda í heimavistarmenntaskóla en í heimangöngumenntaskóla.

Ríkissjóður greiðir 50% af áætluðum byggingarkostnaði heimangönguskóla barna- og gagnfræðastigs. Barna- og unglingaskóli, sem ætlaður væri um 80 nemendum, yrði um 1000 rúmmetrar og mundi kosta um 20 millj. kr. á núverandi verðlagi. Af því mundi ríkið greiða um 10 millj. kr. Sé heimavist við skólann fyrir jafnmarga nemendur, yrði að byggja a. m. k. 2000 rúmmetra til viðbótar og mundi ríkið greiða 100% af áætluðum byggingarkostnaði þess rýmis, standi tvö eða fleiri sveitarfélög að skólanum. Heimavistin ein mundi því kosta um 40 millj. kr. og viðbótarkostnaður ríkisins vegna heimavistarinnar yrði hér a. m. k. ½ millj. kr. á hvern nemanda. Sé reiknað með alls 10% í vexti og afskriftir, þá samsvarar þetta um 50 þús. kr. aukakostnaði á ári fyrir hvern nemanda í nýrri heimavist. Þá styrkir ríkið akstur nemenda, bæði þeirra, sem búa í heimavistum skyldunáms, og einnig hinna, sem búa langt frá heimangönguskólum. Sérstök ákvæði eru um akstur nemenda, þegar við það sparast heimavist. Í þeim tilvikum er um fulla

endurgreiðslu að ræða, sé ekið eftir töxtum, sem menntmrn. viðurkennir. Kostnaður ríkissjóðs vegna aksturs á árinu 1970 mun verða 20—25 millj. kr.

Heildarniðurstaða þessa er því sú, að umframkostnaður ríkissjóðs nú til þess að jafna aðstöðumun þeirra, sem í strálbýli og dreifbýli búa, er sem hér segir, og er þó eingöngu um að ræða rekstrarkostnaðinn, ekki stofnkostnaðinn vegna heimavistar: Vegna skyldunámsins 19.4 millj. kr., vegna gagnfræðaskóla og héraðsskóla 19.6 millj. kr., vegna menntaskóla 5.4 millj. kr., samtals 44.4 millj. kr. Þar við bætist síðan aksturskostnaðurinn, 22.5 millj. kr., svo að heildarumframkostnaður ríkisins nú á árinu 1970 mun nema 66.9 millj. kr. eða tæpum 70 millj. Og ég endurtek, að hér er ekki tekið tillit til stofnkostnaðar vegna byggingar heimavistar, hér er eingöngu um rekstrarkostnaðinn að ræða. Ríkisvaldið jafnar þannig nú þegar á ýmsa vegu aðstöðumun barna og ungmenna, sem í strjálbýli búa. Samt er þessi aðstöðumunur enn þungur baggi á heimilum strjálbýlisfólks.

En rangt væri að líta svo á, að aðstöðumunur væri eingöngu bundinn því, hvar nemandi hefur skráð lögheimili sitt og hvar sá skóli er staðsettur, sem hann sækir. Athugum fyrst skyldunám í þessu sambandi. Barn, sem sækir heimavistarskóla, greiðir eingöngu innkaupsverð matvæla og annarra hráefna. Ríkið greiðir ráðskonulaun og laun aðstoðarstúlkna. Þessar greiðslur vegna barnanna voru samkv. reikningum 1968—1969 að jafnaði um 60 kr. á fæðisdag. Auk þess er flutningskostnaður að og frá heimavist greiddur. Munurinn á heimavistarbarninu og heimangöngubarninu er sá, að fæðiskostnaður heimavistarbarnsins er greiddur sérstaklega, en fæðiskostnaður barnsins, sem heima býr, ekki. Það er svo annað mál, að efnalitil heimili, þar sem mörg börn eru á skyldunámsstigi, geta átt erfitt með að greiða þennan kostnað. En það er ekki vegna búsetunnar, heldur vegna lélegs efnahags, og byrði fjölskyldu nálægt heimangönguskóla, þar sem börn eru í skóla, er sama eðlis og jafnþung, því að varla mun tilkostnaður við að hafa barn á heimili verða lægri en þau gjöld, sem krafizt er fyrir heimavist í skyldunámi.

Sé athugað um nám ofar skyldunámi, verður myndin nokkuð önnur. Sé miðað við skólaárið 1968—1969 má áætla fæðiskostnað í heimavistum gagnfræðastigs- og menntaskóla um 125 kr. á dag. Dvöl í slíkum heimavistum er samfelldari en í heimavistum skyldunáms, nemendur fara ekki heim til sín nema í skólafríum. En þjónusta heimilanna við nemendur vegna þvotta o. s. frv. fellur niður. Sé gerður samanburður á raunverulegum kostnaði þess heimilis, sem þarf að útvega heimagöngunemanda mat, þjónustu og húsnæði í 8 mánuði, og hins vegar þess heimilis, sem þarf að greiða fæðiskostnað og ferðakostnað vegna dvalar nemanda í heimavist, er ekki vist, að munurinn sé ýkjamikill. Munurinn er aðallega fólginn í því, að hinn raunverulegi kostnaður vegna heimangöngunemandans er falinn í heildarútgjöldum fjölskyldunnar. Foreldrarnir borga hann að mestu, og menn gera sér ekki ljósa grein fyrir honum, eins og í því tilviki, þegar fæðis- og ferðakostnaður heimavistarnemandans er greiddur. Hér, eins og þegar um skyldunámsnemanda er að ræða, eru það efnahagsástæðurnar, sem þyngstar eru á metunum, og fjölskylda, sem í eru mörg börn eða ungmenni, sem stunda framhaldsnám, hefur miklar byrðar að bera, hvort sem þau búa í heimavist eða á heimili foreldranna.

Einn flokkur nemenda ofar skyldunámi býr þó við sérstaklega erfiðar aðstæður, sem athuga þarf með sérstökum hætti. Það eru þeir nemendur, sem fara verða að heiman vegna skólagöngu og geta ekki búið í heimavist. Þeir verða að taka á leigu herbergi og oftast vista sig sjálfir. Lauslega má áætla, að um 1300—1400 nemendur stundi nú nám við framhaldsskóla utan heimasvæðis síns, án þess að komast í heimavist, og allflestir þeirra verða að vista sig sjálfir eða búa hjá ættingjum eða vinum. Umframkostnaður slíkra nemenda, miðað við þá, sem geta verið í heimavist, er lágt metinn á 1500—2000 kr. á mánuði, nema í þeim tilvikum, er þeir geta nýtt sér heimavistarmötuneytisaðstöðu, svo sem við Menntaskólann á Akureyri.

Þá er komið að því að fara um það nokkrum orðum, hvernig helzt komi til greina að hagnýta þær 10 millj. kr., sem Alþ. hefur veitt á gildandi fjárl. í því skyni, sem hér er um að ræða, að jafna aðstöðumun unglinga úr dreifbýli til skólagöngu, miðað við þéttbýlisbúa. Virðist helzt koma til mála að veita sérstakan styrk til námsmanna, er verða að dvelja fjarri heimilum sínum og eru ekki aðnjótandi heimavistar. Með þessu móti telur menntmrn. á þessu stigi málsins, að fénu yrði réttlátast varið, það mundi koma að beztu gagni. Aðallega er hér um að ræða nemendur í menntaskólum, kennaraskólum, ýmsum tækniskólum o. s. frv., en einnig nemendur í tveim efstu bekkjum gagnfræðastigs. Hefur verið gerð eftirfarandi áætlun um hagnýtingu fjárhæðarinnar: að greiða ca. 200 gagnfræðastigsnemendum 850 kr. á mánuði í 7 mánuði, til þess mundi þá verða varið 1.2 millj. kr., og að greiða ca. 1060 nemendum í kennaraskólum, menntaskólum og tækniskólum 1000 kr. á mánuði í 8 mánuði, en til þess mundu þá fara 8.4 millj. kr. eða samtals 9.6 millj. kr. eða tæplega sú upphæð, sem til ráðstöfunar er í þessu skyni. Hvort sem endanleg niðurstaða þessa máls verður sú, að þessi bráðabirgðalausn verði valin eða ekki, er augljóst, að málið allt þarf gaumgæfilegrar athugunar við og lausn, sem eingöngu tekur tillit til búsetu, getur ekki verið fullnægjandi né réttlát. Hér þarf að taka tillit til efnahagsaðstöðu nemenda og foreldra þeirra. Vinna þarf að því að jafna sem mest aðstöðu til náms, bæði eftir búsetu nemenda og eftir fjárhagsgetu þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, og mun ríkisstj. halda áfram athugun þessa mikilvæga máls, þótt að sjálfsögðu þurfi að taka nú

bráðabirgðaákvörðun um hagnýtingu þeirra 10 millj., sem til ráðstöfunar eru á þessu ári í þessu skyni.

Að síðustu vildi ég segja þetta: Mesti aðstöðumunur strjálbýlis- og þéttbýlisnemenda er þó hvorki sá, að strjálbýlisnemendur hafa að jafnaði lengra að sækja í skóla, né heldur hinn, sem hér hefur aðallega verið fjallað um, hve framhaldsnám er þeim erfiðara og dýrara en hinum, sem búa nær skóla. Mesti aðstöðumunurinn er hin stutta skólaganga margra dreifbýlisbarna. Að vísu hefur þetta mikið breytzt á síðustu árum, enda eru nýju skólakostnaðarlögin beinlínis miðuð við að brúa þetta bil. Lenging skólatíma fyrir alla aldursflokka upp að 8 mánuðum, eins og gerist í þéttbýlinu, eykur sjálfkrafa fjölda þeirra kennslustunda, sem ríkissjóður greiðir að fullu. Sú skuldbinding, sem ríkið þannig tók á sig með nýju skólakostnaðarlögunum, á án efa eftir að reynast drýgsta framlagið til þess að jafna menntunaraðstæður barna og unglinga í strjálbýlinu.

Fyrirspyrjandi (Vilhjálmur Hjálmarsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin. Það er rétt að vekja athygli á því, að ályktunin, sem samþ. var á Alþ. í fyrra um athugun, var gerð á nokkru breiðari grunni en til var ætlazt af hálfu flm. málsins á sínum tíma. Samkv. ályktuninni var einnig ákveðið, að um leið og athuga skyldi aðstöðumun nemenda þeirra, sem skóla sækja að heiman, og hinna, er geta sótt hann heiman frá sér, þá skyldi athuga um hlut ríkissjóðs í kostnaði við skólahald, og það er mál út af fyrir sig. Ýtarlegum upplýsingum um þau atriði hefur verið safnað, eins og fram kom í svörum hæstv. ráðh. Hins vegar virðist mér, að upplýsingarnar um þann þáttinn, sem upphaflega var lögð megináherzla á, um aðstöðumun þeirra nemenda, sem þurfa að sækja að heiman frá sér, og svo hinna, mér finnast þær upplýsingar vera ófullnægjandi og mér finnst ekki gæta nægilegs skilnings hjá hæstv. ráðh. á því máli, hversu sá aðstöðumunur er mikill í raun og veru, þvert á móti vera nokkur tilhneiging til þess að gera lítið úr þeim mismun. Ég harma það, að þannig skuli vera viðhorfið til þess máls.

Ég skal ekkert segja um það á þessu stigi málsins, hvort rétt sé að farið með ráðstöfun fjárins eða skynsamlega, eins og það hefur verið ákvarðað. En mér er hins vegar ljóst, að það hlaut að verða að takmarka greiðslur við þröng svið, því upphæðin er ákaflega lítil.

Mér þykir vænt um að sjá það, að það virðist meiningin að nota þetta fé til ráðstöfunar á þeim námsvetri, sem nú er að líða. Það var alveg sjálfsagt að mínum dómi. Ég held, að menn verði að gera sér grein fyrir því, að það er allt annað að geta haft unglingana heima heldur en að senda þá í heimavist. Það er raunar hægt með einföldu dæmi að skýra þetta. Setjum svo, að það sé fjölskylda með 3 og jafnvel 4 börn á skólaaldri. Öll þurfa að sækja skóla að heiman og fara í heimavist. Þá er varla um að ræða minni heimavistarkostnað nú en 50—60 þús. kr. á nemanda, og þá fer það að nálgast annað hundrað þús. kr., sem greiða þarf. Þetta var hægt á meðan sumaratvinna var næg og svo að segja hver einasti unglingur gat unnið fyrir tiltölulega háu kaupi, en þegar því er ekki lengur að heilsa, þá er þetta ekki hægt. Það er allt annað að þurfa að leggja þetta út í beinhörðum peningum heldur en ef unglingarnir geta verið heima og notið fyrirgreiðslu á heimili foreldra.

Þó ég telji nokkuð óljósar niðurstöðurnar að því leyti er varðar aðstöðumun þeirra, er sækja heimavistarskóla, og hinna, er þurfa að dvelja fjarri heimilum, þá vil ég láta það koma alveg skýrt fram, að ég álít ekki rannsóknar þörf til að staðfesta það, að aðstöðumunur sé fyrir hendi. Til þess álít ég að þörfin sé allt of augljós. En hitt er annað mál, að til þess að hægt sé að gera þessu máli fullnægjandi skil, þá þurfa auðvitað frekari rannsóknir að fara fram, og mér þykir vænt um að heyra það, að ríkisstj. hefur þetta mál til meðferðar og ætlar sér að gera víðtækari ráðstafanir. Hins vegar get ég ekki varizt því, að ég er ekki mjög trúaður á málsmeðferð hjá ríkisstj., eftir að hafa heyrt andann í ræðu hæstv. menntmrh. varðandi þetta mál. Í landi, sem er stórt og erfitt yfirferðar og strjálbýlt eins og hérna, verður auðvitað alltaf töluverð hætta á því, að þegnunum verði mismunað. En miklu varðar, að allt sé gert, sem hægt er, til þess að minnka þann mismun.

Ég álít, að núna séu tvö mál á dagskrá, sem alveg sérstaklega megi kalla mannréttindamál fólksins í dreifbýlinu: annars vegar dreifing raforkunnar, því það er alveg óviðunandi, að hluti þjóðarinnar, lítill að vísu að hundraðshluta, sé án þeirra gæða, sem rafmagnið veitir, og hins vegar mismunandi aðstaða til að njóta menntunar, sem hér hefur verið til umr.

Ég held, að allir séu á einu máli um það, að þessi aðstöðumunur sé mikill. En það tekur því miður nokkuð langan tíma fyrir þá, sem álengdar standa, að átta sig á því, hvað gera skuli, átta sig á því, hvernig við skuli snúast. Menn hafa verið allt of tómlátir í þessu efni. Og ég held, að það fari ekki á milli mála, að mesti aðstöðumunurinn fjárhagslega séð er sá, sem hér er rætt um. Hitt er svo allt annað mál, sem ekki er tími til að rekja hér, sá námstími, sem hverju einstöku barni og ungmenni stendur til boða í barnaskóla. Það er allt annað mál.

Sigurvin Einarsson: Herra forseti. Það er í sjálfu sér ekki hægt að ræða þetta mál að gagni í þeim ræðutíma, sem hér er fyrir hendi nú. En mér skildist á svörum hæstv. menntmrh., að hann teldi ekki sérlega mikla þörf á að vera að styrkja til náms nemendur á skyldunámsstigi, sem eru fjarri heimilum sínum, því hann tók alveg sérstaklega fram, að það væri ódýrara fyrir börn að vera í heimavistarbarnaskólum fjarri heimilum sínum en að vera heima. Hann nefndi það sérstaklega sem dæmi

Og þá skildist mér á honum, að þó að um aðra heimavistarskóla væri að ræða, sem ekki væru skyldunámsskólar, yrði kostnaðurinn hjá þeim lítið meiri en þó þeir væru heima. Mér finnst þetta dálítið viðsjárverðar skoðanir, og ég á mjög erfitt með að skilja það, hvernig hann hefur komizt að þessari niðurstöðu.

Hins vegar notaði hann mikið af ræðutíma sínum til þess að sýna fram á, hvað ríkið kostaði miklu til skóla utan þéttbýlisins, þeir væru ákaflega dýrir. Það er náttúrlega ekkert merkilegt, þó að það sé eitthvað dýrara að hafa skóla í dreifbýli en hérna í Reykjavík, þar sem nemendurnir geta gengið heiman frá sér daglega í skólann. M. a. hefur ríkið komizt hjá því að byggja nokkurt heimavistarhús í allri Reykjavík yfir nemendur, sem þó óhjákvæmilega verður að byggja úti í dreifbýlinu. Þetta eru eiginlega ekki neinar fréttir fyrir okkur hérna. En að þessi kostnaðarmunur komi nokkurn hlut við kostnaði nemendanna, það get ég ekki séð. Ég get ekki séð, að nemandi t. d. austan af Fljótsdalshéraði sé eitthvað betur settur, af því að skólabyggingar þar fyrir austan kosta meira en hérna í Reykjavík. Hvað ætli nemandinn, sem verður að fara til Reykjavíkur, — t. d. í menntaskóla af því að það er enginn menntaskóli þar, — hvað ætli hann sé betur settur fyrir það, þó að einhver heimavistarskóli sé dýrari austur á Héraði? Ég sé enga heila brú í þessu.

Þá skýrði hæstv. ráðh. frá því áðan, að það mundu vera 1300—1400 nemendur án heimavistar, sem þyrftu einhvers styrks eða aðstoðar við. Ég veit ekkert, hvernig hann hefur fengið þessar upplýsingar eða hvaðan þær eru komnar. Mér þykja þær ákaflega ólíklegar, sannast sagna.

Loks gerði hann grein fyrir því, hvernig ríkisstj. hugsaði sér að skipta þessum 10 millj., sem nú væru á fjárl. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir, að hann hafi nefnt nemendur í þremur skólum: menntaskóla, kennaraskóla, tækniskóla og þar að auki nemendur í 3. og 4. bekk gagnfræðaskóla. Þeir eru þá með í þessum 1250 nemendum. (Gripið fram í.) Hann nefndi 200 nemendur með 850 kr. á mánuði í 7 mánuði og 1050 nemendur með 1000 kr. á mánuði í 8 mánuði, þetta eru 1250 nemendur á öllu landinu. Þeir eiga þá ekki að vera fleiri í þessum 4 skólum. En hvað um alla hina skólana? Þeir eru margir, sem hann nefndi ekki. Styrkurinn á þá að verða, eftir því sem hann segir, 850 kr. á mánuði í 7 mánuði handa þessum 200 nemendum, þ. e. 5950 kr. yfir skólaárið á hvern nemanda þar. Nú er mér tjáð, að fargjald t. d. austan af landi til Reykjavíkur sé 2000 kr. á ferð, og ef nemandinn veitir sér þann munað að fara heim til foreldranna um jólin, eru það fjórar ferðir. Það eru 8 þús. kr. á hvern nemanda að fara þetta, — ekki að kosta sig hér í Reykjavík við nám, nei, bara til að fara á milli. Hann vantar 2050 kr. til þess að styrkurinn dugi í fargjaldið. Þetta á styrkurinn að verða og þetta er alveg nóg að dómi ríkisstj. Hinir eru nú betur settir, þeir, sem eiga að fá 1000 kr. á mánuði. Það eru 8000 kr., en það gerir ekki meira en að duga fyrir ferðum tvisvar sinnum, svo að ég nefni dæmi, milli Austurlands og Reykjavíkur. Og mér sýnist á öllu, að sæmilega vel eigi að vera séð fyrir þessum nemendum að dómi ríkisstj. Svo bætti hæstv. ráðh. einu við, sem mér kom dálítið ókunnuglega fyrir eyru. Hann segir, að þessar styrkveitingar fari alls ekki eftir búsetu nemenda, m. ö. o.: það eigi að styrkja hina líka, sem eru í heimangönguskólum, það eigi að fara eftir efnahag foreldra og aðstandenda. Þá fara nú 10 millj., held ég, að duga illa, ef þá á að taka með. Ég hygg, að það væri svo sem æskilegt, ef það væri hægt, en það verður ekki vandalaust að skipta, þegar svona á að halda á því.

39. Loðnugöngur o. fl.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvrh. um rannsóknir á loðnugöngum o. fl. [183. mál, 1] (A. 432).

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Það eru vafalaust allir sammála um, að fjölbreytni þurfi að verða sem mest í fiskveiðunum og fiskverkuninni, eins og í öðrum greinum atvinnulífsins. En þegar um er að ræða fiskstofna, sem ekki er löng reynsla í að veiða, þá þarf margt að gera til undirbúnings því, að vel geti tekizt til um veiðarnar og verkunina, og má segja, að þau verkefni séu tvíþætt, sem þá þarf að vinna að: Annars vegar að vita sem mest um fiskstofnana, þá sem menn ekki þekkja vel til áður, bæði stærð þeirra, eðli fiskanna og háttalag. Þessar rannsóknir eru oft á tíðum ákaflega viðtækar og seinunnar, og þarf mikið í að leggja vafalaust, ef gera á þeim fullnægjandi skil. Hins vegar er svo það að ná góðum tökum á veiðunum og verkun fiskanna. Þessi grein málanna er fjarskalega viðtæk og vandmeðfarin og þegar um nýjungar er að ræða, verður hið opinbera áreiðanlega mjög að skerast í leikinn, ef möguleikar eiga að notast sómasamlega, því að það er einstaklingum gersamlega um megn að leggja fram þá fjármuni og þá starfrækslu, sem þarf til þess að fara með nauðsynlegar tilraunir í þessu efni. Þar koma til greina veiðarfæratilraunir og veiðitilraunir yfirleitt, leit að fiskigöngunum og fyrirgreiðsla við fiskiflotann, sem er mjög þýðingarmikið verkefni, og það hefur sýnt sig, að það borgar sig að leggja fjármuni í þá grein; og svo loks verkun fiskanna, markaðsöflun o. s. frv.

Þessi fáu almennu orð vil ég láta fylgja þeim fsp., sem ég flyt hér um rannsóknir á loðnugöngum o. fl., og nefni ég í þessari fsp. fjórar tegundir smáfiska: loðnuna, sandsílið, kolmunnann og spærlinginn. Mismunandi mikið hefur verið fengizt við að veiða þessa fiska, eins og kunnugt er, og skal ég ekki rekja sögu þess. En fsp. hljóða þannig, með leyfi hæstv. forseta: „Með hvaða hætti ætlar ráðh. að láta fylgjast með loðnugöngum og loðnustofninum á þessu ári?“

Þetta er fyrri liðurinn. Og þá á ég auðvitað við þann tíma, sem eftir er ársins, en enginn vafi leikur á því, að það er mjög rík nauðsyn að fylgjast vel með loðnustofninum svo að segja allt árið, ef takast á að komast eftir því, svo forsvaranlegt sé, hversu stórir loðnustofnarnir eru og hvernig þeir haga sér, bæði með tilliti til þess að koma veiðum við og einnig með tilliti til þess að ákveða, hversu mikið megi veiða. Þess vegna spyrst ég fyrir um það, hvað ætlazt er fyrir í þessu efni það sem eftir er ársins.

Síðari liðurinn er svo hljóðandi: „Hvað er ætlazt fyrir um rannsóknir á göngum sandsílis, spærlings og kolmunna á þessu ári og um stuðning við tilraunir til þess að veiða og verka þessa fiska?“

Þó að röðin á fiskanöfnunum sé svona í fsp., að sandsílið er nefnt fyrst, þá spærlingur og loks kolmunni, þá er það ekki svo, að þeir séu beinlínis nefndir í þeirri röð, sem ég tel að þurfi að leggja áherzlu á rannsóknir á þeim, heldur mætti kannske segja að sumu leyti í öfugri röð, því að ég vil alveg sérstaklega fara fram á það við hæstv. ráðh., að hann láti leggja mikla áherzlu á að greiða fyrir kolmunnaveiðum. Fer ég fram á, að hann hlutist til um, að það verði sett verð á kolmunnann og það verði ákveðið nú sem allra fyrst, vegna þess að það er í maí- og júnímánuði, sem helzt er að vænta að veiðar geti átt sér stað á þessum fiski. Enn fremur láti hann leitarleiðangra, kolmunnaleitarleiðangra, fara út í tæka tíð, þannig að þeir séu búnir að átta sig á því alveg, við skulum segja um mánaðamótin apríl—maí, hvers er að vænta í þessu tilliti, og sinni því svo áfram.

Ég nefni þetta alveg sérstaklega með kolmunnann, en varðandi hina fiskana á ég við, að kanna þurfi almennt, hvar þessir fiskar halda sig, hversu stórir stofnarnir kunna að vera, og að greiða fyrir þeirri veiði, sem kann að vera fyrirhuguð á þessum fiskum.

Mér leikur grunur á, að einhverjir hugsi sér til hreyfings með spærlinginn, og ríður þá mikið á, að greitt sé fyrir þeim, því það er bezt að gera sér grein fyrir því, að einstakir útvegsmenn geta alls ekki lagt fram fjármuni í tilraunir eða í það að leita að bessum fiskum um allan sjó. Það verður að greiða fyrir slíku, eins og reynslan sannar, annars ganga þessir fiskar hjá án þess að vera nýttir.

Ég skal ekki bæta mörgum orðum við, því ég mun vera búinn með þann tíma, sem á að nota til þess að tala fyrir fsp., en í sambandi við verkun og markaðsöflun á ég m. a. við það að láta sér ekki lynda, að allir þessir litlu fiskar fari í bræðslu, því að mér finnst, að það megi gera ráð fyrir því, að það sé hægt að gera mjög góðan mat úr þessum fiskum og verka þá hagkvæmlega, t. d. að leggja þá í sósur og olíur, og hef ég ekki trú á öðru en þetta geti orðið eftirsóttir fiskar þannig tilreiddir. Þess vegna skora ég mjög á hæstv. ráðh. að láta leggja í tilraunir og athuganir einnig á því sviði.

Loks vil ég svo láta það verða mín síðustu orð til að mæla fyrir fsp. að skora á hæstv. ráðh. að sjá um, að Hafþór verði látinn ganga sleitulaust allt árið og jafnt fyrir því, þó Bjarni Sæmundsson bætist í hópinn, það komi ekki til greina, að þetta skip verði látið liggja eða tekið úr rannsóknar- eða fiskileitarstarfrækslunni, þó Bjarni Sæmundsson bætist við, því það dylst engum, sem hefur nokkra nasasjón af þessum málum, að það er alveg fullt verkefni fyrir þessi þrjú skip og miklu meira en það, og þyrfti þó að leigja önnur skip til viðbótar.

Loks vil ég svo segja, að ef hæstv. ráðh. vantar peninga til þess að gera það, sem hann telur nauðsynlegt í þessu skyni, þá er ég alveg sannfærður um, að hann á vísan stuðning Alþ. til þess að fá aukafjárveitingar í því tilliti, ef hann telur það nauðsynlegt. En það vill nú verða, að þegar þessi mál eru inni í þeirri almennu klemmu fjárl., þá er stundum erfitt að fást við efnin og verður þá kannske naumara skorið en menn vildu. En hér er um slík undirstöðuatriði að ræða í atvinnulífi landsmanna, að ég er alveg sannfærður um, að hæstv. ríkisstj. mundi fá stuðning þingsins til þess að skoða þau sérstaklega, ef henni fyndist þeim of þröngur stakkur skorinn í fjárlögum.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Ég mun fyrst víkja að fsp. sjálfum, en fyrir þeim hefur hv. fyrirspyrjandi gert nokkra grein. Varðandi fyrri liðinn vil ég segja þetta:

Rannsóknarskipið Árni Friðriksson hefur verið í loðnuleit frá s. l. áramótum, og hefur mótorskipið Hafþór einnig tekið þátt í leitinni. Hefur verið fylgzt með loðnugöngum og athuganir gerðar á þeim. Árni Friðriksson verður áfram í loðnuleit fram í miðjan þennan mánuð, en eftir þann tíma er loðnu ekki að vænta fyrir suður- og austurströndinni.

Á s. l. sumri, frá því í júní fram í september, var leitað að loðnu í hafinu norðan og norðvestan Íslands, en sú leit bar ekki árangur, svo sem kunnugt er. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um, hvort framkvæmd skuli sams konar leit á þessum slóðum á sumri komanda. Telja verður þó æskilegt, að könnuð verði til hlítar útbreiðsla og göngur loðnunnar á þessum tíma og veiðimöguleikar á þessum svæðum. Ef eindregnar óskir koma fram um það og talið verður að athuguðu máli, að rétt sé að framkvæma leit í hafinu norðan og norðvestan Íslands á sumri komanda, verða þær rannsóknir framkvæmdar.

Á þessu ári er áætlað að kanna í samvinnu við Norðmenn, Þjóðverja og Englendinga magn fiskungviðis á 1. og 2. aldursári austan- og norð-

anlands. Er ætlunin, að rannsóknir þessar verði gerðar á hinu nýja rannsóknarskipi, Bjarna Sæmundssyni, og á Árna Friðrikssyni á hausti komanda. Munu þessar athuganir einnig taka til ungviðis loðnunnar.

Þá er rétt að taka fram, að í Hafrannsóknastofnuninni fer fram úrvinnsla þeirra upplýsinga, sem aflað hefur verið og kunna að fást með sýnishornatöku og annarri gagnasöfnun í rannsóknar- og leitarleiðöngrum þeim, sem að framan hefur verið getið.

Varðandi 2. lið fsp. vil ég segja þetta:

Ákveðinn einstaklingur hefur farið þess á leit að fá leyfi til þess að nota sandsílistroll til tilraunaveiða á sandsíli á vori komanda, en slík tilraun hefur áður verið gerð. Æskilegt er, að þessi tilraun verði framkvæmd, en ef af þessum veiðum verður, mundi skapast aðstaða til þess að fylgjast betur með göngum sandsílisins, afla sýnishorna o. fl. Hins ber þó að gæta, að hér er um mjög fínmöskvað veiðarfæri að ræða, sem auðveldlega getur sópað upp smáfiski af öðrum tegundum en þeim, sem ætlað er að veiða, og er því mikillar aðgæzlu þörf. Tilraun þessi yrði að sjálfsögðu gerð í samráði og samvinnu við fiskifræðinga Hafrannsóknastofnunarinnar.

Á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar mun verða farið í tveggja vikna leiðangur seinni hluta þessa mánaðar í því skyni að kanna magn fiskseiða og spærlings- og síldargöngur úti fyrir suðvestur- og suðurströndinni. Vitað er, að allmargir útgerðarmenn hyggjast senda skip sín til spærlingsveiða í vor og sumar, enda náði m. s. Halkion frá Vestmannaeyjum allgóðum árangri í þessum veiðum á s. l. ári. Nauðsyn ber því til að hefja skipulagða spærlingsleit og kanna útbreiðslu hans og veiðimöguleika, bæði í botnvörpu, flotvörpu og herpinót. Landhelgismálanefnd, sem skipuð er fimm þm., mun fylgjast með þessum málum, og hafa henni þegar verið veittar upplýsingar um þær leyfisbeiðnir til þessara veiða, sem borizt hafa.

Skipulagðar kolmunnarannsóknir eru ekki enn sem komið er hafnar á hafrannsóknasvæðinu. Þótt öðru hverju hafi verið safnað sýnishornum til aldurs-, lengdar- og fitumælinga, þá eru þær rannsóknir skammt á veg komnar. Um rannsóknir á göngu og útbreiðslu kolmunnans í ár er það að segja, að ætlunin er m. a., að Árni Friðriksson verði við síldarrannsóknir í hafinu milli Íslands og Noregs norðan Færeyja a. m. k. eitthvað fram á sumarið. Á undanförnum árum hefur kolmunni mikið gengið á þetta hafsvæði, einkum í maí og júní, svo sem áður er fram komið hér, og hefur um það áður fengizt allmikil vitneskja í síldar- og rannsóknarleiðöngrum. Ætlunin er því að sameina síldar- og kolmunnarannsóknir a. m. k. á þessu tímabili. Almennt er reynt eftir föngum að sameina hinar ýmsu rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, t. d. kolmunna- og síldarrannsóknir í Noregshafi, rannsóknir og fiskileit, en slíkt er þó oft mjög erfitt eða ómögulegt með öllu.

Sé sérstaklega vikið að stuðningi með tilliti til veiða og verkunar þessara fiska, eins og segir í fsp., þá hefur Fiskimálasjóður þegar veitt allmiklar fjárupphæðir í þessu skyni. Hefur sjóðurinn veitt bæði lán og styrki. T. d. hefur sjóðsstjórn og rn. samþykkt að veita styrki samtals að fjárhæð 1.4 millj. kr. til tilrauna til að veiða spærling á síðasta ári. Áður hefur verið drepið á tilraunir til sandsílisveiða. Ætlunin er að gera þessar tilraunir til veiða á kolmunna með flotvörpu í sambandi við síldar- og kolmunnarannsóknir í hafinu milli Íslands og Noregs í vor, svo sem fyrr er sagt. Enn fremur er til athugunar, hvort rétt sé að gera tilraunir til veiða á kolmunna í snurpunót á þeim tíma, sem fiskifræðingar telja hentugastan.

Hinu nýja rannsóknarskipi Bjarna Sæmundssyni munu fylgja margs konar ný veiðarfæri til tilraunaveiða á þeim fiskum, sem hér er um rætt. Má þar nefna sérstaka spærlingsvörpu, sandsílisvörpu og loðnuflotvörpu og tvær stórar flotvörpur, sem nota má til kolmunna- og spærlingsveiða. Verða gerðar tilraunir með öll þessi veiðarfæri, þegar rannsóknaskipið er komið í gang. Hvað verkun snertir má segja, að yfirleitt hefur ekki verið um að ræða mjölvinnslu úr þessum tegundum. Nokkuð hefur þó verið fryst og soðið niður af loðnu. Gerðar hafa verið og í undirbúningi eru tilraunir til niðursuðu og bræðslu á loðnu á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar.

Um hin almennu atriði, sem fyrirspyrjandi minntist á í lok ræðu sinnar, vil ég aðeins segja það, að aldrei áður í sögu hafrannsóknanna á Íslandi hefur verið veitt jafnmikið fé til þessa og nú er á fjárl., og ég tek undir það með hv. fyrirspyrjanda, að það verður seint of miklu fé varið til þessa, svo mjög sem okkur ríður á að vita sem mest um göngur nytjafiska.

Ég fagna svo upplýsingum hv. þm. um stuðning við hugsanlega aukningu á fjárveitingu, sem væntanlega gæti komið til, vegna þess að þessar tilraunir eru mjög fjárfrekar.

Fyrirspyrjandi (Eysteinn Jónsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin og undirtektir hans í þessu efni, en ég vil aðeins minnast á tvö til þrjú atriði.

Það er þá fyrst, að ég vil mjög eindregið skora á hæstv. ráðh. að ákveða það, sem ekki *hefur enn þá verið fastákveðið, að loðnuleit og* loðnurannsóknir fari fram í sumar og fram á haust, en hann tók fram, að það væri enn óákveðið, hvernig því yrði háttað.

Þá vil ég láta í ljós þá skoðun mína, að rétt sé að leyfa undanþágu fyrir sandsílistroll, en fara þó að öllu með gát, en það þarf m. a. að gera til þess að kynna sér, hversu mikið er um þann fisk og hvernig gengur að veiða hann, og einnig til þess að fá reynslu af því um leið, hversu mikil hætta fyrir smáfiskinn er samfara þeim veiðum. En það fáum við ekki að vita nema reynt sé, og þess vegna vil ég styðja, að þetta sé reynt.

Mér finnst gott að heyra, að meiningin er að greiða fyrir spærlingsveiðunum með því að

leita að honum og greiða fyrir flotanum. En spurning er, hvort ekki þyrfti að leggja meira í það en þessar tvær vikur, sem hæstv. ráðh. minntist á, og vil ég beina því til hans að athuga það atriði.

Varðandi kolmunnann upplýsti hæstv. ráðh., að ætlunin væri að litast um eftir honum, en ekki væri ákveðið, hvernig því yrði hagað. Því vil ég enn endurtaka þessa till., sem ég gerði áðan, að það verði farið í reglulega kolmunnaleit, sem sé miðuð við það, að komast eftir því, hvernig ástatt sé með hann, og miðuð við að greiða fyrir veiðunum. Það verði farið síðast í apríl, og sá leiðangur standi í maí og júní til þess að greiða fyrir hugsanlegum kolmunnaveiðum. Ég vona, að hæstv. ráðh. hafi tekið eftir því, sem ég stakk upp á, að það yrði sett verð á kolmunnann í apríl og það sem allra fyrst, til þess að menn geti farið að hugsa sig um, hvort tiltækilegt sé að fara í þetta. En margir hafa mikla trú á kolmunnaveiðum. Ég held, að það geti verið varasamt að treysta því að sameina að öllu leyti síldarleit og kolmunnaleit. Það mun þurfa að skoða betur, og vil ég vona, að hæstv. ráðh. geri það.

Þá vil ég leggja enn áherzlu á það, að gerðar verði veiðitilraunir á þessum fiskum í flotvörpu, það veiðarfæri, sem nú er mest treyst á annars staðar, og enginn vafi er á því, að við höfum allt of litlar veiðar gangandi einmitt í flotvörpuna. Vil ég, að hið opinbera gangi á undan og leggi í slíkar veiðitilraunir, og enn fremur í tilraunir til verkunar á öllum þessum fiskum til matar með margvíslegu móti.

Loks sakna ég þess, að það kom ekki fram hjá hæstv. ráðh., að Hafþór verði gerður út allt árið. Ég vona, að það sé ekki vottur þess, að ætlunin sé að leggja honum, því að enginn vafi er á því, og kemur raunar fram, bæði af því, sem ég segi um þessa nauðsyn, og einnig því, sem hæstv. ráðh. segir um nauðsynlega leit að fiski og rannsóknir, að það er fullkomin þörf fyrir skipin þrjú og miklu meira. Ég vonast þess vegna eftir því, að þögnin þýði ekki, að það sé meiningin að leggja Hafþóri eða draga hann út úr starfinu, heldur verði hann í fullum gangi ásamt nýja skipinu, sem við bætist.

40. Lánveitingar úr fiskveiðasjóði.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til sjútvrh. um lánveitingar úr fiskveiðasjóði [183. mál, 2] (A. 432).

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Fsp. þessi er í fimm liðum, og ég sé ekki ástæðu til þess að ræða hana, fyrr en svör liggja fyrir, því þessir liðir eru skýrir. Það væri aðeins til að eyða tímanum.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Mig langar að gera tilraun til nokkurs samkomulags við hv. fyrirspyrjanda, því að svörin við þessum fsp. eru langt talnaflóð, sem erfitt er fyrir þm. að fylgjast með, og þess vegna vildi ég mega afhenda honum þau skriflega, en þau eru hér öll ásamt reikningum fiskveiðasjóðs, sem staðfestir voru í gærmorgun. Þetta eru allt nýjar og ferskar tölur, þannig að þær eiga að vera það sannasta og bezta, sem vitað er um, til svara við þessum fsp. Ef fyrirspyrjandi vill, þá get ég lagt í að lesa þetta. (Gripið fram í.) Ég vil ógjarnan fara að meta, hvað er aðalatriði í þessum fsp., en það á að vera í þessu svar við öllum fsp. (Gripið fram í.) Þm. óskar eftir því, að tölurnar séu lesnar upp, og skal við því orðið.

Þetta eru svör fiskveiðasjóðs við fsp., sem rn. kom á framfæri við hann, svörin eru svo hljóðandi:

1. liður: a) Stjórn sjóðsins ákvað 17. marz 1961 að hafa eftirleiðis gengisákvæði í skuldabréfum fyrir lánum úr sjóðnum samkvæmt heimild í lögum nr. 17 frá 10. marz 1961. — Svar við b-lið 1 töluliðar: Tala veittra lána frá þeim tíma og fram að gengisbreytingu 12. nóv. 1968 var 249. Þ. e. án gengisbreytingar frá 1. jan. 1967 til 29. maí 1968 voru lánin 134.

2. liður: a) Lánveitingar án gengisákvæða, frá því að byrjað var að lána þannig og fram að gengisbreytingu 12. nóvember 1968, voru 405 217 500 kr. Það er á tímabilinu 1. jan. 1967 til 29. maí 1968, 371 217 500 kr., og svonefnd PL-480 lán til síldarverksmiðja, samtals 34 millj. kr. — b) Gengistryggð lán veitt á sama tíma námu 1 milljarði 350 millj. og 64 þús. kr., en þar dragast frá eftirstöðvar erlendra skipakaupalána á hverjum tíma.

3. liður: Skuldir fiskveiðasjóðs í erlendri mynt, þegar gengi íslenzkrar krónu var lækkað, falla þannig: Árið 1960 63 766 708.93 kr. Árið 1961 105 229 751.17 kr. Árið 1967 87 830 627.41 kr. Í árslok 1969 voru þessar skuldir 303 958 762.90 kr.

4. liður: Í árslok 1967 voru gengistryggð útlán að frádregnum eftirstöðvum erlendra skipakaupalána 581 949 981 kr. Í árslok 1967 voru útlán án gengistrygginga 854 174 196 kr., auk stofnláns Stofnlánadeildar sjávarútvegsins, sem fiskveiðasjóður yfirtók 31. des. 1966 og var 367.5 millj. kr.

5. liður: Skuldir fiskveiðasjóðs í erlendri mynt hækkuðu í íslenzkum krónum við gengisbreytinguna árið 1967 um 28 632 784.54 kr., 1968 um 93 980 249.27 kr. Við gengisbreytinguna árið 1967 32.6%, voru útlán sjóðsins með

gengisákvæði 540 millj. og 240 þús. kr., og nægði þá 5.3% hækkun þeirra fyrir gengisbreytingunni. Árið 1968 var gengistapið 93 380 249.27 kr., en útlán sjóðsins með gengisákvæði 604 802 710 kr., og voru þau hækkuð um 15.14% til þess að mæta gengisbreytingunni.

Að lokum skal þess getið, þó að ekki sé sérstaklega um það spurt, að fiskveiðasjóður hefur sjálfur orðið fyrir gengistapi og afskrifaði af þeim sökum á tímabilinu 1957—1969 samtals 52 644 011.55 kr.

Ef aðrir hv. alþm., sem áhuga hafa á þessu málefni, hafa áhuga á að fá bæði þessi svör og eins hina staðfestu reikninga sjóðsins frá byrjun, þá er það að sjálfsögðu til reiðu, ef menn óska þess.

Fyrirspyrjandi (Björn Pálsson): Herra forseti. Ég vil þakka þessi svör. Ég efast ekkert um, að þau séu rétt, svo langt sem þau ná. En ástæðan fyrir því, að ég fór að spyrja um þetta, var sú, að ég fékk spurnir af því, að það hefðu verið veittar undanþágur, sumum hefði verið lánað án gengistryggingar, en öðrum ekki.

Eins og sagt var hér, var byrjað að lána gengistryggðu lánin í marz 1961, en í apríl 1967 er farið að lána án gengistryggingar, og þegar ég spurðist fyrir um ástæðuna fyrir þessu, þá var sagt, að það hefði verið álit yfirstjórnar fjármála landsins, að búið væri að lána nóg af gengistryggðum lánum, það væri ekki ástæða til þess að gera það frekar. Önnur ástæðan var sú, að fjármálin væru í svo góðu lagi, að þetta væri óhætt.

Í árslok 1960 skuldaði fiskveiðasjóður í erlendri mynt 64 millj. Við það bættist gengisbreytingin 1961, þannig að þetta verða fullar 70 millj. í erlendri mynt, sem gerir með tvöfaldri gengisfellingu 1967 og 1968 um 140 millj. En þá eru skuldir fiskveiðasjóðs erlendis eftir báðar þær gengisfellingar um 260 millj., þannig að um helmingur af erlendu lánunum er til, áður en byrjað er að lána gengistryggð lán. Ef þessum %, sem er ógengistryggði hluti lánanna, er bætt við það sem hann telur gengistryggt, þá er það í kringum 1 milljarð, sem eru gengistryggð lán, eða minna en helmingur af heildarlánum fiskveiðasjóðs, en fiskveiðasjóður lætur sig ekki muna um að jafna öllum gengistöpunum niður á þessa menn, sem hafa tekið lán frá árinu 1961 til ársins 1967. Þessar 52 millj., sem fiskveiðasjóður segist hafa tapað, það er tap, sem hann varð fyrir á gengisfellingunum 1960 og 1961, þess vegna er dálítið villandi, þegar sagt er á tímabilinu 1957—1969. Þó að það sé ekki beinlínis ósatt, þá er það dálítið villandi. Þetta eru töpin, sem eru þá.

Þó menn væru neyddir til að taka gengistryggð lán, þá er það í lögum um fiskveiðasjóð, að það sé aðeins um að ræða þann hluta, sem er erlend lán, vegna þeirra lána, sem lánuð eru með gengistryggingu, en ekki vegna annarra lána. Ég álít, að lögin feli ekki í sér lán, sem búið er að taka áður en byrjað var að lána gengistryggð lán, og allra sízt eiga þeir að gjalda þess, sem taka gengistryggðu lánin, þó að stjórn fiskveiðasjóðs finni upp á því að lána heilt ár án gengistryggingar, þegar mjög mikið var um útlán. Eftir hvaða fyrirmælum það hafi verið gert eða hver ástæðan er, það út af fyrir sig skiptir ekki máli. Ef vitleysa hefur verið gerð fjárhagslega, þá eiga þeir ekki að gjalda þess, sem tóku gengistryggðu lánin, heldur verður fiskveiðasjóður að gjalda þess, vegna þess að honum var þannig stjórnað. Og fiskveiðasjóður græddi allt að 200 millj. árið 1968, að ég ætla, bætti við eignir sínar, þannig að möguleiki var fyrir hendi að greiða þessa upphæð, sem hefur sennilega verið um 100 millj., ef rétt væri reiknað, — ég er ekki búinn að reikna það nákvæmlega út, þar eð ég beið eftir þessum svörum, — sennilega allt að 100 millj., sem þannig var jafnað niður.

Ég átti tal við einn aldraðan mann, sem er ágætur sjálfstæðismaður, Magnús nokkur Gamalíelsson á Ólafsfirði. Hans skip var smíðað innanlands. Hann sagði mér, að þessar tvær gengisfellingar hefðu numið 4 millj. á skip, sem hann á og heitir Sigurbjörg. Hann sagði mér, að næsta lán á eftir hefði verið fyrir þá Hermannssyni, — ég skal ekki fullyrða, hvort það er rétt, en hann áleit það, — og þá var lánað án gengistryggingar. Þetta kemur þannig ekki sanngjarnt eða réttlátlega niður. Ég er ekki að kenna sjútvrh. um þetta, því að ég væni hann ekkert um það, að hann hafi átt þar hlut að máli, en ég álít, að hæstv. ráðh. sé skylt að hlutast til um, að þetta verði lagað. Það er leiðinlegt að standa í illindum út af svona hlutum. Ég álít, satt að segja, að þetta mundi vinnast fyrir dómi, ef útgerðarmenn færu í mál, en aðstaða þeirra er þannig, að þeir eiga dálítið erfitt með að standa í málaferlum við bankastjórana. Ég álít að þetta ætti að athuga og laga ætti þessar misfellur. Ég er ekki að segja, að hægt sé að láta þá borga, sem fengu lánin án gengistryggingar, því að það er samningur, sem verður að standa við. En það verður fiskveiðasjóður þá sjálfur að borga, sem annars hefði komið á þá.

Ekki er til neins að fara út í neitt talnaflóð sérstaklega eða útreikning hér, enda er ég ekki búinn að reikna þetta þannig, að ég geti lagt það nákvæmlega fram, en þetta verður athugað, og í sjálfu sér hlýtur hver heilvita maður að sjá, að það nær engri átt að lána vissum aðilum án gengistryggingar, og sú viðbára, að gengið væri svo óruggt, að það væri engin hætta á gengislækkun, er harla fáránleg, því að hver ólærður maður vissi það, að 1967 var gengið tæpast rétt skráð, þannig að það eru einhverjar aðrar ástæður, sem hafa valdið því, að lánað var án gengistryggingar þá. Þarna álít ég, að hafi verið framið stórfellt ranglæti gagnvart þeim mönnum, sem neyddir voru til þess að taka lánin með gengistryggingu. Annars er þetta ekkert nema venjuleg meðferð á útvegsmönnum. Í fyrsta lagi draga bankarnir þá í dilka, þessi á að skipta við þennan

bankann, hinn við hinn — það eru aðallega tveir aðalbankar — það er sama, hvernig fram við þá er komið, þarna verða þeir að dúsa, og svo er ekkert verið að tala um, hvað rétt sé, það er bara jafnað niður því, sem þarf, á þessa menn, sem hafa verið neyddir til þess að taka gengistryggðu lánin. Það er farið nákvæmlega með þá eins og þeir væru einhver mörkuð dýr, sem eru dregin í dilka, og talið, að hægt sé að leggja á þá bagga, sem þessum virðulegu bankastjórum þóknast. Þeir eru auðvitað ekki vanir því, að neinn þori að segja neitt við þá, þessir herrar. Ég álít, að það sé hvorki ríkisstj. né þinginu samboðið, að hlutast ekki til um, að þetta sé lagað. Hvaða réttlæti er það t. d., að Hermannssynirnir borgi ekkert gengistap, en Magnús Gamalíelsson á Ólafsfirði þurfi að borga 4 millj., bæði skipin smíðuð innanlands?

Lúðvík Jósefsson: Herra forseti. Hér er í rauninni verið að ræða allmargar fsp. undir einum lið, og einnig eru allmargir undirliðir. Hér er um allmikilsvert mál að ræða, sem ég efast ekkert um, að allir alþm. vilja gjarnan fá greið svör við. Hins vegar er því ekki að neita, að það er heldur erfitt að átta sig á svörum, sem lesin eru upp, og á þann hátt, sem hér var, þá var mjög erfitt að fylgjast með þessu, og auðvitað væri æskilegt, að svör við þessum spurningum gætu í rauninni borizt skriflega. Ég vildi því fara fram á það við hæstv. sjútvrh., að hann gerði það, sem hann í rauninni bauð hér í sinni ræðu, að hann hlutaðist til um það að senda okkur þm. öllum afrit af þessum svörum, sem hann las hér upp og mjög erfitt var að fylgjast með.

Ég vil svo aðeins segja það um þær fullyrðingar, sem hér hafa komið fram í ræðustóli á Alþ. hvað eftir annað varðandi mismunandi reglur um lánveitingar úr fiskveiðasjóði, að mér hafa, satt að segja, þótt þessar fullyrðingar furðulegar og hefði gjarnan búizt við því, að hér kæmu skýringar á þessu, en mér skilst af þeim svörum, sem ég þykist hafa heyrt nokkurn ávæning af, að það sé upplýst, að fiskveiðasjóður hafi haldið þannig á málum, að hann hafi lánað á alllöngu tímabili öllum, sem lán fengu þá úr sjóðnum, lán með gengisákvæðum, og svo allt í einu, með vissum lánum til vissra aðila, þá hafi verið hætt við að hafa þessi gengisákvæði á lánunum og þannig hafi orðið um herfilega mismunun að ræða hjá lántakendum úr fiskveiðasjóði. Þetta þykir mér alveg furðulegt, og þó alveg sérstaklega að heyra það, að fundið hafi verið upp á því að lána ógengistryggð lán úr fiskveiðasjóði í aprílmánuði 1967, og það hafi verið bankastjórar þeir, sem mestu ráða um skráningu krónunnar, sem fundu það út, að þá væri óhætt að hætta að veita lán með gengisákvæðum.

En hvað um það, þetta eru út af fyrir sig fróðlegar upplýsingar, en ég vænti þess, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að láta okkur hafa þessi svör skriflega, hverjum þm. fyrir sig.

Sjútvrh. (Eggert G. Þorsteinsson): Herra forseti. Í tilefni af ósk hv. síðasta ræðumanns um, að þm. verði látnar umræddar upplýsingar í té, þá sé ég ekkert því til fyrirstöðu og mun beita mér fyrir því, enda er ekkert í þessum plöggum, hvorki reikningunum né þeim upplýsingum, sem ég gaf, sem leynd hvílir á.

41. Niðursoðnar fiskafurðir.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til viðskrh. um nýtingu markaða fyrir niðursoðnar fiskafurðir [183. mál, 3] (A. 432).

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Tilefni þessarar fsp. er bladamannafundur, er haldinn var í utanrrn. 11. des. s. l., en á þeim fundi var upplýst, að á vegum Iðnþróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna hefði farið fram athugun á markaðsmöguleikum fyrir niðursoðnar íslenzkar sjávarafurðir í fjórum löndum aðallega, Bandaríkjunum, N.-Þýzkalandi, Frakklandi og Bretlandi. Niðurstaða þessarar könnunar var sú, að talið var, að á næstu 3—5 árum ættu Íslendingar að geta flutt út niðursoðnar sjávarafurðir til þessara fjögurra landa fyrir um 10 millj. dollara á ári. Það var enn fremur upplýst á þessum fundi, að hafnar væru ráðagerðir eða undirbúningur að því að sameina eða samræma störf nokkurra stærstu niðursuðuverksmiðjanna í landinu, og að hér væri þá staddur fulltrúi frá einu af dótturfyrirtækjum Alþjóðabankans, sem hefði það til athugunar, hvort sú stofnun gæti veitt einhverja fjárhagslega aðstoð í þessu sambandi, hvort heldur sem það væri gert með því, að þetta fyrirtæki eignaðist hlutabréf í íslenzkum fyrirtækjum eða veitti lán til þeirra.

Fsp. mín er fram komin til þess að fá það upplýst, hvað hafi gerzt í framhaldi af þessu. En það sjá allir, að hér getur verið um mjög stórt mál að ræða, ef það er rétt, að markaður sé fyrir íslenzkar niðursuðuvörur í þessum fjórum löndum, það stór markaður, að við ættum að geta selt þangað fyrir 10 millj. dollara á ári. Þá er að sjálfsögðu um svo stórt mál að ræða, að við megum ekki láta neitt ógert til þess að hagnýta okkur þessa möguleika. Og til þess að fá það upplýst, hvað ríkisstj. hafi gert í framhaldi af þessum upplýsingum, er þessi fsp. mín fram borin.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Samkvæmt beiðni samtaka niðursuðuverksmiðja fór ríkisstj. í janúar 1968 þess á leit við Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna í Vín, UNIDO, að hún aðstoðaði við athugun á markaðsmöguleikum fyrir íslenzka fiskniðursuðu, svo og á hvern hátt mætti efla niðursuðuiðnaðinn. Iðnþróunarstofnunin varð við tilmælum ríkisstj. og gerði samning við kanadískt ráðgjafarfyrirtæki, Stevenson og Kelloggs, um framkvæmd athugunarinnar. Hafa fulltrúar fyrirtækisins unnið að þessu máli í samráði við samtök niðursuðuverksmiðja frá því í maí 1969, og afhentu þau bráðabirgðaskýrslu í des. s. l. Frá helztu niðurstöðum bráðabirgðaskýrslunnar og ráðleggingum fyrirtækisins var skýrt á blaðamannafundi 11. des. s. l., og er ástæðulaust að rifja það upp hér. Hins vegar hefur endanleg skýrsla ekki borizt enn þá frá Iðnþróunarstofnuninni, en hún verður að sjálfsögðu látin í té þeim aðilum, sem vinna að því að auka og endurbæta framleiðslu og sölu á niðursuðuafurðum. Ríkisstj. mun framvegis sem hingað til, í náinni samvinnu við framleiðendur, greiða fyrir því, eftir því sem föng eru á, að þessi viðleitni beri sem beztan árangur.

Fyrirspyrjandi (Þórarinn Þórarinsson): Herra forseti. Ég þakka ráðh. fyrir svör hans, því að vafalaust hefur hann skýrt frá því, sem gerzt hefur í þessu máli síðan þessi blaðamannafundur var haldinn í Stjórnarráðinu, en mér sýnist, að það, sem hafi gerzt á þeim tíma, sé nánast ekki neitt. Frá þeim tíma, að sá blaðamannafundur var haldinn, sé alltaf verið að bíða eftir framhaldsskýrslu um málið og hún sé ekki komin enn, og fyrr en hún komi verði ekkert gert af hálfu ríkisstj. í þessum efnum. Ég tel þennan drátt mjög óheppilegan. Ég álít, að hér sé um svo stórt mál að ræða, að það hefði strax átt að hefjast handa, því að það geta allir gert sér ljóst, að þótt líklegt sé, að þessi góði markaður sé þarna fyrir hendi, þá þarf meira en lítið að gera, til þess að við getum notfært okkur hann. Við þurfum strax að hefjast handa um sérstakar markaðskannanir í þeim efnum, athuga hvernig sú framleiðsla þarf að vera, sem við eigum að vinna og selja til þessara landa, og svo að athuga það, hvað við þurfum að gera hér innanlands, til þess að við getum komið upp fyrirtækjum, sem séu fær um að hagnýta sér þessa stóru markaði. En mér sýnist á því svari, sem hæstv. ráðh. gaf hér áðan, að ríkisstj. hafi bókstaflega ekkert gert í þessum málum fram að þessu. Það sé bara verið að bíða eftir frekari framhaldsskýslu.

42. Ríkisábyrgðir.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um ríkisábyrgðir [183. mál, 5] (A. 432).

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Á undanförnum þingum höfum við fulltrúar Framsfl. í fjvn. leyft okkur að flytja fsp. til hæstv. fjmrh. í sambandi við ríkisábyrgðasjóð, og við töldum ekki ástæðu til að breyta því núna, enda þótt okkur sé ljóst, að þau gögn, sem um er spurt, verði lögð síðar fyrir þingið. En það er hins vegar ástæða til þess, að Alþ. fái skýrslu um störf ríkisábyrgðasjóðs í tæka tíð á hverju þingi.

Þessar fsp., sem við höfum leyft okkur að flytja, eru á þskj. 432, og eru svo hljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve mikið hefur ríkisábyrgðasjóður greitt vegna ríkisábyrgða á árinu 1969, fyrir hverja og hve mikið fyrir hvern aðila?

2. Hvaða einstaklingar og fyrirtæki skulda ríkisábyrgðasjóði í árslok 1969, og hver er skuld hvers um sig?

3. Hve mikið var afskrifað af eignum ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1969 og af hvaða ástæðum?"

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um, hefur það verið föst venja undanfarin þing að útbýta hér á þinginu ársreikningi ríkisábyrgðasjóðs, þegar hann hefur verið tilbúinn frá sjóðnum, auk þess sem reikningurinn er svo birtur hverju sinni með ríkisreikningi. Það hefur ekki enn þá unnizt tími til þess að ganga endanlega frá reikningnum af hálfu ríkisábyrgðasjóðs, en honum hefði verið útbýtt nú alveg á næstunni. Hins vegar var málinu það langt komið, að auðið var að útbýta þeim gögnum til hv. þm., sem hér hefur verið gert, og gefa tæmandi upplýsingar, að ég hygg, um það, sem að er spurt í 1. og 2. tölul. Vænti ég, að þessar upplýsingar, sem ég vona að séu á borðum allra hv. þm., séu það greinilega sundurliðaðar, að ekki gefist ástæða til þess að útskýra þær frekar. Þar eru tilgreindar tegundir lána, sem eru endurlánuð, og annarra ríkisábyrgðarlána. Tilgreindur er hver einstakur skuldari, og tilgreint er, hvað hann skuldaði í árslok 1968, hvað hefur verið útborgað hans vegna 1969 og innborgað 1969, og þar af leiðandi enn fremur, hver er nettóbreytingin á milli ára. Varðandi 5. liðinn á plagginu, þar sem standa „Aðrar hreyfingar", vil ég til skýringar geta þess, að þar er um að ræða annaðhvort í flestum tilfellum vexti eða gengismun eða annan kostnað, sem ekki hefur verið færður á hina liðina. Og síðan er að lokum tilgreind skuld hvers og eins, eins og hún stóð 31. des. 1969.

Þessu til viðbótar skal ég aðeins með örfáum orðum gera grein fyrir því, hvað gerðist á

árinu 1969 í heild varðandi ríkisábyrgðasjóð, en það var í stuttu máli, að greiðslur sjóðsins vegna vanskila á ríkisábyrgðalánum eða endurlánum ríkissjóðs námu nettó 105 millj. kr., en voru árið áður, 1968, 139 millj., þannig að hér var um töluverða lækkun að ræða. Innleystar kröfur á árinu voru 372 millj., en endurgreiðslur frá skuldurum námu 267 millj., þannig að eins og ég áður gat um varð halli á sjóðnum eða útborganir umfram innborganir 105 millj.

Hér hefur orðið jákvæð breyting, og þetta er lægsta tala síðan 1966. Þá voru vanskil á ríkisábyrgðum orðin mjög lítil. Þau námu aðeins 31 millj., nettóútborganir, en urðu 1967 108 millj., 139 millj. 1968, eins og ég gat um áðan, og nú 105 millj., þannig að aftur má segja, að birti í lofti. En vitanlega hafa þessi miklu vanskil síðustu tvö árin stafað að því, hve margvíslegir erfiðleikar hafa verið hjá atvinnuvegunum og hjá sveitarfélögunum.

Á s. l. ári varð veruleg aukning á greiðslu vegna hafnarlána. Á þessu eru vafalaust ýmsar skýringar, en efnahagsörðugleikar undanfarinna ára eiga þar vafalaust verulegan hlut að máli, enda eru það fyrst og fremst sveitarfélögin, sem hafa ekki getað staðið í skilum.

Greiðslur vegna lána Orkusjóðs urðu nær tvöfalt hærri en árið áður. Þess er þó að vænta, að ekki verði um frekari aukningu á þeim greiðslum að ræða, því að sjóðnum hefur bætzt fastur tekjuliður, þar sem er verðjöfnunargjald á raforkusölu, og ætti því greiðslugeta Orkusjóðs að geta batnað verulega í framtíðinni. Geysimiklar greiðslur féllu á sjóðinn á s. l. ári, vegna lána síldarverksmiðja og annarra fiskiðnaðarfyrirtækja, og stórum hærri greiðslur en árið áður. Vega þar stærst lán síldarverksmiðja, en greiðslugeta þeirra mátti heita engin á árinu. Hins vegar er því ekki að leyna, að erfiðlega hefur gengið að innheimta hjá öðrum fiskiðnaðarfyrirtækjum, þótt ætla verði, að hagur þeirra hafi batnað nokkuð frá því, sem verið hefur s. l. tvö ár.

Ekki var um aukningu að ræða á skuldum vegna togaralána, og kemur þar einkum til góður afli og hátt fiskverð á árinu, og ekki síður sú stoð, sem Stofnfjársjóður fiskiskipa veitir við innheimtu.

Mér þykir rétt, að það komi fram hér, vegna þess að ég vék að því sérstaklega í fjárlagaræðu í haust, að einn þyngsti baggi á ríkisábyrgðasjóði s. l. ár hefði verið ábyrgðir, sem á sjóðinn hefðu fallið vegna þotukaupa Flugfélags Íslands, og tel ég þá rétt, að það komi fram hér í sambandi við árið 1969, að á því ári var ekki um að ræða neina aukningu á skuldum Flugfélagsins við sjóðinn. Staðið var að fullu í skilum með það, sem á féll á því ári, og ber vissulega að fagna því, að það hefur tekizt.

Varðandi 3. liðinn, hve mikið var afskrifað af eignum ríkisábyrgðasjóðs á árinu 1969 og af hvaða ástæðum, þá er því til að svara, að á árinu var ekkert afskrifað af eignum ríkisábyrgðasjóðs.

Fyrirspyrjandi (Halldór E. Sigurðsson): Herra forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og þá skýrslu, sem hann hefur lagt hér fram. Ég tek undir það, að hún muni fullnægja því, sem um var spurt, og vil endurtaka það, að fsp. þessi er fyrst og fremst borin fram til þess að fá á þessum málum skýringar. Það er nauðsyn, þar eð þær eru oft á dagskrá og eru ekkert síður þeim í hag, sem um þessi mál fjalla, heldur en hinum. Og ég þakka svörin.

43. Ómæld yfirvinna.

Á deildafundum 17. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um greiðslur vegna ómældrar yfirvinnu [183. mál, 4] (A. 432).

Á 39. fundi í Sþ., 18. marz, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Þess hefur verið getið í blöðum, að einhverjir ríkisstarfsmenn hafi fengið greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu, og í því samband hefur verið talið, að þessi upphæð hafi verið 5 þús. kr. á mánuði eða um 60 þús. kr. á ári a. m. k. hjá einhverjum þessara starfsmanna. Hér á hv. Alþ. urðu af þessu tilefni umræður, en án þess að frekari upplýsingar kæmu þá fram um þessar greiðslur. Ég hef því leyft mér að bera fram, af þessu tilefni, eftirfarandi spurningar til hæstv. fjmrh.:

1. Hvað hefur mörgum ríkisstarfsmönnum verið greidd ómæld yfirvinna, og hvenær voru þessar greiðslur upp teknar?
2. Hver hefur ákveðið þessar greiðslur, og eftir hvaða heimild eru þær inntar af hendi?
3. Hvaða ástæður lágu til þess, að umræddum starfsmönnum var greidd launauppbót með þessum hætti, en ekki hækkuð launin sem þessari greiðslu nam?

Og enn fremur vildi ég bæta við einni spurningu: Eftir hvaða launaflokkum taka umræddir starfsmenn laun fyrir störf sín?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Það var hér áðan verið að ræða um það, hvernig fsp. væru úr garði gerðar, og ég held nú sannast sagna, að ef á að taka bókstaflega þá fsp., sem hér er borin fram í 1. tölulið, þá sé hún nánast dæmi um fsp., sem a. m. k. enginn svarar með viku fyrirvara, heldur hygg ég, að

þyrfti að setja menn til að rannsaka hana vikum eða mánuðum saman, vegna þess að hún hljóðar þannig: „Hvað hefur mörgum ríkisstarfsmönnum verið greidd ómæld yfirvinna, og hvenær voru þessar greiðslur upp teknar?“ Það eru engin tímamörk sett, hvenær þetta hafi átt að gerast, hvort það hafi verið um síðustu aldamót eða á hvaða árum þetta hafi verið gert. Nú heyri ég að vísu á skýringum hv. þm., hvað hann á við með þessu, en ef fsp. er tekin bókstaflega, þá virðist vera leitað eftir því að fá því svarað, hvenær þetta upphaflega hafi tíðkazt, því það er spurt, hvenær greiðslurnar hafi verið upp teknar, og hve mörgum ríkisstarfsmönnum, þá væntanlega á hverjum tíma, hafi verið greiddar þessar greiðslur.

Það hefur verið leitazt við að kanna þetta lauslega, eftir því sem mögulegt hefur verið, í bréfabókum og úrskurðum í fjmrn., en ég vil taka það skýrt fram, að það er fjarri því, að þar sé um tæmandi athugun að ræða, og kunna því bæði að vera til eldri dæmi um slíkt og eiga sér miklu lengri og dýpri rætur en ég get hér svarað, en það, sem ég segi um þann 1. lið, er það, sem bezt verður vitað á þessum tíma, sem gefizt hefur síðan fsp. kom fram, það sem bezt verður vitað um þetta efni.

Ég vil að vísu fyrst taka það fram, áður en ég svara þessu, að það virðist stundum hafa valdið misskilningi, þegar talað er um ómælda yfirvinnu, og ýmsir álíta, að það sé einhver aukaþóknun fyrir vinnu, sem ekki sé unnin. Það tek ég skýrt fram, að ætíð er ætlazt til, að hér sé um greiðslur fyrir störf að ræða, sem raunverulega hafi verið leyst af hendi. Ég vil jafnframt, áður en ég vík að fsp., segja hv. þm. það, sem ég veit, að hann skilur, ef hann athugar það nánar, að það er auðvitað gersamlega útilokað fyrir mig, hér í þessum stól, að svara því í fljótu bragði, í hvaða launaflokkum allir þessir starfsmenn eru, sem hafa fengið greidda ómælda yfirvinnu. Því get ég með engu móti svarað, án þess að það sé rannsakað sérstaklega.

Svarið við fyrstu spurningunni, eftir því sem bezt verður vitað, er sem hér segir: Árið 1969 fengu um 170 starfsmenn ríkisins greidda yfirvinnu án þess að vinna þeirra væri hverju sinni mæld af yfirmönnum þeirra. Í þessum hópi starfsmanna eru þó ekki taldir yfirlæknar ríkisspítalanna og skólastjórar, sem greiðslur fá vegna tví- og þrísetningar á skólum. Af nefndum 170 starfsmönnum eru 48 stöðvarstjórar Pósts og síma víðs vegar um landið. Þá eru 33 starfsmenn aðalskrifstofu Pósts og síma í Reykjavík, og eru þar á meðal forstjórar hinna *einstöku deilda Pósts og síma*. Þá er um að ræða 51 forstöðumann ríkisstofnana eða fyrirtækja ríkisins, nokkra byggingaeftirlitsmenn á vegum menntmrn. og allmarga húsverði, er gæta húseigna ríkisins, svo og fleiri slíka, sem meta þurfa yfirvinnuþörf sína sjálfir.

Þrátt fyrir nokkra eftirgrennslan hefur ekki tekizt að upplýsa, hvenær greiðslur fyrir ómælda yfirvinnu hafa fyrst verið teknar upp í ríkiskerfinu, en ljóst er, að hér er ekki um nýmæli að ræða. Árið 1946 barst fjmrn. svofelld fundarsamþykkt frá Félagi forstjóra Pósts og síma: „Fundur í Félagi forstjóra Pósts og síma, haldinn 24. okt. 1946 í Reykjavík, skorar á póst- og símamálastjóra og ríkisstjórn að bæta nú þegar úr því misrétti, sem starfsmenn í hærri launaflokkum verða fyrir, með því að þeim er ekki greidd aukavinnuþóknun, og bera þeir því langtum minna úr býtum heldur en fjöldinn allur af undirmönnum þeirra, jafnvel þó að raunverulegur vinnutími yfirmanna sé í mörgum tilfellum lengri.“

Ljóst er, að Félag forstjóra Pósts og síma hefur fengið einhverju áorkað með samþykkt sinni, því að í skjalasafni fjmrn. er að finna svofellt bréf frá 14. jan. 1952:

„Við undirritaðir, sem höfum fallizt á að taka upp samningsbundna þóknun fyrir óhjákvæmilega aukavinnu í stað þess að fá hana greidda eftir tímavinnutaxta, eins og reglugerð, útg. 11. marz 1946, gerir ráð fyrir, leyfum okkur hér með að vekja athygli yðar á því, herra póst- og símamálastjóri, að við höfum aðeins fengið greidda 23% verðlagsuppbót á þessa þóknun árið 1951. Hins vegar lítum við svo á, að á hana beri að greiða sömu verðlagsuppbót og aðra aukavinnu. Við leyfum okkur því að fara þess á leit, að það verði leiðrétt.“

Póst- og símamálastjóri framsendi erindi þetta til fjmrn., sem svaraði málaleitan þessari hinn 4. marz 1952 með svofelldu bréfi:

„Rn. hefur móttekið bréf yðar, herra póst- og símamálastjóri, dags. 4. f. m., varðandi verðlagsuppbót á samningsbundna aukavinnuþóknun nokkurra starfsmanna. Þeirri reglu er fylgt án undantekningar af hálfu ríkissjóðs að greiða ekki á aukaþóknanir hærri verðlagsuppbót en 23%, *og getur rn. ekki samþykkt að víkja frá* þeirri reglu að því er varðar fyrrgreinda starfsmenn póst- og símamálastjórnarinnar.“

Undir þetta bréf rita Eysteinn Jónsson og Kristján Thorlacius.

Af þessu má vera ljóst, að greiðslutilhögun sú, sem hér um ræðir, hefur verið vel kunn í fjmrn. árið 1952, og má reikna með, að svo hafi verið jafnan síðan.

Þá er hér spurt, hver hafi ákveðið þessar greiðslur, og eftir hvaða heimild þær séu inntar af hendi. Greiðslur til skólastjóra vegna starfa við tví- og þrísetta skóla eru ákveðnar af menntmrn. í samræmi við ákvæði 13. gr. dóms kjaradóms frá 30. nóv. 1967. Greiðslur til húsvarða eru ákveðnar af fjmrh., og í framkvæmd eru þær í samræmi við samkomulag í samstarfsnefnd BSRB og fjmrn. frá árinu 1962. Greiðslur til yfirmanna Pósts og síma fyrir *ómælda yfirvinnu hafa verið inntar af höndum* með vitund fjmrn. en greiðslur til annarra, er slíkar greiðslur taka, hafa verið ákveðnar af rn. Heimildir til greiðslna þessara er að finna í ákvæðum 14. gr. dóms kjaradóms frá 30. nóv. 1967.

Þá er hér spurt: Hvaða ástæður lágu til þess, að umræddum starfsmönnum var greidd launauppbót með þessum hætti, en ekki hækkuð launin sem þessari greiðslu nam? Dómur kjara-

dóms frá 3. júlí 1963 ákvað starfsmönnum ríkisins daglegan vinnutíma. Starfsmönnum á skrifstofum var samkv. dómi þessum ætlað að vinna frá kl. 9—12 og 13—17 hvern virkan dag nema laugardaga kl. 9—12. Almennt var svo skilið, að þeim aðilum, sem verkstjórn hefðu á hendi á skrifstofum, þar með taldir forstöðumenn stofnana, bæri að vera við á skrifstofutíma. Samkv. ákvæðum 7. gr. dómsins telst hver sú vinna yfirvinna, sem fer fram yfir hinn venjulega daglega vinnutíma. Samkv. 14. gr. dómsins ber að greiða starfsmönnum ríkisins laun fyrir þá yfirvinnu, sem hlutaðeigandi yfirmaður hefur sérstaklega óskað, að innt væri af höndum. Iðulega kemur fyrir, að starfsmenn ríkisins þurfa að sinna störfum utan hins daglega vinnutíma. Það liggur í hlutarins eðli, að vandkvæði eru á að leggja það í hendur þeirra, sem sjálfir geta ákveðið lengd yfirvinnu, að meta yfirvinnu sína í klst. Yfirmenn ríkisstofnana hafa a. m. k. beðizt undan slíkum vinnubrögðum. Í kröfugerðum fyrir dómi kjaradóms voru báðir samningsaðilar, BSRB og ríkissjóður, sammála um, að þeim starfsmönnum, er aðstöðu hefðu til að ákveða sjálfir, hvort yfirvinna skyldi unnin, skyldi ekki greidd yfirvinna, nema til kæmi samþykki yfirvalds þeirra.

Eins og að framan segir, hefur það verið árum saman hlutverk ráðh. að ákveða yfirmönnum í starfsmannakerfi ríkisins yfirvinnugreiðslur. Því mun enginn neita, er til þekkir, að iðulega eru gerðar kröfur um, að yfirmennirnir gegni störfum langt umfram hinn daglega vinnutíma. Sem dæmi má nefna skattstjórana, en segja má, að allt starfslið skattstofanna vinni mikla aukavinnu, sérstaklega fyrri hluta árs. Nefna má og störf forstjóra ÁTVR, en verzlanir, sem eru undir hans stjórn, eru opnar til kl. 18 flesta daga, svo og á laugardögum. Um það má deila, hvort mat á yfirvinnu sé handahófskennt eða ekki, en sú ákvörðun samningsaðila, að slíkt mat sé bezt komið í höndum fjmrn., er hins vegar staðreynd. Fjmrn. sér enga leið til að skipa yfirmönnum í þjónustu ríkisins að sinna ekki störfum utan daglegs vinnutíma. Í mörgum tilvikum er slík yfirvinna óhjákvæmileg. Engin rök hafa verið fram færð fyrir því, að mat rn. á ómældri yfirvinnu væri of ríflegt. Þvert á móti bera gögn, er borizt hafa rn., það með sér, að greiðslur rn. séu mjög við nögl skornar miðað við raunverulegt vinnuframlag. Hafa sumir forstöðumenn ríkisfyrirtækja fært að því rök, að sú þóknun, sem þeim hafi verið ákveðin, svari til 70—80 kr. greiðslu fyrir hverja unna stund í yfirvinnu og jafnvel mun minna en það.

Föst laun ríkisstarfsmanna eru ákveðin í samráði við ákvæði laga nr. 55 frá 1962. Samkvæmt núgildandi kjarasamningi koma föst laun til endurskoðunar 1. júlí n. k. Sé það talið æskilegt markmið í sjálfu sér, að starfsmenn ríkisins fái ekki greidda yfirvinnu, nema hún sé nákvæmlega tímamæld hverju sinni, er ekki nóg að breyta föstum launum starfsmanna, heldur verður einnig að breyta þeim vinnutímareglum, sem launagreiðslur til starfsmannanna grundvallast nú á. Varðandi forstjóra, sem sérstaklega eru gerðir að umtalsefni, væri það vitanlega æskilegast, að hægt væri að haga launagreiðslum til þeirra með þeim hætti, að aukavinna kæmi aldrei til greina. Segja má, að það sé sjónarmið út af fyrir sig, en þá verður að sjálfsögðu að haga launagreiðslum með öðrum hætti en nú er gert, þar sem forstjórar hafa í fjöldamörgum tilfellum mun lægri laun en margir af þeirra undirmönnum, og það hefur ekki verið talið mögulegt, eins og launakerfið er í dag, að launa forstjórum með þeim hætti, að hægt sé skilyrðislaust, burt séð frá því, þó að þeir þurfi að vinna langt fram yfir venjulegan vinnutíma, að ætla þeim að gera það án þess að fá nokkra greiðslu fyrir. Það mundi leiða til þess vanda, að ókleift væri að fá úrvalsmenn til þess að sinna forstjórastörfum fyrir ríkisstofnanir.

Ég vil aðeins svo að lokum taka það fram, þó að ekki sé beint um það spurt, — það er í nánu sambandi við þetta mál, — að með því starfsmati, sem nú er unnið að á vegum BSRB og fjmrn. eftir lögfestum samningum þessara aðila, er í rauninni ætlunin að grípa töluvert á þessu vandamáli og gera sér til hlítar grein fyrir því, hvernig eðlilegast er að flokka starfsmenn ríkisins, hvort það skuli gera með öðrum hætti en nú er gert. Að öðru leyti tel ég ekki efni fsp. gefa ástæðu til þess að ræða um það mál út af fyrir sig.

Fyrirspyrjandi (Stefán Valgeirsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. svör hans við spurningum mínum, en það kom greinilega fram í svörum hans, að í sjálfu sér er þessi greiðsla dálítið handahófskennd. Og eins og mig grunaði, þá mundi einmitt þessi greiðsla þurfa að komast í annað horf en nú er. Hæstv. ráðh. gat um það, að heimildir væri að finna í kjaradómi frá 1967 í 14. gr., en þar segir, að slíka greiðslu ákveði fjmrn. með samkomulagi við viðkomandi starfsmenn og vitund BSRB. Nú langar mig til þess í framhaldi af þessu að spyrja um það, hvort þessar greiðslur séu inntar af hendi með vitund starfsmannafélags starfsmanna ríkis og bæja. Það vill nú svo vel til, að formaður þessara samtaka á hér sæti á þingi, og mér þætti í sambandi við þetta gaman að heyra eitthvað um það, hvernig þessu sé fyrir komið. Ég held, að það hljóti að vera markmiðið að reyna að koma þessum greiðslum í fastara form heldur en hér er, og ég vænti þess, að það verði athugað í sambandi við það starfsmat, sem nú fer fram, í sambandi við það, að þessir starfsmenn séu ekki of saddir af sínum launum. Ég efast ekkert um það, að menn eru sjálfsagt flestir, miðað við þau laun, sem nú eru greidd, ekki ofhaldnir af launum sínum, en það er svo annað mál. Það eru ýmsir aðrir, sem hafa þó enn þá minna en margir af þeim mönnum, sem þarna er um að ræða a. m. k.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er aðeins örstutt *aths. Ég hjó eftir því, að hæstv.* fjmrh. vitnaði til þess, að það hefði tíðkazt áður fyrr, að fjmrh. hefði ákveðið greiðslur fyrir yfirvinnu, og vitnaði í því sambandi til bréfa eða ákvarðana um það efni frá árinu 1952, ef ég tók rétt eftir. Ég vil aðeins segja það, að það er algerlega út í hött að blanda þessu saman. Það var allt annað kerfi, sem búið var við á þeim tíma, en það, sem nú er búið við.

Eins og allir hv. þm. vita, þá voru sett ný lög um þetta efni 1962, um kjarasamninga ríkisins, og eftir það búum við við allt annað kerfi í þessum efnum en áður. Þar eiga launakjör starfsmanna ríkisins fyrst og fremst að vera ákveðin með kjarasamningum, en ef þeir samningar takast ekki, þá eru þau ákveðin með gerðardómi, svo kölluðum kjaradómi. Það liggur alveg í augum uppi, að jafnframt því, sem þetta skipulag er tekið upp, þá hlýtur einhliða ákvörðunarvald fjmrh. að hafa skerðzt og takmarkazt, og það getur ekki verið neitt í líkingu við það, sem áður var. Enda er það svo, að það er beinlínis tekið fram í kjarasamningalögunum, 6. gr. laganna, að um þau atriði, sem kjarasamningurinn nær ekki til — og eru talin þar upp ýmiss konar fríðindi og þar á meðal yfirvinna — þá skuli fara fram samningar milli samningsaðila, stéttarfélaganna. Þetta eru alveg skýr ákvæði. Ég er ekki með lagasafnið í höndunum, en ef hæstv. ráðh. vill fá það alveg klárt, þá er hægurinn hjá fyrir hann að senda eftir því, og hann getur lesið upp hér úr stólnum 6. gr. í kjarasamningalögunum. Það er auðvitað svo, og liggur í augum uppi, að kjaradómurinn, sem er gerðardómur, getur ekki á nokkurn hátt breytt lögunum, og þess vegna er það að mínu mati algerlega út í hött til réttlætingar þeim aðgerðum, sem hér hafa verið gerðar, að vera að vísa til 14. gr. í dómi kjaradóms. Kjaradómur getur alls ekki, að ég tel, framselt öðrum eða falið öðrum að fara með það vald, sem honum er falið í lögunum. Ef kjaradómur á að taka ákvörðun um eitthvað, þá verður hann að gera það. Það liggur í augum uppi, að hann getur ekki farið að framselja það vald t. d. til fjmrh., sem þar að auki er annar samningsaðilinn í þessu sambandi. Það væri auðvitað fráleitt, það sjá náttúrlega allir. Ef þetta stendur svona í kjaradómi, þá verð ég að segja, að ég er alveg hissa á því, því að það eru góðir lögfræðingar í honum, og ég skil bara ekkert í því, hvernig slíkt má verða, að kjaradómur fari að framselja sitt vald að einhverju leyti í hendur fjmrh., enda trúi ég ekki, að því sé þannig farið. Það hlýtur að vera byggt á einhverjum misskilningi. Ég veit ekki heldur betur en að það sé sett upp í kjarasamningalögunum sérstök stofnun, sem sérstaklega á að hafa með höndum að greiða úr vafaspurningum varðandi t. d. yfirvinnu, og það er svo kölluð kjaranefnd. Hún á að meta það, hvað heyrir til yfirvinnu, og hvað heyrir til venjulegri vinnu. Ég get ekki skilið það, að hlutaðeigandi starfsmenn sjálfir geti fengið sjálfdæmi um það efni. Þetta heyrir samkvæmt lögum undir kjaranefnd. *Þetta vildi ég aðeins segja.*

Ég vildi svo segja það um þetta mál, að ég er alls ekki að telja eftir laun þessara starfsmanna, sem þarna eiga hlut að máli, því að sannleikurinn er sá, að þeir, sem eru yfirmenn ríkisstofnana, eru í mörgum tilfellum verr launaðir en undirmenn þeirra. Þetta er svo hjákátlegt og furðulegt fyrirbæri, að það er alveg einkennilegt, að hv. alþm. og hæstv. ríkisstj. skuli ekki vilja horfast í augu við þetta og hafa manndóm til þess að ákveða þann launamismun, sem eðlilegur er, og ákveða þessum æðstu embættismönnum og starfsmönnum þau laun, sem samboðin eru stöðu þeirra, í stað þess að fara þessar krókaleiðir, sem farnar eru. Launin eru lág á pappírnum, en ég býst við, að þegar allt kemur til alls, þá séu kannske rauntekjur þessara manna allsæmilegar, en það verður bara að fara þessar leiðinlegu leiðir til þess, um alls konar bakdyr — útvega þeim bitlinga o. s. frv. Það er það, sem ég deili á og hef fundið að í sambandi við þetta mál, að þetta skuli gerast svona á bak við og án þess að það liggi ljóst fyrir, og að farnar skuli vera þessar krókaleiðir í þessu efni, sem ég álít engum til góðs. En ég segi það enn, að ég álít, að í mörgum tilfellum séu þessir starfsmenn, sem þetta hefur nú lent hjá, forstöðumenn ríkisstofnana, sjálfsagt ekkert ofhaldnir af þessu, miðað við aðra starfsmenn og jafnvel undirmenn þeirra, og það er aðeins þetta, að ég tel, að þessa aðferð eigi ekki að hafa við þetta, og ég bendi á það, að þessir menn búa við skerta vísitölu. Ætli það hefði ekki verið hreinlegra að láta þá fá fulla vísitölu í stað þess að fara þessa leið, sem hér er farin núna?

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég ætla nú ekki að fara að blanda vísitölugreiðslum inn í þetta mál, og mér finnst það hæpið hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að vera að koma því máli hér að, en það er eins og sagt var um einn ágætan mann, sem alltaf lauk ræðu sinni þannig: „Auk þess legg ég til, að Karþagó verði lögð í eyði.“ Þessi hv. þm. blandar vísitölu yfirleitt inn í öll mál, þar sem hann getur komið henni að.

En varðandi að öðru leyti það, sem hv. þm. sagði, þá má það kannske teljast nokkur dirfska af mér að fara að deila við hann um lögfræðileg efni, en ég get ekki að því gert, þó að ég verði að viðurkenna, að þessi hv. þm. hafi mikla þekkingu í þeim efnum og hafi gefið margar merkar álitsgerðir um lögfræðileg efni, að mér fannst, að honum skjátlaðist töluvert mikið í lögskýringum sínum í þetta sinn. Það held ég, að geti ekki farið fram hjá mönnum.

Í fyrsta lagi í sambandi við bréfið, sem ég gat um frá 1952, og sem virtist koma ákaflega illa við hann, en sem ég vil taka alveg skýrt fram, að fól ekki í sér hjá mér nokkra ádeilu á þann hæstv. ráðh. þáverandi, sem gaf það út. Þetta bréf olli því, að hann taldi miklu máli skipta að fara að sanna það. að þá hefði verið allt öðru vísi ástatt en nú. Ég held, að þá hafi

verið ósköp álíka ástatt og þáverandi hæstv. ráðh. hafi haft fulla ástæðu til að gera þessar ráðstafanir, og þó að þá hafi gilt önnur skipan á þessum málum, þá veit hv. þm. það mætavel, að þá giltu launalög og í þeim lögum var ákveðið, að tilteknir flokkar embættismanna, þ. á m. forstjórar, skyldu ekki fá aukavinnu greidda, og ef það á að teljast lagabrot hjá mér að hafa farið eftir kjaradómi, af því að kjaradómur hafi brotið lögin, en að það sé ekki saknæmt hjá ráðh. að hafa brotið bein lagafyrirmæli Alþingis, þá fer manni að ganga illa úr þessu að skilja lögskýringar og lögfræðilegan hugsanahátt. En mér dettur ekki í hug að halda, að þessi hæstv. fjmrh., sem þá var, hafi brotið lög. Ég hygg, að hann hafi haft ærnar ástæður til að gera þetta, án þess að ég hafi skoðað það niður í kjölinn, en ég vil aðeins mótmæla því, að kerfið hafi breytzt hvað þetta snertir á nokkurn minnsta máta.

Hv. þm. virtist nú ekki hafa kynnt sér kjarasamninga, úrskurð kjaradóms, en sagði, að ef hann væri með tilteknum hætti, þá hlyti hann að vera rangur. Mér finnst það dálítið einkennileg niðurstaða hjá lærðum lögfræðingi að fella dóm um þetta með þessum hætti. Jafnframt vitnaði hann í 6. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sú grein á alls ekki hér við, heldur 5. gr. laganna, þar sem segir, að í kjarasamningum skuli kveða á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu, og vitanlega er þá gert ráð fyrir því, að ef ekki tekst kjarasamningur, þá skuli kjaradómur skera úr um málið, og það gerði kjaradómur nú síðast 1967. Og það er hvergi mér vitanlega að finna nein ákvæði um það í kjarasamningalögunum, að kjaradómur megi ekki heimila það, að ráðh. fái visst vald til þess að ákveða um atriði, sem gengið er út frá, að eðlilegt sé að komi til framkvæmda við vissar aðstæður. Það hefur ekki verið neinn sérstakur ágreiningur um það heldur milli BSRB og rn., að það geti í vissum tilfellum verið eðlilegt, að svo væri gert, t. d. þar sem ekki er möguleiki að mæla yfirvinnu. Að öðru leyti er yfirvinna ákveðin af kjaradómi eða eftir atvikum með samningum við BSRB, og stundum hefur tekizt að semja um það og stundum ekki, og þá gengur það til kjaradóms. En ég held, að aldrei hafi verið neinn ágreiningur um það, að í vissum tilfellum, þar sem ekki er möguleiki að láta það vera háð mati starfsmannsins sjálfs, hver yfirvinna væri, þá hlyti það að verða rn., sem yrði að meta þessa yfirvinnu, enda hljóðar þetta ákvæði svo í síðasta dómi kjaradóms: „Slíkar greiðslur," — þ. e. til forstöðumanna ríkisstofnana og þeirra, sem ekki geta eða sem sjálfir hafa ekki yfir sér neinn til að sannreyna sína aukavinnu, — „ákveður fjmrn. með samkomulagi við viðkomandi starfsmenn eða starfsmann og með vitund BSRB." Og að því er ég hygg hefur í langflestum þeirra tilfella, sem hér hafa átt sér stað, sú vitund verið til staðar, en ég skal taka það fram, að ég hygg, að það muni hafa láðst fyrr en nú eftir á að gefa BSRB yfirlit yfir þá starfsmenn, sem þessar aukavinnugreiðslur hafa síðan verið ákveðnar til, og ber mér að sjálfsögðu sem ákvörðunaraðila um það mál að biðja BSRB sem slíkt að afsaka það. Það hefur þegar verið gert nú, en það er rétt, að það mun hafa láðst að tilkynna þetta þá þegar, sem fyrst og fremst stafar af því, að venjulega ber þetta nú þannig að með þessar aukavinnugreiðslur, að þær koma í gegnum BSRB, sem heldur fram kröfum sinna félaga, en forstjórar ríkisstofnana eru yfirleitt engir í BSRB að undanskildum forstjórum Pósts og síma, og þar af leiðandi komu þessar óskir og kröfur ekki frá BSRB, heldur í gegnum viðkomandi rn. Þannig er þetta til komið, en það afsakar það að sjálfsögðu ekki, að fjmrn. hefði átt að tilkynna BSRB þessar greiðslur strax og þær áttu sér stað. En eins og ég áðan sagði, þá er þannig á kveðið í þessum úrskurði kjaradóms, að það er ekkert samningsatriði við BSRB, heldur aðeins að láta BSRB vita, þegar slíkar greiðslur eiga sér stað. Og ég vonast til, að það bregðist ekki frá rn. hálfu, að það verði jafnan gert hér eftir.

Varðandi það atriði, að æskilegt væri að koma þessum greiðslum í fastara horf, þá get ég gersamlega tekið undir öll orð, sem fallið hafa í þá átt. Og það er sannarlega engin löngun fjmrn. að vera að greiða einhverjar aukagreiðslur til starfsmanna. Það er fjarri sanni, að það sé sérstök ósk rn. Þegar það hins vegar liggur ljóst fyrir, að viðkomandi starfsmenn eru beinlínis beittir rangindum, ef þeir ekki fá slíkar greiðslur, þá tel ég mér a. m. k. skylt að líta á það mál. Hvort það kann að leiða til einhvers handahófskennds mats, skal ég ekkert um segja. Segja má, að það sé alltaf visst handahóf á því, hvernig slíkt er metið, t. d. ómæld yfirvinna. Þetta verður alltaf visst handahóf. En ég vil aðeins til fróðleiks, — til að menn viti, hvernig það hefur verið meðhöndlað í fjmrn. og það gagnvart embættismönnum, sem heyra undir það rn. sjálft, — skýra frá því, til þess að menn fái hugmynd um, að rn. sé þar ekki að ofgreiða mönnum, að t. d. skattstjórarnir hafa haldið mjög nákvæma skrá yfir sína yfirvinnu, og skattstjóri t. d., sem átti rétt samkv. yfirvinnugreiðslutaxta á 168 þús. kr. fyrir árin 1963 og 1964, — það var greitt sameiginlega fyrir bæði þau ár, — hann fékk 70 þús. kr. Annar, sem átti samkv. sömu reglum kröfu á 122 þús. kr., fékk 60 þús. Þriðji, sem átti kröfu á 202 þús. kr., fékk 75 þús., og fjórði, sem átti kröfu á 241 þús. kr., fékk 80 þús., og eins og ég gat um áðan hefur verið reiknað út, að einn forstjóri, sem heyrir undir fjmrn., og kom þess vegna vinna hans þar til úrskurðar, forstjóri ÁTVR, fær yfirvinnugreiðslu, sem mundi nema um 67 kr. fyrir hverja yfirvinnustund, og sér það hver maður, að ekki er hægt að segja, að það hafi verið ofgert við þá aðila, sem hér eiga hlut að máli.

Um það, hvort slíkri skipan væri unnt að koma á, að hægt væri að hætta yfirvinnugreiðslum, skal ég ekkert segja. Ég er þó ósköp hræddur um, að aldrei verði hægt að finna það launakerfi, að ekki verði mismunandi aðstaða, jafn-

vel forstjóra líka. Sumir þurfa að vinna miklu meira en aðrir. Eftir atvikum er æskilegast, að það sé metið í kjarasamningi, en ég efast um, að það verði mælt til hlítar. Varðandi þessa ómældu yfirvinnu, þá er það að vísu ekki sérstakt í sambandi við þau mál, sem heyra undir fjmrn. eða koma til ákvörðunar þess sem ráðandi aðila í launamálum ríkisins, heldur hefur verið metið svo t. d. af stórum stofnunum hér í landinu, bönkunum, að það væri æskilegast, og bæði bankarnir og starfsliðið hafa talið það mjög heppilegt fyrirkomulag, að ómæld eftirvinna væri greidd sem svarar 13. mánuði ársins, en aftur á móti fær þetta starfsfólk ekki greidda yfirvinnu. Þarna verður vitanlega um mismunun að ræða, sem starfsmennirnir þó hafa sætt sig við. Sumir vinna áreiðanlega mun meiri vinnu en sem þessu nemur, og aðrir vinna minna. En þarna hefur náðst samkomulag um það milli launþeganna annars vegar og vinnuveitendanna hins vegar, að þetta skuli gert, svo að það hefur a. m. k. í því tilfelli ekki verið talin nein óhæfa. En sem sagt, ég skal ekki fara að deila um það, hvort kjaradómur, skipaður þeim mönnum, sem þar sitja, hefur gerzt lögbrjótur eða ekki. En ég mundi álíta, að mér væri heimilt sem ráðh., sem lögum samkv. á að fara eftir þeim dómi, að byggja á honum, meðan honum er þá ekki sérstaklega hrundið.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Ég ætla aðeins að segja nokkur orð í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram varðandi yfirvinnugreiðslur til opinberra starfsmanna. Að mínum dómi eru þessar umr., sem hér hafa farið fram um ómælda vinnu opinberra starfsmanna, fyrst og fremst til komnar vegna þess, að forstöðumenn ríkisstofnana hafa fengið greitt fyrir yfirvinnu sína, sem þeir sannanlega hafa innt af hendi. Það er mín skoðun, að ef það hefðu verið einvörðungu póstmenn eða kennarar eða aðrir opinberir starfsmenn, sem hefðu fengið greitt fyrir þessa yfirvinnu, þá hefði þetta ekki verið gert að slíku máli sem það hefur verið gert, bæði í blöðum og hér á Alþ. Og vil ég þá fyrst vekja athygli á því, að ég tel, að rn. hafi haft heimild til að gera þetta. Í auglýsingu um laun ríkisstarfsmanna, reglur um vinnutíma, yfirvinnugreiðslu o. fl. samkv. dómi kjaradóms 3. júlí 1963, sem birt var í Stjórnartíðindunum 1963 á bls. 184, segir svo í niðurlagi 15. gr.:

„Forstöðumenn stofnana eiga ekki rétt á yfirvinnugreiðslu samkv. 1. mgr. Þurfi þeir þó að vinna verulega yfirvinnu vegna embættisanna, er heimilt að greiða þeim sérstaka þóknun til viðbótar mánaðarlaunum þeirra. Slíka greiðslu ákveður fjmrn. með samkomulagi við viðkomandi starfsmann og vitund BSRB."

Þarna tel ég, að gengið hafi verið út frá því, að rn. mættu greiða forstöðumönnum fyrir yfirvinnu, ef hún er unnin. Ég vil sérstaklega leiðrétta það hér, sem hefur komið fram í umr., að það eru margir, sem telja, að hér sé verið að greiða forstöðumönnum ríkisstofnana fyrir vinnu, sem þeir hafa ekki innt af hendi, og það sé verið að laga eitthvert bil milli launaflokka. Ég held, að það sé alls ekki rétt. Forstöðumenn opinberra stofnana eru sú stétt manna, sem hefur ekkert stéttarfélag. Læknar hafa sitt stéttarfélag, prestar hafa sitt, verkfræðingar, og svo mætti lengi telja. En þeir mega þó eiga það þessir menn, sem hafa unnið í þjónustu ríkisins og vinna, að þeir hafa ekki stofnað til sérstaks stéttarfélags til að hækka sín laun. Þeir hafa hins vegar ekki viljað láta traðka á sér þannig, og þeir hafa viljað vitna í þær reglur, sem þeir telja, að ættu að gæta þess, að þeir fengju greitt fyrir sína vinnu. Og ég vil upplýsa það, að mér er kunnugt, að það eru alls ekki forstöðumenn opinberra stofnana, sem í dag eru tekjuhæstu menn þeirra stofnana, sem þeir vinna við, alls ekki. Ég held, að ég þurfi ekki nema bara að líta út um gluggann til að sjá hér skrifstofuhús einnar ríkisstofnunar, — það er Póstur og sími, — og mér er sagt, að það séu tugir starfsmanna Pósts og síma, sem hafi hærri laun en póst- og símamálastjóri.

Það getur vel verið, að það séu einhverjir talsmenn þessarar stefnu. Ég segi fyrir mig, að ég roðnaði, þegar ég var að ýta á eftir því við rn. að fá þessa eftirvinnu. Það þarf enginn að halda, að hún hafi verið borin fram á silfurdiski. Það þurfti sannarlega að ýta á rn. til að fá þetta og sanna okkar mál, hvað við hefðum unnið. Ég segi það aftur, að ég ber kinnroða fyrir það, þegar ég er að fara fram á hærri laun og þegar ég lít á launaskrá þess starfsfólks, sem vinnur í sömu stofnun og ég og hefur 5. launaflokk.

Ég held, að það þurfi að endurskoða laun opinberra starfsmanna almennt, en óneitanlega verða þeir menn, sem eiga að bera ábyrgð á rekstri stofnana og eiga að sjá um, að þar fari allt sem bezt úr hendi, að fá umbun fyrir sín störf. Það er kannske ekki daglegur viðburður hjá forstöðumönnum ríkisstofnana, en vikulegur viðburður, að þeir kalla inn sína helztu trúnaðarmenn að loknum vinnudegi og eru þá með þeim á fundi um mál varðandi stofnanirnar kannske í 3—4 klst. Hér er um að ræða skrifstofustjóra, bókara og deildarstjóra. Þessir menn fara af þessum fundi með nokkur hundruð kr. í vasanum, kannske allt að 1000 kr., en forstöðumaðurinn á ekki að fá neitt. Þetta finnst mér ekki rétt. Þá er það vitað mál líka, að forstöðumenn stofnana fara með vinnu heim til sín á kvöldin til að auðvelda afgreiðslu næsta dags. Og ætli það sé ekki daglegur viðburður hjá forstöðumönnum, að þeir þurfa að eyða svo og svo miklum tíma á kvöldin til að ræða í síma um mál varðandi stofnunina?

Ég ætla að varpa eftirfarandi fsp. fram: Hefði verið réttara af rn., þegar forstöðumenn opinberra stofnana óskuðu eftir að fá laun greidd samkv. þessari grein, sem ég las upp, hefði verið réttara af þeim að neita forstöðumönnunum um þessa launagreiðslu? Ég held, að þá fyrst hefði mátt átelja hæstv. ráðh. fyrir þeirra afstöðu.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Mergur þessa máls er sá, að launakjör opinberra starfsmanna eru ákveðin með kjarasamningi eða kjaradómi, ef kjarasamningur tekst ekki, sem á að gilda um tvö ár og framlengist um eitt ár, ef ekki er nýr gerður. Það liggur í augum uppi, að hægt er að kollvarpa þessu kerfi, ef það á að vera hægt eftir á á þessu tveggja ára tímabili að koma og ákveða það af fjmrh., að einstökum starfsmönnum í þessu kerfi, forstöðumönnum ríkisstofnana eða öðrum, séu greiddar aukaþóknanir, en öðrum starfsmönnum ekki. Þá er þessu kerfi og þeirri hugsun, sem það byggist á, gersamlega kollvarpað. Það er brotið niður og það er þetta, sem verið er að gera með því að fara að eins og gert hefur verið. Það segir, með leyfi forseta, hér í 5. gr. — Það er rétt, sem hæstv. fjmrh. sagði, að í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma og laun fyrir yfirvinnu. — En síðan segir: „Kjarasamningur á hvorki að taka til lífeyrisréttinda, hlunninda, aukatekna, orlofsréttar, kaups í veikindaforföllum né annarra fríðinda, sem líkt er farið.“ Og í 6. gr. segir svo: „Þegar ákveða skal starfskjör, sem kjarasamningur samkv. 5. gr. tekur ekki til og eigi eru lögbundin, skal semja um þau við hlutaðeigandi bandalagsfélög.“

Ég tel þarna í þessu tilfelli ekki vera um neina reglulega yfirvinnu að ræða. Þetta er kölluð *ómæld yfirvinna, en þetta er auðvitað* ekkert annað en hrein aukaþóknun til þessara manna, fríðindi til þessara manna, fríðindi, sem þeir kannske hafa verðskuldað. Ég skal ekkert segja um það. En *þetta er alls ekki svo*, að það sé farið neitt í raun og veru eftir vinnutíma, sem þeir hafa unnið í sjálfu sér. Þetta er, eins og sagt er, ómæld yfirvinna, þóknun, sem þeir fá, og þess vegna er þetta engin regluleg yfirvinna. Eðli sumra starfa er auðvitað þannig, að ekki er gert ráð fyrir því, að þar komi sérstök yfirvinnugreiðsla til greina, af því að það er gert ráð fyrir, að starfskraftar mannsins séu allir til reiðu í þessu starfi, sem hann innir af hendi, og þannig er því auðvitað háttað með forstöðumenn ríkisstofnana og æðri embættismenn. Það er alls ekki gert ráð fyrir því, að þeir fái greiðslu fyrir yfirvinnu, enda getur enginn haft eftirlit með því, hverja yfirvinnu þeir vinna. Það er engin sönnun til, það fer bara eftir samvizkusemi mannanna sjálfra, ef þeir skrifa niður í vasabók einhverja vinnutíma, sem þeir segjast hafa unnið fram yfir venjulegan vinnutíma. Það getur verið rétt, það getur líka verið rangt. Það þýðir ekki að koma með slíkt. Það er enginn, sem sannreynir þessar staðhæfingar þeirra. Ég held, að þetta liggi ljóst fyrir, en það er út af fyrir sig ekki verið að telja þetta eftir.

Það getur vel verið, að velflestir hafi unnið fyrir þessu, en það er bent á, að aðferðin við þetta er ekki lögleg. Hún leiðir til þess, að kerfið sjálft verður brotið niður, hún leiðir til misræmis á milli manna, vegna þess að sumir eru kannske þannig gerðir, eins og hv. síðasti ræðumaður, að þeir roðna, ef þeir þurfa að ganga eftir þessu, og láta það kannske eiga sig. Aðrir gera það blygðunarlaust og fá þá þetta tekið til greina. En verst eru þeir settir, sem heima sitja og fá ekki neitt. Það verða því miður allt of margir, sem eru sambærilegir að öllu leyti við þá, sem hafa fengið þessar aukaþóknanir, og því mun ég halda fram, þangað til lagður er fram listi yfir þá, sem fá þessar aukaþóknanir. Þá er hægt að bera það saman við allan fjöldann, sem situr og fær ekki neitt. Þetta er ranglæti. Þetta er ranglát aðferð, og þetta er krókaleið, sem á ekki að þola.

Það eru kjarasamningar og kjaradómur, sem eiga að standa um tiltekið tímabil, tvö ár, og það eru kjaradómendur, hvort sem þeim tekst það eða ekki, sem eiga að meta þetta réttilega og skipa mönnum í launaflokka, og þá á ekki að vera hægt strax á eftir að koma og kollvarpa þeirri niðurstöðu, sem þeir hafa komizt að. Og auðvitað á hver maður að skilja það, að kjaradómur, þó voldugur sé, getur ekki breytt lögunum og getur ekki framselt það vald til annarra, sem hann sjálfur á að hafa og taka ákvörðun um eftir lögunum. Og það stendur skýrum stöfum þarna, að þetta á að vera háð samningum við bandalagsfélög. Það segir í þessum niðurlagsorðum kjaradóms, sem ég legg nú ekkert upp úr, af því að ég tel það hafa ákaflega takmarkað gildi, að þetta skuli gert með vitund bandalagsins. Nú bar þetta á góma í hv. Ed. *einhvern tíma, og þá var hv. þm.* Kristján Thorlacius formaður bandalagsins. Þá átti hann sæti í d., og hann á hér sæti nú. Hann getur auðvitað upplýst um það, hvort samráð *hafi verið haft við bandalagið um þessi mál*. Ég man ekki betur en hann tæki til máls við þá umr. og upplýsti málið þá. Það hefur kannske síðar verið farið að hafa samráð við hann. Ég verð að segja það, að ég álít, að það *hafi* ríkt fullkomin leynd um þetta. Ég verð að segja það, að ég hafði ekki hugmynd um, að þessar aukaþóknanir ættu sér stað, fyrr en ég sá fréttaklausu um það í Frjálsri þjóð.

Steingrímur Pálsson: Herra forseti. Í sambandi við þær umr., sem hér hafa farið fram, langar mig til að koma með nokkrar aths. Talað hefur verið um launauppbætur og þóknun og jafnvel bitlinga. Þeir yfirmenn Pósts og síma, sem ekki fá að taka aukavinnu samkv. gildandi aukavinnutöxtum, en verða samt að vinna aukavinnu, hafa fengið þessa svo kölluðu föstu aukavinnu. Það var talað hér um 48 stöðvarstjóra Pósts og síma víðs vegar um landið. Ég vil taka það fram, að þessi fasta aukavinna getur verið frá 10 klst. á mánuði upp í 25 klst., en hún er greidd með dagvinnutaxta, ekki með gildandi næturvinnutaxta. Þessari föstu aukavinnu fylgir bæði sú skylda og kvöð, að þeir stöðvarstjórar, sem taka þessa aukavinnu, verða alltaf að vera til taks, t. d. ef um línubilanir er að ræða, bilun á tækjum í sambandi við öryggisþjónustu og svona má lengi telja. Ef við tökum eitt lítið dæmi, þá vitum við, að það er sendur póstur vestur og norður í land með sérleyfisbifreiðum, og þessar bifreiðar eru

komnar norður eftir reglulegan vinnutíma. Ef við tökum staði eins og Blönduós, Sauðárkrók, Búðardal og Hólmavík sem dæmi, þá eru stöðvarstjórarnir þar skyldaðir til að taka upp póstinn, lesa hann í sundur, raða honum og afhenda hann landpósti, sem hefur sínar ferðir í sambandi við þessar sérleyfisferðir. Ég veit af eigin reynslu, að þeir vinna ekki minna en 3 klst., við skulum segja þrisvar í viku. Þá eru þeir komnir þarna upp í 24 klst. á mánuði, sem þeir vinna í aukavinnu, en fá e. t. v. greiddar 10 klst. í dagvinnu. Og þetta er ranglætið.

Það er alveg rétt, sem kom hér fram, að mat á þessari föstu aukavinnu er því miður handahófskennt. En hvernig stendur á því, að þessum starfsmönnum er ekki greitt eftir aukavinnutaxta fyrir sína vinnu? Ástæðan er sú, að það er ekki talið eðlilegt, að yfirmenn skrifi sjálfir sína eigin aukavinnu. Þeim er sem sagt vantreyst á þessu sviði, en þeir vinna miklu meira og fá ekki sína vinnu fullgreidda, og ég vil því undirstrika hér, að hér er ekki um launauppbót að ræða, hér er ekki um þóknun að ræða, heldur er þetta vinna, sem er því miður vanborguð í dag.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., en það virðist sannast sagna, sem er mjög óvenjulegt, að hv. 1. þm. Norðurl. v. sé sleginn einhverri annarlegri blindu, miðað við þá dóma, sem hann fellir hér. En af einhverjum ástæðum hefur það hent hann nú, og er sérstaklega óvenjulegt, þegar um lögfræðileg atriði er að ræða. Hann er t. d. mjög nákvæmur í orðalagi veit ég sem lögfræðingur, en hann ræðir hér t. d. um það, að skylt sé að hafa samráð við BSRB. Það stendur ekkert um það. Það segir með vitund, og það er auðvitað ekki sama og samráð, svo að ég nefni aðeins eitt dæmi úr hans lögfræðilegu túlkun.

Ég vil alveg sérstaklega nota þetta tækifæri til þess að mótmæla því, að hér sé um að ræða friðindi, sem hafi verið veitt opinberum starfsmönnum. Hér hafa tveir menn, sem þekkja þetta mál mjög, skýrt frá sinni reynslu í því efni, og ég fullyrði það afdráttarlaust, að engum hafi verið borgað umfram það, sem hann á fullan rétt á. Það er gengið út frá því, að opinberir starfsmenn vinni vissan vinnutíma. Það er einnig gengið út frá því, að forstjórar vinni vissan vinnutíma, og það er ekki gert ráð fyrir því í launum forstjóra, að þeir þurfi að vinna langt umfram þann tíma. Kjaradómur hefur beinlínis komizt að þeirri niðurstöðu í 14. gr., sem ég vitnaði í, að þegar talið væri, að yfirmenn hefðu unnið umfram eðlilegan vinnutíma, þá væri það rétt, að þeir fengju yfirvinnuþóknun, en eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, þar sem svo er ástatt um yfirmenn, að þeir yrðu að mæla það sjálfir, þá væri það mjög óeðlilegt og kæmi ekki til mála að leggja það til grundvallar, heldur yrði rn. í því tilfelli að gagnrýna þær niðurstöður og gera áætlanir um sennilegan yfirvinnutíma þeirra og gera síðan samning á þeim grundvelli, og það hefur verið gert.

Varðandi það, að kjaradómur væri færari um að meta yfirvinnu opinberra starfsmanna heldur en rn. og þess vegna sé fráleitt, að kjaradómur framselji rn. það, um það held ég að þurfi nú ekki mörg orð til þess að sýna fram á, hvað er fjarri öllu lagi, að kjaradómur gæti á nokkurn hátt metið slíkt. Auðvitað er það eina úrræðið, sem við þessu er, að rn. meti þetta eftir þeim upplýsingum, sem það fær beztar, og ég vil sérstaklega leggja áherzlu á það, af því að hv. síðasti ræðumaður sagði og hvessti sig nokkuð, að hætt væri við, að þeir, sem blygðunarlausast hefðu gengið fram í þessu, bæru meira úr býtum en aðrir, og aðrir sætu eftir með sárt ennið og hér hefðu verið framin einhver, að mér skildist, óhæfuverk með þessum ákvörðunum rn., þá mótmæli ég því algerlega, vegna þess að það hefur verið kannað af hinum einstöku rn. og lagt til grundvallar — að vísu þeirra mati, — hvaða forstjórar það væru, sem væru sambærilegir og hefðu sannanlegan yfirvinnutíma, og það hafa ýmsir menn komið þar til álita og fengið yfirvinnu greidda án þess að hafa farið fram á hana, þannig að ég tek undir það með hv. þm., að auðvitað nær ekki nokkurri átt og er fjarri minum huga að ætla að fara að láta það ráðast, hverjir eru sífellt á höttunum eftir því að fá peninga. Og undir það skal ég taka með honum, að er ákaflega mismunandi. Sumir fara mjög hófsamlega í því og jafnvel orða ekki sínar kröfur, en aðrir eru æði oft á ferðinni. Það á ekki að ráða, og ég fullyrði það, — að hve miklu leyti menn vilja taka orð mín trúanleg um það, verður hver og einn að gera upp við sig, — að hér hefur þeirri reglu ekki verið fylgt, heldur reynt af þeirri dómgreind og þeim heiðarleika, sem maður hefur við að styðjast, að meta það og reyna að gera það hlutlaust, hverjir hafi átt að fá þessar greiðslur.

44. Útgáfustyrkur til vikublaðs.

Á deildafundum 24. marz var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til fjmrh. um útgáfustyrk til vikublaðs [192. mál] (A. 464).

Á 42. fundi í Sþ., 1. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 43 shlj. atkv.

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér fsp. til hæstv. fjmrh., sem er á þessa leið:

„Hvaðan kemur fjmrh. heimild til að greiða sérstaklega einu vikublaði útgáfustyrk?

Hvenær hófust greiðslur ríkissjóðs til þessa vikublaðs?

Hvað hafa greiðslur ríkissjóðs til blaðsins numið miklu til þessa?"

Ég hef spurt um þetta í tilefni af ummælum, sem fram komu hjá hæstv. fjmrh. í sjónvarpi nú fyrir skömmu, en mér er ekki kunnugt um, að heimildir séu til þess að greiða útgáfustyrki að öðru leyti en því, sem gert er ráð fyrir í fjárlögum, að heimilt sé að verja tiltekinni upphæð til kaupa á dagblöðum. Af þessum ástæðum er fsp. hér komin fram.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hvaðan kemur fjmrh. heimild til að greiða sérstaklega einu vikublaði útgáfustyrk?" Til þess að geta svarað þessari spurningu, þarf ég að gera lítillega grein fyrir því, hvernig blaðastyrkurinn er til kominn. Það var með þeim hætti, að fyrri hluta árs 1967 hófust viðræður um það milli forustumanna þingflokkanna, að mjög illa horfði með afkomu sumra dagblaðanna, þannig að við borð lægi, að þau gætu ekki komið út, og mundi það geta leitt til þess, að vissir flokkar hefðu ekkert málgagn við að styðjast. Óeðlilegt þótti, að svo færi, og nauðsynlegt að tryggja það, að eðlileg skoðanamyndun gæti átt sér stað eða stuðlað yrði að eðlilegri skoðanamyndun og skoðanatúlkun af hálfu stjórnmálaflokkanna. Þess vegna varð samkomulag um það á milli forustumanna þingflokkanna, sem síðar var fallizt á af ríkisstj., að gera vissar ráðstafanir til aðstoðar dagblöðunum. Þá var svo ástatt, að allir stjórnmálaflokkar í landinu höfðu dagblöð sem aðalmálgögn, og kom því ekki annað til álita en halda sér við það að gera ráðstafanir til þess að tryggja útkomu þeirra. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja sérstaklega þá aðstoð, í hverju hún var fólgin, en hún var m. a. fólgin í því, að ákveðið var að kaupa til viðbótar því, sem áður hafði verið keypt, 300 eintök af hverju dagblaðanna. Þetta var gert án nokkurrar sérstakrar heimildar, hvorki í fjárlögum né öðrum lögum, og er mér ekki kunnugt um, að neinn hafi fundið að því, að þetta væri gert í heimildarleysi.

Síðan gerist það, að nokkur klofningur fer að verða hér í einum tilteknum flokki, og þeir aðilar, sem þar klufu sig út úr, töldu sig ekki hafa neitt ákveðið málgagn við að styðjast eða ekki neitt dagblað lengur við að styðjast. Lengi vel var synjað um það, að það málgagn, er þeir þá aðallega höfðu og var eitt vikublað, fengi nokkurn styrk, vegna þess að þetta hefði upphaflega verið hugsað sem styrkur til blaða flokkanna og til þess að tryggja, að þeir gætu komið skoðunum sínum á framfæri, en ekkert lægi fyrir um það, að kominn væri til skjalanna nýr þingflokkur. Það er því ekki fyrr en á s. l. ári, þegar það varð ljóst, að nýr þingflokkur hefði verið myndaður, að rétt þótti að fallast á það með hliðsjón af þeim grundvallarröksemdum, sem lágu til stuðnings dagblaðastyrknum í upphafi, að aðalmálgagn þessa flokks, þótt dagblað væri það ekki, fengi hluta af þeirri aðstoð, sem dagblöðunum var veitt, þ. e. nyti þeirra hlunninda, að ríkið keypti 300 eintök af þessu blaði. Það má segja, að heimild að öðru leyti sé ekki að finna fyrir þessu en þá, að í fjárveitingu þeirri, sem nú er í fjárlögum yfirstandandi árs, er einnig innifalin upphæð, sem er áætlað að kosti að kaupa umræddan eintakafjölda eða veita sambærilega aðstoð í eintakakaupum á þessu vikublaði eins og dagblöðunum. Vafalaust kann að orka tvímælis, hvort nægilega skýrar heimildir séu fyrir þessu öllu saman. Það var lengi vel ekki, og ekki fyrr en í ár, leitað sérstakrar fjárlagaheimildar til þessara greiðslna, en ég held, að eins og málið er til komið og með hliðsjón af þeirri hugsun, sem liggur á bak við þessa aðstoð, þá sé tvímælalaust, að það, sem hér hefur gerzt varðandi blaðið Nýtt land — Frjáls þjóð, sé í fullu samræmi við þá hugsun, sem lá að baki þessum aðgerðum. Verð ég því að segja, að þar sé um lögjöfnun að ræða, ef menn vilja orða það svo.

Spurt er síðar: „Hvenær hófust greiðslur ríkissjóðs til þessa vikublaðs." Ég gat um, að þær hefðu hafizt á s. l. ári. Að vísu hófust þær ekki fyrr en komið var fram á sumar, en það var ákveðið, að greiðslurnar næðu yfir allt s. l. ár, og voru blaðinu greiddar á árinu 1969 samtals 180 þús. kr. Og núna 1. apríl s. l. höfðu blaðinu á þessu ári verið greiddar 45 þús. kr.

Ég held, að með þessu sé fsp. svarað að því marki, sem ég tel mögulegt að svara henni.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans, en jafnframt gera við þau nokkrar aths. Þar er þá fyrst af að taka, að það er ekki rétt með farið, að gert hafi verið samkomulag á milli þingflokka um greiðslur til dagblaðanna eða þessar greiðslur yfirleitt. Það hefur aldrei verið borið undir Alþb. sem þingflokk neitt samkomulag í þeim efnum, enda ekki leitað eftir því. Hitt fór hins vegar ekki fram hjá mér frekar en ýmsum öðrum, að það voru hér ýmsir áhugasamir menn, og m. a. voru þeir, sem voru hér á Alþingi og stóðu að útgáfu Þjóðviljans, þar í hópi, sem höfðu hug á því að fá ákveðinn stuðning við dagblöðin. Það er því ekki rétt, að hér hafi það verið lagt til grundvallar, að gert hafi verið samkomulag á milli þingflokka.

Í öðru lagi er það alveg augljóst mál, að hér hefur ekki verið um að ræða og er ekki um að ræða greiðslur til flokkanna eða málgagna þeirra sem slíkra, vegna þess að þessi greiðsla hefur verið miðuð við dagblöð. Þannig hefur t. d. einn stjórnmálaflokkurinn með þessum skýringum þá fengið tvöfaldan styrk, því að tvö dagblöð, sem styðja Sjálfstfl., njóta þessara greiðslna. Hér var um það að ræða, eins og skýrt var tekið fram í heimildum frá Alþ., að

verja tiltekinni upphæð til þess að kaupa fyrir dagblöð. En hitt atriðið hefur hér stundum verið til umr. manna á meðal, hvort taka ætti upp það kerfi að veita stjórnmálaflokkunum stuðning á einn eða annan hátt, en það hefur ekki verið gert nema að því leyti, sem hæstv. fjmrh. hefur gert í þessu tilviki.

Þá er það einnig alveg ljóst, bæði á því, sem fram hefur komið í blöðum og annars staðar, og á því, sem hæstv. fjmrh. hefur upplýst hér, að hann hefur veitt þessu eina vikublaði þennan stuðning áður en hér var myndaður nýr þingflokkur samkv. tilkynningu Alþ., löngu áður, svo að þingflokkaskýringin nægir ekki heldur. Og einnig áður en myndaður var stjórnmálaflokkur, sem stóð að þessu blaði. Því er ekkert um það að efast, að hér er tekin upp greiðsla af hæstv. fjmrh., án þess að nokkrar heimildir séu til þess að taka hér út úr eitt vikublað sérstaklega, og þó að menn vildu nú jafnvel segja, að þeir vildu gefa öllum flokkum eða flokksbrotum eða þeim, sem ætla að fara að verða flokkur, kost á því að geta gefið út blöð, þá er sú regla brotin einnig, því að hér eru fleiri á ferðinni með sams konar aðstöðu og hafa ekki orðið þessa stuðnings aðnjótandi. En ég hef fengið þær upplýsingar, sem ég bað um. Það liggur að mínum dómi alveg ljóst fyrir, hvernig á þessum málum hefur verið haldið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er nú nokkuð umliðið síðan samkomulag varð um það milli forustumanna flokka að taka upp þessi kaup á blöðum eða styrk til blaða eða greiðslu fyrir þjónustu, hvernig sem menn vilja orða það. Og ég skal ekki á þessari stundu herma það með vissu, hverjir töluðu við mig af hálfu hvers einstaks flokks. En ég þori að ábyrgjast hitt, að þá var talað við mig á þann veg, að mælt væri fyrir munn flokkanna sem flokka. Hvort það var stjórnmálaflokkur eða þingflokkur skiptir ekki öllu máli, en við vorum látnir hafa þann skilning, að þarna væri um að ræða samkomulag á milli flokka. Það þori ég hiklaust að fullyrða. En eins og ég segi, það er nokkuð umliðið síðan þetta gerðist, og ég get ekki á þessari stundu rifjað upp öll einstök samtöl, sem áttu sér stað, enda á það kannske ekki við að vera að vitna í einkasamtöl manna á milli. Hitt þori ég alveg með vissu að fullyrða, að formenn flokkanna komu saman rétt fyrir lok fjárlagaafgreiðslu nú í vetur, ekki af mínum hvötum heldur annarra, til þess að ræða um hækkun á þessum greiðslum. Og þar voru það einmitt formenn þingflokkanna, sem voru saman komnir, og þar var þetta mál rætt, og þar var komizt að samkomulagi um málið. Ég endurtek, að það var hvorki af mínum hvötum, sem sá fundur var haldinn, né af mínum hvötum, sem til þess samkomulags var efnt, en ég tek á mig minn hluta af ábyrgðinni, því að ég féllst á það með samþykki Sjálfstfl. Jafnframt er rétt að geta þess, að Lúðvík Jósefsson gerði þá aths. um það, að hann væri þessari greiðslu andvígur til þess vikublaðs, sem hann hefur nú minnzt hér á. En ég tók það alveg skýrt fram, að þeirri greiðslu mundi verða haldið áfram í sama hlutfalli, og ef ætlunin væri að halda greiðslunni, hvað þá hækka hana, þá yrði þeirri greiðslu haldið áfram. Þetta gat ekki farið á milli nokkurra mála og ég vitna til annarra þeirra, sem þarna voru, um það, hvort ég greini ekki efnislega rétt frá.

Björn Jónsson: Herra forseti. Það er að mínu viti vissulega virðingarvert, hve fyrirspyrjandi, hv. 4. þm. Austf., hefur mikinn áhuga á síðavendni hæstv. fjmrh. varðandi greiðslur úr ríkissjóði, og að þar sé alveg tryggt, að allt fari eftir bókstaf fjárlaga og engu öðru, hversu smávægilegar sem greiðslurnar eru, því að það veitir víst ekki af aðhaldinu í ríkisbúskapnum. Og ég vil þess vegna fyrir mitt leyti virða til betri vegar, þó að þær aths., sem hann gerir í sambandi við sína fsp., séu á nokkuð hæpnum rökum reistar. Mér sýnist nefnilega alveg greinilegt, að hvað sem líður texta fjárlaga um greiðslur eða styrki, sem svo hefur ýmist verið kallað í fjárlögum, — í fyrra var þetta kallað á fjárlögum styrkur til dagblaðanna, nú í ár hefur því verið breytt í að vera greiðslur, — en hvað sem þessum texta í fjárlögum líður, þá hljóti ríkið og ríkisstofnanir að hafa fulla heimild til að greiða andvirði blaða sem annars, sem raunverulega eru gerð kaup á og augljós þörf er á, hvort sem það eru vikublöð eða dagblöð. Og í því tilviki, sem hér hefur verið gert sérstaklega að umtalsefni, er ekki um neitt annað að ræða en greiðslu fyrir 300 eintök af umræddu blaði, sem raunverulega fara til ríkisstofnana, sendiráða, Alþingis, sjúkrahúsa og annarra slíkra. Hér er ekki um að ræða styrk af neinu tagi, heldur greiðslu fyrir veitta þjónustu. Og ég vil segja það, að meðan greiðslur til blaða fara ekki fram úr þessum greiðslum fyrir eðlileg viðskipti, þá er ekki um neina útgáfustyrki að ræða, eins og rætt er um í fsp. hv. 4. þm. Austf., enda hefur verið lögð á það mikil áherzla í málgagni þessa hv. þm., Þjóðviljanum, að hér væri alls ekki um styrki að ræða, heldur greiðslur, vel að merkja þegar það blað á í hlut. En þegar vikublað eins stjórnmálaflokksins á í hlut, þá hefur þetta í sama blaði og jafnvel í sömu greinum verið kölluð ölmusa eða jafnvel mútur.

Ég tel hins vegar alveg óhikað, að hæstv. fjmrh. hafi gengið of skammt í því að heimila greiðslur fyrir vikublöð, sem ríkið og ríkisstofnanir fá, vilja fá og þurfa á að halda. Og ég álít, að miðað við greiðslur til dagblaðanna í Reykjavík sé hér um að ræða mismunun, sem ekki verði þoluð til lengdar. Sjálfur hef ég átt þátt í því að fara sendiför á fund ríkisstj. eða forsrh. ásamt fleirum á vegum fjögurra vikublaða á Akureyri, þar sem eftir því var leitað að fá leiðréttingu í þessum efnum, en við fórum bónleiðir til búðar, og hefur engin leiðrétting fengizt. Þessi blöð ásamt öðrum vikublöðum í landinu fá engar greiðslur, þó að þess sé nánast krafizt af þeim, að þau sendi sín blöð í opinberar stofnanir. Og meira að segja hér

á hv. Alþ. hafa blöðin verið sótt á sumar skrifstofurnar. En þegar komið hefur reikningur fyrir örfá blöð, þá er neitað að greiða hann af þessari virðulegu stofnun. Ég tel þetta mjög illa farið, alveg sérstaklega vegna þess, að ég held, að raunverulegt ritfrelsi og möguleikar til þess að gefa út dagblöð eigi ekki að eiga neitt lögheimili hérna í höfuðborginni. Vikublöðin hafa gegnt mikilsverðu menningarlegu hlutverki í þessu landi í a. m. k. heila öld og þau munu halda áfram að gera það.

Hvað nafngiftirnar, styrki og greiðslur, áhrærir, þá segi ég þetta: Greiðslur koma fyrir eðlileg viðskipti, styrkir eru það, sem umfram er. Nú sýnist mér, að með fjárlögunum eins og þau nú eru eigi ekki að heimta neitt meiri þjónustu af blöðunum, heldur eigi að greiða þau meira. Þá er orðið um styrki að ræða, hreina styrki, og þá ber hæstv. ríkisstj. að beita sér fyrir því, að settar séu af Alþ. reglur um það, hvernig þessum styrkjum verði úthlutað milli pólitískra flokka. Allt annað er óhæfa og mismunun.

Ég vil svo aðeins að lokum segja það, — ég geri ráð fyrir, að ræðutími minn sé að verða búinn, — að það gegnir furðu, að þessi hv. fyrirspyrjandi skuli orða fsp. sína á þann hátt, sem hann hefur gert, sérstaklega þar sem honum er vel kunnugt um það, að árið 1967 var pukrað með dagblaðastyrkina fyrir kosningar og ekki borið undir þingflokkana, — það er rétt hjá fyrirspyrjanda. Ég var þá í þingflokki Alþb. og það var aldrei minnzt á þetta einu orði, heldur fréttum við það út á land nokkrum mánuðum seinna, að þessar greiðslur væru hafnar. En þar ber vitanlega ábyrgðina, hvað Alþb. viðvíkur, sá maður, sem þá gegndi þar formennsku. En þessum hv. þm. er vel kunnugt um það og var kunnugt um það 1967. a. m. k. eftir kosningar, sennilega fyrr og áreiðanlega allt árið 1968, að það fóru fram greiðslur til dagblaðanna svo milljónum skipti, án þess að nokkur heimild væri til þess á fjárlögum. Þar var um milljónir að ræða, en við okkar litla vikublað er um nokkra tugi búsunda að ræða á ári, og ég tel, að þrátt fyrir allt þetta tal hans, með tilliti til þess, sem fram hefur komið, vitneskju um heimildarlausar greiðslur til dagblaðanna árið 1967 og 1968, þá hljóti, þegar allt kemur til alls, að vera augljóst, að fsp. er sprottin af allt öðrum ástæðum en siðavendni þessa hv. þm.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Ég hafði hug á því að segja hér nokkur orð í tilefni af því orðafari manna, að dagblöðin í Reykjavík hafi fengið styrki, sem veittir hafi verið á pólitískum forsendum. Nú veit ég ekki, hvernig menn hafa rætt þessi mál hér á þingi 1967 í einkaviðræðum sín á milli að sjálfsögðu, því að ég átti þá ekki sæti á þingi, en hitt er mér fullkunnugt um, að dagblöðin öll líta svo á, að sá nýi háttur, sem upp hefur verið tekinn í samskiptum við þau af hálfu ríkisins og ríkisstofnana, sé ekki styrkur heldur greiðsla fyrir þjónustu. Þetta er sameiginlegt álit allra blaðanna, eins og menn kannske kannast við. Þetta sjónarmið hefur einnig verið túlkað í Morgunblaðinu. Áður fyrr tíðkaðist það, að ætlazt var til þess, að dagblöðin birtu mjög margvíslegt efni, án þess að nokkur greiðsla kæmi fyrir, og enn fremur að dagblöðin létu í té býsna mörg eintök til opinberra stofnana, án þess að þessi eintök væru greidd. Þetta mál hefur verið tekið upp á þeim forsendum, að úr þessu yrði bætt. Og ég veit það, að dagblöðin líta þannig á, að þrátt fyrir auknar greiðslur, sem til hafa komið síðustu árin, þá sé það engan veginn svo, að þarna sé orðið um eðlileg jafnræðisviðskipti að ræða. En þar sem um er að ræða greiðslur fyrir veitta þjónustu að mati dagblaðanna, þá er það í sjálfu sér óeðlilegt, að í þessu skyni sé sérstök fjárveiting á fjárlögum. Ég teldi það miklu eðlilegra, að þær stofnanir, sem njóta þjónustu dagblaðanna greiði hana á eðlilegan hátt eins og tíðkast í almennum viðskiptum. Það er þá fyrst, þegar kemur að raunverulegum styrkveitingum, að til ætti að koma upphæð á fjárlögum, og það telja blöðin, að enn hafi ekki orðið.

Ég veit, að um þetta eru skiptar skoðanir á milli dagblaðanna og ýmissa forustumanna stjórnmálaflokka, eins og hér hefur komið fram. En þetta, sem ég hef sagt, er skilningur dagblaðanna. Ég vil síður en svo vanmeta það, að stjórnarvöld hafa sýnt dagblöðunum aukinn skilning hvað þetta snertir á undanförnum árum; það ber vissulega að meta að verðleikum. Hins vegar er það augljós staðreynd, að þessi nýju samskipti hafa verið tekin þannig upp að auðvelda dagblöðum að koma út á Íslandi alveg án tillits til þess, hvaða skoðanir þau hafa á stjórnmálum. Það er t. d. staðreynd, að slíkar greiðslur koma til tveggja blaða, sem fylgja Sjálfstfl. að málum, og að sjálfsögðu hefði það ekki gerzt, ef barna hefði verið um að ræða flokkaaðstoð. Það er ekki rétt, að hér sé um flokkaaðstoð að ræða, heldur aðgerðir, sem eiga að auðvelda það, að dagblöðin geti haldið áfram að koma út á Íslandi. Ég tel, að það sé ákaflega veigamikið verkefni, ef við ætlum að halda uppi eðlilegu málfrelsi og eðlilegum umr., að tryggt sé, að þessi dagblöð komist út. Og ég vænti þess, að skilningur á því efni haldist meðal forustumanna. En þetta hefur verið algerlega bundið við dagblöðin, það er staðreynd.

Hitt kann svo vel að vera, að það þurfi að líta á vanda vikublaða. En staðreyndin er einnig sú, að það er aðeins eitt vikublað, sem hefur notið slíkrar fyrirgreiðslu af hálfu opinberra stjórnarvalda, eitt einasta. Hv. síðasti ræðumaður greindi frá því, að hann hefði sjálfur gengið á fund ríkissti. og beðið um fyrirgreiðslu fyrir fjögur vikublöð á Akureyri, en gengið bónleiður til búðar. Það er aðeins eitt vikublað á Íslandi, sem fær slíka fyrirgreiðslu. Þar er ekki um almenna reglu að ræða eins og hjá dagblöðunum. Þarna er um mismunun að ræða. Og þessi fyrirgreiðsla er augljóslega veitt á pólitískum forsendum. Það er þetta, sem hv. fyrirspyrjandi vakti athygli á, og þessar staðreyndir verða að sjálfsögðu ekki duldar.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Það eru aðeins örfá orð. Mig langar í fyrsta lagi til þess að staðfesta það, sem hæstv. forsrh. sagði um aðdraganda þeirrar fjárveitingar, sem nú er í gildi í fjárlögum fyrir árið 1970. Ég átti þátt í þeim viðræðum, sem hann tilgreindi, og var það allt satt og rétt, sem hér var frá greint.

Í öðru lagi langar mig til þess að bæta við örfáum atriðum varðandi upphaf þessara blaðastyrkja, vegna þess að ég sem formaður Alþfl. og þingflokks hans átti þátt í þeim viðræðum fyrir hönd míns flokks. Í þeim tóku þátt auk mín, hæstv. forsrh. og hv. þm. Eysteinn Jónsson, sem þá var formaður þingflokks Framsfl., og Einar Olgeirsson, einn af forustumönnum Alþb. Á þeim árum var Alþb. óklofið, og ég segi það hreinskilnislega frá mínu sjónarmiði séð, að það hvarflaði aldrei að mér, meðan á þessum viðræðum stóð, að um þetta mál mundi geta orðið sá ágreiningur, sem í ljós hefur komið síðar, að orðið hefur vegna framkvæmdar málsins. Alþb. gaf þá aðeins út eitt málgagn, eitt aðalmálgagn, að því er ég bezt veit, og þótti öllum öðrum sanngjarnt og rétt, að það nyti að sjálfsögðu hliðstæðs styrks og um var samið til hinna fimm dagblaðanna. En samkomulagið, sem þá var gert í upphafi, án þess að það væri þá bundið í fjárlögum, var með þeim hætti, að kaupa skyldi 300 eintök af hverju fimm dagblaðanna, tveim dagblöðum stærsta flokksins og einu dagblaði hvers hinna flokkanna, að Ríkisútvarpið skyldi greiða 1000 kr. á dag eða fyrir hvert skipti, sem dagblað birti dagskrá hljóðvarps og sjónvarps, og að Póstur og sími skyldi veita dagblöðunum vissa fyrirgreiðslu í sambandi við þjónustu sína við þessi blöð, þ. e. vissan afslátt. Um þetta varð algert samkomulag í upphafi, og ég tel, að þetta samkomulag hafi verið sanngjarnt og skynsamlegt og í raun og veru hafi enginn þurft yfir því að kvarta í sjálfu sér.

Það, sem svo síðan hefur gerzt, er það, að Alþb. hefur klofnað. Tveir þm. þess hafa myndað sérstakan þingflokk, og það hefur kallað á nýtt vandamál. Ég hika ekki við að kalla það vandamál og viðurkenna, að það er vandamál. En þegar málaleitun kom frá hinum nýja þingflokki til hæstv. fjmrh. þess efnis, að málgagn þeirra fengi sams konar fyrirgreiðslu að því er eintakafjöldann snerti, — ekki að því er snerti greiðslu frá Ríkisútvarpinu, vegna þess að blaðið birti ekki dagskrána, og heldur ekki að því er snertir fyrirgreiðslu hjá Pósti og síma, því að ekki er um hliðstæða útbreiðslu að ræða, — þá bar hæstv. fjmrh. það undir mig sem formann þingflokks Alþfl., hvort ég teldi sanngjarnt, að orðið yrði við þessari beiðni. Ég ræddi það í mínum flokki og við urðum á einu máli um, að það væri sanngjarnt að verða við beiðninni, og þess vegna berum við fyrir okkar leyti ábyrgð með hæstv. fjmrh. á því, að beiðninni var svarað játandi. Þetta vildi ég sagt hafa, til þess að ekkert færi á milli mála um þennan þátt í aðdraganda málsins. Hæstv. forsrh. hefur svo skýrt frá því, sem skeði varðandi þetta á þingi í vetur.

En síðustu orð mín skulu vera þau að viðurkenna, að hér er um vandamál að ræða, sem þarf að ræða ítarlegar og betur en gert hefur verið fram að þessu, sem þarf að taka fastari heildartökum en það hefur hingað til verið tekið. Ég er þeirrar skoðunar fyrir mitt leyti, og hygg að það sé yfirgnæfandi skoðun í mínum flokki, að styrkur til dagblaða og málgagna sérstakra þingflokka sé eðlilegur, en jafnframt eigi að taka til alvarlegrar athugunar, með hverjum hætti ríkið geti styrkt starfsemi stjórnmálaflokkanna svo sem nú er gert í velflestum nágrannalöndum.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ræðutími er skammur og ég ætla ekki að fara að ræða þá sögu, sem hér hefur verið sögð, forsögu þessa máls. En þeir, sem talað hafa hér, virðast ekki vera á einu máli um það, hvort greiðslur þær, sem fram hafa farið og hér eru ræddar, séu til flokka eða blaða. Í fjárlögum ársins 1970 á bls. 67 í útgjöldum fjmrn. er þessi fjárveitingarliður „til greiðslu á dagblöðum 6 millj. kr." Það er upplýst, að blöð, sem hafa notið þessa fjár, — hvað sem það er nú kallað, — eru sex. Það eru fimm dagblöð í Reykjavík og eitt vikublað. Mér virðist, að orðun þessa fjárveitingarliðar og það, sem upplýst hefur verið um tölu dagblaðanna, sem þessa njóta, skeri úr um það, að þessi fjárveiting sé til blaða, en ekki til flokka, þó að hún hafi kannske einhvern tíma verið hugsuð sem slík. Ef þessi fjárveiting væri þannig hugsuð, að hún væri greiðsla til flokka, mundi það varla geta átt sér stað, að einn flokkur fengi slíkt framlag til tveggja blaða, eins og á sér stað. Þess vegna og vegna þess, hvernig fjárveitingin er orðuð, þá hlýtur hér að vera um að ræða greiðslu til blaða, og í fjárlögum stendur: til dagblaða. Nú er það að vísu svo, að orðið dagblað getur haft dálítið víða merkingu í íslenzku máli. Ég hef oft heyrt menn tala um öll blöð sem dagblöð, vikublöð og jafnvel mánaðarblöð einnig. En ég hygg, að sú merking sé nú að verða almennari, að dagblað sé blað, sem gefið er út á hverjum degi. En það hefur ekki ávallt verið það, sem menn hafa átt við hér á landi, þegar talað hefur verið um dagblöð.

Það er eitt sameiginlegt með þessum sex blöðum, sem nú fá þessar greiðslur. Þau eru gefin út í Reykjavík. Það virðist eiginlega vera það, sem farið er eftir. Ef blað er gefið út í Reykjavík, hvort sem það er dagblað eða vikublað, þá fær það þetta fé, en blöð, sem eru gefin út utan Reykjavíkur, hafa hingað til ekkert fengið. Það er alveg rétt, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að á sínum tíma var á ferðinni málaleitun frá blöðunum á Akureyri, en ekkert þeirra er dagblað, um það, að þau fengju einhverja fyrirgreiðslu í þessu sambandi, og ég verð að segja það, að mér finnst það ekki óeðlilegt, að ríkisstj. kaupi samkv. nefndum fjárlagalið eitthvað af slíkum

blöðum til þess að úthluta t. d. til opinberra stofnana á Akureyri.

Ég hef talað sérstaklega um Akureyri, af því að ég er þar kunnugur, og ég veit, að þetta þykir undarlegt þar, en einnig í öðrum landshlutum eru gefin út slík blöð. Ég er því andvígur, að ríkið bindi slík fjárframlög til blaðanna, hvort sem það eru dagblöð eða annað, eingöngu við útgáfustaðinn Reykjavík, og ég hygg, að það sé ekki stætt á slíku sjónarmiði til frambúðar. Mér þykir rétt að láta það koma fram hér, af því að tækifæri gefst, og ég vil jafnframt segja það, að ég tel óeðlilegt með öllu af Ríkisútvarpinu að birta á hverjum degi útdrætti úr forustugreinum dagblaða, sem gefin eru út í Reykjavík, en ekki úr einu einasta blaði, sem gefið er út annars staðar á landinu, eins og þjóðina varði ekkert um það, sem í þeim stendur, heldur eingöngu um það, sem prentað er í Reykjavík, að ólöstuðum þeim dagblöðum, sem þar koma út. Skal ég svo ekki hafa um þetta fleiri orð.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Mér sýnist, að inn í þessar umr. sé blandað gersamlega óskyldum atriðum. Hv. 4. þm. Norðurl. e. ræddi hér um, hvað væri sanngjarnt að gera, hvort það væri sanngjarnt að styðja vikublöð og hvort hér væri um styrk eða greiðslu að ræða. Ég hef fyrir mitt leyti ekki á neinn hátt sagt það, að sú greiðsla, sem nú fer fram til dagblaðanna, eigi að skoðast sem styrkur. Ég spurði aðeins um það, hvaðan fjmrh. kæmi heimild til þess að veita einu vikublaði útgáfustyrk, vegna þess, að hann hafði tilkynnt alþjóð, að hann gerði það. Hann orðaði það þannig, að hann hefði greitt ákveðnu vikublaði tiltekna fjárhæð í útgáfustyrk. Það, sem hér er um að ræða, er vitanlega þetta: Alþingi hefur ákveðið að heimila að greiða eða verja tiltekinni upphæð til þess að kaupa fyrir dagblöð, og það kom alveg skýrt fram, eins og hæstv. forsrh. staðfesti hér í því, sem hann sagði, að þegar um þessi mál var fjallað fyrir afgreiðslu síðustu fjárlaga m. a. af formönnum þingflokkanna, þá tók ég það alveg skýrt fram af minni hálfu, að það væri ekki um neitt samkomulag við mig að ræða um þennan lið, nema hann væri orðaður eins og hann var á fjárlagafrv. og var samþykktur. Hitt er svo vitanlega annað mál, að hæstv. fjmrh., og nú er það upplýst af hæstv. menntmrh., að Alþfl. og Sjálfstfl. hafa komið sér saman um það að ákveða, að hliðstæð greiðsla þeirri, sem gengur til dagblaðanna, skuli einnig ganga til þessa eina vikublaðs. Heimildin er þá ekki önnur en þessi, að þessir tveir flokkar hafa komið sér saman um að gera þetta. Ég hef bent á það, að allar túlkanir benda til, að hér hafi raunverulega verið um það að ræða í upphafi, að það væri verið að greiða flokkunum þetta sem styrk. Sú röksemdafærsla stenzt ekki, því að þá er það augljóst mál, að þá hefur verið gert ráð fyrir því að láta einn flokkinn í landinu hafa tvöfaldan styrk. Og ég neita því líka, að gert hafi verið samkomulag við þingflokkana um þetta. Það mun vera rétt, sem hæstv. menntmrh. sagði hér, að á sínum tíma beittu sér ýmsir forustumenn flokkanna hér á Alþ. fyrir því að taka upp nokkurn stuðning við dagblöðin, og úr röðum okkar Alþb.-manna var þar um að ræða einn af áhrifamestu mönnunum, sem stóðu að útgáfu Þjóðviljans, Einar Olgeirsson. Hann gerði það, eins og aðrir, sem áhugamaður um útgáfu á dagblaðinu, en hér var ekki um neitt samkomulag við okkar þingflokk — (Gripið fram í.) Það var ekki mitt að ákveða, hverjar væru fjárlagaheimildir. Það var gert samkomulag um það. Hvort eitthvað hafi skort á, að leitað hafi verið eftir formlegri heimild, það er allt annað mál. En það er sem sagt alveg út í hött, þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. er hér að tala um, að ég sé að dæma þessa greiðslu sem sérstakan styrk. Ég er aðeins að spyrja um það, hvaðan ráðh. hafi komið sú heimild að greiða þann útgáfustyrk, sem hann segist hafa greitt. Það er alveg augljóst mál á því, sem hér hefur komið fram, að aðeins er um eitt vikublað að ræða, sem nýtur þessa stuðnings. Og þessi stuðningur hefur verið veittur þessu vikublaði, áður en til kom stofnun þingflokks og áður en til kom að stofna nýjan flokk. Það er svo aftur á móti skiljanlegt, að þeir hafa kannske haft nokkurn hug á því, sjálfstæðismenn og Alþfl.-menn, sem samþykktu það í ríkisstj., að það þyrfti á þessu að halda, til þess að þingflokkur og flokkur yrði stofnaður.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr., enda gefst ekkert tilefni til þess. Ekkert það, sem fram hefur komið í máli þessu, breytir minni skoðun varðandi það, sem gert hefur verið, eins og allar aðstæður eru. Hitt er annað mál, sem ég vil sérstaklega láta koma hér fram, að mér hafa aldrei verið þessi framlög að skapi og sízt af öllu, þegar þau eru komin á það stig, sem þau eru nú komin á. Ég get vel tekið undir það, sem hér hefur verið sagt varðandi vikublöðin, að það hlaut að koma óánægja fram hjá útgefendum vikublaða við vegar um land, þegar þessi dagblaðakaup eða styrkur, eða hvað sem menn vilja kalla það, var upp tekinn, því að óneitanlega er það styrkur að fá keypt á einu bretti 300 eintök af tilteknu blaði. Þess vegna er það auðvitað eftirsótt, að það verði gert. Það hefur enginn óskað eftir þeim gefins. Það er alveg á valdi þessa hv. þm., hvort hann gefur þessi blöð eða ekki, og ég hygg, að hann hafi gjarnan gefið þau, vegna þess að hann langaði til þess að koma skoðunum sínum á framfæri, þar sem menn vildu ekki kaupa þær, þannig að það hefur alveg verið á valdi blaðanna, hvað þau gáfu eða ekki gáfu. Og ég álít, að þegar þetta er komið á það stig, eins og nú er, sem gera má ráð fyrir að samsvari 650 eintökum af hverju blaði, þá sé þetta komið út í hreina fásinnu, og hljóti að verða að endurskoða þetta frá rótum. Og ég vil taka það fram, að á meðan ég ræð einhverju um fjármál, þá kaupi ég engin 650 blöð til að útbýta

í opinberum skrifstofum. Ég álít, að það sé margt þarfara að gera á skrifstofum en að lesa blöð. Og ef hv. þm., sem eru mjög viðkvæmir fyrir því, að þetta heiti styrkur, vilja ekki þiggja þessa hækkun, án þess að ríkið kaupi af þeim aukinn eintakafjölda, þá verða þeir að vera án þessara greiðslna. Ég álít, að málið sé komið á það stig, — og það var tekið fram bæði af mér og öðrum í þeim umr., sem voru innan flokkanna í haust, — að þetta sé algerlega óviðunandi ástand, að við verjum nú 6 millj. kr. til þess að kaupa dagblöð. Það hlýtur í vaxandi mæli að valda óánægju vikublaðanna, og verða til þess, sem er óhjákvæmilegt, að þetta mál sé tekið allt upp frá rótum. Og mín skoðun er sú, að ef á að halda hér uppi einhverjum framlögum, þá eigi þau að vera til stjórnmálaflokkanna eftir einhverjum ákveðnum reglum, og þeir ráði því svo, hvort þeir nota það framlag til að styrkja sín blöð eða aðra starfsemi sína. Það er miklu víðar þekkt í löndum. Þar eru það algerar undantekningar, að dagblöð séu styrkt, — það er til, en það eru undantekningar, — en það er hins vegar í vaxandi mæli gert fyrir stjórnmálaflokkana. Og þegar talað er um það t. d., að það séu mikil undur, að hér séu keypt tvö blöð eins flokks, þá má út af fyrir sig segja, að það sé óeðlilegt, en þó ekki nema að vissu leyti, vegna þess að þar sem flokkunum eru veittir þessir styrkir, t. d. í Sviþjóð, þá er miðað við fjölda þm., þannig að það er ekkert óeðlilegt, þó að stærri flokkar fái meiri framlög heldur en minni. En ég skal ekkert segja um það, og ég hef ekki myndað mér neinar skoðanir um það, með hvaða hætti þetta á að verða, en ég held, að það, sem gerzt hefur í þessum efnum, og þessar umr. okkar hér í dag sanni okkur það ótvírætt, að þetta mál verður að taka upp með rótum og að ekki er hægt að halda þessu áfram á næsta ári. Það verður að endurskoða málið og færa það inn á nýjan grundvöll.

Ég sé, eins og ég sagði, ekki ástæðu til þess að stæla um það, hvort framin hafi verið einhver sérstök óhæfa, — sem er þá náttúrlega á mína ábyrgð kannske fremur en annarra, — með því að kaupa 300 eintök af þessu vikublaði. Það hefur verið gert á þeim rökum, sem ég greindi frá í mínu máli, og hæstv. menntmrh. hér staðfesti fyrir sitt leyti sína skoðun á, að þetta byggðist á því sjónarmiði, að litið væri á þessa aðstoð við dagblöðin sem aðstoð við pólitíska skoðanamyndun og sem aðstoð við að koma pólitískum skoðunum flokkanna á framfæri, og vitanlega var það upphaflega hugsað þannig. Það hefði aldrei komið til, að forustumenn flokkanna hefðu farið að taka þetta mál upp og ræða um það sín á milli, ef það hefði ekki verið áhugi á því, að flokkarnir gætu komið skoðunum sínum á framfæri í dagblöðunum. Ég efast um, að það hefði komið upp með sama hætti, ef hér hefðu verið fimm óháð vikublöð. Sömu menn hefðu a. m. k. ekki tekið upp þetta mál eins og gerðu það núna, þannig að það er engin tilviljun.

Varðandi það, hvort mig hafi skort heimild til að gera þetta og ríkisstj. að fallast á það, sem hún samþykkti, skal ég játa, að ég gerði um þetta till. og fannst það eðlilegt miðað við hvernig frá öllu þessu var gengið og hvernig þessi framlög höfðu til orðið, þannig að ég skal ekki skjóta mér á bak við neinn með það, ef þetta er einhver óhæfa.

Það er vitanlega mesti misskilningur, sem hér kom fram áðan, að þetta hafi byggzt á því, að dagblað þetta eða vikublað væri hér í Reykjavík, það á ekkert skylt við það. Það vill svo til, að þetta er aðalmálgagn þessa flokks, sem hér er um að ræða, og vildi svo einnig til, að það er hér í Reykjavík. En það er auðvitað ekki vegna þess, að blaðið er hér í Reykjavík, sem þetta er gert.

Varðandi svo að lokum það, sem hv. 4. þm. Austf. sagði, að ástæðan til fsp. hans hefði verið sú, að ég hefði upplýst þetta í sjónvarpsviðtali hér um daginn, þá hljómar það nú næsta kynlega, eftir að hann hafði staðfest það sjálfur, að þetta hefði komið til umræðu á milli formanna þingflokkanna í haust, áður en fjárlagaafgreiðsla fór fram. Þar af leiðandi er fengin vitneskja um það, að þetta var gert, og ég skil ekki í, að hann hafi þurft þess vegna að bíða eftir sjónvarpsviðtali við mig til þess að vita þetta, og mér er ekki kunnugt um, — ég man a. m. k. ekki eftir því; segja þá aðrir, sem betur muna, — að þessi hv. þm. eða aðrir hafi við afgreiðslu fjárlaga mótmælt því, að þetta væri gert. En það er, eins og ég áðan sagði, áætlað í fjárlagaliðnum, að þetta framlag eða styrkur eða hvað menn vilja kalla það, til þessa tiltekna vikublaðs sé þar einnig innifallið.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég þarf ekki að bæta miklu við það, sem ég sagði hér áðan og það sem hæstv. fjmrh. sagði nú. Ég vil einungis ítreka það, sem glögglega hefur verið tekið fram og mér satt að segja blöskrar, að þm. skuli bera á móti, að þetta var auðvitað tekið upp sem jafnréttismál á milli flokka. Það hefur verið tekið þannig upp og meðhöndlað þannig allan tímann, og þeir menn, sem hafa farið með málið af hálfu Alþb. og Framsfl., hafa þá stórlega blekkt okkur hina, ef þetta hefur ekki vakað fyrir þeim. Það er bezt að segja það alveg eins og það er. Þeir hafa þá stórlega blekkt okkur hina. Við sjálfstæðismenn höfum ætíð verið mjög hikandi í stuðningi okkar við þetta mál, en fallizt á það, að eftir atvikum væri þetta sanngjarnt.

Ég vil ítreka, og leggja á það enn þá ríkari áherzlu en hæstv. fjmrh. gerði, að styrkir til flokka og blaða eru nú orðnir mjög tíðkaðir í flestum eða mörgum lýðræðisríkjunum í V.-Evrópu. En það er með ákaflega mismunandi hætti. Sums staðar fá flokkarnir beina styrki, sums staðar fá blöðin beina styrki og á öðrum stöðum eru blöðin styrkt verulega, þó að það sé kallað eitthvað annað. Þetta er ekkert einstakt hérlendis. En þó að við sjálfstæðismenn höfum fallizt á þetta, eins og ég segi, fyrir tilmæli allra hinna, vegna þess að við teljum

þetta vera eitt af því, sem lýðræði nútímans í okkar heimshluta tilheyrir, þá er okkar efasemd fyrst og fremst komin til af því, að við teljum, að þetta form sé óæskilegt. Við teljum, að taka þurfi málið allt upp til gagngerðrar ákvörðunar og endurskoðunar, með hvaða hætti þetta sé gert. Og það er auðvitað alveg fjarstætt að segja, að þetta geti ekki verið styrkur til flokkanna, af því að það séu tvö blöð Sjálfstfl., sem þetta fái. Sannleikurinn er sá, að annars staðar, eins og hér hefur verið vitnað til, fá stærri flokkar meiri fyrirgreiðslu heldur en minni flokkar, og það væri auðvitað fráleitt að ætla Sjálfstfl. sams konar styrkveitingar í þessu skyni og minni flokkum eru ætlaðar. Það er annað mál þessu náskylt, sem hefur verið til meðferðar hér bak við tjöldin á þingi að undanförnu. Ég skal ekki fara að ræða það hér, en þar er einmitt gerður munur á milli flokka eftir stærð. Stærri flokkar eiga að fá meiri fyrirgreiðslu heldur en litlir flokkar. Út af fyrir sig er ég þeim ráðagerðum andvígur á þessu stigi, vegna þess að ég tel, að það þurfi að endurskoða allt þetta mál í heild og meta þá að vel athuguðu máli, hver munur eigi að verða á milli flokka, og menn geri sér ljóst, í hvaða skyni er verið að verja fénu. Það er, sannast að segja, ekkert annað en beinn orðaleikur, sem blöðin hafa, þegar þau láta sem þetta sé enginn styrkur. Við getum sagt: Þetta er ekki beinn styrkur, það er ekki beinn styrkur þarna. Það er rétt, en það er verið að stuðla þarna að jafnræði á milli flokka og jafnræðisskoðanamyndun í landinu. Til góðs eða ills hefur það verið gert, og það er alveg tvímælalaust, hvað sem fyrri heimildum líður, að aukningin, sem varð nú í samþykkt fjárlaga fyrir jólin, var veitt með þeirri yfirlýsingu af minni hálfu, að á hana væri því aðeins fallizt, að vitað væri, að greiðslan yrði til þessa nýja flokks eða nýja blaðs, eins og fjmrh. hefur gert grein fyrir. Þetta gat ekki farið fram hjá neinum, og ég trúi ekki öðru en að aðrir flokksformenn hafi sagt sínum flokkum frá því, og hlýtur mig þess vegna að undra, þegar menn láta eins og þetta komi þeim kynlega fyrir sjónir nú. Við vorum þá a. m. k. flestir sammála um, að þetta dygði ekki til frambúðar, og þess vegna var ákveðið að skipa viðræðunefnd. Hvort sem það er nú föst nefnd, óformleg nefnd eða hvernig á að telja hana eftir þeirri fsp., sem var hér áðan, þá urðu menn sammála um að skipa nefnd til þess að bera fram um þetta till., er menn gætu farið eftir í framtíðinni. Og við treystum því, að þær till. kæmu fram einhvern tíma á þessu ári, því að þetta er vandamál, sem menn verða að viðurkenna, að er fyrir hendi.

En ég legg áherzlu á, að eftir sögu málsins þá er ómögulegt að villast um það, að hér er um að ræða fyrirgreiðslu, hvernig sem menn vilja orða hana, sem er byggð á flokksgrundvelli upphaflega. Það er samið á milli flokka og talsmanna flokka um málið, og það er ekki nema sjálfsagt og eðlilegt, að ef á að fara að styrkja flokka, þá hlýtur það að einhverju leyti, — að hve miklu leyti má deila um, — að koma þannig niður, að fleiri kjósendur fái meiri fyrirgreiðslu en fáir kjósendur.

Magnús Kjartansson: Herra forseti. Hæstv. forsrh. komst þannig að orði í ræðu sinni hér áðan, að samkomulagið um auknar greiðslur til dagblaðanna hefði ævinlega verið hugsað sem jafnréttismál milli flokka, og ef menn vildu ekki á það fallast, þá hefðu ráðherrar verið stórlega blekktir, að því er mér skilst af hálfu okkar Alþb.-manna. Ég vil benda hæstv. ráðh. á það, að um þetta mál hefur verið skrifað býsna mikið í blöð, þ. á m. í Morgunblaðið, aðalmálgagn Sjálfstfl., og í því blaði hefur komið fram nákvæmlega sama sjónarmið og ég hef verið að túlka, að þessi viðskipti séu ekki annað en leiðrétting á fyrra misrétti; þarna komi til greiðsla fyrir þjónustu, sem blöðin hafa veitt, en ekki fengið borgaða áður. Þetta sjónarmið hefur komið fram afar skýrt í Morgunblaðinu. Ég hef því miður ekki forustugrein, sem birtist þar fyrir nokkrum vikum, einmitt í tilefni af sjónvarpsviðtali hæstv. fjmrh., en þar vitti Morgunblaðið þennan ráðh. sinn fyrir þau ummæli, að hann væri að veita blöðunum styrki. Staðreyndin er sú, að það hefur lengi verið landlægt hér á Íslandi, að blöð ættu ókeypis að láta í té alls konar þjónustu. Það er ákaflega auðvelt fyrir hæstv. fjmrh. að standa hér í ræðustól og segja, að það hefði verið auðvelt fyrir mig að neita að láta ókeypis blöð til ríkisfyrirtækja, þ. á m. sjúkrahúsa, en málið er ekki svona einfalt. Þessi háttur hafði verið á hafður áratugum saman, og það er ekki einfalt að breyta slíku. Þarna kom það aðeins til, að ríkið tók að sér að greiða fyrir eintök, sem vissulega voru notuð í ýmsum stofnunum ríkisins, þ. á m. í sjúkrahúsum, og ég veit ekki betur en þessi eintakafjöldi sé það takmarkaður, að menn eru stundum í vandræðum hér í sjálfu þinginu að fá eintök til að lesa af blöðum, sem þeir hafa áhuga á að sjá, vegna þess að þingið skammtar það svo naumt, hve mörg blöð það tekur. Ég veit ekki til þess, að sú hækkun á upphæð, sem var ákveðin hér á fjárlögum í vetur, feli í sér þessa aukningu á eintakafjölda, sem hæstv. ráðh. var að tala um. Á þessum tíma, sem liðinn er síðan þessar greiðslur hófust, hafa blöðin hækkað í verði um 40%. Verð þeirra hefur ekki staðið í stað frekar en annað í þessu verðbólguþjóðfélagi og þessu þarf hæstv. ráðh. að reikna með einnig.

Hitt er svo alveg rétt, að enda þótt hér sé um að ræða alveg tvímælalaust leiðréttingu á gömlu misrétti, sem blöðin hafa búið við, þá hefur þessi lausn á margan hátt verið ákaflega vandræðaleg. Ég tel t. d., að þessi aðferð að taka upp þennan sérstaka fjárlagalið, sem hér er til umr., sé mjög vandræðaleg. Ég er algerlega sammála því, að þessi mál verður að taka upp á öðrum og traustari grunni, og það á ekki að leysa málið þannig, að menn geti verið með eilífar getsakir og dylgjur í sambandi við þessi mál. Þessi mál er hægt að leysa á opin-

skáan hátt fyrir opnum tjöldum, og það tel ég, að þurfi að gera. Hins vegar er ég algerlega andvígur því sjónarmiði, að ekki komi til mála, að ríkisvaldið taki upp nýjan hátt í samskiptum við blöð nema það séu blöð stjórnmálaflokka. Ég held, að það eigi ekki að vera af Alþingis hálfu talin forréttindi stjórnmálaflokka að gefa út dagblöð. Ef hér kæmi út óháð dagblað, sem ekki væri í neinum tengslum við stjórnmálaflokk, tel ég, að það ætti hiklaust að njóta sömu aðstöðu eins og þau blöð, sem styðja einhverja tiltekna stjórnmálaflokka. Ég held, að það væri ákaflega röng stefna, ef það ætti að fara að gera það að einhverri pólitískri einokun tiltekinna flokka að gefa út dagblöð, og ég held, að við eigum að varast að fara inn á þá braut. Hitt er svo annað mál, að það verður að taka til athugunar starfsskilyrði flokkanna einnig. Eins og hæstv. forsrh. vék að, hefur verið starfandi hér í þinginu nefnd til þess að ræða sérstaklega um starfsaðstöðu þingflokkanna, og í vetur gerðist það raunar í þessari nefnd, að nm. komust þar að samkomulagi sín á milli, sem síðan átti að bera undir flokkana. Í því hefur ekkert frekar gerzt, en það var samdóma álit manna í þessari nefnd, að sjálfsagt væri að leggja fram eitthvert fé til þess að auðvelda þingflokkunum að vinna verk sín á þann hátt, sem þeir þurfa að gera. Og auðvitað þarf að halda þessu starfi áfram. Þetta er mikið nauðsynjamál, eins og oft hefur komið fram hér á þingi, og hefur verið mjög ítarlega rakið í merkum ræðum, sem hv. þm. Eysteinn Jónsson hefur flutt. Vinnuskilyrðum hér verður að breyta gersamlega. En það á ekki að blanda því saman við aðstöðu dagblaða, sem eiga við allt önnur skilyrði að búa á Íslandi en í nokkru öðru nálægu landi vegna fámennis hér. Ef dagblöð hér væru þannig starfrækt, að það ætti að líta á þau einvörðungu sem gróðafyrirtæki, þá kæmi aðeins út eitt dagblað á Íslandi, og þá væri undarlega komið málfrelsi og prentfrelsi í þessu landi. Ef menn vilja hafa raunverulegar umr. í blöðum, þá verður að tryggja það, að öll sjónarmið hafi tök á að koma fram. Og það er eitt af verkefnum Alþ., ef Alþ. vill standa vörð um stjórnarskrána, að tryggja það, að blaðaútgáfa geti verið með þeim hætti, en ekki að binda blaðaútgáfuna við það, að blöðin eigi eingöngu að vera eins konar halakleppur á stjórnmálaflokkunum.

Hannibal Valdimarsson: Herra forseti. Menn hafa að sjálfsögðu ýmsar aðferðir til þess að minnka sjálfa sig sem siðgæðislega þjóðfélagsþegna, og hv. 4. þm. Austf. hefur sína sérstöku aðferð við það.

Hér hefur verið vikið að því, hvernig þessi aðstoð við blöðin var tilkomin upphaflega. Það voru hafnar viðræður við hæstv. ríkisstj. eða einstaka ráðh. í ársbyrjun 1967, er upplýst, og þetta gera ýmist formenn flokkanna eða formenn þingflokkanna með einni undantekningu. Þar mætir á leiksviðinu Einar Olgeirsson, sem hvorki var formaður Alþb. gamla né þingflokksins og hafði ekkert umboð frá þeim samtökum til þess að hefja þær viðræður. Þær voru gerðar í algeru heimildarleysi að því er Alþb. gamla snerti. Þær hafa vafalaust verið gerðar fyrir hönd Sósfl. eða Þjóðviljans, sem ekki var málgagn Alþb. Ekki meira um það.

Hins vegar held ég, að það sé alveg vafalaust, að þessi aðstoð við blöðin sé tilkomin með það fyrir augum að jafna aðstöðu stjórnmálaflokkanna á Íslandi til þess að eiga þátt í frjálsri skoðanamyndun, og á þeim grundvelli hafi ætlunin verið að skapa jafnrétti milli flokka, eins og hæstv. forsrh. hefur vikið að. Tel ég, að þetta sé réttlætanlegt. En það á jafnt við um alla flokka, að aðstaða þeirra sé gerð sem jöfnust án tillits til þess, hvort þeir burðast við að gefa út dagblað eða ekki. Að þessu vék líka hv. 6. þm. Reykv. núna síðast, að taka þyrfti upp skipulag, sem tryggði það, að öll sjónarmið gætu komið fram, þá væntanlega líka sjónarmið frjálslyndra og vinstri manna.

Það hefur verið staðnæmzt við það, að hingað til hafi greiðslan komið til dagblaðanna einungis, með einni undantekningu. Eitt vikublað hafi fengið greiðslu fyrir 300 eintök eins og dagblöðin fá. Þetta er rétt. En það er líka aðeins eitt vikublað á Íslandi, sem er aðalmálgagn flokks. Það er enginn annar flokkur, sem hefur eitt lítið vikublað sem sitt aðalmálgagn. Og það er þessi sérstaða, sem Nýtt land — Frjáls þjóð hefur. Alþb. nýja hefur hvorki meira né minna en Þjóðviljann sem sitt aðalmálgagn, og á þess vegum kemur svo þar að auki út blað endrum og eins, en alls ekki vikulega. Það er tæpast, að það geti heitið mánaðarblað. En ef ætti að fara að styrkja mánaðarblöðin líka, þá gæti tímaritið Réttur alveg eins komið þar undir og önnur tímarit.

En það er ekkert sambærilegt, sem flokkarnir fá í gegnum þessa aðstoð. Dagblað kostar núna yfir 2000 kr. á ári. Okkar litla vikublað kostar 600 kr. á ári. Það eru jafnmörg eintök, sem hver flokkur um sig fær keypt af sínu málgagni, Alþb. nýja fær Þjóðviljann borgaðan með á þriðja þús. kr. hygg ég á ári, hvert eintak, 300 eintök. Af litla blaðinu okkar eru borguð 300 eintök á 600 kr., svo að það er ólík fúlga, sem kemur til hins nýja Alþb., sem er hér að kvarta. Auk þess fær svo Þjóðviljinn 1000 kr. lagðar í lófann í hvert skipti, sem hann birtir útvarpsdagskrá, og afslátt af póstburðargjöldum og kannske er það eitthvað fleira; nema ég veit, að þetta er eitthvað á aðra millj. kr., sem hvert dagblað fær, ef þær eru ekki orðnar tvær. Ég held, að það sé varla fundinn siðferðilegur grundvöllur undir þessa aðstoð ríkisins, nema menn játi, að þetta sé gert til þess að jafna aðstöðuna til skoðanamyndunar, og að flokkarnir eigi þannig að ráða því, hvernig þeir verja þessu fé. Og ég hygg, að þeir telji sér flestir nauðsynlegt að gefa út málgagn til þess að túlka sínar skoðanir. Þess vegna fer þetta til blaðanna.

En það eru fleiri málgögn á Íslandi heldur en blöðin, dagblöð og vikublöð. Það er stofnun,

sem heitir Ríkisútvarp og á að vera hlutlaus stofnun. Þar fær Þjóðviljinn og dagblöðin öll birtan leiðara hvern morgun sex daga vikunnar, en minn flokkur fær það ekki, af því að hann gefur ekki út dagblað. Þar fær Magnús Kjartansson ritstjóri aðstöðu til að ausa mig og minn flokk auri hvern morgun, sem hann lystir, á ríkisins kostnað. (**MK:** Það skeður nú sjaldan.) Það skeður sjaldan, en stundum heyrir maður það þó ásamt morgunbænum sínum, að það kemur kvak frá Þjóðviljanum um mig og minn flokk og Björn Jónsson. Það er gert á ríkisins kostnað. Ég hefði getað skilið fyrirspyrjandann og hv. 6. þm. Reykv., ef þeir hefðu sagt: Okkur klígjar við því að taka við peningum og aðstöðu hjá Ríkisútvarpinu fyrir að ausa menn auri, sem ekki eiga þess kost að bera af sér sakir á sama vettvangi. Þá hefði verið kominn siðferðilegur grundvöllur undir þetta. En þeir, sem peningana taka úr ríkissjóði og vita af því, að smáupphæð er lögð til flokks, sem ætti að njóta hliðstæðra réttinda, og segjast gera það á siðferðilegum grundvelli, þeir eru að kasta grjóti sem siðleysingjar og ekkert annað.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég skal ekki vera margorður og ekki blanda mér inn í þau orðaskipti, sem orðið hafa á milli formælenda Alþb. og hins nýja flokks frjálslyndra og vinstri manna. En ég verð að segja það, að mig furðar nokkuð á því um svo glöggan mann sem hæstv. forsrh. er og stundum sanngjarn, að hann skuli kalla það jafnréttismál milli flokka, að einn flokkurinn, sem er flokkur hans sjálfs, fái aðstoð úr ríkissjóði til tveggja dagblaða, þegar aðrir fá til eins blaðs. Og þau rök, sem hann færði fyrir því, fá ekki staðizt, því að ef litið er á stærð flokkanna, þá er Sjálfstfl. ekki helmingi stærri en sérhver annar flokkur hér á landi. Því fer mjög fjarri, eða svo var það um síðustu kosningar, og líklega hefur hann nú ekki stækkað í seinni tíð. En sannleikurinn er sá, að eins og þetta mál liggur hér fyrir og fjárveitingin er orðuð í fjárlögum ársins 1970, þá er þessi fjárveiting ekki til flokka, heldur til blaða eða dagblaða, eins og það er orðað. Nú vil ég ekki halda því fram, að hæstv. fjmrh. hafi brotið ákvæði fjárlaga með því að veita einu vikublaði fyrirgreiðslu. Það fer nokkuð eftir því, hvernig orðið dagblað er skilið. En ef hann hefur haft heimild til þess að greiða þessu vikublaði, sem gefið er út í Reykjavík, fé, þá hefur hann hina sömu heimild til þess að greiða vikublöðum, sem gefin eru út annars staðar á landinu, fé, m. a. því vikublaði, sem gefið er út á vegum frjálslyndra og vinstri manna á Akureyri og sem ég veit ekki, hvort er nokkuð ómerkara blað en það vikublað, sem gefið er út á vegum flokksins hér í Reykjavík. Þessu vildi ég beina til hæstv. fjmrh. og veit líka, að honum muni ekki óljúft vera að taka það til greina, sem ég nú segi.

Að öðru leyti vil ég aðeins bæta því við, að ég get alveg tekið undir það hjá hv. 6. þm. Reykv., Magnúsi Kjartanssyni, að ef blöðum er veitt fyrirgreiðsla eða ef blöð eru keypt eða ef blöðum er greitt fyrir þjónustu, sem þau inna af hendi sem blöð, þá á ekki að fara eingöngu eftir því, hvort blaðið er gefið út af pólitískum landssamtökum eða pólitískum flokkum. Það er ekki eðlilegt. Hins vegar er það náttúrlega nokkurt vandamál, eftir hvaða reglu skuli farið. En þetta algera heyrnarleysi gagnvart þeim óskum, sem bornar hafa verið fram af hálfu blaða t. d. á Akureyri, er mér næstum óskiljanlegt.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég hef nú satt að segja heldur litla tilhneigingu til þess að taka þátt í þessum umr., en ég tel þó eftir atvikum rétt að segja örfá orð. Ég get nú ekki vitnað um forsögu þessa máls, af því að ég átti þar ekki aðild að og tók þar ekki þátt í. Hins vegar tók ég þátt í þeim fundi, sem um þetta var haldinn í vetur, þegar til umr. var nokkur hækkun á þeirri fyrirgreiðslu, sem blöðin hafa fengið. Og mér er að sjálfsögðu ljúft að taka það fram, að það er rétt, sem hæstv. forsrh. sagði, bæði um sín eigin orð og eins um orð hv. þm. Lúðvíks Jósefssonar. Hv. þm. Lúðvík Jósefsson lýsti því yfir, að það væri ekkert samkomulag af sinni hálfu, ef greiðslu ætti að haga á þessa leið, en hæstv. forsrh. lýsti því hins vegar yfir, að þessu mundi, ef ég man rétt, verða hagað á sömu lund og gert hefði verið áður. Og á þessum fundi var einnig hv. þm. Hannibal Valdimarsson. Ég leit því svo á og verð að segja, að ég gerði ráð fyrir því, að þó að þessi fjárlagaliður væri orðaður eins og hann er orðaður, greiðsla til dagblaða, þá mundi verða haldið sama hætti í þessu efni eins og að undanförnu, og það mundi verða innt af hendi nokkur greiðsla til Frjálsrar þjóðar.

Hitt var svo okkur öllum, held ég, ljóst, að skipun þessara mála var ekki alls kostar skemmtileg eða eðlileg. Þess vegna urðum við sammála um það, að þessi mál yrðu tekin upp til rækilegrar athugunar. Ég tek algerlega undir það, sem hæstv. menntmrh. sagði, að hér er vissulega um vandamál að ræða, sem er öllum fyrir beztu, að um verði rætt rólega og að það mál sé athugað rólega. Það þýðir ekkert að vera að loka augunum fyrir því, að sum dagblöðin hér hafa átt við mjög mikla fjárhagsörðugleika að etja. Þó að menn séu mismunandi sinnis um þann boðskap, sem þau flytja, þá hygg ég, að þeir séu fáir, ef þeir eru þá nokkrir, sem vilja gerast formælendur fyrir því, að þau blöð verði að hætta vegna fjárhagserfiðleika, og þess vegna er þetta vandamál, sem verður að horfast í augu við, hvernig á að veita þeim fyrirgreiðslu eða greiðslu fyrir þá þjónustu, sem þau inna af hendi, hvernig svo sem það er orðað. Ég hygg það mála sannast, að til þessa hafi verið stofnað með nokkuð óformlegum hætti og það hafi þá kannske ekki legið alveg ljóst fyrir og liggi ekki ljóst fyrir enn, a. m. k. deila menn um það, hvort þarna

sé fremur um að ræða styrk til dagblaða eða flokka. Þetta þarf að gera upp og koma því á hreint.

Ég þykist engan hafa blekkt í þessu efni, enda hef ég ekki nálægt þessu komið á annan hátt en þennan að taka þátt í þessum fundi og eiga minn þátt í því, að nefnd væri skipuð til þess að athuga framtíðina í þessum málum. Og ég veit ekki betur en sú nefnd sé að starfa, og ég vona, að það verði árangur af hennar starfi. Þetta vil ég nú segja um það.

Hins vegar hnaut ég um orðalag hjá hæstv. forsrh., ef ég hef þá heyrt það rétt, — það getur verið, að mér hafi misheyrzt, — hann sagði eitthvað á þá lund, að það hefði verið unnið að því hér á bak við, skildist mér, að athuga um fyrirgreiðslu við þingflokka. Ég veit nú ekki betur en þetta hafi verið gert fyrir sæmilega opnum tjöldum, undir forsæti hæstv. forseta, og að í þeirri nefnd hafi setið fulltrúar frá öllum þingflokkum. Mér er reyndar ekki kunnugt um annað en að í þeirri nefnd hafi verið sæmilegt samstarf. Og ég tek alveg undir það, sem hér hefur verið sagt af öðrum, — ég man nú ekki í svipinn af hverjum, — að hvernig svo sem þessum málum verður ráðið til lykta, — og ég vona, að það fáist farsæl lausn á þeim, — þá má ekki blanda því saman við spurninguna um það, hvernig á að bæta starfsháttu Alþingis og starfsskilyrði þingflokka. Þeirri spurningu verður að mínum dómi að halda alveg utan við þetta.

Ég held, að við þurfum sem sagt að halda áfram að vinna að þessu máli og athuga það. Það getur vel verið, að hægt sé að finna aðra leið en þessa, sem farin hefur verið, til einhverrar þjónustu við blöðin, og þetta mál þarf allt að athuga og skoða, og það þarf að finna nýtt form fyrir þetta, þannig að umræður sem þessar komi ekki til.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur misskilið mig, ef hann heldur, að ég hafi lagt nokkuð illt í það, að hér hafi átt sér stað umr. á bak við tjöldin. Ætlunin var að segja, að þær hefðu ekki verið hér í þingsölunum og ekki þannig, að almenningur fylgdist með þeim. Þetta hefur verið í þingkjörinni nefnd eða rétt skipaðri nefnd af þinginu, og það eru engin leyndarmál þar á ferð að því er ég hygg, en þetta er mál, sem ekki hefur verið farið að ræða í almennings eyru enn. Og ég vil láta það koma alveg ljóst fram, og þess vegna notaði ég það orð, að oft virðist það vera alveg eins merkilegt og stundum heillaríkara, sem gert er bak við tjöldin, en fyrir framan tjöld. Hitt er svo annað mál, að ég er ekki hv. þm. sammála um það, að þarna sé um gerólík mál að ræða. Ég tel þetta allt vera anga af því sama. Það getur skeð, að hægt sé að leysa það sitt í hvoru lagi, ég skal ekkert segja um það nú, en ég hef litið þannig á, að þetta mál yrði að skoðast í heild. Að öðru leyti var ég hv. 1. þm. Norðurl. v. alveg sammála í því, sem hann sagði um það efni, sem hér hefur verið deilt um. Hann staðfesti það, sem ég hafði sagt um það, og ég var hans *aths.* að öðru leyti sammála.

Það hefur verið lagt of mikið upp úr því, sem ég sagði, bæði af hv. 6. þm. Reykv. og eins af hv. 1. þm. Norðurl. e., að þetta væri eingöngu jafnréttismál á milli flokka. Ég ætla mér a. m. k. ekki að vera að segja, að þetta sé eingöngu svo. Ég hygg, að sannast og bezt væri að segja eins og hv. síðasti ræðumaður sagði, að málið er tekið upp meira og minna óformlega og þarna koma þessi tvö sjónarmið til greina, annars vegar styrkur við dagblöð, sem menn vissu, að þá voru öll pólitísk, menn vissu það ósköp vel, og jafnframt og í vitund þess, að blöðin voru pólitísk, var þarna um að ræða mál um jafnrétti eða fyrirgreiðslu á milli flokka. Það getur svo hafa mistekizt að koma þar fullu jafnræði á, það er allt annað mál, en þetta var það, sem fyrir mönnum vakti. Það eru þessi tvö sjónarmið, sem þarna er um að ræða og sem rétt er, að menn hafi í huga, og þau þurfa engan veginn að rekast á. Þess vegna getur einn litið þannig á, — og ég hygg að ég hafi á sínum tíma einhvern tíma á þingi fyrir 2—3 árum svarað fsp. á þá leið, — að það væri ekki um að ræða beinan styrk til blaða, heldur greiðslu fyrir þjónustu. Ef ég man rétt, þá er hægt að finna yfirlýsingu um það eftir mig hér, og það var efnislega og formlega rétt. En eftir að við erum komnir í þær viðbótargreiðslur, sem nú er um að ræða, og eins og þessi mál hafa þróazt og eins og málið er til orðið, þá er alveg meiningarlaust að halda því fram, að þetta sé ópólitískt mál og það sé alveg óskylt þessu að halda uppi jafnræði á milli pólitískra afla í landinu. Það hefur alltaf frá upphafi verið annar meginþáttur málsins. Að öðru leyti held ég, að það tjái ekki að vera að deila um þetta í einstökum atriðum. Málið liggur nokkuð ljóst fyrir eftir þessar umræður.

45. Framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til menntmrh. um hinar nýju framhaldsdeildir gagnfræðaskólanna [201. mál, 2] (A. 492).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég hef leyft mér hér á þskj. 492 að beina til hæstv. menntmrh. svo hljóðandi fsp.: „Hvað líður undirbúningi reglugerðar varðandi frekari námsréttindi þeirra nemenda, sem ljúka prófi úr hinum nýju framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna?“

Þegar hæstv. menntmrh. fylgdi, þann 21. okt. s. l., úr hlaði frv. til l. um breyt. á lögum nr. 41 frá 7. maí 1946 um gagnfræðanám, þ. e. frv. því, sem snertir þær framhaldsdeildir, sem um ræðir í fsp., þá komst hann m. a. svo að orði í upphafi ræðu sinnar, með leyfi hæstv. forseta: „Efni laganna er það, að með þeim er heimilt með leyfi menntmrh. að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðaprófi eða landsprófi miðskóla samkv. nánari ákvæðum, sem sett verði í reglugerð.“

Hann lét þess jafnframt getið í ræðu sinni, að þegar í haust hefðu tekið til starfa slíkar framhaldsdeildir á fjórum stöðum, í Reykjavík, á Akranesi, á Akureyri og í Neskaupstað, og við þær stunduðu nám, og munu hafa stundað nám í vetur, um 180 manns. En jafnframt stæði til að hefja kennslu í slíkum framhaldsdeildum næsta haust í Hafnarfirði, þ. e. Flensborgarskóla, í Kópavogi, á Selfossi eða í Hveragerði og án efa fleiri stöðum, þegar meiri tími hefði fengizt til undirbúnings. Nú hef ég orðið var við það hjá foreldrum þeirra nemenda, sem stundað hafa nám í þessum framhaldsdeildum, og nemendum sjálfum, að þeir eru orðnir langeygðir eftir þessari nýju reglugerð varðandi þessar framhaldsdeildir og þau réttindi, sem próf úr þeim kunna að veita í framtíðinni. Tel ég því ekki vanþörf á, að mál þetta sé upplýst hér á hinu háa Alþingi.

Menntmrh. (Gylfi Þ. Gíslason): Herra forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt, voru gefin út brbl. 27. ágúst 1969, um breyt. á lögum nr. 48 1946, um gagnfræðanám. Fólu þau í sér heimild handa menntmrn. til að leyfa að stofna til allt að tveggja ára framhaldsdeilda við gagnfræðaskóla, er taki við nemendum að loknu gagnfræðanámi eða landsprófi miðskóla. Fjórum slíkum framhaldsdeildum var komið á fót haustið 1969, á Akranesi, Akureyri, í Neskaupstað og Reykjavík. Alls hófu nám í þessum deildum 170 nemendur, en eitthvað mun hafa helzt úr lestinni, og munu 160 nemendur ganga undir vorpróf. Brbl. þessi voru lögð fyrir Alþ., er það kom saman í haust. Jafnframt var setning reglugerðar undirbúin, þannig að hægt væri að gefa hana út þegar er Alþ. hefði samþykkt lögin. Frv. til staðfestingar á brbl. var samþ. í Ed. Alþ. í gær. Lögin voru staðfest af forseta Íslands í morgun og reglugerðin þá jafnframt gefin út. Þess skal getið, að í reglugerðinni er ekki ákveðið um rétt framhaldsdeildanemenda til að setjast í Kennaraskóla Íslands og stafar þetta af því, að löggjöfin um Kennaraskóla Íslands er í endurskoðun. Á þessari stundu er þess vegna ekki fært að setja reglugerðarákvæði um tengsl framhaldsdeildanna við Kennaraskólann, en það mun verða gert eins fljótt og unnt er. En tiltölulega fáir nemendur framhaldsdeildanna, hér í Reykjavík a. m. k., munu hafa valið sér kjörsvið, sem sé miðað við áframhaldandi nám í Kennaraskólanum. Reglugerðin er stutt, og málið upplýsist bezt með því, að ég lesi hana upp, með leyfi hæstv. forseta:

Reglugerð um réttindi nemenda úr framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna til inngöngu í aðra skóla.

1. Nemendur, sem lokið hafa prófi 1. eða 2. árs í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna, skulu að öðru jöfnu hafa forgangsrétt til inngöngu í sérskóla og framhaldsskóla umfram umsækjendur með skemmra almennt undirbúningsnám.

2. Auk þeirra almennu réttinda, sem um getur í 1. gr., skulu próf frá framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna veita þann rétt til inngöngu í einstaka framhaldsskóla sem hér segir:

Tækniskóli Íslands: Lokapróf fyrra árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í síðari helming undirbúningsdeildar, enda fullnægi umsækjandi kröfum skólans um verklegan undirbúning. Sérstakar lágmarkskröfur um einkunnir: Í fyrsta lagi, meðaleinkunn í öllum greinum 5,0. Meðaleinkunn í raungreinum (tvígild): stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði 5,0. Lokapróf síðara árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í raungreinadeild. Lágmarkskröfur um einkunnir: Í fyrsta lagi, meðaleinkunn í öllum greinum 6,0; í öðru lagi, meðaleinkunn í raungreinum 6,0, í þriðja lagi, einkunn í einstökum raungreinum 3,0.

Iðnskólar: Lokapróf fyrra árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til styttingar iðnskólanáms um fjóra mánuði, enda hafi viðtökuskóli að dómi menntmrn. tök á að skipuleggja kennslu í sérgreinum og faggreinum í samræmi við slíka styttingu námstímans. Lágmarkskröfur um einkunnir engar. Lokapróf síðara árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til styttingar iðnskólanáms um átta mánuði með sömu skilyrðum og greinir hér að framan.

Vélskóli Íslands: Lokapróf fyrra árs á tæknikjörsviði veitir rétt til inngöngu í 1. bekk (2. stigs) skólans án inntökuprófs, enda fullnægi umsækjandinn kröfum skólans um verklega þjálfun. Lágmarkskröfur um einkunnir engar. Lokapróf síðara árs veitir ekki réttindi umfram þau próf, sem lokapróf fyrra árs veitir.

Bændaskólinn á Hvanneyri: Lokapróf síðara árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til inngöngu í framhaldsdeild skólans að loknu búfræðiprófi með tilskilinni lágmarkseinkunn. Lágmarkskröfur um einkunnir: Meðaleinkunn í öllum greinum 6,0.

Garðyrkjuskóli ríkisins að Reykjum í Ölfusi: Lokapróf fyrra árs, án tillits til kjörsviðs, veitir rétt til að hefja nám á öðru námsári skólans, enda fullnægi umsækjandi kröfum skólans um verklega þjálfun. Lágmarkskröfur um einkunnir eru engar. Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi til styttingar námstímans umfram þau, sem lokapróf fyrra árs veitir.

Hjúkrunarskóli Íslands: Próf á hjúkrunarkjörsviði veitir forgangsrétt til inngöngu í skólann umfram umsækjendur með annað jafnlangt undirbúningsnám. Lágmarkskröfur um einkunnir engar.

Menntaskólar: Lokapróf fyrra árs, án sérstakra lágmarkseinkunna, veitir rétt til að hefja nám í menntaskóla á fyrsta námsári, en sé um að ræða að hefja nám á öðru námsári í menntaskóla, skal eftirtöldum skilyrðum fullnægt: a) Að skólastjóri eða námsráðgjafi mæli sérstaklega með umsækjanda til menntaskólanáms, og séu meðmælin send beint til viðtökuskóla. b) Að umsækjandi standist próf við inntökuskólann í þeim greinum, sem kenndar eru á fyrsta námsári hans, en ekki í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna. c) Að umsækjandinn afli sér viðbótarkennslu í þeim greinum, þar sem viðtökuskóli telur að námsefni framhaldsdeilda gagnfræðaskólanna nægi ekki til undirbúnings undir áframhaldandi nám í menntaskóla, og skal umsækjandinn í þeim tilgangi eiga aðgang að haustnámskeiðum þeim, sem haldin eru við menntaskólana, með sömu kjörum og reglulegir nemendur menntaskólanna. Heimilt er viðtökuskóla að fresta prófum þeim, sem um getur í b-lið, ef um er að ræða greinar, sem ekki teljast beinn undirbúningur undir nám á öðru námsári skólans. Lágmarkskröfur um einkunnir: Meðaleinkunn í öllum greinum 5,50, einkunn í hverri grein 4,0. Lokapróf síðara árs veitir eigi réttindi til styttingar námstímans umfram það, er lokapróf fyrra árs veitir.

3. Þegar tiltekin eru einkunnamörk, er jafnan átt við einkunn á vorprófi.

4. Ákvæðin um Garðyrkjuskólann og Bændaskólann á Hvanneyri í þessari reglugerð eru sett í samráði við landbrn.

5. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum frá 15. apríl 1970, um breyt. á lögum nr. 48 7. maí 1946, um gagnfræðanám, öðlast þegar gildi.

Með þessu vona ég, að fsp. sé svarað.

Fyrirspyrjandi (Jónas Árnason): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. svör hans. Maður hefur að sjálfsögðu enga aðstöðu til þess að ræða náið þessa reglugerð, sem hann las hér upp, og það er ekki ætlun mín að fara að tefja þennan fund með umr. frekar en gert hefur verið í dag, en ég hygg, að margt sé þarna athyglisvert á ferðinni og að eitt a. m. k. sé víst, að nemendur, sem hér eiga hlut að máli, og foreldrar þeirra muni fagna því að vita þó, hvert þau geta stefnt með þessu námi sínu. Ég endurtek síðan þakkir mínar fyrir greið svör.

46. Niðurlagningarverksmiðja ríkisins.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um niðurlagningarverksmiðju ríkisins [201. mál, 3] (A. 492).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja þannig orðaða fsp.: „Hvað líður undirbúningi þess, að niðurlagningarverksmiðja ríkisins á Siglufirði verði sett undir sérstaka stjórn með nýrri löggjöf um verksmiðjuna?"

Eins og kunnugt er, þá var til þess ætlazt í upphafi, að þessi verksmiðja yrði starfrækt sem sérstakt fyrirtæki með sérstakri stjórn, en síðan var því breytt, og stjórn þessa fyrirtækis var falin stjórn Síldarverksmiðja ríkisins. Nú er orðið um svo umsvifamikið fyrirtæki að ræða í þessum efnum, að ég hygg, að það þyki orðið sjálfsagt, að þarna verði um sérstaka stjórn og alveg sjálfstæðan rekstur að ræða, og af þessum ástæðum hef ég óskað eftir því að fá upplýsingar um málið í samræmi við þessa fsp.

Dómsmrh. (Jóhann Hafstein): Herra forseti. Í stuttu máli hef ég þetta svar við þessari fsp.: Stjórn Síldarverksmiðja ríkisins kom á minn fund um miðjan janúar s. l. Var þá allt komið í óefni um málefni niðursuðuverksmiðju ríkisins og var leitað eftir háum fjárhæðum, til þess að hægt væri að afla verksmiðjunni hráefnis til úrvinnslu á þessu ári. En fleira var að. Mikil óvissa ríkti um sölumöguleika á erlendum markaði. Enn fremur varð mér strax ljóst, að skipulag fyrirtækisins var með annarlegum hætti. Þetta var í fyrsta skipti, sem málefni þessa fyrirtækis hafði rekið á fjörur iðnrn., en samkv. hinni nýju reglugerð um Stjórnarráð Íslands, sem gefin var út um áramót, heyra niðursuða og niðurlagning sjávarafurða undir iðnrn. Fram úr vandkvæðum þessa fyrirtækis, hvað fjáröflun snertir, tókst að ráða að þessu sinni. Um þetta var síldarniðursuðuverksmiðjunni skrifað eftirfarandi af hálfu iðnrn. þann 30. jan. s. l.:

„Ríkisstj. hefur á fundi í dag ákveðið eftirfarandi:

1. Síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins verði lánuð úr ríkissjóði fjárupphæð, sem nægir til þess að festa kaup á 3000 tunnum kryddsíldar hjá síldarútvegsnefnd, sbr. bréf stjórnar síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins til nefndarinnar, dags. 20. jan. s. l., og bréf síldarútvegsnefndar til niðursuðuverksmiðjunnar, dags. 21. jan. s. l. Ráðgert er, að lánið þurfi að nema um 4 millj. kr. Lánið endurgreiðist á þessu ári.

2. Ríkisstj. mun láta semja frv. til nýrra laga um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins, sem hafi þann tilgang að skapa fyrirtækinu viðunandi fjárhagsgrundvöll miðað við hagkvæman

rekstur. Ráðgert er að leggja slíkt frv. fyrir Alþ., sem nú situr.

3. Ákvörðun um niðurlagningu síldar úr umræddum 3000 tunnum bíði þessara aðgerða eða a. m. k. þar til endanlega fæst úr því skorið, hvert gæti orðið söluverð á afurðum verksmiðjunnar til Sovétríkjanna eða á aðra erlenda markaði. Þetta tilkynnist yður hér með."

Jafnframt var síldarútvegsnefnd ritað svo hljóðandi bréf:

„Ráðuneytið hefur í dag ritað síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins bréf það, sem hér með fylgir í ljósriti, með ákvörðun ríkisstj. í dag um 4 millj. kr. lán til kaupa á 3000 tunnum kryddsíldar, sem staðið hafa til boða hjá síldarútvegsnefnd. Hefur ríkisstj. viljað tryggja, að umrætt magn kryddsíldar gæti orðið hagnýtt til vinnslu innanlands."

Síðar lánaðist að semja um hækkað verð á meginhluta framleiðslu verksmiðjunnar við fulltrúa Sovétríkjanna. Iðnrh. fól ráðuneytisstjóra sínum, Árna Snævarr, Herði Sigurgestssyni, rekstrarhagfræðingi í fjmrn., og Hirti Torfasyni hrl. þann 17. febr. að undirbúa nýja löggjöf um fjárhagslega uppbyggingu síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði miðað við það, að hún verði rekin sem sjálfstætt fyrirtæki á hagkvæmum grundvelli. Unnið hefur verið að þessu verkefni af framangreindum aðilum, sem haft hafa samráð við stjórnendur fyrirtækisins. Ráðh. hefur rætt málið við bæjarstjóra Siglufjarðarkaupstaðar, Stefán Friðbjarnarson, varðandi þýðingu fyrirtækisins fyrir atvinnulíf á Siglufirði. Enn fremur hefur það verið áform ráðh., þegar lengra væri komið tillögugerð um fjárhagslega uppbyggingu fyrirtækisins og samningu frv. til nýrra laga á grundvelli þeirra, að kalla til bæði formann stjórnar Síldarverksmiðja ríkisins, Svein Benediktsson, og bæjarstjórann á Siglufirði, áður en málið yrði lagt fyrir ríkisstj. til endanlegrar ákvörðunar.

Ráðgert hafði verið samkvæmt bréfi iðnrn., sem áður er til vitnað, að hægt yrði að leggja frv. til nýrra laga fyrir Alþ. það, er nú situr. Það hefur ekki reynzt fært, fyrst og fremst vegna þess, að fljótt kom í ljós, að öllu máli skipti að ganga vandlega frá hinni fjárhagslegu uppbyggingu, áður en ný lög yrðu samþ. eða frv. að þeim samið, en lögin, sem nú gilda um þetta fyrirtæki, eru því miður næsta fábrotin. Ákvörðun ríkisstj. um endurskipulagningu fyrirtækisins, eins og að framan greinir, verður að sjálfsögðu framfylgt, og frv. til nýrra laga um síldarniðursuðuverksmiðju ríkisins á Siglufirði verður lagt fyrir Alþ. strax og það kemur saman að nýju næsta haust.

Samkvæmt þessu hefur megináherzla verið lögð á hina fjárhagslegu uppbyggingu, áður en endanlega verði gengið frá frv., en dráttur frá því, sem ráðgert hafði verið, að hægt yrði að leggja frv. fyrir þetta þing, hefur engin áhrif á rekstur fyrirtækisins, sem nú vinnur af fullum krafti úr því hráefni, sem tókst að tryggja því með framangreindum ráðstöfunum.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir gefnar upplýsingar um málið. Ég mun ekki fara að ræða málið hér eða lýsa mínum skoðunum í sambandi við það, til þess er ekki tími nú, en væntanlega gefst tími og tækifæri til þess, þegar frv. verður lagt hér fyrir þingið um nýja skipan í sambandi við rekstur þessa fyrirtækis.

47. Nefndir.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:

Fsp. til ríkisstj. um nefndir skipaðar af ráðherrum og kosnar af Alþingi [201. mál, 1] (A. 492).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Það er út af þingsköpum. Mér virðist vera ákaflega hæpið, að þessi fsp. fái staðizt samkv. 31. gr. þingskapanna. Með leyfi hæstv. forseta er upphaf þeirra þannig:

„Nú vill alþm. beiðast skýrslu ráðherra, óskar upplýsinga eða svars um einstök atriði eða mál, og gerir hann það með fsp. í sameinuðu Alþ., er afhent sé forseta. Fsp. skulu vera skýrar, um afmörkuð atriði og mál, og sé við það miðað, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli." Síðar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Eigi síðar en viku eftir að fyrirspurnalista er útbýtt, skal forseti síðan taka á dagskrá þingsins í upphafi fundar sérstakan lið, er nefnist fyrirspurnir. Ráðherra sá eða ráðherrar, er hlut eiga að máli, svara þá fsp. þeirri eða fyrirspurnum, sem leyfðar hafa verið," o. s. frv.

Nú sjáum við, ef við lesum þessa fsp., að það er ákaflega margþætt efni, sem þar er um fjallað, og engan veginn samfellt né heldur unnt að svara því í stuttu máli og heldur ekki að undirbúa svörin svo skjótlega, að nokkur von sé, að fullnægjandi svör geti orðið til eftir viku. Enn fremur er hér um að ræða atriði, sem frekar hljóta að beinast að þinginu heldur en að ráðherrum. Upphaf fsp. er svona: „Hvaða nefndir eða ráð eru skipuð af ráðherrum og kosin af Alþingi?"

Í sjálfu sér er það út í hött, að þm. sé að spyrja ráðh. að því, hvaða nefndir og ráð séu kosin af Alþ. Það er auðvelt að fá upplýsingar um það, að svo miklu leyti sem upplýsingar eru til um það, annaðhvort hjá forsetum þingsins eða öllu heldur á skrifstofu Alþingis, og mundi þess vegna að mínu áliti vera í eðli sínu fráleitt, að það sé verið að beina fsp. til ráðh. um störf Alþ., og hvað sé lagt fyrir Alþ. að gera með lögum eða Alþ. hafi tekið í sínar hendur.

Það er auðvitað mjög viðtækt efni, að safna upplýsingum um það, sem segir í 2. tölul., hvert

sé verkefni þessara nefnda. Tína verður saman úr löggjöf, úr fundarsamþykktum, úr margvíslegum stjórnarbréfum, upplýsingar um þessi störf, og það er ekki hægt að gefa slíkt í stuttu máli, heldur mundi það nálgast bækling eða bók, ef til hlítar ætti að vera og eitthvað að græða á svörunum. Svipað er varðandi kostnað við nefndastörf. Ríkisstj. eða ráðh. hafa það ekki í hendi sér að svara því undirbúningslaust eða undirbúningslítið. Það eru stofnanir víðs vegar um land, sem stjórnað er af nefndum, sem sumar eru kosnar af Alþ., en aðrar skipaðar af ríkisstj., og þarf þá að leita til allra þessara aðila um upplýsingar til þess að geta safnað þessum gögnum.

Nú fer því fjarri, að ég amist við því, að þessara gagna sé aflað, og ef talið verður heimilt að bera þessa fsp. upp, þá mun ég ekki greiða atkv. á móti henni, af því að ég tel, að engin launung eigi að liggja á þessu máli. Ég tel einungis, að málið sé tekið upp í röngu formi. Í stað þess eigi annaðhvort að skora á ríkisstj. að leggja þessi gögn fyrir Alþ. að athuguðu máli eða á þingið, að það sjálft skipi nefnd til þess að kanna þetta mjög viðamikla mál, sem hér liggur fyrir. Það er sá rétti háttur, sem á þessu á að hafa. Hitt er vonlaust, að ætla, að hægt sé á 5—6 dögum eða 4—5 vinnudögum af hálfu ríkisstj. að afla allra þeirra gagna, sem hér er þörf á. Ja, menn segja: Það sýnir, að þörf er á að upplýsa málið. Ef menn meta það svo, þá á að gera það með þeim hætti, sem að gagni getur komið, en ekki með slíkri fsp. sem hér um ræðir. Ef það verður hins vegar metið, að þetta sé í þinghæfu formi, þá er alveg ljóst, að það má ekki búast við, að hægt sé að svara á næsta miðvikudegi þessu mjög umfangsmikla máli, sem hér er tekið upp í þinginu. Mig minnir, að hér áður fyrr, meðan allir stjórnarhættir voru miklu einfaldari, fyrir 30—40 árum, þá hafi verið gefin út um þetta heil bók einu sinni, ekki svo viðalítil. Það kann þó að vera, að mig misminni um það, en víst er, að ef þessi gögn eiga öll að liggja fyrir, þannig að á því sé eitthvað að byggja, — því að hér er um að ræða lýsingu á okkar stjórnkerfi að verulegu leyti, — þá verður það ekki gert í stuttu máli.

Ég endurtek, að ég er ekki að amast við því, að menn afli þessara gagna, ég segi einungis: Þetta er form, sem ég tel, að sé mjög hæpið samkv. þingsköpum og þess vegna þurfi að athuga það nánar. Nú er mér það ljóst og varð ljóst, þegar lesnar voru upp fjarvistir, að fyrirspyrjandi er ekki viðstaddur. Mér fyndist þess vegna langeðlilegast, að hann athugaði það milli funda, hvort hægt væri að koma þessu í það form, að ekki yrði neinn ágreiningur um það, og tel þess vegna eðlilegast, ef forseti vill, að þessum lið yrði frestað. En ég varð að gera grein fyrir því nú, af hverju ég fer fram á, að það sé gert og það sé athugað, eins og ég segi, hvort hér sé um viðhlítandi form að ræða. Það er ekki af því, að ég sé að skorast undan, að ríkisstj. svari því, sem henni er skylt að svara. En það verður að bera málin fram í þinglegu formi, og ég tel það hæpið, að það sé gert hér.

Ég vek einnig athygli á því, sem að vísu er ekkert sérstakt með þessa fsp., því að það er hið sama um eina fsp. aðra hér í þessu plaggi, að fsp. er beint til ríkisstj. Í þingsköpum segir, að fsp. eigi að beina til ráðh. Nú eru auðvitað ráðh. í ríkisstj., en ætlunin er sú, að þm. eigi sjálfir að beina máli sínu til ákveðins ráðh., eins eða fleiri. En þegar spurt er til ríkisstj., þá er það vitni þess, að menn gera sér ljóst, að málið heyrir ekki undir einungis einn ráðh. heldur einhverja fleiri, sem þeir hafa þá ekki lagt sig eftir eða kynnt sér, hverjir séu. Enda er það ljóst í þessu tilfelli, að það er erfitt að segja, undir hvern málið heyrir. En það er vegna þess, hversu málið er ákaflega víðtækt.

Ég mundi, eins og ég segi, telja eðlilegt, að fyrirspyrjandi athugaði þetta mál sjálfur nánar. Síðan mundi ég óska eftir því, að forseti kvæði á um það, hvort þetta er löglegt form. En ég segi: ef það verður metið löglegt form, og það er ekki mitt að kveða á um það, þá hef ég ekki á móti því, að fsp. sé samþ. hér, af því að ég vil ekki, að það sé lögð launung á þetta mál eða það komi þannig út, heldur einungis er það formið, sem fyrir mér vakir, og að málið sé nálgazt þannig, að það sé von á raunhæfum upplýsingum, en ekki einungis einhverjum skollaleik.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er nú rétt, eins og hæstv. forsrh. vakti athygli á, að fyrirspyrjandi er ekki viðstaddur, og ef hæstv. forseta þykir einhver vafi leika á í þessu efni, þá tel ég eðlilegt, að ákvörðun um það verði frestað, þangað til fyrirspyrjandi er við. Ég get þó ekki fallizt á það sjónarmið, sem hæstv. forsrh. setti fram. Ég er nú að vísu ekki með í höndunum þetta þingskapaákvæði, sem hann vitnaði til. Ég veit það að vísu, að fsp. eiga að vera um einstök atriði og þannig úr garði gerðar, að þeim megi svara í stuttu máli. En það er nú svo, að þegar á þetta er litið, þá má ekki einungis líta á bókstafinn, heldur verður að hyggja að því, hver framkvæmdin hefur verið, og ég er ákaflega hræddur um það, að þessu ákvæði hafi ekki alltaf verið fylgt bókstaflega hér á Alþ. Ég er mjög hræddur um það, að fsp. hafi stundum verið þannig úr garði gerðar, að það hefði verið erfitt að koma þeim undir þetta ákvæði í strangasta skilningi, enda er það öllum þm. kunnugt, að það hefur farið æðimikill tími, bæði á þessu þingi og á undanförnum þingum, í að ræða fsp. Að vísu hafa ráðh. ekki gefið út bækur um fsp., svo að mér sé kunnugt um, en þær hafa verið nokkuð langar grg., sem hæstv. ráðh. hafa stundum komið með til svars á fsp.

En ég get nú ekki fallizt á það, að í þessari fsp. sé ekki spurt um einstök atriði. Ég tel einmitt, að þarna sé spurt um alveg glöggt afmörkuð atriði. Það eina, sem mér sýnist að mætti kannske finna þessari fsp. til foráttu, er það, að í fyrstu línu hennar er spurt um það,

hvaða nefndir séu kosnar af Alþ. Ég get alveg fallizt á það, að óþarfi sé að spyrja um það, af því að það eigi að vera þm. tiltækt. En í annan stað er spurt um það, hvaða nefndir eða ráð séu skipuð af ráðh. Það er ekki verið að spyrja um allar nefndir eða ráð hér á landi. Það er bara verið að spyrja um nefndir og ráð, sem skipuð eru af ráðh. *Mér er það lítt skiljanlegt,* ef það eru ekki fyrir hendi í hverju rn. fyrir sig glöggar og tiltækar upplýsingar um það, hvaða nefndir og ráð hafa verið skipuð af því rn. Ég fæ bara ekki skilið, að rn. hvert um sig hafi ekki yfirlit um það efni, og ég verð að segja, að ef svo er ekki, þá er vissulega pottur brotinn í þessu efni. Slíkt fær náttúrlega varla staðizt, að þessi mál séu í því ástandi, að ráðh. og rn. hafi ekki glöggt yfirlit yfir það, hvert einstakt rn., hvaða nefndir eða ráð eru skipuð af þeim sjálfum og starfa undir yfirumsjón þess rn. Og þetta eru alveg ákveðin atriði.

Það eru, eins og hæstv. forsrh. vék að, ekki ýkja mörg ár síðan gefin var út bók, Ríkishandbók Íslands, þar sem er nú að finna svona tiltölulega góðar upplýsingar um þetta efni. Og ég býst við, að það ætti ekki að vera óvinnandi vegur að fara yfir þau ár, sem síðan eru liðin, og bæta því við, sem bætzt hefur við af nefndum á þessum tíma. Það er enn fremur óskað upplýsinga um það, hverjar nefndir eru fastanefndir. Ég skal ekki segja um það, hvort það er svo auðveld skilgreining á því, hverjar eru fastar nefndir og hverjar ekki. Það yrði þá væntanlega að koma fram í svari. Það getur vel verið, að það sé ekki alveg hægt að segja til um það með vissu, hvaða nefndir eigi að flokkast undir það að teljast fastanefndir.

Þá er spurt, hversu fjölmennar nefndirnar séu. Ég skildi fsp. svo, að spurt væri um tölu manna í þessum nefndum og það er einföld samlagning. Það er ekki verið að spyrja um það, hvaða menn séu í þessum nefndum. Það er ekki meiningin, að það sé farið að telja hér upp neina nafnarunu eða svo skil ég það. En náttúrlega er fyrirspyrjandi færari um að útskýra fsp. heldur en ég.

Svo er spurt, hvert sé verkefni þeirra. Ja, ég verð nú að segja, að mér finnst það dálitið hjákátlegt, ef nefndir eru skipaðar af ráðh., án þess að það liggi nokkuð ljóst fyrir hjá þeim hæstv. ráðh., sem nefndirnar skipa, hvert á að vera verkefni þeirra. Ég held, að það hljóti að vera mjög auðvelt að svara þessu atriði.

Hver er þóknun nefndarmanna og annar kostnaður við nefndastörfin? Ég held, að það hljóti að vera ákaflega greiður aðgangur að upplýsingum um þetta í ríkisbókhaldi, sem ég veit, að er mjög vel úr garði gert. Og reyndar veit ég ekki betur en þeim starfsháttum sé fylgt í rn., að allar útborganir séu áskrifaðar í hverju rn. fyrir sig. Þess vegna á það að vera alveg bókfært hjá hverju rn., hvað greitt er út undir þeim liðum, sem undir það rn. heyra.

Án þess að ég ætli að fara að hefja deilur um það, hvort þessi fsp. sé leyfð eða ekki, þá verð ég sem sagt að láta í ljós, að ég er nú hálfhissa á þeim aths., sem hæstv. forsrh. gerði af þessu tilefni. Nú skildi ég hann ekki svo, að hann væri að mótmæla fsp., heldur vildi aðeins, að þetta væri hugleitt og skaut því til forseta. Hann fann að því eða benti á það, hæstv. forsrh., að þessari fsp. væri beint til ríkisstj. en ekki einstaks ráðh. Nú er það reyndar alls ekki ótítt, að ég held, að sá háttur sé hafður á hér, að fsp. sé beint til ríkisstj., en ekki einstakra ráðh. Síðan eru það svo einstakir ráðh., sem svara. Sannleikurinn er sá, að a. m. k. í hinu eldra lagamáli er æðioft talað um ríkisstj., þó að ljóslega sé átt við einstaka ráðh. En hvað um það. Það er a. m. k. öruggt og má skilja það þannig, að þegar fsp. er beint til ríkisstj., sem varðar meira en eitt rn., þá er það hæstv. forsrh., sem á að svara, af því að hann fer með málefni, sem varða ríkisstj. í heild. Þess vegna mundi ég telja það eðlilegt, að hæstv. forsrh. safnaði saman upplýsingum um þetta efni frá hinum einstöku rn. og hann gæfi skýrsluna um þetta. Ég get sem sagt alls ekki skilið, og ég held, að það hljóti að vera of mikið gert úr því hjá hæstv. forsrh., að þetta sé svo viðamikið verk að ná þessum upplýsingum saman, það geti bara ekki verið. En þetta finnst mér hins vegar vera þess eðlis, að það sé alls ekkert óeðlilegt, að þm. óski eftir að fá skil á þessu efni.

Hæstv. forsrh. stakk hálfpartinn upp á því, að það væri skipuð ein nefnd til viðbótar til þess að kanna þetta verkefni. Ekki skal ég hafa á móti því, en ég á sem sagt bágt með að trúa því, að þetta sé nú svo erfitt verkefni. Mér liggur næstum því við að halda, að hæstv. forsrh. hafi lesið eitthvað annað út úr fsp. en ég hef lesið út úr henni. Eftir því sem ég les hana og skil, þá sýnist mér þetta vera bara afar einföld fsp. og sízt viðameiri en fjöldamargar fsp., sem hér hafa verið bornar fram og svarað. En ég viðurkenni, að það hefur verið farið of langt í þessu efni, og ég viðurkenni, að það er orðin, ég vil segja, nokkur misnotkun á fyrirspurnaréttinum. Ég viðurkenni það. En ég viðurkenni það alls ekki, að þessi fsp. fari nokkuð lengra en mjög er venjulegt hér á Alþingi.

En sem sagt, ef hæstv. forseti er í vafa um þetta efni, þá fellst ég að sjálfsögðu á það, og mér þykir ekkert óeðlilegt, að þetta sé látið bíða, þangað til fyrirspyrjandi er viðstaddur.

Forseti (BF): Út af þessum umr. um þingsköp vill forseti taka fram, að það er að sjálfsögðu rétt, svo sem fram hefur komið í máli hæstv. forsrh., að fsp. skulu vera skýrar og um afmörkuð efni og mál, og við það miðaðar, að hægt sé að svara þeim í stuttu máli, sbr. 31. gr. þingskapa. Allir hv. þm. viðurkenna sjálfsagt, að oft hefur orðið misbrestur á þessu. Forseti vill aðeins í því sambandi taka fram, að um það er ekki við aðra að sakast en hv. Alþ. sjálft. Það er Alþ., sem tekur ákvörðun um, hvort fsp. skuli leyfðar samkv. því, sem segir síðar í tilvitnaðri grein þingskapa.

Vegna þeirra umr., sem hafa orðið um þessa ákveðnu fsp., hefur forseti fyrir sitt leyti ekkert á móti því að fresta að bera hana undir atkv. þingsins, og athuga í millitíðinni, hvort fyrirspyrjandi vill eitthvað breyta henni eða afmarka hana nánar, þannig að hún fullnægi betur ákvæðum 31. gr. þingskapa um það, hvernig fsp. skuli vera. En forseti ítrekar, að það er þingið sjálft, sem á að skera úr því umræðulaust, eins og segir í sömu grein, hvort fsp. skuli leyfðar eða ekki.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég get verið mjög stuttorður. Ég hygg, að það sé engan veginn eins mikill ágreiningur milli mín og hv. 1. þm. Norðurl. v. eins og hann vildi vera láta, vegna þess að hann viðurkenndi einmitt strax í upphafi ræðu sinnar, að sér fyndist það nokkuð öndvert, að það væri verið að beina til ráðh. fsp. út af gerðum Alþingis. Og ég segi það eins og er, að mér hefði aldrei komið til hugar að gera nokkra aths. við þessa fsp., ef hún hefði einungis fjallað um þær nefndir, sem ráðh. hafa skipað. Ég tel þvert á móti eðlilegt, að fsp. um slíkt efni sé beint til ráðh., og þingið á rétt á því að fá að vita um það. Hitt tel ég alveg út í hött, að Alþ. sé að beina fsp. til ráðh. um það, sem Alþ. hefur sjálft ýmist lögfest eða sett ákvæði um með öðrum hætti. Og aðaluppistaðan í þeirri vinnu, sem hér liggur fyrir, hlýtur að verða að safna gögnum um það efni, sem ég veit, að hv. þm. hefur auðvitað mjög á fingrum sér, vegna þess að hann er fræðimaður í þeim efnum, stjórnarfarsrétti. Þetta er verulegur hluti af stjórnarfarsrétti landsins, sem hér er verið að óska eftir, að stjórnin geri skýrslu um. Slíkt hið sama er hægt að gera um ótalmörg efni, sem liggja fyrir og engin launung er á, og segja: Stjórnin á að gefa skýrslur um þau. En það er bara miklu meira mál og flóknara heldur en hægt sé að sinna með þessum hætti. Við erum sammála, hygg ég, um það, að varðandi fsp. um aðgerðir ríkisstj. og ráðh. sé eðlilegt, að þeim sé til þeirra beint, en það er ekki eðlilegt að beina fsp. til ráðh. um aðgerðir Alþingis og allra sízt, þegar um flóknar og margþættar aðgerðir er að ræða, eins og hér um ræðir og er að tefla. Það er vegna þessa, sem ég hreyfði þessu máli. Ég hygg, að það sé rétt, að svipað þessu hefur stundum komið fyrir áður. Þó er það undantekning, að ráðh. er spurður um það, sem í raun og veru heyrir undir Alþingi og forseta Alþingis eða aðgerðir Alþingis eins og á sínum tíma var spurt um lóðaúthlutun á Þingvöllum. Formlega er það svo, að Þingvellir heyra undir forsrh., en efnislega er það þannig, eins og menn vita, að það er Þingvallanefnd, kjörin nefnd, sem um þá fjallar. Þess vegna var hæpið að beina þessu til forsrh. Látum það vera. Það var þó annars eðlis, en hér er verið að fara fram á í fsp.-formi, að ríkisstj. taki að sér að safna vissum viðtækum, fræðilegum upplýsingum um störf Alþingis og svari þeim. Ég tel, að slíkt sé með öllu fráleitt. Og út af því, sem hæstv. forseti sagði og raunar hv. andmælandi minn viðurkenndi einnig, að fsp. hafi stundum farið nokkuð úrskeiðis, og ég hygg, að ekki verði um það deilt, að þessi fsp. varðandi störf Alþingis fer úrskeiðis, þá er það í raun og veru nokkurs annars eðlis en samþykkt Alþingis á fsp. Ég skil það þannig, að það sé pólitísk ákvörðun um það, að Alþ. geti neitað fsp., sem hafa verið lagðar fram, vegna þess að verið sé að ræða um svo viðkvæm mál, að menn telji, að þau eigi að liggja í þagnargildi. Það geta verið utanríkismál, það geta verið einkamál manna o. s. frv., o. s. frv. Hér er um hitt að ræða, hvort fylgt er því, sem eðli sínu samkv. og lögum samkv. getur orðið meðhöndlað af þinginu í fsp.-formi. Það er þetta, sem fyrir mér vakir, og það er ekki, eins og ég segi, vegna þess að ég sé á móti því, að þessi gögn séu lögð fram og þeirra sé aflað. En það er ekki hægt að ætlast til þess, að ríkisstj. taki sig fram um, nema þá með ærnu starfsliði og tíma, að semja þann kafla úr stjórnarfarsrétti, sem hér er farið fram á, að lesinn verði upp úr þessum stól eftir vikutíma.

Fjmrh. (Magnús Jónsson): Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessar umr. mikið, enda má segja, að það sé óeðlilegt að efna til umr. um atriði eins og þetta, þó að að vissu leyti hafi hér gefizt tilefni til þess. En án þess að ég viti nú nákvæmlega, hver ætlunin er að svari þessari fsp., þá geri ég samt ráð fyrir því, að það mundi að lokum verða hlutverk fjmrn. að afla þessara upplýsinga, sem hér er farið fram á um starfandi nefndir. Og ég vil þá taka það fram, þannig að það liggi fyrir, áður en þessi fsp. verður samþ., að því verður ekki svarað á þessu þingi, því að það er ekki hægt. Þó að mönnum kunni að finnast það undarlegt, þá er það nú samt svo, að það er mjög mikið vafamál, hvað er nefnd og hvað er ekki nefnd, og það eitt út af fyrir sig kostar mikla rannsókn. Þegar ráðh. felur tilteknum mönnum að vinna að ákveðnum störfum, þá er það mikið álitamál, hvort á að kalla það nefnd. Það er í stórum stíl, sem vissum mönnum er falið að undirbúa mál og vinna að tilteknum verkefnum, og það er mikið álitamál, hvort það er nefnd eða ekki.

Ég vil aðeins upplýsa það hér, að um þetta munu hafa farið fram sérstakar viðræður milli yfirskoðunarmanna ríkisreikninga, sem hafa beðið um viðtækar upplýsingar um þetta mál, og fjmrn., og ég er alveg sammála því, að æskilegt væri að gera um þetta tæmandi skrá, eins og yfirskoðunarmenn hafa fyrir sitt leyti óskað eftir. Þetta verður að sjálfsögðu gert, en það verður að eiga sér aðdraganda. Það er ekki til sundurliðað yfirlit yfir það, hvað skipað er innan rn. af trúnaðarmönnum, sem mætti kallast nefndir. Það er auðvitað til yfirlit yfir allar fastanefndir, sem starfa samkvæmt lögum, og annað þess konar, það er auðvitað ekkert efamál, en það er spurt um fleira en það. Það er spurt um, hvað af því séu fastanefndir, og þar

af leiðandi verður að líta svo á, að fsp. eigi við allar nefndir, en ég hygg, að ég megi segja, að samkomulag sé um það milli rn. og yfirskoðunarmanna, að þetta þurfi verulegan aðdraganda, og þurfi að skipuleggja alveg sérstaka upplýsingaþjónustu rn., til þess að hægt sé að gefa tæmandi upplýsingar um þetta mál.

Ég taldi aðeins rétt, áður en ákvörðun yrði tekin um þessa fsp., að láta þetta koma fram, og jafnframt það, að eins og ég sagði, þá hefur orðið um það fullt samkomulag milli rn. og yfirskoðunarmanna, að mjög tæmandi skýrsla verði tekin saman um þetta mál nú á þessu ári.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Ég skal ekki tefja þessar umr. Ég kom hérna upp til þess að láta í ljós mína stórkostlegu undrun yfir yfirlýsingu fjmrh., vegna þess að mér fannst hún engan veginn þingleg, þar sem hann lýsir því yfir, að ef Alþ. samþykkti þetta, þá mundi þessu alls ekki verða svarað á þessu þingi. Það verður auðvitað að ráðast – (Gripið fram í.) Væri ekki hægt, já. Ég bara efast um það, að hæstv. fjmrh. sé þess umkominn að segja til um það, hvort það sé hægt eða ekki, og ég vil taka gildari orð hæstv. forsrh. fyrir því, enda álít ég, að þetta heyri frekar undir hæstv. forsrh. en hæstv. fjmrh. Það getur verið alveg rétt hjá hæstv. fjmrh., að í einstaka tilfelli getur verið erfitt að segja til um það, hvort um nefnd er að ræða eða ekki, en ekki hélt ég, að það væri svo óskaplegt vandaverk.

Almenna skilgreiningin er nú, að nefnd sé og verði að vera fjölskipað stjórnvald, þannig að það verður þó aldrei nefnd, skilst mér, sem í er einn maður. Og hvort um fastanefnd sé að ræða eða ekki, þá er það eins og ég sagði áðan, það getur vissulega orkað tvímælis. Þá er bara að svara því til, – og það hefur vissulega oft komið fyrir, að fsp. hefur verið svarað á þá lund, – að það hafi ekki verið hægt að gefa alveg fullkomlega tæmandi upplýsingar um það atriði, og ekkert er við því að segja. En ég hefði satt að segja getað haldið það, að þessi fsp. hefði getað farið þannig í gegn, að þegar að því hefði komið, að henni hefði verið svarað, þá væri komið fram með þessar aths., sem hæstv. forsrh. hefur gert, að ráðh. teldi það ekki í sínum verkahring að gefa upplýsingar um þær nefndir, sem Alþ. hefði kosið, og látið það þá kyrrt liggja með þær. Hins vegar er það auðvitað mjög auðvelt að fá upplýsingar um það, hvaða nefndir Alþ. hefur kosið, og rn. þarf náttúrlega ekki nema að snúa sér til skrifstofu Alþingis og fá þar upplýsingar. Ég fellst út af fyrir sig á það hjá hæstv. forsrh., að segja má, að það sé ekki ástæða til að spyrja um það atriði, vegna þess að hver þm. á út af fyrir sig að geta farið hér á skrifstofuna og fengið upplýsingar um það.

Ég skal ekki lengja þessar umræður meira, en ég vildi bara láta í ljósi alveg sérstaka undrun yfir þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh.

Frestað að leita leyfis.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. aftur tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fyrirspyrjandi (Tómas Árnason): Herra forseti. Örfá orð um þingsköp. Því miður var ég fjarverandi, þegar nokkrar umr. fóru fram um það hér í hv. Sþ. fyrir viku síðan, hvort leyfa ætti fsp. mína á þskj. 492. Og það komu fram nokkrar aths. í þessu sambandi. Í fyrsta lagi um það, að fsp. væri ekki í samræmi við þingsköp, væri um of víðtækt efni. Ég vil leyfa mér, með leyfi hæstv. forseta, að rekja efni fsp.

Hún er í fyrsta lagi: „Hvaða nefndir eða ráð eru skipuð af ráðherrum og kosin af Alþingi? Hverjar af þessum nefndum eru fastanefndir? Hve fjölmennar eru nefndirnar? Hvert er verkefni þeirra? Hver er þóknun nefndarmanna og annar kostnaður við nefndastörfin?"

Ég er þeirrar skoðunar, að þessi fsp. fjalli um alveg afmarkað og ákveðið efni, sem eru nefndir og kostnaður við þær. Ég vil vísa til venju, sem fylgt hefur verið á Alþ. um fsp., að ákvæði þingskapa í þeim efnum hafa yfirleitt verið túlkuð frjálslega.

Í öðru lagi kom fram aths. um það, að ekki mundi vinnast tími til þess á einni viku að afla upplýsinga þeirra, sem um er spurt. Ég vil vekja athygli á því í þessu sambandi, að árið 1965 var gefin út Ríkishandbók Íslands, að vísu ekki af ríkinu, heldur af einstaklingum. Í þeirri bók er skrá yfir nefndir, og það ætti að vera tiltölulega auðvelt að gera breytingar á þeirri skrá á tímabilinu frá 1965 til 1970 og mætti nota hana að stofni til. Og ég trúi því ekki að óreyndu, að upplýsingar um nefndir fáist ekki greiðlega í rn. og ríkisbókhaldinu á þessum tíma.

Í þriðja lagi kom fram aths. um það, að fsp. væri beint til ríkisstj. Hér mun ekki vera um fordæmi að ræða. Það vill svo til, að nefndir heyra undir alla ráðh. meira og minna, og þess vegna álít ég eðlilegt að beina þessari fsp. til ríkisstj. Hvort einstakir ráðherrar svara fsp. hver fyrir sig eða hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstj., það er náttúrlega þeirra mál. Að lokum kom fram aths. um það, að finna mætti fsp. það til foráttu, að spurt er um það, hvaða nefndir séu kosnar af Alþ. Þess er að gæta, að í fsp. er einnig spurt um kostnað við nefndastörf og þóknun nefndarmanna. Yfirleitt er svo kveðið á í lögum, að ráðherra ákveði þóknun nefndarmanna og samþykki kostnað við nefndastörf, a. m. k. í framkvæmdinni. Þegar af þeirri ástæðu álít ég eðlilegt að beina fsp. til hæstv. ríkisstj.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ætlan mín var sú að vekja athygli á því, að þessi fsp. er ekki í samræmi við þingsköp. Því hefur ekki verið hnekkt. Hv. fyrirspyrjandi vill ekki hlíta mínum ráðleggingum að taka fsp. til baka, og ég mun þá, og stjórnin, fylgja ráðum hv. 1. þm. Norðurl. v., Ólafs Jóhannessonar, og hafa þann hátt á svörum við þessari fsp., sem hann lagði hér til síðast.

Forseti (BF): Forseti vill leyfa sér að vekja athygli þingheims á því, að það ber að greiða atkv. án umr. um það, hvort fsp. skuli leyfðar. Vil ég mælast til þess við hv. þm., að þeir eyði ekki tíma þingsins í umr. um þetta mál miklu lengur.

Ólafur Jóhannesson: Herra forseti. Það er mér sérstök ánægja, ef hæstv. ríkisstj. ætlar framvegis að taka upp þá stefnu að fara að ráðleggingum mínum. En viðvíkjandi þessari sérstöku ráðleggingu þá vil ég aðeins segja það, að ég gat þess síðast, að fyrirspyrjandi væri ekki viðstaddur og hann mundi að sjálfsögðu skýra fsp. betur en ég gat gert, því að ég hefði aðeins lesið hana lauslega yfir. Ég hafði þá ekki gert mér grein fyrir þessu atriði, sem hann bendir réttilega á, að hann spyr um kostnað við þessar þingkjörnu nefndir, og það er atriði, sem að mínu viti er algerlega eðlilegt að beina til ríkisstj.

ATKVGR.
Fsp. leyfð með 33:3 atkv.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. tekin til umr.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Mér skilst, að það sé nú betra að vera stuttorður, ef eitthvað á að komast áfram með dagskrána, og skal því ekki eyða dýrmætum tíma Alþingis í framsögu fyrir þessari fsp., en flm. hennar er ekki á þingi núna, eins og menn vita. Fsp. er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta: „Hvaða nefndir eða ráð eru skipuð af ráðherrum og kosin af Alþingi? Hverjar af þessum nefndum eru fastanefndir? Enn fremur óskast upplýst: 1. Hve fjölmennar eru nefndirnar? 2. Hvert er verkefni þeirra? 3. Hver er þóknun nefndarmanna og annar kostnaður við nefndastörfin?"

Ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja þessu úr hlaði með neinni ræðu, og læt þetta duga.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Ég benti á það, þegar það var til ákvörðunar í hinu háa Alþingi, hvort þessa fsp. skyldi leyfa, að á því væru nokkrir annmarkar samkvæmt ákvæðum þingskapa og raunar erfitt að svara henni, a. m. k. í fljótu bragði, svo að viðhlítandi væri, enda væri málið svo umfangsmikið, að það tilheyrði raunar frekar stjórnarfarsrétti heldur en skýringum eða svari við fsp. að veita full svör. Hv. fyrirspyrjandi taldi ekki ástæðu til að verða við bendingum um að breyta fsp., og var hún þá leyfð, vegna þess að engin ástæða er til launungar á neinu af því, sem hér er spurzt fyrir um. Hins vegar verð ég vegna þess, hvernig fsp. er í eðli, að taka það fram, að ekki er hægt að svara henni nema að nokkru leyti.

Eins og fram kemur í sjálfri fsp., greinast nefndir í tvennt eftir því, hvort þær eru kosnar eða skipaðar af Alþ. eða ríkisstj., og í raun og veru eru þær nefndir, sem skipaðar eru af ríkisstj., sumar formlega, einnig margar eftir fyrirmælum Alþingis, skipaðar ýmist samkvæmt löggjöf eða samkvæmt þál. Og það er eðli málsins samkvæmt út í hött að ætlast til þess, að ríkisstj. fari að gera Alþ. grein fyrir þeim nefndum, sem það sjálft hefur ýmist lögboðið eða skorað á ríkisstj. að skipa. Hv. fyrirspyrjandi benti raunar á, að upplýsingar um þetta væri hægt að fá í Ríkishandbók svo kallaðri. Það kann að vera að einhverju leyti, en þá er það jafnauðvelt fyrir þm. eins og fyrir ríkisstj. En ég hef þó látið taka saman til yfirlits, hversu margar nefndir mundu vera, sem ýmist eru lögákveðnar eða kosnar eða skipaðar samkvæmt þál. Og mér skilst í fljótu bragði, að það muni vera um 708 nefndir. Þessar nefndir eru mjög ólíkar að eðli, og þá eru þær taldar, þar sem ríkisstj. eða Alþ. kýs nefndina annaðhvort að öllu eða einhverju leyti. Verkefni nefndanna er ákaflega misjafnt og eins það, hver greiðir kostnað af þeim, svo að það er ekki nokkur leið hér að ætla að fara að gera grein fyrir öllum þessum 708 nefndum, og því fer fjarri, að þær séu yfirleitt samkvæmt löggjöf frá allra síðustu árum. Það er mjög mismunandi þeirra aldur og þeirra verkefni og eins og ég segi tilheyrir frekar stjórnarfarsrétti heldur en það sé eðli málsins samkv. hægt að rekja það hér.

Ég vil einungis til þess að sýna, hversu málið er í raun og veru misjafnt eða ólíkt að formi, segja, að þær nefndir, sem ætti að svara fyrir af forsrn., væru 26. Þar af er nú 21 fastanefnd Alþingis, sem er spurt um í þessari fsp., sem er auðvitað fráleitt fyrir ríkisstj. að fara að gera Alþ. grein fyrir, en fsp. fjallar um þetta. Hinar nefndirnar, sem ætlazt er til samkv. fsp., að forsrn. geri grein fyrir, eru: Þingvallanefnd, sem er kosin samkvæmt sérstökum lögum frá 1928, kosin á Alþingi. Hrafnseyrarnefnd, sem kosin er samkvæmt þál. frá 1945. Þjóðhátíðarnefnd 1974, sem kjörin er á Alþ. 1966, samkvæmt þál. þá. Stjórn Efnahagsstofnunarinnar, sem sett er samkvæmt lögum frá 1966, og ríkisstj. skipar eftir atvikum, eftir því, hvernig á er litið, einn eða tvo af nefndarmönnum. Kjararannsóknarnefnd, sem ekki hefur beina lögfestingu, en er gert ráð fyrir í lögum að sé til, og forsrn. á að úrskurða hennar reikninga, en sjálf er nefndin efnislega skipuð af Alþýðusambandinu annars vegar og samtökum vinnuveitenda hins vegar. Þá er orðunefnd, sem er samkvæmt forsetabréfi frá 1944, en gert er ráð fyrir í fjárlögum að sé til, þó að forsetabréfið sé hin beina heimild. Enn fremur er svo heiðursmerkjanefnd Rauða kross Íslands og afreksmerkisnefnd. Þetta eru þær nefndir, sem heyra sérstakega undir forsrn. Hvort menn langar til þess að fá nákvæmlega upplesið, hve margir eru í þessum nefndum, hvernig þær séu skipaðar og kostnað af þeim, — en ég tel, að menn séu ósköp lítið bættari, og nenni ekki að fara að — (Gripið fram í.) Ja, það er spurt um það, en það mundi, eins og ég segi, taka nokkuð langan tíma, ef ætti að svara þessu öllu. Það er efni í bók, sem ég treysti vel pró-

fessor Ólafi Jóhannessyni til þess að skrifa frekar en grg. minni hér á Alþ. að rifja þetta upp. Ég veit ekki heldur, hvort ég er eðlilegasti maðurinn til þess að gera grein fyrir kostnaði við utanrmn. eða fjvn. Alþingis. Fjvn. Alþingis heldur fagnað einu sinni á ári, hún fer í ferðalag o. s. frv. Ef ástæða þykir til þess að upplýsa það hér á Alþ., þá er miklu betra að spyrja formann fjvn. eða forseta þingsins, en ekki vesaling minn, sem þetta er ekki undir borið og fæ ekki einu sinni að vera í þessum veizlum, hvað þá heldur meira.

Um forsrn. er annars það að segja, að þó að þessar 26 nefndir að þessu leyti heyri undir rn., ekki nema að nafninu til, t. d. þingnefndir, og ekki þá einu sinni að nafninu til, þó að forsrn. eigi að fjalla um mál Alþingis, þá er engin nefnd skipuð af rn. að þess eigin hvötum nú starfandi.

Aftur á móti eru af dóms- og kirkjumrn. sams konar nefndir skipaðar samkvæmt lögum eða þál., telst okkur til 24. Það eru aftur á móti einnig nokkrar nefndir, sem rn. hefur sjálft skipað og sjálfsagt er að gera hér grein fyrir. Það er þá fyrst byggingarnefnd lögreglustöðvar í Reykjavík, skipuð þrem mönnum, og formaður sýnist hafa þar í laun í kringum 13 500 kr. á ári, eða nákvæmlega 13 335 kr. Byggingarnefnd ríkisfangelsis skipuð þrem mönnum, þóknun á ári til hvers sýnist vera 10 þús. kr. Hegningarlaganefnd, skipuð þrem mönnum, skipuð af ráðh. til að vinna að endurskoðun hegningarlaga. Engin þóknun greidd síðustu árin. Nefnd til endurskoðunar á skipan og meðferð dómsmála, skipuð af ráðh. 1966 með átta mönnum. Engin þóknun greidd enn. Rannsóknarnefnd umferðarslysa, skipuð af ráðh. 1963 til að rannsaka orsakir umferðarslysa og gera till. um ráðstafanir til úrbóta, skipuð sjö mönnum. Þóknun hefur enn ekki verið greidd. Sálmabókarnefnd skipuð 1962 til að vinna að endurskoðun sálmabókar, nefndarmenn upphaflega fimm. Engin þóknun greidd síðan 1967. Sifjalaganefnd, skipuð tveim mönnum, vinnur að endurskoðun hjúskaparlaga og laga um réttindi og skyldur hjóna. Engin þóknun greidd enn. Starfsnefnd um meðferð og neyzlu ávana- og fíkniefna og eftirsókn í þau. Þessi hópur er kallaður saman af ráðh. með bréfi 26. febr. 1970, í honum eru fimm menn, og þeir eru embættismenn, sem enga greiðslu hafa fengið a. m. k. enn og mér sýnist ekki ætlazt til. Umferðarlaganefnd, hlutverk nefndarinnar, sem skipuð er fimm mönnum, er endurskoðun umferðarlaga og reglna um umferðarmál. Árið 1969 fékk formaður 13 012 kr. greiddar, aðrir nefndarmenn 8 674 kr. hver. Þetta eru þær nefndir, sem starfa á vegum dóms- og kirkjumrn.

Á vegum félmrn. sýnast starfa níu nefndir lögskipaðar eða samkvæmt þáltill., en aðrar nefndir, sem rn. sjálft hefur skipað, eru: Nefnd um rannsókn á tekjustofnum sveitarfélaga með þrem mönnum. Engin þóknun ákveðin. Atvinnuleyfanefnd vegna útlendinga, skipuð þrem mönnum. Þar var á árinu 1969 greitt í þóknun 33 054 kr. Velferðarnefnd aldraðra, skipuð 1966, og nefndarmenn hafa fengið 45 þús. kr. upp í þóknun. Nefnd til endurskoðunar laga nr. 16 1958 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests o. fl. Þóknun ekki ákveðin. Skipuð þrem mönnum. Framkvæmdanefnd hagræðingaráætlunar fjallar um aðstoð ríkisins í hagræðingarmálum, skipuð 1965, þrír menn eins og ég sagði, þóknun er 30 þús. kr. á ári, en kostnaður á s. l. ári sýnist mér hafa verið þar fyrir utan kr. 40 871,50. Nefnd til að gera till. um úthlutun íbúða ríkisins í Breiðholti, skipuð þrem mönnum. Þóknun 1969 var 18 þús. kr. Framkvæmdanefnd byggingaráætlunar ríkisins og Reykjavíkurborgar með fimm mönnum. Laun 1969 voru 280 500 kr. Þá eru framkvæmdanefndir byggingaráætlunar ríkisins og níu sveitarfélaga, fimm í hverri, en þóknun ekki ákveðin a. m. k. enn. Ef sú breyting verður gerð á skipan þessara mála, sem nú eru till. um, þá eru þessar nefndir úr sögunni. Þá er nefnd til endurskoðunar laga um atvinnuleysistryggingar og vinnumiðlun, skipuð í febrúar 1969 og greitt upp í þóknun 90 þús. kr. Nefnd til að endurskoða lög um orlof með þrem mönnum. Þóknun ekki ákveðin. Nefnd til að endurskoða lög um sameign fjölbýlishúsa með tveimur mönnum og þóknun ekki ákveðin. Þetta eru þær nefndir, sem heyra undir félmrn.

Undir fjmrn. teljast heyra 16 nefndir lögskipaðar eða settar samkvæmt þál. En þar fyrir utan hafa verið skipaðar samkvæmt ákvörðun ráðh.: Bila- og vélanefnd með fimm mönnum. Þóknun til aðalmanna 54 þús. kr. á mann, en 27 þús. kr. til ritara og varamanns. Bókhaldsnefnd með þrem mönnum og óráðin þóknun. Hússtjórn Borgartúns 7 með þrem mönnum. Þóknun 20 þús. kr. á ári. Nefnd um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og endurskoðun gildandi laga um það efni með fimm mönnum og þóknun óráðin. Nefnd um skattlagningu fyrirtækja, vinnur að endurskoðun skattalaga, með fimm mönnum. Þóknun óráðin. Prófnefnd ritara, sem sér um próf ritara, sem sækja um að hækka úr 7. í 10. launaflokk, einnig umsjón með þeim riturum, sem settir eru í 13. flokk. Það eru þrír menn, og hefur formaður í árslaun 12 þús. kr., en hinir 10 þús. kr. hver. Samstarfsnefnd BSRB og fjmrn. um kjaramál með fjórum mönnum. Árslaun formanns eru 15 þús., en aðrir hafa 10 þús. Trúnaðarmenn um nefndarlaun og ýmsar þóknanir eru tveir. Þóknun óákveðin, en var 1968 36 þús. á mann. Og svo er úrskurðarnefnd um tollaendurgreiðslur vegna EFTA-aðildar. Það eru þrír menn og þóknun óráðin. Þá er fulltrúi í stjórn Gjaldheimtunnar í Reykjavík, og þóknun fulltrúa ríkisins þar er 23 þús. kr., sem greiðist af Gjaldheimtunni. Stjórn skýrsluvéla ríkisins og Reykjavíkurborgar, það eru tveir menn og mánaðarlaun á mann eru 1967 kr. Þetta eru þær nefndir, sem má segja, að tilheyri fjmrn.

Þá er næst heilbr.- og trmrn. Þar eru lögboðnar nefndir eða byggðar á þál. samtals 344, en aðrar nefndir eru: Byggingarnefnd Lands-

spítalans með sex mönnum og fékk í laun 1969 137 500 kr. samtals. Byggingarnefnd Kópavogshælis með fjórum mönnum, fékk í laun 1970 58 940 kr. Samvinnunefnd um skipulagningu sjúkrahúsmála í Reykjavík með fjórum mönnum, ólaunuð. Nefnd til að endurskoða lög um fóstureyðingar, afkynjanir og vananir. Þóknun ekki ákveðin. Nefnd til að endurskoða lög um vátryggingarstarfsemi með þremur mönnum. Þóknun ekki ákveðin.

Því næst er iðnrn. Þar sýnast vera 12 nefndir, sem eru samkv. lögum eða þál., en þar fyrir utan hefur rn. skipað: Nefnd til þess að rannsaka, hvort hagkvæmt væri að reisa og reka hér hveitimyllu, og eru nefndarmenn fjórir. Greiðslur hafa ekki átt sér stað til nefndarinnar, en kynnu að verða metnar síðar af þar til skipuðum matsmönnum fjmrn. Nefnd til að gera till. um eflingu verkkennslu iðnverkafólks og stofna til endurhæfingarstarfsemi og þjálfunar þess eða íhuga sjóðmyndun til að tryggja bætur því iðnverkafólki, sem sagt er upp starfi, án þess að það sé vegna tilverknaðar þess sjálfs. Nefndarmenn eru fimm. Engar greiðslur hafa átt sér stað til nefndarinnar, en verða metnar síðar af þar til skipuðum matsmönnum fjmrn. Nefnd til að endurskoða námulög frá 1909 með þrem mönnum. Nefndin hefur nýlega hafið starfsemi sína og ekkert fengið greitt. Námskeiðastjórn, sem veita skal forstöðu föstu námskeiðahaldi í stjórnun fyrirtækja, er fram fer á vegum rn. Þar eru þrír menn. Hér er um að ræða vinnunefnd framkvæmda, eins konar skólastjórn að vissu leyti, hliðstætt stjórn verzlunarnámskeiðanna, en tímabundið starf, að því er ætlað er. *Iðnþróunarráð, sem má segja, að sé fastanefnd til þess að vera iðnrn. til styrktar um meðferð meiri háttar mála, er snerta iðnþróun landsins.* Þar sýnast ráðsmenn vera 13 samtals, árlegur kostnaður um 200 þús. kr. En ráðgert er að flytja frv. til l. um iðnþróunarráð, áður en langt um líður. Samstarfsnefnd varðandi útflutning neyzluvarnings úr íslenzkum hráefnum með íslenzkum sérkennum, og eru nefndarmenn þar sex. Engar greiðslur hafa verið inntar af hendi til þessarar nefndar. Samstarfsnefnd varðandi iðnað, er sérstaklega þjónar sjávarútvegi, skipuð 1969, fimm nefndarmenn. *Engar greiðslur hafa verið inntar af* hendi til samstarfsnefndarinnar. Nefnd til þess að stuðla að útflutningi á bátum og skipum smíðuðum á Íslandi. Þar eru þrír nefndarmenn. Greiðslur hafa engar átt sér stað til nefndarinnar, en verða metnar síðar af þar til skipuðum matsmönnum fjmrn. Þetta er um iðnrn. að segja.

Landbrn. Þar sýnast vera sjö nefndir lögboðnar eða samkv. þál., en samkv. ákvörðun ráðh. eru: Stjórn laxeldisstöðvar ríkisins í Kollafirði með fimm mönnum, og fær hver nefndarmaður í ár 13 020 kr. greiddar fyrir sitt starf. Byggingarnefnd bændaskóla á Hvanneyri með tveim mönnum og sýnast munu fá 10 850 hvor í ár. Nefnd til þess að endurskoða lög nr. 74 1962, um innflutning búfjár, með þremur mönnum. Þóknun hefur ekki verið greidd. Nefnd til þess að athuga ýmsa þætti landbúnaðarmála með sjö mönnum. Þóknun hefur ekki verið greidd. Nefnd til þess að semja frv. til l. um lífeyrissjóð fyrir bændur með fimm mönnum. Þóknun hefur ekki verið greidd. Kalnefnd með sjö mönnum. Þóknun hefur ekki verið greidd. Nefnd til að endurskoða lög um stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám o. fl. með fimm mönnum. Þóknun hefur ekki verið greidd. Harðærisnefnd með þremur mönnum. Laun nefndarmanna eru óuppgerð. Þetta er um landbrn. að segja.

Af menntmrn. eru lögskipaðar nefndir eða settar samkv. þál., ýmist skipaðar allar eða með aðild rn. að meira eða minna leyti, — þær eru 240. En þær nefndir, sem rn. hefur sett án slíkrar tilhlutunar, eru: Byggingarnefnd Heyrnleysingjaskólans með þremur mönnum. Þóknun óákveðin. Byggingarnefnd iðnskólans í Reykjavík með fimm mönnum. Nefndin er ólaunuð. Byggingarnefnd kennaraskólahúss með fimm mönnum og hefur ekki fengið laun hin síðari ár a. m. k. Byggingarnefnd til að annast byggingu kennslustofuhúsnæðis fyrir menntaskólann á Akureyri með tveimur mönnum, og er ekkert tekið fram um greiðslur til þeirra. Byggingarnefnd menntaskólans í Reykjavík, skipuð þremur mönnum. Laun greiðast fyrir nefndarstörf 450 kr. á fund. Byggingarnefnd náttúrugripasafnshúss með sex mönnum. Nefndin hefur verið ólaunuð. Byggingarnefnd Æfinga- og tilraunaskóla kennaraskólans með sjö mönnum, og er ekkert tekið fram um greiðslur þar. Endurmenntunarnefnd með fimm mönnum og þóknun óákveðin. Hún er skipuð til þess að gera áætlun um endurmenntun kennara á barna- og gagnfræðastigi. Framhaldsdeildanefnd skipuð af menntmrn. til þess að gera till. um réttindi nemenda í framhaldsdeildum gagnfræðaskóla til inngöngu í aðra skóla. Það eru fjórir menn og ekki tekið fram um neina þóknun. Geysisnefnd, skipuð 1953, sex menn og nefndin er ólaunuð. Kennaraskólalaganefnd til þess að endurskoða löggjöfina um Kennaraskóla Íslands og gera nýskipan kennaranámsins. Þóknun til nefndarinnar er óákveðin. Menntaskólanefnd til þess að endurskoða gildandi laga- og reglugerðaákvæði um menntaskóla með sjö *mönnum. Nefndin skilaði áliti 1968, fékk greidda* þóknun fyrir störf sín fram til þess tíma. Nefndinni hefur nú verið falið að semja reglugerð samkv. nýsamþykktum lögum um menntaskóla, og hefur engin greiðsla enn farið fram fyrir það starf. Menntaskólanefnd Ísafjarðar skipuð sjö mönnum. Þóknun óákveðin. Námsskrárnefnd til þess að endurskoða námsefni og stundaskrá frá fyrra ári í framhaldsdeildum gagnfræðaskólanna með hliðsjón af þeirri reynslu, sem fæst í vetur, með þremur mönnum. Ekkert tekið fram um greiðslu. Nefnd, sem aðstoðar við vistun stúlkna á uppeldisheimilum erlendis. Það eru þrír menn og fær hver 5 þús. kr. á ári í þóknun. Nefnd skipuð til að endurskoða lög og reglugerð um þjóðleikhús, með þremur mönnum, þóknun er óákveðin. Nefnd til þess að gera till. um skipulagningu auk-

innar fræðslu um þjóðernismál og kynningu þjóðernislegra verðmæta í skyldunámsskólum landsins, með fimm mönnum. Þóknun óákveðin. Nefnd til þess að endurskoða námsefni og kennslu í líffræði og náttúrufræði barnaskóla, með fimm mönnum. Þóknun óákveðin. Nefnd til þess að sjá um undirbúning 20. norræna skólamótsins, sem halda á í Stokkhólmi sumarið 1970, með fimm mönnum og svo fulltrúum nokkurra manna þar fyrir utan, mér sýnist 10 mönnum samtals, en það er ekki tekið neitt fram um þóknun. Nefnd skipuð til þess að endurskoða gildandi lög um skólakerfi og fræðsluskyldu, nr. 22 1946, lög um fræðslu barna, nr. 34 1946, og lög um gagnfræðanám, nr. 48 1946, á grundvelli athugunar, sem fram hefur farið í menntmrn. Það eru sex menn. Þóknun óákveðin. Nefnd til þess að semja drög að námsskrá í stærðfræði fyrir barnafræðslustig, og skal nefndin starfa í samráði við ráðgefandi nefnd um stærðfræði, sem vinnur á vegum skólarannsókna. Það eru fjórir menn. Þóknun óákveðin. Nefnd til þess að athuga starfsgrundvöll og fjármál Sinfóníuhljómsveitar Íslands og framtíðarskipulag hennar. Það eru fimm menn. Þóknun óákveðin. Nefnd til þess að fjalla um kennslu og fleiri málefni heyrnskertra barna í almennum skólum, með þremur mönnum. Ekkert tekið fram um þóknun þar. Nefnd til þess að annast aðild Íslands að Alþjóðasambandi jarðfræðinga. Það eru tveir menn og þóknun óákveðin. Nefnd til þess að ráðstafa eignum og sjá um endanleg reikningsskil Viðtækjaverzlunar ríkisins. Fjórir menn og ekkert tekið fram um greiðslu. Nefnd til að vera Efnahagsstofnuninni til ráðuneytis um áætlunargerð varðandi fjárfestingarþörf o. fl. á sviði menntamála. Það eru 12 menn og nefndin er ólaunuð. Nefnd til þess að vera menntmrn. og fjmrn. til aðstoðar við að ákveða, hvaða börn skuli teljast afbrigðileg í skilningi II. kafla 1. gr. E. 4 í dómi kjaradóms frá 3. júlí 1963 og II. kafla 1. gr. D. 3, 2. mgr. dóms kjaradóms frá 30. nóvember 1965. Það eru þrír menn og ekkert tekið fram um greiðslu. Samræmingarnefnd gagnfræðaprófs samkv. reglugerð nr. 2 1968 um samræmt gagnfræðapróf. Það eru níu manns, formaður hefur 21 þús. og aðrir í nefndinni 14 þús. og auk þess greiðsla samkv. reikningi fyrir úrvinnslu einstakra prófa, og það eru alls 133 þús. kr., sem hafa verið greiddar. Starfslaunanefnd til þess að annast úthlutun starfslauna handa listamönnum, þrír menn, formaður fær 12 þús. kr., aðrir 9 þús. kr. auk verðlagsuppbóta, alls 30 þús. kr. Stjórn hljómplötudeildar Þjóðminjasafnsins, þrír menn, og nefndin er ólaunuð. Stjórnarnefnd Listasafns Einars Jónssonar með fimm mönnum og ekkert tekið fram um greiðslur. Og tónlistarnefnd Þjóðleikhússins samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 163 1953 um breytingar á reglugerð nr. 162 1949, um þjóðleikhús. Það eru þrír menn og ekkert tekið fram um greiðslur, enda hefur manni skilizt, að ýmist hafi menn sagt af sér eða nefndin ekki starfað nokkuð lengi, eftir því sem annars staðar hefur komið fram. Þetta var um menntmrn. að segja.

Í samgrn. sýnast vera 10 nefndir, sem starfa samkv. lögum eða þál., en samkv. ákvörðun ráðh. eru: Byggingarnefnd strandferðaskips. Það eru sex menn. Mánaðarleg þóknun nefndarmanna, sem var ákveðin af trúnaðarmönnum fjmrn., er 3500 kr. til annarra en formanns, sem hefur 6 þús. kr. Póst- og símanefnd, þriggja manna nefnd, skipuð af ráðh. 14. janúar 1969 til að athuga rekstur og framkvæmdir Pósts og síma og fjármál stofnunarinnar. Engin þóknun hefur enn verið greidd. Gírónefnd, í nefndinni eru fjórir fulltrúar til að athuga mál eins og giróþjónustu. Engin þóknun hefur enn verið greidd. Nefnd til að gera till. um framtíðaruppbyggingu ferðamálasjóðs, þrír fulltrúar. Engin þóknun hefur enn verið greidd. Nefnd til að gera áætlun um þörf fyrir hótelbyggingar til 1974 og till. um fjármögnun til þeirra framkvæmda. Í nefndinni eru fimm menn. Engin þóknun hefur enn verið greidd. Byggingarnefnd Straumsvíkurhafnar, sem skipuð var á sínum tíma til að fylgjast með fjáröflun, frágangi lánsskjala, byggingarreikningum og þess háttar. Í nefndinni eru þrír fulltrúar. Þóknun nefndarinnar hefur verið 3 þús. kr. á mánuði til hvers. Þá er úthlutunarnefnd atvinnuleyfa fyrir leigubifreiðastjóra í Reykjavík. Það er þriggja manna nefnd, sem starfar samkv. reglugerð og úthlutar leyfum, eins og heiti nefndarinnar segir til um, og þóknun 1969 var 20 þús. kr. til hvers fulltrúa rn. í nefndinni. Nefnd til að vera rn. og ferðamálaráði til ráðuneytis um starfsemi ferðamálasjóðs, þrír fulltrúar og engin þóknun hefur enn verið greidd. Stjórn umferðarmiðstöðvar, þar eru fimm fulltrúar, formaður hafði 29 260 kr. árið 1969, ritari, sem er einn nefndarmanna, fékk 16 255 kr., en hver hinna þriggja 10 575 kr. Þetta er um samgrn. að segja.

Sjútvrn. sýnist hafa 14 lögskipaðar nefndir eða samkv. þál., en þar fyrir utan eru: Stjórn Tryggingasjóðs fiskiskipa með fjórum mönnum. Þóknun ekki ákveðin. Stjórn byggingar rannsóknastofnana sjávarútvegsins með þremur mönnum, ólaunuð. Þá er það ísfisksölunefnd með þrem mönnum og þóknun nefndarmanna 1969 var 52 500 kr. alls. Fjárhæðanefnd Tryggingasjóðs fiskiskipa með fjórum mönnum og fékk 45 þús. kr. Iðgjaldanefnd Tryggingasjóðs fiskiskipa með tveimur mönnum og fékk 60 þús. kr. Þá er það ráðgjafarnefnd Hafrannsóknastofnunar með sjö mönnum, ólaunuð, og ráðgjafarnefnd Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins með 11 mönnum og er ólaunuð. Byggingarnefnd hafrannsóknaskips með fimm mönnum og fengu á árinu 1969 51 845 kr. Skuttogaranefnd með sex mönnum fékk 65 þús. kr. Tillögunefnd um hollustuhætti í fiskiðnaði með fimm mönnum. Samkv. síðustu skilagrein voru þar 45 500 kr. Staðlaskrárnefnd fiskafurða með þrem mönnum með 30 þús. kr. Grænlandsnefnd, aðstoð við fiskiskip, með þrem mönnum með 52 500 kr. Og landhelgismálanefnd, sem er valin

eftir till. stjórnmálaflokkanna og má nú telja eins konar þingnefnd. Þar eru nefndarmenn fimm og þóknun samkv. síðustu skilagrein var 220 þús. og annar kostnaður við nefndina 165 348.50 kr.

Utanrrn. hefur eingöngu nefndir, sem eru skipaðar af ráðh. Það eru: Varnarmálanefnd skipuð þremur mönnum. Laun til nefndarmanna voru 1969 119 941 kr. og annar kostnaður vegna nefndarinnar það ár 322 634 kr. Þá er það kaupskrárnefnd, til þess að skrá gildandi kaupgjald í landinu á hverjum tíma og sjá um, að erlendir vinnuveitendur á Keflavíkurflugvelli fái vitneskju um það. Það eru þrír menn. Laun nefndarmanna 1969 voru 64 061 kr. og enginn annar kostnaður. Sölunefnd setuliðseigna, til þess að annast kaup og sölu af hálfu ríkisstj. á vörum og tækjum frá varnarliðinu, þrír menn. Laun til nefndarmanna voru 1969 182 390 kr. Skaðabótanefnd, nefndin úrskurðar kröfur, er rísa út af varnarsamningi Íslands og Bandaríkja Ameríku á grundvelli Norður-Atlantshafssamningsins, með tveimur mönnum. Laun nefndarmanna árið 1969 voru 64 020 kr. Annar kostnaður ekki talinn. Og Íslandsnefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna með fimm mönnum. Laun til nefndarmanna eru engin. Kostnaður vegna nefndarinnar er enginn. Byggingarnefnd flugstöðvarbyggingar. Það eru fimm menn. Laun nefndarmanna eru engin. Kostnaður vegna nefndarinnar er enginn.

Þá er það loksins viðskrn., sem er með sex lögskipaðar nefndir eða hliðstæðar, en þar að auki hefur það skipað: Verzlunarmálanefnd, var sett samkv. ósk fulltrúa launþega í verðlagsnefnd með samkomulagi þar. Nefndarmenn eru átta. Þóknun til nefndarmanna árin 1968 og 1969 samtals 100 þús. Laun starfsfólks árið 1968 eru 75 þús. og 1969 417 þús. Annar kostnaður vegna nefndarinnar var 1968 2 þús., en 1969 24 þús. Þá er EFTA-nefnd, sem skipuð er samkv. till. þingflokkanna og með sex mönnum. Hennar aðalstarfi er nú lokið. Þóknun til nefndarmanna er óákveðin, en ætlazt er til, að haft verði samráð við nefndina áfram, og verður þá vafalaust einhver þóknun greidd fyrir þau störf, eftir því sem atvik standa til.

Þetta eru þær upplýsingar, sem ég get gefið um þessa fsp. að svo stöddu.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég get ekki verið hæstv. forsrh. sammála um, að fsp. sé á nokkurn hátt óeðlileg, og þar af leiðandi tel ég, að henni hafi ekki verið svarað nema að nokkru leyti. Fsp. fjallar um það að fá upplýsingar um allar nefndir, bæði þær, sem settar eru samkv. lögum og þál. og eins þær, sem settar eru af ríkisstj. Þetta finnst mér afar eðlilegt, að um þetta allt sé spurt og ríkisstj. sé einmitt ætlað að gefa skýrslu um þetta. Ríkisstj. hefur framkvæmdavaldið og það er alveg í hennar verkahring að gefa Alþ. yfirlit um þessi efni. Það er í hennar verkahring að framkvæma lög og þál. og gefa skýrslu um það hér á hv. Alþ., hvernig það hefur verið gert. Þar á meðal að gefa yfirlitsskýrslur, þegar tilefni gefst til um efni eins og þessi, sem hér er spurt um, sem sé, hvað starfandi sé af nefndum samkv. lögum og þál. Ég er heldur ekki einn um þessa skoðun eða fyrirspyrjandinn, því að þetta er sú skoðun, sem einnig kemur fram í aths. við ríkisreikninginn, sem við höfum fengið og er hér á borðinu hjá okkur, ríkisreikninginn 1968, því að þar er spurt af hálfu yfirskoðunarmanna, með leyfi hæstv. forseta, 3. liður: „Hvað störfuðu margar nefndir, þar með talið vegna undirbúnings lagafrv., og hverjar á vegum ríkisins og rn. á árinu 1968? Hvað störfuðu margir menn í hverri nefnd, og hver voru launakjör þeirra hvers um sig, og hversu margar af nefndunum hafa lokið störfum?“ Þessu svarar svo fjmrn. með æðilangri klausu, þar sem mjög er kvartað yfir, hvað það sé erfitt verkefni að komast eftir því, hversu margar nefndir vinni á vegum ríkisins, en þó er ekki með öllu færzt undan að reyna þetta, ef nægilegt tóm reynist til. Því hafi ekki verið hægt að ljúka áður en svara varð endurskoðendunum, og eru fleiri ummæli hér um höfð, sem sýna það, hvað fjmrh. lítur á það sem erfitt verkefni að komast eftir því, hvað margar nefndir séu starfandi á vegum ríkisins, og segir það út af fyrir sig sína sögu. En síðan segja yfirskoðunarmenn landsreikninganna og það sýnir, að ég ætla, að þeir eru nákvæmlega sömu skoðunar og fyrirspyrjandinn um þetta, og ég hef einnig hér látið í ljós, en ekki á sömu skoðun og hæstv. forsrh. um það, hvað eðlilegt sé, að ríkisstj. geri í þessu: „Að svarið skuli fylgja ríkisreikningi 1969,“ svarið við þeim spurningum, sem ég las áðan og þeir höfðu sett fram, og sé að öllu leyti miðað við það ár og í svarinu sé eingöngu miðað við eftirtalin launuð störf: Í fyrsta lagi, stjórnir og ráð, sem Alþ. kýs, þar á meðal bankaráð. Í öðru lagi, nefndir kjörnar og skipaðar samkv. lögum og ályktunum Alþingis. Í þriðja lagi, nefndir skipaðar af stjórnvöldum og enn fremur verkefni, sem einstökum aðilum er fengið, svo sem athugun einstakra mála og undirbúningur lagafrv., sem sérstakar greiðslur koma fyrir, þótt ekki sé um formlega nefndaskipun að ræða. Á þetta einnig við hliðstæð störf, sem eru unnin á vegum einstakra stofnana. Hér kemur það alveg greinilega fram, að endurskoðendur landsreikninganna, sem eru fulltrúar Alþ. og kjörnir hlutfallskosningu á hv. Alþ. af a. m. k. þremur stjórnmálaflokkum, urðu sammála um þann skilning, sem kemur fram í þessari fsp., að það sé algerlega eðlilegt að leggja þetta verkefni fyrir hæstv. ríkisstj.

Þess vegna verð ég að telja, að hæstv. forsrh. hafi ekki svarað spurningunni nema að nokkru leyti og þá að því leyti, sem lýtur að þeim nefndum, sem ríkisstj. eða rn. hafa skipað, en um það las hann æðilangan lista, og er það út af fyrir sig góðra gjalda vert og þýðingarmikið að fá þær upplýsingar fram, og verða þær að sjálfsögðu skoðaðar af hv. þm. í tómi.

Ég vil ekki á nokkurn hátt vefengja þennan

lista, en ég get þó ekki komizt hjá að benda á, að mér var ekki alveg ljóst, hvernig hann er uppbyggður, sérstaklega vegna þess, að ég varð t. d. sáralítið var við, að taldar væru nefndir til þess að undirbúa lagafrv. og annað slíkt, en ég hefði haldið, að æðimargar nefndir væru látlaust starfandi að slíkum málum. En máske hafa orðið mistök af minni hendi og ég ekki heyrt nægilega greinilega allt, sem hæstv. ráðh. las. En ég vil leyfa mér að spyrja hann að því, hvort þær nefndir séu ekki taldar með, hvort þetta eigi ekki að vera tæmandi upplýsingar um allar nefndir, sem settar eru á laggirnar af rn.

Ég vil svo aðeins segja, því það er ekki ætlazt til, að það séu mikil ræðuhöld af hálfu fyrirspyrjenda í þessum tíma, og ég tel, að það sé ekki vel viðeigandi að reynt sé að sniðganga neitt þingsköpin í því efni, að það er talsverður ávinningur að því að fá það fram, eftir mikið erfiði, að það eru a. m. k. 708 nefndir starfandi á vegum ríkisins. Það hygg ég, að einhverjum muni finnast fréttir, satt að segja, og er þó sá listi að mér skilst ekki tæmandi.

Þegar þess er gætt, að það var eitt af helztu stefnumálum núverandi stjórnarmeirihluta, er hann tók við, og hefur verið alla tíð á loft haldið, að fækka nefndum, þá er kannske ekki svo einkennilegt, þó að hæstv. forsrh. hafi verið tregur til þess að svara þessari fsp. En sannast að segja virðist mér hæstv. forsrh. hafa sýnt í því efni alveg óeðlilega tregðu, því að ég hef það eftir góðum heimildum, að hann hafi upphaflega viljað, að þessi fsp. kæmi ekki til greina, væri ekki þingleg og ætti ekki að takast hér fyrir. En samt hefur nú fyrir harðfylgi þess meiri hl. á Alþ., sem samþykkti það, að þessari fsp. skuli svarað, tekizt að toga það út úr hæstv. ríkisstj., að nefndirnar eru a. m. k. 708. Á hinn bóginn skyldi maður hafa haldið, að hæstv. ríkisstj. væri það kærkomið verkefni að gera grein fyrir þessum nefndamálum, þegar þess er gætt, hvaða stefnu hún taldi sig hafa í þeim, og manni hefur skilizt af og til, að einhver árangur væri í þann veginn að verða af þeirra baráttu í því að fækka nefndunum. En þegar alls er gætt, þá verð ég að segja, að mér finnst niðurstaðan ekki glæsileg né hrósverð, því að það liggur nánast fyrir sú yfirlýsing frá hæstv. ríkisstj., að það sé orðið óvinnandi verk að telja saman allar þær nefndir, sem vinna nú orðið á vegum ríkisins. M. ö. o., þær séu óteljandi.

Forsrh. (Bjarni Benediktsson): Herra forseti. Einhver hefur gert sér til gamans að skrökva að þessum þm., og hefur haldið hann vera frekar meira auðtrúa heldur en hann er nú dags daglega, ef honum hefur verið sagt, að ég hafi reynt að fá þingmeirihluta til þess að fella þessa fsp. Ég tók þvert á móti fram, að ef fyrirspyrjandi féllist ekki á að breyta til sjálfur og talið yrði, að hún rúmaðist innan þingskapa, þá hefði ég ekki á móti því, að hún yrði samþ. Ég benti hins vegar á þá galla, sem á fsp. eru.

Það er einnig ljóst, að hv. þm. er eitthvað farið að förlast að fleira leyti heldur en trúgirninni, þegar hann vill bera það saman og segir, að hv. endurskoðendur ríkisreikninga séu sér og fyrirspyrjanda sammála um, að fsp. hafi verið rétt form. Í því, sem hv. þm. las upp, var það svo augljóst, að fyrirspyrjendur töldu einmitt, að hér væri um meira verk en svo að ræða, að hægt væri að gera því fullnægjandi skil í skjótri svipan, því að annars hefðu þeir ekki sætt sig við svör fjmrn. og þeir ætlast til þess að fá fyrst svar ári seinna. Nú kemur mér að vísu ekki til hugar að halda, að það taki heilt ár að vinna þetta verk, en það er meira verk en svo, að það verði unnið á þeim fimm vinnudögum, sem menn hafa hér á milli þess, að fsp. er samþykkt og þangað til henni á að svara. Það er óvefengjanlegt, og það er beinlínis staðfest af yfirlýsingu hv. endurskoðenda, svo að þetta snýst algerlega við hjá hinum hv. þm.

Að nefndirnar séu óteljandi, held ég, að séu nú kannske einhverjar ýkjur. Það er hins vegar ljóst, að hv. þm. fannst, að nefndirnar, sem ríkisstj. hefði skipað, væru mun færri heldur en hann hafði gert ráð fyrir, og spurði, hvort það væri svarað öllu varðandi undirbúning laga. Nú er það svo, að a. m. k. sum rn. taka það beinlínis fram, að þarna eru nefndir, sem eiga að undirbúa lög, svo að þau hafa skilið það á þann veg. Hins vegar hef ég ekki sjálfur átt kost á því að kynna mér það til hlítar, hvort þetta mál er fullunnið eða ekki. Það er rétt að taka fram, að eitt rn. segist einungis telja þær nefndir, þar sem í eru þrír menn eða fleiri. Önnur telja nefndarmenn, þótt það séu einungis tveir, og það er mín skoðun, og ég lét það rn. vita, sem þessu svaraði á þann veg, að ég teldi það hafa misskilið fsp., en það vannst ekki tími til þess að bæta við, ef einhverju hefur verið við að bæta, sem ég veit ekki. En vitanlega eru þær nefndir, sem vinna að endurskoðun löggjafar, taldar hér með, eins og fram kom í þeim upplestri, sem ég gerði. Hitt er annað mál og er bara staðfesting á því, hversu fráleitt þetta form er til þess að fá mál upplýst, að auðvitað er ómögulegt fyrir þm., jafnvel svo skarpan og yfirburðamann sem hv. 1. þm. Austf., að fylgjast með, jafnvel þótt jafnskýrmæltur maður lesi eins og ég, og úr því að hann skilur mig ekki, hvernig ætti þá öðrum að fara, sem báðum væri verr farið en okkur tveimur? Ég vil einmitt benda á og segja, að þetta er ekki sá rétti máti til þess að upplýsa mál. Ríkisstj. hefur reynt að gera það eftir föngum, úr því að hv. fyrirspyrjandi, sem er nú nýgræðingur hér, vildi ekki taka góðfúslegri leiðbeiningu, af því að við höfum engu að leyna og allra sízt, að nefndirnar séu óteljandi, af því að við höfum nú komið á þær nokkurri bráðabirgðatölu í bili. En við sjáum, hversu þýðingarlítill þessi leikur er, af því að nú ætlar hv. þm. að segja: Ekki hefur orðið mikið úr nefndafækkun hjá núv. ríkisstj., úr því að nefndirnar eru a. m. k. 708, og þá eru einungis taldar lögskipaðar nefndir eða þær, sem eru skipaðar samkv. þál.

Ég held, að hv. þm. hafi nú átt bróðurpartinn í skipun margra þessara nefnda, eins og t. d. allra skólanefnda, sem eru eitthvað á milli 200 og 300, áfengisvarnanefnda, sem eru annaðhvort 200—300 eða 300—400. Þetta er talið með í þessari tölu hér. Um þetta er spurt, og hverju eru menn nær, þótt þeir fái svona tölur? Menn eru *bókstaflega engu nær. Er nokkur maður,* sem lætur sér koma til hugar, að það merki gott eða vont stjórnarfar, þó að við höfum margar skólanefndir og það hafi ekki verið afnumið að hafa skólanefnd og skipa formann skólanefndar af hálfu ríkisins? Er það nokkuð, sem ber vitni um gott eða vont stjórnarfar, þó að áfengisvarnanefndir séu? En til hvers er að vera að spyrja um svona fjarstæður með hátíðlegum fsp. á Alþ. eða hverju eru þm. bættari með það, þó að þeir fái upplýst, að fastanefndir á Alþ. eru 21? A. m. k. hv. þm., sem er búinn að sitja hér 30—40 ár, ætti að vita það, jafnvel þó að varamaður vissi það ekki. Allur þessi málatilbúnaður af hálfu þessara manna er gersamlega vindhögg, fullkomið vindhögg. Og þess vegna verður hv. þm. gramur og segir: Nú, það eru þá ekki fleiri nefndir, sem ríkisstj. hefur skipað, og það er bara eitthvað bogið við það. En það óskaplega mikla nefndafargan, sem hann sjálfur hefur verið með í að skipa, allar skólanefndirnar og áfengisvarnanefndirnar, fastanefndir á þingi og annað slíkt, það á að vera vitni um það, að stjórnarfarið sé spillt og við séum ekki nógu duglegir að hreinsa flórinn eftir hann sjálfan.

Eysteinn Jónsson: Herra forseti. Ég skal ekki misnota þetta. Það var aðeins til þess að benda á, að það kom greinilega fram hjá hæstv. forsrh., að ég hafði ekkert misskilið í þessu í meginatriðum, því að hann gerði sérstaka aths. við fsp. og það kom greinilega fram í þeim umr., að hann taldi hana ekki eðlilega og hún ætti ekki að verða tekin fyrir, svo að hér hefur ekkert farið á milli mála. Það er nokkuð óvenjulegt, að ráðh. rísi upp til þess að halda slíku fram, og það dettur víst engum í hug, að hæstv. forsrh. hefði farið að hreyfa því, ef honum hefði verið þessi fsp. sérlega kærkomin eða bara staðið á sama um hana efnislega. En ástæðan til þess, að hæstv. forsrh. hleypur upp á sínum tíma með þetta, er auðvitað sú, að honum hefur verið í nöp við fsp., en þó hefði honum í raun og veru átt að vera vel við, að þessi mál kæmu hér til umr., til þess að honum og ríkisstj. gæfist tækifæri til að gera grein fyrir því, hvað þeim hefur tekizt að fækka nefndunum mikið, hvað orðið hefur ágengt í því að kveða niður nefndafarganið, sem var eitt aðalstefnumálið, og hefur verið í 11 ár. Ég vil nú skora á hæstv. forsrh., ekki endilega í sambandi við þennan fsp.-tíma, því að mér skilst, að hann muni þurfa lengri tíma til þess að átta sig á þessu en svo, að gera grein fyrir þessu. Annars skyldi maður nú halda, að formaður stjórnarinnar fylgdist nákvæmlega með því, hvernig stjórninni tækist að framkvæma stefnumál af þessu tagi, og hefði aflað sér t. d. spjaldskrár um nefndir og tekið svo út úr spjaldskránni jafnóðum og tókst að fækka þeim. Það hefðu verið miklu eðlilegri vinnubrögð en að koma alveg eins og út úr hól og segjast ekki hafa yfirlit yfir þessi efni. Með tilliti til þess, að hér var um eitt aðalstefnumál stjórnarinnar að ræða, *þá hefði hann átt að láta gera sér* spjaldskrá yfir nefndir þessar, sem hann sat við, og tína svo jafnóðum út úr spjaldskránni. Þá gat hann glaðzt yfir því, hvað miðaði áfram í þessu efni og hvað spjaldskráin minnkaði, þ. e. a. s. ef gengið hefði í rétt horf. Maður getur þó skilið, að hæstv. forsrh. sé gramur yfir því, að þessi málefni eru yfirleitt rifjuð upp eða tekin fyrir, en ég hefði talið skynsamlegra af honum að láta ekkert á því bera, að honum þætti nokkuð miður í þessu tilliti.

Svo vil ég segja að lokum: Hæstv. ráðh. sagði, að það væri ekki réttmætt að ætlast til þess, að ríkisstj. gæfi skýrslu um þær nefndir, sem settar væru samkv. þál. og lögum. Ég er enn á annarri skoðun og yfirskoðunarmenn eru á annarri skoðun og það kemur ekki því máli við, þessu grundvallaratriði, hvort það þarf skemmri eða lengri tíma til þess að gefa slíka skýrslu. Það er annað mál. En ég undirstrika, að hæstv. forsrh. ætti ekki að drepa þessu á dreif og blanda þarna saman óskyldum atriðum. Annars vegar er skyldan til þess að gefa slík svör. Hún er að mínu viti ótvíræð og einnig er skoðun endurskoðenda landsreikninganna alveg ótvíræð, og það stangast við skoðun *forsrh. Hitt er svo annað mál,* hversu langan tíma skuli taka til þess að undirbúa slíka skýrslu.

Umr. frestað.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til frh. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

48. Jarðgöng á Oddsskarðsvegi.

Á deildafundum 7. apríl var *útbýtt frá Sþ.:*

Fsp. til samgrh. um jarðgöng á Oddsskarðsvegi [201. mál, 4] (A. 492).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.

Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. um eftirfarandi:

„1. Hvað líður undirbúningi að gerð á jarðgöngum á Oddsskarðsvegi?

2. Hvað er áætlað, að göngin kosti?

3. Hvenær má búast við, að göngin verði gerð?"

Hér er um að ræða mjög þýðingarmikla framkvæmd í samgöngumálum á Austurlandi, sem lengi hefur verið beðið eftir, og ég vænti þess, að hæstv. ráðh. geti veitt hér upplýsingar um málið.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Sem svar við þessari fsp. er það að segja, að sumarið 1964 voru gerðar verkfræðilegar og jarðfræðilegar frumathuganir á möguleikum á gerð jarðganga á veginum um Oddsskarð. Kort af svæðinu var fullgert á árinu 1965, og lá þá einnig fyrir umsögn jarðfræðinga, sem byggð var á athugunum þeirra árið áður. Samkv. athugun jarðfræðinganna virðast skilyrðin til jarðgangagerðar í Oddsskarði sízt lakari en um Stráka á Siglufjarðarvegi og um Breiðadalsheiði á Vestfjarðavegi. Þó að þessar athuganir gætu talizt nægilegar til gerðar fyrstu frumáætlunar um verkið, þá töldu þeir, að til þess að unnt yrði að staðsetja jarðgöngin endanlega og gera fullnaðaráætlun um verkið, þyrfti allmiklar viðbótarrannsóknir, m. a. að bora tvær holur 50—60 m djúpar sitt hvoru megin skarðsins og sprengja við fyrirhugaðan gangamunna að norðan. Þar sem hér var um allkostnaðarsamar undirbúningsrannsóknir að ræða, var ekki talið unnt að halda þeim áfram, fyrr en sérstök fjárveiting fengist til þeirra í vegáætlun.

Í vegáætlun fyrir 1969—1972 er tekin upp 7 millj. kr. fjárveiting til Norðfjarðarvegar um Oddsskarð. Af þessari heildarfjárveitingu voru 650 þús. kr. veittar á árinu 1969 með það fyrir augum, að unnt yrði að halda áfram frekari jarðfræðirannsóknum. Var s. l. vor samið við jarðborunardeild Orkustofnunar um að bora þrjár holur í Oddsskarði til jarðfræðilegrar könnunar síðari hluta sumars 1969. Var um sumarið ruddur vegur að væntanlegum holustæðum, en þegar til átti að taka fékkst enginn jarðbor fyrr en í október sökum mikils annríkis hjá jarðborunardeild Orkustofnunar, m. a. vegna tilraunaborana fyrir Landsvirkjun við Þórisvatn og víðar. Ekki þótti tiltækilegt að hefja jarðboranir uppi á Oddsskarði í október, og var frekari framkvæmdum frestað til ársins 1970. Liggur nú fyrir loforð frá jarðborunardeild Orkustofnunar um að hefja þessar tilraunaboranir snemma sumars í ár.

Hvað er áætlað að göngin kosti? Miðað við þær frumathuganir, sem fyrir liggja, er gert ráð fyrir, að jarðgöngin verði um 570 m löng, en auk þess komi til framlengdir gangamunnar um 10 m, þannig að heildarlengd þeirra yrði um 590 m. Reiknað er með einni akbraut í göngunum með útskotum og að akbrautin verði steypt. Þar eð berglög hafa ekki verið könnuð að fullu með borun og forskerðingu, er óvíst, hversu langan kafla af göngunum þarf að fóðra. Í frumáætlun um kostnað er gert ráð fyrir, að við beztu skilyrði yrði lágmarkið að fóðra með steypu 60 m af göngunum næst gangamunnum, en um 530 m yrðu styrktir með boltum og neti til öryggis. Er áætlaður kostnaður við göngin, á verðlagi 1969, 42.5 millj. kr. miðað við þessar forsendur. Kostnaður við að fóðra einn lengdarmetra af göngunum er áætlaður um 108 þús. kr., og gæti heildarkostnaður farið upp í 100 millj. kr., ef fóðra þyrfti öll göngin.

Hvenær má búast við, að göngin verði gerð? Það er einnig spurt að því. Ef áætlun um borun snemma sumars stenzt og hægt verður að hraða nauðsynlegum jarðfræðilegum athugunum í framhaldi af því og þær verða jákvæðar, þá ætti að verða hægt að framkvæma forskerðingu við norðurenda ganganna síðari hluta sumars. Á þá að geta legið fyrir endanleg staðsetning ganganna og kostnaðaráætlun seint á þessu ári eða u. þ. b. sem endurskoðun á vegáætlun fyrir árin 1971 og 1972 fer fram. Yrði þá, eða í næstu vegáætlun, unnt að leita eftir viðbótarfjárveitingu til þessarar framkvæmdar, þar sem ljóst er, að þær 7 millj., sem veittar eru til framkvæmdar vegar um Oddsskarð, munu hrökkva skammt til gerðar jarðganganna og nauðsynlegrar vegagerðar í beinu sambandi við þau. Vænti ég, að hv. fyrirspyrjanda finnist þetta svar fullnægjandi.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, en vænti þess, að það verði nú unnið að framkvæmdum í þessum efnum með öllum þeim hraða, sem unnt er. Það er búið að dragast allt of lengi, að hafizt verði handa um byggingu þessara ganga. Ég vil m. a. geta þess, að þegar fyrstu áætlanir voru gerðar um þessi göng, þá voru þær upp á 12 millj. kr. kostnað. En nú er farið að tala um kostnað, sem nemur um 42.5 millj. kr. Það er ósköp hætt við, að verði þetta dregið, þá hækki þetta látlaust, en ég tel, að hér sé um svo aðkallandi verk að ræða, að það sé ekki verjandi með neinum hætti að draga það öllu lengur en verið hefur. Á þessu svæði, sem hér um ræðir, liggja fyrir meiri og betri jarðfræðilegar athuganir en á öðrum svæðum í landinu, samkvæmt viðurkenningu frá jarðfræðingum okkar, þar sem sérstök og mjög ítarleg athugun erlendra sérfræðinga hefur einmitt farið fram á þessu svæði. Enda er það, sem nú er talað um að gera í þeim efnum, þessar forskerðingarframkvæmdir fyrir væntanlega gangamunna og eins boranir niður í skarðið sjálft, aðeins til þess að fá frekari staðfestingu á því, sem jarðfræðingar hafa talið að væri í þessum efnum, fremur en það, að hér sé um einhverjar meiri háttar jarðfræðilegar athuganir að ræða. En ég sem sagt vænti þess, að hæstv. ráðh. beiti sér nú fyrir því, að það verði farið að hefjast handa um framkvæmdir í þessum efnum.

49. Ríkisvegir í Reykjavík.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um ríkisvegi í Reykjavík [201. mál, 5] (A. 492).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. samgrh. um eftirfarandi: „Hve langir eru vegir innan borgarmarka Reykjavíkur, sem ríkissjóður á að leggja og annast rekstur á samkv. vegalögum? Hvað er áætlað, að þessir vegir kosti fullbúnir? Hvað hefur ríkið þegar lagt í þessa vegi? Hvað kosta brýr á þessum vegum?'
Ég hef oft rekið mig á það, að mikill misskilningur er á ferðinni hjá mönnum um það, hvernig sé háttað kostnaði við vegagerð hér innan borgarmarka Reykjavíkur. Sjálfur hef ég ekki getað áttað mig á því til fullnustu, hvaða vegi hér er um að ræða, og ég tel því, að hér sé um svo þýðingarmikið mál að ræða, að ástæða sé til þess að fá upplýsingar um það á Alþ., og vænti ég, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að gera það.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Fyrsta spurning: Hve langir eru vegir innan borgarmarka Reykjavíkur, sem ríkissjóður á að leggja og annast rekstur á samkv. vegalögum? Samkv. gildandi vegáætlun munu þjóðvegir innan borgarmarka Reykjavíkur, aðrir en þjóðvegir í þéttbýli samkv. reglugerð nr. 44 1965, vera eins og hér segir:

1. Vesturlandsvegur frá vegamótum Reykjanesbrautar og Elliðavogs á enda Miklubrautar vestan Elliðaáa, um Elliðaárdal að borgarmörkum um 1 km austan við ána Korpu, alls 6.6 km.
2. Suðurlandsvegur frá enda götunnar Bæjarháls hjá Selási hjá Rauðavatni að Geithálsi, alls 5 km.
3. Reykjanesbraut frá vegamótum Miklubrautar og Vesturlandsvegar, vestan við Elliðaár, að borgarmörkum við Kópavog, alls 2.5 km.
4. Elliðavatnsvegur frá Suðurlandsvegi við Rauðavatn að borgarmörkum við Kópavog, 1 km.

Fyrst töldu þrír vegirnir eru í gildandi vegáætlun flokkaðir sem hraðbrautir og eru samtals 14.1 km að lengd. Fjórði vegurinn, Elliðavatnsvegur, er í landsbrautaflokki, og er 1 km að lengd. Samtals eru því þjóðvegir innan borgarmarka Reykjavíkur, aðrir en þéttbýlisvegir, 15.1 km að lengd.

Þá er spurt: Hvað er áætlað, að þessir vegir kosti fullbúnir? Miðað við skilgreiningar samkv. fyrsta lið og þær frumáætlanir, sem fyrir liggja, er kostnaður áætlaður eins og hér segir: Á Vesturlandsvegi 200 millj. kr. Við Suðurlandsveg 100 millj. kr. Við Reykjanesbraut 65 millj. kr. Við Elliðavatnsveg 1 millj. kr. Samtals 365 millj. kr. Tekið skal fram, að á Vesturlandsvegi er miðað við veg með fjórum akreinum frá enda Miklubrautar að Höfðabakka, en tveim akreinum úr því, og gildir það sama um Suðurlandsveg og Reykjanesbraut. Tekið skal fram, að Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur innan borgarmarka Reykjavíkur eru fjölförnustu þjóðvegir landsins, sem ríkið sér um byggingu á. Meðal sumarumferð 1968 um Vesturlandsveg um Elliðaárdal var 14 þús. bifreiðar á sólarhring, og milli Höfðabakka og Korpu á fjórða þús. bifreiða á sólarhring. Umferð á Suðurlandsvegi hjá Rauðavatni var á sama tíma tæpar 5 þús. bifreiðar á sólarhring. Vegarkaflinn frá enda Miklubrautar að Höfðabakka, sem nú er unnið að lagningu á, má heita eini vegurinn, sem tengir höfuðborgina við Vestur-, Norður- og Austurland og einnig við Suðurland. Þegar reglugerð um þjóðvegi í þéttbýli var sett í marz 1965, var fylgt þeirri meginreglu, að endamörk þéttbýlisveganna voru sett við yztu mörk á viðkomandi þéttbýli. Þá var engin teljandi byggð við Reykjavík innan við Elliðaár, þó — (Gripið fram í.) Ja, þá var engin teljandi byggð í Reykjavík innan við Elliðaár, þó að það hafi breytzt seinustu árin við tilkomu nýs bæjarhverfis austan við Elliðaár.

Þá er spurt: Hvað hefur ríkið lagt í þessa vegi? Við s. l. áramót var bókfærður stofnkostnaður við lagningu ofangreindra vega eins og hér segir: Vesturlandsvegur frá enda Miklubrautar að Höfðabakka 52 millj. kr. Reykjanesbraut frá enda Miklubrautar að Breiðholtsbraut 12.8 millj. kr. Samtals 64.8 millj. kr.

Þá er spurt: Hvað kosta brýr á þessum vegum? Á þessum vegum verða þrjár brýr: 1. Brú á Vesturlandsvegi yfir Reykjanesbraut og enda Miklubrautar, 2. brú yfir Elliðaár, 3. brú yfir Korpu. Áætlaður heildarkostnaður við þessar þrjár brýr er 46.3 millj. kr. Reykjavíkurborg greiðir helming kostnaðar við vegamótabrúna yfir Reykjanesbraut og hluta af kostnaði við Elliðaárbrú vegna vegar, sem liggur undir brúna á bakka árinnar, eða alls 18.8 millj. kr. Verður því kostnaðarhluti ríkisins af þessum þremur brúm 27.5 millj. kr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir upplýsingarnar. Ég skildi svör hans þannig, að lengd þeirra vega, sem ríkið á að sjá um lagningu á og rekstur á innan borgarmarka Reykjavíkur væri 15.1 km og áætlaður stofnkostnaður þeirra, eða það að gera vegina eins og áætlanir eru um, mundi vera 365 millj. kr., en auk þess þyrfti ríkið að leggja fram í brýr á þessu svæði 27.5 millj. kr., og búið væri að verja í þessu skyni til veganna 64.8 millj. kr. Ég endurtek sem sagt þakklæti mitt til hæstv. ráðh. fyrir þessar upplýsingar, sem eru hinar merkilegustu.

50. Snjómokstur á þjóðvegum.

Á deildafundum 7. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um snjómokstur á þjóðvegum [201. mál, 6] (A. 492).

Á 43. fundi í Sþ., 8. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 34 shlj. atkv.

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá.
Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. aftur tekin til umr.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég hef lagt fram fsp. til hæstv. samgrh., sem er á þessa leið: „Hvað nam kostnaður ríkisins við snjómokstur á þjóðvegum árin 1967, 1968 og 1969, hvert ár um sig?
Hvernig skiptist kostnaðurinn á nokkra helztu þjóðvegi landsins, þar sem mest var um snjómokstur?
Hvaða reglur gilda um snjómokstur á þjóðvegum hjá Vegagerð ríkisins?"
Mér þætti fróðlegt að fá upplýsingar um þessi atriði. Það er vel kunnugt, að ríkið leggur fram allmikið fé til snjómoksturs, þar sem brýn þörf er á slíku til þess að reyna að halda opnum brautum yfir vetrartímann, en það er eins og vill verða, að það er mokað á vissum stöðum, en á öðrum stöðum ekki, þar sem ekki er talið fært að leggja í slíkar framkvæmdir, og sýnist þá sitt hverjum um það, hvar réttast hefði verið að moka. Ég vil gjarnan fá nokkrar upplýsingar um þessi atriði og vænti, að hæstv. ráðh. sjái sér fært að veita þær.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Það er spurt að því, hve miklu fé kostnaður ríkisins við snjómokstur hafi numið á þjóðvegum árin 1967, 1968 og 1969, hvert ár um sig. Kostnaður við snjómokstur á þjóðvegum undanfarin þrjú ár var eins og hér segir: Árið 1967 28 millj. kr., 1968 31.9 millj. kr., 1969 31.3 millj. kr.
Þá er spurt að því, hvernig kostnaðurinn skiptist á nokkra helztu þjóðvegi í landinu, þar sem mest var um snjómokstur. Sundurliðun á kostnaði við snjómokstur á einstökum þjóðvegum framangreind þrjú ár er ekki fyrir hendi. Til fróðleiks má þó geta þess, að kostnaður við snjómokstur á Norðfjarðarvegi, frá Eskifirði til Norðfjarðar, á yfirstandandi vetri, þ. e. okt.–apríl, er orðinn 850 þús. kr., og mun enginn þjóðvegur að tilsvarandi lengd vera með hærri kostnað á þessum vetri. Þetta er vitanlega af skiljanlegum ástæðum, vegna þess að þarna er snjóþungt. Ég hef leitað eftir greinilegra svari frá Vegagerðinni um þetta, en það liggur ekki fyrir sundurliðaður snjómokstur á hinum einstöku vegum. Hins vegar liggur hér fyrir skýrsla um það, hver kostnaðurinn hefur verið á vetrarviðhaldi á s. l. ári, en það lá ekki fyrir, þegar skýrsla um vegaframkvæmdir s. l. ár lá fyrir og var rædd hér, og vil ég því bæta því hér við. Það er vetrarviðhald þjóðvega fyrir árið 1969, sem er í aðalatriðum snjómokstur, þó að það sé að nokkru leyti viðgerð vegna vatnavaxta. Þá var það í Reykjaneskjördæmi 1 millj. 448 þús. kr. Í Vesturlandskjördæmi 4 millj. 380 þús. kr. Í Vestfjarðakjördæmi 7 millj. 194 þús. kr. Í Norðurlandskjördæmi vestra 3 millj. 422 þús. kr. Í Norðurlandskjördæmi eystra 6 millj. 237 þús. kr. Í Austfjarðakjördæmi 7 millj. 725 þús. kr. Í Suðurlandskjördæmi 931 þús. kr. En ég hafði lesið hér upp í vetur sundurliðaðan kostnað við vetrarviðhald fyrir árin 1967 og 1968. Ég ætla ekki að endurtaka það, nema sérstaklega verði eftir því óskað.
Þá er spurt að því, hvaða reglur gildi um snjómokstur á þjóðvegum hjá Vegagerð ríkisins. Með heimild í 66. gr. vegalaga setti rn. Vegagerð ríkisins vissar starfsreglur um snjómokstur á þjóðvegum í desember 1967, og var þá um að ræða endurskoðun á reglum um sama efni, settum af rn. 1958. En nýju reglurnar eru allmiklu rýmri en þær eldri voru. Starfsreglur þessar eru æði margbrotnar eftir þeirri atvinnulegu þýðingu, sem hinir einstöku vegir hafa, svo sem í sambandi við mjólkurflutninga og því um líkt. Meginreglan er að veita nauðsynlega lágmarksþjónustu við viðráðanlegum kostnaði, og er þá reynt að samræma opnunardaga áætlunarferðum, flugsamgöngum og því um líku. Getur verið um að ræða allt frá því að moka eftir þörfum upp í mokstur einu sinni í mánuði, að fullu á kostnað Vegasjóðs. Um þá vegi, sem ekki eru mokaðir algerlega á kostnað Vegasjóðs, gildir sú meginregla, að þeir eru mokaðir gegn helmingsframlagi úr héraði. Um framkvæmd á þessum reglum gildir enn fremur sú meginregla, að ekki er lagt í snjómokstur nema því aðeins, að það sé talið tæknilega framkvæmanlegt vegna veðurs og fjárhagslega viðráðanlegt vegna kostnaðar.

Fyrirspyrjandi (Lúðvík Jósefsson): Herra forseti. Ég þakka hæstv. ráðh. fyrir svörin, þó að þau væru nú mjög ófullkomin að ýmsu leyti, þar sem alla sundurliðun vantaði á þessum snjómoksturskostnaði. Mér þótti hins vegar nokkuð sérkennilegt og að ýmsu leyti spaugilegt, að nefndur var kostnaður við snjómokstur á Norðfjarðarvegi sérstaklega nú í vetur, en þá er nú rétt að hafa það í huga, að Norðfjarðarvegur heitir vegurinn alla leið frá Egilsstöðum um Fagradal og frá Reyðarfirði til Eskifjarðar og síðan yfir Oddsskarð. Einnig má kannske geta þess svona í leiðinni, að þegar ég loksins hafði flutt þessa fsp., þá var tekið til við að moka Oddsskarð, sem neitað hafði verið um að moka alllangan tíma, og var lagt í nokkurn kostnað núna, svo að þessi tala mætti a. m. k. vera frambærileg.
Við fögnuðum því auðvitað mjög, að skarðið skyldi vera opnað nú að þessu sinni, en því er ekki að leyna, að Norðfirðingar hafa verið sér-

staklega óánægðir með snjómokstur á þessum þýðingarmikla vegi sínum, sem tengir þá við aðrar Austfjarðabyggðir. Því er auðvitað ekki að neita, að þarna er um allmikil snjóþyngsli að ræða og erfiðleika að halda opnu, en það er líka erfitt fyrir 1700 manna byggð, sem þar er innan fjallahringsins, að búa við það að vera lokuð frá nágrannabyggðum í marga mánuði á hverjum vetri, eins og verið hefur.

En sem sagt, ég hefði gjarnan viljað fá, og vænti að hægt verði að fá, frá hæstv. ráðh. frekari upplýsingar um það, þó síðar verði, hvernig snjómokstursкostnaðurinn skiptist á ýmsar aðalleiðir í landinu. Og ég leyni því ekki, að ég hafði þarna nokkuð í huga, að okkur, sem heima höfum átt í Neskaupstað, hefur þótt, að það væri æðioft mokað víða annars staðar á þjóðvegum í landinu. En þeim hefur hins vegar ekki þótt fært að opna til þessa stærsta byggðarlags á Austfjörðum. Og m. a. af þeim ástæðum hefðum við gjarnan viljað fá að vita, hvernig þessum kostnaði er skipt á milli hinna ýmsu staða.

Gísli Guðmundsson: Herra forseti. Ég held, að ég hafi tekið rétt eftir því, að hv. fyrirspyrjandi hafi spurt um það, hvernig kostnaður við snjómokstur skiptist milli hinna ýmsu þjóðvega, en að hæstv. ráðh. hafi svarað þessari spurningu, að því leyti sem hann svaraði henni, með því að skýra frá því, hvernig snjómokstur á tilteknu ári hefði skipzt á milli kjördæma. Nú vil ég leyfa mér að benda á, að þetta er vitanlega alls ekki það sama og getur valdið misskilningi. Snjómokstur innan sumra kjördæma getur verið alveg eins mikið í þágu annars kjördæmis en þess, sem snjómoksturinn fer fram í, að því er varðar þjóðbrautir, þannig að fsp. er ekki svarað eins og hún var.

En aðalerindi mitt hér upp í ræðustólinn er að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. forsrh., hvort hann telji ekki sérstaka ástæðu til að endurskoða gildandi reglur um snjómokstur á Norðausturlandi. Með Norðausturlandi á ég í þessu tilfelli við veginn milli Tjörness og Vopnafjarðarkauptúns. Þarna er um tvær þjóðbrautir að ræða, Þingeyjarsýslubraut og nyrzta hluta Stranda- og Jökulsárhlíðarvegar. Ég ætla ekki að gera nánar grein fyrir því, hvers vegna ég spyr um þetta, að öðru leyti en því, að ég vil benda á, að á þessu svæði, sem hér er um að ræða, norðausturhluta landsins, eru fjögur læknishéruð, en að jafnaði hefur ástandið verið þannig, að ekki hefur læknir verið í nema einu eða tveimur af þessum fjórum héruðum. Þess vegna hafa 2–3 héruðin að miklu leyti orðið að leita til læknis í öðru læknishéraði, og það skiptir því ákaflega miklu máli, að þjóðbrautir þær, sem hér er um að ræða, séu færar. En eins og kunnugt er, snjóar mjög mikið í þessum landshluta. Ég vil sem sé endurtaka þessa fsp. til hæstv. ráðh., hvort hann sjái ekki ástæðu til þess sérstaklega að endurskoða snjómokstursreglurnar í þessum landshluta.

Jón Kjartansson: Herra forseti. Þegar fram fóru umr. hér í þinginu í vetur um vegamálin, þá bar snjómokstur á góma, og höfum við nú fengið upplýsingar um það, hvað vinna við snjómokstur hefur kostað á s. l. þremur árum, og þetta er mikil upphæð, sem fer til þessarar viðhaldsvinnu. En um það er ekkert að segja. Það er nauðsynlegt að halda þjóðvegunum opnum, og það er vitað mál, að ekki eru allir ánægðir. Hér hefur hv. 4. þm. Austf. verið að lýsa áliti sínu í sambandi við Norðfjörð, og ég vil með fáeinum orðum endurtaka það, sem ég sagði hér í vetur, þegar þetta var á dagskrá, að Siglfirðingar eru langt frá því að vera ánægðir með snjómoksturinn á leiðinni frá Sauðárkróki til Siglufjarðar. Þar hefur verið ákveðið að moka aðeins einu sinni í viku, en ég held, að það sé mjög óheppilegt að hafa slík ákveðin fyrirmæli um mokstur. Stundum hefur hríðað svo mikið, að það nær náttúrlega ekki nokkurri átt að ráðast í mokstur einu sinni í viku. Það geta verið stanzlausar hríðar, og þá þýðir ekkert að vera að tala um þetta, en svo geta líka verið smáskaflar, sem er hægt að ryðja úr vegi með kannske 2–3–4 klst. vinnu, þegar stórvirk verkfæri eru á næsta leiti. Mér finnst, að verkstjórar Vegagerðarinnar verði að hafa það teygjanleg fyrirmæli, að þeir sjálfir megi ráða því, hvort út í snjómokstur er farið eða ekki.

Ég vil svo að lokum taka undir það, sem hv. alþm. Gísli Guðmundsson var að tala hér um, hvort það væri ekki rétt að athuga og endurskoða ákvæðin og reglurnar um snjómokstur, og ég held, að það ætti að gilda þá almennt um snjómokstur og þyrfti að fá inn í reglugerðir fyrirmæli um enn meira svigrúm fyrir verkstjóra til að láta vinna eftir því, sem heilbrigð skynsemi býður hverju sinni.

Landbrh. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. Já, það er vitanlega ekkert nýtt og þannig hefur það alltaf verið, að menn eru óánægðir, þegar vegirnir lokast. Það verður mjög bagalegt. Við búum nú hér á þessu norðlæga landi, og það eru snjóþyngsli mikil í ýmsum héruðum, og verður ekki við það ráðið að halda vegunum alltaf opnum, hve miklu sem til þess verður kostað. En sú reglugerð, sem sett var fyrir tveimur árum um rýmkun á snjómokstri, hefur bætt talsvert mikið um. Hitt hlýtur að vera til athugunar, hvort mögulegt er að rýmka enn meira um í þessu efni og hvort heppilegt er að hafa meiri sveigjanleik í þessu heldur en verið hefur, og það er rétt, sem hv. síðasti ræðumaður sagði hér áðan eða benti á, að ef endurskoðun á þessari reglugerð ætti að fara fram á einum stað, þá væri vitanlega eðlilegt að skoða þetta mál í heild. Það er eðlilegt, að það sé kvartað, þegar samgöngur lokast og ekki er hægt að komast til læknis. Og það er rétt, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan, að það eru fjögur læknishéruð á Norðausturlandi á því svæði, sem hann tiltók, og það er oft ekki nema einn læknir, sem á að gegna

fyrir þessi fjögur læknishéruð, þannig að ástandið getur verið mjög alvarlegt. En þetta er með snjóþyngstu héruðum landsins, og það er áreiðanlega oft þannig, að það er ekki viðlit að moka til gagns, en allt þetta hlýtur að vera til frekari athugunar. Sú reglugerð, sem sett var fyrir tveimur árum, var ekki hugsuð til eilífðar, og ég er vitanlega reiðubúinn til þess að ræða þetta mál frekar við vegamálastjóra og athuga, hvort hugsanlegt er að finna betra fyrirkomulag á þessum málum. En það ætla ég, að flestir alþm. geri sér ljóst, að það verður alltaf takmarkað fjármagn, sem við höfum í þessu skyni. Það verður alltaf álitamál, hvað við megum taka mikið úr Vegasjóði til þess að verja í snjómokstur. Það fer væntanlega fram endurskoðun á vegáætluninni í haust, og þá er það vitanlega undir Alþ. komið, hvort það tekst að afla fjár til Vegasjóðs til þess að geta rýmkað um snjómokstursreglurnar og til þess að geta ráðizt í nýjar framkvæmdir, sem ekki eru nú á vegáætlun. Það verður vitanlega til umr. og ákvörðunar í haust, hér á hv. Alþingi.

Hv. 4. þm. Austf. sagði, að Norðfirðingar væru óánægðir með snjómoksturinn, en þakkaði fyrir, að loksins hefði verið byrjað á því að moka Oddsskarð, eftir að þessi fsp. var komin fram hér á Alþ. Ég skal ekkert um það segja, hvort vegur nú meira fsp. eða það, að sólin hækkar nú á lofti með degi hverjum, og þótt ekki hafi þótt fært að opna Oddsskarð, þegar hríðar eru um hávetur og sólin nýtur sín ekki, þá hefur á hverju vori, og sjaldan seinna en í aprílmánuði, verið ráðizt í að moka þetta illræmda skarð, þar sem snjóskaflarnir eru margir metrar á þykkt. Og ég býst nú við því, að hv. fyrirspyrjandi sé, þrátt fyrir þessa fullyrðingu hér áðan, mér sammála um það, að Oddsskarð hefði verið mokað í þetta sinn, þótt fsp. hefði ekki legið fyrir.

Að Norðfjarðarvegur heiti alla leið frá Egilsstöðum Norðfjarðarvegur, og sú upphæð, sem ég áðan nefndi og ég skal viðurkenna, að var alveg óþarfi. Það var algerlega óþarfi að nefna þessa upphæð í sambandi við að svara fsp. En það er vegurinn um Fagradal til Reyðarfjarðar, sem er alveg sér á skrá í þessu sambandi. Og það má segja, að það sé kannske vegurinn frá Reyðarfirði um Eskifjörð til Norðfjarðar, sem á sinn þátt í þessum 850 þús. En ég skal taka það fram, að það var alger óþarfi að nefna þetta, og ég undrast ekkert, þótt Norðfirðingar séu óánægðir, þegar þeir eru lokaðir inni og samgönguleiðirnar eru algerlega ófærar.

En það er þetta, sem hv. þm. tala um, að það væri æskilegt að fá sundurliðun á því, hverju hefði verið varið í hvern veg. Það er áreiðanlega hægt að ná þessum tölum upp í bókhaldi Vegagerðarinnar. En það tekur nokkurn tíma, og það kostar vinnu, og það er áreiðanlega engin ástæða, hvorki fyrir rn. né Vegagerðina, að lúra á þessum tölum, þegar búið er að taka þær saman. Það er ekkert leyndarmál. En ég hafði hugsað, að það væri nægjanlegt að fá upplýst, hve mikið fer í hvert kjördæmi. En ef það er ekki, þá er alveg sjálfsagt að búa sig undir að svara því, hvað fer í aðalþjóðvegina, hverju er eytt í aðalþjóðvegina. Það vitanlega liggur fyrir, en tekur sinn tíma að taka það saman, en ef hv. þm. halda fast við það og óska eftir því eftirleiðis, að fá þetta upp, þá vil ég verða við því. En hitt hafði ég haldið að væri nægjanlegt, að fá þær upphæðir, sem fara í hvert kjördæmi til snjómokstursins.

51. Sumaratvinna skólafólks.

Á deildafundum 14. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um sumaratvinnu skólafólks [216. mál, 1] (A. 556).

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 46. og 49. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

52. Dvöl hermanna utan herstöðvanna.

Á deildafundum 14. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til ríkisstj. um dvöl hermanna utan herstöðvanna [216. mál, 2] (A. 556).

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 46. og 49. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

53. Ökumælar í dísilbifreiðar.

Á deildafundum 14. apríl var útbýtt frá Sþ.:
Fsp. til samgrh. um ökumæla í dísilbifreiðar [216. mál, 3] (A. 556).

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 46. og 49. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

54. Gjaldþrot Vátryggingafélagsins.

Á deildafundum 14. apríl var útbýtt frá Sþ.: **Fsp. til dómsmrh. og heilbr.- og trmrh. um gjaldþrot Vátryggingafélagsins h. f.** [216. mál, 4] (A. 556).

Á 45. fundi í Sþ., 15. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 40 shlj. atkv.

Á 46. og 49. fundi í Sþ., 22. og 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

55. Stuðningur við íslenzka námsmenn.

Á deildafundum 21. apríl var útbýtt frá Sþ.: **Fsp. til menntmrh. um stuðning við íslenzka námsmenn** [229. mál, 1] (A. 620).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

56. Brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi.

Á deildafundum 21. apríl var útbýtt frá Sþ.: **Fsp. til samgrh. um brú yfir Ölfusá hjá Óseyrarnesi** [229. mál, 2] (A. 620).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.

57. Tekjustofn þjóðkirkjunnar.

Á deildafundum 21. apríl var útbýtt frá Sþ.: **Fsp. til kirkjumrh. um tekjustofn þjóðkirkjunnar** [229. mál, 3] (A. 620).

Á 46. fundi í Sþ., 22. apríl, var fsp. tekin til meðferðar, hvort leyfð skyldi.
Fsp. leyfð með 35 shlj. atkv.

Á 49. fundi í Sþ., 29. apríl, var fsp. tekin til umr.
Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framar.